Hæstaréttardómar 1933-1934 - 1. bindi

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar gallar á bls. CXIX, 230, 325, 483, og 517 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTARÉTTARRITARI

V. BINDI
1933—1934

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXXXVI

Registur

við dómana árin 1933—1934.

Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls.

Á. Einarsson & Funk 702
Adolf Bergsson 992
Áfengisverzlun ríkisins 728, 1024
Ágústa Guðmundsdóttir 465
Alfons Jónsson 589, 924, 121
Andersen, Kr. 100
Anna Ólafsdóttir 970
Ari Þórðarson 363, 534
Arnalds, Ari 114
Árni S. Böðvarsson 681
Árni Einarsson 773
Árni Sigurðsson 1030
Ásgeir Guðmundsson 362, 506, 887, 925
Ásta Sveinsdóttir 146
Baltica, vátryggingarfélag 105
Baugur, sameignarfélag 476
Baumann, Valdemar 884
Bendtsen, A. B. 990
Benóný Magnússon 92
Bergens Assuranceforening 402
Bergmann, Sigfús 415
Bergur Jónsson 415
Berndsen, Sigurður 990, 1017
Bernhöft, Guido 589
Bertelsen, Sophia 496
Bjarnasen, Óskar 847, 923
Bjarni Bjarnason 88

Bls.
Bjarni C. Eyjólfsson 56
Bjarni Pétursson 146
Blöndal, Guðrún 629
Breiðfjörð, Guðmundur 869
Brunabótafélag Íslands 144
Claessen, Eggert 41, 491
Danske Lloyd, vátryggingarfélag 229, 816
Davidsson, Johanne 122
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 101
Dráttarbraut Vestmannaeyja h/f 165
Edvald, Jón S. 363
Efnagerð Reykjavíkur h/f 411
Eggerz, Sigurður 989, 422
Einar Einarsson 217
Einar Ólafur Einarsson 196
Einar Guðmundsson 629
Einar Kr. Guðmundsson 178
Einar Jónsson 205, 289
Einar M. Jónasson 415, 473, 514, 709
Einar Magnússon 1075
Einar Símonarson 847
Eiríkur Snjólfsson 92
Eiríkur Þorsteinsson 664, 754
Elisa Jónsdóttir 930
Ellingsen, O. 324
Ermenrekur Jónsson 743
Escallonia b/v G.Y. 631, Eigendur 836
Espholin, Ingólfur 992, 993
Eyfirðingur, Jón J. 144
Felix Guðmundsson 189
Filippus Árnason 847, 923
Finnbogi Jensson, þrotabú 229
Fjeldsted, Lárus 589
Flateyjarhreppur 415
Flugfélag Íslands h/f 501
Freygarður Þorvaldsson 941
Friðfinnur Finnsson 716
Friðleifur Jóhannsson 121
Friðrik Sigurðsson, þrotabú 436
Friðrik Þorsteinsson 1045
Frystihúsið Svalbarð h/f 1011

Bls.

Garðar Þorsteinsson 361
Gerðahreppur 1000, 1001
Gestur Bjarnason 457
Gestur Guðjónsson 149
Gísli H. Guðmundsson 1031
Gíslína Sigurðardóttir 1030
Gróa Jóhannesdóttir 457
Guðbjörg Jónsdóttir 507
Guðjón Einarsson 100
Guðjón Þorbergsson 432
Guðmundur Albertsson 887
Guðmundur Bjarnason 214, 293, 294
Guðmundur I. Einarsson 548
Guðmundur Guðmundsson 380, 491, 744, 770
Guðmundur Hannesson 189
Guðmundur Jónsson 991, 923
Guðmundur Magnússon 361
Guðmundur Ólafsson 888
Guðmundur Þórarinsson 728
Guðmundur Þorkelsson 824, 991, 992
Gunnar E. Benediktsson 943
Gunnar Ólafsson 923
Gunnar Ólafsson & Co. 543, 923
Gunnlaugur Sigurðsson 55
Hafberg, Engilbert 295
Hafnarfjarðarkaupstaður 584
Hafnarnefnd Siglufjarðar 207
Hafskipabryggja Keflavíkur 294, 361
Halldór Guðmundsson 362, 496
Halldór R. Gunnarsson 295
Halldór Þorsteinsson 664, 750, 754
Halldór Kr. Þorsteinsson 402
Hamar h/f 420, 992
Hansen, Ferdinand 122
Haraldur Guðmundsson 702
Háskóli Íslands 801
Haukur Ólafsson 589
Havstein, Chr. 29, 293
Havstein, G. M. 29, 293
Helga Sigurgeirsdóttir 105
Helgi Benediktsson 165, 1085

Bls.
Helgi Jónsson 101
Helgi Nikulásson 681
Hellyer Bros Ltd. 584
Hinar sameinuðu íslenzku verzlanir 114
Hrefna Sigurgeirsdóttir 100, 360, 589, 601
Hvannberg, Jónas 436
Hvanndal, Ólafur 659
Ingerfire s/s, eigendur og vátryggjendur 862
Ingibjörg Helgadóttir 833
Ingibjörg Stefánsdóttir 196
Ingvar Guðjónsson 207
Ísafjarðarkaupstaður 363, 851
Jens Pálsson 888
Jóhann Ólafsson & Co. 925
Jóhanna M. Björnsdóttir 347
Jóhannes Kr. Jóhannesson 295
Jóhannes Jósefsson 331
Johnsen, Ásdís 560
Johnsen, Gísli J., þrotabú 560
Johnson, A. J. 936
Jón Arinbjarnarson 360, 601
Jón Á. Gíslason 664, 750, 754
Jón Helgason 1045
Jón Jónsson 56, 109
Jón Ólafsson 590, 820, 1043
Jón Sveinsson 744
Jónatan Snorrason 205
Jónatan Þorsteinsson 179
Jósep Jónsson 548
Júlíus Kr. Einarsson 57
Kári Baldvinsson 385
Karitas Ólafsdóttir 214, 294
Karl Kristjánsson 117
Kjósarsýsla 501
Kleins Efterfölgere 990
Kol & Salt h/f 862
Kolbeinn Guðmundsson 30, 420, 591, 594, 607, 991
Kristinn Guðnason 83, 88
Kristinn A. Jónsson, þrotabú 716
Kristinn Kristjánsson 846
Kristján Kjartansson 100

Bls.
Kristján Kr. Kristjánsson 179
Kristmundur J. Helgason 361
Kristófer Eggertsson 943
Kveldúlfur h/f 313, 611
Lambastaðir, eigendur 555, 1007
Landsbanki Íslands 223, 313
Landssmiðja Íslands 294
Landsstjarnan h/f 994
Lárus Jóhannesson 1, 3, 6, 8, 10, 13, 15, 18, 20, 1024
Lárus Jónsson 639
Laxdal, Guðrún 485
Leonhard Sæmundsson 743
Lindsay, John 58
Lübeck b/v, eigendur 669
Magnús Árnason 336
Magnús Jónsson 30, 295, 420, 421, 422, 423, 424, 425, 426, 427, 428, 590, 591, 592, 593, 594, 595, 607, 667, 680, 681, 686, 690, 692, 820, 889, 890, 891, 912, 989, 991, 993, 1043, ... 1044
Magnús, M. Júl. 994
Magnús Ólafsson 1000, 1001, 925
Magnús Torfason 56
Margrét Halldórsdóttir 858
Markús Eiríksson 387, 419
Matthías Einarsson 192
Methúsalem Jóhannsson 64, 278, 506, 363, 770, 659, 744
Meyvant Sigurðsson 347
Mjólkurfélag Reykjavíkur 57, 616
Movinckel, M. 887
Nathan & Olsen 891
Nebris b/v, vátryggjendur þess 376
Nissen, Jörgen 930
Njáll Þorgeirsson v/b S.U. 429, eigendur, vátryggjendur, skipverjar og landmenn 836
Oddsteinn Friðriksson 543, 549
Ólafur Jóhannesson 680
Ólafur Jónsson 217, 674
Ólafur Magnússon 555, 1007
Ólafur Þórðarson 363
Ólafur Þorsteinsson 534
Óli Ásmundsson 217

Bls.
Óli Methúsalemsson 994
Olíuverzlun Íslands h/f 1043
Ólöf Ingvarsdóttir 635
Óskar Halldórsson 57, 180
Pálína Jóhannsdóttir 1020
Páll Árnason 114
Páll Bjarnason, dánarbú 214
Páll Guðmundsson 362
Páll Hannesson 473
Páll Jónsson 114, 398
Páll Vídalín Magnússon 833
Páll Ólafsson 214
Páll Pálsson 361
Páll Þorleifsson 694, 948
Pétur Jakobsson 179
Pétur Magnússon 958
Pétur Sveinsson 465
Raftækjaverzlun Íslands, h/f 744
Rammi h/f 121
Reykjavíkurkaupstaður 324, 341, 344, 360, 421, 423, 424, 425, 426, 427, 428, 476, 478, 485, 592, 593, 595, 601, 616, 635, 667, 680, 681, 686, 690, 692, 709, 889, 890, 912, 936, 941, 970, ... 1044
Richter, Guðný 846
Ríkissjóður 411, 415, 639, 728, 1024
Runólfur Runólfsson 847
Samband íslenzkra samvinnufélaga 58
Samtrygging ísl. botnvörpunga 278
Sandgerði h/f 773
Seltjarnarnesshreppur 41, 380
Sesselja H. Sigmundsdóttir 888
Sigfús Eliasson 884
Sigfús Jónsson 507
Sigfús Sveinsson 989
Siglufjarðarkaupstaður 362
Sigríður Jónsdóttir 147
Sigurbjörn Halldórsson 419
Sigurður Bjarnason 1011
Sigurður Grímsson 824
Sigurður Jóhannesson, þrotabú 385
Sigurður Sveinbjörnsson 681

Bls.
Sigurgeir Guðbjarnarson 1085
Sigurgeir Guðjónsson 196
Sigvaldi Jónasson 808
Sindri h/f 341, 344
Sivertsen, Jón Þ. 801
Sjómannafélag Reykjavíkur 710
Sjóvátryggingarfélag Íslands 681
Skafti Gunnarsson 888
Skipaútgerð ríkisins 55, 376, 669, 710
Skiptaráðandinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu 180
Skiptaráðandinn í Vestmannaeyjum 205, 543
Skjaldberg, Sig. Þ. 994
Skólanefnd Reykjaskóla 674
Skúli Skúlason 851
Slysatrygging ríkisins 147
Soffía Þórðardóttir, þrotabú 205, 289
Sólrún Jónsdóttir 887
Sparisjóður Árnessýslu 56
Sparisjóður Ólafsvíkur 507
Stefán Árnason 205
Stefán Guðlaugsson 847
Stefán Gunnarsson 217
Stefán Th. Jónsson, þrotabú 109
Stefán Jóhann Stefánsson 925
Stefán Þorláksson 924
Steingrímur Guðmundsson 385
Steinunn P. Bentsdóttir 555, 1007
Stokkseyrarhreppur 680
Sveinn Egilsson 361
Sveinn & Geiri 514
Sæberg, B. M. 1043
Sæmundur Jónsson 57
Söfnunarsjóður Íslands 709
Sölvi Valdimarsson 1020
Tang & Riis, firma 1, 3, 6, 8, 10, 13, 15, 18, 20
Theódór N. Sigurgeirsson 808
Thorarensen, Stefán 192
Thorlacius, Haraldur 816
Thorlacius, Magnús 991
Thoroddsen, Þórður J. 64, 990, 1017
Thors, Ólafur 1075

Bls.
Timburverzlun Árna Jónssonar 924
Titan h/f 478
Tómas Hallgrímsson 331
Tynes, Jórunn 989
Tynes, Ole 989
Uddeholms Aktiebolag 993
Usines Gonzales Coch S/A 387, 419
Útibú Landsbanka Íslands, Ísafirði 336
Útibú Landsbanka Íslands á Selfossi 436
Útibú Útvegsbanka Íslands, Seyðisfirði 109, 114
Útvegsbanki Íslands h/f 548, 560, 611, 664, 709, 716, 750, 754, 869, 958 993
Valbjörg Kristmundsdóttir 694, 948
Valgerður Sigurðardóttir 847
Valur h/f, þrotabú 117, 223
Verzlun A. & P. Kristjánssona 398
Verzlunarfélag Vestmannaeyja 149
Vestmannaeyjakaupstaður 419
Vilhjálmur Skúlason 851
Vörubílastöð Reykjavíkur 432, 858
Vörubílastöðin í Reykjavík 1031
Wm. Collin & Sons & Co. 56
Zoëga, Margrét 179
Þórarinn Dúason 420, 924
Þorbergur Friðriksson 549
Þorbergur Guðmundsson 664, 750, 754
Þorgerður Einarsdóttir 293
Þorkell Jónsson 83
Þorleifur Jónsson 943
Þorsteinn Jónsson 121, 923
Þorsteinsson, Hulda 178

B. Opinber mál.

Aðalsteinn Pálsson 298
Ágúst Jóhannesson 855
Anna Friðriksdóttir 790
Árni Jóhannesson 76
Ársæll Halldórsson 793
Ásmundur Bjarni Helgason 635
Birgir Kristjánsson 468
Bjarni Bjarnason 605, 522

Bls.

Björgvin Bjarnason 967
Björgvin Sigmar Stefánsson 995
Björn Gíslason 52, 236
Brennan, Sidney 797
Busk, Knud 784
Carlson, Ferdinand 440
Einar M. Einarsson 821
Einar Þ. Helgason 745
Finnbogi Rútur Valdimarsson 982
Friðbjörn Þorkelsson 757
Guðjón Guðjónsson 23
Guðjón Helgi Kristjánsson 995
Guðmundur Jónsson 170
Guðmundur Ragnar Magnússon 1072
Guðmundur Sigurðsson 48
Gunnar Ingimundarson 1045
Hafliði Gíslason 43
Halldór Óskar Stefánsson 35
Hallgrímur Pétur Hólm Aðalbjörnsson 696
Hallgrímur Brynjólfsson 1049
Hallgrímur Guðmundsson 409
Hans Adolf Helgason 963
Hansína Inga Pétursdóttir 52, 236
Helgi Einarsson 468
Helgi Benediktsson 440, 1054, 599
Helgi Benónýsson 440
Helgi Guðmundsson 328
Helgmundur Gunnar Alexandersson 828
Hermann Jónsson 156
Hjálmgeir Júlíusson 35
Hjálmtýr Guðvarðsson 625
Hjaltested, Sigurður 790
Hjalti Benónýsson 34, 180
Hólm, Elías Finnsson 429
Hrefna Þorsteinsdóttir 67
Ingibjartur Magnússon 618
Ívar Jörgen Sigurbjörnsson 357
Jafet Sigurðsson 596
Jakob Hinrik Helgason 952
Johnsen, Gísli J. 126
Jón Jónsson 350

Bls.
Jón Ragnar Jónsson 368
Jón Ólafsson 790
Jón Straumfjörð Ólafsson 625
Kemp, Adam Emil 784
Kjartan Pétursson 520
Kolm, Fritz 536
Kristensen, Karl 1070
Kristinn Steinar Jónsson 1014
Kristján Sigurmundsson 350
Lárus Jóhannesson 705
Lunder, Hermann 529
Magnús Eiríksson 23
Magnús V. Guðmundsson 979
Magnús Jóhannesson 915
Manscher, Niels 126
Margrét Þorsteinsdóttir 368
Müller, Martin 762
Oddsteinn Friðriksson 481
Ólafur Guðjónsson 1079
Ólafur Jónsson 507
Ólafur Ólafsson 468
Ólafur Kjartan Ólafsson 625, 967
Ólafur Baldvin Þórarinsson 468
Olesen, Martinus 551
Óskar Lárusson 76
Páll Pálsson 517
Ragnars, Jón 463
Shaughnessy, James 200
Sigfús Guttormsson 172
Sigurður Sivertsen Snorrason 892
Sigurður Sveinbjarnarson 810
Sigvaldi Jónasson 881
Skúli Sigurðsson 979
Snæbjörn Guðmundsson 657
Stefán Marinó Stefánsson 967
Steinn Guðmundsson 23
Strandberg, Árni J. 348
Ström, Viktor 76
Turk, Max 96
Vernharður Eggertsson 777, 874
Visser, Jakob 182

Bls.
Þórbergur Þórðarson 982
Þorkell Kristjánsson 468
Þormar, Konráð Pálsson 780
Þorsteinn Gíslason 468
Þorsteinn Jónsson 721
Þorvaldur Kristján Ólafsson 187, 373

Atriðisorð.

Abúð.
Ábyrgð.
Aðflutningsgjald.
Aðför. Sjá fjárnám, fógetagerðir, lögtak, innsetningargerðir, útburðargerðir.
Aðgerðaleysisverkanir. Sjá viðskiptatilkynningar.
Aðild. Sbr. umboð.
Aðkomuskip, læknisskoðun. Sjá sóttvarnir.
Áfengislagabrot. Sbr. bifreiðar, ítrekun, refsingar, ölvun.
Afli, upptaka. Sjá refsingar.
Áfrýjun. Sbr. málasamsteypa.
Aldur.
Almennur friður.
Analogia. Sjá lög, lögjöfnuður.
Árekstur skipa.
Arfur, arfleiðsla.
Áverki. Sjá líkamsáverkar.
Atvinnufyrirtæki.

Bankar.
Bankatrygging.
Barnsfaðernismál.
Betrunarhúsvinna. Sjá refsingar.
Bifreiðar. Sbr. áfengislagabrot, félagsskapur, játning, refsingar.
Bifreiðaeftirlitsmenn. Sjá mat og skoðun.
Björgun.
Blóðrannsókn.
Bókhald. Sjá verzlunarbækur.
Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðalög.
Brenna.
Brunabætur. Sjá vátrygging.
Bryggjugjald.

Dagsektir.
Dánarbætur.
Dómar og úrskurðir. Sbr. frávísun, ómaksbætur, ómerking, opinber mál, réttarfarslög, útivist aðilja.
Dómarar. Sbr. dómgengi, dómsgerðir, dómstólar, embættis- og sýslunarmenn, málskostnaður, opinber mál, réttarfarslög.
Dómgengi.
Dómsgerðir.
Dómstólar.
Drengskaparheit. Sjá eiður.
Dýraverndun.

Efnarannsóknastofa ríkisins.
Eftirgrennslan afbrota. Sbr. mat og skoðun.
Eiður. Sbr. barnsfaðernismál, opinber mál, sönnun, vitni.

Eignarréttur.
Eignaupptaka. Sjá refsingar.
Einfalt fangelsi. Sjá refsingar.
Embættis- og sýslunarmenn. Sbr. dómarar, efnarannsóknastofa ríkisins, endurskoðendur, lögregla, lögreglustjórar, málflutningsmenn, mat og skoðun, opinber mál, skattar og gjöld.
Embættistakmörk yfirvalda.
Embættisvottorð. Sjá mat og skoðun.
Endurgreiðsla. Sbr. leiga.
Endurheimta. Sjá endurgreiðsla.
Endurskoðendur.
Erindisrekstur. Sjá óbeðinn erindisrekstur.
Erlendar þjóðir. Sjá útlendar þjóðir.
Eyðilegging fjármuna.

Fangelsi. Sjá refsingar.
Fasteignagjald.
Fátækrastyrkur. Sjá meðlag.
Félagsskapur. Sbr. hlutafélög, samvinnufélög.
Firma. Sjá hlutafélög, samvinnufélög.
Fiskveiðalög.
Fjármál hjóna. Sjá hjónaband.
Fjárnám. Sbr. lögtak, ómerking, veð, veðskuldabréf.
Fjársvik. Sjá sviksamlegt athæfi.
Fógetagerðir. Sjá fjárnám, kyrrsetning, lögbann, lögtak, útburðargerðir.
Foreldrar og börn. Sjá meðlag.
Forsendur. Sbr. endurgreiðsla, kaup og sala, samningar, sönnun, verksamningar, vinnusamningar.
Framboð. Sjá tilboð.
Framsal kröfuréttinda.
Frávísun. Sbr. ómerking.
Frelsisröskun.
Frestir.
Fyrirvari. Sjá viðskiptatilkynningar.
Fyrning kröfuréttinda.

Gagnsakir. Sjá áfrýjun málasamsteypa.
Gallar á seldum hlut. Sjá kaup og sala.
Gengi.
Gjafsókn, gjafvörn.
Gjalddagi.
Gjaldþrotaskipti.
Greiðsludráttur. Sbr. viðtökudráttur.
Gæzluvarðhald. Sbr. málskostnaður, opinber mál.

Hafning máls. Sbr. ómaksbætur.
Haldsréttur.
Heimvísun. Sjá ómerking.
Hjákvæmileg lög.
Hjónaband. Sbr. meðlag.
Hlutafélög.
Hlutdeild. Sbr. áfengislagabrot.
Húsleit. Sbr. eftirgrennslan afbrota.
Hylming.

Iðgjöld. Sjá einnig skaðabætur.

Íkveikja. Sjá brenna.
Ill meðferð á skepnum. Sjá dýraverndun.
Innsetningargerðir. Sjá einnig fjárnám, skaðabætur.
Itrekun.

Játning. Sbr. sönnun.

Kaup og sala. Sbr. samningar, skuldir, skuldamál.
Kaupfélög. Sjá samvinnufélög.
Kaupmáli. Sjá hjónaband.
Konungleg umboðsskrá. Sjá dómarar.
Kynferðisbrot.
Kynsjúkdómar. Sjá kynferðisbrot.
Kyrrsetning.

Landamerkjamál.
Landhelgi. Sjá fiskveiðabrot.
Leiðbeiningarskylda dómara.
Leiga.
Líkamsáverkar.
Líkur.
Loforð. Sjá samningar, verksamningar, vinnusamningar.
Læknar. Sjá einnig mat og skoðun.
Lög, lögjöfnuður.
Lögbann.
Löggæzlumenn. Sjá lögregla.
Lögheimili. Sjá skattar og gjöld, varnarþing.
Lögráðamenn.
Lögregla.
Lögreglusamþykktir.
Lögreglustjórar.
Lögtak.

Málasamsteypa.
Málflutningslaun.
Málflutningsmenn. Sbr. umboð.
Málflutningur. Sbr. réttarfarslög, útivist aðilja.
Málshöfðun.
Málskostnaður. Sbr. ómaksbætur.
Manndráp.
Mat og skoðun.
Meðalganga. Sjá áfrýjun, málasamsteypa.
Meðdómsmenn.
Meðlag.
Meiðyrði. Sjá ærumeiðingar.
Mjólkurlöggjöf.

Nauðgun.
Neyðarvörn.
Nytjastuldur. Sjá þjófnaður.

Óbeðinn erindisrekstur.
Ofbeldi. Sjá einnig líkamsáverki.
Ómaksbætur. Sbr. málskostnaður.
Ómerking. Sbr. frávísun, réttarfarslög.
Opinber mál. Sbr. dómarar, iðgjöld, líkur, málasamsteypa, málshöfðun, málskostnaður, mat og skoðun, ómerking, refsingar, skaðabætur, sönnun.
Opinberar eignir. Sjá bryggjugjald.

Prentfrelsi.

Refsingar.
Reikningslán. Sjá samningar.
Reklamation. Sjá viðskiptatilkynningar.
Réttarfarslög. Sbr. aðild, áfrýjun, dómar og úrskurðir, dómarar, frávísun, frestir, málasamsteypa, málflutningsmenn, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, ómaksbætur, ómerking, réttarfarssektir.
Réttarfarssektir.
Réttarmál.
Réttarvottar.

Sakamál. Sjá opinber mál, refsingar, saknæmi.
Sakaukamál. Sjá áfrýjun málasamsteypa.
Sakhæfi.
Saknæmi. Sbr. áfengislagabrot, bifreiðar, refsingar.
Samningar. Sbr. kaup og sala, skaðabætur, skuldir, sönnun, verksamningar, vinnusamningar.
Samvinnufélög.
Sáttir.
Sauruglegt athæfi. Sjá kynferðisbrot.
Sektir. Sjá refsingar.
Siglingar. Sjá árekstur skipa, björgun, fiskveiðalög, sjódómur, sjódómsmál, sjóveð, varðskip.
Sjóðþurrð.
Sjódómur, sjódómsmál.
Sjóvátrygging. Sjá vátrygging.
Sjóveð. Sbr. veð.
Skaðabætur. Sbr. félagsskapur, kaup og sala, samningar, skuldir, vinnusamningar, verksamningar.
Skattar og gjöld.
Skilorðsbundnir dómar. Sjá dómar og úrskurðir.
Skip, skipverjar. Sjá árekstur skipa, björgun, fiskveiðalög, sjódómur, sjódómsmál, sjóveð, varðskip, vátrygging, vinnusamningar.
Skipti. Sjá arfur, gjaldþrotaskipti, ómerking.
Skjalafals.
Skjöl. Sjá mat og skoðun, sönnun.
Skuldabréf. Sbr. veðskuldabréf.
Skuldajöfnuður.
Skuldir, skuldamál. Sbr. ábyrgð, fyrning, kaup og sala, samningar, skaðabætur, sönnun, verksamningar, vinnusamningar.
Skuldskeyting. Sjá einnig ábyrgð.
Slysatrygging.
Smjörlíki.
Sóttvarnir.
Stefnur. Sbr. málshöfðun.
Sviksamlegt athæfi. Sjá einnig gjaldþrotaskipti.
Sönnun. Sbr. eftirgrennslan afbrota, eiður, húsleit, játning, mat og skoðun, vitni.

Tilboð.

Tilraun.
Tollar.

Umboð.
Umboðssala.
Uppboð.
Útburðargerðir.
Útivist aðilja. Sbr. ómaksbætur.
Útlendar þjóðir.
Útsvar. Sjá skattar og gjöld.

Varðskip.
Varnarþing.
Vátrygging.
Veð. Sbr. sjóveð.
Veðskuldabréf. Sbr. skuldabréf.
Veðurstofan.
Veiðarfæri, upptaka. Sjá refsingar.
Veitingasala.
Venja.
Verðtollur. Sjá tollar.
Verkkaup.
Verksamningar.
Verzlunarbækur.
Verzlunarfyrirtæki. Sjá atvinnufyrirtæki.
Verzlunarhættir (óréttmætir).
Verzlunarráð Íslands.
Verzlunarskuldir, verzlunarviðskipti. Sjá kaup og sala, samningar, skuldajöfnuður, skuldir, skuldamál.
Vextir.
Viðskiptatilkynningar.
Viðtökudráttur.
Vinnusamningar.
Vitni.
Víxlar.
Vörumerki.
Vörutollur. Sjá tollar.

Yfirvöld. Sjá dómarar, dómstólar, embættistakmörk yfirvalda, skattar og gjöld.

Þinglýsingar.
Þingmál. Sjá réttarmál.
Þingsafglöp. Sjá ómerking.
Þingvottar. Sjá réttarvottar.
Þjófnaður.
Þjófneyzla. Sjá hylming.

Ærumeiðingar.

Ökuskirteini. Sjá bifreiðar, refsingar.
Ölvun. Sbr. áfengislagabrot, bifreiðar.

Efnisskrá.

Ábúð.

Bls.

A seldi B eignar- og ábýlisjörð sína 1918, en A rak áfram búskap á jörðinni. Með yfirlýsingu, dags. 24. maí 1921, þinglesinni 24. júní 1925, kveður A, að svo hafi samizt með honum og B, að B væri heimil notkun og ábúðarréttur á téðri jörð fyrir sig eða aðra, sem hann vísaði á. B. veðsetti C jörðina, og var hún lögð C út sem ófullnægðum veðhafa. Talið, að B hefði, samkvæmt greindri yfirlýsingu A, haft rétt til að byggja honum út af jörðinni, og þar sem jörðin var veðsett C með öllum réttindum, þá hefði hann (C) við útlagninguna og síðar kona hans öðlazt rétt til að byggja A út 629

Ábyrgð.

A greiddi, meðan á skiptum á þrotabúi B stóð yfir, fjárhæð nokkra upp í ábyrgarskuldbinding, sem A hafði tekizt á hendur gagnvart banka fyrir B. Bankinn lýsti kröfum sínum að fullu, einnig þeim, sem A ábyrgðist, í þrotabúið og fékk greiddan hundraðshluta af þeim samkvæmt efnahag búsins. Af þessum sökum gat A ekki krafið þrotabúið um greiðslu á endurgjaldskröfu sinni á hendur B og þá ekki heldur greitt með henni kröfu, sem þrotabúið átti á hendur honum (A) 109

A, sem komið hafði síld til frystingar og geymslu í frystihúsi, fullyrti, þegar hann var krafinn um endurgjald fyrir frystinguna, að framkvæmdarstjóri frystihússins, sem í millibilinu var látinn, hefði lofað honum (A), að taka að sér greiðslu endurgjaldsins. Talið, að jafnvel þó sannað væri, að slíkt loforð hefði verið gefið, þá gæti það ekki leyst A undan greiðslu, með því að greiðslan hefði ekki verið innt af hendi til frystihússins 1011

Bls.

Maður dæmdur til að greiða fjárhæð handhafaskuldabréfs, sem hann með áritun hafði tekizt á hendur sjálfsskuldarábyrgð á 64

Aðflutningsgjald.

Hinn svonefndi bitri kakao»massi« eða kakaodeig, sem er notað sem efnivara í súkkulaði og kakaoduft, hvorki talið falla undir ákvæði tolllaganna um súkkulaði né kakaoduft og þessvegna ekki heimilt að krefja um aðflutningsgjald af greindri vörutegund 411

Aðför. Sjá fjárnám, fógetagerðir, lögtak, innsetningargerðir, útburðargerðir.

Aðgerðaleysisverkanir. Sjá viðskiptatilkynningar.

Aðild. Sbr. umboð.

Sýknukrafa byggð á því, að handhafi handhafaskuldabréfs væri ekki réttur heimildarmaður að því, ekki tekin til greina 64

Móðir 10 ára drengs, sem varð fyrir bifreið og hlaut meiðsli af, sækir eiganda bifreiðarinnar til skaðabóta útaf meiðslunum 92

Í máli gegn eiganda bifreiðar til skaðabóta útaf bilslysi er vátryggingarfélagi því, sem bifreiðin var tryggð hjá, stefnt til að gæta réttar síns 92

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið aðili máls, varðandi landamerki prestsseturs og bændaeignar..... 101

A, sem átti veð í fasteign samkvæmt 10. gr. tilsk. 18. febrúar 1847, krafðist uppboðs á fasteigninni. Á uppboðinu, sem var löglega auglýst, var ekki mætt af hálfu A, en fógetinn lét uppboðið fara fram allt að einu. A áfrýjaði og krafðist, að uppboðið væri fellt úr gildi og afsalið, sem gefið var út samkvæmt því, væri dæmt ógilt og loks, að stefndir væru dæmdir in solidum til að greiða málskostnaðinn. A stefndi uppboðshaldara persónulega, eiganda fasteignarinnar og uppboðskaupandanum 114

Ekkja talin eiga aðild til að krefjast dánarbóta þeirra,

Bls.

sem, samkvæmt lögum nr. 73 frá 1928, á að greiða vegna hvers skilgetins barns innan 15 ára 147

A kenndi B barn. Við rannsókn málsins kom í ljós, að C hafði einnig á getnaðartímanum haft samræði við A. Mál virðist hafa verið höfðað gegn B og C, en dómsúrslit í héraði urðu þau, að A var veittur kostur á fyllingareiði um, að B væri eða gæti verið faðir barnsins. B áfrýjaði héraðsdóminum og stefndi bæði A og C 196

Kröfu, sem mál var rekið útaf fyrir sjórétti, var lýst í þrotabú, og kvað skiptaráðandi upp úrskurð þess efnis, að krafan skyldi ekki tekin til greina. Kröfuhafinn áfrýjaði úrskurðinum til ómerkingar og og stefndi skiptaráðanda og tveimur kröfuhöfum öðrum í búinu, sem mættu á skiptafundi, þegar krafa áfrýjanda var þar til meðferðar 205

Þrír menn, er í félagi höfðu með verksamningi tekið að sér að byggja hús, sækja sem samaðiljar mál útaf verksamningnum 217

Togari rakst á varðskip, og varð varðskipið fyrir skemmdum. Við sjóferðaprófið útaf árekstrinum var það tekið fram, að hæstaréttarmálflutningsmaðurinn A tæki á móti stefnu í málinu, en jafnframt var því lýst yfir af öðrum manni B, að hann (B) tæki á sig ábyrgð af afleiðingum væntanlegrar málsóknar í tilefni af árekstrinum. Málinu þótti af þessum sökum réttilega beint gegn B 376

A gerðist á uppboði kaupandi að útistandandi skuldum þrotabús og fékk eignarafsal að þeim hjá sýslumanni þeim B, sem með þrotabúið fór. Eftir að B hafði verið vikið frá embætti, krafði hann A um meiri hluta andvirðis skuldanna og færði þá ástæðu fyrir kröfu sinni, að ríkissjóður hefði gert hann (B) ábyrgan fyrir kaupverði þeirra og að hann hefði staðið ríkissjóði skil á því. Sannað í málinu, að krafa B á hendur A útaf nefndum skuldakaupum hafði verið tekin fjárnámi af ríkissjóði hjá B og hann þannig ekki réttur aðili málsins 473

Bú A var tekið til gjaldþrotaskipta eftir kröfu lánardrottins. Nauðsynlegt að stefna bæði honum og skiptaráðanda, þegar úrskurðinum var áfrýjað.... 543

Bls.

Hjón áfrýja lögtaki fyrir útsvari sem á þau hafði verið lagt í sameiningu. Eiginmaðurinn, sem ekki er hæstaréttarmálflutningsmaður, flytur málið í hæstarétti 601

Tíu skipverjar á einu af varðskipum ríkisins töldu, að þeim hafði verið sagt upp starfi þeirra með ónógum uppsagnarfresti og þeir ættu þannig kröfu til vangreidds kaups og fæðispeninga. Í stað þess að hver þeirra sækti sína kröfu í sérstöku máli framselja þeir allir sjómannafélagi Reykjavíkur kröfurnar, en það sækir síðan í einu og sama máli skipaútgerð ríkisins til greiðslu þeirra allra 710

Háseti á vélbát sækir kaup sitt fyrir dómi á hendur þrotabúi útgerðarmanns og stefndi jafnframt eiganda vélbátsins til að þola dóm um sjóveð í vélbátnum fyrir kaupinu. Eigandi vélbátsins áfrýjar síðan héraðsdóminum vegna sjóveðsins og stefnir þrotabúinu og hásetanum 716

Mál höfðað útaf vínkaupum hjá áfengisverzlun ríkisins. Stefnt var forstjóra áfengisverzlunarinnar og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 728, 1024

Mjólkurbú talið vera réttur aðili samkvæmt 16. gr. laga nr. 84 frá 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, til að kæra fyrirsvarsmenn hlutafélags fyrir notkun vörumerkis 790

Í máli til skaðabóta útaf bílslysi áfrýjar vátryggingarfélag það, sem bíllinn var tryggður hjá, héraðsdóminum til hæstaréttar, enda þótt vátryggingarfélagið hefði ekki verið formlegur aðili í héraði. Þetta talið heimilt, þar eð bifreiðastöð sú, er átt hafði bílinn, var eftir uppkvaðningu héraðsdómsins leyst upp, umboðsmaður vátryggingarfélagsins hafði mætt á sáttafundi, félagið tekið þátt í vörn málsins í héraði og stefndi í hæstarétti hafði ekkert við málsskot áfrýjanda að athuga 816

Eigendur, vátryggjendur, skipverjar og landmenn vélskips, sem hafði orðið fyrir árekstri við annað skip, höfða í sameiningu mál til skaðabóta gegn eiganda hins skipsins 836

Vörubílastöð Reykjavíkur ekki talin bera að svara til sakar útaf ætluðum skemmdum, sem bifreiðar-

Bls.

stjóri frá stöðinni olli við flutning húsmuna, þar sem ekki varð litið svo á, að téð vörubílastöð kæmi fram við samninga um akstur sem verksali eða ræki aðra sjálfstæða starfsemi en að vera miðlari milli eiganda og notenda bifreiðarinnar .. 858

Tveir bræður, sem tóku við og erfðu eignir dánarbús, taldir eiga standa skil á útsvari, sem á dánarbúið var lagt 851

Sök útaf rúðubroti í húsi, sem varðaði við 298. gr. hegningarlaganna, talin réttilega sótt í opinberu máli, með því að ákærði raskaði almennum friði í sambandi við þessar athafnir sínar 952

A, sem var umboðsmaður firma og hafði vörur þess í vörzlum sínum, eyddi að nokkru vörunum og að nokkru fé, sem hann hafði fengið inn við sölu þeirra. Í sakamáli, sem höfðað var gegn A, eftir að hann var orðinn gjaldþrota, varð ekki dæmt um, hvort téð skuldasöfnun væri refsiverð gagnvart firmanu, með því að það gerði enga refsikröfu á hendur A 126

Framkoma manns, sem stolið hafði verið frá kr. 29,15, túlkuð þannig, að hann krefðist málshöfðunar gegn sakborningi, sbr. 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 51 1928 757

Aðkomuskip, læknisskoðun. Sjá sóttvarnir.

Afengislagabrot. Sbr. bifreiðar, ítrekun, ölvun.

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 2. málsgr. 13. gr. laga nr. 64 frá 1930, sbr. 1. gr. sömu laga, vegna þess, að hann þótti ekki hafa gert grein fyrir áfengi, sem fannst í vörzlum hans 170, 1049

Maður dæmdur fyrir bruggun áfengis 517, 605, 793

Maður dæmdur fyrir bruggun áfengis í söluskyni 187, 328, 348, 373, 409, 855, 967, 1070

Maður og kona dæmd fyrir sölu áfengis 368

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt reglugerð nr. 108 frá 1931, sem sett var samkvæmt heimild í 45. gr. laga nr. 64 frá 1930, fyrir að fara með 2 flöskur af portvíni, sem hann hafði keypt í áfengisverzlun ríkisins, inn á veitingahús 429

Sex menn dæmdir fyrir brot á áfengislögum nr. 64 frá

Bls.

1930, einn fyrir bruggun og sölu eftir 6. gr. sbr. 30. gr. og 11. gr. sbr. 32. gr. laganna, annar fyrir sölu eftir 11. sbr. 32. gr., og tveir fyrir aðstoð við sölu eftir 42. gr. og loks tveir fyrir að neyta áfengis á veitingahúsi samkv. 24. gr. 1. málsgr. sbr. 41. gr. 1. málsgr. tilvitnaðra laga 468

Maður sýknaður af kæru fyrir að hafa verið ölvaður á opinberri skemmtisamkomu. Lögreglupjónn og tollgæzlumaður báru, að kærði hefði verið ölvaður, en fjórir menn aðrir, að hann hefði ekki verið ölvaður 481

Þrír menn dæmdir fyrir brot á áfengislögum nr. 64 frá 1930, einn eftir 2. málsgr. 13. gr., sbr. 1. gr., sömu laga, vegna þess, að hann gerði ekki grein fyrir áfengi, sem fannst í vörzlum hans, og hinir tveir eftir 42. gr. fyrir aðstoð við flutning og geymslu á áfenginu 625

Maður dæmdur til refsingar fyrir innflutning áfengis eftir 12. gr. laga nr. 69 frá 1928 um einkasölu á áfengi 705

Veitingamaður dæmdur til refsingar eftir 23. gr. laga nr. 64 frá 1930 og 7. gr. lögreglusamþykktar fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu fyrir að veita gestum vín í veitingahúsi sínu. Sami veitingamaður ennfremur sviptur veitingaleyfi í 3 mánuði samkvæmt 40. gr. áfengislaganna 881

Maður dæmdur til refsingar sumpart eftir 1. gr. sbr. 2. tölulið 27. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 1930 og sumpart eftir 1. og 11. gr. sbr. 1. tölul. 27. gr. og 32. gr. sömu laga fyrir að flytja í land áfengi úr útlendum togara; svo var hann dæmdur eftir 16. gr., sbr. 36. gr. téðra laga, fyrir ölvun á almannafæri. Hinsvegar var sökunautur sýknaður af kæru fyrir að hafa neytt víns á opinberum veitingastað, með því að ekki varð séð, að hann hefði nokkurntíma verið spurður um þetta atriði, meðan á rannsókn málsins stóð 952

Bifreiðarstjóri dæmdur til sektar og sviftur ökuleyfi æfilangt fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis í annað sinn 463

Tveir menn sýknaðir af kæru um að hafa verið ölvaðir á almannafæri 995

Bls.

I framsæti bifreiðar fannst flaska með slatta í af heimabrugguðu áfengi. Varhugavert þótti að gera bifreiðarstjórann, sem neitaði að vita nokkur deili á flöskunni, ábyrgan fyrir henni samkvæmt 2. málsgr. 13. gr. laga nr. 64/1930, með því að í bifreiðinni voru 13 farþegar, sem hver um sig virtist hafa getað stungið flöskunni í framsætið 1045

Fangelsisrefsing og sektir dæmd sama manni í sama máli fyrir brot á áfengislöggjöfinni . 187, 625, 855, 967

Afli, upptaka. Sjá refsingar.

Áfrýjun. Sbr. málasamsteypa.

Bifreið ók á tvö hross og fótbraut þau. Bifreiðareigandinn samþykkti, að dómur yrði lagður á greiðsluskyldu hans vegna bifreiðarinnar í refsimáli á hendur bifreiðarstjóranum. Refsimálinu var skotið af hálfu valdsstjórnarinnar til hæstaréttar, en bifreiðareigandanum ekki stefnt og sjálfur áfrýjaði hann ekki málinu að því leyti, sem það varðaði hann. Af þessum sökum var talið, að ekki yrði dæmt í hæstarétti um niðurfærslukröfu verjanda kærða á skaðabótafjárhæð þeirri, sem bifreiðareigandanum hafði verið gert að greiða í héraði 43

Bílstjóri stefndir tveimur mönnum sem eigendum bifreiðastöðvar til greiðslu vinnulauna. Þeir dæmdir í héraði in solidum, en aðeins annar þeirra áfrýjar dómnum 83, 88

A, sem átti veð í fasteign samkvæmt 10. gr. tilskipunar 18. febrúar 1847, krafðist uppboðs á fasteigninni. Á uppboðinu, sem var löglega auglýst, mætti A ekki, en fógetinn lét uppboðið fara fram allt að einu. A áfrýjaði uppboðinu til ómerkingar og stefndi uppboðshaldara persónulega, eiganda fasteignarinnar og kaupanda hennar á uppboðinu. Uppboðið var ómerkt og hinir stefndu voru allir in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar. Uppboðinu var að vísu áfrýjað síðar en svo, að málskostnaðarkröfu yrði komið fram gegn uppboðshaldara eftir 33. gr. hæstaréttarlaganna, en hæstiréttur taldi heimildina til að koma kröfu þessari

Bls.

að felast í því, að athafnir uppboðshaldara hefðu í raun réttri verið aðalástæða áfrýjunarinnar 114

Verzlunarfélag var sótt til greiðslu kaupkrafna og var það í héraði dæmt til að greiða þær. Það áfrýjaði málinu. Eftir útgáfu áfrýjunarstefnunnar varð félagið gjaldþrota. Verzlunarstjórinn heldur áfram málinu fyrir hæstarétti með samþykki skiptaráðanda, en á sinn kostnað 149

Úrskurði um kröfu, gerða í þrotabú, áfrýjað. Stefnt var skiptaráðanda f. h. þrotabúsins og banka, sem mótmælti kröfunni 109, 436

Fógeti skyldaði mann með úrskurði að láta ýmis skjöl af hendi að viðlögðum dagsektum. Síðar gerði fógetinn fjárnám fyrir dagsektunum. Úrskurðinum um fjárnámið var áfrýjað, en ekki úrskurðinum um dagsektirnar, eða aðfarargrundvellinum. Fjárnámið var allt að einu fellt úr gildi, þar eð fjárnámsgrundvöllurinn var talinn markleysa 165

A kenndi B barn. Við rannsókn málsins kom í ljós, að C hafði einnig á getnaðartímanum haft samræði við hana. Í undirrétti var barnsmóður veittur kostur á fyllingareiði um, að B gæti verið faðir barnsins. B áfrýjaði málinu og stefndi bæði A og C ... 196

Úrskurði skiptaréttar um kröfu í þrotabú áfrýjað. Skiptaráðanda og tveim kröfuhöfum, sem mættu á skiptafundi, þegar úrskurðurinn gekk, stefnt 205

A áfrýjar uppboðsgerð til hæstaréttar, en henni var vísað frá dómi. Síðan skýtur A uppboðsgerðinni að nýju til hæstaréttar samkvæmt 27. gr. laga nr. 22 frá 1919 um hæstarétt 415

Nauðungaruppboði áfrýjað af gerðarþola. Hann stefndi uppboðsbeiðanda, uppboðskaupanda, uppboðshaldara, og loks einum manni í viðbót til að gæta réttar síns 415

Nauðungaruppboði áfrýjað til ómerkingar. Var ómerkingarkrafan m. a. byggð á atriði, sem gerzt hafði, áður en fjárnámið, sem var grundvöllur uppboðsins, var gert. Með því að fjárnámið hafði áður verið staðfest í hæstarétti, gat þessi ástæða ekki haggað gildi uppboðsins 415

Varakrafa í hæstarétti um lækkun á skaðabótum, sem

Bls.

héraðsdómarinn hafði gert áfrýjanda að greiða, ekki tekin til greina, með því að ástæður þær, sem varakrafan var byggð á, voru of seint fram komnar 674

Þegar áfrýjað er töku bús til gjaldþrotaskipta eftir kröfu lánardrottins, þarf bæði að stefna honum og skiptaráðanda 543

Hjón áfrýja úrskurði um að lögtak skuli gert hjá þeim fyrir útsvari, sem á þau hafði verið lagt í sameiningu. Eiginmaðurinn, sem ekki er hæstaréttarmálflutningsmaður, flutti málið í hæstarétti 601

Háseti á vélbát sækir kaup sitt fyrir sjódómi á hendur þrotabúi útgerðarmanns og stefnir jafnframt eiganda vélbátsins til að þola dóm um sjóveð í vélbátnum. Eigandi vélbátsins áfrýjar síðan héraðsdóminum vegna sjóveðsins og stefnir skiptaráðanda f. h. þrotabúsins og hásetanum 716

Slys hlauzt af akstri bifreiðar fyrir óvarlegan akstur bifreiðarstjórans. Bifreiðastöð sú, sem átti bílinn, var dæmd til að greiða skaðabætur í héraði. Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins var bifreiðastöðin leyst upp, en vátryggingarfélag það, sem bifreiðin var tryggð hjá, áfrýjaði málinu. Talið var, að málið mætti dæma að efni til í hæstarétti, þar sem svo var ástatt um bifreiðastöðina sem áður segir, umboðsmaður vátryggingarfélagsins hafði mætt bæði á sáttafundi í málinu og tekið þátt í vörn þess í héraði, enda þótt vátryggingarfélagið væri þar ekki formlegur aðili. Loks hafði stefndur í hæstarétti ekkert við málskotið að athuga 816

Barnsfaðernismál, sem dæmt hafði verið í hæstarétti, tekið þar til meðferðar að nýju samkvæmt heimild í 30. gr. hæstaréttarlaganna 948

Sagt, að ákvæði héraðsdóms um sekt á hendur málflutningsmanni fyrir ósæmilegan rithátt yrði ekki breytt, þar eð héraðsdóminum hefði ekki verið áfrýjað að því leyti 1031

Úrskurði um kröfu, gerða í þrotabú, áfrýjað. Stefnt var skiptaráðanda og kröfuhafa, sem borið hafði fram mótmæli 385

Bls.

Með því að dómi var ekki gagnáfrýjað, varð honum ekki breytt stefnda í hag 196, 473, 930

Með því að ágrip dómsgerða lá ekki fyrir og stefndi mótmælti fresti, var máli vísað frá hæstarétti 360, 420, 421, 422, 423, 424, 425, 426, 427, 428, 590, 820, 889, 890, 891

Dómsathöfnum áfrýjað til staðfestingar 1, 3, 6, 8, 10, 13, 15, 17, 18, 20, 30, 64, 214, 313, 387, 491, 681, 686, 690, 692, 770, 846, 1017

Héraðsdómara stefnt til ábyrgðar við áfrýjun opinbers máls 236, 440, 1054

Áfrýjunarleyfi 109, 114, 205, 278, 543, 611, 690, 716, 941

Áfrýjunarleyfi var dagsett degi seinna en áfrýjunarstefna. Þetta ekki talið valda frávísun frá hæstarétti ex officio, þar sem fyrir lá yfirlýsing dómsmálaráðuneytisins um, að það hefði heitið áfrýjanda leyfinu sama dag og stefnan var gefin út ... 681

Novaleyfi 884, 948

Ekki skýrt frá því berum orðum í dómi hæstaréttar, hvaða kröfur aðiljar höfðu gert fyrir hæstarétti 192, 402, 669

A gaf út veðskuldabréf til handhafa með veði í húsi samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885. B, sem varð eigandi bréfsins, gerði fjárnám í húsinu og var honum útlagt það á uppboði sem ófullnægðum veðhafa. Nokkrir menn, sem mætt höfðu á uppboðinu, kváðust eiga lóðina undir húsinu. Áfrýjuðu þeir fjárnáminu og uppboðinu til ómerkingar og stefndu bæði B og A án þess þó að gera nokkrar kröfur á hendur A. A, sem borið hafði fram mótmæli við fjárnámið og uppboðið, áfrýjaði einnig dómsathöfnum þessum til ómerkingar og stefndi B og aðaláfrýjendum án þess þó að gera sérstakar kröfur á hendur þeim síðarnefndu 555

Úrskurður um uppboð og uppboðsgerð fellt úr gildi, með því að þessar dómsathafnir hvíldu á fjárnámi, sem ómerkt var 555, 1007

Þrotabú A höfðaði mál gegn konu hans (B) til riftunar kaupmála, sem þau hjónin höfðu gert, um húseign m. m. Ennfremur var banka stefnt til að þola riftun á veði, sem B hafði veitt honum í húsinu. Í héraði voru kröfur þrotabúsins um riftun kaup-

Bls.

málans teknar til greina, en ekki krafan um riftun veðsetningarinnar. B áfrýjaði til breytinga og stefndi þrotabúinu. Auk þess stefndi B bankanum til að gæta réttar síns án þess að gera nokkrar kröfur á hendur honum. Áfrýjandi dæmdur til að greiða bankanum málskostnað, með því að ástæðulaust hefði verið að stefna honum fyrir hæstarétt 560

Fjárnám staðfest í hæstarétti, með því að það hvíldi á dómi, sem staðfestur var 336, 824

Aldur.

Refsing stúlku, sem dæmd var fyrir brot á ýmsum greinum bifreiðarlaganna og 200. gr. hegningarlaganna, ákveðin með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna, þar eð sökunautur var aðeins 17 ára, þegar brotin voru framin 67

Við mat á skaðabótum, sem eigandi bifreiðar var dæmdur til að greiða dreng á 11. ári, er fyrir bíl hans varð, var tekið tillit til þess, að drengurinn sýndi af sér mjög mikla óvarkárni með því að hlaupa á bifreiðina 92

Skylda dvalarsveitar til að greiða móður óskilgetins barns fúlgu samkvæmt lögum nr. 15 frá 1927 og konu, sem skilin er að borði og sæng við mann sinn, meðgjöf með börnum þeirra samkv. 60. gr. laga nr. 39 frá 1921 bundin við 16 ára aldur barna, sbr. 19. og 25. gr. laga nr. 46 frá 1921 og 3. og 19. gr. fátækralaga nr. 43 frá 1927 970

Almennur friður.

Sök út af rúðubroti í húsi talin réttilega sótt í opinberu máli, með því að ákærði raskaði almennum friði í sambandi við þessar athafnir sínar 952

Analogia, sjá lög, lögjöfnuður.

Árekstur skipa.

Skaðabótakröfu hrundið, með því að það skip, sem krafizt var bóta fyrir, þótti eiga sök á árekstrinum 376

Eiganda skips, sem sök átti á árekstri á annað skip, dæmt að greiða bætur 836

Bls.

Arfur, arfleiðsla.

Hjónin A og B, sem ekki áttu lifserfingja, gerðu gagnkvæma erfðaskrá. Í erfðaskránni var m. a. fóstursyni þeirra C ánöfnuð fjárhæð kr. 20000,00, og mátti hann kjósa um, hvort hann vildi heldur taka við gjafarfi sínum í peningum eða fá tilgreinda jörð + kr. 5000,00. Eignir þeirra, er afgangs yrðu tilgreindum gjöfum, skyldu falla til háskóla Íslands. Ennfremur var svo ákveðið í skránni, að ef A eða B eða bú þeirra yrði að innleysa reikningslán, sem A hafði ábyrgzt fyrir C í banka, skyldi sú fjárhæð koma til frádráttar gjafarfinum. Talið, að B með því að taka við félagsbúinu samkv. erfðaskránni að A látnum, hefði skuldbundið sig til að hlíta henni og B þessvegna óheimilt að ákveða með breytingu á erfðaskránni, að reikningslánið, sem A hafði orðið að greiða, skyldi ekki koma til frádráttar gjafarfi C. B hafði falið C, að hefja og ráðstafa viðtökuskírteini hennar við banka. Í þessu ekki talin felast afhending til eignar á innistæðu þeirri, sem skírteinið hljóðaði um, enda lagði C mestan hluta fjárhæðarinnar inn á nýtt innlánsskírteini, er hljóðaði á nafn B. Vegna trúnaðarsambandsins milli B og C var nafnritun B á síðarnefnt skírteini, sem C síðar hóf í bankanum, ekki talin merkja annað en heimild handa C til að ráðstafa fjárhæðinni. Sama talið gilda um handhafaveðskuldabréf, að fjárhæð kr. 3000,00, sem C hafði í vörzlum sínum og taldi B hafa gefið sér. Með því að C hafði ekki skilað búinu téðum verðmætum, var krafa hans um að fá $^4/_5$ téðrar jarðar útlagða ekki tekin til greina gegn mótmælum háskólans 801

Atvinnufyrirtæki.

A og B, sem dæmd voru fyrir brot gegn ýmsum greinum 26. kap. hegningarlaganna, svipt rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki, A æfilangt en B 2 ár frá birtingu dómsins að telja 236

Bls.

Bankar.

Útvegsbanki Íslands h/f sýknaður af kröfu starfsmanns bankans um uppbót á laun sín fyrir nokkurn hluta þess tíma, sem hann hafði unnið í bankanum, með því ekki var talið sannað, að til væri ákveðnar reglur um flokkun og launakjör starfsmanna bankans og starfsmanninum hafði ekki verið gefið bindandi loforð um launahækkun 958

Bankatrygging.

Það talin venja, ef vara er seld gegn bankatryggingu, þá sé tryggingin sett og seljanda send skilríki um þetta, áður en seljandi afgreiði vöruna frá sér ... 387

Barnsfaðernismál.

A kenndi B barn. Við rannsókn málsins kom í ljós, að C hafði einnig á getnaðartímanum haft samræði við A. Í héraði var barnsmóður veittur kostur á fyllingareiði um, að B væri eða gæti verið faðir barnsins. B áfrýjaði málinu, og í hæstarétti voru þeir B og C dæmdir til þess in solidum að gefa með barninu. Hinsvegar varð ekki ákveðið í hæstarétti um greiðslu til A samkvæmt 29. gr. laga nr. 46 frá 1921, með því að hún hafði ekki áfrýjað héraðsdóminum af sinni hálfu 196

A, sem var þunguð, höfðaði mál gegn B samkvæmt 6. gr. laga nr. 46. frá 1921 til viðurkenningar faðerninu. Héraðsdómurinn var kveðinn upp 8. júní 1932. Hinn 25. júlí s. á. ól A barnið 465

Barnsmóður og viðkomandi manni kom saman um það, hvenær þau hefðu haft fyrst samfarir, en 243 dögum eftir þann dag ól konan barnið. Þetta atriði talið veita líkur gegn því, að barnið væri ávöxtur af samförunum. Samkvæmt blóðrannsókn, framkvæmdri af forstöðumanni rannsóknarstofu háskólans, gat maðurinn ekki verið faðir barnsins og var hann þessvegna sýknaður 465

Í barnsfaðernismáli milli A og B var svo ákveðið, að ef B synjaði fyrir það með eiði innan 40 daga frá birtingu dómsins að hafa haft samfarir við A á ákveðnu tímabili, skyldi hann vera sýkn af kröfum

Bls.

hennar. Dómurinn var birtur B. 28. des. 1933,. B tók út eiðstefnu 2. febrúar 1934 og var eiðstefnan birt A 24. s. m., og fór eiðvinningin fram 15. maí s. á. Talið, að ekki hefði orðið eiðfall af hálfu B, þar sem hann bauð sig fram til eiðvinningarinnar innan eiðsfrestsins með úttekt eiðsstefnunnar 833

Barnsmóðir talin hafa svo mikið til styrktar málsstað sínum, að henni var veittur kostur á fyllingareiði 930, 948

Eiðsfrestur í barnsfaðernismáli ákveðinn 10 vikur talið frá uppkvaðningu hæstaréttardómsins 930, 948

Í héraði var barnsmóður veittur kostur á fyllingareiði og eiðsfresturinn miðaður við uppsögn lögréttardómsins. Eiðsfresturinn leið án þess að barnsmóðir fengi vitneskju um úrslit málsins. Hún áfrýjaði, og hæstiréttur setti henni nýjan eiðsfrest, 4 vikur frá uppkvaðningu hæstaréttardómsins 1020

Betrunarhúsvinna. Sjá refsingar.

Bifreiðar. Sbr. áfengislagabrot, félagsskapur, játning.

Bifreiðarstjóri dæmdur til sektar eftir lögum nr. 70 frá 1931 um bifreiðar og sviptur ökuleyfi í 1 ár fyrir að aka svo óvarlega fram hjá hrossum, að bifreiðin rakst á tvö þeirra og beinbraut þau, og fyrir að segja ekki til slyssins 43

Á ók bifreið án handleiðslu löggilts ökukennara, þótt hún hefði hvorki ökupróf né ökuleyfi. Auk þess var hún undir áhrifum áfengis, ók harðara en lögleyft er og varð mannsbani af gáleysi. Hún dæmd eftir ýmsum greinum bifreiðarlaganna og 200. gr. hegningarlaganna í 15 daga einfalt fangelsi 67

Ekki talið heimilt að svipta mann, sem ekki hefir fengið ökuleyfi, rétti til að fá það síðar að uppfylltum lögmæltum skilyrðum 67

Bifreiðarstjóri, sem einnig var eigandi bifreiðarinnar, dæmdur samkvæmt 15. gr. bifreiðarlaganna til að greiða dreng á 11. ári, sem varð fyrir bifreið hans og hlaut heilsutjón af, skaðabætur, með því að ekki var upplýst nægilega, að slysið hefði hlotið að vilja til, þótt bifreiðin hefði verið á hægri ferð og hún hefði þess vegna orðið fyrr stöðvuð 92

Bls.

Bifreiðar A og B rákust á. A höfðaði mál gegn B til skaðabóta útaf skemmdum þeim, sem urðu á bifreið hans. Sagt, að aðiljar ættu að bera skaðann að tiltölu við sök bifreiðarstjóranna hvors um sig 192

Bifreiðarstjóri dæmdur samkvæmt 15. gr. bifreiðalaganna til að greiða ekkju manns, sem lézt af meiðslum, er hann hlaut af því, að bifreiðin rakst á hann, skaðabætur, með því að bifreiðarstjóranum tókst ekki að sanna, að slysið hefði hlotið að vilja til, þótt hann hefði sýnt þá aðgæzlu, sem honum sem ökumanni var skylt að gæta 457

Bifreiðarstjóri dæmdur til sekta og æfilangs missis ökuleyfis fyrir akstur undir áhrifum áfengis í annað sinn 463

Bifreiðarstjóri dæmdur til sekta og missis ökuleyfis í eitt ár fyrir að aka bifreið hraðar en lög leyfa undir áhrifum áfengis og fyrir árekstur af gáleysi á aðra bifreið 618

Svipting ökuleyfis í dómi undirréttarins talin frá birting þess dóms. Hæstiréttur reiknaði ökuleyfissviptinguna frá þeim tíma, að ökuleyfið var tekið af bílstjóranum 696

Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir gálauslegan akstur, sem mannsbani hlauzt af 696, 915

Bifreiðarstjóri sýknaður af ákæru fyrir að hafa orðið mannsbani fyrir gálauslegan akstur 810

Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir gálauslegan akstur, sem slys hlauzt af. Honum jafnframt gert að greiða skaðabætur 745

Maður dæmdur til refsingar fyrir að aka bifreið án ökuleyfis og undir áhrifum áfengis 777

Bifreiðareigandi dæmdur til að greiða manni, sem varð fyrir bifreiðinni og fótbrotnaði, skaðabætur samkvæmt 15. gr. bifreiðalaganna 816

Maður, sem var undir áhrifum víns, stjórnaði bifreið, er þannig var ástatt um, að vél hennar varð ekki sett í gang, þar eð benzínið var þrotið. Hin dregna bifreið var ekki talin hníga undir skilgreininguna í 1. gr. bifreiðalaganna, og var bifreiðarstjórinn þess vegna sýknaður af kæru valdstjórnarinnar .. 1014

Bifreiðarstjóri sýknaður af kæru fyrir að hafa verið undir áhrifum víns við bifreiðaakstur. Sagt, að

Bls.

hann hefði dreypt litilsháttar á áfengi til að verja heilsu sína, eftir að hann var orðinn votur við að hjálpa bifreiðum, sem fastar höfðu orðið í sandi, og ekið síðan óaðfinnanlega 7—9 km í myrkri og regni torfæra leið. Fundið var að því við undirdómarann, að hann tók ökuskírteinið af kærða, enda þótt þá væri óráðið, hvort dóminum yrði áfrýjað og engar varúðarráðstafanir gerðu töku þess nauðsynlega 1045

Bifreiðarstjóri dæmdur til þess að greiða sekt og sviptur ökuleyfi í eitt ár fyrir að aka bifreið undir áhrifum vins svo óvarlega, að slys hlauzt af, og fyrir að hafa tvo menn í framsæti hjá sér 1079

Refsiákvæði 14. gr. laga nr. 70 frá 1931 um notkun bifreiða, einnig látin taka til brota á 15. gr. sömu laga 618, 745, 1079

Eftirlitsmaður bifreiða lýsir yfir því fyrir rétti sem áliti sínu, að ekki sé unnt að stöðva bifreið á 40 km hraða á hálfri annari lengd sinni, nema hemlarnir séu góðir og vegurinn þurr 696

Bifreiðaeftirlitsmenn. Sjá mat og skoðun.

Björgun.

Kolaskip, sem statt var ca. 35 sm. SA af Reykjanesi, lenti í aftaka veðri og stórsjó. Reið brotsjór yfir skipið og skolaði skipstjóra, 1. stýrimanni og einum háseta útbyrðis. Efri og neðri stjórnpallur brotnuðu gersamlega, og ennfremur missti skipið stýrisumbúnað, áttavitann, lóðlínu, sjókort og skipsbækur. Togari kom samkvæmt hjálparbeiðni á vettvang og fylgdi skipinu til Reykjavíkur. Verk togarans talið aðstoð, en ekki björgun, sökum þess, að kolaskipið hafði komið fyrir bráðabirgða-stýrisútbúnaði, sem notast mátti við, gufuvél skipsins var í góðu lagi og loftskeytatæki þess nothæf. Skipið, ásamt farmi, var metið á kr. 310368,00, en þóknun fyrir aðstoð togarans þótti hæfilega metin kr. 10000,00 402

Botnvörpungurinn »Lübech« strandaði 2 sm. NV af Strandavita. Tvö varðskip drógu togarann af grunni.

Bls.
Verðmæti togarans metið kr. 149719,00. Björgunarlaun ákveðin kr. 35000,00 669
Mál höfðað til greiðslu björgunarlauna ómerkt vegna formgalla 847

Blóðrannsókn.

Sérfræðingur í kynsjúkdómum framkvæmir blóðrannsókn á manni, og kemst að raun um, að hann er haldinn kynsjúkdómi 156
Úrslit barnsfaðernismáls látin velta á blóðrannsókn, sem forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans framkvæmdi á barnsmóður, barninu, og viðkomandi manni 465
Blóðrannsókn í barnsfaðernismáli skar ekki úr um faðernið 930

Bókhald. Sjá verzlunarbækur.

Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðalög.

Brenna.

Tveir menn dæmdir til refsingar fyrir íkveikju í húsi eftir 1. mgr. 283. gr. hegningarlaganna, sbr. 55. gr. sömu laga 35
Maður dæmdur til refsingar eftir 1. mgr. 283. gr. hegningarlaganna fyrir íkveikju í húsi 828

Brunabætur. Sjá vátrygging.

Bryggjugjald.

Það talin almenn regla, að opinberar eignir séu frjálsar almenningi til afnota með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lög þau, er um þær eru sett, og ákvæði, sett samkvæmt þeim lögum, hafa að geyma. Gjald, sem bæjarstjórn heimti af notanda bæjarbryggju, ekki talið löglega álagt af greindum ástæðum 363

Dagsektir.

Sagt, að fógeta hafi brostið vald til að ákveða dagsektir á hendur gerðarþola, til þess að þvinga

Bls.

hann til að afhenda skjöl, sem hann var krafinn um. Úrskurður fógeta téðs efnis þess vegna talinn markleysa 165

Stjórnendur félagsskaparins »Vörubílastöðin« í Reykjavík dæmdir til þess, að viðlögðum dagsektum, að viðurkenna bílstjórann A, sem vikið hafði verið úr téðum félagsskap, löglegan meðlim stöðvarinnar og afhenda honum félagsmerki stöðvarinnar .. 1031

Dánarbætur.

Bifreiðarstjóri dæmdur til þess samkvæmt 15. gr bifreiðalaganna að greiða ekkju manns, sem varð fyrir bifreið hans og lézt af meiðslum þeim, er hann hlaut af því, skaðabætur. Bæturnar metnar kr. 10000,00 457

Sagt, að það sé alveg heimildarlaust að krefjast þess, að skilgetið barn skuli vera fætt fyrir lát föður síns, til þess að ekkjan, sem rétt hefir til bóta hjá slysatryggingu ríkisins, geti fengið lögmælta viðbótartryggingu vegna barnsins 147

Dómar og úrskurðir. Sbr. frávísun, ómaksbætur, ómerking, opinber mál, réttarfarslög, útivist aðilja.

Kveðinn upp skilorðsbundinn refsidómur samkvæmt lögum nr. 39 frá 1907 23, 48, 126, 350, 440, 507, 635, 696, 757, 780, 784, 979, 995

Ákveðið, að refsing sökunauts skyldi því aðeins vera skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39 frá 1907, að hann greiddi dæmdar skaðabætur innan 30 daga frá birtingu hæstaréttardómsins 357

A falsaði reikninga læknis, framvísaði þeim hjá fiskihlutafélagi og fékk þá greidda. Meðan rannsókn vegna skjalafalsins stóð yfir, var A látinn afplána sekt samkvæmt áfengislögunum. Viku eftir að A hafði til fullnaðar meðgengið skjalafalsið og eftir að hann hafði verið látinn laus úr varðhaldi, drýgði hann fataþjófnað á hóteli einu. Þjófnaðurinn þótti leiða til þess, að skilyrði brysti til að fresta fullnustu refsingarinnar samkvæmt lögum nr. 39 frá 1907 76

Ekki þótti heldur vera lögmælt skilyrði fyrir hendi til að fresta fullnustu refsingar B, sem í samráði við

Bls.

A stal fötunum, með því að B drýgði þjófnaðinn aðeins skömmu eftir að 5 ár voru liðin frá uppkvaðningu eldri refsidóms yfir honum 76

Talið, að skilyrði væru fyrir hendi til að láta refsingu, sem A var dæmdur í eftir 186. og 212. gr. hegningarlaganna, fyrir árás á kvenmann, vera skilorðsbundna samkvæmt lögum nr. 39 frá 1907 48

A, sem áður hafði verið dæmdur fyrir hylming skilorðsbundið, nú dæmdur fyrir tilraun til innbrotsþjófnaðar. Ekki talið rétt, að gera síðari dóminn skilorðsbundinn 784

Fógeti talinn hafa án heimildar úrskurðað mann, að viðlögðum dagsektum, til að afhenda skjöl, sem hann var krafinn um. Úrskurðurinn skoðaður markleysa og ekki fjárnámsgrundvöllur, enda þótt honum hefði ekki verið áfrýjað 165

Sagt, að ekki hefði orðið eiðfall af hálfu manns, sem veittur var kostur á aðildareiði í barnsfaðernismáli, enda þótt sjálf eiðvinningin færi fram eftir lok eiðvinningarfrestsins, þar eð téður aðilji með úttekt eiðsstefnunnar bauð sig fram til eiðvinningarinnar innan eiðvinningarfrestsins 833

Í barnsfaðernismáli var barnsmóður veittur kostur á fyllingareiði um faðerni barnsins og eiðvinningarfresturinn miðaður við uppkvaðningu lögréttardómsins. Barnsmóðirin fékk ekki vitneskju um úrslit málsins fyrr en eiðvinningarfresturinn var liðinn. Hún áfrýjaði málinu, og hæstiréttur setti henni nýjan eiðvinningarfrest 1020

Fógeti framkvæmdi fjárnám hjá A, sem ekki var heima, og tók fjárnámi húseign, sem kona hans (B) kvað vera séreign sína. Hæstiréttur taldi fógeta hafa vanrækt að rannsaka málavexti, leiðbeina konunni samkvæmt 41. gr. aðfararlaganna og kveða upp úrskurð um sakarefnið 122

Verjandi tveggja ákærðra í opinberu máli krafðist þess, að framhaldsrannsókn yrði haldin um ýmis atriði, er verjandi taldi skipta máli um sekt eða sýknu hinna ákærðu. Var krafa verjandans tekin undir sérstakan úrskurð í hæstarétti. Ekki þótti ástæða til, að taka kröfu þessa til greina 52

Bls.

Dómarar. Sbr. dómgengi, dómsgerðir, dómstólar, embættis- og sýslunarmenn, málskostnaður, opinber mál, réttarfarslög.

Uppboðshaldara, sem haldið hafði uppboð, þótt uppboðsbeiðandi mætti ekki, stefnt við áfrýjun uppboðsins og hann dæmdur til að greiða málskostnað, þrátt fyrir það, að uppboðinu væri áfrýjað síðar en svo, að slíkri kröfu mætti koma að samkvæmt 33. gr. hæstaréttarlaganna. Þessi málalok byggð á því, að athöfn hins stefnda uppboðshaldara, með þeim hætti, sem hún fór fram, hefði í raun réttri verið aðalástæða áfrýjunarinnar 114

Dómur og meðferð máls, sem rekið hafði verið fyrir merkjadómi Siglufjarðarkaupstaðar, ómerkt ex officio, með því að dómsgerðirnar báru það eigi með sér, að meðdómsmennirnir hefðu unnið eið eða drengskaparheit, áður en þeir leystu dómsstarf þetta af hendi 121

Við áfrýjun opinbers máls var héraðsdómaranum stefnt til ábyrgðar samkvæmt ósk ákærða, og var hann sakaður um það eitt, að auglýst var á fregnmiða á götum viðkomandi kaupstaðar, daginn eftir uppkvaðningu dómsins, að þann dag kæmi nafngreint blað, sem dómarinn var útgefandi og ábyrgðarmaður að, út með héraðsdóminn í málinu. Sagt, að þessi ráðstöfun héraðsdómarans væri eigi dómsathöfn og yrði þess vegna eigi lagður dómur á hana í málinu. Héraðsdómara dæmdur málskostnaður 1054

Héraðsdómara stefnt til ábyrgðar við áfrýjun opinbers máls samkvæmt ósk ákærðu, en sakir þær, sem á hann voru bornar, ekki taldar vera á rökum byggðar og honum dæmdur málskostnaður 236, 440

Í opinberu máli út af árekstri milli lögreglubifreiðarinnar í Rvík og annarrar bifreiðar, vék lögreglustjóri sæti. Rökstuddi hann úrskurð sinn með því, að eðlilegt væri að hann viki sæti, þar sem rannsóknin ætti að fjalla um, hvort einn af undirmönnum hans hefði átt sök á slysinu. Hæstiréttur taldi, að þessi ástæða leiddi ekki til þess, að dómarinn hefði átt að víkja sæti 618

Bls.

Dómari samkvæmt konunglegri umboðsskrá fer með mál 639, 657, 821

Í sakamáli var þess krafizt, að rannsóknardómari viki sæti. Þessi krafa ekki talin hafa við nein rök að styðjast 236

Dómgengi.

Lögfræðingi var falið með konunglegri umboðsskrá að framkvæma réttarrannsóknir í tilefni af brotum á áfengislöggjöfinni, en hins vegar ekkert tekið fram um, að »commissarius« hefði umboð til að dæma mál, sem honum var falið að rannsaka. Hæstiréttur ómerkti þess vegna ex officio dóm, dæmdan af commissarii 657

Meðan stóð á rekstri máls í héraði gegn hlutafélagi, var bú þess tekið til gjaldþrotaskipta. Var málið síðan dæmt af hinum reglulega héraðsdómara. Ekki talin ástæða til að ómerkja ex officio aðgerðir dómarans eftir upphaf gjaldþrotaskiptanna, þar eð löggjafinn hefir falið sama manni almenn dómsstörf í héraði og skiptameðferð búa og in casu engin ástæða til að ætla, að hinn reglulegi dómari hefði ekki getað litið hlutdrægnislaust á alla málavöxtu 117

Dómsgerðir.

Með því að áfrýjandi hafði ekki lagt fram ágrip dómsgerða, er mál hans skyldi flutt, en stefndi mótmælti fresti, var málinu vísað frá dómi 360, 421, 422, 423, 424, 425, 426, 427, 428, 590, 820, 889, 890, 891

Máli var áfrýjað sem aðalsök og gagnsök. Málinu í heild vísað frá hæstarétti, með því að hvorugur aðilja hafði lagt fram ágrip dómsgerða og þeir neituðu hvor öðrum um frest 420

Dómstólar.

Regla sú, sem leiðir af 24. gr. laga nr. 46 frá 1926 um útsvör, að dómstólarnir eiga ekki úrskurðarvald um fjárhæð útsvara, ekki talin taka til annars en úrskurðar um útsvarshæð af löglegum útsvarsstofni 485

Bls.

Drengskaparheit. Sjá eiður.

Dýraverndun.

Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 34 frá 1915 fyrir að vanrækja að segja til þess, að tvö hross höfðu orðið fyrir bifreið hans og fótbrotnað 43

Efnarannsóknarstofa ríkisins.

Styrkleiki bruggaðs áfengis prófaður af efnarannsóknarstofu ríkisins 170, 187, 373, 517, 605, 625, 855, 1045, 1049, 1070
Efnarannsóknarstofa ríkisins segir álit sitt um orsök að sprengingu, sem varð í vélarrúmi skips 229
Sama rannsóknarstofa gefur álitsgjörð til afnota í máli um það, hvort vara væri tollskyld eftir tolllögunum 411

Eftirgrennslun afbrota. Sbr. mat og skoðun.

Eldur kom upp í húsi. A gólfi í geymsluhúsi, þar sem eldurinn kom upp, fannst flaska, sem benzin hafði verið á. Lögreglunni tókst strax að upplýsa, að A hafði kvöldið fyrir brunann verið að reyna að fá benzin á samskonar flösku og fannst á brennustaðnum svo og að A og B hefðu verið á ferli um nóttina. Þetta leiddi til þess að grunurinn beindist að nefndum mönnum 35
Komið var að tveim mönnum, sem voru um nótt að brjótast inn í sumarbústað í Mosfellssveit. Sökunautar komust undan án þess þeir yrðu þekktir. Lögreglan mældi spor sökunautanna í leirflagi og bar saman við skó manna þeirra, sem grunaðir voru um brotið 784
Lögreglan rannsakar vegsummerki á stað, sem bílslys varð á 67, 810, 915
Veitingamaður var sakaður um að veita ólöglega vín í veitingahúsi sínu. Leitað var vitneskju hjá áfengisverzlun ríkisins um vínkaup hans þar 881
Sagt, að með skýrslum löggæzlumanns væri það sannað, að veitingamaðurinn A hefði eftir lögboðinn veitingatíma hleypt gestum inn í veitingahús sitt og borið þeim veitingar fram á nótt 881
Tvö hross fundust fótbrotin meðfram þjóðvegi. Á veg-

Bls.

inum fundust brot úr bifreiðargleri. Einnig upplýstist, að bílstjórinn A hafði um þetta leyti ekið þessa leið og að luktargler hafði brotnað úr bifreið hans. Var A þessvegna sakaður um að hafa orðið valdur að slysinu 43
Lýst vegummerkjum á húsi, þar sem brotist hafði verið inn og stolið 23, 76, 874, 979, 995
Lýst vegsummerkjum á húsi, sem kveikt hafði verið í 35, 828

Eiður.

Sbr. barnsfaðernismál opinber mál, sönnun, vitni.
Það talið rýra sönnunargildi vitnisburðar vitna, sem báru um ölvun manns, að þau voru ekki látin staðfesta framburð sinn með eiði 481
Manni, sem veittur var kostur á aðildareiði í barnsfaðernismáli, ekki talið hafa orðið eiðfall, enda þótt sjálf eiðvinningin færi fram eftir lok eiðvinningarfrestsins, þar eð téður aðilji með úttekt eiðsstefnunnar bauð sig fram til eiðvinningarinnar innan eiðvinningarfrestins 833
Í héraði var mál, sem höfðað var gegn vátryggingarfélagi til greiðslu brunabóta, látið velta á því, hvort umboðsmaður vátryggingarfélagsins treystist að synja fyrir það með eiði, að honum hefði verið kunnugt um ákveðið málstilvik. Hæstiréttur byggði niðurstöðu sína á öðru 229
Varakröfu aðilja um að úrslit máls yrðu látin velta á eiði hans hrundið 824
Maður, sem gefið hafði vottorð til afnota í máli, treystist ekki til að vinna eið að einu atriði í vottorðinu, þegar hann átti að bera um það sem vitni í málinu 432

Eignarréttur.

Fyrirsvarsmenn hlutafélags voru kærðir fyrir að nota vörumerki, sem færi í bága við ákvæði laga nr. 32/1933 um tilbúning og verzlun með smjörlíki og laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum. Hinir kærðu færðu sér til varnar, að vörumerkið hefði verið skrásett fyrir gildistöku téðra laga og, ef meina ætti þeim notkun vörumerkisins, væru þeir sviptir eign sinni, en það gæti

Bls.

ekki orðið, nema gegn fullum bótum samkvæmt 63. gr. stjórnarskrárinnar. Þar sem nú nefnd lög hefðu ekki fyrirmæli um slíkar bætur, gætu þau ekki tekið til vörumerkis þeirra. Þessum varnarástæðum var hrundið. Sagt, að einkaréttur sá, sem hlutafélagið við skrásetninguna öðlaðist til vörumerkisins, girti ekki fyrir það, að löggjafarvaldið setji almennar reglur um verzlunarhætti og heiti varnings eða breyti með lögum því ástandi, sem var, þegar einkarétturinn var veittur. Vörumerkjaréttur sé háður hinni almennu löggjöf eins og hún er á hverjum tíma 790

Talið, að til þess að sagt verði, að maður eigi tiltekna eign á ákveðnum stað, verði sú eign að vera staðbundin með einhverjum hætti. Sumum eignum sé svo farið, að þær séu eigi þannig staðbundnar. Um kröfuréttindi, þ. e. heimild manns til að heimta fjárgreiðslu af öðrum manni, verði það þannig ekki sagt, að kröfuhafi eigi þá eign á tilteknum stað, og gildi það jafnt, hvort sem krafan sé bréfuð eða óbréfuð 485

Eignaupptaka. Sjá refsingar.

Einfalt fangelsi. Sjá refsingar.

Embættis- og sýslunarmenn.

Sbr. dómarar, efnarannsóknarstofa ríkisins, endurskoðendur, lögregla, lögreglustjórar, málflutningsmenn, mat og skoðun, opinber mál, skattar og gjöld.

Innheimtumaður Lands- og bæjarsímastöðvarinnar í Reykjavík talinn opinber sýslunarmaður og þessvegna dæmdur fyrir sjóðþurrð eftir 136. gr. 1. mgr., sbr. 145. gr. sbr. einnig 34. gr. 1. mgr. hinna almennu hegningarlaga 522

Dómsmálaráðherra talinn hafa haft réttmæta ástæðu til að víkja yfirlækni við Nýja spítalann á Kleppi frá stöðu sinni án þess að yfirlæknum gæti borið neinar bætur fyrir það, með því hann þótti sökum drykkjuskapar vera ófær til að gegna téðu starfi 639

Bankafulltrúi í Landsbanka Íslands talinn opinber sýsl-

Bls.

unarmaður og dæmdur til refsingar eftir 134. gr., sbr. 145. gr. hinna almennnu hegningarlaga, fyrir rangar færslur í bókum Landsbankans, sem hann hafði framkvæmt til að leyna fjárdrætti sínum ... 721

Maður dæmdur til refsingar eftir 102. gr. hegningarlaganna fyrir árás á lögreglustjóra 180

Maður dæmdur til refsingar eftir 101. gr. hegningarlaganna og 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur fyrir að leitast til með ofbeldi að tálma lögregluþjóni í starfi sínu 1072

Embættistakmörk yfirvalda.

Bæjarstjórn Ísafjarðar taldi sig hafa einkarétt til uppskipunar við bæjarbryggju téðs kaupstaðar, en leyfði mönnum að annast sjálfum uppskipun vara gegn sérstöku gjaldi, sem koma átti í stað þess hagnaðar, er hafnarsjóður annars hefði haft af uppskipun varanna. Talið, að um umráð og afnot bryggjunnar færi eftir hafnarlögum Ísafjarðar nr. 34 frá 1922 og í þeim væri ekki að finna heimild til slíkra takmarkana á afnotum bryggjunnar, en um opinberar eignir eins og bryggju þessa yrði að teljast gilda sú almenna regla, að þær séu frjálsar almenningi til afnota með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lög þau, sem um þær eru sett, og ákvæði, sett samkvæmt þeim lögum, hafa að geyma. Maður, sem bæjarstjórnin sótti til greiðslu bryggjugjaldsins, var þessvegna sýknaður 363

Sagt, að reglan í 24. gr. laga nr. 46 frá 1926 um útsvör, sú, að dómstólarnir eigi ekki úrskurðarvald um upphæð útsvara, taki ekki til annars en úrskurðar um útsvarsfjárhæð af löglegum útsvarsstofni. Úrskurður fógeta um að lögtak fyrir útsvari, sem að nokkru var lagt á ólöglegan útsvarsstofn, skyldi fram fara, var þess vegna felldur úr gildi 485

Greiðsluskylda dvalarsveitar annars hjóna til þess eftir 60. gr. laga nr. 39 frá 1921, sbr. lög nr. 15 frá 1927, sögð vera þeim takmörkunum háð, að viðkomandi stjórnarvald meti þörfina hverju sinni, þó þannig, að greiðsla fari ekki fram úr því, sem aðili mundi fá eftir reglunum um framlag fátækrastyrks, ef því

Bls.

væri að skipta, og heldur ekki hærri fúlgu en í skilnaðarskilmálum eða staðfestum samningi milli hjóna segir 970

Sagt, að ráðherra geti ekki, svo gilt sé, ráðið starfsmenn í þjónustu ríkisins með þeim kjörum, að starfsmennirnir, þótt þeim sé vikið frá starfi sínu fyrir réttmætar orsakir, eigi eftir sem áður rétt til launagreiðslu úr ríkissjóði 639

Embættisvottorð. Sjá mat og skoðun.

Endurgreiðsla. Sbr. leiga.

A taldi sig heimilisfastan í Seltjarnarneshreppi og greiddi þar útsvar. Eftir að hæstaréttardómur hafði gengið um, að hann ætti að lögum heimilisfang í Reykjavík og væri þar útsvarsskyldur, krafði hann Seltj.hrepp um endurgreiðslu útsvarsins. Hæstiréttur tók þessa kröfu til greina, enda þótt A hefði á sínum tíma greitt útsvarið fyrirvaralaust 380

Talið, að um innflutning og álagning á hin svonefndu spánarvín hefði farið fyrst eftir lögum nr. 62 frá 1921 og síðar eftir lögum 69 frá 1928 og að ríkisstjórnin hefði haft, samkvæmt 11. gr. hvorra tveggja téðra laga, heimild til að ákveða smásöluverð spánarvínanna. Krafa um endurgreiðslu á þeirri fjárhæð, sem áfengisverzlunin hafði, um ákveðið tímabil, lagt fram yfir 75% á vín þau, sem hún seldi einum af viðskiptamönnum sínum í smásölu, ekki tekin til greina, þar eð heldur ekki var talið unnt að fullyrða, að reglugerðarákvæði hefði bundið hámark verðframfærslunnar við 75% 728

Dómsmálaráðherra veitti A árið 1928 leyfi til sölu spánarvína á veitingahúsi sínu með þeim skilyrðum, að forráðamenn áfengisverzlunar ríkisins ákvæðu útsöluverð vínanna og A fengi 10% af því. A ekki talinn eiga endurgreiðslurétt til þeirrar fjárhæðar, sem hann á því tímabili, sem hann hafði vínsöluleyfið, hafði greitt áfengisverzlunni fram yfir þá hámarksálagningu, er lög leyfðu á vínin í heildsölu, þar eð ekki varð litið svo á, að það hafði verið veruleg forsenda af hans hálfu að hámarks-

Bls.

álagningunni væri nákvæmlega fylgt, svo framarlega sem álagningin yrði ekki það há, að hún drægi úr sölunni, en A byggði ekki kröfur sínar á tapi af þessari síðastnefndu ástæðu 1024
Maður, sem greitt hafði með fyrirvara innflutningsgjald af hinum svonefnda bitra kakao»massa« eða kakaodeigi talinn hafa rétt til að krefja ríkissjóð um endurgreiðslu á téðu gjaldi, með því að heimild brast til að krefjast aðflutningsgjalds af greindri vöru 411

Endurheimta. Sjá endurgreiðsla.

Endurskoðendur.

Löggiltum endurskoðanda falið að rannsaka bókhald veðdeildar Landsbanka Íslands til að komast að raun um, hversu stórri fjárhæð fjárdráttur eins bankafulltrúans næmi 721
Löggiltur endurskoðandi rannsakar og segir álit sitt um reikninga féhirðis bankaútibús, er sakaður var um sjóðþurrð 892
Löggiltur endurskoðandi rannsakar og segir álit sitt um bókhald gjaldþrota manns 126
Löggiltur endurskoðandi rannsakar og gefur skýrslu um álagning áfengisverzlunar ríkisins á hin svonefndu spánarvín 728

Erlendar þjóðir. Sjá útlendar þjóðir.

Eyðilegging fjármuna.

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 298. gr. hegningarlaganna fyrir að brjóta rúður í húsi í ölæði. 952

Fangelsi. Sjá refsingar.

Fasteignagjald.

Fasteignagjald samkvæmt 2. gr. b-lið laga nr. 36 frá 1924 um bæjargjöld í Reykjavík talið eiga að reiknast af lóðum ásamt mannvirkjum þeim, sem á þeim eru 936

Bls.

Fátækrastyrkur. Sjá meðlag.

Félagsskapur. Sbr. hlutafélög, samvinnufélög.

Þrír menn, sem tekið höfðu að sér með verksamningi að byggja hús, sækja mál saman útaf verksamningnum 217

Bifreiðarstjóri höfðaði mál gegn A og B sem eigendum bifreiðarstöðvar til greiðslu vinnulauna. Héraðsdómarinn taldi, að hæstaréttarmálflutningsmaðurinn C, sem kvaðst flytja málið fyrir báða hina stefndu, hefði ekki, eftir því, sem fyrir lá, umboð til að flytja málið fyrir B. Var málið þessvegna dæmt að því, er varðaði B, eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Sú varnarástæða C, að B hefði verið genginn úr félagsskapnum á þeim tíma, er hin umstefnda krafa hefði átt að verða til, ekki tekin til greina gegn mótmælum stefnanda. Voru A og B dæmdir in solidum til greiðslu í héraði. A áfrýjaði til breytinga og fékk hina dæmdu fjárhæð lækkaða 83, 88

Bifreiðarstjóranum A, sem var meðlimur í félagsskapnum »Vörubílastöðin í Reykjavík«, var vikið úr nefndum félagsskap. Talið var, að til þessa hefðu ekki verið lögmætar ástæður og voru stjórnendur stöðvarinnar dæmdir til þess að viðlögðum dagsektum að viðurkenna A löglegan meðlim í stöðinni og afhenda honum félagsmerki. Auk þess voru stjórnendurnir f. h. stöðvarinnar dæmdir til að greiða A skaðabætur fyrir það atvinnutjón, sem hann hafði beðið við brottvikninguna 1031

Firma. Sjá hlutafélög, samvinnufélög.

Fiskveiðalög.

Togaraskipstjóri sakfelldur fyrir ólöglegar fiskveiðar í landhelgi 200, 96, 182, 536, 762, 797, 529

Togaraskipstjóri sýknaður af kæru um ólöglegar fiskveiðar í landhelgi 298

Togaraskipstjóri sakfelldur fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra í landhelgi 551

Bls.

Togaraskipstjóri dæmdur til fangelsisrefsingar fyrir ítrekað brot gegn lögum nr. 5 frá 1920 797

A, formaður í Keflavík, undirgekkst 1. nóv. 1931 að greiða kr. 500,00 í hreppssjóð Gerðahrepps til að losna undan refsiábyrgð samkvæmt reglugjörð nr. 57 frá 1923 vegna veiða með dragnót undan Gerðahreppi og gegn því, að landhelgin yrði opnuð fyrir dragnótaveiðum frá Keflavíkurhreppi og að miði Varaósvitanna saman, enda væri leyfilegt að liggja með dragnót á greindri línu og kasta til norðurs. Síðar var A dæmdur til að greiða téða fjárhæð, þar eð atvinnumálaráðherra gaf út reglugerð, sem leyfði, að landhelgin yrði opnuð fyrir dragnótaveiðar frá 15. okt. til 30. nóv. nefnt ár, en, eins og málum var háttað, gat A ekki vænzt þess, að landhelgin yrði opnuð lengur. Í reglugjörðinni, sem leyfði dragnótaveiðar á nefndu svæði, var ekki vikið að því, að bátar mættu liggja á takmarkalínunni og kasta til norðurs, en gildi skuldbindingar A ekki talið geta oltið á þessu, enda ekki talið líklegt, að um það hefði verið fengizt, þótt veitt hefði verið á téðan hátt 1001

Fjármál hjóna. Sjá hjónaband.

Fjárnám. Sbr. lögtak.

Fjárnám, sem fógeti hafði gert í húseign fyrir dómskuld á hendur A, fellt úr gildi í hæstarétti, með því húseignin var talin séreign konu A. Voru þessi málalok byggð á því, að þriðji maður, sem lagt hafði fram fé til að kaupa téð hús, ætlaðist til að konan nyti húseignarinnar án þess að lánardrottnar manns hennar gætu gengið að henni 122

Fjárnámsgjörðir í eignum firma staðfestar í hæstarétti 1, 3, 6, 8, 10, 13, 15, 18, 20

Fógeti skyldaði A með úrskurði, uppkveðnum 21. des. 1928, til að afhenda skjöl og skilríki, sem væru í vörzlum hans (A), tilheyrandi hlutafélagi nokkru, að viðlögðum kr. 50,00 dagsektum. Við innsetningargjörð, sem fram fór hjá A um 3 árum síðar, eða

Bls.

2. nóv. 1931, fundust téð plögg í vörzlum hans. Kröfðust nú forráðamenn hlutafélagsins fjárnáms hjá A fyrir dagsektunum, sem taldar voru þá að nema kr. 52000,00, og úrskurðaði fógeti hinn 4. nóv. 1931, að fjárnámið skyldi fram fara. Úrskurðinum frá 4. nóv. 1931 var skotið til hæstaréttar. Talið, að fógeta hefði brostið vald til að þvinga A með dagsektum til að afhenda plöggin og úrskurðurinn frá frá 21. des. 1928, sem ekki var áfrýjað, þessvegna verið lögleysa og ekki fjárnámsgrundvöllur. Var fjárnámið því fellt úr gildi 165

Fjárnám ómerkt sökum ólöglegrar málasamsteypu ... 214

A sótti B til greiðslu seldra skulda. B var sýknaður, sakir þess að upplýst var, að krafa A á hendur B hafði verið tekin fjárnámi hjá A af C 473

Fjárnám, framkvæmt í fasteign samkvæmt handhafaveðskuldabréfi, fellt úr gildi, af þeim sökum að ekki var talið að frestskilyrðum 15. gr. laga nr. 29 frá 1885 væri fullnægt 491

Fjárnám fellt úr gildi í hæstarétti ex officio, með því að veðskuldabréfi því, sem fógetinn hafði talið fjárnámsheimildina felast í, hafði ekki verið þinglýst 555

A, sem var prófessor við háskólann, átti sumarbústað að Árnesi í Þingvallasveit og jörðina Úlfljótsvatn í Grímsnesi. Fógetaréttur var settur í sumarbústaðnum 2. mai 1933 og var þá gert fjárnám í jörðinni Úlfljótsvatni fyrir dómskuld á hendur A. Hann áfrýjaði og krafðist ómerkingar á fjárnáminu og færði fram þær ástæður, *að* gjörðin hefði ekki verið byrjuð að heimili hans Úlfljótsvatni, *að* fjárnámið hefði verið framkvæmt í fasteign í annari þinghá, *að* honum hefði verið meinað að benda á eignir til fjárnáms og *að* virðing fógetaréttarvottanna hefði verið af handahófi m. m. Með því að A hafði ekki verið skráður á manntal í Reykjavík 1932 heldur skrifað sig til heimilis að Árnesi til fardaga 1933, þá var talið heimilt að byrja fjárnámið þar. Ennfremur sagt, að þar sem því hefði ómótmælt verið haldið fram, að A hefði verið aðvaraður um fjárnámið, þá hefði hann með því að láta ekki mæta við fjárnámið fyrirgert rétti sínum

Bls.

að benda á eignir til fjárnáms. Loks þótti sá ágalli, að fjárnámið var ekki byrjað á Úlfljótsvatni, ekki eiga að valda ómerkingu þess, þar sem ekkert kom fram, sem gerði virðing fógetavottanna á téðri jörð tortryggilega 607
Fjárnámsgjörð áfrýjað til staðfestingar 690
Talið, að skilyrðum 15. gr. laga nr. 29 frá 1885 verði að fullnægja skilyrðislaust, til þess að fjárnám megi gjöra eftir henni. Fjárnám í húsi, sem veðsett hafði verið samkvæmt téðu lagaboði, fellt þessvegna úr gildi, með því að óvissa ríkti um það, hver eða hvort nokkur lóðarréttindi fylgdu húsinu 1007
Fjárnám staðfest í hæstarétti, með því að dómurinn, sem það byggðist á, var staðfestur 336, 824

Fjársvik. Sjá sviksamlegt athæfi.

Fógetagjörðir. Sjá fjárnám, kyrrsetning, lögtak, útburðargjörðir.

Foreldrar og börn. Sjá meðlag.

Forsendur. Sbr. endurgreiðsla, kaup og sala, samningar, sönnun, verksamningar, vinnusamningar.
Gert ráð fyrir því, að maður, sem lofað hefir að kaupa eða keypt hefir hlutabréf í hlutafélagi, geti ekki rift kaupunum vegna þess, að sú forsenda hans, að félaginu sé fjárhagslega vel borgið, reynist röng 501

Framboð. Sjá tilboð.

Framsal kröfuréttinda.
Tíu skipverjar á einu af varðskipum ríkisins, sem töldu að sér hefði verið sagt upp starfi með of skömmum uppsagnarfresti, framseldu sjómannafélagi Reykjavíkur kröfur sínar, og sótti síðan nefnt félag skipaútgerð ríkisins í einu og sama máli til greiðslu allra krafnanna 710
Tveir málfærslumenn fá hjá kaupanda bifreiðar framselda skaðabótakröfu hans á hendur seljanda

Bls.

hennar vegna ólögmætrar innsetningargjörðar, sem fógeti eftir kröfu seljandans framkvæmdi, en hæstiréttur síðar felldi úr gildi 925

Í vátryggingarskilmálum fyrir bifreið var bannað að selja eða veðsetja öðrum réttindi þau, sem vátryggingarskirteinið veitti án samþykkis vátryggingarsala. Sagt, að þetta ákvæði væri ekki til fyrirstöðu framsali á kröfu til vátryggingarfjár fyrir tjón, sem þegar er orðið 105

Frávísun. Sbr. ómerking.

a. Frá héraðsdómi.

Kröfu, sem mál var rekið útaf fyrir sjórétti, var lýst í þrotabú, og kvað skiptaráðandi upp úrskurð um, að krafan skyldi ekki tekin til greina. Þessum úrskurði var áfrýjað, og var hann ómerktur í hæstarétti, en málinu þó ekki vísað frá skiptaréttinum, með því að gera mátti ráð fyrir, að dómkrafa um sama efni kæmi fyrir skiptaréttinn á sínum tíma. 205

Prófessor í lögum við háskóla Íslands, sem mál var rekið gegn fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, krafðist frávísunar málsins, þar eð varnarþing hans væri austur í Árnessýslu. Þessi krafa var ekki talin á rökum byggð, með því að téður prófessor varð að búa í Reykjavík 8–9 mánuði á ári vegna starfa síns, hafði þar íbúð á leigu og var tekinn þar á-samt fjölskyldu sinni á manntal 30, 681, 686

A, sem vann á bifreiðastöð, var hinn 1. des. 1931 sagt upp starfi sínu fyrirvaralaust. Hann höfðaði mál gegn bifreiðastöðinni og krafðist í sáttakæru kaups um tímabilið frá 1. okt. 1931 til loka þess árs, en í stefnu frá 1. des. 1931 til loka febrúar 1932. Þar sem sáttanefndarmenn vottuðu, að leitað hefði verið sátta um kröfu þá, sem í stefnunni greindi, og umboðsmaður stefnda við sáttaumleitanina hreyfði engum mótmælum gegn því, þótti ekki á-stæða til frávísunar málsins ex officio 432

Í máli, sem þrotabú höfðaði til riftunar kaupmála hjóna, samkvæmt 27. gr. laga nr. 25 frá 1929 um gjaldþrotaskipti, var af hálfu stefnda krafizt frávísunar málsins með þeim rökum, að málið hefði

Bls.

hvorki verið höfðað nægilega tímanlega né rekið með hæfilegum hraða, svo sem fyrir er mælt í 30. gr. greindra laga. Talið, að krafa þessi væri ekki á rökum byggð 560

Gert var lögtak hjá A til fullnustu útsvarskröfu. Hann höfðaði mál í héraði um lögmæti gerðarinnar samkvæmt 12. gr. laga nr. 29 frá 1885. Málinu frávísað, með því að það var of seint höfðað samkvæmt téðri lagagrein 692

Kröfu um skaðabætur á hendur manni, sem hafði gert sig sekan um nytjastuld á bifreið, fyrir skemmdir á bifreiðinni, vísað frá dómi, með því að allar upplýsingar vantaði um, hversu mikilli fjárhæð skemmdirnar námu 963

b. Frávísun frá hæstarétti.

A áfrýjar uppboðsgerð til hæstaréttar, en henni er þar vísað frá dómi. Síðan skýtur A uppboðsgerðinni að nýju til hæstaréttar samkvæmt 27. gr. laga nr. 22 frá 1919 um hæstarétt 415

A var stefnt fyrir hæstarétt. Á stefnuna var ritað, að hún væri A löglega birt og nafnritun hans undir, en hvorki stefnuvottar né notarius publicus höfðu vottað, að stefndur hefði undirritað greinda yfirlýsingu. Með því að stefndur mætti ekki, var málinu vísað frá dómi ex officio 694

Máli var vísað frá hæstarétti, með því að ágrip dómsgerða hafði eigi verið lagt fram, en stefndur mótmælti fresti, sem áfrýjandi beiddist, þegar málið var þingfest 295

Áfrýjanda neitað um frest vegna mótmæla stefnda og málinu vísað frá hæstarétti. 360, 420, 421, 422, 423, 424, 425, 426, 427, 428, 590, 592, 820, 889, 890, 891

Máli hafði verið áfrýjað sem aðalsök og gagnsök, en var, bæði aðalsök og gagnsök, vísað frá hæstarétti, með því að hvorugur málsaðilja hafði lagt fram ágrip dómsgerða og þeir neituðu hvor öðrum um frest 420

Frelsisröskun.

Maður dæmdur samkvæmt 212. gr. hegningarlaganna

Bls.

fyrir að veitast að kvenmanni, skella henni niður í götu og leggjast þar ofan á hana 48

Frestir.

Áfrýjanda var veittur nokkur frestur, þó ekki eins langur og hann krafðist, gegn mótmælum stefnda, með því að áfrýjandi kvaðst þurfa að ferðast til Kaupmannahafnar vegna væntanlegrar sáttar í málinu 29

Áfrýjanda synjað um frest vegna mótmæla stefnda og málinu vísað frá hæstarétti 360, 420, 421, 422, 423, 424, 425, 426, 427, 428, 590, 592, 820, 889, 890, 891

Máli áfrýjað sem aðalsök og gagnsök. Málinu í heild frávísað frá hæstarétti, með því að hvorugur aðilja hafði lagt fram ágrip dómsgerða og þeir neituðu hvor öðrum um frest 420

Áfrýjanda veittur frestur til sóknar máls í hæstarétti, eftir að frávísunarkröfu stefnda hafði verið hrundið 591, 595

Áfrýjanda synjað um þann frest, sem hann krafðist aðallega, en veittur sá frestur, sem hann krafðist til vara, enda samþykkti stefndi þann frest 593

Frestur veittur samkvæmt 41. gr. hæstaréttarlaganna til að sameina málið öðru hæstaréttarmáli 594

Stefnda synjað um þann frest, sem hann krafðist aðallega, en veittur sá frestur, sem hann krafðist til vara, enda samþykkti áfrýjandi þann frest..... 667

Áfrýjanda synjað um frest gegn mótmælum stefnda, með því að opinber réttarrannsókn, sem áfrýjandi hafði krafizt í málinu, var ekki talin geta haft þýðingu um gildi dómsathafna þeirra, sem áfrýjað var 709

A, sem af C hafði fengið framselt veðskuldahréf með veði í fasteign B, taldi skuldina alla fallna í gjalddaga vegna vanskila. Féllst fógetinn á þetta og framkvæmdi fjárnám í eiginni. A áfrýjaði fjárnáminu til staðfestingar, en B gagnáfrýjaði til breytinga og krafðist og fékk frest til að leiða vitni um, hvort A hefði verið kunnugt um, að C hefði fyrir framsalið veitt honum (B) gjaldfrest 846

Eftir að hæstaréttarmálflutningsmennirnir höfðu hald-

Bls.

ið frumræður sínar í máli einu í hæstarétti, óskaði umboðsmaður áfrýjanda frests til næsta dags til að upplýsa málsatriði. Með því að umboðsmaður stefnda mótmælti frestinum og áfrýjandi hafði haft yfrið nægan tíma til að afla upplýsinganna, var synjað um frestinn 1000

Verjanda tveggja ákærðra í sakamáli veittur með úrskurði frestur til að semja vörn í málinu 52

Stefndur í héraði óskaði framhaldsfrests til að leiða vitni, en stefndandi mótmælti frestinum. Lögðu aðiljarnir ágreininginn undir úrskurð eða málið í dóm, ef synjað yrði um frestinn 1017

Fyrirvari. Sjá viðskiptatilkynningar.

Fyrning kröfuréttinda.

A, sem var í þjónustu verzlunarinnar B árin 1920—1923, var í árslok 1923 talinn í bókum verzlunarinnar skulda henni fjárhæð nokkra. A gekk aftur í þjónustu B um áramótin 1928—1929. Fyrningarfrestur á áðurnefndri skuld var þá liðinn og þar sem B tókst ekki að sanna, að A hefði viðurkennt skuldina með mótmælalausri viðtöku á reikningum eða á annan hátt, var A sýknaður af kröfum B um greiðslu 943

Gagnsakir. Sjá málasamsteypa.

Gallar á seldum hlut. Sjá kaup og sala.

Gengi.

Lögð til grundvallar í máli umsögn Verzlunarráðs Íslands, þess efnis, að seljandi vöru beri ábyrgð á gengisfalli þar til skuld er gjaldkræf, ef aðeins er selt í sterlingspundum án þess að nánar sé tekið fram um gengi þess gagnvart gulli eða öðrum mynttegundum 387

Firma tókst á hendur að selja fyrir banka síldarafurðir og seldi þær gegn sterlingspundum. Taldi firmað sér síðan heimilt að greiða £ með kaupgengi banka. Rétturinn taldi firmanu skylt að greiða £ með skráðu sölugengi 611

Bls.

Gjafsókn, gjafvörn.

Gjafsóknarmál eða gjafvarnarmál .. 147, 196, 205, 289, 457, 555, 1020, 1031

Skipuðum talsmanni í hæstarétti í gjafsóknarmáli eigi dæmd málflutningslaun, með því að hann hafði eigi krafizt þeirra 1020

Gjalddagi.

Talið, að gjalddagi handhafaveðskuldabréfs, í þeirri merkingu, sem það orð er notað í 15. gr„ laga nr. 29 frá 1885, sé, eftir að bréfið er gjaldkræft, fyrst kominn þann dag, sem handhafi bréfsins skorar á skuldunaut að greiða 491

A, sem hafði atvinnu af því að byggja hús og selja, fékk lánað byggingarefni hjá firma, og var svo um samið, að það skyldi greitt, þegar húsið væri selt. Álitið, að, þrátt fyrir þetta orðalag, yrði að telja gjalddaga úttektarinnar kominn a. m. k. hæfilegum tíma eftir að byggingu hússins var lokið, þar sem ekki varð talið, að tilætlun aðiljanna hefði verið, að skuldin stæði inni hjá A ótakmarkaðan tíma vaxtalaus, enda hafði firmað lánað A byggingarefni til þriggja annarra húsa og fengið andvirðið greitt, þegar hvert einstakt hús var komið upp 702

Veðskuldabréf talið allt fallið í gjalddaga samkvæmt ákvæðum bréfsins, með því að afborganir voru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga 770

Gjaldþrotaskipti.

a. Upphaf gjaldþrotaskipta.

A hafði staðið í föstu viðskiptasambandi við firma árin 1925—1932, og var kominn í háa skuld við það samkvæmt reikningum þess. Firmað krafðist gjaldþrotaskipta á búi A og hélt því ómótmælt fram, að A hefði árlega verið sendur viðskiptareikningur og hefði A ekki mótmælt honum fyrr en í skiptaréttinum. Með því að sannað var með árangurslausri kyrrsetningu og uppskrift búsins, að A átti ekki óveðsettar eignir fyrir skuld firmans, var úrskurður fógetans um, að bú hans skyldi tekið til gjaldþrotaskipta, staðfestur 543

Bls.

b. Riftun ráðstafana.

Með kaupmála, tilkynntum til kaupmálabókar hinn 3. sept. 1927, ákváðu hjónin A og B, að tilgreind húseign þeirra með öllu múr- og naglföstu, lóð og mannvirkjum, skyldi vera séreign konunnar B og félagsbúi hjónanna óviðkomandi. Sama skyldi gilda um alla innanstokksmuni, sem þau áttu, er kaupmálinn var gerður, eða síðar kynnu að eignast. Í nóv. 1930 framseldi A bú sitt til gjaldþrotaskipta, og var greindum eignum til að byrja með haldið utan við gjaldþrotaskiptin. Búið höfðaði síðan mál á hendur B til riftunar kaupmálanum og fékk þá kröfu sína tekna til greina, með því að B þótti ekki hafa tekizt að sanna, að A hefði átt nægilegt fé fyrir skuldum, þegar kaupmálinn var gerður, sbr. 27. gr. laga nr. 25 frá 1929 um gjaldþrotaskipti. Með veðbréfi, dags. 23. des. 1927, veðsetti B Útvegsbanka Íslands h/f téða húseign. Í riftunarmálinu stefndi þrotabúið bankanum einnig til riftunar veðsetningarinnar samkvæmt 28. gr. gjaldþrotalaganna. Ekki var talið, að af hálfu þrotabúsins hefði verið færð fram sönnun fyrir réttmæti þessarar kröfu 560

c. Refsiverðar athafnir í sambandi við gjaldþrot.

Sjá einnig sviksamlegt atferli.

Maður dæmdur eftir 263. gr. hegningarlaganna fyrir að greiða einum af skuldheimtumönnum sínum skuld, eftir að hann hlaut að sjá fyrir yfirvofandi gjaldþrot sitt 126

Sami maður sýknaður af ákæru fyrir að hafa veðsett fyrir skuldum sínum veðdeildarbréf annars manns, sem ákærður hafði í vörzlum sínum, með því að varhugavert þótti að staðhæfa, að ákærði hefði veðsett bréfið með þeim ásetningi, að auðga sig á kostnað eiganda bréfsins 126

Sami maður sýknaður af ákæru eftir 262. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa eytt vörum, er hann sem umboðsmaður firma hafði í vörzlum sínum, en ekki var dæmt um, hvort skuldastofnun þessi var refsiverð gagnvart firmanu, þar sem engin refsi-

Bls.

krafa var gerð af hendi þess. Einnig var hann sýknaður af ákæru fyrir að hafa næstu árin fyrir gjaldþrotið bókfært fasteignir sínar með mun hærra verði en hann hafði áður gert. Loks var hann sýknaður af ákæru fyrir að hafa fært húseign, sem með kaupmála hafði verið gerð að séreign konu hans, á efnahagsreikningi sínum 126

Annar maður sýknaður af ákæru fyrir ætlaða hlutdeild í síðastnefndu verki 126

Kona dæmd eftir 262. gr. hegningarlaganna fyrir að farga eignum sínum eftir að hún sá fyrir yfirvofandi gjaldþrot, svo og fyrir óreiðu í bókhaldi eftir 2. málsgr. 264. gr. sömu laga 236

Manni, sem stóð fyrir verzlun áðurnefndrar konu, refsað eftir 262. gr., sbr. 48. og 2. málsgr. 264. gr., sbr. 48. gr. hegningarlaganna 236

A og B svipt rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki, A æfilangt og B í tvö ár frá birting dómsins samkvæmt 8. gr. laga nr. 25 frá 1929 236

Greiðsludráttur. Sbr. viðtökudráttur.

A gerði samning við erlent firma um kaup á 175 fiskilínum, og átti greiðslan fyrir þær að vera bankatryggð. Þegar til kom, neitaði firmað að senda vöruna fyrr en A stæði skil á fjárhæð, sem hann skuldaði firmanu vegna umboðssöluvara, sem hann hafði fengið hjá firmanu. Síðar bar firmað einnig fyrir sig, að því hefði ekki borið skylda til að senda vöruna fyrr en bankatryggingin væri í lagi. Talið, að um greiðsludrátt af hálfu firmans hefði ekki verið að ræða, og var það þess vegna sýknað af skaðabótakröfu A 387

Veðskuldabréf talið allt fallið í gjalddaga, með því að afborganir af því voru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga 770

Gæzluvarðhald. Sbr. málskostnaður, opinber mál.

A var dæmdur til refsingar eftir 2. málsgr. 13. gr. laga nr. 64 frá 1930, en með því að honum hafði verið haldið í gæzluvarðhaldi í 12 daga, án þess hann

Bls.

með framkomu sinni hefði við rannsókn málsins gefið tilefni til þess, þótti mega ákveða samkvæmt lögjöfnun frá 59. gr. hegningarlaganna, að gæzluvarðhald kærða kæmi í stað refsingar þeirrar, sem hann hafði unnið til 1049

Vitt, að héraðsdómari hefði haldið sakborningi að þarflausu í gæzluvarðhaldi í 6 daga 963

Refsing bankafulltrúa, sem gert hafði sig sekan um fjársvik og rangar færslur í bækur bankans, var af héraðsdómaranum metin með hliðsjón af því, hversu lengi hann hafði setið í gæzluvarðhaldi. Hæstiréttur þyngdi refsinguna án þess að minnast sérstaklega á gæzluvarðhaldsvistina 721

Hafning máls. Sbr. ómaksbætur.

Mál hafið 989

Haldsréttur.

Krafa um greiðslu fyrir viðgerð á bifreið talin tryggð með haldsrétti í bifreiðinni. Eigandi bifreiðarinnar hafði að vísu ekki beðið um viðgerðina, heldur nafngreindur bílstjóri, en eigandinn, sem var viðstaddur, þegar bifreiðin var sótt til viðgerðar, lét það afskiptalaust og afhenti viðgerðarmanni jafnframt rafgeymi, sem hann bað um að yrði hlaðinn og settur í bifreiðina 514

Heimvísun. Sjá ómerking.

Hjákvæmileg lög.

Sagt, að forstjóra skipaútgerðar ríkisins og skipverjum á varðskipi væri heimilt að afsala sér í ráðningarsamningi skipverja þeim þriggja mánaða uppsagnarfresti, sem ákveðinn er í 4. gr. laga nr. 63 frá 1928 710

Hjónaband. Sbr. meðlag.

A lagði fram fjárhæð til að hjálpa giftri konu til að eignast hús yfir höfuðið. Hann ætlaðist til, að konan nyti hússins án þess að lánardrottnar manns

Bls.

hennar gætu gengið að því. Talið, að húsið væri af nefndum ástæðum séreign konunnar samkvæmt 18. gr. laga nr. 3 frá 1900, sbr. nú 2. tölulið 23. gr. laga nr. 20 frá 1923 122

Sagt, að málskostnaður, sem konu var dæmdur, skyldi vera séreign hennar 122

Hjónin A og B, sem gengu að eigast 1912, gerðu með sér kaupmála 8. ágúst 1922. Því var ómótmælt haldið fram, að kaupmálinn hefði verið þinglesinn, en hins vegar hafði hann ekki hlotið konunglega staðfestingu, sbr. 3. gr. laga nr. 3/1900. Ekki tekin afstaða til gildis kaupmála þessa 122

Með kaupmála hjónanna A og B, tilkynntum til kaupmálabókar 3. sept. 1927, var ákveðið, að tilgreind húseign ásamt öllum innanstokksmunum, sem þau áttu eða kynnu að eignast, skyldi vera séreign konunnar B. Í nóv. 1930 varð A gjaldþrota. Í riftunarmáli milli þrotabúsins og B var kaupmálinn felldur úr gildi, með því að B tókst ekki að sanna, að A hefði átt nægilegt fé fyrir skuldum, þegar kaupmálinn var gerður, sbr. 27. gr. laga nr. 25 frá 1929 560

Kveðið á um það, að löggerningur sá, sem kaupmáli milli hjóna hefir að geyma, fari fram þann dag, sem kaupmálinn er tilkynntur til kaupmálabókarinnar, sbr. 38. og 80. gr. laga nr. 20 frá 1923. Ennfremur sagt, að þrátt fyrir orðalag 27. gr. téðra laga, hvíli sönnunarbyrði þess, að þrotamaður hafi átt fyrir skuldum, þegar þargreindir gerningar fóru fram, á viðsemjanda þrotamanns 560

Sagt, að hvorki 28. gr. laga nr. 46/1926 né önnur ákvæði útsvarslaganna girði fyrir það, að beita enn þeirri aðferð, sem tíðkaðist áður en útsvarslögin komu í gildi, að leggja sameiginlegt útsvar á hjón, sem ekki hafa algert fjárfélag, en búa þó saman 601

Hlutafélög.

Sýslunefnd Kjósarsýslu samþykkti á fundi sínum 1931, að kaupa hlutabréf í Flugfélagi Íslands h/f. Var samþykktin birt í fundargerðum sýslunefndarinnar. Síðar komst félagið í fjárþrot og voru eignir þess teknar til meðferðar af skilanefnd. Á sýslufundi

Bls.

1932 lýsti oddviti yfir því, að hann hefði ekki »formlega« tilkynnt hlutafélaginu kaupin, en samt var hann og formaður hlutafélagsins sammála um, að þeir hefðu talast við um þau eftir sýslufundinn 1931. Hæstiréttur taldi samt ekki nægja sönnun fyrir því, að kaup hefðu farið fram 501

Sagt, að framkvæmdastjóri hlutafélags hefði ekki haft heimild til að veðsetja eignir þess til tryggingar skuldum annarra manna né heldur að stjórn þess hefði haft heimild til að samþykkja slíka veðsetningu 223

Hlutafélag, sem fékkst við útgerð, talið eiga heimilisfang í Reykjavík og útsvarsskylt þar, enda þótt skip þess væri skrásett í Hafnarfirði, með því að framkvæmdastjóri og a. m. k. meiri hluti stjórnar þess bjó í Reykjavík, félagið hafði þar skrifstofu sína og skipið var að mestu gert þaðan út umrætt útsvarsár og framan af gjaldárinu 344

Hlutdeild. Sbr. áfengislagabrot.

Þrír menn dæmdir fyrir verknað þann, sem lýst er í 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna, að því er tvo varðaði, sbr. 55. gr., og, að því er varðaði hinn þriðja, sbr. 48. gr. hegningarlaganna. Var refsingin ákveðin samkvæmt 7. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 51 frá 1928. Fjórði maðurinn, sem svaf í herbergi eins hinna þriggja, sem þátt tóku í þjófnaðinum, varð áskynja um, að stolnu vini var komið fyrir í herberginu. Héraðsdómarinn taldi hann hafa brotið 240. gr. hegningarlaganna með því að skýra lögreglunni ekki frá þessu og lét hann undirgangast sektagreiðslu. Hæstiréttur vítti dómarann fyrir þetta 23

Tveir menn dæmdir fyrir íkveikju eftir 1. mg. 283. gr. hegningarlaganna, sbr. 55. gr. sömu laga 35

Tveir menn dæmdir fyrir þjófnað, annar eftir 6. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna, en hinn eftir 6. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna 76

Maður og kona dæmd eftir ýmsum greinum 26. kap. hegningarlaganna og fyrir samverknað eða, að því er konuna varðaði, eftirfarandi hlutdeild í þeim brotum 236

Bls.

Maður dæmdur til refsingar eftir 262. gr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. sömu laga 440
Maður dæmdur fyrir hlutdeild í tilraun til innbrotsþjófnaðar eftir 7. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 46. og 48. gr. hegningarlaganna 784
Tveir menn dæmdir fyrir verknað þann, sem lýst er í 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna, cftir 6. sbr. 7. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 45. og 55. gr. hegningarlaganna 979
Maður dæmdur fyrir verknað þann, sem lýst er í 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna eftir 7. sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna 995

Húsleit. Sbr. eftirgrennslan afbrota.
Húsleit gerð til upplýsingar um bruggun áfengis 170, 187, 328, 348, 373, 468, 605, 625, 793, 855
Húsleit gerð í þjófnaðarmálum 23, 76, 757

Hylming.
B. brauzt ásamt tveimur mönnum öðrum um nótt inn í áfengisverzlun og stal þar víni. A, sem þessa nótt svaf í herbergi B, varð þess áskynja, að stolnu víni var komið fyrir í herberginu. Héraðsdómarinn taldi A hafa brotið 240. gr. hegningarlaganna með því að skýra lögreglunni ekki frá þessu og ákvað honum sektarhegningu. Sagt, að A með téðu afskiptaleysi hefði hvorki gerzt brotlegur við 240. gr. hegningarlaganna né aðrar réttarreglur, og var dómarinn víttur fyrir að ákveða A sektarhegninguna 23

Iðgjöld. Sjá einnig skaðabætur.
Sökunautur einn eða fleiri dæmdir til að greiða skaðabætur jafnframt refsingu í opinberu máli 23, 48, 76, 357, 522, 635, 721, 745, 777, 780, 892, 952, 995
Iðgjöld ekki dæmd í opinberu máli, með því að þeirra var ekki krafizt 35

Íkveikja. Sjá brenna.

Ill meðferð á skepnum. Sjá dýraverndun.

Bls.

Innsetningargerðir. Sbr. skaðabætur.

Dæmdar skaðabætur vegna ólögmætrar innsetningargerðar 925

Ítrekun.

Maður dæmdur fyrir ítrekaðan þjófnað 76, 874
Maður dæmdur fyrir ítrekað brot á áfengislöggjöfinni 348, 368, 373, 409, 605, 855, 967
Maður, sem áður hafði verið dæmdur fyrir hylming, dæmdur fyrir tilraun til innbrotsþjófnaðar í 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi óskilorðsbundið 784
Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ítrekaðar botnvörpuveiðar í landhelgi til sektar og fangelsis 797
Bifreiðarstjóri dæmdur til sektar og ævilangs missis ökuleyfis fyrir akstur undir áhrifum áfengis í annað sinn 463

Játning. Sbr. sönnun.

Þrír menn voru sannir að sök um að hafa brotist inn í hús áfengisverzlunarinnar á Ísafirði og stolið þaðan víni. Saknað var 95 fl. af fimm víntegundum, en sökunautar játuðu að hafa stolið 58 fl. Í opinberu máli á hendur sakborningum voru þeir einungis dæmdir til að greiða andvirði þeirra flaskna, sem þeir játuðu að hafa stolið og ekki voru greiddar eða skilað aftur. Við ákvörðun iðgjalda fyrir þær flöskur, sem ekki voru áður greiddar eða skilað, var lagt til grundvallar, að þær hefðu verið þeirrar tegundar, sem lægstu verði voru seldar eftir því sem til vannst 23
Enda þótt styrkleiki bruggaðs áfengis hefði ekki verið mældur, þótti mega gera ráð fyrir, að hann hefði verið yfir lögleyfðu marki, þar sem kærði kannaðist við að svo væri, og að hann hefði selt flöskuna af áfenginu á kr. 8,00 til 10,00 328
Maður dæmdur samkvæmt játningu sinni fyrir bruggun og sölu áfengis. Ekki sjáanlegt af dómnum, hvort styrkleiki áfengisins hafði verið mældur ... 409
A viðurkenndi að hafa lent í áflogum við B, kastað flösku í andlit honum (B) og haldið á búrhníf, er

Bls.

þeir flugust á, en þóttist hafa átt hendur sínar að verja, með því að B hefði fyrst tekið stól, og hafi hann (A) haldið, að B ætlaði að berja hann með stólnum. Vitni voru engin til frásagnar um sjálfa viðureignina. A var dæmdur eftir 205. sbr. 208. gr. hegningarlaganna til refsingar fyrir þá áverka, sem B hlaut í áflogunum 507

Sakborningur játar að hafa framið ýmsa þjófnaði 76, 874

Tveir menn játa á sig ýmsa þjófnaði 979

Maður, sem ók á lögreglubifreið og olli slysi, viðurkenndi, að árekstur hefði stafað af því, að hann hefði ekki tekið nógu vel eftir veginum framundan sér 618

Maður játar að hafa framið í ölvunarástandi rúðubrot á húsi 952

Veitingamaður játar að hafa veitt aðsvífandi gestum mat og öl eftir lögboðinn veitingatíma 881

A, sem ók bíl þannig að ökuslys hlauzt af, játaði, að hún hefði þrisvar sama kvöldið neytt áfengis, en neitaði að hafa fundið til áhrífa þess. Eitt vitnið bar, að það hefði séð, að A var hreyfari en venjulega eftir vínnautnina. A dæmd eftir 3. málsgr. 5. gr. bifreiðarlaganna og 20. gr. laga nr. 64/1930 67

A, sem ók bíl þannig, að ökuslys blauzt af, viðurkenndi, að hann hefði neytt víns við aksturinn, en neitaði að hafa fundið til áhrifa þess. Hann var dæmdur eftir 5. gr. bifreiðarlaganna og 20. gr. laga nr. 64/1930 618

A, sem fékkst við útgerð, tók fé að láni til útgerðarinnar hjá banka B. og veðsetti fisk, veiddan og óveiddan, til tryggingar láninu. Seinna seldi A firma einu fiskinn, en ráðstafaði ekki andvirðinu til veðhafa. Gekk nokkur hluti þess til lúkningar skuldum A við firmað. B höfðaði síðar mál f. h. þrotabús A, sem í millibilinu var orðinn gjaldþrota, gegn firmanu til riftingar samkvæmt gjaldþrotalögunum á skuldagreiðslum A til firmans árið 1930 og lagði þá til grundvallar reikninga firmans við A. Sagt,að í þessum athöfnum B fælist engin viðurkenning um það, að B ætti enga kröfu á hendur firmanu eftir almennum reglum útaf kaupum þess á veðsetta fiskinum 313

Bls.

Kaup og sala. Sbr. samningar, skuldir, skuldamál.
A, sem átti jörð í sveit og hóf búskap á henni, keypti af fyrv. leiguliða B hús þau, sem B átti á jörðinni, svo og búpening og búslóð alla. Í skuldabréfi, sem A gaf út fyrir meiri hluta kaupverðsins, var svo kveðið á, að B skyldi taka skuldabréfið eða eftirstöðvar þess með fullu nafnverði sem greiðslu, ef B eða einhver sona hans endurkeypti hið selda af A. B ekki talinn skyldur til þessa, þó að dóttir hans trúlofaðist og giftist syni A. Var A þessvegna dæmdur til að greiða eftirstöðvar kaupverðsins .. 30
A og B gerðu með sér samning þess efnis, að A seldi B 2000—2450 skpd. af sólþurkuðum línustórfiski og var svo ákveðið, að 50% fisksins skyldi ekki vera smærri en svo, að mest 32 fiskar færu í hvern 50 kg. pakka, en afgangurinn ekki minni en svo, að 40—50 fiskar færu í pakka. Verðið var tiltekið kr. 109,50 pr. skpd. af nr. I, en kr. 99,50 pr. skpd. af nr. II. stærri tegundinni og kr. 91,50 pr. skpd. af nr. II. minni tegundinni, allt að afhendast á höfnum norðanlands á tilteknum tíma. Í athugasemd í niðurlagi samningsins var sagt, að seljandinn A sé fús til að afhenda í næstu viku 2000 pk. af fiski (1600 pk. af 35 fiska pökkum og 400 pk. af 32 fiska pökkum). Verð fyrir fisk þennan var ákveðið í athugasemdinni kr. 108,00 pr. skpd. af nr. I. og kr. 98,00 pr. skpd. af nr. II. Talið að athugasemdin í niðurlagi samningsins fæli aðeins í sér undantekningu frá aðalákvæðum samningsins um afhendingartíma og um verð á þeim hluta fisksins, er athugasemdin varðaði, en ekki talið, að A hefði gegn mótmælum B sannað, að fiskurinn í 35 fiska pökkum ætti ekki að teljast með smærri fisktegundinni 58
Erlent firma neitaði að senda hérlendum manni A vörur, sem um var samið, að hann keypti af því, nema með því skilyrði, að ýmis eldri viðskipti aðiljanna yrðu áður gerð upp. Síðar bar firmað einnig fyrir sig, að það hefði ekki þurft að senda vöruna fyrr en umsamin bankatrygging væri í lagi. Eftir því hvernig viðskiptum aðiljanna var háttað, þótti þessi framkoma firmans réttmæt og

Bls.

var það sýknað af skaðabótakröfu A vegna afhendingardráttar. A hafði einnig pantað hjá sama firma vörur handa þriðja manni og fékk vörurnar afhentar með fyrirmælum um að láta þær ekki af hendi nema gegn staðgreiðslu eða bankatryggingu. A ráðstafaði síðan vörunum, en gerði firmanu ekki skil á andvirðinu. Hann var þessvegna dæmdur til að greiða firmanu vörurnar eftir reikningi þess 387

A, sem keypt hafði Kelvin-mótor af B, neitaði að greiða nokkurn hluta kaupverðsins, þar eð mótorinn gæti ekki brennt hráolíu, eins og tilskilið hefði verið. A var dæmdur til að greiða mótorinn að fullu, með því að gera varð ráð fyrir, að mótorinn hefði með vitund A verið steinolíumótor, sem þó gæti notað hráolíu, þegar hann gengi með fullum krafti, og A ekki talinn hafa hnekkt því, að hann hefði valið of lítinn dynamó í mótorinn til þess . 773

Kaupfélög. Sjá samvinnufélög.

Kaupmáli. Sjá hjónaband.

Konungleg umboðsskrá. Sjá dómarar.

Kynferðisbrot.

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt lögum nr. 6 frá 1924 fyrir að hafa haft samfarir við unnustu sína og síðar konu sína á þeim tíma, er hann vissi sig eða hafði grun um að hann væri haldinn kynsjúkdómi, og þannig valdið því, að hún smitaðist af sjúkdóminum 156

Maður dæmdur m. a. fyrir brot gegn 186. gr. hegningarlaganna fyrir að veitast að kvenmanni á götu í Reykjavík, skella henni ofan í götuna, fletta upp um hana kjólnum og hóta að taka hana með valdi en án þess þó að framkvæma nokkuð í þá átt ... 48

Kynsjúkdómar. Sjá kynferðisbrot.

Kyrrsetning.

Kyrrsetningargjörðir í eignum firma staðfestar 1, 3, 6, 8, 10, 13, 15, 18, 20

Bls.

Skipverjar kyrrsetja línuveiðagufuskip til tryggingar kaupkröfum sínum 149

Sannað með árangurslausri kyrrsetning, að A ætti ekki veðsettar eignir fyrir skuldum sínum við firma, og krafðist löghaldsbeiðandi því gjaldþrotaskipta á búi A 543

Landamerkjamál.

Landamerkjadómur hafði vísað máli um landamerki prestsseturs frá, þar eð hann taldi prest hafa gert bindandi sætt um sakarefnið. Hæstiréttur taldi prest ekki hafa haft heimild til án sérstaks samþykkis kirkjustjórnarinnar að sættast á málið og ómerkti þessvegna merkjadóminn og vísaði málinu heim til dómsálagningar að efni til 101

Landhelgi. Sjá fiskveiðabrot.

Leiðbeiningarskylda dómara.

Fógeti fór heim á heimili A til að framkvæma fjárnám hjá honum fyrir dómskuld á hendur honum. Var A fjarverandi. Kona hans, sem heima var, gat ekki bent á eignir, er A ætti, en skýrði frá því, að hún hefði þá nýlega keypt húseign, sem hún teldi séreign sína. Fógeti framkvæmdi samt, samkvæmt kröfu dómhafa, fjárnám í eigninni án þess að leiðbeina konunni samkvæmt 41. gr. aðfararlaganna, rannsaka málavexti eða kveða upp rökstuddan úrskurð. Talið, að fógeti hefði þó átt að sjá að leiðbeiningar var þörf og að konan var ósamþykk, að að eignin yrði tekin fjárnámi 122

Leiga.

A leigði B síldarbryggju ásamt plássi upp af bryggjunni frá 1. júní til 31. des. 1930. Skyldi bryggjan og pallurinn vera í leigufæru ástandi og ofaníburður settur í svo mikinn hluta upplagsplássins, sem væri nægilega stórt fyrir ákveðinn fjölda af síldartunnum. Samþykkti B víxil fyrir leigufjárhæðinni. Hinn 8. júlí 1930 sendi B skeyti til A, þar sem hann sagði leigusamningnum slitið, með því að hann taldi að söltunarplássið væri óafhent

Bls.

og auk þess ekki í leigufæru ástandi samkvæmt samningnum. A mótmælti þessu og notfærði sér víxilréttinn. B höfðaði síðan mál gegn A til endurgreiðslu leigunnar. Var A sýknaður í héraði. Í hæstarétti krafðist B frádráttar á umsamdri leigu vegna þess: a) að bryggjan hefði verið nokkurn hluta samningstímans í óleigufæru ástandi og b) síldarverkunarplássið ekki eins stórt og áskilið var í samningnum. A var sýknaður, vegna þess, að B hafði ekkert tjón beðið af því að bryggjunni var áfátt við upphaf samningstímans, enda hægt að gera bryggjuna leigufæra á 1—2 dögum og leigusali tilbúinn til þessa svo og til að bera ofan í viðbótarsöltunarpláss, ef með þyrfti, en því var ómótmælt haldið fram af A, að það tæki aðeins 1 dag að bera ofan í nægilegt pláss til viðbótar 207

Líkamsáverkar.

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 205. gr. sbr. 2. lið 204. gr. hegningarlaganna fyrir miskunnarlausa meðferð á barni, sem var í umsjá hans 172

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 205. gr. hegningarlaganna fyrir að greiða manni högg á auga 357, 780

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 205. gr. sbr. 208. gr. hegningarlaganna fyrir að veita manni líkamsáverka í áflogum 507

Bifreiðarstjóri varð af óvarkárni sök í árekstri bifreiða. Hann var sýknaður af ákæru fyrir að hafa orðið brotlegur gegn 209. sbr. 206. gr. hegningarlaganna, með því að meiðsli þau, sem hlutust af árekstrinum, voru ekki svo alvarleg, að lýsingin í 206. gr. ætti við um þau 618

Manni einungis stefnt til ábyrgðar eftir 17. kap. hegningarlaganna, áfengis- og bifreiðalögunum. Þessvegna ekki talið heimilt að dæma hann eftir 206. gr. sbr. 209. gr. hegningarlaganna 67

Líkur.

Kona kærði mann sinn fyrir að hafa smitað hana af kynsjúkdómi og leynt hana sjúkdómnum, þegar þau gengu að eigast. Allur framburður konunnar var

Bls.

studdur af sterkum líkum, svo sem þeim, að maðurinn neitaði svo lengi sem þess var kostur, að hann hefði haft samfarir við aðrar konur hér á landi en unnustu sína og duldi prest þann, er gaf hann og unnustu hans saman, sjúkdómsins. Hæstiréttur taldi fram komnar nægar sannanir fyrir því, að hann hefði gerzt brotlegur við lög nr. 6 frá 1924 um breytingu á 182. gr. hegningarlaganna ... 156

Barnsmóður og viðkomandi manni kom saman um það, hvenær þau hefðu haft fyrst samfarir, en 243 dögum eftir þann dag ól konan barnið. Þetta talið veita líkur gegn því, að barnið væri ávöxtur af samförunum 465

Togari var staddur á fisksvæðinu inni í landhelgi með lifandi fisk á þilfari og vörpuna í ólöglegu ásigkomulagi, þannig, að engan sérstakan undirbúning þurfti til að kasta henni í sjóinn og byrja veiðar. Þetta og annað það, er upplýst var í málinu, talið veita líkur fyrir því, að kærður hefði verið að veiðum í landhelgi, en gegn neitun hans þótti þó ekki næg sönnun fengin fyrir þessu 551

Konan A fór frá heimili sínu og skildi son sinn, 9 ára að aldri, eftir heima. Þegar A kom heim aftur, sagði sonur hennar henni, að B hefði komið þar, meðan hún var fjarverandi, og sent hann (drenginn) í næsta hús. Varð A þess nú vör, að peningar, sem hún hafði átt í íbúðinni, að fjárhæð kr. 29,15, voru horfnir. Við leit hjá B, fundust á honum kr. 4,13 og undir klæðaskáp í herbergi hans fundust í seðlum kr. 25,00. Þetta talin næg sönnum fyrir því, að B hefði framið þjófnaðinn 757

Veitingamaður var sakaður um að veita ólöglega vín í veitingahúsi sínu. Áfengiskaup sakbornings hjá áfengisverzlun ríkisins þóttu vera líkur fyrir að svo væri 881

A kenndi B barn. Í málinu upplýstist, að B hafði skrifað A bréf, þar sem hann að vísu virtist færast undan faðerninu, en innan í bréfið lagði hann blýantsskrifaðan miða, sem á var ritað: »Vertu hughraust, ég hjálpa þér eftir mætti«. Af öðru bréfi B til A varð ráðið, að B teldi sér skylt að veita

Bls.

A peningahjálp. Greind atriði voru talin líkur fyrir málsstað A 948

A var ákærður fyrir að hafa falsað fylgibréf með vörum og notað það sem heimild til þess að fá afhentar vörurnar, sem lágu á skipaafgreiðslu og ekki mátti láta af hendi nema gegn fylgibréfi, sem seljandi sendi kaupanda ásamt póstkröfu yfir andvirði varanna. Talið, að nægilega sterkar líkur væri framkomnar fyrir því að A væri sekur 1054

Loforð. Sjá samningar, verksamningar, vinnusamningar.

Læknar. Sjá einnig mat og skoðun.

Talið, að viðkomandi ráðherra hefði haft réttmæta ástæðu til að víkja yfirlækni við Nýja spítalann á Kleppi frá starfi sínu án þess að yfirlækninum gæti borið neinar bætur fyrir það, með því að hann þótti sökum drykkjuskapar vera ófær til að gegna téðu starfi 639

Lög. Lögjöfnuður.

Talið, að heimild bresti til að beita ákvæðum áfengis- og bifreiðalaganna um svipting ökuleyfis analogice til að svipta þann, sem ekki hefir ökuleyfi, rétti til að fá það síðar 67

Ákvæði 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 um hámarkshraða bifreiða á því svæði, sem samþykktin nær yfir, talið vera enn í gildi, sbr. 5. málsgr. 6. gr. laga nr. 70 frá 1931 92

Sagt, að presta bresti heimild til að útkljá ágreining um landamerki prestssetursjarða með sætt, nema heimild til þess hafi verið gefin sérstaklega eða ótvírætt 101

Talið, að sú almenna regla löggjafarinnar, að dómsathafnir fari því aðeins fram, að sá mæti, sem um þær biður, gildi einnig um fasteignauppboð samkvæmt kröfu einstakra manna 114

Húseign talin séreign giftrar konu samkvæmt 18. gr. laga nr. 3. frá 1900, sbr. nú 2. tölulið 23. gr. laga nr. 20 frá 1923, með því að þriðji maður, sem

Bls.

hjálpaði konunni með fjárframlögum til að eignast húsið, ætlaðist til að lánardrottnum manns hennar væri það óviðkomandi 122
Talið, að »orðin á sama stað« í 18. gr. laga nr. 54 frá 1915 um stofnun Brunabótafélags Íslands eigi einungis við rústir hins brunna húss 144
Ekkja látins manns talin eiga aðild til að sækja slysatrygging ríkisins um bætur þær, sem samkvæmt lögum nr. 73 frá 1928 bar að greiða vegna hvers skilgetins barns þeirra hjóna 147
Bifreiðar A og B rákust á. A höfðaði mál gegn B til bóta fyrir skaða þann, sem varð á bifreið hans. Talið, að málsaðiljum bæri samkvæmt lögjöfnuði frá 2. málsgr. 225. gr. siglingalaga nr. 56. frá 1914 og 3. málsgr. 31. gr. laga um loftferðir nr. 32 frá 1929 og með hliðsjón af 16. gr. laga um notkun bifreiða nr. 56 frá 1926 að bæta skaða þann, sem hlauzt af árekstri bifreiðanna, að tiltölu við sök bifreiðastjóranna hvors um sig 192
Sagt, að það sé almenn regla, að opinberar eignir séu frjálsar almenningi til afnota með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lög þau, sem um þær eru sett og ákvæði, sett samkvæmt þeim lögum, hafa að geyma 363
Ekki talið heimilt að krefja um aðflutningsgjald af hinum svonefnda bitra kakao»massa eða kakaodeigi, sem er notað sem efnivara í súkkulaði og kakaoduft, hvorki þannig, að kakaodeigið félli undir súkkulaði eða kakaóduft, sem ber að greiða aðflutningsgjald af eftir 1. gr. tolllaganna, né að krafið yrði um aðflutningsgjald af því samkvæmt lögjöfnuði frá greindum ákvæðum tolllaganna 411
Fjárnámsgerð ómerkt vegna ólöglegrar málasamsteypu samkvæmt konungsbréfi frá 3. jan. 1755 214
Maður dæmdur eftir 12. gr. laga nr. 69 frá 1928 fyrir innflutning áfengis 705
Forstjóra skipaútgerðar ríkisins og skipverjum á varðskipi talið heimilt að afsala sér í ráðningarsamningi skipverja þeim þriggja mánaða uppsagnarfresti, sem ákveðinn er í 4. gr. laga nr. 63 frá 1928 710
Litið svo á, að einkaréttur sá, sem hlutafélag öðlaðist

Bls.

við skráning vörumerkis, væri háður hinni almennu löggjöf, eins og hún er á hverjum tíma... 790

Sagt, að fasteignagjald samkvæmt 2. gr. b-lið laga nr. 36 frá 1924 um bæjargjöld í Reykjavík beri að reikna af lóðum ásamt mannvirkjum, sem á þeim eru 936

Talið, að sérreglan í 3. lið 38. gr. laga nr. 36 frá 1921 um skatt samvinnufélaga til sveitar- og bæjarsjóða sé ekki numin úr gildi með hinni yngri löggjöf um tekjur bæjar- og sveitarsjóða 616

Gæzluvarðhald kærða í máli útaf brotum á áfengislöggjöfinni látið samkvæmt analogiu 59. gr. hegningarlaganna koma í stað refsingar þeirrar, sem hann hafði unnið til 1049

Refsing stúlku, sem dæmd var fyrir brot á 200 gr. hegningarlaganna og ýmsum greinum bifreiðalaganna, metin með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna, með því að hún var aðeins 17 ára, þegar brotið var framið 67

Við mat skaðabóta til handa dreng á 11. ári, sem hlaut heilsutjón vegna þess að bíll ók á hann, var tekið tillit til þess að drengurinn sýndi af sér óvarkárni 92

Sagt, að gjalddagi handhafaveðskuldabréfs samkvæmt 15. gr. laga nr. 29 frá 1885 sé þá fyrst kominn, er skuldin er gjaldkræf og handhafi skuldabréfsins skorar á skuldunaut að greiða..... 491

Sagt, að gildistaka kaupmála milli hjóna miðist við þann dag, sem kaupmálinn er tilkynntur til kaupmálabókarinnar 560

Talið, að ríkisstjórnin hafi hvorki verið bundin af lögum né reglugerðarákvæðum um hámark verðframfærslu hinna svonefndu spánarvína í smásölu, sbr. 11. gr. laga nr. 62 frá 1921 og 11. gr. laga nr. 69 frá 1928 og reglugerð nr. 67 frá 1928 728

Sjóveð dæmt skipverja á fiskiskipi samkvæmt 2. tölulið 236. gr. laga 56/1914 fyrir kaupi hans, sem metið var eftir ákveðnum aflahlut skipsins 289, 716

Gert ráð fyrir, að andsönnun verði komið fram gegn vátryggingarhæð samkvæmt vátryggingarskírteini, sem verðsett er, sbr. 9. gr. laga nr. 17 frá 1914... 278

Bls.

Talið, að ákvæði 28. gr. útsvarslaganna girði ekki fyrir að leggja sameiginlegt útsvar á hjón, sem ekki hafa algert fjárfélag, en búa þó saman 601

Fjárnám í húsi, sem veðsett hafði verið samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885, fellt úr gildi, með því að óvissa þótti vera um, hver eða hvort nokkur lóðarréttindi fylgdu húsinu 1007

Lögbann.

Banki taldi sig eiga veðrétt í fiski, sem var í vörzlum bús útgerðarmanns, sem orðinn var gjaldþrota, og lagði bankinn lögbann við því, að andvirði fisksins yrði afhent hlutafélagi, sem taldi sig hafa átt fiskinn 223

Löggæzlumenn. Sjá lögregla.

Lögheimili. Sjá skattar og gjöld, varnarþing.

Lögráðamenn.

Móðir 10 ára drengs, sem varð fyrir bifreið og hlaut meiðsli af, sækir eiganda bifreiðarinnar til skaðabóta f. h. drengsins 92

Lögráðamaður fer með mál manns, er ófjárráða var sökum æsku 485

Lögregla.

Maður dæmdur eftir 101. gr. hegningarlaganna og 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 fyrir að leitast við með ofbeldi að tálma lögregluþjóni í starfi sínu 1072

Lögreglan lýsir vegsummerkjum á stað, þar sem bílslys varð 67, 810, 915

Sagt, að með skýrslum löggæzlumanns væri það sannað, að veitingamaðurinn A hefði hleypt gestum inn í veitingahús sitt og borið þeim veitingar eftir lögboðinn lokunartíma 881

Lögreglusamþykktir.

Lög nr. 70 frá 1931 ekki talin hafa breytt ákvæðum 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930

Bls.

um ökuhraða bifreiða á því svæði, sem samþykktin nær yfir, sbr. 5. málsgr. 6. gr. téðra laga 92

Maður dæmdur til refsingar eftir 15. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur fyrir að láta bifreið sína standa óhreyfða hálfa aðra klukkustund í Pósthússtræti 463

Maður dæmdur til refsingar eftir 46. gr., sbr. 96. gr., sömu lögreglusamþykktar fyrir ólöglegan bílakstur 92. 696, 777, 915

Maður dæmdur til refsingar eftir 7. gr., sbr. 96. gr., sömu lögreglusamþykktar fyrir ölvun á almannafæri 463, 1072

Maður talinn hafa brotið 43. gr., sömu lögreglusamþykktar með því að aka án ljósa á þeim tíma, þegar bíljós eiga að vera tendruð 192

Maður dæmdur til refsingar eftir 48. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja nr. nr. 41/1928 fyrir að aka bíl undir áhrifum áfengis 1079

Maður sektaður samkvæmt 3. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur fyrir á götu úti að slíta af jakkaermi drengs merki, sem á var letrað: Samfylking gegn fasisma 520

Lögreglustjórar.

Maður dæmdur til refsingar eftir 102. gr. hegningarlaganna fyrir árás á lögreglustjóra 180

Lögtak.

Lögtaksréttur talinn fallinn niður fyrir útsvari, með því að ákvæði 2. gr. lögtakslaganna um, að lögtaksbeiðni sé af beiðanda fylgt fram með hæfilegum hraða, var ekki fullnægt 341

Gert var lögtak hjá A til fullnustu útsvarskröfu á hendur honum. Hann höfðaði mál í héraði um lögmæti gerðarinnar samkvæmt 12. gr. laga nr. 29 1885. Málinu var vísað frá dómi, með því að það var of seint höfðað samkvæmt téðri lagagrein ... 692

Hjónin A og B skulduðu útsvar fyrir árin 1929, 1930, og 1932 og viðbótarútsvar 1931. Úrskurður fógeta um að lögtak skyldi fram fara gekk um útsvarið 1929 19. ágúst og 19. nóv. 1929, um útsvarið 1930

Bls.

21. júlí og 27. nóv. 1930, en lögtaksgerðunum ekki haldið áfram fyrr en 28. jan. 1933. Því skilyrði 2. gr. lögtakslaganna, að beiðandi fylgi fram lögtakinu með hæfilegum hraða, eigi talið fullnægt um útsvörin 1929 og 1930 og lögtaksgerðin að því leyti þess vegna felld úr gildi 601

Lögtaksréttur ekki talinn fallinn niður fyrir útsvari samkvæmt 2. gr. laga nr. 2 frá 1885, þar eð lögtaksins var krafizt áður en fresturinn eftir nefndu ákvæði var liðinn og málinu var frestað af fógeta eftir beiðni beggja aðilja, sem óskuðu að skýra málið nánar 851

Lögtaks hjá A, búsettum í Reykjavík, var krafizt 11. nóv. 1932, en lögtaksgerðin fór fram hinn 11. ágúst 1933. A bar fyrir sig m. a., að lögtaksrétturinn væri fyrndur. Sagt, að með tilliti til þess mikla fjölda lögtaka, er árlega þarf að framkvæma í Reykjavík, verði að telja lögtaksbeiðninni framfylgt með nægilegum hraða 912

Lögtak fyrir útsvari fellt úr gildi, með því að aðeins einn réttarvottur var við lögtaksgerðina og ekki sást, að nokkur virðing á hinum lögteknu munum hefði fram farið 912

Lögtak fyrir útsvari fellt úr gildi, með því að aðeins einn réttarvottur var við lögtaksgerðina 941

Málasamsteypa.

A. Opinber mál.

Þrír menn sóttir í sama máli til refsingar fyrir innbrotsþjófnað og hlutdeild í þeim þjófnaði. Sakborningar auk þess dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta 23

Tveir menn sóttir í sama máli til refsingar fyrir íkveikju 35

Þrír menn dæmdir í sama máli vegna þjófnaðarbrota, sem tveir þeirra höfðu framið í sameiningu, og þjófnaðarbrota, sem einn þeirra hafði framið einn saman. Í sama máli var einn hinna ákærðu auk þess dæmdur fyrir skjalafals 76

Maður sóttur í sama máli fyrir brot á bifreiðalögum og dýraverndunarlögum 43

Bls.
Maður sóttur í sama máli fyrir brot á bifreiðalögunum og 17. kap. hegningarlaganna 67, 696
Maður sóttur í sama máli fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaganna og ætlað brot gegn tolllögunum 126
Tveir menn sóttir í sama máli fyrir ætlað brot gegn 26. kap. hegningarlaganna 126
Maður dæmdur í sama máli fyrir brot gegn 12. kap. hegningarlaganna og 16. gr. áfengislaganna 180
Maður og kona sótt til refsingar í sama máli fyrir brot gegn ýmsum greinum 26. kap hegningarlaganna, samverknað og, að því er konuna varðaði, einnig eftirfarandi hlutdeild í slíkum brotum 236
Tveir menn prófaðir og dæmdir í sama máli fyrir sviksamlegt atferli 350
Maður saksóttur í sama máli fyrir líkamsmeiðingar og brot á lögreglusamþykkt 357
Tveir menn sóttir saman fyrir ólöglega sölu áfengis . 368
Tveir menn sóttir saman til refsingar eftir þeim greinum 26. kap. hegningarlaganna, er varða gjaldþrot 440
Maður sóttur í sama máli til refsingar eftir áfengis- og bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur 463
Maður sóttur í sama máli fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögunum, svo og fyrir ætlað brot á 18. kap. hegningarlaganna 618
Sex menn dæmdir í sama máli fyrir brot á áfengislögunum, einn fyrir bruggun og sölu, einn fyrir sölu, tveir fyrir aðstoð eftir 42. gr., og tveir fyrir að neyta áfengis á veitingahúsi 468
Þrír menn dæmdir fyrir brot á áfengislögunum, einn vegna þess, að hann gerði ekki grein fyrir áfengi, sem fannst í vörzlum hans, og hinir tveir eftir 42. gr. sömu laga fyrir aðstoð við flutning og geymslu áfengisins 625
Maður sóttur í sama máli fyrir nytjastuld og brot á bifreiðalögunum 777, 963
Maður dæmdur í sama máli fyrir líkamsáverka, brot á áfengislögunum og lögreglusamþykkt 780
Þrír menn sóttir saman til refsingar fyrir brot á lögum nr. 32/1933 um tilbúning og verzlun með smjörlíki og lögum nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum 790

Bls.
Maður dæmdur til refsingar í sama máli fyrir brot á áfengislögunum og lögreglusamþykkt 881
Tveir menn dæmdir í sama máli fyrir tilraun til innbrotsþjófnaðar 784
Maður sóttur í sama máli til refsingar fyrir brot á 17. kap. hegningarlaganna, áfengis- og bifreiðalögunum 915
Maður dæmdur í sama máli fyrir brot gegn lögum nr. 51 frá 1928, 298. gr. hegningarlaganna og brot gegn sóttvarnar- og áfengislögunum 952
Þrír menn dæmdir í sama máli fyrir brot gegn áfengislögunum 967
Maður dæmdur í sama máli fyrir brot gegn 12. kap. hegningarlaganna, áfengislögunum og lögreglusamþykkt 1072
Sökunautur einn eða fleiri dæmdir til að greiða skaðabætur jafnframt refsingu í opinberu máli 23, 48, 76, 357, 522, 635, 721, 745, 777, 780, 892, 952, 995
Eigandi bifreiðar dæmdur til að greiða skaðabætur vegna skaða, er bifreið hans olli, í opinberu máli á hendur bifreiðarstjóranum 43
Skaðabótakröfu, sem gerð var í refsimáli á hendur sökunaut, vísað frá dómi vegna skorts á upplýsingum 963

B. Einkamál.

1. Kröfusamlag.
a. Lagðar saman fleiri en ein krafa af hálfu sækjanda:
Dómur í kyrrsetningarmáli og fjárnám samkvæmt honum 1, 3, 6, 8, 10, 13, 15, 18, 20
Fjárnám ómerkt sökum ólöglegrar málasamsteypu 214
Dómi og fjárnámi samkvæmt honum áfrýjað í einu lagi 336, 824
Dómur til viðurkenningar skuldar og sjóveðs 149, 289, 716
Fjárnáms- og uppboðsgerð ásamt úrskurðum áfrýjað í einu lagi 555, 1007
b. Gagnkröfur.
A höfðar mál gegn B til greiðslu skuldar, en B er sýknaður í héraði. A áfrýjar, en B gagnáfrýjar til hækkunar málskostnaðar þess, sem honum var dæmdur í héraði 58
A sótti B fyrir einkalögreglurétti til greiðslu vinnulauna, en viðurkenndi það í málinu í

Bls.

héraði, að vinnulaunin hefðu átt að ganga upp í húsaleigukröfu B á hendur honum. B talið af þessari ástæðu heimilt að koma húsaleigukröfu sinni að til skuldajafnaðar við kröfu A án gagnsóknar fyrir einkalögregluréttinum 295

A er stefnt af B til greiðslu verzlunarskuldar, en A höfðar gagnsök til greiðslu verkkaupskröfu með eða án skuldajafnaðar, sem honum hafði verið framseld af C á hendur B 398

Eigandi vélskips sækir vátryggingarfélag til greiðslu brunatjóns, sem varð á skipinu. Málið var í héraði látið velta á eiði umboðsmanns vátryggingarfélagsins. Vátryggingarfélagið áfrýjaði sér til algerðrar sýknu, en bú vátryggingartaka hinsvegar til skilyrðislausrar greiðslu vátryggingarfjárins 229

Fiskiskip strandaði og var dæmt óbætandi. Vátryggingartakinn krafði hlutaðeigandi vátryggingarfélag um vátryggingarfjárhæð þá, sem skip, vistir, veiðarfæri og afli var tryggt fyrir, en fékk aðeins litinn hluta af kröfu sinni tekinn til greina í héraði. Hann áfrýjaði og gerði sömu kröfu og í héraði. Vátryggingarfélagið gagnáfrýjaði sér til sýknu eða frekari niðurfærslu kröfunnar 278

Gagnkrafa gerð til sjálfstæðs dóms í máli ... 30, 387

Dómi, sem dæmdi skipinu A þóknun fyrir aðstoð, veitta skipinu B, skotið til hæstaréttar af hálfu beggja aðilja 402

Dómi, sem dæmdi vátryggingarfélag til að greiða ekkju manns, sem lézt af völdum bílslyss, dánarbætur, skotið til hæstaréttar af hálfu beggja aðilja 457

A gerir fjárnám í fasteign B samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885. A áfrýjar til staðfestingar, en B gagnáfrýjar og krefst aðallega að málinu sé frestað en til vara ómerkingar 491

A höfðaði mál gegn félagsskapnum »Vörubílastöðin í Reykjavík« vegna brottvikningar þaðan. Í héraði voru kröfur hans aðeins að

Bls.

nokkru leyti teknar til greina. Hann áfrýjaði og krafðist dóms samkvæmt kröfum sínum í héraði, en vörubílastöðin gagnáfrýjaði sér til sýknu 1031

A höfðaði mál gegn B til refsingar fyrir meiðyrði og til ómerkingar ummælanna. B var dæmdur í sektir í héraði og áfrýjaði sér til sýknu, en A gagnáfrýjaði til hækkunar refsingarinnar 189, 1075

2. Fleiri en einn aðilji sóknar- eða varnarmegin.

a. Fleiri sækjendur en einn.

Þrír verksalar sækja mál saman út af verksamningi 217

Hjón sækja mál út af útsvari, sem á þau hafði verið lagt í sameiningu 601

Eigendur, vátryggjendur, skipverjar og landmenn vélskips, sem orðið hafði fyrir árekstri, höfða í sameiningu mál gegn eiganda hins skipsins 836

Eigendur vélbátsins A höfða í sameiningu mál gegn eigendum vélbátsins B til greiðslu björgunarlauna 847

Eigendur og vátryggjendur skips sækja í sameiningu eiganda kolakrana til greiðslu skaðabóta vegna tjóns, sem kolakraninn olli skipinu ... 862

A framseldi tveimur málfærslumönnum bótakröfu sína á hendur firma, sem selt hafði honum bifreið, vegna ólögmætrar innsetningargerðar í bifreiðina. Málfærslumennirnir höfðuðu mál og voru þeim dæmdar skaðabætur, þó ekki eins háar og þeir höfðu gert kröfu til. Firmað áfrýjaði sér til sýknu, en málfærslumennirnir til að fá bæturnar hækkaðar 925

A, sem gefið hafði út til handhafa skuldabréf með veði í húsi samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885, og nokkrir menn, sem áttu í sameiningu lóð undir húsinu, áfrýjuðu saman til ómerkingar fjárnámi og uppboði, sem handhafi bréfsins hafði látið gera í húsinu 1007

b. Fleiri verjendur en einn.

Skiptaráðanda og mótmælanda kröfu stefnt við áfrýjun úrskurðar um kröfuna 109, 205, 385, 436

A bað um uppboðssölu á fasteign, sem hann átti

Bls.

veð í. Þegar uppboðið átti fram að fara, mætti A ekki, en uppboðshaldari lét uppboðið allt að einu fram fara. A áfrýjaði uppboðinu til ómerkingar og stefndi uppboðshaldara, uppboðskaupanda og veðsala 114

A kenndi B barn, en C hafði einnig á getnaðartímanum haft samfarir við A. Í héraði var A dæmdur fyllingareiður um að B gæti verið faðir barnsins. B áfrýjaði og stefndi bæði A og C 196

Í máli gegn verzlun var sameigendum hennar stefnt 214

A áfrýjaði til ómerkingar uppboði á eignum sínum. Hann stefndi uppboðshaldara, uppboðsbeiðanda, næstbjóðanda, sem eignirnar voru útlagðar með samþykki hæstbjóðanda, og auk þess fjórða manni til að gæta réttar síns 415

Úrskurði um töku bús til gjaldþrotaskipta áfrýjað til hæstaréttar. Stefnt var skiptaráðanda og gjaldþrotabeiðanda 543

A gaf út veðskuldabréf til handhafa með veði í húseign samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885. B, sem síðar eignaðist veðskuldabréfið, gerði fjárnám í húsinu og var honum það útlagt sem ófullnægðum veðhafa. Nokkrir menn, sem mætt höfðu á uppboðinu, kváðust eiga lóðina undir húsinu. Áfrýjuðu þeir fjárnáminu og uppboðinu til ómerkingar og stefndu bæði B og A, án þess þó að gera nokkrar kröfur á hendur A. A, sem borið hafði fram mótmæli við fjárnámið og uppboðið, áfrýjaði einnig réttarathöfnum þessum til ómerkingar og stefndi B og aðaláfrýjendum, án þess þó að gera sérstakar kröfur á hendur þeim síðastnefndu 555

Þrotabú höfðar mál gegn konu hins gjaldþrota manns til ónýtingar kaupmála, sem þau hjónin höfðu gert um húseign m. m., og stefnir ennfremur banka til að þola ógildingu á veði, er konan hafði veitt honum í húseigninni. Konan áfrýjaði héraðsdómnum og stefndi þrotabúinu og ennfremur bankanum, sem var sýknaður í héraði, til að gæta réttar síns ... 560

Bls.
Þrír víxilskuldarar sóttir í sama máli .. 664, 750, 754
Háseti á vélbát sækir kaup sitt fyrir dómi á hendur þrotabúi útgerðarmanns og stefnir jafnframt eiganda vélbáts þess, sem hann réri á, til að þola dóm um sjóveð í bátnum fyrir kaupinu. Eigandi vélbátsins áfrýjaði síðan héraðsdóminum vegna sjóveðsins og stefndi hásetanum og þrotabúinu 716
Mál er höfðað út af vínkaupum hjá áfengisverzlun ríkisins og forstjóra áfengisverzlunarinnar og fjármálaráðherra stefnt 728, 1024

Málflutningslaun.

A hafði flutt mál fyrir B og krafði B um laun fyrir málflutninginn samkvæmt lágmarkstaxta Málflutningsmannafélags Íslands. B var dæmdur til að greiða hina kröfðu fjárhæð, með því að ekki var talið sannað, að A hefði heitið honum að flytja málið fyrir lægri fjárhæð 824
Málflutningsmanni í gjafsóknarmáli eigi dæmd málflutningslaun í hæstarétti, með því að hann hafði eigi krafizt þeirra 1020
Í opinberu máli ákvað héraðsdómarinn ekki skipuðum verjanda ákærða málsvarnarlaun, þrátt fyrir kröfu verjandans um þau 1054

Málflutningsmenn. Sbr. umboð.

Sagt, að allmikill dráttur hefði orðið á opinberu máli í hæstarétti en samt ekki talin ástæða til að víta verjanda, vegna þess, hve umfangsmikið málið var 236
Málflutningsmaður vittur fyrir drátt á máli í hæstarétti 331, 529, 537, 560
Dráttur á opinberu máli talinn réttlættur 762
Málflutningsmanni ekki dæmd málflutningslaun, með því að hann hafði eigi krafizt þeirra 1020
Málflutningsmaðurinn A var með héraðsdómi sektaður fyrir ummæli í sóknarskjali og ummælin dæmd dauð og ómerk. Í hæstarétti fór talsmaður aðaláfrýjanda þess á leit fyrir hönd A, að sektarákvæði hins áfrýjaða dóms yrði úr gildi fellt. Sagt, að þar sem héraðsdómnum hefði ekki verið áfrýjað

Bls.

að þessu leyti, yrðu þessi tilmæli þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina 1031
Firma málflutningsmanna fær framselda skaðabótakröfu B á hendur C fyrir ólögmæta innsetningar gerð í bifreið og sækir hana síðan fyrir dómi ... 925
Fundið að því í héraðsdómi, að gögn þau, sem talin voru skipta máli um úrslit málsins, hefðu verið lögð fram á erlendri tungu og án þess að þýðing á íslenzku fylgdi 387

Málflutningur. Sbr. réttarfarslög, útivist aðilja.
Mál skriflega flutt samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna .. 1, 3, 6, 8, 10, 13, 15, 18, 20, 30, 64, 101, 117, 121, 165, 214, 341, 344, 385, 387, 534, 555, 681, 686, 690, 692, 716, 750, 754. 770, 833, 884, 912, 943, 948, 1017, 1020

Málshöfðun.
Í opinberu máli útaf bílslysi, sem maður beið bana af og annar maður hlaut af alvarleg meiðsli, þar á meðal brot á hálslið, var aðeins stefnt til ábyrgðar fyrir brot gegn 17. kap. hegningarlaganna, áfengis- og bifreiðarlögunum. Af þessum ástæðum þótti ekki heimilt að dæma sökunaut fyrir brot á 206, sbr. 209. gr. hegningarlaganna 67
Í sakamáli á hendur manni til refsingar fyrir líkamsáverka kom fram skaðabótakrafa á hendur ákærða. Dómur var samt ekki lagður á téða kröfu í málinu, með því að hennar var hvorki getið í tilkynningu til ákærða um málshöfðun gegn honum né í aukaréttarstefnunni 507
Stefna í sakamáli fyrir sjóðþurrð á hendur innheimtumanni lands- og bæjarsímastöðvarinnar í Reykjavík var bundin við 26. kap. hegningarlaganna. Talið þrátt fyrir þetta heimilt að dæma téðan innheimtumann fyrir brot á 13. kap. hegningarlaganna 522
Talið, að ekki hefði orðið slíkur dráttur á höfðun máls gegn viðsemjanda gjaldþrotamanns til riftunar ráðstöfunum að vísa bæri málinu frá dómi af þeim sökum, sbr. 30. gr. laga nr. 25/1929 560
A var sakaður um að hafa stolið kr. 29,15 frá B. Dómaranum láðist að fá ótvíræða yfirlýsingu B um það,

Bls.

að hann krefðist málshöfðunar samkvæmt 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 51 frá 1928, en þar sem B krafðist afhendingar á hinum stolnu peningum og þess var ekki kostur nema dómur gengi í málinu, þá þótti mega skýra þessa kröfu svo, að í henni feldist krafa um málshöfðun 757

I stað þess að höfða mál eftir 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 51/1928, höfðaði dómarinn mál eftir 230. gr. hegningarlaganna, sem er úr lögum numin. Með því að ákærða mátti vera það ljóst, fyrir hvaða verknað mál skyldi höfðað gegn honum, þótti þessi misgáningur dómarans ekki eiga að varða ómerkingu málsins 757

Héraðsdómari höfðaði mál gegn manni og dæmdi hann fyrir brot á áfengis- og sóttvarnarlögunum án þess að nefna nokkur sérstök áfengis- eða sóttvarnarlög eða við hvaða greinar þeirra brotin vörðuðu. Í hæstarétti var bætt úr þessu, en dómarinn látinn sæta vítum 952

Í refsimáli var sakborningur dæmdur í héraði með sama dómi fyrir nytjastuld, bifreiðalagabrot, áfengislagabrot, eyðilegging fjármuna o. fl. Hæstiréttur dæmdi um bifreiðalagabrotið og nytjastuldinn að efni til, en ómerkti undirréttardóminn að öðru leyti, með því að ákærða hafði ekki verið gert aðvart um að mál yrði höfðað gegn honum fyrir hin önnur brot 963

A, sem var þunguð, höfðaði mál gegn B til viðurkenningar faðerninu samkvæmt 6. gr. laga nr. 46 frá 1921. Héraðsdómurinn var kveðinn upp hinn 8. júní 1932, en hinn 25. júlí s. á. ól A barnið 465

A vátryggði húsmuni sína til muna of hátt og kveikti síðar í húsinu. Mál var aðeins höfðað gegn honum eftir 28. kap. hegningarlaganna. Talið, að af þessum sökum hafi ekki komið til mála að dæma hann fyrir brot gegn ákvæðum 26. kap hegningarlaganna 828

Málskostnaður. Sbr. ómaksbætur.

Í einkamálum.

1. Málskostnaður látinn falla niður:

Skorið úr um uppsagnarfrest í vinnusambandi

Bls.

milli bifreiðastöðvar og bifreiðarstjóra, sem var ráðinn hjá stöðinn um óákveðinn tíma með ákveðnu mánaðarkaupi. Í héraði voru tveir menn dæmdir sem sameigendur bifreiðastöðvarinnar. Einungis annar þeirra áfrýjaði málinu til breytingar 83, 88

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið áfrýjar frávísunardómi í landamerkjamáli milli prestssetursjarðar og bændaeignar. Landamerkjadómurinn ómerktur og málinu vísað heim 101

Bifreiðar A og B rákust á. A höfðaði mál gegn B til greiðslu skaðabóta vegna skemmda á bifreið A. Í héraði var B sýknaður, en í hæstarétti var hann dæmdur til að greiða 1/3 skaðans .. 192

Í héraði var A gefinn kostur á fyllingareiði um að B gæti verið faðir barns hennar. B áfrýjaði og stefndi A og C, sem á getnaðartímanum einnig hafði haft samræði við A. B og C voru dæmdir in solidum til að gefa með barninu, en B var dæmdur til að greiða þóknun til talsmanns A í héraði, en þóknun talsmanns A í hæstarétti var lögð á ríkissjóð (málið gjafsóknarmál). Málskostnaður að öðru leyti látinn falla niður 196

Leyst úr deilu um skilning á ákvæðum verksamnings 217

Úrskurði um lögtak fyrir ógreiddu útsvari áfrýjað. Einungis deila um útsvarsfjárhæð 324

Lögtaksgerð fyrir útsvari áfrýjað og hún felld úr gildi 341

A endurheimtir greitt útsvar til sveitarfélags, eftir að dómur var fallinn í hæstarétti um að hann væri þar ekki útsvarsskyldur 380

Héraðsdómur dæmdi björgunarlaun fyrir hjálp veitta skipi. Hæstiréttur taldi, að einungis hafði verið um aðstoð að ræða. Eiganda skips þess, sem aðstoðin var veitt, gert að greiða málskostnað fyrir sjódómi, en málskostnaður fyrir hæstarétti látinn falla niður 402

Skorið úr deilu um, hvort sýslunefnd hefði gefið Flugfélagi Íslands h/f bindandi loforð um kaup hlutabréfs. Sýslunefndin var sýknuð í hæstarétti 501

Bls.
Mál varðandi gildi kaupmála milli hjóna 560
Banki stefndi firma til greiðslu skuldar. Firmað var sýknað að mestu leyti, en málskostnaður var látinn falla niður í báðum réttum, með því að ekki var mætt af hálfu firmans á sáttafundi 611
Í barnsfaðernismáli mætti stefndur ekki. Sönnun þótti bresta fyrir því, að honum hefði verið birt hæstaréttarstefnan, og var málinu vísað frá dómi 694
Leyst úr deildu um, hvort Skipaútgerð ríkisins hefði sagt 10 skipverjum á varðskipi upp með nægilegum fyrirvara. Skipaútgerðin sýknuð ... 710
Banki áfrýjar dómi sjóréttar, sem dæmdi háseta lögveð fyrir andvirði aflahluta síns í vélbát, sem bankinn átti. Sjódómurinn staðfestur 716
Ágreiningur um, hvort áfengisverzlun ríkisins hefði lagt meira á hin svonefndu spánarvín, en lög leyfðu. Þetta ekki talið, en málskostnaður látinn falla niður í báðum réttum 728
Skorið úr deilu um, hversu mikla fjárhæð C bæri úr búi hjónanna A og B samkvæmt gagnkvæmri erfðaskrá þeirra og hvort viðauki við erfðaskrána, sem A gerði eftir lát B, væri gildur 801
Áskilnaður um, hvort eiðvinningarfrestur í barnsfaðernismáli hefði verið látinn hjá líða ónotaður 833
Vörubílastöð Reykjavíkur sótt til greiðslu skaðabóta, sem bifreiðarstjóri hafði valdið við flutning húsmuna. Vörubílastöðin var sýknuð, með því að hún var talin einungis miðlari milli eiganda og notenda bifreiðarinnar 858
Bætur dæmdar vegna innsetningargerðar í bifreið, sem dæmd var ólögmæt í hæstarétti 925
Spurning um, hvort greiða bæri samkvæmt 1. og 2. gr. laga nr. 36 frá 1924 gjöld af mannvirkjum á lóðum í Reykjavík 936
A sóttur til greiðslu skuldar, en hún reyndist vera fyrnd 943
Fyrverandi starfsmaður í banka sækir bankann til greiðslu launaviðbótar, sem hann taldi að sér hefði verið lofuð. Bankinn var sýknaður 958

Bls.

Kona, sem skilin var við mann sinn að borði og sæng, sótti Reykjavíkurkaupstað til greiðslu meðlags samkvæmt 60. gr. laga nr. 39 frá 1921, en fékk kröfur sínar ekki teknar til greina ... 970

A veiddi haustið 1931 fisk með dragnót í landhelgi undan landi Gerðahrepps í Gullbringusýslu og gerðist þarmeð brotlegur við ákvæði reglugerðar nr. 57 frá 1923. Fyrir tilstilli dómsmálaráðherra gekk hann síðar að því að greiða kr. 500 til Gerðahrepps, ef ýmsum skilyrðum yrði fullnægt. A, sem taldi skilyrðin brotin, neitaði að greiða, en var til þess dæmdur 1001

Veitingamaður krafði áfengisverzlun ríkisins um endurgreiðslu á fjárhæð, sem hann taldi sig hafa greitt henni fram yfir það, er mest mætti að lögum leggja á vínin. Með því að hann hafði fengið þann ágóða, sem honum samkvæmt samningum við áfengisverzlunina bar, var hún sýknuð 1024

2. Sá, er áfrýjar dómsathöfn til breytinga og fékk þá kröfu að öllu eða öllu verulegu leyti tekna til greina, fékk sér dæmdan málskostnað 114, 117, 122, 165, 205, 223, 229, 278, 344, 465, 485, 491, 555, 601, 629, 639, 664, 750, 754, 884, 912, 941, 1007, 1031

3. Sá, sem áfrýjar dómsathöfn til breytinga, en hún var staðfest að öllu eða öllu verulegu leyti, var dæmdur til að greiða málskostnað 41, 58, 92, 105, 109, 144, 147, 149, 189, 207, 289, 295, 313, 331, 336, 363, 376, 398, 411, 415, 432, 436, 457, 473, 476, 478, 496, 514, 543, 560, 584, 607, 616, 659, 674, 702, 773, 808, 816, 824, 836, 847, 851, 862, 869, 1011, 1075

4. Eigandi botnvörpuskips, sem bjargað hafði verið af varðskipi, áfrýjaði héraðsdómi, sem dæmdi hann til að greiða kr. 42000,00 í björgunarlaun Björgunarlaunin voru í hæstarétti færð niður í 35000,00 og skipaútgerð ríkisins dæmd til að greiða málskostnað í hæstarétti 669

5. A, sem hafði veð í fasteign samkvæmt 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847, krafðist uppboðs á fasteigninni. Þegar uppboðið átti fram að fara, mætti A ekki en uppboðshaldari lét uppboðið allt að einu

Bls.

fram fara. A áfrýjaði uppboðinu til ómerkingar og stefndi m. a. uppboðshaldara til greiðslu málskostnaðar. Sagt, að enda þótt uppboðinu sjálfu væri áfrýjað síðar en svo, að slíkri kröfu mætti koma að samkvæmt 33. gr. hæstaréttarlaganna, þá bæri uppboðshaldara þó að greiða málskostnaðinn í hæstarétti, þar sem athöfn hans væri í raun og veru aðalástæða áfrýjunarinnar 114

6. Málskostnaður í gjafsóknarmálum og gjafvarnar, sjá gjafsókn og gjafvörn.

7. Málskostnaður í eiðsmálum 930, 948, 1020
Ómerkingardómar.:
a. Mál ómerkt ex officio og stefndir dæmdir til greiðslu málskostnaðar 121, 847
b. Mál ómerkt ex officio og málskostnaður látinn falla niður 385
c. Sá, er áfrýjaði máli til ómerkingar, fékk sér dæmdan málskostnað í hæstarétti 165, 205, 555, 912, 941, 1007

8. Sagt, að málskostnaður, sem giftri konu var dæmdur, skyldi vera séreign hennar 122

9. Áfrýjun til staðfestingar:
Aðilja, sem áfrýjaði til staðfestingar og fékk þá kröfu tekna til greina, dæmdur málskostnaður, með því að stefndi hafði gert ráðstafanir til að áfrýja til breytinga og með því gefið hinum ástæðu til sinnar áfrýjunar 1, 3, 6, 8, 10, 13, 15, 18, 20, 30, 64, 214, 313, 387, 681, 686, 690, 692, 770, 1017

10. Fleiri aðiljar en einn:
Fleiri aðiljum en einum dæmdur málskostnaður í einu lagi 109, 415, 436, 664, 750, 754, 836, 847
Samaðiljar dæmdir til greiðslu málskostnaðar í hæstarétti in solidum 114

11. Málskostnaður fellur niður, ef hans er ekki krafizt af þeim, er annars hefði fengið hann dæmdan sér til handa 1020

12. A höfðar mál gegn B til greiðslu skuldar, en B er sýknaður í héraði. A áfrýjar til að fá dóm yfir B, en B gagnáfrýjar til hækkunar málskostnaðar þess, sem honum var dæmdur í héraði 58

Bls.

II. Í opinberum málum.

1. Aðili dæmdur sekur:
   a. Sökunautur einn og þá dæmdur til greiðslu málskostnaðar 43, 48, 67, 96, 156, 170, 172, 180, 182, 187, 200, 328, 348, 357, 373, 409, 429, 463, 507, 517, 520, 522, 529, 536, 551, 596, 605, 618, 635, 696, 705, 721, 745, 757, 762, 777, 780, 793, 797, 828, 855, 874, 881, 892, 915, 952, 963, 1014, 1049, 1054, 1070, 1072, 1079
   b. Fleiri en einn aðili sakfelldir í sama máli og dæmdir til greiðslu málskostnaðar, allir in solidum 23, 35, 76, 236. 350, 368, 440, 468, 625, 784, 790, 967, 979, 995
   Hver af fleiri sakfelldum dæmdur til að greiða kostnað af gæzluvarðhaldi sinu 236, 784
   Hver af fleiri sakfelldum dæmdur til að greiða sínum sérstaka talsmanni málflutningslaun ... 236
2. Dómur ómerktur. Ríkissjóði gert að bera áfrýjunarkostnað 657, 821
3. Aðili sýknaður:
   a. Einn maður hafður fyrir sökum og ríkissjóði gert að greiða málskostnað 298, 481, 810 1014, 1045
   b. Tveir hafðir fyrir sökum. Annar sýknaður hinn sakfelldur 126, 982
   c. Þrír menn hafðir fyrir sökum. Tveir dæmdir, en einn sýknaður 440
4. Héraðsdómara stefnt til ábyrgðar við áfrýjun opinbers máls samkvæmt ósk ákærða, en sakir þær, sem á hann voru bornar, ekki taldar á rökum byggðar og honum dæmdur málskostnaður 236, 440, 1054

Manndráp.

Bifreiðarstjóri talinn hafa orðið mannsbani fyrir gáleysislegan akstur 67, 696, 915
Bifreiðarstjóri sýknaður af ákæru fyrir að hafa orðið mannsbani fyrir gáleysislegan akstur 810

Mat og skoðun.

Tveir menn, sem framið höfðu íkveikju, rannsakaðir af geðveikralækni, og taldi hann þá ekki vera

Bls.

geðbilaða, en hinsvegar á lágu andlegu þroskastigi 35
Læknir lýsir áverka á dreng, sem varð fyrir bílslysi 92
Yfirlæknir við Landsspítalann lýsir áverkum á fólki, sem varð fyrir bílslysi 67, 696, 810, 915
Verkfræðingur gerir uppdrátt af stað, sem bílslys varð á 67, 810
Í opinberu máli gegn manni fyrir brot á lögum nr. 6 frá 1924 gefur landlæknir álitsgerð um, hve langur tími líði frá smitun syfilis þar til einkenni annars stigs sjúkdómsins koma í ljós 156
Í máli út af leigu á síldarbryggju, ásamt síldarverkunarplássi, krafðist leigutaki frádráttar á umsaminni leigu, með því að hann taldi, að síldarverkunarplássið væri minna en um var samið. Um þetta studdist leigutaki við umsögn tveggja dómkvaddra manna. Mat hinna dómkvöddu manna var ekki lagt til grundvallar, bæði af því, að það þótti ekki nákvæmt og eins af hinu, að leigusali hélt því ómótmælt fram, að plássið hefði mátt stækka á einum degi og að leigutaka hefði verið heitið því, ef með þyrfti 207
Samkvæmt verksamningi um byggingu verzlunarhúss áttu þargreindir menn að taka húsið út eftir smíði þess. Ekki talið sannað, að umboð þeirra næði til þess að skera úr ágreiningi um, hvort smíði tveggja sýningarrúma fælist í því verki, sem verksalar áttu að leysa af hendi gegn því endurgjaldi, sem ákveðið var í samningnum fyrir byggingu hússins 217
Mælingar og staðarákvarðanir varðskipsforingja í málum út af brotum á fiskveiðalöggjöfinni lagðar til grundvallar 96, 182, 200, 529, 536, 551, 762, 797
Staðarákvarðanir forstöðumanns stýrimannaskólans lagðar fram í málum út af brotum á fiskveiðalöggjöfinni 182, 200, 529, 536
Í opinberu máli á hendur togaraskipstjóra fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni ákveða þrír kunnáttumenn stað varðskipsins á vissum tímamörkum 298
Í opinberu máli gegn þýzkum togaraskipstjóra fyrir

Bls.

brot á fiskveiðalöggjöfinni var lagt fram álitsskjal frá þýzkum sérfræðingi í siglingafræðum 529, 536
Í máli gegn brezkum togaraskipstjóra fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni er lögð fram staðarákvörðun, gerð af skipherra á brezku varðskipi 200
Sérfræðingur í kynsjúkdómum framkvæmir blóðrannsókn á manni, sem haldinn var kynsjúkdómi 156
Héraðslæknir segir álit sitt um útlit og heilbrigðisástand barns til afnota í opinberu máli gegn húsbónda þess fyrir illa meðferð á því 172
Læknir lýsir líkamsáverka, sem manni hafði verið veittur 357, 507, 780
Læknir á Landakotsspítala lýsir áverka á manni, sem varð fyrir bílslysi 816
Lögð fram læknisvottorð um heilbrigðisástand fólks, sem varð fyrir bílslysi 618
Bifreiðaeftirlitsmenn ríkisins athuga ásigkomulag bifreiðar, eftir að slys hefir orðið 915
Álitsgerð forstöðumanns fæðingardeildar Landsspítalans lögð fram í máli um faðerni barns um, hvort barn geti verið ávöxtur af samförum 243 dögum fyrir fæðingu þess 465
Úrslit barnsfaðernismáls látin velta á blóðrannsókn, sem forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans framkvæmdi á barnsmóður, barninu og manni þeim, sem móðir þess kenndi það 465
Dómkvaddir menn meta skip, ásamt farmi, sem bjargað hefir verið eða veitt aðstoð af öðru skipi, til afnota í máli um björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoðina 402, 669
Eftirlitsmaður bifreiða lýsir yfir því fyrir rétti sem áliti sínu, að ekki sé unnt að stöðva bifreið á 40 km hraða á hálfri annari lengd hennar, nema hemlarnir séu góðir og vegurinn þurr 696
Eftirlitsmenn bifreiða kveða það álit sitt, að meiri aðgæzlu og nákvæmni þurfi við að stjórna bifreið, sem dregin er af annari, en bifreið, sem knúin er af eigin vél 1014
Vélaeftirlitsmaður ríkisins segir álit sitt um orsök að eldsuppkomu, sem varð í vélarrúmi vélskips 229
Verzlunarráð Íslands lætur í té álitsgerð í máli um,

Bls.
hvort umboðslaun, sem firma hafði reiknað sér fyrir sölu síldarafurða, gætu talizt ósanngjörn ... 611
Aflað vitneskju um veðurhæð á tilteknum tíma, til afnota í máli, hjá Veðurstofunni 862

Meðalganga. Sjá áfrýjun, málasamsteypa.

Meðdómsmenn.

Merkjadómur og meðferð málsins fyrir merkjadóminum ómerkt ex officio, með því að dómsgerðir málsins báru það eigi með sér, að meðdómsmennirnir hefðu unnið eið eða drengskaparheit, áður en þeir leystu dómsstarfið af hendi 121

Meðlag.

Talið, að annað hjóna A, sem skilið er að borði og sæng, geti samkvæmt 60. gr. laga nr. 39 frá 1921 innheimt meðlag það, sem hinu hjóna B í skilnaðarleyfinu er gert að greiða A vegna barna þeirra, hjá dvalarsveit sinni (A) eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum nr. 15 frá 1927, þar á meðal þeirri reglu, að dvalarsveit A sé óskylt að greiða hærri fúlgu en meðalmeðlagi í dvalarsveit barns nemur eða hærri fúlgu en í skilnaðarskilmálum segir. Ennfremur talið, að greiðsluskylda dvalarsveitar á meðlögum barna sé þeirri takmörkun háð, að foreldri barns, sem greiðslunnar krefst, eða aðrir lögskyldir framfærslumenn, séu eigi megnugir að framfæra það án sveitarstyrks. Greiðsluskylda dvalarsveitar annars hjóna til þess (A) eftir 60. gr. laga nr. 39 frá 1921, sbr. lög nr. 15 frá 1927, talin vera þeim takmörkunum bundin, að viðkomandi stjórnarvald meti þörfina að hverju sinni, þó þannig, að greiðsla fari ekki fram úr því, sem aðilji mundi fá eftir reglum um framlag fátækrastyrks, ef því væri að skipta, og heldur ekki hærri fúlgu en í skilnaðarskilmálum eða í staðfestum samningi milli hjóna segir. Sagt, að það, sem þannig sé greitt, beri að skoða sem fátækrastyrk til hins hjónanna, sem meðlagsskylt er (B), unz sýnt þyki, að B geti ekki endurgreitt slíkt framlag, en ótví-

Bls.

ræða heimild þyrfti til, að bæjar- eða sveitarsjóður greiddi slíkt framlag ótakmarkaðan tíma, án þess að það yrði talinn sveitarstyrkur til þess hjóna, er við því tekur 970

Meiðyrði. Sjá ærumeiðingar.

Mjólkurlöggjöf.

Maður dæmdur í sekt fyrir brot gegn lögum nr. 97 frá 1933 um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma 596

Nauðgun.

A réðist á konu, sem hann sá á götu í Reykjavík, skellti henni niður í götuna, lagðist ofan á hana, fletti upp um hana kjólnum og hótaði að taka hana með valdi, en framkvæmdi þó ekki neitt í þá átt. A var ekki dæmdur eftir 169. gr. sbr. 46. gr. hegningarlaganna, heldur eftir 186. og 212. gr. sömu laga 48

Neyðarvörn.

A veitti B áverka í áflogum, en þóttist hafa átt hendur sinar að verja, A viðurkenndi að hafa kastað flösku í andlit B og haldið á búrhníf, þegar þeir flugust á. Vitni voru engin til frásagnar um sjálfa viðureignina. Ekki þótti ástæða að ætla, að um neyðarvörn hefði verið að ræða 507

Nytjastuldur. Sjá þjófnaður.

Óbeðinn erindisrekstur.

A framkvæmdi ketilhreinsun í línuveiðagufuskipi hlutafélags að beiðni annars endurskoðanda félagsins. Vélstjóri, sem falin var umsjón með verkinu, vottaði, að verkið hefði verið framkvæmt og að það hefði verið nauðsynlegt, þar eð ketillinn hefði legið undir skemmdum, ef verkið hefði ekki verið framkvæmt. Einn stjórnenda hlutafélagsins var genginn úr hlutafélaginu, annar vegna einkaástæðna sinna útilokaður frá að gæta hagsmuna félagsins og sá þriðji hófst ekki handa. Talið, að ráðstöfun endur-

Bls.

urskoðandans væri óbeðinn erindisrekstur fyrir félagið og þessvegna væri því skylt að greiða A verkkaupið, með því einnig að verkið var óaðfinnanlega af hendi leyst 117

Ofbeldi. Sjá einnig líkamsáverki.

Maður dæmdur m. a. eftir 212. gr. hegningarlaganna fyrir að veitast að kvenmanni, skella henni niður í götu, leggjast ofan á hana og fletta upp um hana kjólnum 48

Ómaksbætur. Sbr. málskostnaður.

Dæmdar stefnda í hæstarétti, af því að áfrýjandi sótti ekki þing eða lagði ekki fram dómsgerðir eða hóf mál 55, 56, 57, 100, 178, 179, 293, 294, 295, 347, 360, 421, 423. 424, 425, 426, 427, 428, 589, 590, 592, 820, 887, 888, 889, 890, 891, 925, 989, 990, 991, 1030, 1043, 1045

Mál hafið af áfrýjanda. Annar hinna stefndu mætti og krafðist ómaksbóta. Sagt, að þar sem stefnan hefði verið afturkölluð og afturköllunin birt fyrir stefnda, yrði bótakrafan ekki tekin til greina gegn mótmælum áfrýjanda 363

Ómerking. Sbr. frávísun, réttarfarslög.

a. Einkamál.

Landamerkjadómur hafði vísað máli um landamerki prestsseturs frá, með því að hann taldi prest hafa áður fyrir sama dómi gert bindandi sætt við eigandа viðkomandi jarðar um landamerkin. Hæstiréttur taldi, að þótt líta mætti svo á, að presti hefði verið veitt heimild til að taka á móti stefnu og halda uppi málstað kirkjustjórnarinnar samkvæmt 12. gr. laga nr. 41/1919, þá hefði prest samt brostið heimild til að útkljá málið með sætt, þar sem það var ekki beinlínis tekið fram. Var landamerkjadómurinn þessvegna ómerktur og málinu vísað heim til dómsálagningar að efni til 101

Meðan stóð á rekstri máls á hendur hlutafélagi, var bú þess tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Málið var tekið til dóms og dómur uppkveðinn af hinum reglulega héraðsdómara. Í dómi hæstaréttar segir,

Bls.

að með því að löggjafinn hafi falið sama embættismanni almenn dómsstörf í héraði og skiptameðferð búa og engin ástæða til að ætla, að héraðsdómarinn hefði haft nokkur þau afskipti af sakarefninu, er hefðu valdið því, að hann gæti ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu, þá væri ekki tilefni til að ómerkja aðgerðir hans í málinu ex officio, eftir að hann tók bú hlutafélagsins til gjaldþrotaskipta 117

Kröfu, sem mál var rekið útaf fyrir sjórétti, var lýst í þrotabú. Skiptaráðandi kvað upp úrskurð um, að krafan skyldi ekki tekin til greina við skiptin, enda þótt honum væri kunnugt um, að mál á hendur búinu væri fyrir sjódómi. Skiptaréttarúrskurðinum var áfrýjað og hann ómerktur, en málinu var þó ekki vísað frá skiptaréttinum, með því að gera mátti ráð fyrir að dómkrafa um sama efni kæmi fyrir hann á sínum tíma 205

Mál, sem rekið hafði verið fyrir merkjadómi Siglufjarðar, ómerkt ex officio í hæstarétti, með því að dómsgerðirnar báru það eigi með sér, að meðdómsmennirnir hefðu unnið eið eða drengskaparheit, áður en þeir leystu dómsstarfið af hendi 121

Fjárnámsgerð ómerkt sökum ólöglegrar málasamsteypu 214

Skiptaréttarúrskurður ómerktur ex officio, sakir þess, að skiptaréttargerðir þær, sem fram voru lagðar í málinu, sýndu það eigi, að sáttatilraun hefði farið fram um ágreiningsatriðið, eins og fyrir er skipað í 38. gr. skiptalaga nr. 3 frá 1878 385

Veðskuldabréfi, sem fógeti taldi fjárnámsheimild felast í, hafði ekki verið þinglýst, sbr. 15. gr. laga nr. 29 frá 1885, og var fjárnámið því fellt úr gildi og ennfremur uppboð, sem hvíldi á fjárnáminu 555

Sjóréttardómur um björgunarlaun milli eigenda tveggja báta, sem vátryggðir voru í Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, ómerktur ásamt málsmeðferð, þar sem það óhjákvæmilega skilyrði brast fyrir því, að dómur yrði lagður á málið að efni til, að stjórn bátaábyrgðarfélagsins hefði samkvæmt 15. gr. laga félagsins, sem eigendur bátanna höfðu undirgengizt með því að tryggja báta sína í félaginu, ákveðið borgun fyrir hjálpina 847

Bls.

Lögtak fyrir útsvari ómerkt samkvæmt kröfu gerðarþola, með því að einungis einn réttarvottur var við lögtaksgerðina og ekki sást, að nokkur virðing á hinum lögteknu munum hefði fram farið 912

Lögtak fyrir útsvari fellt úr gildi samkvæmt kröfu gerðarþola, með því að einungis einn réttarvottur hafði undirritað bókunina um lögtaksgerðina 941

A hafði beðið um uppboð á fasteign, sem veðsett var samkvæmt ákvæðum 10. gr. tilsk. 1847. Var krafa hans tekin til greina og uppboðið auglýst, eins og lög standa til. A uppboðinu var ekki mætt af hálfu uppboðsbeiðanda, en uppboðshaldari lét uppboðið allt að einu fara fram. Þetta talin lögleysa og uppboðið ómerkt af þeim sökum 114

Fjárnám, gert í húsi samkvæmt heimild í skuldabréfi, sbr. 15. gr. laga nr. 29 frá 1885, ásamt eftirfarandi uppboði ómerkt, með því að óvissa ríkti um, hver eða hvort nokkur lóðarréttindi fylgdu húsinu 1007

Kröfu, þess efnis, að héraðsdómur yrði ómerktur og málinu vísað frá undirréttinum, hrundið 560

Kröfu um ómerking fjárnámsgerðar hrundið 869

b. Opinber mál.

Með konunglegri umboðsskrá var lögfræðingnum A falið að halda réttarrannsóknir í tilefni af brotum á áfengislöggjöfinni, en hins vegar var ekkert tekið fram um það, að A hefði umboð til að dæma mál, sem honum var falið að rannsaka. Dómur, sem A dæmdi, var þess vegna ómerktur ex officio 657

Dómari samkvæmt konunglegri umboðsskrá talinn hafa vanrækt að rannsaka nægilega og dæma um þau atriði, sem sekt eða sýkna ákærða virtist velta á að miklu leyti. Öll meðferð málsins fyrir aukarétttinum og hinn áfrýjaði dómur var þess vegna ómerkt og málinu vísað heim í hérað til nýrrar rannsóknar 821

Í opinberu máli var sakborningur dæmdur í héraði fyrir nytjastuld, bifreiðalagabrot, eyðilegging fjármuna o. fl. Hæstiréttur dæmdi um bifreiðalagabrotið og nytjastuldinn að efni til, en ómerkti héraðsdóminn að öðru leyti, með því að ákærða hafði

Bls.

ekki verið gert aðvart um, að mál yrði höfðað gegn honum útaf öðrum brotum 963

Opinber mál. Sbr. dómarar, iðgjöld, líkur, málasamsteypa, málshöfðun, málskostnaður, mat og skoðun, ómerking, refsingar, skaðabætur, sönnun.

1. Mál, er sæta opinberri meðferð.

Sök út af rúðubroti í húsi talin réttilega sótt í opinberu máli, með því að ákærði raskaði almennum friði í sambandi við þessar athafnir sínar, sbr. 298. gr. hegningarlaganna 952

2. Mál, er sæta opinberri meðferð eftir kröfu þess, er órétti hefir verið beittur.

A, sem var umboðsmaður firma og hafði vörur þess í vörzlum sínum, eyddi að nokkru vörunum og að nokkru fé, sem hann hafði fengið inn við sölu þeirra. Í sakamáli, sem var höfðað gegn A, eftir að hann var orðinn gjaldþrota, varð ekki dæmt um hvort skuldasöfnun þessi væri refsiverð gagnvart firmanu, með því að það gerði enga refsikröfu 126

3. Gallar á meðferð opinberra mála.

Vítt, að rannsóknardómari hafði talið mann brotlegan við 240. gr. hegningarlaganna og lokið máli hans með sætt um sektagreiðslu fyrir það eitt, að hann skýrði lögreglunni ekki frá því, að hann varð áskynja um, að stolnu víni var komið fyrir í herbergi, sem hann svaf í, en herbergið tilheyrði manni, sem tók þátt í þjófnaðinum 23

Átalið, að í rannsókn út af bílslysi, sem mannsbani hlauzt af, var ekki tekin skýrsla fyrir rétti af manni, sem slasaðist, enda þótt þess hefði verið kostur 67

Talið aðfinnsluvert, að í refsimáli út af skjalafalsi fylgdu hinir fölsuðu reikningar ekki dómsgerðum málsins til hæstaréttar 76

Fundið að því í opinberu máli gegn manni fyrir illa meðferð á barni, sem komið hafði verið fyrir hjá honum, að ekki hafði verið aflað nægilegra upp-

Bls.

lýsinga um húsakynni á heimili ákærða né um andlegan þroska barnsins 172

Fundið að því, að áfengisstyrkleiki bruggaðs áfengis hafði ekki verið reyndur og að rannsóknardómarinn hafði ekki látið úrskurð sinn um húsleit hjá kærða í dómsgerðirnar 328

Fundið að því í opinberu máli gegn bifreiðarstjóra fyrir ógætilegan akstur, sem slys hlauzt af, að bifreiðin var ekki athuguð, þegar færi gafst til þess eftir slysið, að vegarbreiddin var ekki mæld og að ekki fylgdi málsskjölunum uppdráttur af þeim kafla vegarins, sem máli skipti 745

Vítt, *að* rannsóknardómari hafði ekki fengið ótvíræða yfirlýsingu manns, sem peningum hafði verið stolið frá, að hann krefðist málshöfðunar samkvæmt 2. mgr. 6.gr. laga nr. 51/1928, *að* dómarinn höfðaði mál gegn ákærða fyrir brot gegn 230. gr. hegningarlaganna í stað 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 frá 1928, *að* dómarinn dæmdi ákærða fyrir brot á 230. gr. hegningarlaganna í stað 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 frá 1928 og *að* ekki var getið berum orðum í prófum málsins eða dómi, að kr. 25,00, sem fundust undir klæðaskáp í herbergi ákærða, hefðu verið í peningaseðlum sömu tegundar og þeir peningar, er stolið var 757

Vítt, *að* dómari útvegaði ekki fæðingarvottorð ákærða, *að* læknisvottorð um áverka, sem ákærður veitti manni, var ekki fengið fyrr en eftir að dómur var genginn í héraði — en héraðsdómarinn taldi kærandann eiga að útvega það – og loks *að* ákærðum var ekki veittur kostur á að fá sér skipaðan talsmann 780

Telpa varð fyrir bíl, sem rann til á svelli á götu, og beið bana af því. Í opinberu máli gegn bifreiðarstjóranum var fundið að því við héraðsdómarann, *að* ákærður var ekki spurður um, hvenær hann varð fyrst svellsins var á götunni, *að* ekki var leitað skýrslna um það, hvort svell eða hálka var á vegi þeim, er bílstjórinn hafði ekið daginn, sem slysið varð, og *að* engra upplýsinga var leitað um stærð eða aldur telpunnar, sem fyrir bílnum varð 810

Bls.

Fundið að því, að maður, ákærður fyrir ýmis brot, var aldrei spurður um það atriði, hvort hann hefði neytt áfengis á opinberum veitingastað, enda þótt vitni hefði borið, að svo hefði verið. Ennfremur vitt, að dómarinn hafði ekki greint nægilega glöggt brot ákærða í dóminum og alls ekki látið laga nr. 51/1928 getið, þótt þau lög væru brotin, né heldur nefnt nokkur sérstök áfengis- eða sóttvarnarlög, enda þótt ákærður væri dæmdur fyrir brot, sem vörðuðu við þau lög 952

Vitt, að héraðsdómari gerði sig beran að drætti á opinberu máli, hélt ákærða að þarflausu í gæzluvarðhaldi, sameinaði refsiákvæðum í dómi sínum refsiákvæði eldri skilorðsbundins dóms og skilgreindi ekki þau áfengis- og bifreiðalög, sem hann dæmdi eftir 963

Það talið athugavert við meðferð opinbers máls, að aukaréttardómurinn var ekki birtur dómfellda, fyrr en mörgum mánuðum eftir uppkvaðningu hans, og að ekki voru útveguð hegningarvottorð ákærða 995

Fundið að því, að rannsókn opinbers máls væri ófullkomin 1049

Bílstjóri var kærður fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögunum. Í héraðsdóminum var skýrt frá því, að flaska af heimabrugguðu áfengi hefði fundizt í framsæti bifreiðarinnar og að kærður hefði neitað að vita deili á henni, en ekki lagður dómur á það berum orðum, hvort kærði skyldi sýkn eða sekur að þessu leyti. Þetta átalið í hæstarétti. Jafnframt fundið að því, að héraðsdómarinn tók ökuskírteinið af kærðum sama dag, sem héraðsdómurinn var uppkveðinn, enda þótt þá væri óráðið, hvort dóminum yrði áfrýjað og engar varúðarráðstafanir gerðu töku þess nauðsynlega 1045

Vittur dráttur af hálfu héraðsdómara 507

Dráttur dómara á rannsókn opinbers máls talinn réttlættur 236

4. Nýjar upplýsingar.

Rannsóknardómari skyldaður til þess með úrskurði að

Bls.

afla frekari upplýsinga og máli frestað á meðan í hæstarétti 34, 599

Krafa verjanda tveggja ákærðra í opinberu máli um að framhaldsrannsókn yrði látin fara fram í málinu tekin undir sérstakan úrskurð, en kröfunni synjað 52

Opinberar eignir. Sjá bryggjugjald.

Prentfrelsi.

Ábyrgðarmaður blaðs sektaður fyrir meiðandi ummæli um mann í blaðinu 189

Í meiðyrðamáli í tilefni af nafnlausum greinum í blaði var það talið, samkvæmt tilsk. frá 9. mai 1855 um prentfrelsi, óheimilt gegn mótmælum útgefanda og ábyrgðarmanns blaðsins að leiða vitni til að fá það upplýst, hvort aðrir menn hefðu staðið á bak við hann um útgáfu blaðsins 534

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Alþýðublaðsins, sem ákærður var fyrir brot gegn 9. kap. hinna almennu hegningarlaga, sýknaður, með því að blaðagrein sú, sem málið var höfðað í tilefni af, var undirrituð fullu nafni höfundar hennar 982

Ritstjóri og ábyrgðarmaður dagblaðs dæmdur til refsingar fyrir óundirritaða meiðyrðagrein, sem birtist í blaði hans 1075

Refsingar.

1. Almennt.

Refsing sökunauts, sem dæmdur var eftir áfengis- og bifreiðalögunum og 200. gr. hegningarlaganna, ákveðin með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna, með því að hann var aðeins 17 ára, þegar brotin voru framin 67

Gæzluvarðhald kærða í opinberu máli útaf brotum á áfengislögunum látið, samkvæmt analogiu 59. gr. hegningarlaganna, koma í stað refsingar þeirrar, sem hann hafði unnið til 1049

Héraðsdómari ákveður sektarhegningu án þess að til málshöfðunar komi 23

Sagt, að togaraskipstjóra hefði hlotið að vera það ljóst, að hann var að veiðum í landhelgi, áður og þegar

Bls.

skip hans var tekið. Var hann þessvegna samkvæmt 5. gr. laga nr. 5 frá 1920 dæmdur í aukarefsingu, sem ákveðin var 2 mánaða einfalt fangelsi 797
Refsing A, sem dæmdur var fyrir brot gegn mörgum ákvæðum 26. gr. hegningarlaganna, metin með hliðsjón af 58. gr. sömu laga 236
Fangelsisrefsing og sekt dæmd sama manni í sama máli fyrir brot á áfengislöggjöfinni.. 187, 625, 855, 967
Refsiákvæði 14. gr. laga nr. 70 frá 1931, um notkun bifreiða, einnig látin taka til brota á 15. gr. sömu laga 618, 745, 1079

2. Einstakar refsitegundir.

a. Sektir dæmdar 43, 96, 170, 180, 182, 187, 189, 200, 328, 368, 373, 409, 429, 440, 463, 468, 517, 520 529, 536, 551, 596, 605, 618, 625, 705, 745, 762, 790, 793, 797, 855, 881, 952, 967, 982, 1070, 1075
b. Einfalt fangelsi 67, 126, 328, 696, 797
c. Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi 23, 48, 76, 156, 172, 187, 236, 348, 350, 357, 373, 409, 440, 468, 507, 625, 757, 777, 780, 784, 855, 915, 952, 963, 967, 979, 995, 1054, 1070, 1072
d. Betrunarhúsvinna 35, 236, 522, 635, 721, 828, 874, 892
e. Eignir dæmdar upptækar:
1) Bruggunartæki og áfengi gert upptækt . 170, 187, 328, 348, 373, 409, 468, 605, 625, 855, 1049, 1070
2) Afli og veiðarfæri botnvörpunga gerð upptæk 96, 182, 200, 529, 536, 762, 797
f. Svipting réttinda:
1) Bifreiðarstjóri sviptur ökuleyfi 43, 463, 618, 696
2) Maður sviptur rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki 236
3) Maður sviptur veitingaleyfi 881

Reikningslán. Sjá samningar.

Reklamation. Sjá viðskiptatilkynningar.

Bls.

Réttarfarslög. Sbr. aðild, áfrýjun, dómar og úrskurðir, dómarar, frávísun, frestir, málasamsteypa, málflutningsmenn, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, ómaksbætur, ómerking, réttarfarssektir, sáttir, stefnur, útivist aðilja, varnarþing, vitni, þingsafglöpun.

A kyrrsetti eignir B fyrir kröfu á hendur honum og höfðaði síðan mál á hendur honum til staðfestingar kyrrsetningunni. B mætti í réttinum, en hreyfði engum mótmælum, og voru kröfur A þegar af þeirri ástæðu teknar til greina. 1, 3, 6, 8, 10, 13, 15, 18, 20

Þrautavarakrafa áfrýjanda tekin til greina í hæstarétti, enda þótt hún væri ekki berum orðum framsett í héraði, með því að telja mátti þrautavarakröfuna innifólgna í dómkröfu áfrýjanda í héraði sem hið minna í hinu meira 58

Krafa áfrýjanda, sem var varnaraðili í undirrétti, um að nokkrir liðir í skuldakröfu á hendur honum væru felldir niður, tekin til greina, með því að stefndi hafði ekki aflað upplýsinga um liðina, enda þótt honum hefði verið þess nægur kostur. Sami áfrýjandi dæmdur til að greiða kaup skipverja á línuveiðagufuskipi, með því að honum tókst ekki að rökstyðja staðhæfingu sína um, að kaupið væri greitt og skýrsla hans reyndist röng í verulegum atriðum 149

Talið, að undantekningu frá þeirri almennu reglu löggjafarinnar, að dómsathafnir fari því aðeins fram, að sá mæti við þær, sem um þær biður, sé ekki að finna að því er varðar fasteignauppboð 114

A höfðar mál gegn B til greiðslu skuldar. B lét mæta í málinu og taka frest, en tók samt ekki til andsvara. Voru dómkröfur A þegar af þeirri ástæðu teknar til greina 214

Togari veitti skipi, sem orðið hafði fyrir sjóskaða, hjálp, sem talin var aðstoð en ekki björgun. Hæstiréttur felldi úr gildi ex officio ákvæði héraðsdómsins um sjóveðrétt í skipinu til handa eiganda togarans fyrir þóknun þeirri, sem honum var dæmd 402

Talið heimilt í máli, sem rekið var fyrir einkalögregluréttí útaf vinnulaunum, að koma að til skuldajafn-

Bls.

aðar án gagnsóknar kröfu útaf húsaleigu, með því að viðurkennt var í héraði af þeim aðilja, sem gerði kröfu til vinnulaunanna, að þau hefðu átt að ganga upp í húsaleigu 295

A höfðaði mál gegn B, en málinu var vísað frá vegna formgalla. A höfðaði síðan nýtt mál sama efnis og lagði fram í því varnarskjöl umboðsmanns B frá fyrra málinu. Sagt í héraðsdóminum, að ekki þætti fært að telja B bundinn af málflutningi fyrra málsins í síðara málinu 496

A var ráðinn yfirsmiður skólahúss. Eftir að aðalsmíði hússins var lokið, var smíðinni hætt um nokkra mánuði. Við endurupptöku verksins var annar yfirsmiður ráðinn. Þetta talin samningsrof gegn A og honum, samkvæmt kröfu hans, dæmt það kaup, sem hann hefði fengið sem yfirsmiður. Í hæstarétti krafðist skólanefndin niðurfærslu bótanna, en sú krafa var ekki tekin til greina, með því að engar varakröfur um lækkun skaðabótanna voru gerðar í héraði og ástæður fyrir slíkum kröfum of seint fram komnar í hæstarétti 674

Árið 1930 fékk banki samkvæmt lögum nr. 34 frá 1927 veð í fiski A, veiddum og óveiddum. Síðar seldi A firma einu fiskinn. Veðhafi fékk ekkert af andvirðinu, en nokkuð af því gekk upp í viðskipti A og firmans. Bú A var síðan tekið til gjaldþrotaskipta og höfðaði bankinn f. h. þrotabúsins mál gegn firmanu til riftunar samkvæmt gjaldþrotalögunum á skuldagreiðslum A til firmans 1930. Í þessum aðgerðum ekki talin felast viðurkenning bankans um, að hann ætti ekki kröfur á hendur firmanu vegna kaupa hins veðsetta fisks eftir almennum skaðabótareglum ... 313

A, sem varð fyrir bílslysi, krafðist kr. 5000,00 skaðabóta ásamt 6% vaxta af þeirri fjárhæð frá þeim tíma, er slysið varð, til greiðsludags. Í dómi hæstaréttar segir, að með því að krefjast sýknu í málinu hafi stefndi í héraði nægilega mótmælt vaxtakröfunni. Var krafa áfrýjanda um lækkun vaxtanna því tekin til greina og þeir aðeins dæmdir 5% frá sáttakærudegi af þeirri fjárhæð, sem til greina var tekin 816

Bls.

Aðaláfrýjandi mótmælti öllum kröfum gagnáfrýjanda. Vextir þessvegna dæmdir gagnáfrýjanda einungis frá sáttakærudegi, enda þótt vöxtunum væri ekki sérstaklega mótmælt 925

Réttarfarssektir.

A, sem ákærður var í opinberu máli, lagði fram ásamt vörn sinni skjal, þar sem höfð voru ósæmileg ummæli um héraðsdómarann og fleiri nafngreinda menn. A var dæmdur í réttarfarssekt í því máli . 440

Talið, að ákvæði héraðsdóms um sekt á hendur málflytjanda fyrir ríthátt yrði ekki breytt í hæstarétti, með því að héraðsdómnum hefði ekki verið áfrýjað að þessu leyti 1031

Réttarmál.

Fundið að því í héraðsdómi í einkamáli, að gögn þau, sem talin voru að skipta aðallega máli, hefðu verið lögð fram á erlendri tungu og án þess að þýðing á íslenzku fylgdi 387

Réttarvottar.

Lögtaksgerð felld úr gildi, með því að einungis einn réttarvottur var við réttarathöfn þessa 912, 941

Sakamál. Sjá opinber mál, refsingar, saknæmi.

Sakaukamál. Sjá áfrýjun, málasamsteypa.

Sakhæfi.

Að framkvæmdri rannsókn taldi geðveikralæknir tvo menn, sem framið höfðu íkveikju, ekki geðbilaða, en hinsvegar á lágu andlegu þroskastigi. Þeir taldir sakhæfir 35

Maður dæmdur eftir 186. og 212. gr. hegningarlaganna fyrir í ölæði að veitast að kvenmanni, skella henni niður í götu og leggjast ofan á hana 48

Saknæmi. Sbr. áfengislagabrot, bifreiðar, refsingar.

A, sem svaf í herbergi, sem stolnu víni var komið fyrir í, skýrði lögreglunni ekki frá vitneskju sinni um

Bls.

það. Dómarinn taldi A hafa brotið 240. gr. hegningarlaganna með þessu og ákvað honum sektahegningu. Með því að A hafði ekki unnið til refsingar með téðu afskiptaleysi, var dómarinn víttur fyrir þetta 23

Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 34 frá 1915, um dýraverndun, fyrir að fella undan að segja til þess, að tvö hross höfðu orðið fyrir bifreið hans og fótbrotnað 43

A talinn við akstur bifreiðar hafa orðið mannsbani af gáleysi og dæmd eftir 200 gr. hegningarlaganna til fangelsisvistar. A einnig dæmd fyrir brot gegn ýmsum greinum bifreiðarlaganna og 20. gr. áfengislaganna fyrir að aka bíl, þótt hún hefði hvorki ökupróf né ökuleyfi, fyrir að aka hraðar en lög leyfa og undir áhrifum áfengis 67

Maður dæmdur til refsingar fyrir brot gegn 205. sbr. 2. lið 204. gr. hegningarlaganna fyrir illa meðferð á barni 172

A, sem haldinn var kynsjúkdómi, hafði samfarir við unnustu sína og síðar konu sína og smitaði hana af kynsjúkdómnum. Hann var dæmdur eftir lögum nr. 6/1924, með því að sannað þótti, að hann hefði þá vitað eða haft grun um sjúkdóminn 156

Maður dæmdur eftir 263. gr. hegningarlaganna fyrir að greiða einum lánardrottna sinna skuld, þegar hann sá fyrir yfirvofandi gjaldþrot sitt, en sýknaður af öðrum ákærum eftir 26. kap. hegningarlaganna .. 126

Talið sannað, að A hefði vitað, að B, sem A veittist að, væri í stöðu lögreglustjóra og væri að gegna henni, þegar árásin átti sér stað. Var A þessvegna dæmdur eftir 102. gr. hegningarlaganna 180

A og B dæmd fyrir brot gegn ýmsum greinum 26. kap. hegningarlaganna og hlutdeild í slíkum brotum .. 236

A dæmdur eftir 255. gr. hegningarlaganna og B eftir 259. gr. sömu laga fyrir sviksamlega meðferð á handhafaskuldabréfi, sem þriðji maður átti og þeir fengust við sölu á 350

A dæmdur eftir 262. gr. hegningarlaganna fyrir að selja B bifreið til málamynda, þegar hann (A) sá gjaldþrot sitt yfirvofandi. Í sama máli var B dæmdur

Bls.

eftir 262. gr., sbr. 48. gr. sömu laga, með því að líta varð svo á, að honum hefði verið svo kunnur efnahagur A, að honum hefði verið ljóst, að A með afsalinu var að svíkja kreditora sína 440
Maður dæmdur eftir 205. sbr. 208. gr. hegningarlaganna fyrir að veita öðrum manni líkamsáverka í áflogum 507
Innheimtumaður lands- og bæjarsímastöðvarinnar í Reykjavík dæmdur fyrir sjóðþurrð eftir 136. gr. 1. mgr., sbr. 145. gr. sbr. einnig 34. gr. hegningarlaganna 522
Maður dæmdur eftir 271. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa heimildarlaust skrifað nöfn tveggja manna sem útgefanda og ábekings að víxli 635
Bifreiðarstjóri talinn að hafa orðið mannsbani af gáleysi og dæmdur eftir 200. gr. hegningarlaganna í fangelsi og til að missa ökuskírteini 696, 915
Bankafulltrúi dæmdur fyrir sviksamlegt athæfi og fyrir ranga færslur í bókum Landsbankans til að leyna fjárdrátti sínum eftir 134. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna og eftir 255. gr. sömu laga 721
Talið sannað, að A hefði stolið peningum, sem geymdir voru í pappakassa í íbúð, sem hann hafði gengið um. Hann dæmdur eftir 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1928 757
Maður dæmdur fyrir nytjastuld eftir 238. hgl. 777, 963
Maður dæmdur fyrir að veita öðrum manni líkamsáverka eftir 205. gr. hgl. 357, 780
Tveir menn dæmdir fyrir tilraun til innbrotsþjófnaðar 784
Þrír menn dæmdir fyrir brot gegn lögum nr. 32 frá 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki, og lögum nr. 84 frá 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum 790
Bifreiðarstjóri sýknaður af ákæru fyrir að hafa orðið mannsbani af gáleysi 810
Ekki talið, að skilyrði væri fyrir hendi til að refsa bílstjóra fyrir brot gegn 209. sbr. 206. gr. hegningarlaganna vegna meiðsla, sem farþegi í bíl, sem bílstjórinn ók á, varð fyrir 618
Menn dæmdir fyrir ikveikju, framda af ásettu ráði 35, 828
Menn dæmdir fyrir ýmiskonar þjófnaði 76, 874, 952, 979, 995
Gjaldkeri útibús Útvegsbanka Íslands h/f dæmdur fyrir sjóðþurrð eftir 255. gr. hegningarlaganna 892

Bls.

Maður dæmdur eftir 298. gr. hegningarlaganna fyrir að brjóta rúður í húsi 952

Maður dæmdur eftir 4. málsgr. 83. gr. hegningarlaganna fyrir ummæli um hinn þýzka kanzlara og stjórn þýzka ríkisins 982

Maður dæmdur fyrir brot gegn ýmsum greinum 26. kap. hegningarlaganna 1054

Maður dæmdur eftir 101. gr. hegningarlaganna fyrir að veitast að lögregluþjóni 1072

Maður dæmdur fyrir innflutning áfengis eftir 12. gr. laga nr. 69 frá 1928 705

Samningar. Sbr. kaup og sala, skaðabætur, skuldir, sönnun, verksamningar, vinnusamningar.

Sýslunefnd Kjósarsýslu samþykkti á fundi sínum 1931 að gerast kaupandi að hlutabréfi í Flugfélagi Íslands h/f. Samþykkt þessi var birt í fundargerðum sýslunefndarinnar. Nokkru síðar komst félagið í fjárþrot og voru eignir þess teknar til meðferðar af skilanefnd og krafði hún sýslunefndina um greiðslu hlutafjárins. A sýslufundi 1932 lýsti oddviti yfir því, að hann hefði ekki »formlega« tilkynnt hlutafélaginu kaupin. Við flutning málsins var af hálfu oddvitans sagt, að hann og formaður félagsins hefðu að vísu talast við um kaupin eftir að þau voru samþykkt af sýslunefndinni, en ekkert loforð þá gefið um greiðslu fjárhæðarinnar. Hæstiréttur taldi ekki fram komna næga sönnun fyrir því, að kaup hefðu fram farið 501

A seldi B eignar- og ábýlisjörð sína, en A rak samt áfram búskap á jörðinni. B veðsetti síðar C jörðina og var hún útlögð honum sem ófullnægðum veðhafa. Talið, að B hefði samkvæmt samningum við A haft heimild til að byggja A út og þar sem jörðin var veðsett C með öllum réttindum, þá hefði C við útlagninguna og síðar kona hans öðlazt rétt til að byggja A út 629

A, sem hafði atvinnu af því að byggja og selja hús, fékk lánað byggingarefni hjá firma, einu og var svo um samið, að það skyldi greitt, þegar húsið væri selt. Það talin hafa verið forsenda af hálfu firm-

Bls.

ans, að það fengi byggingarefnið greitt a. m. k. innan hæfilegs tíma frá því að smíði hússins var lokið, með því að ekki yrði litið svo á, að það hefði verið tilætlun aðiljanna, að skuldin stæði inni hjá A vaxtalaust ótakmarkaðan tíma, enda hafði firmað lánað A byggingarefni til þriggja annarra húsa og fengið andvirðið greitt, þegar hvert einstakt hús var komið upp 702

Fyrir atbeina dómsmálaráðherra skuldbatt A sig hinn 1. nóv. 1931 til að greiða 500 krónur í hreppssjóð Gerðahrepps til að losna undan refsiábyrgð vegna veiða með dragnót undan Gerðahreppi og gegn því að landhelgin yrði opnuð fyrir dragnótaveiðar frá Keflavíkurhreppi og að miði Varaósvitanna saman, enda væri leyfilegt að liggja á greindri línu og kasta til norðurs. A var dæmdur til að greiða téða fjárhæð, með því að atvinnumálaráðherra leyfði, að landhelgin væri opnuð frá 15. okt. til 30. nóv. nefnt ár, en, eins og málum var háttað, gat A ekki vænzt þess, að landhelgin yrði opnuð lengur. Í leyfinu var ekki minnzt á, að bátar mættu liggja á takmarkalínunni og kasta til norðurs, en gildi skuldbindingarinnar var ekki talið geta oltið á þessu, enda ekki talið líklegt, að um það hefði verið fengizt, þótt veitt hefði verið á greindan hátt 1001

Maður hafði gert reikningslánsamning við bankaútibú. Er frá leið komst skuldin upp yfir þau takmörk, sem sett voru í samningnum. Varð það þá að samkomulagi, að leggja til hliðar sem moratorium nokkurn hluta skuldarinnar gegn því skilyrði, að skuldari greiddi eftirstöðvarnar skilvíslega. Með því að vanefndir urðu á þessu, var útibúið talið geta gengið að skuldara fyrir allri reikningslánsfjárhæðinni 336

Sagt, að A, sem seldi B ákveðið magn af fiski, hefði ekki gegn mótmælum B tekizt að sanna, að athugasemd í niðurlagi samnings þeirra um fiskkaupin fæli í sér annað og meira en undantekning frá aðalákvæðum samningsins um afhendingartíma og verð á þeim hluta hins selda fisks, er tiltekinn var í athugasemdinni 58

Bls.

Samvinnufélög.

Talið, að sérreglan um skatt samvinnufélaga til sveitar- og bæjarsjóða í 3. lið 38. gr. laga nr. 36 frá 1921 sé ekki numin úr gildi með hinni yngri löggjöf um tekjur bæjar- og sveitarsjóða 616

Sáttir.

Landamerkjadómur hafði vísað máli um landamerki prestsseturs frá, með því að hann taldi prest hafa gert bindandi sætt um sakarefnið. Hæstiréttur taldi prest ekki hafa haft heimild að sættast á málið og ómerkti þess vegna merkjadóminn og vísaði málinu heim til dómsálagningar að efni til 101

Skiptaréttarúrskurður ómerktur ex officio vegna vöntunar á sáttatilraun 385

Manni, sem vann á bifreiðastöð, var sagt upp starfi sínu frá 1. des. 1931. Hann krafðist í sáttakæru kaups yfir tímabilið frá 1. okt. 1931 til loka þess árs, en í stefnu frá 1. des. s. á. til loka febrúar 1932. Þar sem sáttanefndarmenn vottuðu, að leitað hefði verið sátta um kröfu þá, sem í stefnunni greindi og umboðsmaður stefndu við sáttaumleitanina hreyfði engum mótmælum, þá þótti ekki ástæða til að vísa málinu frá dómi ex officio 432

Ekki tekið mark á vottorði sáttanefndarmanna í sáttafundargerð um, að skuldari hefði boðið fram kr. 700,00 á sáttafundi til greiðslu skuldar, með því að sáttanefndarmönnum er óheimilt að votta nokkuð um sáttatilboð aðilja 496

Krafa stefnda um að máli yrði vísað frá dómi, sökum þess, að sáttakæra hefði ekki verið löglega birt, ekki talin á rökum byggð, enda sótti stefndur sáttafund 681, 686

Aðili dæmdur samkvæmt tilsk. 11. ágúst 1819, 1. gr., til að greiða sekt í ríkissjóð, vegna þess, að hann sótti ekki sáttafund 824

A höfðaði mál á hendur firma einu til greiðslu skuldar. Firmað var að mestu leyti sýknað, en málskostnaður var látinn falla niður í héraði og hæstarétti, með því að firmað lét eigi mæta við sáttaumleitan í málinu 611

Bls.

Sauruglegt athæfi. Sjá kynferðisbrot.

Sektir. Sjá refsingar.

Siglingar. Sjá árekstur skipa, björgun, fiskveiðalög, sjódómur, sjódómsmál, sjóveð, varðskip, vátrygging.

Sjóðþurrður.

Innheimtumaður lands- og bæjarsímastöðvarinnar í Reykjavík talinn opinber sýslunarmaður og þess vegna dæmdur fyrir sjóðþurrð eftir 136. gr. 1. mgr., sbr. 145. gr., sbr. einnig 34. gr. 1. mgr. hinna almennu hegningarlaga 522

Féhirðir útibús Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum dæmdur fyrir sjóðþurrð eftir 255. gr. hinna almennu hegningarlaga 892

Sjódómur. Sjódómsmál.

Mál út af kaupkröfu skipverja á línuveiðagufuskipi .. 149

Mál til viðurkenningar sjóveðrétti 289, 402, 716

Mál vegna árekstrar skipa 376, 836

Mál út af björgunarlaunum eða aðstoðar 402, 669, 847

Mál um skaðabætur vegna skemmda, sem urðu á skipi af völdum kolakranans í Reykjavík 862

Sjóvátrygging. Sjá vátrygging.

Sjóveð. Sbr. veð.

Viðurkenndur með dómi sjóveðréttur í línuveiðagufuskipi til tryggingar greiðslu á kaupkröfum skipverja 149

Samið var svo um kaup skipverja á vélbát, sem gekk til fiskveiða, að hann skyldi hafa ákveðinn hluta af afla skipsins, en útgerðarmaður tók allan aflann til sín og færði skipverjanum andvirði hlutar hans til tekna. Talið, að með þessu hafi verið einungis ákveðinn sá háttur, sem hafa skyldi um útreikning á kaupi skipverjans og var skipverjanum þess vegna dæmdur sjóveðréttur fyrir innieign sinni hjá útgerðarmanninum 289, 716

Bls.

Togari veitti skipi, sem orðið hafði fyrir sjóskaða, hjálp, sem talin var aðstoð, en ekki björgun. Hæstiréttur felldi úr gildi ex officio ákvæði héraðsdómsins um sjóveðrétt í skipinu til handa eiganda togarans fyrir þóknun þeirri, sem honum var dæmd 402

Skaðabætur. Sbr. kaup og sala, samningar, skuldir, vinnusamningar, verksamningar.

Þrír menn urðu uppvísir að því, að hafa brotizt inn í víngeymslu áfengisverzlunar og stolið þar víni. Saknað var 95 flaskna af 5 vintegundum, en sökunautar játuðu einungis að hafa stolið 58 flöskum. Sakborningar voru einungis dæmdir til að greiða andvirði þeirra flaskna, sem þeir játuðu að hafa tekið og ekki voru þegar greiddar eða skilað aftur. Við ákvörðun iðgjaldanna var lagt til grundvallar, að vínflöskurnar hefðu verið þeirrar tegundar, sem lægstu verði voru seldar eftir því sem til vannst 23

A veittist að konu einni og var dæmdur fyrir það eftir 186. og 212. gr. hegningarlaganna. Hann bauð síðar fram og greiddi skaðabætur fyrir fataskemmdir og meiðsli, sem konan varð fyrir 48

Í refsimáli á hendur bílstjóra út af bílslysi samþykkti eigandi bílsins, að dæmt væri um skaðabótakröfu á hendur honum vegna slyssins. Hann krafðist niðurfærslu skaðabóta í hæstarétti. Sagt, að um þessa kröfu hans yrði ekki dæmt, með því að hvorki hefði málinu verið áfrýjað af hans hálfu né honum stefnt af hálfu valdstjórnarinnar 43

Bifreiðareigandi dæmdur til að greiða dreng á 11. ári skaðabætur vegna varanlegs heilsutjóns, sem drengurinn hlaut af því að bifreiðin ók á hann. Við ákvörðun bótanna var tekið tillit til þess, að drengurinn sýndi af sér mikla óvarkárni 92

Bifreiðar A og B rákust á. A höfðaði mál gegn B til greiðslu skaðabóta vegna skemmda þeirra, sem urðu á bifreið hans við áreksturinn. Talið, að málsaðiljum bæri að bæta skaðann að tiltölu við sök bifreiðastjóranna hvors um sig 192

Banki lánaði A fé til útgerðar og fékk veð í fiski,

Bls.

veiddum og óveiddum, samkvæmt lögum nr. 34 frá 1927. Síðar seldi A firma einu fiskinn, en greiddi ekki andvirðið til bankans. Firmað var sýknað af kröfu bankans til greiðslu skaðabóta í tilefni af því, að bankinn missti veðsins eða andvirðis þess, með því að upplýst var talið, að það væri venja, að veðsalar ráðstöfuðu fiski, veðsettum samkvæmt téðum lögum, án afskipta veðhafa, og að kaupendur sliks fisks hefðu venjulega greitt andvirði hans til veðsala án athugasemda af hálfu veðhafa, en hins vegar ósannað, að forsjármenn firmans hefðu vitað eða átt að vita, að veðsali tæki við andvirði fisksins með þeim ásetningi, að gera veðhafa tjón 313

Bifreiðarstjóri dæmdur til þess samkvæmt 15. gr. bifreiðalaganna að greiða ekkju manns, sem lézt af meiðslum, er hann hlaut af því, að bifreið rakst á hann, skaðabætur, með því að ekki var sannað, að slysið hefði hlotið að vilja til, þótt bifreiðarstjórinn hefði sýnt þá aðgæzlu, sem honum sem ökumanni var skylt að gæta 457

A hafði veitt B líkamsáverka. Í refsimáli á hendur A krafðist B skaðabóta, en dómur var ekki lagður á skaðabótakröfuna í því máli. Dómarinn hafði sem sé einungis sagt ákærða frá, að skaðabótakrafan væri fram komin, en ekki leitað álits hans um hana og hvorki getið hennar í tilkynningunni til ákærða um málshöfðun né í aukaréttarstefnunni 507

A, sem veitti B líkamsáverka, dæmdur til að greiða B skaðabætur fyrir læknishjálp og kostnað vegna áverkans 357, 780

A skrifaði sem ábekingur á víxil fyrir C, en áskildi sér við hann, að víxilinn mætti aðeins selja, ef tilteknum skilyrðum yrði fullnægt. C seldi síðan víxilinn án þess að fullnægja skilyrðunum, og hjálpaði D honum við söluna. Ekki talið sannað, að D hefði haft slíka vitneskju um misfellur C gegn A, að D hefði með því bakað sér skaðabótaskyldu gegn A 659

Innheimtumanni lands- og bæjarsímastöðvarinnar í Reykjavík, sem dæmdur var til refsingar fyrir sjóðþurrð, gert að endurgreiða fé það, er hann hafði dregið sér 522

Bls.

Bifreiðarstjóri, sem olli slysi fyrir ógætilegan akstur, dæmdur til að greiða skaðabætur 745

Maður, sem gerði sig sekan um nytjastuld á bifreið, dæmdur í refsimáli til að greiða eiganda bifreiðarinnar kostnað og tímatap við að elta ákærða 777

Bankafulltrúi í Landsbanka Íslands, sem tekið hafði við hjá ýmsum viðskiptamönnum bankans árgjaldsgreiðslum á veðdeildarlánum og stungið þeim í sinn vasa, dæmdur í sakamáli til að greiða bankanum fé 721

Eigandi kolakranans í Reykjavík talinn eiga að bera skaða þann, sem hlauzt af því, að kraninn rakst á og skemmdi skip, sem verið var að skipa kolum upp úr, með því að mönnum þeim, sem af hálfu eigandans unnu við kolakranann, mátti vera það ljóst, að samfara vinnu við hann í því hvassviðri, sem þá var, hlaut að vera allmikil hætta 862

Bifreiðareigandi dæmdur samkvæmt 15. og 16. gr. laga nr. 70 1931 til að greiða skaðabætur, sem hlutust af akstri bifreiðar 816

Vörubílastöð Reykjavíkur sýknuð af skaðabótakröfu vegna skemmda, sem bifreiðarstjóri frá stöðinni var sakaður um að hafa valdið við flutning húsmuna, með því að ekki var litið svo á, að nefnd vörubílastöð kæmi fram við samningana sem verksali eða ræki aðra sjálfstæða starfsemi en að vera miðlari milli eiganda og notenda bifreiðarinnar .. 858

Féhirðir útibús Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum, sem gert hafði sig sekan um sjóðþurrð, dæmdur í sakamáli til að greiða téðu útibúi skaðabætur 892

A, sem keypt hafði bíl, að áskildum eignarrétti af hálfu seljandans, unz kaupverðið væri að fullu greitt, var með úrskurði fógeta sviptur yfirráðum yfir bifreiðinni samkvæmt kröfu seljanda, með því hann var talinn hafa vanefnt kaupsamninginn. Hæstiréttur felldi úrskurðinn úr gildi. Tveir málfærslumenn, sem A framseldi skaðabótakröfu sína á hendur seljanda bifreiðarinnar vegna afnotamissis hennar, fengu sér dæmdar bætur 925

A, sem dæmdur var eftir 298. gr. hegningarlaganna fyrir

Bls.

að brjóta rúður í húsi, var dæmdur í sakamáli til að greiða húseigandanum skaðabætur. Hinsvegar var hann ekki dæmdur til að greiða bætur fyrir stolinn fisk, með því að krafa um iðgjöld fyrir hann kom ekki fram í málinu 952

Í refsimáli á hendur manni fyrir nytjastuld á bifreið var krafa eiganda bifreiðarinnar um bætur fyrir skemmdir á bifreiðinni ekki dæmd vegna skorts á upplýsingum um skemmdirnar 963

Tveir menn, sem brutust niður í vélrúm vélbáts og stálu þar og skemmdu muni, dæmdir í refsimáli til að greiða eiganda bátsins bætur 995

Skaðabótakröfu útaf lögtaksgerð fyrir útsvari, sem felld var úr gildi, hrundið. Gerðarþoli kvaðst hafa haft kostnað af geymslu hinna lögteknu fjármuna og orðið að vera án þeirra. Sagt, að um atriði þessi, þó rétt væru, mætti gerðarþoli kenna sjálfum sér, með því að hann hefði miklu fyrr getað fengið dóm í hæstarétti um lögmæti lögtaksgerðarinnar . 912

Bifreiðarstjóra dæmdar bætur vegna ólögmætrar brottvikningar úr félagsskapnum »Vörubílastöðin í Reykjavík 1031

Skattar og gjöld.

Útsvör.

A neitaði að greiða útsvar það, er hreppsnefnd hafði lagt á hann, með því að hann taldi, að ranglega hefði verið látið farast fyrir við álagning útsvarsins að taka tillit til breyttra ástæðna hans á gjaldárinu, sbr. 3. lið 4. gr. laga nr. 46/1926, um útsvör. Sagt, að lögtaksgerðin skyldi fram fara, með því að mótbárur A gætu einungis haft þýðingu um ákvörðun fjárhæðar útsvarsins, en um það atriði hefðu dómstólarnir ekki úrskurðarvald 41

Úrskurður atvinnumálaráðuneytisins um útsvarshæð fullnaðarúrskurður 324

Hlutafélag, sem fékkst við útgerð, talið útsvarsskylt í Reykjavík, með því að það hafði þar skrifstofu sína, þar bjó framkvæmdarstjóri þess og a. m. k. meiri hluti stjórnar útsvarsárið og gjaldárið og skip félagsins var gert þaðan út að mestu útsvars-

Bls.

árið og framan af gjaldárinu. Ekki talið nægilegt til að hnekkja þessari niðurstöðu, að félagið og skip þess var skrásett í Hafnarfirði..... 344

Sameignarfélag, sem átti landareign og seldi af henni, talið útsvarsskylt af skuldlausum eignum, sem það hafði nokkurn arð af..... 476

Hlutafélag, sem átti fasteignir og seldi þær smám saman, talið útsvarsskylt af eignum sínum og tekjum af þeim..... 478

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur lagði útsvar á gjaldþegn, búsettan erlendis, og lagði til grundvallar útsvarshæðinni ekki einungis fasteignir hans hér á landi heldur og verðbréfaeign og bankainnistæðu. Þetta var talinn ólöglegur útsvarsstofn. Var sú niðurstaða byggð á því, að ákvæði 7. gr. útsvarslaganna um, að einungis verði lagt útsvar á mann, búsettan erlendis, vegna eigna hans hér og tekna af þeim, taki til fasteigna og tekna af þeim, en ekki til kröfuréttinda, með því að ekki verði sagt um kröfuréttindi, að kröfuhafi eigi þau á ákveðnum stað, og skipti í því efni ekki máli, þó að bréf, þegar um bréfaða kröfu er að ræða, sé geymt á ákveðnum stað. Þar sem nú regla sú, sem leiðir af 24. gr. útsvarslaganna, um að dómstólar eigi ekki úrskurðarvald um upphæð útsvara, ekki var talin taka til annars en úrskurðar um útsvarshæð af löglegum útsvarsstofni, þá var fellt úr gildi lögtak, sem fógetinn hafði framkvæmt fyrir téðu útsvari 485

Erlent firma, sem átti fasteignir í Hafnarfirði, ekki talið þar útsvarsskylt, með því að ganga varð út frá, að firmað hefði engan arð haft af þeim, hvorki á útsvarsárinu né gjaldárinu, sbr. 6. gr. B, 11. og 7. gr. laga nr. 46/1926..... 584

Hvorki 28. gr. né önnur ákvæði útsvarslaganna talin girða fyrir það, að beita enn þeirri aðferð, sem tíðkaðist áður en útsvarslögin komu í gildi, að leggja sameiginlegt útsvar á hjón, sem ekki hafa algert fjárfélag, en búa þó saman..... 601

Prófessor í lögum við háskólann talinn útsvarsskyldur í Reykjavík, með því að hann varð að dvelja þar 8—9 mánuði á ári vegna starfa síns, hafði þar í-

Bls.

búð á leigu og hann og fjölskylda hans voru tekin á manntal þar. Sú staðhæfing gjaldþegns, að utanréttarsætt hefði komizt á um útsvarið, var ekki talin sönnuð 681, 686, 912

Kona ein, sem bjó á Ísafirði, dó 1930. Synir hennar, tveir, sem voru einkaerfingjar hennar, tóku við búinu með fullri ábyrgð skulda þess án íhlutunar skiptaráðanda. Rak dánarbúið verzlun og átti eignir á Ísafirði 1931. Útsvar talið réttilega lagt á búið 1932 og réttilega heimt af bræðrunum 831

Skilorðsbundnir dómar. Sjá dómar og úrskurðir.

Skip. Skipverjar. Sjá árekstur skipa, björgun, fiskveiðalög, sjódómur, sjódómsmál, sjóveð, varðskip, vátrygging, vinnusamningar,

Skipti. Sjá arfur, gjaldþrotaskipti, ómerking.

Skjalafals.

Maður dæmdur til refsingar eftir 270. gr. hegningarlaganna fyrir að falsa læknisreikninga 76

Maður dæmdur til refsingar eftir 271. gr. hegningarlaganna fyrir í heimildarleysi að hafa ritað nöfn tveggja manna á víxil 635

Bankafulltrúi í Landsbanka Íslands, sem framkvæmdi rangar færslur í bókum bankans, til þess að leyna fjársvikum sínum, dæmdur eftir 134. gr. hegningarlaganna, sbr. 145. gr. sömu laga 721

A, sem að formi til hafði heimild til að gefa út hlutabréf fyrir hlutafélag, gaf út til sjálfs sín 5 hlutabréf og veðsetti þau síðan, án þess félaginu kæmi endurgjald fyrir, ásamt hlutabréfum, sem hann átti sjálfur. Síðar breytti hann númerum á nokkrum þeirra bréfa, sem hann veðsetti. Þetta var ekki talið skjalafals heldur einungis einn þáttur í hinni sviksamlegu meðferð á hlutabréfunum. Sama manni refsað eftir 276. gr. hegningarlaganna fyrir að falsa fylgibréf með vörum og nota síðan hið falsaða bréf til að fá sér afhentar vörurnar hjá afgreiðslustöð skipa 1054

Bls.

Ekki talin framkomin næg sönnun fyrir að A, sem ákærður var fyrir brot gegn 27. kap. hegningarlaganna, væri sekur 350

Skjöl. Sjá mat og skoðun, sönnun.

Skuldabréf. Sbr. veðskuldabréf.

A, sem með áritun á handhafaskuldabréf hafði tekizt á hendur sjálfsskuldarábyrgð á skuldinni, var dæmdur til að greiða hana, með því að hann gat ekki sannað þá staðhæfingu sína, að handhafi bréfsins hefði vitað um skilyrði, er A hafði sett aðalskuldaranum fyrir notkun bréfsins né að aðalskuldari hefði greitt handhafa afborgun af skuldinni 64

Skuldajöfnuður. Sjá einnig ábyrgð.

A sótti B fyrir einkalögreglurétti til greiðslu vinnulauna, en viðurkenndi það í málinu í héraði, að vinnulaunin hefðu átt að ganga upp í húsaleigukröfu B á hendur honum. B talið af þessari ástæðu heimilt að koma húsaleigukröfu sinni að til skuldajafnaðar við kröfu A án gagnsóknar fyrir einkalögregluréttinum 295

A var sóttur af B til greiðslu verzlunarskuldar. A höfðaði gagnsök til greiðslu á verkkaupskröfu, sem C hafði framselt honum á hendur B. Með því að B hafði fyrir framsalið greitt C verkkaupið gat skuldajöfnuður ekki komið til greina 398

Maður skuldaði þrotabúi kr. 12100,00 vegna varnings og peninga, sem hann hafði tekið út í verzlun þrotamanns, en átti hinsvegar kr. 2333,33 kaupkröfu á hendur búinu. Þrotabúinu talið heimilt að skuldajafna kaupkröfunni 109

Skuldir, Skuldamál. Sbr. ábyrgð, fyrning, kaup og sala, samningar, skaðabætur, sönnun, verksamningar, vinnusamningar.

Maður dæmdur til að greiða skuld, að nokkru leyti bréfaða, vegna kaupa á húsum og áhöfn á jörð í sveit, með því að staðhæfing hans um, að hann samkv. ákvæðum kaupsamningsins væri leystur undan þessari skyldu, hafði ekki við rök að styðjast . 30

Bls.

A pantaði hjá erlendu firma vörur handa B. Voru vörurnar sendar til Reykjavíkur og áttu að afhendast gegn farmskírteini í Landsbanka Íslands. B innleysti ekki vörurnar. A fékk nú vörurnar afhentar samkvæmt leyfi firmans, en með ákveðnum fyrirmælum um, að hann mætti ekki láta þær af hendi nema gegn staðgreiðslu eða bankatryggingu. A ráðstafaði síðan vörunum, en gerði firmanu ekki skil á andvirði þeirra. Var A þessvegna dæmdur til að greiða vörurnar eftir reikningi firmans 387

Maður dæmdur til að greiða verzlunarskuld, með því að henni var ekki sérstaklega mótmælt, en krafa, sem hann óskaði að skuldajafna með, var ekki talin á rökum byggð 398

A gerðist á uppboði kaupandi að útistandandi skuldum þrotabús og fékk eignarafsal að þeim hjá skiptaráðandanum B. Eftir að B hafði verið vikið úr embætti krafði hann A um meiri hluta andvirðis skuldanna, með því að ríkissjóður hefði gert hann (B) ábyrgan fyrir kaupverði þeirra og hann staðið ríkissjóði skil á því. Í málinu upplýstist, að krafa B á hendur A hafði verið tekin fjárnámi hjá B af ríkissjóði, og var B þannig ekki réttur aðili málsins . 473

Skuldari mótmælti því, að hann yrði dæmdur til að greiða vexti af skuld og málskostnað í héraði sökum viðtökudráttar af hálfu kröfuhafa. Talið ósannað, að um viðtökudrátt hefði verið að ræða og kröfu skuldara þess vegna hrundið 496

A hafði komið síld til frystingar og geymslu í frystihúsi. Þegar hann var krafinn um frystingar- og geymslugjaldið, staðhæfði hann, að framkvæmdarstjóri frystihússins, sem í millibilinu var látinn, hefði lofað honum að taka að sér greiðslu þess. Talið, að jafnvel þótt sannað væri, að slíkt loforð hefði verið gefið, þá gæti það ekki leyst A undan greiðslu endurgjaldsins, með því að það hefði ekki verið greitt til frystihússins 1011

Skuldskeyting.

Vörubílastöðin A var lögð undir vörubílastöðina B. Forstöðumaður vörubílastöðvarinnar A hafði á

Bls.

sínum tíma ráðizt í þjónustu hennar með þeim kjörum, að hann hefði kr. 350,00 í mánaðarkaup og 3 mánaða uppsagnarfrest. Ekki talið sannað, að vörubílastöðin B hefði tekizt á hendur aðrar skuldbindingar vörubílastöðvarinnar A gagnvart téðum manni en að sjá honum fyrir atvinnu og 350,00 króna mánaðarkaupi, meðan uppsagnarfrestur hans við vörubílastöðina A var að renna út 432

Slysatrygging.

Ekkja talin aðili dánarbóta þeirra, er ræðir um í 5 gr. næstsíðustu málsgr. laga nr. 73 frá 1928. Sagt, að heimildarlaust sé að krefjast þess, að skilgetið barn skuli vera fætt fyrir lát föður síns, til þess að ekkja hans, sem dánarbótaréttinn hefir, geti fengið lögmælta viðbótarfjárhæð greidda fyrir barnið 147

Smjörlíki.

Þrír menn dæmdir til refsingar eftir 4. gr., sbr. 13. gr., laga nr. 32 frá 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki 790

Sóttvarnir.

Dæmt fyrir brot á lögum nr. 34 frá 1902 og nr. 31 frá 1923 952

Stefnur. Sbr. málshöfðun.

Í aukaréttarstefnu á hendur ákærðum í refsimáli útaf líkamsáverka var ekki getið skaðabótakröfu, sem gerð hafði verið á hendur honum útaf áverkanum. Dómur var ekki lagður á skaðabótakröfuna m. a. af þessari ástæðu 507

Í máli gegn sýslunefnd f. h. sýslusjóðs var sýslunefndarmönnunum ekki stefnt öllum, heldur einungis oddvita sýslunefndar. Með því að mótmælum var ekki hreyft af hálfu oddvitans, sem mætti í málinu, þótti ekki ástæða til að vísa málinu frá dómi af þeim sökum 501

A var stefnt fyrir hæstarétt. Á stefnuna var ritað, að hún væri honum löglega birt og nafnritun hans undir, en hvorki stefnuvottar né notarius publicus

Bls.

höfðu vottað, að A hefði undirritað greinda yfirlýsingu. Þar sem A mætti ekki eftir stefnunni, var málinu vísað frá dómi ex officio 694

I barnsfaðernismáli var ætluðum barnsföður gefinn kostur á synjunareiði. Barnsmóðirin mótmælti, að eiðvinning færi fram, en héraðsdómarinn tók mótmælin ekki til greina. Í hæstarétti byggði hún mótmælin m. a. á því, að stefnan í eiðvinningarmálinu hefði ekki verið löglega birt, með því að hún hefði ekki verið birt á lögheimili hennar. Þessi krafa var ekki tekin til greina, með því að stefnan var birt fyrir barnsmóður á dvalarstað hennar án þess hún hreyfði mótmælum, enda mætti hún samkvæmt stefnunni fyrir dómi 833

Héraðsdómara stefnt til ábyrgðar við áfrýjun opinbers máls 236, 440, 1054

Sviksamlegt athæfi. Sjá einnig gjaldþrotaskipti.

A dæmdur til refsingar samkvæmt 253. gr. hegningarlaganna fyrir að stofna til vörulána erlendis, sem augljóst þótti, að hann hvorki gat gert sér vonir um að borga né ætlaði sér að borga. Sami maður dæmdur eftir sama hegningarákvæði fyrir að blekkja B til að senda honum (A) fé til útlanda og til að leysa út vörur, sem A hafði pantað erlendis, en vörur þessar átti samkvæmt loforðum A að selja hér á landi og andvirðið að renna til B til lúkningar skuldar A. Vörurnar voru seldar hér, en andvirðið rann að mestu til framfærslu A og konu, sem hann rak verzlun í félagi við. Nefnd kona dæmd til refsingar samkvæmt 253. gr., sbr. 56. gr., hegningarlaganna fyrir hlutdeild í greindum afbrotum. A dæmdur fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaganna fyrir að gera B ekki grein fyrir andvirði síldar, sem A seldi í Hamborg, en A kvað síldina hafa selzt illa og lítið hafa orðið afgangs kostnaði. A dæmdur ennfremur samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna fyrir að standa C ekki skil á andvirði vara, sem A seldi í umboðssölu fyrir C. Vörur þessar hafði A pantað frá útlöndum, C leysti þær út, fékk A þær í umboðssölu og átti andvirði

Bls.

þeirra m. a. að ganga upp í eldri skuld A við C, en A notfærði sér andvirðið að mestu til framfærslu. Félagskona A dæmd fyrir þátttöku í síðastnefndum verknaði samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna, sbr. 56. gr. sömu laga. Þá var og A dæmdur samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna fyrir að nota ekki, eins og um var samið, andvirði tveggja víxla, sem E skrifaði upp á fyrir A, til að losa E við ábyrgðarskuldbindingar við þriðja mann. B hafði keypt hús nokkurt af F. Borgaði hann nokkurn hluta andvirðisins í peningum og vörum, en gaf út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum. A bauðst síðan til að selja húsið fyrir B. Gaf nú B A afsal fyrir húsinu og átti afsalið milli aðilja þessara að skoðast sem söluumboð. Afhenti A F húsið nú aftur til eignar, ónýtti afsölin og fékk veðskuldabréfið til ónýtingar. Tapaði B þannig öllu því fé, er hann hafði greitt upp í andvirði hússins. A var refsað fyrir þetta samkvæmt 254. og 255. gr. hegningarlaganna. Loks var A dæmdur til refsingar samkvæmt 255. gr. hegningarlaganna, sbr. 46. gr. sömu laga, fyrir að gera ráðstöfun til að stofna veðrétt í vörum til handa erlendu firma, sem C hafði öðlazt réttindi yfir. Kona sú, sem A rak verzlun í félagi við, dæmd eftir 255. gr. hegningarlaganna, sbr. 46. gr. sömu laga, fyrir að framkvæma síðastnefndan verknað í félagi við A 236

A hafði tekizt á hendur að selja handhafaveðskuldabréf fyrir B og skuldbundið sig til að skila aftur bréfinu eða ákveðnu andvirði þess. A seldi síðan bréfið fyrir lægra verð en hann hafði heimild til og hélt sjálfur nokkru eftir af andvirðinu. Þetta athæfi talið refsivert samkvæmt 255. gr. hegningarlaganna. C, sem tók að sér að framkvæma söluna fyrir A, fékk kaupanda að bréfinu, en leyndi A því, keypti sjálfur bréfið fyrir mun lægra verð en viðsemjandi C síðan keypti það fyrir. Þessi verknaður C talinn varða við 259. gr. hegningarlaganna. C var hins vegar sýknaður af hlutdeild í broti A. Að vísu þótti mega gera ráð fyrir, að C hefði verið það ljóst, að A var ekki eigandi bréfsins, heldur ætti að reyna

Bls.

að selja það, en hinsvegar þótti ekki fullsannað, að C hefði vitað um, með hvaða kjörum A mátti selja bréfið 350

A dæmdur samkvæmt 262. gr. hegningarlaganna fyrir að gefa B til málamynda afsal fyrir bifreið, til þess að svipta skuldheimtumenn sína verðmætum, eftir að hann hlaut að sjá, að gjaldþrot sitt var yfirvofandi. Sami maður sýknaður af ákæru fyrir að hafa framselt tveimur málfærslumönnum skaðabótakröfu á hendur firma útaf innsetningargerð í téða bifreið, með því að ekki var talið sannað, að skaðabótakrafan væri nokkurs virði. B, sem afsal fékk fyrir bifreiðinni, var dæmdur eftir 262. gr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. sömu laga, með því að talið var, að honum hefði verið svo kunnur efnahagur A, að honum hefði verið það ljóst, að málamyndaafsalið hefði verið gert til að svíkja lánardrottna A. Ekki talið sannað, að C, sem samdi afsalið fyrir bifreiðinni, hefði verið það ljóst, að samningar A og B um bifreiðina hefðu verið sýndarverk. C. þess vegna sýknaður 440

Bankafulltrúi í Landsbanka Íslands dæmdur eftir 255. gr. hegningarlaganna fyrir að innheimta árgjaldsgreiðslur á veðdeildarlánum hjá ýmsum viðskiptamönnum bankans og stinga téðum greiðslum í sinn vasa 721

Féhirðir við útibú Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum dæmdur fyrir sjóðþurrð eftir 255. gr. hegningarlaganna 892

A var í stjórn hlutafélags og hafði eyðublöð að hlutabréfum félagsins í vörzlum sínum með undirskrift stjórnenda félagsins og hafði hann þannig að formi til heimild til að gefa út hlutabréf. Talið sannað, að hann hefði gefið út til sjálfs sín og veðsett síðan 5 hlutabréf án þess að hlutafélaginu kæmi endurgjald fyrir bréfin. Þessi verknaður talinn varða við 255. gr. hegningarlaganna. Sami maður dæmdur eftir 259. gr. sömu laga fyrir að selja öðrum manni í hendur ávísanir á banka, þar sem ákærður átti enga innistæðu til greiðslu ávísanna. Loks var sami maður dæmdur eftir 259. gr. hegningarlag-

Bls.

anna fyrir að hafa við lögtaksgerð vísað á vélbát til lögtaks, sem hann hafði fest kaup á og hafði í vörzlum sínum, en ekki fengið afsal fyrir, enda ekki greitt kaupverð hans að fullu 1054

Sönnun. Sbr. eftirgrennslan afbrota, eiður, húsleit, játning, mat og skoðun, vitni.

1. Einkamál.

Deila um skilning á fisksölusamningi. Talið, að seljanda hafi ekki tekizt að sanna, að athugasemd í niðurlagi samningsins fæli í sér annað og meira en undantekning frá aðalákvæðum samningsins um afhendingartíma og verð á þeim hluta hins selda fisks, er í athugasemdinni greindi 58

Bifreið rakst á mann, svo hann hlaut meiðsli af. Bifreiðarstjóri ekki talinn hafa sannað, að slysið hefði hlotið að vilja til, þótt hann hefði sýnt þá aðgæzlu, sem honum sem ökumanni var skylt að gæta, sbr. 15. gr. bifreiðalaganna 92, 457

A, sem átt hafði bifreið, er fyrir skemmdum varð, eftir að hann seldi hana, sótti vátryggingarfélag hennar til skaðabóta. Ekki talið sannað, að vátryggjandi hefði tekizt á hendur gagnvart A nokkra sjálfsstæða ábyrgð á tjóni á bifreiðinni 105

Samkvæmt beiðni endurskoðanda hlutafélags framkvæmdi A hreinsun á katli í línuveiðagufuskipi félagsins. Ekki talið sannað, að of langur tími hefði farið til verksins með þeim mannafla, sem að því vann 117

Skipverjum á línuveiðagufuskipi dæmdar vinnulaunakröfur þeirra að mestu leyti, með því að útgerðarmanni tókst ekki að sanna staðhæfingu sína um, að skipverjar hefðu þegar fengið greiðslu, enda reyndist skýrsla útgerðarmanns röng í ýmsum atriðum 149

Ekki talið sannað, að mönnum, sem fengnir voru af verkkaupa og verksala til að taka út nýbyggt verzlunarhús, hefði verið falið að skera úr því, hvort tvö sýningarrúm eða skápar hefðu verið undanþegnir því verki, sem verksali átti að leysa af hendi fyrir það endurgjald, sem ákveðið var í samningnum 217

Bls.

Afli fiskiskips, sem strandaði og var dæmt óbætandi, hafði verið vátryggður á £ 500 með »verðsettu vátryggingarskírteini«. Vátryggingarsali, sem taldi, að aflinn í skipinu hefði getað verið í mesta lagi £ 285 virði, var dæmdur til að greiða £ 500, með því að ekki varð staðhæft, að vátryggður hefði sett vátryggingarfjárhæðina ósanngjarnlega háa 278

Ekki talið sannað, að fyrirsjármenn firma eins, sem keypti fisk, sem veðsettur hafði verið samkvæmt lögum nr. 34 frá 1927, hefðu vitað eða átt að vita, að veðsali tæki við andvirði fisksins með þeim ásetningi að láta það ekki renna til veðhafa. Firmað þessvegna sýknað af skaðabótakröfu veðhafa 313

Starfsmaður á hóteli, sem hafði á hendi bókfærslu hótelsins og móttöku gesta, krafðist bóta vegna þess, að honum var sagt upp stöðu sinni fyrirvaralaust. Voru honum dæmdar bætur, sem samsvöruðu þriggja mánaða launum, þar sem hóteleigandanum tókst ekki að sanna, að samkvæmt ráðningarsamningi starfsmannsins hefði mátt segja honum upp fyrirvaralaust, en þær sakir, sem hóteleigandinn bar á hann, þóttu sumar ekki leiða til fyrirvaralausrar uppsagnar og aðrar ekki sannaðar. Hinsvegar ekki talið sannað, að bókhaldarinn, sem bjó utan hótelsins, hefði átt, auk peningakaups, að fá hjá hóteleigandanum endurgreidda húsaleigu þá, sem hann greiddi út í bæ 331

Litla Vörubílastöðin í Reykjavík var 1931 lögð undir Vörubílastöð Reykjavíkur. Eigi talið sannað, að siðastnefnd stöð hefði tekið að sér gagnvart A, sem unnið hafði á Litlu-Vörubílastöðinni með 350 kr. kaupi á mánuði og átti þar rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti, aðrar skuldbindingar Litlu-Vörubílastöðvarinnar en að sjá A fyrir vinnu í 3 mánuði með 350,00 kr. mánaðarkaupi. Hinsvegar var talið sannað, að A hefði, eftir 3 mánaða vinnu hjá Vörubílastöð Reykjavíkur, verið ráðinn aðstoðarafgreiðslumaður við þá stöð með föstu mánaðarkaupi, en án ákveðins uppsagnarfrests 432

Skuldari ekki talinn hafa sannað, að um viðtökudrátt af hendi skuldareiganda hefði verið að ræða 496

Bls.

Ekki talið sannað, að sýslunefnd Kjósarsýslu hefði lofað að kaupa hlutabréf í Flugfélagi Íslands h/f, enda þótt kaupin hefðu verið samþykkt á sýslufundi, þeirra getið í sýslufundargerðum, sem út voru gefnar, oddviti sýslunefndar og formaður flugfélagsins hefðu síðar talað saman um kaupin og sýslumaður gefið þá yfirlýsingu á sýslufundi, að hann hefði ekki »formlega« lofað kaupunum 501

Ekki talið sannað, að erlent firma ætti hlutabréf í fyrirtæki í Hafnarfirði, og varð skylda þess til þess að greiða þar útsvar þegar af þeirri ástæðu ekki byggð á slíkri eign 584

Firma eitt annaðist sölu á síldarafurðum fyrir banka og reiknaði sér 4 % í sölulaun. Ekki talið sannað, að samið hefði verið um lægri sölulaun né að þessi sölulaun væru ósanngjörn 611

Sagt, að þrátt fyrir ordalag 27. gr. laga nr. 25 frá 1929 um gjaldþrotaskipti, hvíli sönnunarbyrði þess, að þrotamaður hafi átt nægilegt fé fyrir skuldum, þegar löggerningar þeir, er ræðir um í greininni, fara fram, á viðsemjanda þrotamanns 560

A skrifaði sem ábekingur á víxileyðublað fyrir C, en áskildi sér við hann, að hann mætti ekki setja útgáfu- né greiðsludag á eyðublaðið og selja víxilinn, nema hann fengi að auki tvo nafngreinda menn sem ábekinga á hann. C seldi víxilinn án þess að fullnægja þessu skilyrði. D vísaði C á kaupanda að víxlinum og áskildi sér að fá nokkuð af andvirði víxilsins upp í eldri viðskipti sín við C. Ekki talið sannað, að D hefði haft slíka vitneskju um misfellur C við A, að hann (D) með því hefði bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart A 659

Barnsmóður og viðkomandi manni kom saman um, hvenær þau hefðu haft fyrst samfarir, en 243 dögum eftir þann dag ól konan barnið. Þetta atriði talið veita líkur gegn því, að barnið væri ávöxtur af samförunum 465

Bifreiðareigandi dæmdur til að greiða skaðabætur vegna ökuslyss, með því að ekki var sannað, að slysið hefði hlotið að vilja til, ef ökumaður hefði

Bls.

gætt þeirrar varkárni, sem honum var skylt að gæta, sbr. 15. gr. laga nr. 70/1931 816

Ekki talið sannað, að málflutningsmaðurinn A hefði tekið að sér að flytja mál fyrir B fyrir lægri þóknun en samkvæmt lágmarkstaxta málflutningsmannafélags Íslands 824

Skipverjar á varðskipi, sem í ráðningarsamningi höfðu afsalað sér uppsagnarfresti þeim, sem getur í 4. gr. laga nr. 63 frá 1928, ekki taldir hafa sannað, að hjá þeim hefði síðar verið vakið réttmætt traust á því, að þeir fengju uppsagnarfrest samkvæmt greindum lögum. Ekki heldur talið sannað, að þeir hefðu slegið varnagla um uppsagnarfrest, þegar þeir voru afskráðir eða tóku við kaupi sínu 710

Ekki talið sannað, að krafa vegna ætlaðrar verzlunarskuldar hefði verið viðurkennd af þeim, sem til skuldar var talið hjá, eftir að fyrningarfrestur hófst 943

Talið sannað, að rakarasveinn hefði sýnt svo ótilhlýðilega framkomu á rakarastofu, að rakaranum hefði verið heimilt að vísa honum á brott án þess að greiða þá fjárhæð, sem hann hafði undirgengizt að greiða, ef hann segði sveininum fyrirvaralaust upp 884

Talið ósannað, að handhafi handhafaskuldabréfs væri ekki réttur heimildarmaður að því 64

2. *Opinber mál.* Sjá einnig sviksamlegt athæfi.

Þrír menn, sem stálu víni úr áfengisverzlun, voru einungis dæmdir til að greiða andvirði þeirra flaskna, sem þeir játuðu að hafa stolið og ekki voru þegar greiddar eða skilað aftur, en ekki andvirði 37 flaskna, sem auk þess var saknað. Við ákvörðun iðgjaldanna var lagt til grundvallar, að flöskurnar, sem sakfelldum var gert að greiða bætur fyrir, hefðu verið þeirrar tegundar, sem lægstu verði voru seldar, eftir því sem til vannst 23

Kona kærði mann sinn fyrir að hafa smitað hana af kynsjúkdómi og leynt hana sjúkdómnum, þegar þau gengu að eigast. Framburður konunnar þótti miklu trúverðugri en mannsins, enda studdur af öllum upplýstum málsatvikum, svo sem þeim, að maðurinn neitaði svo lengi sem þess var kostur,

Bls.

að hann hefði haft samfarir við aðrar konur hér á landi en unnustu sína og duldi prest þann, sem gaf þau saman, sjúkdómsins. Var maðurinn þessvegna dæmdur brotlegur við lög nr. 6 frá 1924 ... 156

Enda þótt styrkleiki bruggaðs áfengis hefði ekki verið mældur, þótti mega gera ráð fyrir, að hann hefði verið yfir lögleyfðu marki, með því að kærði kannaðist við, að svo væri og að hann hefði selt flöskuna af áfenginu á kr. 8,00—10,00 328

A var ákærður fyrir að hafa falsað nafn manns. Ekki þóttu fram komnar nægar sannanir fyrir sekt A .. 350

Tvö hross fundust fótbrotin með fram þjóðvegi. Á veginum fundust brot úr bifreiðargleri. Í málinu fékkst vitneskja um, að bílstjórinn A hefði um þetta leyti ekið þessa leið og að luktargler hafði brotnað úr bifreið hans. Var hann þessvegna sakaður um að hafa orðið valdur að slysinu 43

Veitingamaður var sakaður um að veita ólöglega vín á veitingahúsi sínu. Leitað var vitneskju hjá áfengisverzlun ríkisins um vínkaup hans 881

Maður dæmdur eftir 2. málsgr. 13. gr. áfengislaga nr. 64/1930, sbr. 1. gr., vegna þess, að áfengi fannst í vörslum hans og að hann gerði ekki nægilega grein fyrir, hvernig það var þangað komið 170, 1049

Ekki talið sannað, að togari, sem tekinn var á fisksvæðinu inni í landhelgi með lifandi fisk á þilfari og vörpuna í ólöglegu ásigkomulagi, þannig, að engan sérstakan undirbúning þurfti til að kasta henni í sjóinn og byrja veiðar, hefði verið að veiðum í landhelgi 551

Konan A saknaði peninga, sem hún átti geymda í íbúð sinni. Sonur hennar, 9 ára, sagði henni, að B hefði gengið um íbúðina, meðan hún var fjarverandi. Við leit hjá B fundust í vösum hans og í íbúð hans sama fjárhæð og konan saknaði. Næg sönnun talin fram komin fyrir því, að B hafi framið þjófnaðinn 757

Talið sannað, að togaraskipstjóra hefði hlotið að vera það ljóst, að hann var að veiðum í landhelgi, áður og þegar skip hans var tekið. Var hann þess vegna samkvæmt 5. gr. laga nr. 5 frá 1920 dæmd-

Bls.

ur í aukarefsingu, sem ákveðin var 2 mánaða einfalt fangelsi 797

A játaði að hafa lent í áflogum við B, varpað flösku í höfuð honum (B) og haldið á búrhníf, þegar áflogin áttu sér stað. A þóttist hafa átt hendur sínar að verja, með því að B hefði fyrst tekið stól og hafi hann (A) haldið, að B ætlaði að berja hann með stólnum. Vitni voru engin til frásagnar um sjálf áflogin. A dæmdur eftir 205. gr., sbr. 208. gr., hegningarlaganna fyrir þá áverka, sem B hlaut í áflogunum 507

Sagt, að með skýrslum löggæzlumanns væri það sannað, að veitingamaðurinn A hefði eftir lögboðinn veitingatíma hleypt gestum inn í veitingahús sitt og borið þeim veitingar fram á nótt 881

Í framsæti bifreiðar, sem ekið var áleiðis frá Stokkseyri og upp í Landréttir, fannst flaska með slatta í af heimabrugguðu áfengi. Varhugavert þótti að gera bílstjórann, sem neitaði að vera kunnugt um flöskuna, ábyrgan fyrir henni samkvæmt 2. málsgr. 13. gr. laga nr. 64/1930, með því að í bifreiðinni voru 13 farþegar, sem hver um sig gat hafa stungið flöskunni í framsætið 1045

A ók bíl með þeim hætti, að ökuslys hlauzt af. Hún játaði, að hún hefði þrisvar sama kvöldið neytt áfengis, en neitaði að hafa fundið til áhrifa þess. Eitt vitni bar, að það hefði séð, að A var hreyfari venju fremur eftir vinnautnina. A dæmd eftir 3. málsgr. 5. gr. bifreiðalaganna og 20. gr. laga nr. 64/1930 67

Talið ósannað, að tveir menn hefðu verið ölvaðir á almannafæri 995

Tilboð.

Krafa skuldara um sýknu af vaxtagreiðslu og málskostnaði í héraði ekki tekin til greina, með því að honum tókst ekki að sanna, að hann hefði boðið fram lögmæta greiðslu skuldarinnar á gjalddaga . 496

Tilraun.

A veittist að kvenmanni, sem hann hitti á götu, skellti

Bls.

henni niður, fletti hana klæðum, lagðist ofan á hana og hafði í hótunum um að nauðga henni, en framkvæmdi þó ekkert í þá átt. Mál var höfðað gegn honum fyrir brot gegn 16. og 20. kap. hegningarlaganna. Á var ekki talinn hafa gert tilraun til að nauðga konunni, heldur dómfelldur eftir 186. og 212. gr. hegningarlaganna 48

Menn dæmdir fyrir tilraun til innbrotsþjófnaðar 784, 874

A og B, sem ráku verzlun í félagi, dæmdir til refsingar samkvæmt 255. gr. hegningarlaganna, sbr. 46. gr. sömu laga, fyrir að gera ráðstöfun til að stofna veðrétt í vörum, sem C hafði öðlazt réttindi yfir, til handa erlendu firma 236

Tollar.

Maður, sem veitti skipaafgreiðslu forstöðu, var kærður til refsingar eftir tolllögum nr. 54 frá 1911, lögum um verðtoll nr. 47 frá 1926 og lögum um vörutoll nr. 54 frá 1926 fyrir að vörur voru teknar af afgreiðslunni og settar í verzlun hans, án þess að jafnframt væri greiddur af þeim tollur. Kærður var sýknaður, með því að ekki var talið sannað, að þetta hefði verið gert að hans fyrirlagi 126

Talið, að brostið hefði heimild til að krefja um aðflutningsgjald af hinum svonefnda bitra kakao-»massa« eða kakaodeigi, sem litið var á sem sérstaka vörutegund 411

Umboð.

Móðir 10 ára drengs, sem varð fyrir bifreið og hlaut meiðsli af, sækir eiganda bifreiðarinnar til skaðabóta fyrir hönd drengsins 92

Bílstjóri stefndi tveimur mönnum sem eigendum bifreiðarstöðvar til greiðslu vinnulauna. Sagt í héraðsdóminum, að eftir því, sem fyrir lægi í málinu, hefði hæstaréttarmálflutningsmaður sá, sem tók til andsvara, ekki umboð nema annars hinna stefndu til að flytja málið 83, 88

Verzlunarfélag var sótt til greiðslu kaupkrafna skipverja, sem unnið höfðu á línuveiðagufuskipi þess, og var það dæmt í héraði til að greiða kröfurnar.

Bls.

Félagið áfrýjaði málinu. Eftir útgáfu áfrýjunarstefnunnar varð félagið gjaldþrota. Verzlunarstjórinn hélt áfram málinu fyrir hæstarétti á sinn kostnað, en með samþykki skiptaráðanda 149

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákvað, að deila um landamerki prestsseturs og annarar jarðar skyldi útkljázt samkvæmt lögum nr. 41 frá 1919, og tilkynnti biskup presti þetta. Þegar málið kom fyrir landamerkjadóm, gerði prestur og viðkomandi bóndi sátt um landamerkin, en ráðuneytið vildi ekki una sáttinni og krafðist, að landamerkjadómur tæki málið til meðferðar að nýju. Landamerkjadómurinn taldi sáttina bindandi og vísaði málinu frá dómi, en hæstiréttur taldi, að prestur hefði ekki haft heimild til, án samþykkis kirkjustjórnarinnar, að gera samning um landamerki prestssetursins. Sagt, að þó að líta mætti svo á, að í tilkynningu biskups fælist umboð handa prestinum samkvæmt 12. gr. laga nr. 41 frá 1919, þá félli þar ekki undir heimild til að útkljá ágreininginn með sætt, með því að slík heimild var ekki ótvírætt eða sérstaklega gefin. Var landamerkjadómurinn því ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til 101

Hérlendur kaupmaður stefnir hæstaréttarmálflutningsmanni í Reykjavík f. h. erlends firma útaf viðskiptum kaupmannsins og firmans. Hæstaréttarmálflutningsmaðurinn gagnstefndi aðalstefndanda til greiðslu vara, sem firmað hafði sent kaupmanninum 387

A flytur fyrir hæstarétti mál vegna útsvars, sem lagt hafði verið á hann og konu hans í sameiningu .. 601

Umboðssala.

Firma tókst á hendur að selja fyrir banka síldarafurðir, sem bankinn hafði til ráðstöfunar. Firmað reiknaði sér og dró frá söluandvirði vörunnar 4 % í umboðslaun. Ekki talið sannað, að samið hefði verið um lægri sölulaun né að þessi sölulaun væru ósanngjörn 611

Umboðslaun af vörum, sem hérlendur maður seldi fyrir erlent firma, talin vera, eftir því sem fyrir

Bls.

lá, 2½ % af fjárhæð þeirri, sem um var að ræða 387

Uppboð.

Talið, að undantekning frá þeirri almennu reglu löggjafarinnar, að dómsathafnir fari því aðeins fram, að sá mæti, sem um þær biður, sé ekki að finna að því er varðar fasteignauppboð. Uppboð, sem fógeti lét fram fara, þótt sá mætti ekki, sem um það hafði beðið, fellt þessvegna úr gildi í hæstarétti eftir kröfu uppboðsbeiðandans 114

Nauðungaruppboði var áfrýjað til ómerkingar. Í fyrsta lagi var krafan byggð á atriði, sem gerzt hafði áður en fjárnámið, sem var grundvöllur uppboðsins, fór fram. Með því að fjárnámið hafði áður verið staðfest í hæstarétti, gat þessi ástæða ekki haggað gildi uppboðsins. Í öðru lagi var ómerkingarkrafan byggð á því, að ekki hefði verið getið í uppboðsauglýsingu, hver ætti eignir þær, sem selja átti, þar hefði ekki verið greint, fyrir hverju ætti að selja eignirnir og ekki hefði verið nægilega kveðið á um það, hvar halda ætti uppboðið. Þessum ástæðum var hrundið, með því að eignirnar voru skýrt tilgreindar í uppboðsauglýsingunni, þerum orðum var þar sagt, að eignirnar ætti að selja til lúkningar tiltekinni dómskuld og ennfremur, að uppboðið yrði haldið í Flatey á Breiðafirði. Loks var því ómótmælt haldið fram, að auglýst hefði verið í Flatey að morgni uppboðsdagsins, í hvaða húsi uppboðið skyldi hefjast. Í þriðja lagi var krafan um ómerkingu byggð á því, að ósamræmi væri milli fjárnámsgerðar og uppboðsauglýsingar, en sannað var, að svo hefði ekki verið 415

Úrskurður um uppboð og uppboðsgerð felld úr gildi, með því að þessar réttargerðir hvíldu á fjárnámi, er ómerkt var 555, 1007

Útburðargerðir.

A seldi B eignar- og ábýlisjörð sína, en hélt samt áfram að reka búskap á jörðinni. Síðar lýsti A yfir því, að B eða þeim, sem hann benti á, væri heimil notkun og ábúð á jörðinni. B veðsetti C jörðina

Bls.

og var hún síðar lögð C út sem ófullnægðum veðhafa. Sagt, að þar sem C var veðsett jörðin með öllum þeim réttindum, sem B hafði yfir henni, þá hefði C og síðar kona hans öðlazt þann rétt, sem A hafði veitt B til að byggja honum (A) út 629

Útivist aðilja. Sbr. ómaksbætur.

Útivistardómar 55, 56, 57, 100, 178, 179, 180, 293, 294, 347, 361, 362, 419, 420, 506, 507, 548, 549, 589, 635, 680, 681, 743, 744, 887, 888, 923, 924, 925, 989, 990, 991, 992, 993, 994, 1043, 1044, 1045, 1085

Útlendar þjóðir.

Maður dæmdur til refsingar eftir 4. mgr. 83. gr. hegningarlaganna fyrir að rita í dagblað meiðandi og móðgandi greinar um hinn þýzka kanzlara og stjórn Þýzkalands 982

Útsvar. Sjá skattar og gjöld.

Varðskip.

Sagt, að svo verði að líta á, að skipaútgerð ríkisins og skipverjum á einu varðskipanna hafi verið fullkomlega heimilt að afsala sér í ráðningarsamningi þeim þriggja mánaða uppsagnarfresti, sem ákveðinn er í 4. gr. varðskipalaga nr. 63 frá 1928 710

Togaraskipstjóri var sakaður um að hafa verið að veiðum í landhelgi. Bókanir í skipsbækur varðskipsins um ferðir varðskipsins og togarans á þeim tíma, er máli skipti, svo og þá framkvæmdar hornmælingar taldar svo óábyggilegar og ósamrýmanlegar, að þær yrðu ekki lagðar til grundvallar í málinu 298

Skipherra á varðskipi voru gefnar að sök ýmsar ávirðingar í starfi hans og var dæmt um sakaratriðin í héraði. Hæstiréttur taldi, að héraðsdómarinn hefði vanrækt að rannsaka nægilega og dæma um þau atriði málsins, sem sekt eða sýkna ákærða ylti á. Var héraðsdómurinn og meðferð málsins fyrir aukaréttinum því ómerkt 821

Bls.

Varnarþing.

I. Einkamál.

Varnarþing prófessors í lögum við háskólann talið vera í Reykjavík, enda þótt hann sjálfur teldi það vera austur í Árnessýslu 30, 681, 686
Lögtak talið mega hefja, þar sem fjármunir gjörðarþola eru án tillits til lögheimilis hans, sbr 33 gr. l. 19/1887. 912
Mál út af árekstri skipa undan Reykjanesi rekið í Reykjavík 376
Mál til launa fyrir björgun skips, sem strandað hafði við Selvog, rekið í Reykjavík 669
Mál til skaðabóta gegn eigendum brezks togara, sem rakst á íslenzkt vélskip undan Austurlandi og sökkti því, rekið með samkomulagi aðilja fyrir sjóréttti Reykjavíkur 836

II. Opinber mál.

Mál á hendur bílstjóra, fyrir brot á dýraverndunarlögunum og bifreiðalögunum, framið austur í Árnessýslu, rannsakað og dæmt í Reykjavík 43
Togari tekinn undan Skaftafellssýslum, en mál hans rekið í Reykjavík 96, 529, 536, 551, 762
Togari tekinn norður af Bolungavík, en málið rannsakað og dæmt á Ísafirði 797
Togari tekinn undan Skaftafellssýslum, en málið rannsakað og dæmt í Reykjavík 182
Togari tekinn undan Reykjanesi, en málið rannsakað og dæmt í Reykjavík 200
Togari tekinn við Snæfellsnes, en málið rannsakað og dæmt í Reykjavík 298
Sex menn, allir til heimilis í Reykjavík nema einn, sem búsettur var á Akranesi, drýgðu brot á áfengislöggjöfinni í Reykjavík og á Akranesi. Mál þeirra allra rannsakað og dæmt í Reykjavík 468
Tveir menn, búsettir í Reykjavík, gerðu tilraun til innbrotsþjófnaðar í sumarbústað í Mosfellssveit. Mál þeirra var rannsakað og dæmt í Reykjavík 784
Maður, búsettur í Rangárvallasýslu, var tekinn í Vestmannaeyjum með áfengi, sem hann hafði bruggað heima hjá sér. Mál hans var rannsakað og dæmt í Vestmannaeyjum 793

Bls.

Vátrygging.

Vátryggjandi sýknaður af kröfu um að greiða bætur fyrir spjöll á bifreið, sem stöfuðu af því, að bifreiðin hafði oltið út af veginum. Það talin »stök ógætni«, að vátryggður ók bifreiðinni, þegar slysið varð, á 20–25 km hraða, fullri af fólki, ljóslausri í rigningu, dimmu og þoku svo mikilli, að hann sá ekki til vegbrúnarinnar. Vátryggjandi var sóttur í téðu máli til skaðabóta af þriðja manni, A, sem átt hafði bifreiðina, selt hana vátryggðum, fengið veðrétt í henni og vátryggingarfénu og síðar skaðabótakröfuna á hendur vátryggjanda framselda. Ekki var talið sannað, að vátryggjandi hefði tekizt á hendur gagnvart A nokkra sjálfstæða ábyrgð á tjóni á bifreiðinni og var honum þess vegna heimilt að hafa uppi í máli við A hinar sömu varnir, sem hann hefði mátt flytja fram í máli við vátryggðan 105

Brunnið hús varð ekki endurbyggt á brunarústunum, með því að það var ekki leyfilegt samkvæmt skipulagsuppdrætti viðkomandi kauptúns. Brunabótafélagi Íslands var ekki talið heimilt, að draga 15% frá brunabótafjárhæð hússins samkvæmt 18. gr. laga nr. 54 frá 1915, með því að orðin »á sama stað« í nefndu lagaákvæði táknuðu rústir hins brunna húss og almannahagur heimtaði, að vikið væri frá ákvæðunum um endurbyggingu á sama stað 144

Vátryggjanda talið óskylt að bæta brunatjón á skipi. Skip þetta notaði benzín í vélarrúmi, en brunatjón á skipum, sem svo stóð á um, var samkvæmt vátryggingarskilmálunum tvímælalaust undantekið vátryggingunni. Tryggingartaki kvaðst ekki hafa þekkt þetta ákvæði tryggingarskilmálanna, sem voru á dönsku, en það mál tjáði hann sig ekki skilja. Auk þess kvað hann, að umboðsmanni vátryggjanda hefði verið kunnugt um, að til vélarinnar þurfti að einhverju leyti benzín. Vitneskja umboðsmanns vátryggingarsala um síðastnefnt atriði var ekki talin skipta máli, þegar vegna þess, hversu miklir ágallar voru á fullnægingu vátryggingarskilmálanna um vél, vélarrúm og slökkvitæki skipsins 229

Bls.

Fiskiskip strandaði og var talið óbætandi. Afli þess var vátryggður fyrir £ 500. Vátryggingarsali neitaði að greiða þessa fjárhæð, með því að hann taldi, að raunverulegt verðmæti þess afla, sem mestur hefði getað verið í skipinu, er það strandaði, hefði ekki getað numið meiru en £ 285. Vátryggingarsali var samt dæmdur til greiðslu, með því að hér var um »verðsett vátryggingarskírteini« að ræða og ekki var hægt að staðhæfa, að vátryggður hefði sett vátryggingarfjárhæðina ósanngjarnlega háa. Sama vátryggingarsala gert, samkvæmt almennu reglunni í 23. gr. laga nr. 17 frá 1914, að greiða kostnað við sjótjónsreikningsgerð í Englandi. Endurvátryggjandi áskildi sér að vísu, að fá þenna kostnað greiddan og í vátryggingarskírteininu sagði, að ákvæði þess skyldu einskorðuð við ákvæði endurvátryggingarskírteinanna. En þessi almenna tilvísun var ekki talin nægileg til að beina athygli vátryggða að nefndu atriði, sem ekki var sannað, að hann vissi um á annan hátt. Sama tryggingarsala talið skylt samkvæmt 23. gr. áðurnefndra laga að greiða skipshöfn hins strandaða skips fyrir vinnu við björgun og eftirlit á strandstaðnum, en hinsvegar sýknaður af að greiða uppihald skipverja á strandstað og fæði og fargjald þeirra þaðan til Reykjavíkur 278

Veð. Sbr. sjóveð.

Maður, sem í verki og framkvæmd annaðist útgerðarstjórn á fiskiskipi hlutafélags, veðsetti tveimur bönkum til tryggingar lánum fisk, veiddan og óveiddan, í einu lagi af fjórum skipum, þremur, sem hann átti sjálfur og ennfremur af skipi hlutafélagsins. Á þenna hátt batt hann afla síðastnefnds skips eigi aðeins til tryggingar lánum til útgerðar þess skips heldur einnig í ríkum mæli til tryggingar lánum handa sjálfum sér. Talið, að framkvæmdarstjórinn hefði ekki haft heimild til að veðsetja eignir hlutafélagsins til tryggingar skuldum annarra manna né að stjórn þess hefði haft heimild til að samþykkja slíka veðsetningu. Téð veðsetning var þessvegna metin ógild 223

Bls.

A, sem fékkst við útgerð, tók fé að láni hjá banka til útgerðarinnar og veðsetti fisk, veiddan og óveiddan, til tryggingar láninu. Seinna seldi A firma einu fiskinn, en ráðstafaði ekki andvirði því, sem firmað greiddi honum, til veðhafa. Bankinn höfðaði skaðabótamál gegn firmanu útaf fiskkaupunum, en það var sýknað með þeim rökum, að hér væri um sjálfsvörzluveð í heildarsafni hluta að ræða, að upplýst væri í málinu um þá venju, að veðsalar ráðstöfuðu fiski, veðsettum samkvæmt lögum nr. 34/1927, án nokkurra afskipta veðhafa og kaupendur slíks fisks greiddu venjulegt andvirði hans til veðsala án athugasemda veðhafa, en hinsvegar ekki sannað, að fyrirsjármenn firmans hefðu vitað eða átt að vita, að veðsali tæki við andvirði fisksins með þeim ásetningi að gera veðhafa tjón..... 313

A veitti B veðrétt í ákveðinni tölu sauðfjár síns. Var í veðbréfinu kveðið á um aldur fjárins, kyn þess og sauðfjármarkið á því og gert ráð fyrir, að veðsali setti aðrar jafngóðar kindur í stað þeirra, sem kynnu að farast eða vera fargað. Talið, að hið veðsetta sauðfé væri einungis einkennt eftir tegund sinni en ekki sérgreint. Með því að það er aðalregla íslenzks réttar, að samningsveð verði aðeins stofnað í einstaklega ákveðnum verðmætum, var téð veðsetning metin ógild, þannig, að hún veitti ekki forgangsrétt til andvirðis sauðfjárins í þrotabúi veðsala framar öðrum lánardrottnum 436

Rétthæð í veði fyrir vöxtum ákveðin samkvæmt lögum nr. 23 frá 1901 336

Veðskuldabréf talið fallið allt í gjalddaga samkvæmt ákvæðum bréfsins, með því að afborganir voru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga 770

Húseign hafði verið sett að veði til tryggingar víxilskuldum við banka, bæði þeim, sem þegar voru stofnaðar, og eins þeim, er síðar yrðu stofnaðar. Þetta metið löglegt og fjárnámsgerð í veðinu staðfest 869

Veðskuldabréf. Sbr. skuldabréf.

Talið, að um handhafabréf gildi yfirleitt sú regla, að

Bls.

skuldarar samkvæmt þeim séu ekki skyldir að greiða, fyrr en þeir eru krafðir um greiðslu. Ennfremur talið, að það sé í samræmi við nefnda reglu, að gjalddagi handhafaveðskuldabréfs í þeirri merkingu, sem 15. gr. laga nr. 29 frá 1885 notar orðið gjalddagi, sé fyrst kominn þann dag, sem handhafinn skorar á skuldara að greiða. Slík greiðsluáskorun talin felast í tilkynningu, birtri af stefnuvottum, um að fjárnám yrði látið fara fram að þremur dögum liðnum frá birtingu tilkynningarinnar. Frestskilyrði 15. gr. um að fjárnám skuli ekki gera fyrr en liðinn er hálfur mánuður frá gjalddaga eigi talið fullnægt, með því að fjárnámið hófst á 7. degi frá birtingu téðrar tilkynningar. Loks var nefnd tilkynning ekki talin fullnægja skilyrði 15. gr. um, að búi skuldunautur á hinni veðsettu eign, þá skuli með þriggja daga fyrirvara birta honum með stefnuvottum, hvenær gerðin skuli fram fara, með því að þriggja daga frestur inn var liðinn mörgum dögum áður en fjárnámið mátti gera 491

Fjárnám í húsi, sem veðsett hafði verið samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885, fellt úr gildi ex officio, með því að skilyrði téðs lagaákvæðis um, að bréfið sé þinglesið, var ekki fullnægt 555

Fjárnám í húsi, sem veðsett hafði verið samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885, fellt úr gildi, með því að óvissa ríkti um, hvort nokkur eða hver lóðarréttindi fylgdu húsinu og þannig skilyrðum nefnds ákvæðis ekki fullnægt 1007

Veðurstofan.

Aflað vitneskju hjá Veðurstofunni um veðurhæð á tilteknum tíma til afnota í máli 862

Veiðarfæri, upptaka. Sjá refsingar.

Veitingasala.

Veitingamaður dæmdur eftir 7. gr. lögreglusamþykktar fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu fyrir að bera gestum veitingar eftir lögboðinn veitingatíma og

Bls.

eftir 23. gr. áfengislaga nr. 64/1930 fyrir að veita gestum vín í veitingahúsinu. Auk þess var sakbornings sviptur veitingaleyfi í 3 mánuði 881

Venja.

Ekki taldar vera fyrir hendi neinar fullnægjandi upplýsingar um venju varðandi uppsagnarfrest í vinnusambandinu milli bifreiðastöðvar og bílstjóra, sem ráðinn er um óákveðinn tíma með ákveðnu mánaðarkaupi 83

Sama talið gilda um vinnusambandið milli bifreiðastöðvar og afgreiðslumanns á stöðinni 432

Talið upplýst, að það hafi verið venja, að veðsalar ráðstöfuðu fiski, veðsettum samkvæmt lögum nr. 34/1927, án nokkurra afskipta veðhafa og að kaupendur slíks fisks hafi venjulega greitt andvirði hans til veðsala án nokkurra athugasemda af hálfu veðhafa 313

Það talið af héraðsdómara venja, að ef vara er seld gegn bankatryggingu, þá sé tryggingin sett og seljanda send skilríki um þetta, áður en seljandi afgreiðir vöruna frá sér 398

Verðtollur. Sjá tollar.

Verkkaup.

A framseldi B kröfu, sem hann (A) taldi sig eiga á C fyrir hirðingu á vél og aðra vinnu við vélbát. Talið sannað, að C hefði verið búinn að greiða A verkkaupið, áður en framsalið á kröfunni fór fram ... 398

Verksamningar.

Þrír menn tóku að sér með verksamningi að byggja verzlunarhús. Á uppdrætti að húsinu voru sýnd tvö sýningarrúm, merkt bókstafnum Y og laus við sjálft húsið. Á sama uppdrætti voru sýnd önnur sýningarrúm, merkt bókstafnum X og áföst hvort sínum gafli hússins. Í útboðsskilmálunum, sem voru eldri en verksamningurinn, var sagt, að útstillingarskápar framan við búðina »fylgi ekki með í útboðinu«, en í verksamningnum var sagt, að 2

Bls.

»sýningarskápar« séu undanskildir því verki, sem verksalar ættu að inna af hendi fyrir þar tilskilið endurgjald. Af verksamningnum var talið mega ráða það, að einungis tvö af greindum fjórum sýningarrúmum væru undanskilin því verki, sem verksalar áttu að leysa af hendi fyrir það endurgjald, sem ákveðið var í samningnum, enda ekki ágreiningur um, að verkkaupandi ætti að greiða kostnaðinn við gerð sýningarrúmanna Y. Framkoma verksala, sú að taka athugasemdalaust við gluggaverkteikningu, sem sýningarrúmin X, en ekki sýningarrúmin Y, voru sýnd á, og að leggja athugasemdalaust til efni og vinnu í sýningarrúmin X, talin styrkja framangreindan skilning. Var verkkaupandi af téðum ástæðum sýknaður af kröfu verksala um að greiða sérstaklega kostnaðinn við gerð sýningarrúmanna X 217

Verzlunarbækur.

Maður sýknaður af ákæru fyrir að hafa næstu árin á undan gjaldþroti sínu bókfært fasteignir sínar með mun hærra verði en hann hafði áður gert og ennfremur fyrir að hafa fært húseign sína, sem með kaupmála hafði verið gerð séreign konu hans, á efnahagsreikningi sínum 126

Kona dæmd fyrir óreiðu í bókhaldi eftir 2. málsgr. 264. gr. hegningarlaganna. Manni, sem stóð fyrir verzlun greindrar konu, refsað eftir 2. málsgr. 264. gr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. sömu laga 236

Verzlunarfyrirtæki. Sjá atvinnufyrirtæki.

Verzlunarhættir (óréttmætir).

Fyrirsjármenn hlutafélags dæmdir til refsingar samkvæmt a-lið 1. gr. laga nr. 84 frá 1933 um óréttmæta verzlunarháttu 790

Verzlunarráð Íslands. Sbr. gengi.

Verzlunarráðið lætur í té álitsgerð í máli um, hvort umboðslaun, sem firma hafði reiknað sér fyrir sölu síldarafurða, gætu talizt ósanngjörn 611

Bls.

Verzlunarskuldir, verzlunarviðskipti.
Sjá kaup og sala, samningar, skuldajöfnuður, skuldir, skuldamál.

Vextir.

Rétthæð vaxta í veði metin samkvæmt lögum nr. 23 frá 1901 336
Skuldari taldi skuldareiganda hafa gert sig beran að viðtökudrætti og krafðist þess vegna sýknu af að greiða vexti af skuldinni. Krafa hans var ekki talin hafa við rök að styðjast 496
Vextir aðeins dæmdir frá sáttakærudegi, enda þótt þeirra væri krafizt frá fyrri tíma . 457, 496, 611, 702, 925
I refsimáli á hendur bankafulltrúa í Landsbanka Íslands fyrir sviksamlegt athæfi og rangar færslur í bækur bankans, var sökunautur dæmdur til að greiða bankanum skaðabætur. Vextir voru dæmdir af bótafjárhæðinni frá þeim degi, er krafan um skaðabæturnar kom fram 721
A, sem var innheimtumaður lands- og bæjarsímastöðvarinnar í Reykjavík, var hinn 27. des. 1932 kærður fyrir sjóðþurrð. Fé það, sem hann hafði dregið sér frá Landssíma Íslands, var hann dæmdur til að greiða með 5 % vöxtum frá 1. jan. 1933. Af sjóðþurrð hans við bæjarsíma Reykjavíkur var engra vaxta krafizt og var A því dæmdur til að greiða þá fjárhæð án vaxta 522
Féhirðir við útbú Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum, sem gert hafði sig sekan um sjóðþurrð, dæmdur til að endurgreiða féð án vaxta, með því að þeirra var ekki krafizt 892
A, sem varð fyrir bílslysi, krafðist kr. 5000,00 skaðabóta, ásamt 6 % vaxta af þeirri fjárhæð frá þeim tíma, er slysið varð og til greiðsludags. Með því að stefndi í héraði krafðist sýknu í málinu, þótti hann þar með hafa nægilega mótmælt vaxtakröfunni. Mótmæli áfrýjanda um vextina voru því tekin til greina og þeir aðeins dæmdir 5 % frá sáttakærudegi af þeirri fjárhæð, sem A var dæmd 816
Vextir dæmdir 6 % frá fyrri tíma en útgáfu gestaréttarstefnu, að því er virðist vegna þess, að varakrafa var ekki gerð um niðurfærslu vaxtanna 674

Bls.

Vextir dæmdir samkvæmt 1. málsgr. 38. gr. laga nr. 39 frá 1922 um lausafjárkaup 58, 387, 773

Vextir aðeins dæmdir frá stefnudegi, enda þótt þeirra væri krafizt frá fyrri tíma. Málið rekið fyrir gestarétti 380, 1001

Maður dæmdur til að greiða bankaútibúi skuld, samkvæmt reikningslánssamningi, ásamt 7½ % vöxtum 336

Vextir dæmdir frá fyrri tímamarki en útgáfu gestaréttarstefnu, enda mætti stefndur í réttinum og hreyfði engum mótmælum við kröfum stefnanda 1, 3, 6, 8, 10, 13, 15, 18, 20

Háseti á vélbát, sem róið var til fiskjar, krafði útgerðarmann um kaup sitt ásamt 6 % vöxtum frá vertíðarlokum. Hásetanum var dæmt í héraði kaupið ásamt 5 % vöxtum frá téðu tímamarki, þrátt fyrir það, að málið var höfðað löngu seinna og þrátt fyrir mótmæli útgerðarmanns. Í hæstarétti var ekki krafizt breytinga á héraðsdóminum að þessu leyti 716

Skaðabætur útaf árekstri skipa dæmdar ásamt 5 % vöxtum frá tímamarki, sem löngu var liðið, þegar málið var höfðað, enda var ekki hreyft athugasemdum um upphafsdag vaxtanna af hálfu þess, er sóttur var til greiðslu 836

Skipverji á vélbát, sem róið var til fiskjar, krafði útgerðarmann um kaup sitt ásamt 6 % vöxtum frá vertíðarlokum, enda þótt málið væri höfðað miklu seinna. Krafan um upphafsdag og hæð vaxtanna tekin til greina, enda hreyfði stefndur ekki mótmælum að þessu leyti 289

Viðtökudráttur.

A, sem krafinn var um skuld, krafðist sýknu af að greiða vexti af henni og byggði það á því, að hann hefði boðið fram greiðslu hennar á réttum gjalddaga. Þessi krafa var ekki tekin til greina, með því að ósannað var, að um viðtökudrátt hefði verið að ræða af hálfu skuldara 496

Viðskiptatilkynningar.

A var veturinn 1929 ráðinn bifreiðarstjóri hjá bifreiðastöð um óákveðinn tíma með ákveðnu mánaðar-

Bls.

kaupi. I nóv. 1931 var honum sagt upp starfinu fyrirvaralaust og jafnframt greiddar eftirstöðvar kaups. Spurði A þá vinnuveitanda, hvort hann fengi ekki kaup lengur en til uppsagnardags. Þessu neitaði vinnuveitandinn, en A svaraði, að þeir myndu sjá, hvernig það færi. A talinn með þessum ummælum hafa gefið nægilega í skyn, að hann vildi halda óskertum þeim rétti til frekari greiðslu, sem hann kynni að hafa vegna of stutts uppsagnarfrests. A þess vegna ekki talinn hafa fyrirgert rétti sínum í þessu efni, enda þótt hann setti ekki fyrirvara um hann í kvittunina fyrir því kaupi, sem honum var greitt við uppsögnina 88

Þrír verksalar, sem með verksamningi höfðu tekið að sér byggingu verzlunarhúss, töldu, að gerð tveggja sýningarrúma væri ekki innifalin í því verki, sem þeir áttu að leysa af hendi fyrir það endurgjald, er í samningnum var ákveðið. Það talið veikja málstað þeirra, að þeir tóku athugasemdalaust við gluggaverkteikningu, sem sýningarrúmin voru sýnd á, og lögðu athugasemdalaust til vinnu og efni í sýningarrúmin, enda þótt í samningnum segði, að verksölum bæri sérstakt endurgjald »vegna breytinga á efni og tilhögun« frá því, sem umsamið var, ef breytingin hefði aukinn kostnað í för með sér, og þá skyldi semja sérstaklega í hvert sinn, áður en verkið væri af hendi leyst 217

Nokkrir skipverjar á varðskipi höfðu í ráðningarsamningi afsalað sér þeim uppsagnarfresti, er getur í lögum nr. 63/1928. Eftir að skipverjar þessir voru farnir úr skiprúmi, héldu þeir því fram, að þeim hefði þrátt fyrir orðalag ráðningarsamningsins verið veitt ástæða til að ætla, að þeir skyldu njóta uppsagnarfrests eftir téðum lögum. Það talið mæla á móti þeim, að ekki var sannað, að þeir hefðu slegið neinn varnagla um uppsagnarfrest, þegar þeir voru afskráðir úr skiprúmi eða þegar þeir tóku við kaupi sínu 710

A gerði samning við erlent firma um vörukaup, og átti greiðslan fyrir vöruna að vera bankatryggð. Þegar til kom, neitaði firmað að senda vöruna fyrr en A

Bls.

stæði skil á fjárhæð, sem hann skuldaði firmanu. Síðar bar firmað einnig fyrir sig, að því hefði ekki borið skylda til að senda vöruna, fyrr en bankatryggingin væri í lagi. Sagt, að firmað hefði ekki bakað sér skaðabótaskyldu gegn A með þessari framkomu sinni 387

A taldi sig heimilisfastan í Seltjarnarnesshreppi og greiddi þar útsvar. Síðar var kveðið á um það með dómi hæstaréttar, að A væri útsvarsskyldur í Reykjavík. Krafði A nú Seltjarnarnesshrepp um endurgreiðslu útsvarsins og fékk þá kröfu tekna til greina, þrátt fyrir það, að hann hafði á sínum tíma greitt útsvarið án þess að slá varnagla um endurgreiðslu 380

Firma, sem krafið var um aðflutningsgjald af hinum svonefnda bitra kakao-»massa« eða kakao-deigi, greiddi aðflutningsgjaldið með fyrirvara og höfðaði síðan mál gegn ríkissjóði til endurgreiðslu þess 411

Sagt, að ekki kæmi til álita, hvort A með mótmælalausri viðtöku reiknings hefði viðurkennt fyrnda skuld, með því að ekki var upplýst gegn neitun A, að hann hefði nokkurn tíma fengið slíkan reikning 943

Vinnusamningar.

Bifreiðarstjóri ráðinn við bifreiðastöð um óákveðinn tíma með ákveðnu mánaðarkaupi. Ekki talið upplýst um neina fasta venju um uppsagnarfrest í slíku vinnusambandi. Hinsvegar talið, að bifreiðarstjóra, sem svo væri ástatt um, bæri einhver uppsagnarfrestur, og var mánaðarfrestur metinn hæfilegur 83 88

Skipverjum á línuveiðagufuskipi dæmdar vinnulaunakröfur þeirra að mestu leyti, með því að útgerðarmanni tókst ekki að sanna staðhæfingu sína um, að þær væru greiddar, enda reyndist skýrsla hans röng í ýmsum atriðum. Tveir kröfuliðir voru þó dregnir frá, með því að þeir töldust ekki nægilega upplýstir gegn skorinorðum mótmælum útgerðarmanns 149

Starfsmaður á hóteli, sem hafði á hendi bókfærslu hótelsins og móttöku gesta, krafðist bóta vegna

Bls.

þess, að honum var sagt upp stöðu sinni fyrirvaralaust. Fékk hann sér dæmdar bætur, sem samsvöruðu þriggja mánaða launum, með því að hóteleigandinn gat ekki sannað staðhæfingu sína um, að starfsmanninum hefði ekki borið uppsagnarfrestur, og sakir þær, sem hóteleigandinn bar á hann, þóttu sumar ekki leiða til fyrirvaralausrar uppsagnar og aðrar ekki sannaðar. Hinsvegar þótti ekki sannað, að starfsmaðurinn, sem bjó utan hótelsins, hefði kröfu til að fá endurgreidda hjá hóteleigandanum þá húsaleigu, sem hann greiddi úti í bæ 331

Talið sannað, að maður væri ráðinn aðstoðarafgreiðslumaður við bifreiðastöð með föstu mánaðarkaupi. Ekki talið upplýst, að myndazt hefði föst venja um uppsagnarfrest í slíku vinnusambandi. Var eins mánaðar uppsagnarfrestur metinn hæfilegur 432

Í gerðabók byggingarnefndar fyrir skólahús var m. a. látið svo ummælt, að A væri ráðinn yfirsmiður við bygginguna. Nokkru síðar var bygging skólans hafin samkvæmt fundarsamþykktinni undir stjórn A. Þegar aðalsmíði hússins var lokið, var smíðinni hætt um nokkra mánuði, með því að þá var hægt að taka húsið til notkunar sem skóla. Við endurupptöku verksins var annar yfirsmiður ráðinn, án þess A hefði verið sagt upp eða nokkuð tilkynnt um það áður. Þetta voru talin samningsrof gagnvart A og honum dæmt það kaup, sem honum hefði borið sem yfirsmið, enda voru í héraði engar varakröfur gerðar um lækkun bótanna og ástæður þær, sem slíkar varakröfur áttu að byggjast á, fyrst fram færðar í hæstarétti og þannig of seint fram komnar 674

Skipverjum á varðskipi talið heimilt í ráðningarsamningi að afsala sér þeim þriggja mánaða uppsagnarfresti, sem ákveðinn er í 4. gr. laga nr. 63 frá 1928 710

Rakarasveinninn A hafði ráðizt til rakarans B og var svo samið um þeirra á milli, að ef B segði A upp fyrir tiltekið tímamark, skyldi B greiða A ákveðna fjárhæð. A talinn hafa hagað sér þannig á rakarastofunni, að B hefði verið heimilt að vísa honum á braut án þess að greiða honum bæturnar 884

Bls.

Talið, að bifreiðarstjóranum A hefði án lögmætra ástæðna verið vikið úr félagsskapnum »Vörubílastöðin í Reykjavík« og voru stjórnendur téðrar stöðvar skyldaðir til þess að viðlögðum dagsektum að viðurkenna A löglegan meðlim í stöðinni og afhenda honum félagsmerki. Auk þess voru stjórnendurnir f. h. stöðvarinnar dæmdir til að greiða A skaðabætur fyrir það atvinnutjón, sem hann hafði beðið við að vera vikið úr félagsskapnum 1031

Vitni.

Kynsjúkdóma-læknir ber vitni í opinberu máli útaf brotum á lögum nr. 6 frá 1924 156
Gjaldþrota maður leiddur sem vitni í máli, sem þrotabú hans átti í við vátryggingarfélag 229
Ýmis vitni báru, að þau hefðu keypt áfengi af A og B. Kærðu ekki dæmd fyrir aðra áfengissölu en þá, sem a. m. k. tvö vitni voru samtímis við 368
Lögregluþjónn og tollþjónn kærðu mann fyrir að hafa verið ölvaður á opinberri danssamkomu. Þrjú önnur vitni, sem voru með kærða á dansleiknum, töldu hann ekki hafa verið ölvaðan. Það talið rýra sönnunargildi vitnisburðar lögregluþjónsins og tollþjónsins, að vitni þessi voru ekki látin staðfesta framburð sinn með eiði. Kærði var sýknaður 481
Bifreiðarstjóri var sakaður um að hafa ekið á tvö hross og fótbrotið þau. Hann játaði á sig verknaðinn undir rannsókn málsins. Menn, sem í bílnum voru, þegar slysið varð, voru yfirheyrðir, en enginn þeirra kvaðst hafa orðið slyssins var 43
Í meiðyrðamáli vegna ummæla í nafnlausum greinum í blaði var það talið óheimilt, samkvæmt tilsk. 9. maí 1855, gegn mótmælum útgefanda og ábyrgðarmanns blaðsins, að leiða vitni til að fá það upplýst, hvort aðrir menn hefðu staðið á bak við hann um útgáfu blaðsins 534
Farþegar í bifreið bera vitni um aðdraganda að bifreiðarslysi 67, 1079
Sjónarvottar að bílslysi bera vitni um það og aðdraganda þess 696, 810, 915
Fyrverandi bankastjóri (A) ber vitni um undirbúning

Bls.

að umboðssölusamningi, sem hann sem bankastjóri gerði við firma eitt. Vitnisburðinum var mótmælt á þeim grundvelli, að A hefði verið við málið riðinn á sínum tíma sem samningsaðili og ætti auk þess sæti í bankaráði bankans 611
Eftirlitsmaður bifreiða ber fyrir rétti, að ekki sé unnt að stöðva bifreið á 40 km. hraða á hálfri annari lengd hennar, nema hemlarnir séu góðir og vegurinn þurr 696
Vitni, sem dæmt hafði verið með dómi hæstaréttar til 3 mánaða fangelsisrefsingar við venjulegt fanga viðurværi fyrir stórfellda áfengissmyglun og með öðrum dómi sama réttar fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaganna í 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, ekki talið algerlega lögfult 824
Vitni gert að greiða þingvítisbætur, með því að það mætti ekki eftir vitnastefnu 1017

Víxlar.

Gjalddagi víxils var 1. des. 1932, sem bar upp á fimmtudag. Víxillinn var afsagður mánudaginn 5. des. s. á. Afsögn talin hafa farið fram síðar en 41. gr. víxillaganna frá 1882 ákveða, með því að 1. des. 1932 var ekki að lögum helgur dagur, og víxileigandi þessvegna glatað víxilrétti sínum 664, 750, 754
Maður, sem skrifað hafði sem ábekingur á víxil, er afsagður hafði verið vegna greiðslufalls, dæmdur til að greiða víxilfjárhæðina, með því að hann gat ekki sannað þá staðhæfingu sína, að handhafi víxilsins hefði verið mala fide um ráðstöfunarétt samþykkjanda að víxlinum, þegar hann fékk víxilinn 1017

Vörumerki.

Vörumerki hlutafélags talið fara í bága við 4. gr. laga nr. 32 frá 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl. Voru forráðamenn félagsins sektaðir eftir greindum lögum, enda þótt vörumerkið hefði verið skrásett, áður en lögin gengu í gildi 790

Vörutollur. Sjá tollar.

Bls.

Yfirvöld. Sjá dómarar, dómstólar, embættistakmörk yfirvalda, skattar og gjöld.

Þinglýsingar.

Í skuldabréfi með veði í fasteign var svo ákveðið að gera mætti fjárnám í veðinu samkvæmt 15. gr. laga nr. 29 frá 1885, ef vanskil yrði um greiðslu skuldarinnar. Fjárnám, sem gert hafði verið í eigninni eftir veðbréfinu, fellt úr gildi ex officio í hæstarétti, með því að ákvæðum téðrar greinar um að bréfinu skuli þinglýsa var ekki fullnægt 555

Þingmál. Sjá réttarmál.

Þingsafglöpun. Sjá ómerking, opinber mál.

Þingvottar. Sjá réttarvottar.

Þjófnaður.

1. Nytjastuldur.

Maður dæmdur eftir 238. gr. hegningarlaganna fyrir að aka í leyfisleysi í annars manns bifreið .. 777, 963

2. Einfaldur þjófnaður.

Þrír menn dæmdir fyrir þjófnað. Var einn þeirra dæmdur eftir 6. gr., sbr. að nokkru 7. gr. laga nr. 51/1928, fyrir að brjóta glugga í ljósmyndastofu, reka hendina inn um opið og stela þaðan ljósmynd. Hinir báðir dæmdir eftir 6. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna, og að því er annan þeirra varðaði 8. gr. laga nr. 51/1928, fyrir fataþjófnað á kaffihúsi 76

Maður dæmdur eftir 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 51/1928 fyrir að stela peningum, sem geymdir voru í pappakassa í íbúð, er sökunautur kom inn í 757

Maður fór inn í fiskverkunarhús, sem stóð opið, og stal þaðan fiski. Honum var refsað eftir 6. gr. laga nr. 51/1928 952

3. Stórþjófnaður.

Tveir menn brutust inn í áfengisverzlun með þeim

Bls.

hætti, að þeir ýttu hurðinni frá stafnum að ofan svo mikið, að þeir komu kústskafti milli hurðar og dyrastafs og sprengdu síðan falsinn frá karminum. Kölluðu þeir síðan þriðja mann til, og drýgðu allir þrír vinþjófnað. Tveir hinir fyrnefndu taldir hafa gerzt sekir um verknað þann einn, sem lýst er í 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna, sbr. 55. gr. sömu laga, en þriðji maðurinn um verknað samkvæmt sama tölul. 231. gr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. þeirra. Var sökunautum öllum refsað eftir 7. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 51/1928 23

Maður fór inn um glugga í húsi Slátursfélags Suðurlands og drýgði þar þjófnað. Gerðist hann þar með sekur um einn þann verknað, sem lýst er í 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna og var refsað eftir 7. gr. laga nr. 51/1928 76

Tveir menn brutust inn í sumarbústað í því skyni að stela þar, en komið var að þeim, áður þeim tækist að drýgja þjófnaðinn. Verknaður þeirra var þannig ein þeirra athafna, sem lýst er í 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna, sbr. 1. málsgr. 46. gr., og að því er annan sökunautanna varðaði, einnig 48. gr. sömu laga. Var refsing annars hinna ákærðu metin eftir 7. gr. sbr. 8. gr. laga nr. 51/1928 og 46. gr. hegningarlaganna, en refsing hins sakborningsins eftir 7. gr. laga nr, 51/1928, sbr. 46. og 48. gr. hegningarlaganna 784

Maður braut rúðu í glugga í verzlunarhúsi, fór inn um gluggann og drýgði þar þjófnað. Gerðist hann með þessu sekur um einn þann verknað, sem lýst er í 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna, og var refsað samkvæmt 8. gr. laga nr. 51/1928. Sami maður var einnig dæmdur eftir sömu ákvæðum, sbr. 46. gr. hegningarlaganna, fyrir að sprengja upp dyr á geymslukjallara vínverzlunar ríkisins og drýgja þar tilraun til þjófnaðar 874

Maður skreið inn um glugga á fiskverkunarhúsi og stal þar fiski. Stuldur þessi var ein þeirra athafna, sem lýst er í 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna og var manninum refsað eftir 7. gr. laga nr. 51/1928 . 952

Tveir menn brutust inn í ýmis hús og drýgðu þar

Bls.

þjófnaði og tilraun til þjófnaðar. Auk þess gerðu þeir tilraun til að brjóta upp sjálfsala. Athafnir þeirra hnigu þannig að nokkru undir lýsinguna í 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna. Var þeim refsað eftir 6. og 7. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 45. og 55. gr. hegningarlaganna 979

Tveir menn brutust niður í vélarúm vélbáts og stálu þaðan ýmsum hlutum. Athöfn þessi hnígur undir lýsinguna í 4. tölul. 231. gr. hegningarlaganna. Var sökunautum refsað samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. ennfremur 1. málslið 48. gr. hegningarlaganna að því er varðaði annan hinna seku 995

Þjófneyzla. Sjá hylming.

Ærumeiðingar.

Ábyrgðarmaður blaðs sektaður samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna fyrir meiðandi ummæli um mann í blaðinu 189

Ábyrgðarmaður blaðs sektaður samkvæmt 217. sbr. 218. gr. hegningarlaganna fyrir meiðyrði í óundirritaðri grein í blaðinu 1075

Ökuskírteini. Sjá bifreiðar, refsingar.

Ölvun. Sbr. áfengislagabrot, bifreiðar.

Maður dæmdur fyrir ölvun á almannafæri .. 180, 780, 1072

Maður sýknaður af kæru fyrir ölvun á opinberri skemmtisamkomu 481

A og B voru kærðir fyrir að hafa verið ölvaðir á almannafæri. Sagt, að kærðu hafi verið einir til frásagnar um áfengisneyzlu sína á þeim tíma, sem máli skipti, og sannanir ekki fram komnar fyrir ölvun þeirra 995

Efnisskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Lárus Jóhannesson gegn Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis. Kyrrsetning og fjárnám	9/1	1
2.	Lárus Jóhannesson gegn Ágúst Þorarinssyni, f. h. Tang & Riis. Kyrrsetning og fjárnám	9/1	3
3.	Lárus Jóhannesson gegn Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis. Kyrrsetning	9/1	6
4.	Lárus Jóhannesson gegn Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis. Kyrrsetning og fjárnám	9/1	8
5.	Lárus Jóhannesson gegn Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis. Kyrrsetning og fjárnám	9/1	10
6.	Lárus Jóhannesson, f. h. Ísleifs Jónssonar gegn Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis. Kyrrsetning og fjárnám	9/1	13
7.	Lárus Jóhannesson gegn Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis. Kyrrsetning og fjárnám	9/1	15
8.	Lárus Jóhannesson, f. h. Magnúsar Jónssonar gegn Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis. Kyrrsetning og fjárnám	9/1	18
9.	Lárus Jóhannesson gegn Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis. Kyrrsetning og fjárnám	9/1	20
10.	Réttvísin gegn Magnúsi Eiríkssyni, Steini Guðmundssyni og Guðjóni Guðjónssyni. Innbrot	11/1	23
11.	G. M. Havstein gegn Garðari Þorsteinssyni, f. h. dánarbús Chr. Havstein. Frestveiting	11/1	29

		Dómur	Bls.
12.	Kolbeinn Guðmundsson gegn Magnúsi Jónssyni. Skuldamál	16/1	30
13.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Hjalta Benónýssyni. Úrskurður	16/1	34
14.	Réttvísin gegn Halldóri Óskari Stefánssyni og Hjálmgeiri Júlíussyni. Íkveikja	18/1	35
15.	Eggert Claessen gegn hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps. Útsvarsmál	23/1	41
16.	Valdstjórnin gegn Hafliða Gíslasyni. Bifreiðalagabrot m. m.	25/1	43
17.	Réttvísin gegn Guðmundi Sigurðssyni. Brot g. 212 og 186. gr. hegnl.	30/1	48
18.	Réttvísin gegn Birni Gíslasyni og Hansínu Ingu Pétursdóttur. Úrskurður	30/1	52
19.	Gunnlaugur Sigurðsson gegn Pálma Loftssyni, f. h. Skipaútgerðar ríkisins. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/1	55
20.	Jón Jónsson gegn Sparisjóði Árnessýslu og Magnúsi sýslumanni Torfasyni. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/1	56
21.	Bjarni C. Eyjólfsson gegn L. Fjeldsted. f. h. Wm. Collin & Sons & Co. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/1	56
22.	Óskar Halldórsson gegn Sæmundi Jónssyni. Útivistardómur	30/1	57
23.	Júlíus Kr. Einarsson gegn Eyjólfi Jóhannssyni, f. h. Mjólkurfélags Reykjavíkur. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/1	57
24.	Samband íslenzkra samvinnufélaga gegn John Lindsay og gagnsök. Fisksölusamningar	6/2	58
25.	Metúsalem Jóhannsson gegn Þórði J. Thoroddsen. Staðfesting	8/2	64
26.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Hrefnu Þorsteinsdóttur. Brot g. 200. gr. hegnl. m. m.	8/2	67
27.	Réttvísin gegn Árna Jóhannessyni, Viktor Ström og Óskari Lárussyni. Stuldur	10/2	76
28.	Kristinn Guðnason gegn Þorkeli Jónssyni. Vinnuuppsögn	13/2	83

		Dómur	Bls.
29.	Kristinn Guðnason gegn Bjarna Bjarnasyni. Vinnuuppsögn	15½	88
30.	Eiríkur Snjólfsson gegn Jónínu Benónýsdóttur, f. h. Benónýs Magnússonar. Bætur fyrir bifreiðaslys	20½	92
31.	Valdstjórnin gegn Max Turk. Botnvörpuveiðabrot	27½	96
32.	Kristján Kjartansson gegn Alfons Jónssyni, f. h. Kr. Andersen. Útivistardómur. Ómaksbætur	27½	100
33.	Guðjón Einarsson gegn Hrefnu Sigurgeirsdóttur. Útivistardómur. Ómaksbætur	27½	100
34.	Dómsmálaráðuneytið gegn eiganda Þurstaða. Helga Jónssyni. Landamerkjamál	13⅓	101
35.	Helga Sigurgeirsdóttir gegn h/f Trolle & Rothe, f. h. vátryggingarfélagsins Baltica. Framsal vátryggingarbóta	13⅓	105
36.	Lárus Jóhannesson, f. h. Jóns Jónssonar gegn Ara Arnalds bæjarfógeta, f. h. þrotabús Stefáns Th. Jónssonar og Haraldi Guðmundssyni, f. h. útibús Útvegsbankans á Seyðisfirði. Kaup greitt með skuldajafnaði	15⅓	109
37.	Lárus Jóhannesson, f. h. Hinna sameinuðu íslenzku verzlana í Likvidation gegn Uppboðshaldaranum á Seyðisfirði, Ara Arnalds bæjarfógeta, Haraldi Guðmundssyni, f. h. Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði og Páli Árnasyni útgerðarmanni. Ómerking uppboðs	17⅓	114
38.	Karl Kristjánsson gegn Magnúsi bæjarfógeta Jónssyni, f. h. þrotabús h/f Valur. Óbeðinn erindisrekstur	17⅓	117
39.	Hlutafélagið „Rammi" gegn Alf. Jónssyni, Friðleifi Jóhannssyni og Þorsteini Jónssyni. Ómerking	20⅔	121
40.	Johanne Davidsson gegn Ferdinand Hansen. Ógilding fjárnáms	20⅔	122
41.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Gísla J. Johnsen og Niels Mancher. Skuldagreiðsla er fyrirsjáanlegt skyldi gjaldþrot	24⅔	126

42. Halldór Stefánsson. f. h. Brunabótafélags Íslands gegn Jóni J. Eyfirðing. Brunabætur 31/3 144
43. Bjarni Pétursson gegn Ástu Sveinsdóttur Útivistardómur 31/3 146
44. Halldór Stefánsson. f. h. Slysatryggingar ríkisins gegn Sigríði Jónsdóttur. Dánarbætur 3/4 147
45. Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja. gegn Guðmundi Ólafssyni, f. h. Gests Guðjónssonar. Kaupkrafa með sjóveði 5/4 149
46. Réttvísin gegn Hermanni Jónssyni. Brot g. l. nr. 6, frá 1924 ..... 24/4 156
47. Helgi Benediktsson gegn Gunnari Ólafssyni, Þorsteini Johnson og Jóni Ólafssyni, f. h. h/f Dráttarbraut Vestmannaeyja. Fjárnám 24/4 165
48. Valdstjórnin gegn Guðmundi Jónssyni. áfengislagabrot 26/4 170
49. Réttvísin gegn Sigfúsi Guttormssyni. Brot g. 205, sbr. 2. lið 204. gr. hegnl. 28/4 172
50. Hulda Þorsteinsdóttir gegn Einari Kr. Guðmundssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur 28/4 178
51. Jónatan Þorsteinsson gegn Margréti Zoëga. Útivistardómur. Ómaksbætur 28/4 179
52. Kristján Kr. Kristjánsson o. fl. gegn Pétri Jakobssyni. Útivistardómur 28/4 179
53. Óskar Halldórsson gegn skiptaráðanda Gullbringu- og Kjósarsýslu. Útivistardómur 28/4 180
54. Réttvísin og valdstjórnin gegn Hjalta Benónýssyni. Brot g. 102. gr. hegnl. 1/5 180
55. Valdstjórnin gegn Jakob Visser. Botnvöruveiðabrot 3/5 182
56. Valdstjórnin gegn Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni. Bruggun 3/5 187
57. Felix Guðmundsson gegn Guðmundi Hannessyni og gagnsök. Meiðyrði 5/5 189
58. Stefán Thorarensen gegn Matthíasi Einarssyni. Bifreiðaárekstur 8/5 192

		Dómur	Bls.
59.	Sigurgeir Guðjónsson gegn Ingibjörgu Stefánsdóttur og Einari Ólafi Einarssyni. Barnsfaðernismál.	8/5	196
60.	Valdstjórnin gegn James Shaughnessy. Botnvörpuveiðabrot.	10/5	200
61.	Einar Jónsson gegn Kristjáni Linnet bæjarfógeta sem skiptaráðanda í þrotabúi Soffíu Þórðardóttur, Stefáni Árnasyni og Jónatan Snorrasyni. Ómerking	12/5	205
62.	Böðvar Bjarkan, f. h. Ingvars Guðjónssonar gegn hafnarnefnd Siglufjarðar, f. h. hafnarsjóðs. Leiga	17/5	207
63.	Benedikt Jónsson, f. h. Karitasar Ólafsdóttur gegn eigendum timburverzlunar Páls Ólafssonar, þeim dr. jur. Birni Þórðarson, f. h. dánarbús Páls Bjarnasonar, Páli Ólafssyni og Guðmundi Bjarnasyni. Fjárnám	17/5	214
64.	Stefán Gunnarsson gegn Óla Ásmundssyni, Ólafi Jónssyni og Einari Einarssyni Verksamningur	19/5	217
65.	Þrotabú h/f Valur gegn Landsbanka Íslands. Veðsetning	22/5	223
66.	C. A. Broberg, f. h. vátryggingarfélagsins Danske Lloyd gegn Birni Þórðarsyni lögmanni, f. h. þrotabús Finnboga Jenssonar og gagnsök. Brunatjón	26/5	229
67.	Réttvísin gegn Birni Gíslasyni og Hansínu Ingu Pétursdóttur. Svik	26/5	236
68.	Metúsalem Jóhannsson gegn Samtrygging ísl. botnvörpunga og gagnsök. Vátrygging	31/5	278
69.	Bæjarfógeti Vestmannaeyja, f. h. þrotabús Soffíu Þórðardóttur gegn Einar Jónssyni. Formannskaup	31/5	289
70.	G. M. Havstein gegn Garðari Þorsteinssyni, f. h. dánarbús Chr. Havstein. Útivistardómur	31/5	293
71.	Guðmundur Bjarnason gegn Garðari Þorsteinssyni, f. h. Þorgerðar Einarsdóttur. Útivistardómur. Ómaksbætur	31/5	293

		Dómur	Bls.
72.	Guðmundur Bjarnason gegn Benedikt Jónssyni, f. h. Karitasar Ólafsdóttur. Útivistardómur. Ómaksbætur	31/5	294
73.	Óskar Halldórsson, f. h. Hafskipabryggju Keflavíkur s/f gegn forstjóra Landssmiðju Íslands, Ásgeiri Sigurðssyni. Útivistardómur	31/5	294
74.	Magnús Jónsson, próf. juris gegn Halldóri R. Gunnarssyni. Frávísun	31/5	295
75.	Jóhannes Kr. Jóhannesson gegn Engilbert Hafberg. Skuldajöfnuður	9/6	295
76.	Valdstjórnin gegn Aðalsteini Pálssyni. Sýknudómur	12/6	298
77.	H/f Kveldúlfur gegn Landsbanka Íslands og gagnsök. Fiskveð	14/6	313
78.	O. Ellingsen gegn bæjarstjórn Reykjavíkur. Útsvarsmál	16/6	324
79.	Valdstjórnin gegn Helga Guðmundssyni. Áfengislagabrot	19/6	328
80.	Jóhannes Jósefsson gegn Tómasi Hallgrímssyni. Skaðabætur vegna vinnuuppsagnar	23/6	331
81.	Magnús Árnason gegn útbúi Landsbanka Íslands, Ísafirði. Reikningslánssamningur	23/6	336
82.	Bæjargjaldkeri Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs gegn h/f Sindri. Fyrning lögtaksréttar fyrir útsvari	23/6	341
83.	Bæjargjaldkeri Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs gegn h/f Sindri. Útsvarsmál	23/6	344
84.	Meyvant Sigurðsson gegn Jóhönnu M. Björnsdóttur. Útivistardómur. Ómaksbætur	23/6	347
85.	Valdstjórnin gegn Árna J. Strandberg. Bruggun	25/9	348
86.	Réttvísin gegn Kristjáni Sigurmundssyni og Jóni Jónssyni. Brot g. 255. og 259. gr. hegnl.	27/9	350
87.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Ívari Jörgen Sigurbjörnssyni. Brot g. 205. gr. hegnl.	28/9	357

		Dómur	Bls.
88.	Jón Arinbjarnarson og kona hans Hrefna Sigurgeirsdóttir gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs. Frávísun	2%	360
89.	Páll Pálsson gegn Guðmundi Magnússyni. Útivistardómur	2%	361
90.	Kristmundur J. Helgason gegn Sveini Egilssyni. Útivistardómur	2%	361
91.	Stjórnendur hafskipabryggju Keflavíkur gegn Garðari Þorsteinssyni. Útivistardómur	2%	361
92.	Páll Guðmundsson gegn Ásgeiri Guðmundssyni. Útivistardómur	2%	362
93.	Halldór Guðmundsson gegn bæjarfógetanum á Siglufirði, f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur	2%	362
94.	Metúsalem Jóhannsson gegn Ara Þórðarsyni og Ólafi Þórðarsyni. Mál hafið	2%	363
95.	Bæjarstjórn Ísafjarðar gegn Jóni S. Edvald. Leyfisgjald af bæjarbryggju	2/10	368
96.	Valdstjórnin gegn Jóni R. Jónassyni og Margréti Þorsteinsdóttir. Áfengislagabrot	1/10	368
97.	Valdstjórnin gegn Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni. Bruggun	9/10	373
98.	Pálmi Loftsson, f. h. Skipaútgerðar ríkisins gegn Þorsteini Þorsteinssyni, f. h. vátryggjenda b/v Nebris. Skaðabætur út af árekstri	9/10	376
99.	Guðm. Guðmundsson. gegn hreppsnefnd Seltjarnarneshr. Endurgreiðsla útsvars	13/10	380
100.	Sveinn Bjarnason, f. h. Kára Baldvinssonar gegn skiptaráðandanum í Eyjafjarðarsýslu, f. h. þrotabús Sigurðar Jóhannessonar og Steingrími Guðmundssyni. Ómerking	16/10	385
101.	Garðar Þorsteinsson, f. h. Usines Gonsales Coch S/A gegn Markúsi Einarssyni. Vanskil	16/10	387
102.	Páll Jónsson gegn Verzlun A. & P. Kristjánssona. Framsal þegar greiddrar verkkaupskröfu	18/10	398

		Dómur	Bls.
103.	Halldór Kr. Þorsteinsson gegn Carli Finsen, f. h. Trolle & Rothe h/f, vegna Bergens Assuranceforening og gagnsök. Björgunaraðstoð	20/10	402
104.	Valdstjórnin gegn Hallgrími Guðmundssyni. Bruggun	25/10	409
105.	Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs gegn Efnagerð Reykjavíkur h/f. Vara eigi talin aðflutningsgjaldsskyld	27/10	411
106.	Einar M. Jónasson gegn Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, hreppsnefnd Flateyjarhrepps, Bergi Jónssyni sýslum. og Sigfúsi Bergmann kaupfélagsstj. Uppboð	30/10	415
107.	Markús Einarsson gegn Garðari Þorsteinssyni, f. h. Gonzales Coch S/A. Útiv.dómur	30/10	419
108.	Sigurbjörn Halldórsson gegn bæjarstjóra Vestmannaeyja, Jóhanni Gunnari Ólafssyni, f. h. hafnarsjóðs, og bæjargjaldkera Magnúsi Sveinssyni, f. h. bæjarsjóðs. Útiv.dómur	30/10	419
109.	Þórarinn Dúason o. fl. gegn h/f Hamar Reykjavík. Útiv.dómur	30/10	420
110.	Magnús Jónsson gegn Kolbeini Guðmundssyni og gagnsök	1/11	420
111.	Magnús Jónsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Frávísun. Ómaksbætur.	1/11	421
112.	Magnús Jónsson gegn Sigurði Eggerz. Frávísun	1/11	422
113.	Magnús Jónsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Frávísun. Ómaksbætur	1/11	423
114.	Magnús Jónsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. Reykjavíkurbæjar. Frávísun. Ómaksbætur	1/11	424
115.	Magnús Jónsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Frávísun. Ómaksbætur	1/11	425
116.	Magnús Jónsson gegn borgarstjóra		

		Dómur	Bls.
	Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Frávísun. Ómaksbætur	1/11	426
117.	Magnús Jónsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Frávísun. Ómaksbætur	1/11	427
118.	Magnús Jónsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Frávísun. Ómaksbætur	1/11	428
119.	Valdstjórnin gegn Elíasi Finnsyni Holm. Áfengislagabrot	1/11	429
120.	Stjórn Vörubílastöðvar Reykjavíkur gegn Guðjóni Þorbergssyni. Vinnusamningur	3/11	432
121.	Jónas Hvannberg gegn skiptaráðandanum í Árnessýslu, f. h. þrotabús Friðriks Sigurðssonar og útibúi Landsbanka Íslands á Selfossi. Sjálfsvörsluveð í heildarsafni hluta	3/11	436
122.	Réttvísin gegn Ferdinand Carlson, Helga Benónýssyni og Helga Benediktssyni. Brot g. 262. og 262„ sbr. 48. gr. hegnl.	6/11	440
123.	Gestur Bjarnason gegn Gróu Jóhannesdóttur og gagnsök. Dánarbætur	8/11	457
124.	Valdstjórnin gegn Jóni Ragnars. Bifreiða- og áfengislagabrot	10/11	463
125.	Pétur Sveinsson gegn Ágústu Guðmundsdóttur. Barnsfaðernismál	13/11	465
126.	Valdstjórnin gegn Ólafi Ólafssyni, Þorkeli Kristjánssyni, Ólafi Baldvin Þórarinssyni, Birgi Kristjánssyni, Þorsteini Gíslasyni og Helga Einarssyni. Áfengislagabrot	13/11	468
127.	Einar M. Jónasson gegn Páli Hannessyni. Aðildarleysi	15/11	473
128.	Sameignarfélagið „Baugur" gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	17/11	476
129.	H/f „Títan" gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	20/11	478
130.	Valdstjórnin gegn Oddsteini Friðrikssyni. Sýknudómur	20/11	481
131.	Eggert Claessen, f. h. Guðrúnar Laxdal		

		Dómur	Bls.
	gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	23/11	485
132.	Eggert Claessen gegn Guðmundi Guðmundssyni og gagnsök nr. 98/1933. Fjárnám ógilt	24/11	491
133.	Sophia Bertelsen gegen Halldóri Guðmundssyni. Vanefndir	29/11	496
134.	Sýslunefnd Kjósarsýslu gegn flugfélagi Íslands h/f. Hlutafjárframlag	29/11	501
135.	Ásgeir Guðmundsson gegn Metúsalem Jóhannssyni. Útiv.dómur	29/11	506
136.	Guðbjörg Jónsdóttir og Sigfús Jónsson gegn stjórn Sparisjóðs Ólafsvíkur. Útiv.dómur	29/11	507
137.	Réttvísin gegn Ólafi Jónssyni. Brot g. 205., sbr. 208. gr. hgnl.	1/12	507
138.	Einar M. Jónasson gegn Sveini Ásmundssyni, f. h. Sveins og Geira. Haldsréttur	13/12	514
139.	Valdsstjórnin gegn Páli Pálssyni. Bruggun	13/12	517
140.	Valdstjórnin gegn Kjartani Péturssyni. Lögreglusamþykktarbrot	15/12	520
141.	Réttvísin gegn Bjarna Bjarnasyni .Sjóðþurður	15/12	522
142.	Valdstjórnin gegn Hermann Lunder. Botnvörpuveiðabrot	18/12	529
143.	Ari Þórðarson gegn Ólafi Þorsteinsyni. Vitnaleiðsla	18/12	534
144.	Valdstjórnin gegn Fritz Kolm. Botnvörpuveiðabrot	20/12	536
145.	Oddsteinn Friðriksson gegn skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum og firmanu Gunnar Ólafsson & Co	20/12	543
146.	Guðmundur Í. Einarsson og Jósef Jónsson gegn aðalbankastjóra Útvegsbanka Íslands, f. h. bankans. Útiv.dómur	20/12	548
147.	Þorbergur Friðriksson gegn Gunnari Ólafssyni, f.h. þrotabús Oddsteins Friðrikssonar. Útiv.dómur	20/12	549

Hæstaréttardómar

Útgefandi: Hæstaréttarritari.

XIV. árgangur. 1933.

Mánudaginn 9. jan. 1933.

Nr. 101/1932. **Lárus Jóhannesson** (Sjálfur)
gegn
Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis
(Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfarandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, sem gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 7. þ. m., samkvæmt beiðni stefnanda, hæstaréttarmálaflutningsmanns, Lárusar Jóhannessonar í Reykjavík, á útistandandi skuldum og verzlunaráhöldum verzlunar Tang & Riis, til tryggingar kröfu hans á hendur firmanu Tang & Riis, framseldri honum af Útvegsbanka Íslands h/f, að upphæð kr. 21592,86 — tuttugu og eitt þúsund fimm hundruð níutíu og tvær — krónur 86 aura, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsettu munum til lúkningar skuldarupphæðinni ásamt 8% ársvöxtum af henni frá 1. þ. m. að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 950 — níu hundruð og fimmtíu — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja og var

því þá frestað til dezembermánaðar. En þegar það var þá aftur fyrir tekið, var ekki mætt af hálfu stefnda, og er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útgefinni 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi til greiðslu á kr. 21592,86 auk vaxta og málskostnaðar, uppkveðnum í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí f. á. og fjárnámi samkvæmt honum, er gert var 25. júní s. á. af fógetarétti sömu sýslu í innanstokksmunum og útistandandi skuldum firmans Tang & Riis í Stykkishólmi, og krefst áfrýjandi staðfestingar á dómi þessum og fjárnámsgerð, auk málskostnaðar.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við dómsathafnir þessar að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu þeirra til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hendi stefnda, að hann mundi áfrýja framannefndum dómsathöfnum til breytingar sem hann og gerði, enda þótt hann félli síðar frá þeirri áfrýjun, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málsskots síns og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaðurinn ákveðinn kr. 70.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámsgerð skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, 70 kr.

í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 9. þ. m., er risið út af skuld firmans Tang & Riis við Útvegsbanka Íslands h/f, framseldri til stefndanda. Hefir stefnandi 7. þ. m. kyrrsett útistandandi skuldir og verzlunaráhöld verzlunar Tang & Riis í Stykkishólmi til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningargerðinni. Krefst hann þess að kyrrsetningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð í hinum kyrrsettu munum til lúkningar hinni umstefndu skuld að upphæð kr. 21592,86 ásamt 8% ársvöxtum frá ½ þ. á. til greiðsludags. Auk þess krefst hann þess, að sér verði tildæmdar kr. 950,00 í málskostnað.

Stefndur, Ágúst Þórarinsson, mætti í réttinum, en hreyfði engum mótmælum gegn kröfu stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert séð því til fyrirstöðu, að dómkröfur stefnandans verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefndan til að greiða stefnandanum 950 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 9. jan. 1933.

Nr. 103/1932. **Lárus Jóhannesson** (Sjálfur)
gegn
Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis
(Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfarandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, er gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 7. þ. m., samkvæmt kröfu stefnanda, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar

Jóhannessonar í Reykjavík, í fasteignum í Skógarnesi, eign firmans Tang & Riis, til tryggingar kröfu hans á hendur firmanu, framseldri honum af firmanu H. Benediktsson & Co., að upphæð 1568 — eitt þúsund fimm hundruð sextíu og átta krónur 74 aurar, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsettu fasteignum til lúkningar skuldarupphæðinni ásamt 6% ársvöxtum af henni frá ¼ 1932 að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 216 — tvö hundruð og sextán — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað til dezembermánaðar. En þegar það var þá aftur fyrir tekið, var ekki mætt af hálfu stefnda, og er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796. Áfrýjandi hefir með stefnu, útg. 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi til greiðslu á kr. 1568,74 auk vaxta og málskostnaðar, uppkveðnum í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí f. á. og fjárnámi samkvæmt honum, er gert var 22. júní s. á. í fasteignum firmans Tang & Riis í Skógarnesi af fógetarétti sömu sýslu, og krefst áfrýjandi staðfestingar á dómi þessum og fjárnámsgerð, auk málskostnaðar.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við dómsathafnir þessar að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu þeirra til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hendi stefnda, að hann mundi áfrýja framannefndum

dómsathöfnum til breytingar sem hann og gerði, enda þótt hann félli síðar frá þeirri áfrýjun, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málskots síns og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaðurinn ákveðinn kr. 70.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámsgerð skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, 70 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 9. þ. m., er risið út af skuld firmans Tang & Riis við firmað H. Benediktsson & Co., framseldri til stefnanda.

Hefir stefnandinn 7. þ. m. kyrrsett fasteignir firmans Tang & Riis í Skógarnesi til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Krefst hann þess, að kyrrsetningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð á hinum kyrrsettu munum til lúkningar hinni umstefndu skuld, að upphæð kr. 1568,74 ásamt 6% ársvöxtum frá ½ þ. á. til greiðsludags. Auk þess krefst hann þess, að sér verði tildæmdar kr. 216,00 í málskostnað.

Stefndur mætti í réttinum en hreyfði engum mótmælum gegn kröfu stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert séð, er sé því til fyrirstöðu að dómkröfur stefnandans verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefndan til að greiða stefnandanum 216 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 9. jan. 1933.

Nr. 104/1932. **Lárus Jóhannesson** (Sjálfur)
gegn
Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis
(Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, er gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 7. þ. m. samkv. kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar í Reykjavík, í húseign firmans Tang & Riis á Bryggju til tryggingar víxilkröfu hans á hendur firmanu Tang & Riis, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinni kyrrsettu húseign til lúkningar víxilskuldinni kr. 720,00 ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 9/1 1932 að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 2,40 kr. í innheimtuþóknun og 166,00 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað til dezembermánaðar. En þegar það var þá aftur fyrir tekið, var ekki mætt af hálfu stefnda, og hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útgefinni 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi til greiðslu á 720,00 kr. ásamt vöxtum og málskostnaði, uppkveðnum í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí f. á. og krafizt staðfestingar á dóminum, auk málskostnaðar.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við dóm þenna að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu dómsins til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hálfu stefnda, að hann mundi áfrýja dómi þessum til breytingar, sem hann og gerði, enda þótt hann félli síðar frá þeirri áfrýjun, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málskots síns og þykir því rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaðurinn ákveðinn 70 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, 70 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem höfðað er með gestaréttarstefnu, útg. 9. þ. m., er risið út af víxilskuld firmans Tang & Riis samkv. víxli, útg. 9/11 f. á., gjaldf. 9/1 þ. á., að upphæð kr. 720,00. Hefir stefnandinn 7. þ. m. kyrrsett húseign firmans Tang & Riis á Bryggju í Eyrarsveit til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Krefst hann þess, að kyrrsetningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð í hinni kyrrsettu eign til lúkningar hinni umstefndu skuld ásamt 6% ársvöxtum frá 9/1 þ. á. til greiðsludags og 1/3% innheimtuþóknun. Auk þess krefst hann að sér verði tildæmdar kr. 166,00 í málskostnað.

Stefndur mætti í réttinum en hreyfði engum mótmælum gegn kröfu stefnanda. —

Af málsskjölunum verður ekkert séð, er sé því til fyrirstöðu að dómkröfur stefnanda verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefndan til að greiða stefnandanum 166 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 9. jan. 1933.

Nr. 105/1932. **Lárus Jóhannesson** (Sjálfur)
gegn
Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis
(Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, er gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 7. þ. m., samkv. kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar í Reykjavík, í vélbátnum „Ægir", til tryggingar vixilkröfu hans á hendur firmanu Tang & Riis, að upphæð 5000 — fimm þúsund — krónur, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsetta vélbát til lúkningar víxilskuldinni ásamt 6% ársvöxtum frá 1/3 1932 að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 16 — sextán — krónur 67 aura í innheimtuþóknun og 497 — fjögur hundruð níutíu og sjö — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri að för að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað til dezembermánaðar. En þegar það var þá aftur fyrir tekið, var ekki mætt að hálfu stefnda,

og hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útgefinni 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi til greiðslu á kr. 5000,00 auka vaxta og málskostnaðar, uppkveðnum í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí f. á., og fjárnámi, sem gert var í fógetarétti sömu sýslu 22. júní s. á. í vélbátnum „Ægir", og krefst áfrýjandi staðfestingar á dómi þessum og fjárnámi, auk málskostnaðar.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við dómsathafnir þessar að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu þeirra til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hendi stefnda, að hann mundi áfrýja framannefndum dómsathöfnum til breytingar, sem hann og gerði, enda þótt hann félli síðar frá þeirri áfrýjun, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málsskots síns og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaðurinn ákveðinn 70 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámi skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, 70 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 9. þ. m., er risið út af víxilskuld firmans Tang & Riis, samkv. víxli, útg. 1/9 1931, gjaldf. 1/3 1932, að upphæð kr. 5000,00. Hefir stefnandinn 7. þ. m. kyrrsett vélbátinn „Ægir", eign firmans Tang og Riis, til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Krefst hann þess, að kyrrsetningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð í hinum kyrrsetta vélbát til lúkningar hinni umstefndu skuld ásamt 6% ársvöxtum frá 1/3 1932 til greiðsludags og 1/3% innheimtuþóknunar. Auk þess krefst hann, að sér verði tildæmdar kr. 497,00 í málskostnað.

Stefndi mætti í réttinum og hreyfði engum mótmælum gegn kröfum stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert sér, er sé því til fyrirstöðu, að dómkröfur stefnandans verði teknar til greina. Ber því að gera það, og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefndan til að greiða stefnanda 497 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 9. jan. 1933.

Nr. 106/1932. **Lárus Jóhannesson** (Sjálfur)

gegn

Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis

(Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfylgjandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, sem gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 7 þ. m., samkv. kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar í Reykjavík, í vélskipinu „Hans", til tryggingar víxilkröfu á hendur firmanu Tang & Riis, að upphæð 589 — fimm hundruð áttatíu og níu — krónur 58 aura, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinu kyrrsetta skipi til lúkning-

ar víxilskuldinni ásamt 6% ársvöxtum af henni frá ¾ 1932 að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 1 eina — krónu 97 aura í innheimtuþóknun og 166 — eitt hundrað sextíu og sex — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað til dezembermánaðar. En þegar það var þá aftur fyrir tekið, var ekki mætt af hálfu stefnda, og er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útgefinni 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi, til greiðslu á kr. 589,58 auk vaxta og málskostnaðar, uppkveðnum í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí f. á. og fjárnámi samkvæmt honum, sem gert var í fógetarétti sömu sýslu 22. júní s. á. í vélskipinu „Hans", og krefst áfrýjandi staðfestingar á dómi þessum og fjárnámi, auk málskostnaðar.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við dómsathafnir þessar að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfesting þeirra til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hendi stefnda, að hann mundi áfrýja framannefndum dómsathöfnum, sem hann og gerði, enda þótt hann félli síðar frá þeirri áfrýjun, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málsskots síns og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaður ákveðinn 70 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámi skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, 70 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 9. þ. m., er risið út af víxilskuld firmans Tang & Riis, samkv. víxli, útg. 9/10 f. á., gjaldf. 9/1 þ. á., að upphæð kr. 589,58. Hefir stefnandinn 7. þ. m. kyrrsett vélskipið „Hans" eign firmans Tang & Riis til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Krefst hann þess, að kyrrsetningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð í hinni kyrrsettu eign til lúkningar hinni umstefndu skuld ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 9/1 þ. á. til greiðsludags og 1/3% innheimtuþóknun. Auk þess krefst hann, að sér verði tildæmdar kr. 166,00 í málskostnað.

Stefndur mætti í réttinum en hreyfði engum mótmælum gegn kröfum stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert séð, er sé því til fyrirstöðu, að dómkröfur stefnandans verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefnda til að greiða stefnandanum 166 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 9. jan. 1932.

Nr. 107/1932. **Lárus Jóhannesson, f. h. Ísleifs Jónssonar** (Sjálfur)

gegn

Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfylgjandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, er gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 11. þ. m., samkv. kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, í fasteignum verzlunar Tang & Riis í Stykkishólmi, til tryggingar kröfu Ísleifs Jónssonar verkstjóra í Stykkishólmi, á hendur firmanu Tang og Riis, að upphæð 3932 — þrjú þúsund níu hundruð þrjátíu og tvær krónur og 19 aurar, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsettu eignum til lúkningar skuldarupphæðinni, ásamt 6% ársvöxtum af henni frá ½ 1932 að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 403 — fjögur hundruð og þrjár — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað til dezembermánaðar. En þegar það var aftur tekið fyrir, var ekki mætt af hálfu stefnda. Málið hefir því verið skriflega flutt samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útg. 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi til greiðslu á kr. 3932,19

auka vaxta og málskostnaðar, uppkveðnum 28. maí f. á., í gestaréttí Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og fjárnámi, sem gert var 25. júní s. á. í fógetaréttí sömu sýslu í fasteign firmans Tang & Riis í Stykkishólmi, og krefst áfrýjandi staðfestingar á dómi þessum og fjárnámi.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við framannefndar dómsathafnir að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu þeirra til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hendi stefnda, að hann mundi áfrýja áðurnefndum dómsathöfnum, sem hann og gerði, enda þótt hann félli frá þeirri áfrýjun síðar, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málsskots síns, og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaðurinn ákveðinn 70 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámi skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. Ísleifs Jónssonar, 70 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 11. þ. m., er risið út af skuld firmans Tang & Riis við Ísleif Jónsson, verkstjóra í Stykkishólmi. Hefir stefnandi 11. þ. m. kyrrsett fasteignir verzlunar Tang & Riis í Stykkishólmi, til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Krefst hann þess, að kyrr-

setningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð í hinum kyrrsettu munum til lúkningar hinni umstefndu skuld að upphæð kr. 3932,19, ásamt 6% ársvöxtum frá ⅓ 1932 til greiðsludags. Auk þess krefst hann þess, að sér verði tildæmdar kr. 403,00 í málskostnað.

Stefndur mætti í réttinum og hreyfði engum mótmælum gegn kröfum stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert séð, er sé því til fyrirstöðu, að dómkröfur stefnandans verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefndan til að greiða stefnandanum 403 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 9. janúar 1932.

Nr. 108/1932. **Lárus Jóhannesson** (Sjálfur)

gegn

Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis

(Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfarandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, sem gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 11. þ. m., samkv. kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar í Reykjavík, í fasteignum og útistandandi skuldum verzlunar Tang & Riis á Sandi, til tryggingar víxilkröfu hans á hendur firmanu Tang & Riis, að upphæð 15000 — fimmtán þúsund — krónur, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsettu eignum til lúkningar víxilsskuldinni ásamt 6% ársvöxtum af henni frá ⅓ 1932 að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 50 — fimmtíu — krónur í innheimtuþóknun og 734 — sjö hundruð þrjátíu og fjórar — krónur og 50 aura í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað til dezembermánaðar. En þegar það var aftur tekið fyrir, var ekki mætt af hálfu stefnda og hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útg. 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi til greiðslu á kr. 15000.00 auk vaxta og málskostnaðar, uppkveðnum í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí. f. á., og fjárnámi, sem gert var í fógetarétti sömu sýslu 24. júní s. á. í fasteignum og útistandandi skuldum firmans Tang & Riis á Sandi, og krefst áfrýjandi staðfestingar á dómi þessum og fjárnámi auk málskostnaðar.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við dómsathafnir þessar að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu þeirra til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hendi stefnda, að hann mundi áfrýja framannefndum dómsathöfnum til breytingar, sem hann og gerði, enda þótt hann félli síðar frá þeirri áfrýjun, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málskots síns, og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaðurinn ákveðinn 70 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámi skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, 70 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 11. þ. m., er risið út af víxilskuld firmans Tang & Riis, samkv. víxil, útg. 1/9 1931, gjaldf. 1/3 1932, að upphæð 15000 kr. Hefir stefnandinn 11. þ. m. kyrrsett fasteignir og útistandandi skuldir verzlunar Tang & Riis á Sandi til tryggingar kröfunni, og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Krefst hann þess, að kyrrsetningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð í hinum kyrrsettu eignum til lúkningar hinni umstefndu skuld ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 1/3 1932 til greiðsludags og 1/3% innheimtuþóknun. Auk þess krefst hann að sér verði tildæmdar kr 734.50 í málskostnað.

Stefndur mætti í réttinum og hreyfði engum mótmælum gegn kröfum stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert séð, er sé því til fyrirstöðu, að dómkröfur stefnanda verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefnda til að greiða stefnandanum kr. 734.50 í málskostnað.

Mánudaginn 9. janúar 1932.

Nr. 109/1932. **Lárus Jóhannesson, f. h. Magnúsar Jónssonar** (Sjálfur)

gegn

Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis (Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfylgjandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, sem gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 11. þ. m., skv. kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar í Reykjavík, í lausafé tilheyrandi verzlun Tang & Riis á Sandi til tryggingar kröfu Magnúsar Jónssonar bókhaldara í Stykkishólmi á hendur firmanu Tang & Riis að upphæð 2385 — tvö þúsund þrjú hundruð áttatíu og fimm — krónur 23 aurar, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsettu munum til lúkningar skuldarupphæðinni, ásamt 6% ársvöxtum af henni frá ⅓ 1932 að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 282.50 — tvö hundruð áttatíu og tvær — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað til dezembermánaðar. En þegar það var þá aftur tekið fyrir, var ekki mætt af hálfu stefnda og hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útg. 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi til greiðslu á kr. 2385,23 auk vaxta og málskostnaðar, uppkveðnum í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí f. á., og fjárnámi, sem gert var í fógetarétti sömu sýslu 24. júní s. á. í ýmsum lausafjármunum firmans Tang & Riis á Sandi, og krefst áfrýjandi staðfestingar á dómi þessum og fjárnámi auk málskostnaðar.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við dómsathafnir þessar að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu þeirra til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hendi stefnda, að hann mundi áfrýja framannefndum dómsathöfnum til breytingar, sem hann og gerði, enda þótt hann félli síðar frá þeirri áfrýjun, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málskots síns, og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaðurinn ákveðinn 70 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámi skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. Magnúsar Jónssonar, 70 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 11/5 1932, er risið út af skuld firmans Tang & Riis við Magn-

ús Jónsson, bókhaldara í Stykkishólmi. Hefir stefnandi 11. þ. m. kyrrsett 3 uppskipunarbáta og smábát, vöruflutningabifreið og peningaskáp og skrifborð, eign verzlunar Tang & Riis á Sandi til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Krefst hann þess, að kyrrsetningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð í hinum kyrrsettu munum til lúkningar hinni umstefndu skuld að upphæð kr. 2385,23 ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 1⅓ þ. á. til greiðsludags. Auk þess krefst hann þess að sér verði tildæmdar kr. 282,50 í málskostnað.

Stefndur mætti í réttinum og hreyfði engum mótmælum gegn kröfum stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert séð, er sé því til fyrirstöðu, að dómkröfur stefnandans verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefndan til að greiða stefnandanum kr. 282,50 í málskostnað.

Mánudaginn 9. jan. 1932.

Nr. 110/1932. **Lárus Jóhannesson** (Sjálfur)
gegn
Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis (Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfylgjandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, er gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 11. þ. m., samkv. kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar í Reykjavík, í vörubirgðum verzlunar Tang & Riis, að upphæð 5100 — fimm þúsund og eitt hundrað — krónur, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsettu munum til lúkningar víxilskuldinni, ásamt 6% ársvöxtum af henni frá ¼ 1932 að telja og þar til greitt

er. Loks greiði stefndur stefnandanum 17 — seytján — krónur í innheimtuþóknun og 470 — fjögur hundruð og sjötíu — krónur og 50 aura í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað til dezembermánaðar. En þegar það var aftur tekið fyrir, var ekki mætt af hálfu stefnda, og hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er það dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útg. 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi til greiðslu á kr. 5100,00 auk vaxta og málskostnaðar, uppkveðnum í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí. f. á. og fjárnámi, sem gert var í fógetarétti sömu sýslu 24. júní s. á. í vörubrigðum firmans Tang & Riis á Sandi og krefst áfrýjandi staðfestingar á dómi þessum og fjárnámi auk málskostnaðar.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við dómsathafnir þessar að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hendi stefnda, að hann mundi áfrýja framannefndum dómsathöfnum til breytingar, sem hann og gerði, enda þótt hann félli síðar frá þeirri áfrýjun, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málskots síns, og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaðurinn ákveðinn 70 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámi skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, 70 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 11/5 1932, er risið út af víxilskuld firmans Tang & Riis, samkv. víxli, útgefnum 31/12 1931, gjaldf. 1/4 1932, að upphæð kr. 5100,00. Hefir stefnandinn 11. þ. m. kyrrsett vörubirgðir verzlunar Tang & Riis á Sandi til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Krefst hann þess, að kyrrsetningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám, til sölu við uppboð, í hinum kyrrsettu munum til lúkningar hinni umstefndu skuld ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 1/4 þ. á. til greiðsludags og 1/3% innheimtuþóknun. Auk þess krefst hann að sér verði tildæmdar kr. 470,50 í málskostnað.

Stefndur mætti í réttinum og hreyfði engum mótmælum gegn kröfum stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert séð, er sé því til fyrirstöðu, að dómkröfur stefnanda verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefndan til að greiða stefnandanum kr. 470,50 í málskostnað.

Miðvikudaginn 11. jan. 1933.

Nr. 174/1932. **Réttvísin** (Sveinbjörn Jónsson).

gegn

Magnúsi Eiríkssyni, Steini Guðmundssyni og Guðjóni Guðjónssyni (Guðmundur Ólafsson).

Innbrotsþjófnaður.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 28. apríl 1932: Ákærðir, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, sæti hvor um sig 10 mánaða betrunarhússvinnu og ákærður, Guðjón Guðjónsson, 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla eftir 5 ár frá uppsögn dómsins ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907, eru haldin.

Ákærðir greiði allir in solidum forstjóra áfengisverzlunarinnar hér kr. 254,00 í iðgjöld.

Ennfremur greiði ákærðir, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, honum in solidum kr. 285,50 í iðgjöld.

Svo greiði allir hinir ákærðu in solidum allan af málinu löglega leiðandi kostnað þar á meðal varnarlaun hins skipaða talsmanns síns, cand. jur. Óskars Borg, 50,00 krónur.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 15 daga frá löglegri birtingu dómsins, og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinir ákærðu, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, hafa gerzt sekir um verkað þann einn, sem lýst er í 231. gr. 4. tölul. almennra hegningarlaga, sbr. við 55. gr. sömu laga, en ákærði Guðjón Guðjónsson, um verknað samkvæmt sama tölulið 231. gr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. þeirra. Þykir hegning þeirra hæfilega ákveðin, samkvæmt 7., sbr. 6. gr. laga nr. 51 frá 7. maí 1928, hinna tveggja fyrst-

nefndu 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en hins síðastnefnda 2 mánaða samskonar fangelsi. En fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að fimm árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir.

Samkvæmt skýrslu forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins á Ísafirði var alls saknað um 95 fl. af 5 vintegundum með mismunandi útsöluverði. Sannað er að hinir ákærðu hafa tekið alls 58 fl., en ekki er upplýst af hvaða tegund eða með hvaða útsöluverði þær hafa verið, nema þær 32 flöskur, sem aftur var skilað eða greiddar voru. Þegar ákveða skal iðgjöld fyrir þær 26 fl., sem ekki var skilað eða greiddar voru, verður því að leggja það til grundvallar, að þær hafi verið þeirrar tegundar, sem lægsta verði voru seldar, eftir því sem til vinnst, og gátu þá af þessum 26 fl. 4 hafa verið seldar á kr. 8,50, 15 á kr. 7,00 og 7 á kr. 9,50, og verður það samtals kr. 205,50. Með því að engar sannanir eru fram komnar um það, að þær nálægt 37 fl., sem saknað var fram yfir þá tölu, er hinir ákærðu játa sig hafa tekið, hafi horfið af völdum þeirra, þá verða þeir ekki dæmdir í þessu máli til þess að greiða andvirði þeirra. Ber því að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum kr. 205,50 í iðgjöld.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo greiði hinir ákærðu in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80,00 kr. til hvors.

Í héraði bendluðust 4 aðrir menn við mál þetta, og hefir því eigi verið áfrýjað að því leyti. Þrír

þeirra töldust hafa veitt aðstoð sína til þess að koma þýfinu undan. Öllum þessum 4 mönnum ákvað rannsóknardómarinn sektarhegningu, án þess að til málshöfðunar kæmi. Einn þessara manna, Eggert Haraldsson, hafði sofið í herbergi ákærða, Guðjóns Guðjónssonar, nóttina, sem þjófnaðurinn var framinn. Vaknaði hann er hinir ákærðu komu inn í herbergið um nóttina með nokkuð af áfenginu og fékk þá grun, eða jafnvel vissu um að það mundi vera þeim ófrjálst. Hann neytti einskis af áfenginu og tók engan þátt í brotinu, beint eða óbeint. Um morguninn fór hann alfarinn úr herberginu. Rannsóknardómarinn telur Eggert þennan hafa gerzt brotlegan við 240. gr. hegningarlaganna fyrir það eitt, að hann skýrði lögreglunni ekki frá því hvers hann hafði orðið áskynja, og ákvað honum því 60,00 kr. sektarhegningu. Taldi dómarinn sig hafa heimild til að lúka máli Eggerts með þessum hætti „samkvæmt" analogiu" „6. gr. laga nr. 51 1928". Með því að ekki verður séð, að nefndur Eggert Haraldsson hafi með fyrr nefndu afskiptaleysi sínu gerzt brotlegur eftir 240. gr. hegningarlaganna eða öðrum réttarreglum, þá verður að átelja það, að rannsóknardómarinn hefir ákveðið honum sektarhegningu þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, sæti 4 mánaða og ákærði, Guðjón Guðjónsson, 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39 1907 verða

haldin. Svo greiði allir hinir ákærðu in solidum forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins á Ísafirði kr. 205,50 í iðgjöld.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Loks greiði hinir ákærðu in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Guðmundar Ólafssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn ákærðum Magnúsi Eiríkssyni vélstjóra, Steini Guðmundssyni sjómanni og Guðjóni Guðjónssyni matsveini, öllum til heimilis á Ísafirði, fyrir stórþjófnað og þjófnað til refsinga, greiðslu iðgjalda og málskostnaðar og eru atvik og tildrög málsins upplýst sumpart með eigin játningu og sumpart á annan hátt, þau, er hér greinir.

Aðfaranótt 26. febr. þ. á., kl. um 4 f. h., komu ákærðir, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, er bjuggu í vélskipinu „Valbjörn", er lá við hafnarbryggjuna hér í bænum, sér saman um að brjótast inn í áfengisverzlunina, sem er skúr eða bakhýsi við húseignina nr. 3 við Hafnarstræti hér í bænum, spölkorn fyrir sunnan hafnarbryggjuna. Brutust ákærðir inn í búðina með þeim hætti, að þeir ýttu hurðinni frá stafnum að ofan svo mikið, að þeir komu kústskafti á milli hurðar og dyrastafs og sprengdu svo falsinn á karminum frá dyrastafnum.

Fóru svo um borð í vélbátinn, en ákærður, Steinn, vakti meðákærðan, Guðjón Guðjónsson, er svaf í skipinu, sagði honum frá hvað þeir Magnús höfðu aðhafst og spurði

hvort hann vildi eigi koma með þeim og ná sér í áfengi, vildi Guðjón það og klæddist, fór svo með þeim Magnúsi og Steini upp að áfengisbúðinni. Tóku þeir þar fyrst nokkrar vínflöskur og réttu út til Guðjóns, er stóð úti fyrir dyrunum og vildi eigi fara inn í búðina í það sinn, báru þeir svo vínið allir í félagi í vösum sínum um borð í v/s Valbjörn og fálu það í lyftingu skipsins, jafnframt neyttu þeir úr einni flösku víns í það sinn, en fóru svo enn tvær ferðir upp í áfengisbúðina, tóku það sem þeir gátu borið af vínflöskum í vösum sínum og fluttu um borð í Valbjörn.

Alls fluttu þeir 58 vínflöskur út í skipið. Létu svo 51 flösku í poka, fluttu þar af 28 flöskur upp í hús við Mjógötu 8 hér í bænum og fólu í skúffu undir legubekk í herbergi, er Guðjón leigði þar. En 23 flöskur fluttu þeir upp í hús svonefnt Grund ofar í bænum og fólu þar í skúffu undir legubekk í herbergi, er Steinn leigði þar. Úr þrem flöskum víns drukku ákærðir, ein flaskan brotnaði hjá þeim, og 3 gáfu þeir þriðja manni.

Að réttarins áliti hafa ákærðir, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, með greindu atferli orðið sekir um innbrotsþjófnað og ber að heimfæra brot þeirra, sem báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, hinn fyrrnefndi fæddur 24. júní 1899 og síðarnefndi 16. dezember 1904, undir 231. gr. sbr. 55. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsing þeirra, er áður hafa eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neinn glæp, vera hæfilega metin 10 mánaða betrunarhússvinna fyrir hvorn þeirra.

Að því ákærðan, Guðjón Guðjónsson, snertir, þá átti hann engan þátt í innbrotinu í áfengisverzlunina. Að réttarins áliti er brot hans í því fólgið, að hann aðstoðaði þá Magnús Eiríksson og Stein Guðmundsson við að taka vínið úr áfengisverzluninni og flytja þaðan, hagnýta sér það og koma því undan og þykir refsing hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. jan. 1910, hefir áður sætt 50,00 kr. áfengislagasekt, og 25,00 kr. sekt fyrir brot á 156. gr. hinna almennu hegningarlaga, en annars eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neinn glæp, hæfilega metin 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. samkv. 6. gr. l. nr. 51, 1928 sbr. 48. gr. hinna alm. hegningarlaga og með tilliti til eðli glæpsins, sérstaklega að eigi virðist

svo sem ákærðir hafi framið brotið í því skyni að hagnast við sölu á víninu, heldur afla þess til neyzlu og að þeir könnuðust greiðlega við afbrotið, þá þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 1907 sbr. 4. gr. laga nr. 51, 1928 að því er ákærðu Magnús oð Stein snertir, að fullnustu refsingar allra hinna ákærðu skuli frestað og hún niðurfalla eftir 5 ár frá uppsögn dómsins ef fullnægt verður lögmætum skilyrðum.

Að því greiðslu iðgjalda snertir þá hefir forstjóri áfengisverzlunarinnar hér, skýrt réttinum frá, að hann samkvæmt bókum og vöruupptalningu sakni eftir innbrotið í verzlunina 95 flöskum víns fyrir kr. 855.00 með útsöluverði og geti eigi verið að ræða um mistalningu, er nemi meiru en í hæsta lagi 2—3 flöskum og krefst því iðgjalds fyrir það af víninu, er eigi hefir verið skilað aftur. Þykir verða að taka kröfu þessa til greina, þó þannig, að gera verði að vanti 3 flöskur, vegna mistalningar og telst verð þeirra krónur 28.50. Verður iðgjaldakrafan því kr. 826.50. Það þykir vera nægilega upplýst, að ákærðir tóku úr áfengisverzluninni að minnsta kosti 58 vínflöskur og ber að telja útsöluverð hverrar flösku kr. 9.50 eða samtals kr. 541.00, þar af er endurgreitt kr. 287.00, óskilað er því víni fyrir krónur 254.00, er hinum ákærðu bera að greiða „in solidum" til forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, hér.

Um eftirstöðvar iðgjaldakröfunnar kr. 285.50 er það að athuga, að þar eð ákærði, Magnús og Steinn, voru einir um að brjótast inn í áfengisverzlunina og að Steinn, er síðastur gekk um búðina, skildi dyrnar eftir opnar svo að nokkurt bil var á milli hurðar og dyrastafs, þykir verða að gera þá ábyrga fyrir þeim hluta vínsins, er ekkert hefir orðið upplýst um, hvernig hvarf úr áfengisverzluninni og dæma þá in solidum að greiða forstjóra áfengisverzlunarinnar þennan hluta iðgjaldanna eða krónur 285.50.

Svo ber hinum ákærðu að greiða in solidum allan af málinu löglega leiðandi kostnað þar á meðal varðhaldskostnað og laun hins skipaða talsmanns síns 50.00 kr.

Það vottast að meðferð málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 11. jan. 1933.

Nr. 70/1932. **G. M. Havstein**

gegn

Garðari Þorsteinssyni, f. h. dánarbús Chr. Havstein.

Úrskurður hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., en flutningi þess var þá frestað þar til í þessum mánuði. En er það skyldi fyrirtekið í dag bað áfrýjandi um frest þar til í næstkomandi marzmánuði með því að honum hefði nú nýlega borizt tilboð frá aðstandendum dánarbúsins, sem eru í Kaupmannahöfn, um að jafna ágreiningsefnið án aðgerða dómstólanna og ætli hann að fara bráðlega til Kaupmannahafnar til samninga við hlutaðeigendur. Stefndur hefir ekki mótmælt því, að þetta sé rétt en lengri fresti en fram til loka þessa mánaðar vill hann ekki veita. Með því að hinn umbeðna frest virðist munu þurfa, til þess, að málið mætti verða útkljáð með þeim hætti, sem áfrýjandi hefir framfært, þykir rétt að veita hann.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðna frest skal veita.

Mánudaginn 16. jan. 1933.

Nr. 113/1932. **Kolbeinn Guðmundsson**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Magnúsi Jónssyni (Enginn).

Greiðsludómi áfrýjað til staðfestingar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. maí 1932: Gagnstefnandi, Magnús Jónsson, greiði aðalstefnandanum Kolbeini Guðmundssyni, kr. 7349,00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 6000,00 frá 1. okt. 1930 til 1. okt 1931, af kr. 6360,00 frá þeim degi til 27. nóv. s. á. og af kr. 7708,00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 450,00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta við fyrirtekt máls þessa í hæstarétti, þótt honum hafi verið löglega stefnt og hefir málið því verið flutt þar skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er það dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útgefinni 23. sept. þ. á., skotið til hæstaréttar dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 12. maí f. á., til greiðslu á kr. 7348,00 ásamt vöxtum og málskostnaði og hefir hann krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og að stefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Með því að skjöl málsins bera það eigi með sér, að neinir þeir gallar séu á meðferð málsins í héraði, er útiloki það, að staðfestingarkrafa áfrýjanda verði tekin til greina, ber að staðfesta dóminn.

Þar sem stefndi hafði tekið áfrýjunarstefnu í máli þessu 28. maí f. á., dóminum til breytingar, er að vísu síðar var afturkölluð og þar með veitt áfrýjanda nokkra ástæðu til að áfrýja til staðfestingar, þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist. Stefndi Magnús Jónsson, greiði áfrýjanda, Kolbeini Guðmundssyni, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttatilraun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. dez. f. á., af Kolbeini Guðmundssyni, trésmið, Þingholtsstræti 26, hér í bæ gegn Magnúsi Jónssyni, prófessor í lögum, Laugaveg 3, hér í bænum til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 7348,00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 6000.00 frá 1. okt. 1930 til 1. okt. f. á., af kr. 6360,00 (af þessari upphæð eru kr. 360,00 vextir) frá þeim degi til sáttakærudags 27. nóv. f. á. og loks af kr. 7708,00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnandi þá, að vorið 1929, hafi hann verið búinn að búa 26 ár sem leiðuliði stefnds á jörðinni Úlfljótsvatni í Grafningi, en þá orðið að fara þaðan sökum þess, að stefndur hafi vor þetta sjálfur byrjað búskap þar. Hafi það þá orðið að samkomulagi með honum og stefndum, að stefndur keypti af honum hús þau, er hann hafi átt á jörðinni svo og búpening og búslóð alla. Kveður stefnandi stefndan hafa um áramótin 1929 og 1930 skuldað sér út af kaupum þessum kr. 11000,00. Hafi kr. 8000,00 af upphæð þessari verið í skuldabréfi, útgefnu af

stefndum 23. okt. 1929, en kr. 3000,00 ósamningsbundnar. Skuldabréf þetta hafi átt að greiðast á 4 árum með 2000 króna afborgun á ári, er færi fram í fyrsta skipti 1. okt. 1930. Nú hafi stefndur aðeins greitt upp í bréfið eina afborgun og standi því eftir af því kr. 6000,00 og séu þær eftirstöðvar allar fallnar í gjalddaga vegna vanskila stefnds. Upp í ósamningsbundnu skuldina hafi stefndur hinsvegar greitt 1652,00 (af þeirri greiðslu hafi kr. 300,00 verið færðar af vangá inn á bréfið) og standi þá eftir af henni kr. 1348,00. Upphæðir þessar kr. 6000,00, kr. 1348,00 nemi samtals hinni umstefndu kröfu og þar sem stefndur hafi verið algerlega ófáanlegur til þess að greiða þær, sé mál þetta höfðað.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi, og málskostnaðar hefir hann krafizt hvernig sem málið fer.

Frávísunarkröfuna byggir stefndur á því, að lögheimili hans og varnarþing séu að Árnesi og Úlfljótsvatni í Árnessýslu, en hann eigi ekki heima hér í bænum og sé því algerlega óheimilt að höfða mál út af hinni umstefndu kröfu hér.

Stefnandi hefir hinsvegar eindregið mótmælt frávísunarkröfu stefnds og haldið því fram, að dvöl stefnds hér í bænum sé þannig háttað, að hann verði að teljast heimilisfastur hér, og sé því mál þetta réttilega höfðað fyrir bæjarþinginu.

Það er vitanlegt, enda in confesso í málinu, að stefndur hefir fasta atvinnu hér sem prófessor í lögum við Háskóla Íslands, og verður vegna þessarar atvinnu að dvelja hér í bænum að mestu leyti ca. 9 mánuði ársins. Þá kemur það og fram, að stefndur mun hafa leigða hér íbúð allan ársins hring og að nokkur hluti fjölskyldu hans dvelst hér allmikinn hluta árs (a. m. k. meðan kennsla stendur yfir í menntaskólanum). Þykir því verða að fallast á það hjá stefnanda, að stefndur megi teljast búsettur hér, þannig að heimilt sé að stefna honum til að svara til sakar hér fyrir bæjarþinginu og verður þá frávísunarkrafa hans ekki tekin til greina.

Til vara hefir stefndur krafizt sýknu af kröfum stefnanda. Jafnframt hefir hann að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun gagnstefnt aðalstefnanda með stefnu,

útgefinni 2. marz s. l., og gert þær réttarkröfur í gagnsökinni, að aðalstefnandi verði dæmdur til þess að endurgreiða honum kr. 2300,00, er hann hafi ofgreitt og færðar séu inn á fyrgreint skuldabréf, svo og til að skila skuldabréfinu og loks til málskostnaðargreiðslu í gagnsök.

Sýknukröfuna af kröfum aðalstefnanda í aðalsök og kröfur sínar í gagnsök byggir gagnstefnandi á því, að í umræddu skuldabréfi er svo ákveðið, að hann skuli skyldur að taka skuldabréfið eða eftirstöðvar þess með fullu nafnverði sem greiðslu ef aðalstefnandi eða einhver sona hans endurkaupir hið selda af gagnstefnanda. Nú kveður gagnstefnandi skilyrði þetta eiginlega komið fram, þannig að eitt barna aðalstefnanda, dóttir hans, taki við umræddum verðmætum og eigi því kaupin að ganga til baka að því leyti sem þau séu ekki þegar uppgerð, en auk þess telur gagnstefnandi sig eiga heimtingu á að fá fyrirgreindar kr. 2300,00 endurgreiddar, þar sem þær hafi verið inntar af hendi um skyldu fram og undir röngum og brestandi forsendum.

Aðalstefnandi hefir mótmælt framangreindri sýknuástæðu gagnstefnanda svo og kröfum hans í gagnsök og krafizt sýknu af þeim. Loks hefir hann krafizt fulls málskostnaðar í gagnsök.

Af framangreindu skuldabréfsákvæði er það ljóst, að aðalstefnandi hefir haft rétt til að nota umrætt skuldabréf eða eftirstöðvar þess sem greiðslu til gagnstefnanda ef um endurkaup frá honum væri að ræða. Hinsvegar virðist aðalstefnanda ekki hafa borið nein skylda til þessa. Nú kemur það ekki fram í málinu að nokkur endurkaup hafi farið fram hjá aðalstefnanda eða ættingjum hans á eignum þeim, sem gagnstefnandi keypti af honum. Og þó dóttir aðalstefnanda kunni að vera trúlofuð syni gagnstefnanda og giftist honum síðar og verði á þennan hátt aftur aðnjótandi að einhverju leyti verðmæta þeirra, sem gagnstefnandi hefir fengið frá föður hennar, skiptir það að áliti réttarins engu máli um gildi gerðra kaupa milli aðilja máls þessa eða skyldu gagnstefnanda til þess að greiða kaupverð það, sem stefnt er til greiðslu á. En einmitt á þessu atriði virðist gagnstefnandi byggja efniskröfur sínar í málinu og verður því ekki séð, að þær hafi við rök að styðjast.

Úrslit málsins verða þau hér fyrir réttinum, að aðaðalstefnandi verður algerlega sýknaður af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni, en dómkröfur hans (aðalstefnanda) í aðalsök hinsvegar teknar til greina að öllu leyti, enda hefir gagnstefnandi ekki mótmælt kröfuupphæðinni í aðalsök sérstaklega sem of hárri, né heldur vöxtunum. Loks ber gagnstefnanda að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök og ákveðst hann kr. 450,00.

Mánudaginn 16. jan. 1933.

Nr. 175/1932. **Réttvísin og valdstjórnin**
gegn
Hjalta Benónýssyni.

Úrskurður hæstaréttar.

Rannsóknardómarinn í máli þessu hefir ekki tekið skýrslu af lögreglustjóranum á Akranesi né af manni þeim, Sigurdóri Sigurðssyni, sem sagður er að hafa komið lögreglustjóranum til hjálpar í viðskiptum hans við ákærða, þeim, er mál þetta er af risið. Og var þó sérstök ástæða til að taka skýrslu af mönnum þessum, þar sem ákærður var ölvaður við umrætt tækifæri og kvaðst muna afar óglögt hvað þá gerðist. Ekki verður heldur séð, að rannsóknardómarinn hafi grenslast eftir því, hvort ákærði hafi þekkt lögreglustjórann, sem var nýkominn í kauptúnið og ekki hafði nein embættiseinkenni á sér, eða hvort ákærði hafi vitað, hvort lögreglustjórinn var að gegna embættiserindum þegar ákærði veittist að honum, eða hvort lögreglustjóri benti ákærða á, að hann væri þar lögreglustjóri og að embættisverkum, eftir að viður-

eign þeirra hófst. Ekki hefir rannsóknardómarinn heldur reynt til að afla vitneskju um það, hvaða orð hafi milli lögreglustjórans og ákærða fallið við umrætt tækifæri.

Með því að umrædd atriði virðast geta skipt verulegu máli um sakarúrslitin, þá verður að skylda rannsóknardómarann til þess að taka skýrslu fyrir dómi áður enn dómur verður kveðinn upp í málinu fyrir hæstarétti, af áðurnefndum mönnum, um þau, svo og það annað, sem framhaldsrannsókn kann að veita tilefni til.

Því úrskurðast:

Framannefndar skýrslur og upplýsingar ber að útvega svo fljótt sem verða má.

Miðvikudaginn 18. jan. 1933.

Nr. 86/1932. **Réttvísin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Halldóri Óskari Stefánssyni og Hjálmgeiri Júlíussyni
(Garðar Þorsteinsson).

Íkveikja.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. apríl 1932: Ákærðir, Halldór Óskar Stefánsson og Hjálmgeir Júlíusson, sæti hvor um sig betrunarhússvinnu í 2 ár. Þeir greiði og hvor um sig sinn varðhaldskostnað og kostnað við læknisrannsókn svo og 50 krónur hvor til skipaðs talsmanns þeirra, Gunnars E. Benediktssonar málaflutningsmanns. Allan annan kostnað sakarinnar greiði þeir annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot hinna ákærðu varðar við 1. málsgr. 283 gr. almennra hegningarlaga sbr. 55. gr. sömu laga, þykir refsing ákærða Halldórs Óskars Stefánssonar hæfilega ákveðin 27 mánaða betrunarhússvinna, en ákærða Hjálmgeirs Júlíussonar 2 ára betrunarhússvinna, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, er staðfesta má með þessari breytingu. Hinum ákærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að ákærði, Halldór Óskar Stefánsson, sæti 27 mánaða betrunarhússvinnu. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna, Jóns Ásbjörnssonar og Garðars Þorsteinssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Halldóri Óskari Stefánssyni, bakara, til heimilis að Skólavörðustíg 13 hér í bænum, og Hjálmgeiri Júlíussyni, verkamanni, til heimilis að Miðstræti 3 A hér í bænum, fyrir brot gegn 28. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr.

lög nr. 51, 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærðir hafa báðir náð lögaldri sakamanna. Ákærður, Halldór Óskar, fæddur 2. janúar 1899; hann var hinn 2. janúar s. l. sektaður um 50 krónur til ríkissjóðs fyrir ölvun á almannafæri, en hefir ekki frekar sætt ákæru eða refsingu. Ákærður Hjálmgeir er fæddur 9. apríl 1910, hann var hinn 20. maí 1930 sektaður um 40 krónur fyrir brot gegn 10. grein lögreglusamþykktar Reykjavíkur og hinn 4. júní 1931 um 50 krónur fyrir ölvun á almannafæri, en ekki að öðru sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 15. janúar s. l., klukkan 5.30 árdegis, var slökkviliðinu hér í bænum gert aðvart um að eldur væri kviknaður í húseigninni nr. 2. við Bankastræti í svonefndum Bernhöftshúsum, sem er húsaþyrping byggð í hvirfingu um port sunnan Bankastrætis og er portið opið út að því. Austan húsa þessara liggur Skólastræti, að vestan er tún, en að sunnan er íbúðarhúsið Gimli, byggt úr steini, og er steinveggur allt frá Skólastræti vestur að túninu á takmörkum húseignanna. Hús þessi eru mjög gömul og byggð úr timbri, víðast ein hæð og ris, og er virðingarverð þeirra til brunabóta samtals 53718,00 krónur. Í álmunni milli portsins og Skólastrætis er geymsluplass, sem á umræddum tíma var lítið notað, en í suðvesturhluta byggingarinnar er brauðgerðarhús, og hafði ríkisstjórnin byrjað þar brauðgerð um síðustu áramót, enda eru húsin eign ríkissjóðs. Í vesturálmunni milli túnsins og portsins er íbúðarhús og brauðsölubúð út við Bankastræti, en þenna hluta húseignanna skilur sund frá brauðgerðarhúsunum. Á þessum tíma var ekki búið í húsunum. Er slökkviliðið kom á vettvang, var eldur kviknaður í suðurgafli álmunnar við Skólastræti, en gaflinn á þessum húsum er úr timbri sem aðrir hlutar þeirra, en framangreindur steinveggur byggður upp að honum. Hafði eldurinn læst sig í gaflinum og logaði upp úr þakinu. Veður var gott og var eldurinn strax slökktur, án verulegra skemmda á húsum.

Á gólfinu í geymsluhúsinu þar sem eldurinn kom upp, fannst hálfflaska, uppmjó og hálslöng, sem benzín hafði verið á, svo og glas undan suðuspritti. Af þessu svo og því að engrar eldsvon var í þessum hluta húsanna, þótti

sýnt að um íkveikju væri að ræða. Tókst lögreglunni strax að upplýsa, að ákærður Hjálmgeir hafði kvöldið fyrir brennuna verið að leita fyrir sér á benzínafgreiðslum að fá benzín á samskonar flösku og fannst á brennustaðnum svo og að hinir ákærðu hefðu verið saman og á ferli um kvöldið og nóttina. Er þeir síðan voru spurðir um þetta var framburður þeirra svo tortryggilegur, að hann í sambandi við framangreinar upplýsingar leiddi til þess, að þeir voru teknir fastir. Hinn 18. janúar játuðu hinir ákærðu því næst, að þeir væru valdir að íkveikjunni og skal nú lýst aðdragandanum að þessum verknaði þeirra og framkvæmd hans, byggt á játningu hinna ákærðu og öðrum þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu.

Högum hinna ákærðu var þannig háttað, að Halldór, sem er bakari að kunnáttu, var atvinnulítill og Hjálmgeir atvinnulaus. Halldór hafði verið giftur, en þau hjón höfðu skilið samvistum nokkru fyrir jól. Bjó hann því einn um þetta leyti og var mjög drykkfelldur, hafði hann á hlaupum, að því er virtist, atvinnu hjá bakara nokkrum hér í bænum og á sama stað hafði mágur hans atvinnu til áramóta. Bakari þessi hafði allmikil viðskipti við stofnanir ríkissjóðs fram að nýjári, en missti þá af allmiklum hluta þeirra, er ríkisbrauðgerð var stofnuð í hér umræddum húsum. Var mági Halldórs þá sagt upp atvinnu, en hann fékk þá jafnhraðan fasta vinnu hjá ríkisbrauðgerðinni. Ákærður Halldór hefir skýrt svo frá, að kalt hafi verið yfirleitt í milli hans og tengdafólks hans, og að hann hafi beinlínis hatað hérumræddan mág sinn.

Ákærður, Hjálmgeir Júlíusson, var ógiftur, en bjó með 17 ára gamalli stúlku, systur ákærðs, Halldórs. Bjuggu þau saman í Miðstræti 3 A. og virðist ákærður, Halldór, hafa verið þar tíður gestur einkum eftir að hann skildi við konuna. Nokkru eftir nýjár tók Halldór að orða það við Hjálmgeir, að hann ætlaði að brenna ríkisbrauðgerðarhúsið og fór fram á það við Hjálmgeir, að hjálpa sér við það og hét hann því. Virtust þeir hafa átt tal um þetta nokkrum sinnum og að Hjálmgeir hafi verið tregur fyrst í stað. Hinn 14. janúar að kvöldi til, um matmálstíma, kom Halldór til Hjálmgeirs og systur sinnar í Miðstræti 3, og var þá undir áhrifum áfengis. Fór hann

þá fram á það við Hjálmgeir, að þeir framkvæmdu íkveikjuna þá um nóttina og féllst Hjálmgeir á það. Ákváðu þeir að nota benzín við íkveikjuna og tók Hjálmgeir að sér að útvega það. Fór hann því út í þeim erindum og hafði með sér hálfflösku undir það. Leitaði hann fyrst fyrir sér á Lækjartorgi, en fekk það ekki þar, en á benzínstöðinni vestur við Vesturgötu fékk hann loks benzín á flöskuna og hafði hann það heim með sér. Sváfu þeir félagar síðan heima hjá Hjálmgeiri til klukkan 2 eftir miðnætti að þeir vöknuðu og risu úr rekkju til þess að fara til brennunnar. Að undirlagi Halldórs klæddu þeir sig öðruvísi en þeir voru vanir til þess að þeir þekktust síður ef einhver sæi þá. Klukkan milli 2 og 3 fóru þeir síðan að heiman og hafði Hjálmgeir þá á sér benzínflöskuna og eldspítur. Gengu þeir síðan á staðinn og komu um Skólastræti að húsunum, og er þeir gengu með fram geymsluhúsinu um Skólastræti, sáu þeir að gluggar eru lágir út að Skólastræti og vírnet eitt fyrir. Ekki stoppuðu þeir neitt við húsið að sinni, heldur gengu áfram niður að höfn og fór Hjálmgeir þar um borð í Dettifoss og fékk sér sígarettu. Að því búnu gengu þeir á staðinn aftur og er þeir þá fóru um Lækjartorg, telur ákærður, Halldór, að klukkan hafi verið 3,5 e. miðnætti. Var ætlun þeirra þá að kveikja í brauðgerðarhúsinu sjálfu. Með því að þá var tryggast að það brynni svo og vegna þess að viðurinn væri þurrastur og þar af leiðandi eldfimastur sem næst bökunarofninum og íkveikjan því auðveldari þar en annarstaðar. Fór ákærður Halldór því inn í portið frá Bankastræti og reyndi að komast þaðan inn í brauðgerðarhúsið sjálft, en lét Hjálmgeir standa vörð á meðan. En er dyr voru allar læstar og engin tæki fyrir hendi til þess að brjótast inn með, varð hann frá að hverfa við svo búið. Komu þeir sér þá saman um að fara upp á Laugaveg 17, þar sem Halldór hafði húsráð, og ná þar í eitthvert verkfæri til þess að brjótast inn með, og fóru þeir rakleitt þangað. Tók Halldór þar naglbít og hafði með sér og fóru þeir nú á staðinn aftur og eftir tillögu Hjálmgeirs ákváðu þeir nú, að fara frá Skólastræti inn um glugga inn í geymsluhúsið og kveikja þar í. Gengu þeir nú að syðsta glugganum í geymsluhúsinu. Klippti Halldór vírnetið í sundur með naglbítnum, ýtti því til hliðar og skreið Hjálm-

geir síðan inn um opið til þess að kveikja í, en Halldór gekk út á hornið hjá búð Hans Petersens kaupmanns og hélt þar vörð.

Er Hjálmgeir kom inn í geymsluhúsið byrjaði hann á því að kveikja á eldspítu til þess að litast um, og tók hann jafnframt upp benzinflöskuna. Helti hann síðan benzíninu úr flöskunni upp um gaflþiljurnar, en áður hafði hann bleytt í tusku, sem hann hafði í vasa sínum og stakk henni í rifu á gaflinum. Kveikti hann síðan á eldspítu og bar að tuskunni og stóð þá gaflinn samstundis í björtu báli. Flýtti hann sér þá út. Fóru þeir síðan í skyndi af brunastaðnum, Hjálmgeir suður Skólastræti, en Halldór upp Bankastræti. Mættust þeir síðan og voru samferða heim til Hjálmgeirs aftur.

Það verður samkvæmt framangreindu að líta svo á, að íkveikjan hafi verið fullframin og þar sem brauðgerðarhúsið er sambyggt við geymsluhúsið í raun og veru sama húsið og enginn brunaveggur í milli, má telja víst að það hefði brunnið, hverju sem hefði viðrað, ef ekkert hefði verið aðgert. Ákærður, Halldór, kveður tilgang sinn með þessum verknaði aðallega hafa verið þann, að eyðileggja atvinnu mágs síns, sem vann í brauðgerðinni eins og framan greinir. Ennfremur hafi hann haft von um það, að fá atvinnu hjá bakara þeim, sem að framan greinir, ef viðskiptin færðust aftur til hans og vinna ykist þar af leiðandi. Þá ber hinum ákærðu saman um það, að Halldór hefir lofað Hjálmgeir að greiða honum 150 króna skuld, ef hann hjálpaði honum við íkveikjuna, og er það sá eini hagnaður, sem upplýst er að Hjálmgeir hafi haft af brennunni.

Ákærðir hafa báðir samkvæmt ósk skipaðs verjanda þeirra, verið rannsakaðir af geðveikralæknum, sem telja hvorugan þeirra geðbilaðan, en hinsvegar á lágu andlegu þroskastigi, og verður samkvæmt þeirri niðurstöðu að telja þá báða full sakhæfa.

Afbrot hinna ákærðu beggja ber að heimfæra undir 283. sbr. 55. grein hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing hvors þeirra, sem sátu í gæzluvarðhaldi tímabilið frá 18. janúar til 2. apríl s. l. hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 2 ár. Þeir greiði hvor um sig varðhaldskostnað og kostnað við læknisskoðun, svo og 50

krónur hvor til skipaðs verjanda þeirra, Gunnars E. Benediktssonar, málaflutningsmanns, en allan kostnað sakarinnar greiði þeir annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Skaðabóta hefir ekki verið krafizt undir rekstri málsins.

Meðferð málsins hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 23. jan. 1933.

Nr. 64/1932. **Eggert Claessen** (Sjálfur)
gegn
hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps
(Stefán J. Stefánsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 26. apríl 1932: Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Með því að viðurkennt er í málinu, að áfrýjandi var útsvarsskyldur í Seltjarnarnesshreppi árið 1930, og með því að ástæður þær, er áfrýjandi styður neitun sína um að greiða útsvarið við, og greindar eru í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar, aðeins gátu haft þýðingu um ákvörðun á upphæð útsvars þess, er áfrýjanda var gert að greiða, en um það atriði hafa dómstólarnir eigi úrskurðarvald, ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaúrskurð að niðurstöðu til.

Málskostnað í hæstarétti þykir rétt, að áfrýjandi greiði hinni stefndu hreppsnefnd með 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Eggert Claessen, greiði stefnda, hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps, málskostnað í hæstarétti með 300 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í erindi oddvita Seltjarnarnesshrepps, dags. 17. febr. f. á., er þess krafizt, að innheimt verði með lögtaki útsvar, að upphæð kr. 2708,00, er lagt hefir verið á hrm. Eggert Claessen, Reynistað, fyrrv. bankastjóra, fyrir gjaldárið 1930, ásamt hreppsvegagjaldi, kr. 5,00 fyrir s. á., svo og dráttarvöxtum af útsvarsupphæðinni frá gjalddaga til greiðsludags. Hafði gjaldandinn eða greiðsluþoli, kært útsvarið sem allt of hátt ákveðið, og krafizt þess, að það yrði lækkað niður í 1200 krónur, bæði miðað við breyttar kringumstæður hans, og svo við aðra gjaldendur hreppsins, svo sem við Shellfélagið og h/f Kára, en hreppsnefndin úrskurðaði 14. júlí 1930 að útsvarið skyldi óhaggað standa, og neitaði þá gjaldandinn greiðslu á því nema eftir lögtaki, þ. e. úrskurði eða dómi.

Ágreiningur milli hreppsnefndar eða gerðarbeiðanda og gerðarþola er nú, eins og málið liggur fyrir, eingöngu um það, hvort við álagning útsvarsins hafi átt að taka tillit til hinna breyttu kringumstæðna gjaldandans á því yfirstandandi gjaldári eða eigi, og hefir hreppsnefndin ótvírætt lýst því yfir, út af fyrirspurn gjaldandans þar um, að hún við álagning útsvarsins eingöngu hafi miðað við framtal hans til tekna og eignarskatts fyrir árið 1929, eða árið á undan niðurjöfnun umrædds útsvars, eins og ráð sé gert fyrir samkvæmt 2. lið 4. gr. laga um útsvör, nr. 46, 15. júní 1926, eða tekjur gjaldandans síðastliðið ár á undan niðurjöfnun, en ákvæði 3. liðs hinnar tilvitnuðu lagagreinar hafi eigi komið til greina, þar sem um „óhapp" gjaldandans eigi hafi verið að ræða fyrr en á gjald-

árinu sjálfu, sem taka eigi til greina, í samræmi við 2. lið greinarinnar, við álagning útsvars 1931, sem og nefndin hafi gert, eða þá ákveðið útsvar gerðarþola aðeins 500 kr. — Gjaldandinn eða gerðarþoli heldur því hinsvegar fram, að ákvæði 3. liðs oft-greindrar lagagreinar, um ástæður gjaldenda, „höpp" og „óhöpp" o. fl. einnig eigi við breyttar kringumstæður gjaldenda á því ári, sem álagning fer fram, sé hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd þá um það kunnugt, eins og átt hafi sér stað, að því er hann snertir sem gjaldanda.

Það er nú að vísu eigi sérstaklega tekið fram í 3. lið, eins og í öðrum lið greinarinnar, að miðað sé við „síðastliðið ár", en þetta er heldur eigi gert eða sagt í 1. gr. oftgreindrar lagagreinar, og þegar þess er gætt, að fyrr tilvitnuð útsvarslög ótvírætt innihalda stefnubreytingu í þessu tilliti, miðað við eldri útsvarslög, sem miklu fremur virðast hafa í öllu tilliti miðað við efni, tekjur og ástæður gjaldenda á því ári, er niðurjöfnun var gerð, enda niðurjöfnun samkvæmt hinum eldri lögum ákveðin í lok ársins, eða í nóvember ár hvert, en nú á tímabilinu frá febrúar — maí, virðast ákvæði 3. liðs aðeins verða skilin í samræmi við 2. lið greinarinnar, þannig að eingöngu sé miðað við efni og ástæður hlutaðeigandi gjaldanda næsta ár á undan niðurjöfnun og verður því krafa gerðarþola, um að ógilda álagning umrædds útsvars hans, sem á ólögmætum grundvelli framkvæmda ,eigi tekin til greina, og þykir því rétt vera að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Miðvikudaginn 25. jan. 1933.

Nr. 180/1932. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Hafliða Gíslasyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Brot g. l. um notkun bifreiða og l. um dýraverndun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. okt. 1932: Kærði, Hafliði Gíslason, sæti einföldu fangelsi í 15 daga. Hann skal og sviftur leyfi til að stjórna bifreið í eitt ár frá upp-

kvaðningu dóms þessa og greiða allan kostnað sakarinnar, H/f. Fiskimjöl, Reykjavík, greiði Guðmundi Sæmundssyni, Eyði-Sandvík, kr. 274,00 í iðgjöld innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Kærði, tempraði ekki ökuhraðann eins og þurfti, og ástæða var til, þá er hann ætlaði að aka framhjá hrossunum á ferð þeirri, sem í hinum áfrýjaða dómi segir. Hefir hann þar með brotið 1. málsgrein 6. gr. laga nr. 70 frá 8. sept. 1931. Kærða var það ennfremur vitanlegt, að eitt af hrossunum hafði fótbrotnað sakir árekstrar bifreiðar hans á það, og var honum skylt að segja til þess svo fljótt sem þess var kostur. Hefir kærði með vanrækslu sinni í því efni brotið skyldu þá, er bifreiðarstjórum er á herðar lögð með fyrirmælum 2. málsgr. 9. gr. nefndra laga. Loks hefir kærði með áðurnefndri vanrækslu sinni gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 34 frá 3. nóv. 1915. Þykir refsing kærða fyrir brot þessi hæfilega ákveðin 200 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Samkvæmt framansögðu þykir rétt, að svifta kærða samkvæmt 4. málsgr. 5. gr. laga nr. 70/1931, rétti til að stjórna bifreið í eitt ár frá uppkvaðningu héraðsdómsins, eins og í honum segir. Svo ber og að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Loks verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Af hálfu verjanda fyrir hæstarétti hefir komið fram krafa um niðurfærslu skaðabóta þeirra, sem eiganda bifreiðarinnar var í héraðsdómi gert að

greiða eiganda hrossanna. Af hálfu bifreiðareigandans, sem samþykkti að dómur yrði lagður á greiðsluskyldu hans í refsimálinu á hendur kærða, hefir málinu ekki verið áfrýjað, né heldur hefir bifreiðareiganda verið stefnt af hálfu valdstjórnarinnar, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar. Ákvæði héraðsdómsins um þetta atriði liggja því ekki fyrir hér til úrlausnar, og verður því ekki dæmt um niðurfærslukröfur verjandans á skaðabótakröfunni.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hafliði Gíslason, greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um missi réttar kærða til að stjórna bifreið og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Sveinbjarnar Jónssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Hafliða Gíslasyni, bílstjóra, til heimilis að Brekkustíg 6 B. hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 70, 1931, um notkun bifreiða og lögum nr. 34, 1915, um dýraverndun.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardaginn 17. september síðastliðinn ók kærði bifreiðinni R.E. 804 héðan úr bænum með fólk úr Leikfélagi Reykjavíkur austur að Eyrarbakka. Aðfaranótt sunnudagsins gisti fólk þetta í Tryggvaskála við Ölvesá, en um nóttina fengu 4 menn úr flokknum kærðan til að aka þeim niður að Eyrarbakka í bifreiðinni, og var klukkan um eitt eftir miðnætti, er farið var frá Ölfusá og því dimmt af nóttu.

Er kærði var kominn um það leyti miðja vegu niður að Eyrarbakka, voru 5 eða 6 hross hægra megin á veginum. Taldi kærði sig hafa nóg pláss til þess að aka fram hjá þeim vinstra megin og sér því óhætt að aka áfram. Er kærði síðan var kominn rétt að hrossahópnum á 30—35 kílómetra hraða, að því er kærði telur, hlupu hrossin allt í einu inn á veginn til vinstri. Bremsaði kærði þá þegar, en tókst þó ekki að forða árekstri, og urðu hrossin fyrir bílnum, og hrasaði eitt þeirra við áreksturinn fyrir framan bílinn. Stöðvaðist nú bíllinn, og fór kærður út úr og aðgætti, hvort hrossin hefðu meiðst. Sá kærði þá, að eitt hrossið hafði fótbrotnað, og var það annað hross en það, sem aðallega hafði orðið fyrir bílnum, en frekari meiðsla kveðst hann ekki hafa orðið var, enda hafi hann ekki athugað það náið. Á bifreiðinni urðu ekki aðrar skemmdir en þær, að glerið brotnaði á annari framlugtinni

Er nú kærði hafði gengið úr skugga um fyrrgreind meiðsl á einu hrossinu, ók hann burtu án þess að gera nokkuð til að hjálpa skepnunni, og lét engan vita, hvernig komið var, enda þótt honum væri það innan handar án minnstu fyrirhafnar þar sem hann nú ók niður að Eyrarbakka. Vissi því enginn um slys þetta fyrr en um klukkan 8 morguninn eftir, að bifreið austan úr Holtum ók um veginn niður að Eyrarbakka. Fundu þá menn þeir, er í bílnum voru, móbrúnt tryppi á veginum, bógbrotið rétt fyrir ofan hné. Gerðu þeir aðvart um þetta og komu þá menn á vettvang og aflífuðu tryppið, en þá kom í ljós við athugun, að brúnn hestur, sem þarna var rétt hjá, var lærbrotinn, svo að einnig varð að drepa hann. Bæði þessi hross voru eign sama mannsins, Guðmundar Sæmundssonar í Eyði-Sandvík, og þykir ekki þurfa að efa eftir því,

sem fyrir liggur í málinu, að þau hafi bæði hlotið meiðslin af bifreið kærðs umrætt skipti.

Þarna á veginum fundust brot úr bifreiðarlugtargleri og jafnframt upplýstist það, að lugtargler hafði brotnað úr bifreið kærðs. Af þessu og því, að kærði hafði ekið þessa leið, féll grunur á hann, og var hann því tekinn til yfirheyrslu hinn 20. september s. l. og játaði kærði þá eftir langt samtal, að slysið hefði orðið með þeim hætti, er að framan greinir. Hafa menn þeir, er í bílnum voru með kærðum er slysið vildi til, verið yfirheyrðir undir rannsókn málsins, en enginn þeirra kvaðst hafa orðið slyssins var.

Með athæfi því, sem að framan er lýst, hefir kærði að áliti réttarins brotið gegn 6. gr. 1. og 2. málsgr., sbr. 14. gr., og 9. gr. 2. mgr., sbr. 5. gr. 4. mgr., og 14. gr. laga nr. 70, 1931, um notkun bifreiða og 1. gr. laga nr. 34, 1915, um dýraverndun.

Er ákveða skal refsingu kærðs ber að líta á það, hvílíka þjáningu hann hefir bakað skepnunum með skeytingarleysi sínu, og að hann eigi aðeins vanrækti skyldu sína um þegar að tilkynna slysið, heldur reyndi einnig í það ítrasta að dyljast þess. Að þessu athuguðu þykir refsing kærðs, sem ekki hefir áður sætt refsingu fyrir brot gegn bifreiðarlögunum eða dýraverndunarlögunum, hæfilega ákveðin 15 daga einfalt fangelsi. Þá verður og að svifta hann leyfi til að stjórna bifreið í eitt ár frá uppkvaðningu dóms þessa. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Eigandi hrossanna, Guðmundur Sæmundsson í Eyði-Sandvík, hefir undir rekstri málsins krafizt þess, að eigandi bifreiðarinnar R.E. 804, h/f. Fiskmjöl í Reykjavík, verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 274,00 í skaðabætur fyrir umrætt tjón. Hefir h/f. Fiskimjöl látið mæta í málinu vegna kröfunnar og krafizt sýknu með því, að félagið sé ekki lögum samkvæmt bótaskylt í þessu tilfelli. En með því að ekki verður með tilvísun til framanritaðs álitið, að kærði hafi sýnt fulla varkárni, er slysið vildi til, og kröfunni hefir ekki verið andmælt sem of hárri, þá verður samkvæmt 16. gr. bifreiðalaganna að fallast á kröfu þessa og dæma h/f. Fiskimjöl til þess að greiða

Guðmundi Sæmundssyni í Eyði-Sandvík kr. 274,00 skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.
Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 133/1932. **Réttvísin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Guðmundi Sigurðssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Brot g. 212. og 186. gr. h. alm. hegnl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. febrúar 1932: Ákærður, Guðmundur Sigurðsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Hann greiði frú Kerff 597 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.
Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, virðist mega gera ráð fyrir því, að ákærði hafi hegðað sér vel og prúðmannlega yfirleitt þar til hann framdi brot það, sem í þessu máli greinir.

Hann bauð þegar fram ríflegar skaðabætur til konu þeirrar, sem fyrir árás hans varð, og hefir samkvæmt óvéfengdri skýrslu verjanda síns hér fyrir dómi, greitt þær að fullu. Af þessum ástæðum þykir mega ákveða, að framkvæmd refsingar þeirrar, sem ákærða er dæmd í hinum áfrýjaða dómi, skuli fresta og að hún skuli niður falla að fimm árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin. Með þessum viðauka þykir mega staðfesta hinn

áfrýjaða dóm, bæði um lýsingu hans á málavöxtum og ákvörðun refsingarinnar, svo og um greiðslu sakarkostnaðar. En með því að ákærði hefir þegar greitt fullar bætur, þykir ekki ástæða til þess, að taka ákvæði um greiðslu þeirra í dóm í málinu fyrir þessum dómstóli.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðmundur Sigurðsson, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að fimm árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin. Svo greiði ákærði allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Sigurðssyni, Vallargötu 9 í Keflavík, fyrir brot gegn ákvæðum 16. og 20. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þessir. Nóttina milli 2. og 3. nóvember réðist ákærður á frú Maríu Kerff, Grettisgötu 64, á götu rétt fyrir framan hús hennar með þeim hætti, sem nú skal greina. Lögregluþjónn, Karl Guðmundsson, sem var á verði í austurbænum þessa nótt, var kl. 2½ staddur á gatnamótum Barónsstígs og Laugavegs hjá húsi Árna Sveinssonar. Heyrði lögregluþjónninn þá mannamál efst uppi á Barónsstígnum og bar mest á kvenmannsrödd. Skömmu síðar heyrði lögregluþjónninn skerandi neyðaróp og stökk þegar af stað upp Barónsstiginn. Er lögregluþjónninn kom á móts við húsið Barónsstíg 33, sem er annað hús frá Grettisgötu 64, þá sér hann hvar ákærður lá ofan á kvenmanni þar upp við húsvegginn. Er lögregluþjónninn var rétt kominn þar að, stökk ákærður upp og tók á rás niður Barónsstiginn. Náði lögregluþjónninn honum brátt og hálfdróg hann upp Barónsstiginn og inn í forstofu á Grettisgötu 64, sem var heimili frú Kerff. Þaðan var hringt á lögreglubílinn og keyrði lögregluþjónninn ákærðan í varðhald.

Frú Kerff hefir skýrt svo frá, að hún hafi verið að halda heim til sín úr boði þessa nótt, er hún varð fyrir árásinni. Fyrst varð hún vör við ákærða er hún kom á hornið á Njálsgötu og Barónsstíg. Kallaði ákærður þá eitthvað til hennar, og hrifsaði í hana, en hún sleit sig af honum. Elti ákærður hana síðan, unz hún var komin því sem næst heim til sín, náði ákærður henni aftur, hrifsaði til hennar og skellti henni niður á götuna, og lagðist ofan á hana. Stympaðist frúin á móti, en ákærður lá ofan á henni og hafði oftar en einu sinni í hótunum með að taka hana með valdi, en framkvæmdi þó ekkert í þá átt, en sleit kápuna frá henni og fletti upp um hana kjólnum. Í þessum svifum bar lögregluþjóninn þar að, og lagði ákærður þá á flótta svo sem fyrr segir. Það var úðasuddi þessa nótt, og göturnar blautar og þess vegna urðu föt frúarinnar innri sem ytri gegnforug og eyðilögðust að mestu.

Ákærður hefir enga grein getað gert fyrir hvötum sínum til árásarinnar. Hann kveðst hafa verið svo fullur, að hann muni ekkert eftir viðureigninni. Hann hefir og enga grein getað gert fyrir því, hvar hann hafi verið um kvöldið, eða með hverjum hann hafi verið, eða hvernig stóð á því að hann var staddur upp á Barónsstíg þessa nótt.

Lögregluþjónninn, sem kom þarna að, hefir borið það. að sér hafi virzt ákærður mjög fullur, þó hafi hann ekki slagað á hlaupunum, en hálf dottið fram á sig. Sagði hann lögregluþjóninum, að hann hefði verið sleginn í höfuðið með hamri, en þess sáust engin merki. En þegar lögregluþjónninn var kominn með hann inn í forstofuna á Grettisgötu 64, þá var hann settur þar í stigann og þar datt hann samstundis útaf og sofnaði. Var ómögulegt að vekja hann eftir þetta. Vaknaði ákærður aldrei á leiðinni í hegningarhúsið og í þessu ástandi skildi lögregluþjónninn við hann í varðhaldinu.

Frú Kerff hefir borið það, að henni hafi virzt ákærður drukkinn, en þó ekki það sem kallað er útúrdrukkinn. Í stympingunum við ákærðan marðist hún á hægra handlegg, hægra læri og mjöðm, en er nú orðin jafngóð af því.

Í lögreglurétti Gullbringu- og Kjósarsýslu hafa verið teknar skýrslur af kunningjum ákærða um framkoma hans utan vins og með vini. Fær hann þar þann vitnisburð, að hann sé dagfarsgóður, prúður og vandaður í framkomu, orði og athöfnum, en hugsanir hans og orð verði allt öðruvísi þegar hann sé orðinn ölvaður. En aldrei kveðast kunningjar hans hafa vitað til, að hugur ákærða hneigðist til kvenna, hvorki við áfengi eða án þess.

Frú Kerff hefir krafizt 597 króna skaðabóta fyrir fataskemmdir og meiðsli og lagt fram sundurliðaðan reikning. Ákærður hefir lýst því yfir, að hann hafi ekkert við reikning þennan að athuga og tjáð sig fúsan til að greiða þessa upphæð.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. september 1895. Honum hefir ekki verið refsað áður. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 3—5 nóvember f. á.

Þótt svo megi virðast að tilgangur ákærðs með árásinni geti tæplega verið annar en sá, að taka kæranda, frú Kerff, með valdi, þá þykir þó ekki næg ástæða til þess að dæma ákærðan fyrir tilraun til nauðgunar samkvæmt 169. grein hegningarlaganna, þar sem það er viðurkennt, að hann ekki sýndi frúnni nein friðilsatlot í viðureigninni við hana. Ber því að áliti dómarans að heimfæra brot ákærða undir 212. og 186. grein hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við

venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Svo greiði hann Maríu Kerff 597 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá uppsögn dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar. Þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 6/1931. **Réttvísin**

gegn

Birni Gíslasyni og Hansínu Ingu Pétursdóttur.

Úrskurður hæstaréttar.

Verjandi telur þurfa framhaldsrannsóknar í máli þessu vegna eftirfarandi atriða, er hann telur munu skipta máli um sekt eða sýknu hinna ákærðu.

1. Út af yfirlýsingu H. nokkurs Hemmingsens í Kaupmannahöfn, dags. 8. dez. 1931, um það, að hann hafi án vitundar ákærða, Björns Gíslasonar, sett stimpil „Hattaverzlunin á Klapparstíg“ fyrir ofan samþykki Björns á víxil þann, er gaf tilefni til úrskurðar skiptaréttar Reykjavíkur 24. ágúst 1929 um gjaldþrot ákærðu, Hansínu Ingu Pétursdóttur og í dómi hæstaréttar 13/4 1931 greinir, og að hann hafi búið stimpil þenna til án vitundar ákærða, Björns Gíslasonar. Telur verjandi, ef þetta reynist rétt, víxil þenna Hansínu Ingu óviðkomandi, og hefði hún því, sem eigandi nefndrar Hattaverzlunar verið ranglega úrskurðuð gjaldþrota.

   En með því, að næg sönnun var fram komin

fyrir því, að ákærða, Hansína Inga, var réttilega krafin um umgetna víxilskuld, þykir ekki ástæða til að leita frekari upplýsinga um nánari atvik að því, hvernig stimpill Hattaverzlunarinnar var settur á víxilinn. Framhaldsrannsókn um þetta atriði virðist því óþörf.

2. Telur verjandi framhaldsrannsókn þurfa um það, hvort Sigurjón Jóhannsson endurskoðandi hafi sumarið 1929 veitt ákærðu, Hansínu Ingu, frest til 1. okt. s. á. til þess að koma bókhaldi sínu í lag, eins og í framlögðu vottorði Björns R. Stefánssonar segir. Fyrir þann dag hafði hún verið úrskurðuð gjaldþrota og hafi því ekki getað lagað bókhald sitt fyrir þann tíma, þar sem bækur hennar hafi verið frá henni teknar. Þótt þetta væri rétt, þá gæti það ekki leyst hana undan refsingu eftir 264. gr. hegningarlaganna. Þetta atriði virðist því skipta svo litlu máli, að framhaldsrannsókn þess vegna virðist ekki nauðsynleg.

3. Maður nokkur, að nafni Tómas Skúlason, hefir gefið út 3 vottorð í máli þessu, dags. 20. nóv. 1931 og 25. s. m. (rskj. 25, 36 og 46), um ómakslaun Guðjóns Guðmundssonar, o. fl. Í lögregluréttti 17. dez. 1931 kveðst Tómas þessi ekki munu hafa lesið nema eitt vottorða þessara, heldur hafi ákærði,Björn Gíslason, lesið þau upp fyrir honum áður en hann undirritaði þau, og taldi Tómas vafasamt, að þau hafi verið rétt lesin upp fyrir honum. Hefir nú Björn R. Stefánsson útgefið vottorð á rskj. 64 um það, að nefndur Tómas hafi að aflokinni skýrslu sinni fyrir rétti kannazt við það fyrir honum, að eitt vottorða þessara hafi verið lesið upp fyrir honum og að

innihald þess væri rétt. Ákærði, Björn Gíslason, er ekki sakaður í máli þessu um það, að hafa reynt að tæla Tómas eða aðra til falsvitnis, og skiptir þetta atriði að því leyti ekki máli. Ennfremur hefir Tómas þessi gefið þá skýrslu í réttarhaldinu 17. dez. 1931, að hann myndi ekki, hvað í einu vottorða þessara stæði eða um ómakslaun Guðjóns yfirhöfuð til neinnar hlítar, Það virðast litlar líkur til þess, að hann yrði nú minnisbetri á það atriði, og þegar af þeirri ástæðu virðist ógerlegt að fresta málinu af nýju til að afla enn skýrslu hans.

4. Telur verjandi þurfa framhaldsrannsókn út af vottorði Geirs Pálssonar, dags. 7. maí 1932, um afhendingu ákærða, Björns Gíslasonar, á eignarheimild að húseigninni Grundarstíg 4 A. hér í bæ. Í vottorði þessu eru engar frekari upplýsingar um það atriði en þessi maður hafði áður gefið, og er því framhaldsrannsókn vegna vottorðs þessa óþörf.
5. Þá telur verjandi framhaldsrannsókn þurfa að fara fram út af vottorðum Páls Jónssonar frá 7. marz 1932 (rskj. 79), Ingibjargar Helgadóttur frá 12. apríl s. á. (rskj. 90) og Hannesar Ólafssonar frá s. d. (rskj. 91), um vöruúttekt Guðjóns Guðmundssonar í hattabúð ákærðu, Hansínu Ingu, og vöruframsal hennar til hans úr sömu búð. Í vottorðum þessum er ekkert nýtt, er máli skipti, og er framhaldsrannsókn þeirra vegna því óþörf.
6. Loks telur verjandi þurfa að rannsaka bók eina, er lögð hefir verið fram yfir skipti hinna ákærðu við Magnús Blöndahl. Saldo-upphæðin í bók þessari kemur ekki alveg heim við sam-

svarandi upphæð í áður framlögðum reikningi frá Blöndahl yfir skipti þessi. En ekki verður séð, að mismunur þessi skipti máli um sekt eða sýknu hinn ákærðu, enda sérstakir torveldleikar á frekari rannsókn á þessu atriði, með því að Magnús Blöndahl er nú látinn.

Samkvæmt framansögðu þykir ekki ástæða til þess að láta framhaldsrannsókn fara fram um áðurnefnd atriði. Ber því að halda málinu áfram hér fyrir dómi, en veita verður verjanda umbeðinn 4 vikna frest til að semja vörn fyrir hin ákærðu.

Því úrskurðast:

Verjanda veitist 4 vikna frestur til að semja vörn í málinu fyrir hin ákærðu.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 38/1932. **Gunnlaugur Sigurðsson**
gegn
Pálma Loftssyni, f. h. Skipaútgerðar ríkisins.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur Sigurðsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 83/1932. **Jón Jónsson**

gegn

Sparisjóði Árnessýslu og Magnúsi sýslumanni Torfasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 145/1932. **Bjarni C. Eyjólfsson**

gegn

L. Fjeldsted, f. h. Wm. Collin & Sons & Co.

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni C. Eyjólfsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta í málinu, 30 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 162/1932. **Óskar Halldórsson**
gegn
Sæmundi Jónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 39/1932. **Júlíus Kr. Einarsson**
gegn
Eyjólfi Jóhannssyni, f. h. Mjólkurfélags Reykjavíkur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Júlíus Kr. Einarsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. febr. 1933.

Nr. 16/1932. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
(Th. B. Líndal)
gegn
John Lindsay og gagnsök
(Jón Ásbjörnsson).

Neitun stefnanda að veita móttöku vissu fiskmagni talin réttmæt samkv. fisksölusamningi, krafa áfrýjanda því eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóv. 1931: Stefndur, John Lindsay, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Árnasonar, f. h. Sambands ísl. samvinnufélaga, í máli þessu. Stefnandinn greiði stefndum kr. 200,00 upp í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir hér fyrir dómi krafizt þess, *aðallega,* að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 55600,00, en til vara kr. 38371,88, og til *þrautavara* kr. 247,41, með 6% ársvöxtum af hverri af þessum kröfum, sem til greina kynni að verða tekin, frá 31. okt. 1930 til greiðsludags. Svo hefir aðaláfrýjandi krafizt málskostnaðar af gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefir krafizt sýknu af aðalkröfu og varakröfu aðaláfrýjanda, en þrautavarakröfuna hefir hann samþykkt, bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Svo krefst gagnáfrýjandi lækkunar á upphæð þeirri, sem honum var dæmd í málskostnað í héraði, og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, áttu að minnsta kosti 50% af hinum selda fiski, samkvæmt

samningi málsaðilja 24. sept. 1930, að vera það stór, að ekki færi meira en 32 fiskar í hvern 50 kg. pakka. Athugasemdin í niðurlagi samningsins um það, að seljandi, aðaláfrýjandi málsins, sé fús til að afhenda í næstu viku 2000 pakka, 1600 pakka með 35 fiskum og 400 pakka með 32 fiskum í hverjum, fyrir kr. 108,00 fyrir skp. af fiski nr. 1 og kr. 98 fyrir skp. af nr. 2, felur aðeins í sér undantekningu frá aðalákvæðum samningsins um afhendingartíma og um verð á þeim hluta fisksins, sem athugasemdin tekur til. En hitt að athugasemdina eigi að skilja svo, að fiskurinn í 35 fiska pökkunum, sem þar greinir, eigi ekki að teljast með smærri fisktegundinni, þegar ákveða skyldi, hvað gagnáfrýjandi skyldi taka af hvorri tegund fyrir sig eftir aðalákvæði samningsins um stærð fisksins, hefir aðaláfrýjanda ekki tekizt að sanna gegn mótmælum gagnáfrýjanda, og verða því hvorki aðalkrafa né varakrafa aðaláfrýjanda, sem báðar eru byggðar á skilningi hans áðurnefndum á athugasemdinni í niðurlagi samningsins, teknar til greina. Þrautavarakrafa aðaláfrýjanda stafar af því, að gagnáfrýjandi hafði, sakir reikningsskekkju, talið sig hafa tekið við 7,8 pökkum af smærri fisktegundinni meira en hann hafði raunverulega veitt viðtöku, og telur sér því skylt að greiða andvirði þeirra. Þessa kröfu má telja innifólgna í dómkröfu aðaláfrýjanda í héraði, sem hið minna í hinu meira, enda þótt hún væri þar ekki berum orðum framsett. Hún verður því ekki hér talin ný krafa, er ekki megi samrýmast flutningi málsins í héraði. Upphæð kröfu þessarar kr. 247,41, er óvéfengd, eins og áður getur, og ber því að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda nefnda

upphæð með 6% ársvöxtum frá 31. okt. 1930 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, og þykir málskostnaðarupphæðin hæfilega ákveðin samtals 1000,00 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, John Lindsay, greiði aðaláfrýjanda, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, kr. 247,41, með 6% ársvöxtum frá 31. okt. 1930 til greiðsludags. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda í málskostnað fyrir héraðsdómi og hæstarétti samtals 1000 kr.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. febr. s. l., af Jóni Árnasyni, framkvæmdarstjóra, f. h. Sambands ísl. samvinnufélaga, hér í bæ, gegn John Lindsay umboðssala hér í bænum, til greiðslu andvirðis fiskjar svo og sölulauna samtals að upphæð kr. 55600,00 með 6% ársvöxtum frá 31. okt. f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 24. sept. f. á., seldi stefnandi, f. h. S. Í. S., stefndum 2000—2450 skpd. af sólþurkuðum línu stórfiski. Um stærð fiskjarins var svo ákveðið í samningnum, að 50% af honum skyldi ekki vera smærri en svo, að mest 32 fiskar færu í hvern 50 kg. pakka (hafa málflytjendur kallað þá stærð „32 sporða fisk“ og verður því haldið hér á eftir) en afgangurinn skyldi vera eins og fiskurinn félli, þó ekki minni en svo,

að 40—50 fiskar færu í pakka og verður þessi stærð nefnd „33—50 sporða fiskur“. Verðið var tiltekið kr. 109,50 pr. skpd. af nr. I og kr. 99,50 pr. skpd. af nr. II af stærri tegundinni, en kr. 109,50 pr. skpd. af nr. I og kr. 91,50 pr. skpd. af nr. II af minni tegundinni, fob Akureyri og fleiri höfnum norðanlands. Afskipunin skyldi fara fram í október, en væri ekki búið að afskipa fiskinn fyrir lok þess mánaðar, skyldi kaupandi greiða andvirði hans gegn vigtar- og matsvottorðum. Í athugasemdum, sem ritaðar eru síðast í samningnum, segir svo, að seljandi sé fús til þess að afhenda í næstu viku 2000 pk. af fiski (1600 pk. af 35 sporða fiski og 400 pk. af 32 sporða fiski). Verð fyrir allan þennan fisk skyldi vera kr. 108,00 pr. skpd. af nr. I og kr. 98,00 pr. skpd. af nr. II. Auk kaupverðsins skyldi stefndur greiða seljanda kr. 1,00 í ómakslaun pr. skpd. af fiski þeim, sem keyptur var samkvæmt samningnum, nema þeim 2000 pk., sem um ræðir í athugasemdunum, af þeim skyldi þóknunin vera aðeins 50 aurar pr. skpd. Afhenti seljandi síðan og stefndur tók á móti í e/s Berthu 30. okt. f. á. 585 pk. af 32 sporða fiski og 2499 pk. af 35 sporða fiski og greiddi stefndur, að því er séð verður, fyrir allan þennan fisk verð það, sem tiltekið er í niðurlagi samningsins (athugasemdunum). Þá tók stefndur og á móti í þetta skipti 311 pk. af 32 sporða fiski en aðiljunum virðist koma saman um það, að halda beri þessum fiski utan við samninginn.

Bauð seljandi svo enn fram 2126 8/10 pk. af 32 sporða fiski og 2009 pk. af 33—50 sporða fiski. Veitti stefndur öllum 32 sporða fiskinum viðtökur, en neitaði að taka á móti nema 206 pk. af minni tegundinni eða hafnaði 1804 pk. af henni. Telur stefnandi neitun stefnds gegn því að taka við ofangreindu fiskmagni algerlega óréttmæta og hefir nú höfðað mál þetta á hendur honum til greiðslu andvirðis umræddsfiskjar og sölulauna af honum og nemur þetta samtals eftir útreikningi stefnanda, sem ekki hefir verið mótmælt, hinni umstefndu upphæð. Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir gjaldskrá málaflutningsmannafélagsins eða til vara eftir mati réttarins. Heldur stefndur því fram, að hann hafi haft fulla heimild til þess að neita að taka við áðurgreindu fiskmagni og beri sér því

engin skylda til að greiða hina umstefndu upphæð. Byggir hann þessi mótmæli á því, að samkvæmt aðalákvæðum fisksölusamningsins hafi ekki mátt vera meira en 50% af 33—50 sporða fiski. Nú hafi hann tekið á móti í e/s Bertha 585 pk. af 32 sporða fiski. Við þetta bætast svo þeir 2126 8/10 pk. af 32 sporða fiski, er hann hafi móttekið síðar. Hafi hann því fengið alls 2711 8/10 pk. af 32 sporða fiski, og samkvæmt fyrrgreindu ákvæði samningsins um hlutfallið á milli fisktegundanna, þá hafi sér ekki borið skylda til að taka við meiru af minni tegundinni en 2711 8/10 pk. Í Berthu höfðu farið 2499 pr. pk. af 35 sporða fiski, en hann falli að sjálfsögðu undir 33—50 sporða fisk, hvað stærðina snertir. Við þetta bætist svo áðurgreindir 205 pk. og hafi hann þá tekið á móti samtals 2704 pk. af minni tegundinni. Að hann hafi ekki við síðari afhenduna tekið við 212 8/10 pk. af 33—50 sporða fiski, telur stefndur eingöngu hafa stafað af skökkum útreikningi, er hafi átt rót sína að rekja til ruglings hjá mönnum, að ýmist sé fiskmagnið talið í skpd., pökkum eða í smálestum, en brotum sleppt þegar breytt sé á milli nafnanna. Þó hefur stefndur í öðru lagi haldið því fram, að hann hafi haft rétt til þess að neita að taka á móti áðurgreindu magni af hinum framboðna fiski á þeim grundvelli, að meira af honum hafi verið nr. II en fisksölusamningurinn hafi heimilað eða 25% í stað 20%, er í mesta lagi hafi mátt vera af nr. II eftir samningnum.

Stefnandi hefir eindregið mótmælt framangreindum varnarástæðum stefnds og haldið fast við kröfur sínar í málinu. Heldur hann því fram að í niðurlagsákvæði fisksölusamningsins (athugasemdunum) komi fram ný fiskstærð, 35 sporða fiskur, sem alls ekki sé minnzt á í aðalákvæðum samningsins um stærð fiskjarins. Hlutföllin milli stærðanna séu þar önnur eða með öðrum orðum 80% af smærri fiskinum en aðeins 20% af þeim stærri. Og loks sé verðið annað. Telur stefnandi augljóst, að athugasemdirnar undanskilji fisk þann, sem þar um ræðir (fyrrnefnda 2000 pk.) frá aðalákvæðum samningsins um stærð og verð, en jafnframt telur hann og hefir byggt dómkröfur sínar á þeim grundvelli, að allur sá fiskur er afhentur hafi verið í e/s Berthu. Þeir 585 pk. af 32 sporða fiski og 2499 pk. af 35 sporða fiski, eða einnig það, sem fram yfir hafi verið

2000 pakkana, hafa fallið undir niðurlagsákvæði samningsins og bendir á, því til stuðnings, að fyrir allan þennan fisk hafi stefndur greitt verð það, sem tiltekið sé í athugasemdunum. En sé afhendingu þessari þannig haldið utan við aðalákvæði samningsins um það hver hlutföllin skyldu vera milli fisktegundanna, hafi hinn framboðni 33—50 sporða fiskur ekki numið 50% af magni því, er fallið hafi undir nefnd samningsákvæði, og sé því neitun stefnds ástæðulaus.

Gegn mótmælum stefnds verður þó ekki fallizt á framangreindar skýringar stefnandans. Í athugasemdunum er beinlínis tekið fram með orðunum, „af ofangreindu fiskmagni", að þeir 2000 pk., sem þar um ræðir, teljist hluti af því fiskmagni, sem aðalákvæði samningsins fjalla um, og verður þá að sjálfsögðu að ganga út frá því, að þau hafi einnig átt að gilda um 2000 pakkana að svo miklu leyti, sem ekki væri öðruvísi ákveðið í athugasemdunum sjálfum, svo sem er um verðið. Hinsvegar mega ákvæði athugasemdanna um stærð fiskjar þess, er þar er talað um, vel samrýmast því aðalákvæði samningsins, að ekki mátti vera meira en 50% af 33—50 sporða fiski, og er því ekki hægt að líta svo á, að ákvæði athugasemdanna hafi átt að breyta aðalsamningsákvæðunum um það hve mikið hafi mátt vera alls af hvorri fiskstærðinni um sig, eins og stefnandi heldur fram, enda verður það að teljast frekar ósennilegt, að það hafi verið tilætlunin hjá stefndum, að auk þess sem hann eftir ákvæðum athugasemdanna átti að greiða hærra verð fyrir 35 sporða fiskinn en honum annars ber eftir aðalákvæðum samningsins um verð, þá skyldi honum (stefndum) einnig vera skylt að veita móttöku miklum mun meiru samtals af minni tegundinni, 33—50 sporða fiski en aðalákvæði gera ráð fyrir.

Verður því af þeim ástæðum, sem drepið er á hér að framan, að fallast á það hjá stefndum, að honum hafi aðeins verið skylt að taka við hjá stefnanda 212 $^{8}/_{10}$ pk. af 33—50 sporða fiski í viðbót við það, sem áður hafði verið afskipað í e/s Berthu, eða neitun hans gegn því að taka við 1796 $^{2}/_{10}$ pk. af áðurgreindum 1804 pk. hafi verið fyllilega réttmæt. Og þar sem ekki hefir komið fram varakrafa um það, að stefndur verði dæmdur til að taka á móti og greiða andvirði þeirra 7 $^{8}/_{10}$ pk. sem hann tel-

ur sig af misgáningi hafa neitað að veita viðtöku þykir verða að sýkna stefndan algerlega af dómkröfum stefnanda í málinu og tildæma honum kr. 200,00 upp í málskostnað.

Miðvikudaginn 8. febr. 1933.

Nr. 147/1932. **Metúsalem Jóhannsson**
(Eggert Claessen)
gegn
Þórði J. Thoroddsen (Enginn).

Staðfestingardómur.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 23. júlí 1932: Stefndur, Þórður J. Thoroddsen, greiði stefnandanum Metúsalem Jóhannssyni, kr. 500,00 með 6% ársvöxtum frá 15. júlí 1931 til greiðsludags og kr. 83,00 í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 29. sept. f. á., og er málið samkvæmt stefnunni var þingfest í hæstarétti 30. nóv. f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja og var því þá samkvæmt kröfu stefnda frestað til janúarmánaðar þ. á., til þess að það yrði sameinað áfrýjunarstefnu stefnda, dags. 17. sept. f. á., til breytingar á dóminum, en sú stefna var tekin út til fyrirtektar í janúarmánuði þ. á. En þegar málið þarnæst var tekið fyrir í hæstaréttti 18. f. m., mætti enginn í því af hendi stefnda og hefir það því verið flutt skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkv. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði gestaréttardómur verði staðfestur og að stefndi

verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað í hæstarétti, og með því að málsskjölin eigi bera það með sér, að neinir þeir gallar séu á meðferð málsins, er útiloki það, að staðfestingarkrafa áfrýjanda verði tekin til greina, þá ber að staðfesta dóminn.

Þar sem stefndi svo sem áður segir hafði tekið út áfrýjunarstefnu til breytingar á dóminum og með því veitt stefnda nokkra ástæðu til að áfrýja til staðfestingar, þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 120 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur staðfestist.

Stefndi, Þórður J. Thoroddsen, greiði áfrýjanda, Metúsalem Jóhannssyni, 120 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mál þetta er, eftir heimild í skuldabréfi, höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 9. apríl s. l., af Metúsalem Jóhannssyni, kaupmanni hér í bæ, gegn Þórði J. Thóroddsen, lækni, Túngötu 12 hér í bænum, til greiðslu fyrrgreinds skuldabréfs, útgefins 15. júlí f. á., af Ara Þórðarsyni til handa handhafa, að upphæð kr. 500,00, en stefndur hefir með áritun á skuldabréfið tekizt á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða upphæð skuldabréfsins kr. 500,00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi þess til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafélagsins, kr. 83,00.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af þeim og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður. Til vara hefir hann mótmælt hinni umstefndu upphæð sem of hárri.

Sýknukröfuna byggir stefndur í fyrsta lagi á því, að stefnandi muni ekki vera löglegur heimildarmaður að umræddu skuldabréfi. En þar sem bréfið er útgefið til handhafa, og stefndur hefir engar sönnur á það fært, að handhöfn stefnanda að því sé ekki í fullu lagi, verður þessi sýknunarástæða stefnds ekki tekin til greina.

Þá hefir stefndur haldið því fram, að skuldabréf þetta, ásamt tveimur öðrum með sömu upphæð, er hann hafi gerzt sjálfskuldarábyrgðarmaður á fyrir Ara Þórðarson, hafi verið gefin út í þeim eina tilgangi, að fá út á þau vörur hjá heildsölum til þess að útgefandi þeirra geti byrjað verzlunarrekstur. Kveður stefndur sjálfskuldarábyrgð sína hafa verið bundna því skilyrði, að bréfin yrðu notuð á þennan hátt. Þessa skilyrðis hafi ekki verið gætt og telur hann að ábyrgðarskuldbinding sín sé því niður fallin. Nú er ábyrðarskuldbinding stefnds á umræddu skuldabréfi algerlega skilyrðislaus. Og þar sem stefndur hefir ekki upplýst gegn mótmælum stefnanda, að honum hafi verið kunnugt um að ábyrgðin væri nokkru skilyrði bundin, þá verður að telja fyrrgreint skilyrði stefnds, þó sett hefði verið, ógilt gagnvart stefnanda og honum óviðkomandi, og hefir framangreind mótbára stefnds því heldur ekki við rök að styðjast.

Loks hefir stefndur staðhæft, að aðalskuldarinn, Ari Þórðarson, hafi greitt stefnanda kr. 180,00 upp í skuldabréfið og standi því ekki eftir af bréfinu ógreitt nema kr. 320,00. Hefir stefndur þessu til stuðnings lagt fram yfirlýsingu aðalskuldarans og krafizt til vara sýknu gegn greiðslu þessarar upphæðar málskostnaðarlaust. Stefnandi hefir hinsvegar mótmælt því eindregið, að nokkuð hafi verið greitt upp í bréfið og þar sem stefndur hefir ekki sannað gagnstæða staðhæfingu sína, verður krafa hans um lækkun á skuldarupphæðinni ekki tekin til greina og ber því samkvæmt framansögðu að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Miðvikudaginn 8. febr. 1933.

Nr. 134/1932. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Eggert Claessen)
gegn
Hrefnu Þorsteinsdóttur
(Garðar Þorsteinsson).

Brot gegn 200. gr. hegnl. o. fl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. febr. 1932: Ákærða, Hrefna Þorsteinsdóttir, sæti 30 daga einföldu fangelsi og greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 60 krónur til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Gústafs A. Sveinssonar, málaflutningsmanns. Hún skal og svift réttindum til að öðlast ökuleyfi í 5 ár frá 3. apríl 1932, að telja.

Fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal frestað og hún falla niður nema ákærða innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði. og sé í því máli dæmd til þyngri refsingar en sekta.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt lýsingu þeirri á málsatvikum, sem í hinum áfrýjaða dómi segir, hefir ákærða gerzt brotleg:

Í fyrsta lagi við 1. málsgr. 5. gr. laga nr. 56/1926, sbr. nú 1. málsgr. 5. gr. laga nr. 70/1931, með því að aka bifreið án handleiðslu löggilts ökukennara, enda þótt hún hefði hvorki ökupróf né ökuleyfi.

Í öðru lagi við 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 56/1926, sbr. nú 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 70/1931, með því að aka hraðar en lögleyft er, og hefir hún þar með sýnt verulega óvarkárni, með því að hana skorti allmikið á kunnáttu og leikni í bifreiðastjórn og dimmt var af nóttu.

Í þriðja lagi við 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 56/1926, sbr. nú 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 70/1931 og 20. gr. laga nr. 64/1930, með því að hún neytti áfengis um það bil er hún tók við stjórn bifreiðarinnar og eftir það.

Í fjórða lagi verður að telja ákærðu hafa fyrir óvarlegan akstur orðið valda að slysi, er af sér leiddi þegar dauða eins manns, Guðmundar kaupmanns Jóhannssonar, og varðar það brot við 200. gr. almennra hegningarlaga. Hinsvegar þykir ekki verða fullyrt, að henni verði gefin sök á dauða Páls Þórðarsonar, sem lést ekki fyrr en 19. apríl f. á., og eftir því, sem fram er komið fyrir hæstarétti, af sjúkleika, sem með honum bjó áður en slysið vildi til. Þessi maður hlaut alvarleg meiðsli af bifreiðarslysinu, þar á meðal brot á hálslið, en ákærðu hefir aðeins verið stefnt til ábyrgðar fyrir brot gegn 17. kap. hegningarlaganna auk áðurnefndra fyrirmæla áfengis- og bifreiðarlaga, svo að ekki þykir heimilt að dæma hana í máli þessu fyrir líkamsmeiðsl eftir 206. sbr. 209. gr. hegningarlaganna eða analogíu þeirra.

Refsing ákærðu, sem var aðeins 17 ára er ofannefnd brot voru framin, þykir með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 15 daga einfalt fangelsi, en ekki þykir fært að binda fullnustu refsingarinnar skilyrðum laga nr. 39/1907.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um það, að svifta mann, sem ekki hefir fengið ökuleyfi, rétti til að fá það síðar, að uppfylltum lögmætum skilyrðum. Og með því að viðurlög við brotum á bifreiðalögum og þar að lútandi ákvæðum áfengislaga virðast vera tæmandi talin, þykir þegar af þeirri ástæðu ekki vera heimilt að beita ákvæðum

þeirra um sviftingu ökuleyfis analogice til að svifta þann, sem ekki hefir fengið það, rétti til að fá það síðar.

Samkvæmt framangreindum sakarúrslitum verður að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Það athugast um málsmeðferð í héraði, að ekki hefir verið tekin skýrsla fyrir rétti af Páli heitnum Þórðarsyni, enda þótt þess virðist stundum hafa verið kostur á tímabilinu frá 10. okt. 1931, er hann fór af Landsspítalanum og til 22. jan. f. á., er málið var tekið til dóms.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða, Hrefna Þorsteinsdóttir, sæti 15 daga einföldu fangelsi. Svo greiði hún allan sakarkostnað, bæði í héraði, þar með taldar 60 kr. til verjanda þar og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Garðars Þorsteinssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar höfðað gegn Hrefnu Þorsteinsdóttur, Laugaveg 52, hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. lög nr. 51, 1928, laga nr. 56, 1926 um notkun bifreiða, sbr. lög nr. 70, 1931, og laga nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

I.

Aðfaranótt 1. september s. l. klukkan 1,30 var tilkynnt í síma til lögregluvarðstofunnar, að bifreiðarslys hefði orðið í Sogunum innan við bæinn. Fór lögreglan þá þegar á vettvang, og kom þá í ljós, að bifreiðin R. E. 848 hafði farið út af þjóðveginum sunnanverðum, vestanvert við afleggjara þann, sem liggur heim að nýbýlunum í Sogunum.

Í bifreiðinni hafði verið ákærða, Páll Þórðarson, verzlunarmaður, Guðmundur Jóhannsson, bæjarfulltrúi, og Svava Jónatansdóttir, og hafði ákærða stjórnað bifreiðinni, er slysið vildi til, Voru þau öll slösuð meira og minna, og höfðu tveir menn, sem borið hafði að á undan lögreglunni, hagrætt þeim eftir föngum, en nú voru þau að fyrirlagi og undir umsjón næturlæknisins, Daníels Fjeldsteds, sem kvaddur hafði verið á vettvang, af lögreglunni, flutt á Landsspítalann. En á leiðinni á Landsspítalann andaðist Guðmundur bæjarfulltrúi Jóhannsson, og var lík hans lagt inn í líkhús spítalans. Skoðaði prófessor Guðmundur Thoroddsen yfirlæknir á spítalanum líkið. Hefir hann sem vitni í lögregluréttinum skýrt svo frá, að andlitið hafi verið töluvert blóðhlaupið og andlit og háls niður á brjóst úttútnað af lofti, sem komizt hafði út undir húðina. Telur yfirlæknirinn banameinið sennilegast meiðsli á höfði og heila.

Þá hin þrjú sem lífs komust frá slysinu voru öll lögð inn á spítalann og hafði prófessorinn þau undir læknishendi. Meiðslum þeirra og ástandi, er þau komu á spítalann, hefir hann lýst sem eftirfarandi:

1. „Svava var lítið meidd og náði sér fljótt aftur, svo hún gat farið af spítalanum næsta dag. Hún hefir sennilega aðeins fengið léttan heilahristing. Hún sýndist ekki vera undir áhrifum víns. Hún kastaði upp rétt eftir að hún kom á spítalann, og vínlykt fannst engin af uppkastinu, en það var athugað bæði af prófessornum og fleirum".

2. „Páll Þórðarson hafði tvö lítil sár á höfði, sennilega brot á hauskúpubotni, þó ekki sæist á röntgenmynd. Auk þess var brotinn einn hálsliður og genginn töluvert úr lagi. Af Páli var megn vínlykt, og bar hann öll merki ölv-

unar, þó ekki sé hægt að segja um, á hvaða stigi ölvunin hafði verið, vegna þeirra áhrifa, sem slysið og meiðslin höfðu haft á heila hans. Hann lá á spítalanum þangað til 10. október s. l. Þá var hann orðinn vel hress, en þó mjög stirður í hálsi". — Ekki var upplýst í máli þessu um heilsufar hans síðan.

3. „Hrefna hafði sár á höfði frá hægri kinn upp yfir enni og aftur fyrir eyra, og var sárið með þeim hætti, að húðinni var flett upp á þessu svæði. Þetta sár var saumað saman, og greri sárið að fullu svo að eftir varð strikmyndað ör. Hún mun hafa fengið léttan heilahristing. Hrefna var ekki svo séð yrði undir áhrifum víns, og fannst engin vínlykt af henni svo greint yrði". — Í réttarhaldi 31. okt. s. l. telur ákærða sig jafngóða af slysi þessu.

II.

Um aðdragandann og atvik öll að framangreindu slysi er með játningu ákærðu og öðrum gögnum upplýst eftirfarandi:

Að kvöldi hins 31. ágúst s. l. sótti Páll Þórðarson ákærðu og Svöfu Jónatansdóttur heim til ákærðu á Laugaveg 52 hér í bænum í bifreiðinni R. E. 848. Óku þau þaðan klukkan 9 um kvöldið og fyrst að Hallveigarstíg 10 til þess að leita Guðmundar Jóhannssonar, en þar var heimili hans. Þennan spöl frá Laugaveg 52 að Hallveigarstíg 10 ók Páll bílnum. Er þangað kom var numið staðar, og fór Svava þar út og inn til Guðmundar, en hann var þá ekki heima. Á meðan hún var inni tók Páll upp hálfflösku með áfengi, sem ákærða hyggur að hafi verið spánarvín og bauð ákærðu, og kveðst hún aðeins hafa smakkað á því, en Páll hafi þá ekkert drukkið sjálfur. Er Guðmundur Jóhannsson ekki var heima, var haldið að verzlunarhúsi hans við Baldursgötu til þess að leita hans þar, og ók ákærða bílnum þá leið. Er hann ekki var þar, óku þau niður að Hótel Borg, en ekki er upplýst hvort þeirra ákærðu eða Páls óku þangað. Settust þau þar inn og fengu öll sítrón að drekka. Tók Páll þar upp framangreinda áfengisflösku og helti í glösin hjá þeim öllum, en rétti glösin undir borð á meðan hann hellti í þau út í sítrónið, svo ekki varð greinilega séð, hvað mikið fór í hvert glas af áfengi, en öll drukku þau blönduna. Út af Hótel Borg fóru þau um

klukkan 11 um kvöldið. Var þá enn farið að leita Guðmundar Jóhannssonar. Ók ákærða þá bílnum upp á Hallveigarstíg 10. Fóru þau þar inn í íbúð hans, og er hann ekki var heima hringdu þau þaðan í búðina til hans, en enginn ansaði þar í símann, fóru þau niður á Hótel Ísland, og fengu sér öl og sítrón að drekka. Hringdi ákærða þaðan í búð Guðmundar við Baldursgötu, og var hann þá þar. Óku þau þá þangað og tóku Guðmund í bílinn, og óku þau svo öll heim til hans á Hallveigarstíg 10. Þar veitti Guðmundur þeim spánarvín, og kveðst ákærða hafa drukkið úr litlu vatnsglasi vín þetta blandað úti sítrón. Klukkan um 12 á miðnætti fóru þau síðan öll í bifreiðina, og ók ákærða henni þá, og hafði hún ekið henni síðan farið var frá Hótel Borg, ók hún fyrst til heimilis Páls Þórðarsonar í Ingólfsstræti 7, og skrapp hann þar inn til sín, í þeim tilgangi að því er vitnið Svafa Jónatansdóttir hermir, að ná sér í áfengi, en frekar er ekki upplýst þar um. Ók ákærða síðan áleiðis inn úr bænum, en nam staðar við viðgerðarverkstæði Sveins Egilssonar, þar sem Páll hafði atvinnu. Fóru þeir Páll og Guðmundur þar út úr og inn í verkstæðishúsin og dvaldist þar í ca. 15 mínútur, en ekki er upplýst um erindi þeirra þangað. Er þeir voru komnir aftur ók ákærða sem leið liggur inn úr bænum áleiðis austur þjóðveginn, en er komið var að Elliðaánum, tók Páll við stjórn bílsins og ók honum þaðan og upp að Baldurshaga. Var numið staðar þar, og var Páll þá orðinn útúrdrukkinn. Var þá ekki haldið lengra en snúið við til bæjarins aftur, og ók ákærða þá bifreiðinni. Kveðst hún hafa ekið á 25—30 kílómetra hraða á klukkustund unz þau komu niður í Sogin. Jók hún þá hraðann smátt og smátt upp í að því er hún ætlar 50 kílómetra. Kveður ákærða Guðmund Jóhannsson þá hafa kallað til hennar, að aka ekki svona hratt. Sté ákærða þá á hemla bílsins til þess að draga úr ferðinni, en þá kveðst hún hafa misst alla stjórn á bifreiðinni og hún þá farið út af veginum. Lengra nær skýrsla ákærðu ekki um slys þetta. Því frá þessu augnabliki að bíllinn fór út af veginum man hún ekkert fyrr en hún er á leið til spítalans. Er slys þetta vildi til mun klukkan hafa verið um eitt eftir miðnætti. Var þá gott veður en myrkur.

Um aksturinn frá Baldurshaga hefir vitnið Svafa Jóna-

tansdóttir, er sat í aftursæti bílsins, borið, að Guðmundur hafi fundið að því, hve hratt ákærða æki, og hyggur, að bíllinn hafi þá verið á 40—50 kílómetra hraða. Hægði ákærða þá hraðann. Þegar komið var niður í Sogin. Kveður hún ákærðu hafa haft orð á því, að þá stæði mælirinn á 30 kílómetra hraða. Síðan hafi ákærða aukið hraðann, og haft orð á því, að mælirinn stæði á 50 kílómetrum, og bíllinn síðan farið útaf veginum rétt á eftir. Ákærða kveðst ekki muna eftir, að hún hefði orð á þessu. Páll Þórðarson var yfirheyrður af yfirlögregluþjóninum nokkru eftir slysið. En það hefir ekki sakir veikinda hans verið hægt að taka skýrslu af honum fyrir rétti. Bar hann þá að hann hefði á leiðinni frá Baldurshaga fallið í dvala sakir ölvunar og ekki komizt til meðvitundar fyrr en á spítalanum. Hefir hann því ekkert getað borið um aksturinn niður eftir eða slysið sjálft. Verður því um ökuhraðann að byggja á framburði ákærðu og framburði Svöfu, að svo miklu leyti, sem hann er í samræmi við framburð ákærðu.

Eins og að framan greinir, hefir ákærða játað, að hún hafi þrisvar þetta kvöld neytt áfengis. En hún hefir neitað því að hún hafi fundið til áhrifa áfengis, og læknirinn sem tók við henni á spítalanum sá engin merki þess, að hún væri undir áhrifum áfengis. Vitnið Svafa Jónatansdóttir kveðst hinsvegar hafa séð, að hún var hreyfari en að vanda eftir vínnautnina, en með því að frekari gögn eru ekki fyrir hendi um þetta atriði, verður að telja það ósannað, að hún hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Enginn þeirra, er í bílnum voru, hafa getað upplýst nánar um slysið sjálft, eftir að vagninn fór út af veginum. Verður því ekkert um það sagt annað en það, sem ráðið verður af vegsummerkjum eftir á. Að tilhlutun lögreglunnar gerði Halldór Pálsson, verkfræðingur strax næsta morgun, uppdrátt af staðnum, þar sem bíllinn fór út af og sýnilegum vegsummerkjum. Var uppdráttur þessi lagður fram í málinu, og staðfesti verkfræðingurinn hann fyrir lögregluréttinum. Skal nú athugað hvað dregið verður af vegsummerkjum um hreyfingar bílsins, eftir að hann fór út af veginum. Hjólförin sjást greinilega skáhalt út af veginum. Liggja þau síðan spölkorn beint meðfram veginum.

Þá virðist farið eftir vinstra hjólið beinast inn á veginn, en í framhaldi af því eru holur og rót í jörðunni og í því glerbrot, er sýnir að bíllinn hefir oltið þarna um. Upp í ca. 50 centimetra hárri grjóthrúgu í 11,4 metra fjarlægð frá þeim stað, stóð bíllinn á hjólum. Vitnið Einar Jósefsson hefir borið, að austanvert við far það, sem vinstri hjól bílsins höfðu myndað í vegbrúnina, er vagninn fór út af, hafi á ca. meters vegalengd verið greinilegt far eftir hjólin, og borið það með sér, að hjólin hafi verið hemluð á þessu bili. En sama vitni kveðst ekkert tilsvarandi far hafa séð eftir hægri hjólin. Yfirlögregluþjónninn hefir og borið, að þetta far hafi verið svo greinilegt, að verið gæti að hemlur hafi verið á hjólunum, en gat þó ekki fullyrt neitt um það. Vitnið Einar, sem er bifreiðarstjóri, lét það álit sitt í ljósi, að þetta virtist bera vott um það, að bremsurnar hefðu ekki verkað nema vinstra megin, og bíllinn þá snúizt til vinstri og farið út af veginum. Hinsvegar taldi vitnið að slíkt mundi ekki hafa getað valdið útaf akstrinum, nema því aðeins að bíllinn hafi verið á 50—60 kilómetra hraða. Eftir slysið var bíllinn svo brotinn og úr lagi genginn, að ekki var unnt að sjá, hvort bremsurnar hefðu verið bilaðar eða ekki verkað jafnt til beggja hliða. *Hinsvegar má telja alveg víst, að hefðu bremsurnar verkað nokkrum mun meira vinstra en hægra megin í tilfelli því, er hér um ræðir, er bíllinn var á 50 kílómetra hraða á klukkustund, þá hefði hann oltið um út af veginum.* En nú er upplýst, að hann fór á hjólunum út af veginum og rann á þeim nokkuð meðfram veginum, og veltur ekki fyrr en honum er beint inn á veginn aftur til hægri. *Það sannar ekkert í þá átt, að bremsurnar hafi aðeins verkað vinstra megin, að ákærða kveður sér hafa fundizt sem stýrið kipptist af henni,* er hún bremsaði, því ef bremsað er í hliðarhalla, mun ökumanninum jafnan finnast þau hjólin þyngja meira á stýrið, sem neðar eru í hallanum, þó ekki sé hann mikill, en í þessu tilfelli voru vinstri hjólin í vegjaðrinum, *sem sjálfsagt hefir verið heldur lægri* en vegmiðjan. Í þessu sambandi er og að líta á það, að bíllinn var sem sagt nýr, og skoðaður síðast hálfum öðrum mánuði fyrir slysið, og var hann þá í ágætu standi, enda talinn vera það, er slysið vildi til. Rétturinn verður því að líta svo á, að það að bíllinn fór út af veginum um-

rætt skipti og það, að slysið vildi til, er leiddi af sér dauða Guðmundar Jóhannssonar hafi stafað af of hröðum akstri samfara ónógri stjórn ákærðu á bifreiðinni.

Það er upplýst í málinu, að ákærða hafði hvorki ökuskirteini né próf til bifreiðarstjórnar. —

Þá hefir verið lýst nokkuð athöfnum þeim, sem ákært er fyrir, og ber nú að ályktа, að hve miklu leyti þær verði taldar varða við lög þau, sem stefnan greinir.

Með því að neyta víns, og aka síðan alveg í framhaldi af vínnautninni, hefir ákærða að áliti réttarins brotið gegn 20. grein áfengislaganna nr. 64 frá 1930, og 5. gr. 3. málsgrein, sbr. 14. gr. laga nr. 56, 1926, sbr. sömu greinar laga nr. 70, 1931.

Með því að aka á allt að 50 kílómetra hraða á klukkustund í myrkri, hefir ákærða brotið gegn 6. grein 2. málsgrein laga nr. 56, 1926, um notkun bifreiða.

Þá hefir ákærða með því að aka án þess að hafa ökuskirteini brotið gegn 5. grein 1. málsgrein laga nr. 56, 1926, sbr. sömu grein laga nr. 70, 1931. Þetta gerði ákærða ekki af því, að hún væri tilneydd vegna þess að bílstjórinn fatlaðist frá starfinu, því hún ók strax innan bæjarins og út úr honum.

Það, að ákærða ók svo hratt, sem framan greinir, er slysið vildi til, vitandi það, að hún hafði neytt víns, og mátti því búast við, að hún hefði ekki óskerta hæfni til að stjórna bílnum, jafnframt því, sem hún er próflaus, verður að telja stórkostlegt gáleysi, og þar sem manns bani hlauzt af, verður að telja hana seka um brot gegn 200. grein hegningarlaganna frá 25. júní 1869.

Við brot ákærðu á bifreiðarlögunum liggur auk sekta svifting ökuleyfis. Nú hafði ákærða ekki ökuleyfi, og er þá ekki til að dreifa svifting þess. Hinsvegar þykir rétt að láta ákvæði þessi ná analogiskt til réttarins til þess að fá ökuleyfi, og ber því að svifta ákærðu þeim rétti á sama hátt og ökuskírteini, ef það hefði verið fyrir hendi.

Ákærða hefir náð lögaldri sakamanna, er fædd 3. apríl 1914. Hún hefir aldrei áður sætt refsingu. Með tilliti til þess, að hún er ekki enn fullra 18 ára, ákveðst refsingin með hliðsjón af 38. grein hegningarlaganna 30 daga einfalt fangelsi. Hún skal og svift réttinum til þess, að öðlast ökuskírteini í 5 ár frá fullnuðum 18 ára aldri eða frá 3.

apríl næstkomandi að telja. Hún greiði og allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 60 krónur til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Gústavs A. Sveinssonar, málaflutningsmanns.

Með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot að ræða og þó sérstaklega með tilliti til æsku ákærðu. Þykir rétt að ákveða að fangelsisrefsingin skuli vera skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum 1. greinar laga nr. 39, 1907.

Á rannsókn máls þessa hefir orðið nokkur dráttur vegna þess að ekki var hægt sakir veikinda hinna slösuðu að leiða þau fyrir rétt lengi vel. Að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus.

Föstudaginn 10. febr. 1933.

Nr. 196/1932. **Réttvísin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Árna Jóhannessyni, Viktor Ström og Óskari Lárussyni

(Garðar Þorsteinsson).

Brot g. 23. og 27. kap. hegnl. og l. 51/1928.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. marz 1932: Ákærður, Árni Jóhannesson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Hann greiði og Kristínu Þorvaldsdóttur 300 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá uppsögn dóms þessa.

Ákærður, Viktor Ström, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði og ákærður, Óskar Lárusson, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga. En að því er þá snertir skal fangelsisrefsingunni frestað og hún falla niður nema ákærðir innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og séu í því máli dæmdir í þyngri refsingu en sektir.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, en hver um sig kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Lýsingin í 4. tölulið 231. gr. hegningarlaganna á við stuld ákærða, Árna Jóhannessonar, úr húsi Slátturfélags Suðurlands, en að öðru leyti heyra brot hans undir 6. gr. sbr. að nokkru 7. gr. laga nr. 51/1928. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 6. og 7., sbr. 6. gr. laga nr. 51/1928, eins og héraðsdómarinn hefir ákvarðað hana.

Reikningafölsun ákærða, Victors Ström, hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 270. gr. hegningarlaganna og samverknaður hans í fatastuldinum með ákærða, Óskari Lárussyni, varðar við 6. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna. Ákvörðun héraðsdómarans á refsingu ákærða, Victors Ström, þykir og mega staðfesta, en með hliðsjón af því, að hann framdi þjófnaðinn á kaffihúsinu Minni-Borg viku eftir að hann hafði til fulls meðgengið reikningafölsunina og eftir að hann hafði verið látinn laus úr varðhaldi, þykja vanta skilyrði til þess að fresta fullnustu refsingarinnar eftir lögum nr. 39/1907.

Samverknaður, ákærða, Óskars Lárussonar, með ákærða, Ström, í stuldinum á áðurnefndu kaffihúsi varðar við 6., sbr. 8. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna, eins og fyrr segir, og þykir refsing ákærða, Óskars, hæfilega sett 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en ekki þykja heldur skilyrði til frestunar á fullnustu refsingarinnar eftir lögum nr. 39/1907 vera fyrir hendi, með því að ákærði framdi brotið aðeins skömmu eftir að 5 ár voru liðin frá uppkvaðningu hins fyrra refsidóms.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostn-

aðar í héraði og um greiðslu iðgjalda þykir mega staðfesta. Hinir ákærðu greiði allir in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti 100 kr. til hvors.

Það er aðfinnsluvert að hinir fölsuðu reikningar fylgdu ekki dómsgjörðunum til hæstaréttar, og ekki hefir sækjanda málsins heldur tekizt að afla þeirra samkvæmt skýrslu hans hér fyrir dómi.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu, Árni Jóhannesson og Victor Ström, sæti hvor um sig 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og ákærði, Óskar Lárusson, samskonar fangelsi í 45 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og um greiðslu iðgjalda skulu vera óröskuð. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Garðars Þorsteinssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Árna Jóhannessyni, Viktori Ström og Óskari Lárussyni, gæzluföngum í hegningarhúsinu hér, fyrir brot gegn 23. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lög-

um nr. 51 frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana og einnig gegn Viktori Ström fyrir brot gegn ákvæðum 27. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru þeir, sem hér segir:

1. Hinn 8. þ. m., kl. um 5¼ að morgni, var brotin rúða í útstillingarglugga Ólafs Magnússonar hirðljósmyndara hér í bænum. Systir Ólafs, sem lá vakandi í rúmi sínu, heyrði tvisvar sinnum brothljóð, fór á fætur og vakti aðra systur sína, fóru þær út í glugga Templarasundsmegin og litu út. Sáu þær þá hvar maður hljóp fram hjá húsinu suður Templarasund og hélt vestur Vonarstræti og var hann með stórar ljósmyndir í römmum sitt undir hvorri hendi. Hringdu þær systur samstundis á lögreglustöðina, lögreglan kom strax á vettvang, en fann ekki manninn. Kom í ljós, að hann hafði stolið úr glugganum hjá Ólafi Magnússyni 3 stærstu ljósmyndunum, sem þar var útstillt.

Lögreglan tók málið þegar til rannsóknar og er leið á daginn fékk hún vissu fyrir því, að ákærður, Árni Jóhannesson, væri valdur að myndahvarfinu. Var þá samkvæmt úrskurði gerð húsleit heima hjá honum, þar sem hann bjó í Fischersundi 3, og fundust þá hinar stolnu myndir. Var farið með ákærða í varðhald og játaði hann viðstöðulaust, að hafa stolið myndunum og brotið rúðuna. Kveðst hann hafa verið einn um þetta, og maður sá, sem um tíma fékk að sofa hjá ákærðum vissi ekkert um þetta. Ákærður kveðst ekki hafa komið inn í herbergið með myndirnar fyrr en eftir að sambýlismaðurinn var farinn á fætur, en skildi þær eftir í skoti bak við stigann fyrir framan herbergisdyrnar hjá sér. Af munum þeim, sem fundust í herbergi ákærða við húsrannsóknina, kveðst hann engum hafa stolið, nema stórum stofuspegli, sem hann stal skömmu áður úr forstofu á Laufásvegi 4 og hafði sá þjófnaður verið tilkyntur lögreglunni 4. þ. m. Auk þess kveðst hann hafa stolið tveim veggmyndum í afgreiðslutíma úr verzlun á Laugaveginum, skammt fyrir neðan Laugavegs Apotek.

Þá hefir ákærður skýrt svo frá, að hann hafi einhverntíma í fyrra að kvöldi til brotið með steini rúðu í glugga Listverzlunarinnar í Kirkjustræti 4 og rekið hend-

ina inn um rúðuna og tekið þaðan marga hringi og síðan hlaupið á brott. Hann kveður að enginn hafi verið í vitorði með sér um þenna þjófnað, og eftir á kveðst hann hafa látið sambýlismann sinn, Kristinn nokkurn Jóhannsson vita um það, og gaf hann honum nokkra hringi. Ekki hefir upplýzt hvar Kristinn þessi er niður kominn. Þessi þjófnaður var tilkynntur lögreglunni 20. marz f. á. og talið að hringarnir væru um 900 kr. virði og hefir eigandi Listverzlunarinnar, Kristín Þorvaldsdóttir, staðfest það fyrir rétti. Ákærður hefir á engan hátt getað gert grein fyrir því, hvað hann hafi gert af hringjum þessum, kveður sér ekkert hafa orðið úr þeim peningalega. Hið eina, sem hann hefir selt af hringjunum kveður hann vera, að hann lét konu, sem hann leigði hjá, að nafni Herdís Ström, fá 3 hringi fyrir 19 krónur. Konan hefir mætt fyrir rétti og staðfest þetta og skilað aftur hringjunum. Sumum hringjunum kveðst ákærður hafa týnt. Annað hefir ekki fengizt fram hjá honum um það, hvað orðið hafi um hringina, og enginn hefir fundizt hjá honum nema einn steinlaus.

Þá hefir ákærður játað það, að hann hafi einusinni farið inn um opinn glugga á húsi Sláturfélags Suðurlands, og slegið þar upp eina kjöttunnu og stolið þaðan slatta af kjöti í tunnusekk. Þessi þjófnaður var tilkynntur lögreglunni 16. febrúar síðastliðinn og talið að glugginn hefði verið brotinn upp, en ákærður hefir ávallt haldið því fram að glugginn, sem hann fór inn um, hafi verið opinn. Kjöt þetta lét ákærður Ólaf Jónsson, Framnesveg 25, sem hann þá leigði hjá, hafa upp í húsaleigu og sagði honum að hann hefði fengið það sent heiman frá sér. Ólafur Jónsson mætti fyrir rétti, kveður hann saltkjötið hafa verið 74 pund og hann tekið það fyrir 44 krónur upp í húsaleigu. Einnig kveðst Ólafur hafa keypt af ákærðum nokkur pund af hangikjöti. Kveðst ákærður hafa stolið því úr porti, sem gengið er inn í úr Lækjargötu, bak við Bifreiðarstöð Reykjavíkur. Kveðst ákærður hafa ráfað inn í portið rétt fyrir jólin í vetur og sá þar bak við kassa í portinu poka með hangikjöti í, kveður að það hafi verið tæplega hálfur skrokkur. En maður sá sem líklegt er að hafi sent kjöt þetta til Reykjavíkur kveður að það hafi verið heill kjötskrokkur. Einnig kveðst ákærður einu sinni

í fyrra hafa stolið stígvélum og stakk úr togara, er lá við Löngulínu og seldi á fornsölu á Vitastíg 8. Öðru eða meira en því, sem hér er talið, hefir ákærður harðlega neitað að hafa stolið nema fiski og fiski niður við fisksöluskúra í soðið handa sér, og tómum flöskum hér og þar.

II. Við húsrannsókn þá, sem gerð var í herbergi ákærða Árna, fannst meðal annars koffort, sem átt hafði fyrri leigjandi í herberginu, ákærður Viktor Ström. Í því kofforti fundust 26 reikningar, skrifaðir í nafni Sveins Gunnarssonar læknis, til ýmsra togarafélaga hér í bænum fyrir veitta læknishjálp skipverjum á skipum þeirra. Ákærður, Viktor viðurkenndi að hafa falsað alla þessa reikninga nema 3. Hann hefir skýrt svo frá, að í fyrra hafi hann innheimt reikninga frá Sveini Gunnarssyni lækni fyrir Hjörleif Jónsson innheimtumann. Þaðan stafa hinir 3 réttu reikningar og þá falsaði hann alla þessa reikninga, en framvísaði engum þeirra. En í janúar og febrúar síðastliðnum kveðst ákærður hafa skrifað nokkra reikninga í nafni Sveins Gunnarssonar á nokkra skipverja á skipum útgerðarfélaganna Alliance og Njörður, og framvísað reikningum þessum á skrifstofum félaganna og fékk þá greidda. Gjaldkerum félaganna hefir verið gert aðvart. Hjá Alliance hafa fundizt 6 reikningar frá Sveini Gunnarssyni hljóðandi á skipverja á Hilmi, Tryggva gamla og Skúla fógeta, samtals að upphæð kr. 58.00. Þessum reikningum öllum hafði verið framvísað í janúar og febrúar síðastliðnum. En aðrir reikningar frá Sveini Gunnarssyni fundust ekki. Hjá Nirði fundust 5 reikningar frá Sveini Gunnarssyni, hljóðandi á skipverja á botnvörpungunum Nirði og Geir. Voru reikningar þessir að upphæð kr. 42.00. Ákærður hefir játað að hafa falsað alla þessa reikninga, framvísað þeim sjálfur og fengið þá greidda. Þeir hafa og verið sýndir Sveini Gunnarssyni lækni, og hann hefir neitað því að hafa skrifað þá. En ákærður hefir neitað að hafa framvísað nokkrum reikningi fyrr en eftir áramótin og hvergi framvísað reikningum nema hjá þessum tveim útgerðarfélögum.

Ákærður var hafður í fangelsi um tíma meðan verið var að rannsaka mál þetta, til þess að afplána áfengislagasekt. Er hann hafði lokið afplánun sinni var hann látinn laus. En skömmu síðar eða hinn 19. þ. m. var ákærður

gripinn, er hann klukkan langt gengin tólf um kvöldið, var að fara út af kaffihúsinu Minni Borg hér í bænum, með föt og frakka, er hann ekki átti, á handleggnum. Frakki þessi og föt voru geymd í fataskáp innar af klósettinu á Minni Borg. Ákærður hefir játað það, að hann hafi í samráði við meðákærðan Óskar Lárusson, tekið fötin og frakkann út úr skápnum, sem hafi verið opinn, og ætlað með þau út, en hinsvegar hafi þeir ekkert verið búnir að tala sig saman um það, hvað þeir ætluðu að gera við fatnaðinn. Ákærður hefir neitað því, að hafa framið fleiri þjófnaði. Hann kveðst hafa verið undir áhrifum víns, er hann gerði þetta, hafa drukkið brennsluspíritus.

III. Ákærður, Óskar Lárusson, var tekinn á Minni Borg ásamt ákærða Viktori Ström. Hann hefir viðurkennt fyrir rétti, að hann hafi verið í samráði með ákærðum Viktor, um að taka föt þau og frakka, sem Viktor var tekinn með. Hann kveður að hvorugur þeirra hafi opnað skápinn inn af klósettinu, heldur hafi maður verið að skoða gráan frakka í skápnum, er ákærðir komu inn á klósettið, en þá fleygði sá maður frakkanum og kvaðst ekki eiga hann. En þá tóku ákærðir þann frakka og föt úr skápnum og fór Viktor út með þau. Ákærður tók og annan frakka á handlegginn, sem veitingamaðurinn á Minni Borg átti, en fleygði honum aftur, er hann sá, að ákærður Viktor, var stöðvaður og gekk allslaus út á götuna. Ákærður kveðst ekki hafa framið aðra þjófnaði en þennan, og kveðst hafa verið undir áhrifum af brennsluspíritus, er þetta gerðist.

Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í máli þessu, nema frá Kristínu Þorvaldsdóttur, sem gerir 300 króna kröfu fyrir rúðubrotið hjá sér og upp í andvirði hinna stolnu hringja.

Ákærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Árni fæddur 2. júlí 1911, Viktor fæddur 11. september 1909, en Óskar fæddur 6. ágúst 1905. Árni og Viktor hafa ekki sætt refsingu áður, en Óskar hefir með dómi aukaréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum 4. janúar 1926, verið dæmdur skilorðsbundið í 2 x 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Árni hefir setið í gæzluvarðhaldi frá 9. þ. m. til þessa dags, en Viktor og Óskar hafa setið í gæzluvarðhaldi frá 20. þ. m. til þessa dags.

Framantalin afbrot ákærða, Árna, ber að áliti dómarans

að heimfæra undir 6. og 7. grein laga nr. 51 frá 1928 sbr. 231. grein hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Hann greiði og Kristínu Þorvaldsdóttur 300 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá uppsögn dóms þessa.

Afbrot ákærða, Viktor Ström, ber að áliti dómarans að heimfæra undir 270. grein hinna almennu hegningarlaga og 6. grein laga nr. 51, 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. En þar sem um fyrsta afbrot er að ræða, og ákærður játaði brot sitt hreinskilnislega þykir mega ákveða að refsing hans skuli vera skilorðsbundin, ef skilorð laga nr. 39, 1907 er haldið.

Afbrot ákærðs, Óskars, ber að heimfæra undir 8. grein laga nr. 51, 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga. En með því að afbrot hans er ekki stórvægilegt og meira en 5 ár eru liðin síðan hann var dæmdur og hann virðist hafa hegðað sér vel þann tíma, þykir mega ákveða að refsing hans skuli vera skilorðsbundin, ef skilorð laga nr. 39, 1907 er haldið.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, en hver um sig allan kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 13. febr. 1933.

Nr. 120/1932. **Kristinn Guðnason**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Þorkeli Jónssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Krafa stefnda um bætur vegna of skamms uppsagnarfrests í vinnusambandi eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júlí 1932: Stefndir, Kristinn Guðnason og Gunnar Guðnason, greiði báðir

fyrir annan og annar fyrir báða stefnandanum, Þorkeli Jónssyni, kr. 658,00 með 6% ársvöxtum frá 26. febr. s. l. til greiðsludags og kr. 133,50 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er einungis áfrýjað af hálfu stefnda í héraði Kristins Guðnasonar. Og hefir hann krafizt þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda kr. 158,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 til greiðsludags. Svo hefir hann krafizt málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Eftir því, sem fyrir liggur í málinu, verður að gera ráð fyrir því, að stefndi hafi verið ráðinn við bifreiðastöð áfrýjanda um óákveðinn tíma með ákveðnu mánaðarkaupi. Verður því að líta svo á, að stefnda hafi borið einhver uppsagnarfrestur, en engar fullnægjandi upplýsingar eru komnar fram um venju í því efni, er myndast hafi um vinnusamband það, sem hér ræðir um. Verður því ekki álitið, að hjá stefnda hafi getað skapazt réttmæt von um neinn ákveðinn uppsagnarfrest. Þetta styrkist og við það, að stefndi fór, eftir því, sem viðurkennt er í flutningi málsins fyrir hæstarétti, frá vinnu sinni um kl. 9 síðdegis á gamlárskvöld 1931 og með bifreiðina heim til sín, án þess að gera áfrýjanda viðvart, sem ólíklegt er, að hann hefði gert, ef hann hefði talið sig þá eiga kröfu til kaups, vegna of skamms uppsagnarfrests, fyrir janúar og febrúar

1932. Með því að ekki er upplýst um neina fasta venju um uppsagnarfrest í þessu vinnusambandi, svo sem áður segir, þá verður að telja eins mánaðarfrest nægilegan. Það er óumþrætt, að stefndi fékk svo langan frest, og verður því að sýkna áfrýjanda af kaupkröfu stefnda fyrir janúar- og febrúarmánuði 1932, en dæma hann til þess að greiða kaupeftirstöðvarnar fyrir dezbr. 1931, kr. 158,00 frádráttarlaust með 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 og til greiðsludags.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Kristinn Guðnason, greiði stefnda, Þorkeli Jónssyni, kr. 158,00, með 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 til greiðsludags, að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaður bæði í héraði og hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. marz s. l., af Þorkeli Jónssyni, bifreiðarstjóra, hér í bæ, gegn Kristni Guðnasyni og Gunnari Guðnasyni, bifreiðaeigendum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum, að upphæð kr. 658,00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 26. febr. s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafélagsins, kr. 133,50.

Málavexti kveður stefnandi þá, að sumarið 1928 hafi hann ráðizt sem bifreiðarstjóri hjá stefndum til óákveðins tíma með föstu mánaðarkaupi, kr. 250,00 á mánuði.

Hafi hann síðan unnið óslitið hjá stefndum á bifreiðastöð þeirra hér í bænum, þangað til um mánaðarmótin nóv.-dez. f. ár, en þá hafi honum verið sagt upp starfanum frá næstu áramótum eða með eins mánaðar uppsagnarfresti, og hafi hann svo farið úr þjónustu stefndra 1. jan. s. l. Telur stefnandi uppsögn þessa ólögmæta gagnvart sér og heldur því fram, að honum hafi borið 3ja mánaða uppsagnarfrestur og hefir samkvæmt því höfðað mál þetta til greiðslu umsamins kaups fyrir jan. og febrúar s. l. að upphæð kr. 500,00 að viðbættum kaupeftirstöðvum kr. 158,00, er hann kveðst eiga inni fyrir dezember s. l. og kemur þá hin umstefnda upphæð út.

Stefndur, Kristinn, hefir viðurkennt það, að hann hafi eigi ennþá greitt stefnanda kr. 158,00 í kaup fyrir dez. s. l. En frá þessari upphæð telur hann, að draga beri andvirði „strekkjara", kr. 50,00, sem stefnandi hafi fengið hjá honum og ekki skilað, svo að skuldin við hann nemi aðeins kr. 108,00. Hefir Kristinn krafizt sýknu gegn greiðslu þessarar upphæðar án málskostnaðar en með vöxtum eins og krafizt hefir verið. Þá hefir hann krafizt málskostnaðar hjá stefnanda. En jafnframt hefir málaflutningsmaður stefnds, Kristins, Lárus Jóhannesson, hrm., í frumvörn sinni krafizt algerðrar sýknu fyrir meðstefndan Gunnar á þeim grundvelli, að hann hafi, á þeim tíma sem hin umstefnda krafa hafi átt að verða og orðið til á, verið genginn úr firmanu Bifreiðastöð Kristins og Gunnars, sem stefndir hafi um nokkurt skeið rekið í félagi, og sé honum skuldin því öll algerlega óviðkomandi. Eftir því, sem fyrir liggur, hefir stefndur, Gunnar, ekki falið nefndum málaflutningsmanni eða nokkrum öðrum vörn málsins fyrir sína hönd. Ber þá að dæma málið að því er Gunnar snertir eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, en þar sem það er ekki upplýst gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi verið genginn úr nefndu firma á þeim tíma, sem krafan er talin stofnuð, eða að hann hafi nokkra sérstöðu gagnvart stefnanda, að því er snertir tilvist kröfunnar, verður ekki annað séð en málið eigi að hlíta sömu úrslitum, að því er báða hina stefndu snertir.

Stefndur, Kristinn, byggir mótmæli sín gegn kaupkröfu stefnanda fyrir mánuðina jan.—febr. á þeim grundvelli, að hann hafi verið ráðinn til óákveðins tíma og hafi

ráðningarsamningurinn verið útrunninn 1. maí f. á., en eftir þann tíma hafi stefnandi unnið samningslaust og hafi því verið heimilt að láta hann fara hvenær sem var, enda hafi hann engum athugasemdum hreyft, er honum hafi verið sagt upp. Það er ekki sannað í málinu gegn mótmælum stefnanda, að um ákveðinn vistartíma hafi verið samið, og ekki verður á það fallizt hjá stefndum, að stefnandi hafi, með því að gera ekki athugasemdir við uppsögnina, er hún fór fram, fyrirgert rétti sínum til þess að koma síðar fram kröfum sínum á hendur stefndum út af óréttmæti hennar, og verða þessar mótbárur stefnds, Kristins, því ekki teknar til greina.

Þá heldur stefndur, Kristinn, því fram, að það sé föst venja hér í bænum milli bifreiðarstjóra og bifreiðastöðva, að hvor aðila um sig geti sagt upp vinnusambandinu fyrirvaralaust, ef ráðningarsamningur ekki hefir verið gerður til ákveðins tíma og eigi stefnandi því engan rétt á uppsagnarfresti eða kaupi lengur en til burtfarardags. Stefnandi hefir hinsvegar mótmælt því eindregið, að nokkur slík venja sé til hér og stefndur hefir ekki upplýst gegn mótmælum stefnanda að hún sé fyrir hendi. Verður þessi varnarástæða stefnds því ekki tekin til greina, heldur þykir verða að fallast á það hjá stefnanda, að hann eftir starfstíma sínum hjá stefndum og ráðningarkjörum (en það er viðurkennt, að stefnandi hafi verið ráðinn með ákveðnu mánaðarkaupi og ekki er annað upplýst en ráðningartíminn hafi verið óákveðinn) hafi átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti og ber stefndum því að greiða honum kaup fyrir tvo fyrrgreinda mánuði (jan. og febr. s. l.).

Að því er snertir kröfu stefnds um frádrátt á andvirði „strekkjara" frá hinni viðurkenndu upphæð, þá hefir stefnandi haldið því fram, að hlutur þessi hafi ekki lent hjá honum og þar sem stefndur hefir ekki sannað það gagnstæða, verður ekki séð að lækkunarkrafan hafi við rök að styðjast.

Úrslit málsins verða þá samkvæmt framansögðu þau hér fyrir réttinum, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Miðvikudaginn 15. febr. 1933.

Nr. 119/1932. **Kristinn Guðnason**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Bjarna Bjarnasyni
(Stefán Jóh. Stefánson).

Krafa stefnda um bætur vegna of skamms uppsagnarfrests í vinnusambandi eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júlí 1932: Stefndir, Kristinn Guðnason og Gunnar Guðnason, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða, stefnandanum, Bjarna Bjarnasyni, kr. 750,00 með 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 til greiðsludags og kr. 133,50 í málskostnað, innan fimmtán daga, frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er aðeins áfrýjað af hálfu stefnda í héraði, Kristins Guðnasonar. Hefir hann krafizt þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Stefndi hefir hér fyrir dómi fært kröfu sína niður í kr. 250,00, eða sem svarar eins mánaðar kaupi frá uppsagnardegi. Hann hefir og krafizt staðfestingar á ákvæði héraðsdómsins um greiðslu málskostnaðar þar og málskostnaðar í hæstarétti.

Um leið og stefndi tók við kaupinu, sem hann kvittaði fyrir 19. nóv. 1931, spurði hann samkvæmt óvéfengdri skýrslu málflytjanda síns hér fyrir dómi, áfrýjanda að því, hvort hann ætlaði ekki að greiða stefnda kaup lengur en til uppsagnardags.

Hafi áfrýjandi neitað því, en stefndi hafi þá sagt, að þeir mundu sjá, hvernig það færi.

Með þessum ummælum hefir stefndi nægilega gefið í skyn, að hann vildi halda óskertum þeim rétti til frekari greiðslu, sem hann kynni að hafa vegna of stutts uppsagnarfrests. Verður stefndi þegar af þessari ástæðu ekki talinn hafa fyrirgert rétti sínum í þessu efni, enda þótt hann setti engan fyrirvara um hann í kvittunina 19. nóv. 1931.

Eins og málið liggur fyrir verður að telja stefnda hafa verið ráðinn við bifreiðastöð áfrýjanda um óákveðinn tíma, en með ákveðnu mánaðarkaupi.

Stefndi virðist því hafa átt rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti. Með því að hann fékk ekki þann frest og ekki er ágreiningur um upphæð mánaðarkaupsins, verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda áðurnefndar kr. 250,00, með 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 til greiðsludags.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Kristinn Guðnason, greiði stefnda, Bjarna Bjarnasyni, kr. 250,00 með 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 til greiðsludags, að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sátta tilraun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. marz s. l., af Bjarna Bjarnasyni, bifreiðarstjóra, hér í bæ, gegn Kristni Guðnasyni, bifreiðaeiganda, Óðinsgötu 21 og Gunnari

Guðnasyni, bifreiðaeiganda, Tjarnargötu 43, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum, að upphæð kr. 750,00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 26. febr. s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málflutningsmannafélagsins, kr. 133,50.

Málavexti kveður stefnandi þá, að veturinn 1929 hafi hann ráðizt sem bifreiðarstjóri hjá stefndu til óákveðins tíma, og hafi kaupið verið ákveðið kr. 250,00 á mánuði vetrarmánuðina, en kr. 300,00 á mánuði yfir sumarið. Hafi hann síðan unnið óslitið hjá stefndum á bifreiðastöð þeirra hér í bænum þar til 15. nóv. f. á., en þá hafi honum verið sagt upp starfinu fyrirvaralaust og algerlega að ástæðulausu. Telur stefnandi slíka fyrirvaralausa uppsögn óheimila gagnvart sér og heldur því fram, að honum hafi borið þriggja mánaða uppsagnarfrestur, og hefir samkvæmt því höfðað mál þetta til greiðslu kaups yfir tímabilið frá 15. nóv. f. á. til 15. febr. s. l., og nemur það hinni umstefndu upphæð.

Í frumvörn sinni hefir Lárus Jóhannesson hæstaréttarmálaflutningsmaður mótmælt kröfum stefnanda sem röngum og krafizt sýknu fyrir báða hina stefndu og málskostnaðar hjá stefnanda þeim til handa að skaðlausu. Byggir málflutningsmaðurinn sýknukröfurnar fyrir stefndan, Gunnar, meðal annars á því, að hann hafi á þeim tíma, sem hin umstefnda krafa hefði átt að verða til, verið genginn úr firmanu Bifreiðastöð Kristins og Gunnars, sem stefndir hafi um nokkurt skeið rekið í félagi, og sé honum skuldin því algerlega óviðkomandi, þó rétt væri. Eftir því, sem fyrir liggur, hefir stefndur Gunnar ekki falið nefndum málflutningsmanni eða nokkrum öðrum vörn málsins fyrir sína hönd. Ber því að dæma málið að því er Gunnar snertir eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, en þar sem það er ekki upplýst gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi verið genginn úr nefndu firma á þeim tíma, sem krafan er talin stofnuð, og stefnanda hafi þá verið það kunnugt eða yfirleitt, að stefndur, Gunnar, hafi nokkra sérstöðu gagnvart stefnanda, að því er snertir tilvist kröfunnar, verður ekki annað séð, en málið eigi að hlíta sömu úrslitum, að því er báða hina stefndu snertir.

Stefndur, Kristinn, byggir mótmæli sín gegn réttmæti hinnar umstefndu skuldar í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi verið ráðinn til ákveðins tíma, og hafi ráðningarsamningurinn verið útrunninn 1. okt. f. á. og hafi því verið heimilt að láta stefnanda fara þá þegar. Eigi að síður hafi hann þó fengið að halda áfram atvinnunni til 19. nóv., en þann dag hafi verið gert upp við hann og honum greitt kaup hans, og hafi hann tekið við því fyrirvaralaust. Það er ekki sannað í málinu gegn mótmælum stefnanda, að um ákveðinn vistartíma hafi verið samið og ekki verður á það fallizt hjá stefndum, að stefnandi hafi, með því að taka fyrirvaralaust við kaupi sínu til burtfarardags, er hann fór, fyrirgert rétti sínum til þess að koma síðar fram kröfum sínum á hendur stefndum vegna ólögmætrar uppsagnar, og verða því þessar varnarráðstafanir stefnds, Kristins, ekki teknar til greina.

Þá heldur stefndur, Kristinn, því og fram og reisir sýknukröfu á þeim grundvelli, að það sé föst venja hér í bænum milli bifreiðarstjóra og bifreiðastöðva, að hvor aðila um sig geti sagt upp vinnusambandinu fyrirvaralaust, ef ráðningarsamningur hefir ekki verið gerður til ákveðins tíma og eigi stefnandi því engan rétt á uppsagnarfresti. Stefnandi hefir hinsvegar mótmælt því eindregið að nokkur slík venja sé til hér og stefndur hefir ekki gegn mótmælum hans upplýst, að hún sé fyrir hendi. Verður þessi sýknuástæða stefnds því ekki til greina tekin, heldur þykir verða að fallast á það hjá stefnanda, að hann, eftir starfstíma sínum hjá stefndum og ráðningarkjörum (en það er viðurkennt, að stefnandi hafi verið ráðinn með ákveðnu mánaðarkaupi, og er ekki annað upplýst en ráðningartíminn hafi verið óákveðinn) hafi átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests, og verða þá úrslit málsins þau, að taka ber dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Mánudaginn 20. febr. 1933.

Nr. 142/1932. **Eiríkur Snjólfsson**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Jónínu Benónýsdóttur, f. h. Benónýs Magnússonar (Garðar Þorsteinsson).

Bætur fyrir meiðsli, er hlutust af bifreið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1932: Stefndur, Eiríkur Snjólfsson, greiði stefnöndu, Jónínu Þuríði Benónýsdóttur, f. h. Benónýs Magnússonar, kr. 6295,00 með 5% ársvöxtum frá 25. febrúar 1932 til greiðsludags og kr. 325,00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir kafizt þess *aðallega,* að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, og að honum verði dæmdur málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en *til vara,* að bætur þær fyrir *meiðslin,* er stefndu voru dæmdar í hinum áfrýjaða dómi, verði færðar niður, og að stefnda verði dæmd til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti. Af hálfu stefndu hefir verið krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, verður að telja ákvæði 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur frá 7. jan. 1930 um hámark ökuhraða bifreiða á því svæði, sem samþykktin nær yfir, enn í gildi, sbr. 5. málsgr. 6. gr. laga nr. 70/1931. Það er ekki upplýst glöggt, hvort bifreið áfrýjanda hafi verið á því hraðahámarki eða fyrir ofan það eða neðan, er slysið varð, og ekki er heldur upplýst nægilega, að slysið hefði hlotið að vilja til, þótt

bifreiðin hefði verið á hægri ferð og hún hefði því orðið fyrr stöðvuð. Af þessum ástæðum verður samkvæmt 2. málsgr. 15. gr. laga nr. 70/1931, að dæma áfrýjanda til þess að greiða sjúkrakostnað eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, með 1295,00 kr., og bætur vegna meiðslanna. En með hliðsjón af því að drengurinn, sem var á ellefta ári, þegar slysið varð, sýndi af sér mjög mikla óvarkárni með því að hlaupa á bifreiðina, þykja þessar bætur hæfilega ákveðnar kr. 3000,00. Af þessum upphæðum samanlögðum eða kr. 4295,00, ber og að dæma áfrýjanda til að greiða 5% ársvöxtu frá 25. febr. 1932 til greiðsludags. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms skal vera óraskað. Eftir atvikum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 200,00 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Eiríkur Snjólfsson, greiði stefndu, Jónínu Benónýsdóttur, f. h. Benónýs Magnússonar, kr. 4295,00 með 5% ársvöxtum frá 25. febr. 1932 til greiðsludags. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði skal vera óraskað. Svo greiði áfrýjandi stefndu 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir í máli þessu eru þeir, að hinn 15. okt. f. á., kl. 2¼ e. h., kom Eiríkur Snjólfsson bifreiðarstjóri, til heimilis á Vitastíg 14, hér í bænum akandi á bifreið sinni R. E. 603 austan Laugaveg tvo til þrjá metra frá gangstétt-

inni vinstra megin og var bifreiðin með hlassi. Þegar hann kom niður á móts við húsið nr. 66 kom 10 ára drengur, Benóný Magnússon, Laugaveg 68, á mjög hraðri ferð og með ærslum þar út úr húsasundi og stefndi út á götuna framanvert á húsið á umræddri bifreið. Bifreiðarstjórinn, sem sá, að drengurinn mundi ekki hafa veitt bifreiðinni athygli, kveðst, til þess að reyna að forða frá slysi, þegar hafa vikið bifreiðinni út á götuna og stöðvað hana eins fljótt og hægt var. En það var um seinan, því að drengurinn lenti undir innra afturhjóli bifreiðarinnar og meiddist allmikið. Var drengurinn fluttur á Landakotsspítala og lá þar þangað til 15. marz s. l. Hefir læknir sá, sem stundaði hann þar, Matthías Einarsson, lýst meiðslunum, sem hann hlaut við slysið svo, að hold og vöðvar (að nokkru leyti) hafi flettzt af vinstra læri frá legg og upp í nára. Hnéliðurinn hafi verið opinn og allt þar fullt af aur, þá hafi hörund og flettzt af vinstri upphandlegg. Móðir drengsins, Jónína Þuríður Benónýsdóttir, telur að fyrrgreindur bifreiðarstjóri hafi ekki sýnt þá varkárni, sem honum bar í umrætt skipti, og eigi hann því alla sök á slysinu. Hefir hún nú, f. h. sonar síns, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, höfðað mál þetta á hendur bifreiðarstjóranum með stefnu, útgefinni 2. marz s. l., og gert þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða henni fyrir hönd drengsins læknishjálp og sjúkrakostnað, er nemur samkvæmt framlögðum reikningum kr. 1295,00 og kr. 10000,00 — eða aðra sanngjarna upphæð — í skaðabætur „vegna missis líkamskrafta, svo og vegna líkamslíta, sársauka og þjáninga og allra óþæginda samfara slysinu". Svo krefst stefnanda og 6% ársvaxta af framangreindum upphæðum frá sáttakærudegi, 25. febr. s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt hefir hún stefnt Finsen, framkvæmdarstjóra, f. h. Trolle & Rothe h/f., vegna vátryggingarfélagsins Baltica h/f., en hjá því félagi var keypt trygging fyrir bifreiðina, til þess að gæta réttar síns í málinu.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnöndu og krafizt þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af þeim og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður. Sýknukröfuna reisir stefndur á því, að honum verði ekki um slysið kennt. Hann hafi ekið með löglegum hraða, er slys-

ið vildi til eða 15—20 kílómetra hraða á klst. Bifreiðin hafi verið í lagi og stöðvast, er hann bremsaði, á vegalengd, er hafi svarað til í mesta lagi tveggja þriðju hluta af lengd bifreiðarinnar. Geti því ekki komið til mála að dæma hann í skaðabætur vegna slyssins.

Við lögregluréttarrannsóknina út af slysinu er eitt vitni yfirheyrt og hefir framburði þess ekki verið mótmælt sem óstaðfestum. Mætti það bifreiðinni rétt áður en slysið vildi til og kom að er það var orðið. Vitni þetta hefir ekkert getað borið um hraða bifreiðarinnar. Hinsvegar hefir það borið það, að bifreiðin hafi ekki stöðvazt fyrr en 3—4 metra frá drengnum og auðséð hafi verið, að hún hafi runnið hemluð þá leið.

Í 6. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70 frá 1931 eru ákvæði um ökuhraða og þar sagt, að í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þéttbýli, megi hann aldrei vera meiri en 25 kílómetrar á klukkustund. Í lögreglusamþykkt Reykjavíkur frá 7. jan. 1930, 46. gr., er ökuhraðinn hinsvegar ákveðinn innanbæjar 18 km. á klst. og verður þetta ákvæði lögreglusamþykktarinnar talið gilda þrátt fyrir fyrrgreind fyrirmæli bifreiðalaganna, sbr. 5. málsgr. 6. greinar þeirra laga. En bæði í bifreiðalögunum og lögreglusamþykktinni er, auk framangreindra ákvæða um ökuhraða, svo fyrir mælt, að undir vissum kringumstæðum skuli gæta sérstakrar varúðar og megi ekki aka hraðar en svo að stöðva megi bifreið þegar í stað, meðal annars þar sem mikil umferð er og yfirleitt þar sem hætta er á að slys verði. Nú er það ljóst af framburði stefnds sjálfs fyrir lögréttinum svo og framburði vitnisins, að stefndum hefir ekki tekizt að stöðva bifreið sína þegar er hann varð hættunnar var. En rétturinn lítur svo á, að akstur á jafnfjölfarinni götu og Laugavegurinn er, að því viðbættu að hér innanbæjar má alltaf búast við því að óvitar hlaupi (úr húsasundum) út á akbrautina, megi ekki vera hraðari en svo að hægt sé að stöðva bifreið í einni svipan fyrirvaralaust. Hefir stefndur því að áliti réttarins ekki gætt tilhlýðilegrar varkárni við aksturinn í umrætt skipti og ber þá eftir 15. gr. bifreiðalaganna að dæma hann til þess að greiða skaðabætur vegna slyss þess, sem af þessu hlautzt.

Stefndur hefir ekki mótmælt upphæð þeirri, sem stefnanda hefir krafizt fyrir sjúkrakostnað og læknishjálp, enda

hafa gögn verið lögð fram fyrir henni og verður hún því tildæmd. Hinsvegar hefir stefndur mótmælt skaðabótakröfunni, kr. 10000,00, sem allt of hárri.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Matthíasi Einarssyni, lækni, útgefið 20. júní s. l., um heilsufar drengsins. Segir í því, að fóturinn sé fullgróinn en miklu rýrari en hinn, nokkuð boginn og staurliður um hné. Telur læknirinn að þetta ástand muni haldast að mestu óbreytt, þó hugsanlegt sé að einhver smáhreyfing komi í hnéliðinn er tímar líða. Með tilliti til vottorðs læknisins og annars, er fram kemur í málinu, þykja bæturnar til drengsins hæfilega ákveðnar í einu lagi (að undanskyldum sjúkrakostnaðinum) kr. 5000,00 og verða þá úrslit málsins þau, að stefndur verður dæmdur til þess að greiða þá upphæð, að viðbættum kr. 1295,00 = kr. 6295,00, en aðeins með 5% ársvöxtum þar eð stefndur hefir mótmælt vöxtunum sérstaklega.

Svo ber og að dæma stefndan til þess að greiða málskostnað og ákveðst hann kr. 325,00.

Mánudaginn 27. febr. 1933.

Nr. 77/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Max Turk (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 5. apríl 1932: Kærði, Max Turk, á innan fjögra vikna að greiða sekt, að upphæð kr. 15800,00, til Landhelgissjóðs Íslands, en afplána hana með 8 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum, „Emma Reimer“ P. G. 325 frá Geestemünde, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það er ekkert fram komið í málinu, er veiti réttmæta ástæðu til að staðhæfa það, að foringi varðskipsins hafi ekki séð miðin Hjörleifshöfða og Mýrnatanga nægilega glöggt, er hann gerði staðarákvarðanirnar kl. 11 árdegis þann 3. apríl f. á., enda þótt hann, fyrir fyllstu varúðarsakir, hefði þá í hyggju að bíða betra skyggnis til þess að ná einnig hornmælingu af sjávarmerkinu á Mýrdalssandi.

Hornmælingar varðskipsins, þær er í hinum áfrýjaða dómi greinir, verða því ekki véfengdar, enda fylgdist kærði með mælingunum samkvæmt skýslu varðskipsforingjans, og hafði hann þá ekkert að athuga við þær. Og það raskar ekki gildi hornmælinganna, þótt áttavitamiðun sú við vitann á Alviðruhamri, er gerð var á varðskipinu nóttina milli 2. og 3. apríl, sem gaf niðurstöðuna 297° r/v, hafi samkvæmt nýjum upplýsingum hér fyrir dómi, ekki verið nákvæm, því hún verður ekki talin annað en bráðabirgða-ákvörðun á stað skipsins, sem varðskipsforinginn telur eigi fullnægjandi til að ákveða stað þess og gerir því að sjálfsögðu hornmælingar þegar er þess er kostur. Loks er þess að gæta, að togarinn hafði siglt 12 mínútur frá því, er varðskipið varð hans fyrst vart á bakborða við sig, í S.S.A. stefnu með 2½—3 sjómílna hraða á klukkustund og með botnvörpu í sjó. Á þessum 12 mínútum hefir togarinn því siglt að minnsta kosti 0,5 sjómílu og því fjarlægzt land það mikið, að hann hefir þá hlotið að vera í landhelgi, enda þótt hann hefði verið 0,2 sjómílur utanvert við landhelgilínu, þegar hann var stöðvaður, eins og kærði hefir viljað vera láta. Það verður því að telja sannað, að kærði hafi verið að veiðum í

landhelgi með botnvörpu við umrætt tækifæri, og þykir sekt hans fyrir það brot, samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920 og með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem nú er, samkvæmt skýrslu Landsbankans, 57,25, sbr. lög nr. 4/1924, kr. 17500,00 og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, 7 mánaða einfalt fangelsi. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150,00 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Max Turk, greiði 17500,00 króna sekt í Landhelgissjóð, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra, svo og um greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, kr: 150,00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á Ægi, dags. 3. þ. m., var kærði í mál þessu, Max Turk, fæddur 2. febr. 1896, nóttina milli 2. og 3. þ. m. við veiðar í landhelgi út af Mýrnatanga, á togaranum P. G. 325, „Emma Reimer", frá Geestemünde. Nánari atvik eru samkvæmt skýrslunni þessi: Kl. 11,46 síðdegis 2. þ. m., þegar Ægir var á leið austur með landinu, sást skip kærða bakborðsmegin við stefnu varðskipsins. Hélt Ægir þá að togaranum og gaf stöðvunarmerki og var síðan kl. 0,05 árd. numið staðar rétt aftan við togarann, sett þar út ljósboja og mælt um leið dýpið þar, sem reyndist 88 m. Um leið vara Alviðruhamarsviti miðaður í r/v 297°.

Vegna þess að myrkur var, voru staðarákvarðanir við bojuna ekki gerðar fyrr en milli kl. 8 og 9 árdegis daginn eftir, en þar sem vegna misturs var ekki hægt að mæla nema eitt lárétt horn og miða var beðið við bojuna og gerð þessi staðarákvörðun hjá henni kl. 11 árdegis:

Hjörleifshöfði
$> 25° 00'$
Alviðruhamarsviti
$> 49° 32'$
Sjómerki á Mýrnatanga

og reyndist staður bojunnar samkvæmt þessu 0,7 sjómílu innan landhelgislínu.

Kærði hefir undir rekstri málsins kannazt við það, að hafa verið að toga á þeim stað, sem bojan var sett út, um það leyti þegar að Ægir stöðvaði togarann „Emma Reimer" um kl. 12 á miðnætti 2. þ. m. Hinsvegar hefir hann ekki viljað viðurkenna, að mæling varðskipsins væri rétt og vill þar fara eftir mælingum, sem hann og stýrimaður hans gerðu, en eftir þeim var staður bojunnar ca: 0,2 úr sjómílu *fyrir utan* landhelgislínuna. Þessar mælingar og staðhæfingar kærða geta þó ekki orðið teknar til greina gegn mælingum þeim, sem teknar voru á varðskipinu, enda fylgdist kærði líka með þeim og gat hann ekkert þá fundið við þær að athuga. Samkvæmt þessu verður að telja nægilega sannað í málinu, að kærði hafi verið að toga á landhelgissæðinu og hefir hann með því brotið gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Með því að hér er um 1. brot kærða á þessum lögum að ræða og með hliðsjón af að gullverð ísl. krónu er í dag kr. 63.49, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 15800,00, sem greiðist innan 4 vikna til Landhelgissjóðs Íslands, en afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 27. febr. 1933.

Nr. 79/1932. **Kristján Kjartansson**
gegn
Alfons Jónssyni, f. h. Kr. Andersen.

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Kjartansson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta í málinu, 60.00 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febr. 1933.

Nr. 88/1932. **Guðjón Einarsson**
gegn
Hrefnu Sigurgeirsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðjón Einarsson, er eigi mætir í

málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sittt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta í málinu, 60.00 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. marz 1933.

Dómsmálaráðuneytið
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
eiganda Þursstaða, Helga Jónssyni.
(Enginn).

Landamerkjamál. Ómerking og heimvísun.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13. júní 1932: Máli þessu vísast frá landamerkjadóminum. Ferðakostnað og dagpeninga dómendanna greiði stefnandi með 81 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður. Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Sumarið 1931 kom það í ljós, að ágreiningur var um landamerki milli prestsetursins Borgar og Þursstaða í Mýrarsýslu og ákvað dóms- og kirkjumála-ráðuneytið að úr ágreiningi þessum skyldi skorið með dómi og tilkynnti biskupi það, en biskup tilkynnti það aftur prestinum að Borg, síra Birni Magnússyni með símskeyti 5. sept. 1931 svo hljóðandi:

„Stjórnarráðið úrskurðar að landamerkjamálið afhendist allrafyrsta sýslumanni til meðferðar eftir lögum 41 frá 1919".

Presturinn mun svo hafa snúið sér til sýslumannsins og tók hann málið fyrir 16. s. m. þá mætti í réttinum síra Björn, f. h. prestsetursins og stefndi, Helgi Jónsson, eigandi Þursstaða. Í réttarhaldi þessu gerði séra Björn út um landamerkin milli jarðanna með sætt við eiganda Þursstaða, án þess að bera það undir ráðuneytið eða biskup og án þess að hafa fengið heimild til að lúka málinu á þann hátt.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið vildi eigi viðurkenna, að sætt þessi væri bindandi fyrir kirkjustjórnina og lagði svo fyrir, að málið skyldi fara fyrir merkjadóm á ný, en með dómi merkjadómsins uppkveðnum 13. júní f. á. lauk málinu svo, að dómurinn vísaði málinu frá sér af þeirri ástæðu, að búið væri að gera réttarsætt um deiluatriðið.

Þessum dómi hefir dómsmálaráðuneytið skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 4. okt. f. á., en með því að stefndi hefir eigi mætt í hæstarétti, þótt honum hafi verið löglega stefnt, hefir málið verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði dæmdur ómerkur, að málinu verði vísað heim aftur til dómsálagningar að efni til og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti. Byggir áfrýjandi ómerkingar og heimvísunarkröfuna á því, að síra Björn hafi skort heimild til að gera hina umræddu sætt.

Á þetta verður að fallast. Það hefir aldrei verið litið svo á, að prestar séu umráðamenn prestsetranna í þeirri merkingu, að þeir hafi heimild til án samþykkis kirkjustjórnarinnar að gera bind-

andi samninga um landamerki prestsetranna. Umboð eða heimild til nefndrar sættar verður heldur eigi byggt á framan nefndu símskeyti biskups, því þótt líta megi svo á, að í því felist umboð til prestsins til að taka á móti stefnu og halda uppi málstað kirkjustjórnarinnar svo sem fyrir er mælt í 12. gr. laga nr. 41 frá 1919, verður eigi álitið að í slíku umboði felist heimild til að útkljá ágreining um landamerki með sætt, nema heimild til þess hafi verið veitt sérstaklega eða ótvírætt.

Það ber því að fella hinn áfrýjaða merkjadóm úr gildi og vísa málinu heim til dómsálagningar að efni til.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur skal vera ómerkur og vísast málinu heim til dómsálagningar að efni til.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af séra Birni Magnússyni presti á Borg, fyrir hönd prestsetursins Borgar, gegn Helga Jónssyni, eiganda Þursstaða, og hefir hann gert þær réttarkröfur, að ákveðið verði af merkjadóminum, hvar merki jarðanna komi saman við Háfslæk, og hvar Hringurinn sé, sem getur um í landamerkjabréfum jarðanna.

Stefndur hefir fyrst og fremst krafizt þess, að málinu verði vísað frá réttinum, með því að áður hafi verið gerð réttarsætt um sama sakarefni og nú liggur fyrir í þessu máli.

Fyrst verður því að taka frávísunarkröfu þessa til athugunar. Hvort taka beri frávísunarkröfu þessa til greina

eða ekki, virðist vera undir því komið, hvort séra Björn hafi, er hann gerði sættina 16. sept. 1931, sjá rskj. 4, haft rétt til að mæta í málinu sem löglegur umboðsmaður Borgar, og gera sættina.

Samkvæmt 12. gr. landamerkjalaganna eiga eigendur eða fyrirsvarsmenn jarða, sem búsettir eru utan sýslufélags þess, er jörð liggur í, að hafa innan sýslunnar umboðsmann, er rétt sé að stefna í landamerkjamálinu, og er ekki annað sýnilegt af málsskjölunum en að ráðuneytið hafi skoðað séra Björn sem umboðsmann og umráðamann jarðarinnar, enda hefir ekki verið bent á neinn annan mann, er réttara hefði verið að kveðja til að mæta, sem umráðamanni Borgar en séra Björn, og ráðuneytið eingöngu snúið sér til hans um upptekt málsins.

Ráðuneytið hefir heldur eigi vefengt gildi sættarinnar á þeim grundvelli, að séra Björn hafi brostið umboð til að gera hana, heldur á því að séra Einar Friðgeirsson hafi ekki haft lögfest umboð til að gera samning þann um landamerkin, er sættin vísar til, sbr. rskj. 1, en hvort vísa beri málinu frá eða ekki virðist ekki velta á því hvað séra Einar Friðgeirsson hefir gert viðvíkjandi landamerkjum þessum heldur á gildi réttarsættarinnar frá 16. sept. 1931.

Það verður því ekki annað séð en að rétt hafi verið og löglegt að stefna séra Birni í máli þessu, eða með öðrum orðum, að hann hafi haft lögfulla heimild til að koma fram í því, hvort heldur sem var stefnandi eða stefndur, en af því leiðir aptur samkvæmt 8. gr. landamerkjalaganna, að hann hlaut að hafa rétt til að útkljá málið með sætt, því í nefndri grein mæla lögin svo fyrir, að sætta *skuli* leitað með aðiljum, og væri slíkt ákvæði þýðingarlaust, ef þeir menn, sem löglega er stefnt í málinu, hefðu ekki heimild til að gera út um málið með sætt.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, sem málið hafi verið löglega útkljáð með sættinni 16. sept. 1931 og beri því að vísa málinu frá réttinum.

Dagpeningar dómenda og ferðakostnaður, alls 81 kr., greiðist af stefnanda. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Mánudaginn 13. marz 1933.

Nr. 12/1932. **Helga Sigurgeirsdóttir**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
h/f Trolle og Rothe, f. h. vátryggingingarfélagsins Baltica
(Sveinbjörn Jónsson).

Krafa áfrýjanda byggð á framsali skaðabóta út af tjóni á bifreið eigi tekin til greina með því vátryggður hafði fyrirgert rétti til vátryggingarbóta.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. jan. 1932: Stefndur, Trolle & Rothe h/f vegna vátryggingarfélagsins „Baltica" h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnöndu, Helgu Sigurgeirsdóttur, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir fyrir hæstarétti fellt niður kröfu sína um skaðabætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar, en að öðru leyti hefir hann gert sömu kröfur sem í héraði, auk kröfu um málskostnað í hæstarétti. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar í hæstarétti.

Áfrýjandi hefir ekki gegn mótmælum stefnda sannað, að hann hafi tekizt á hendur gagnvart áfrýjanda nokkra sjálfstæða ábyrgð á tjóni á bifreiðinni, þegar hún var kaskótryggð samkvæmt II. og III. í vátryggingarskírteininu. Stefndi hefir þess vegna rétt til þess að hafa uppi hinar sömu varnir, sem hann hefði mátt flytja fram í máli við vátryggðan, sem framseldi áfrýjanda væntanlega skaðabótakröfu sína á hendur stefnda. Samkvæmt 4. gr. b. í vátryggingarskírteininu er meðal ann-

ars undanskilið bótum tjón, sem vátryggður veldur af „stakri ógætni“. Eftir því sem fram er komið í málinu, ók vátryggður bifreiðinni, fullri af fólki, ljóslausri í rigningu, dimmu og þoku svo mikilli, að hann sá ekki til vegbrúnarinnar, og á 20—25 kílómetra hraða, þegar slysið varð. Með þessu verður að telja vátryggðan hafa sýnt staka ógætni, og að hann hafi þar með fyrirgert rétti til skaðabóta.

Með þessum athugasemdum og með því að hin nýju gögn, sem komið hafa fram í hæstarétti, skipta ekki máli um úrslitin, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Samkvæmt þessu þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 200 kr. í málskostnað í hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Helga Sigurgeirsdóttir, greiði stefnda, H/f Trolle & Rothe, f. h. vátryggingarfélagsins Baltica h/f, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. sept. f. á., af Helgu Sigurgeirsdóttir hér í bæ, gegn Trolle & Rothe h/f, vegna vátryggingarfélagsins „Baltica“ h/f. til greiðslu vátryggingarfjár að upphæð kr. 914,54 og 50 króna skaðabóta á dag frá og með 21. ágúst f. á. að telja og þar til bifreiðin R. E. 655 verður leyst úr viðgerð, ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 17. sept. f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnanda þá, að hinn 24. marz f. á. hafi hún með skírteini nr. 15/1722 vátryggt bifreiðina

R. E. 655 skyldutryggingu hjá stefndum samkvæmt gildandi lögum. 8. júlí s. á. hafi hún síðan selt Sigurgeiri Bogasyni bifreiðina og hafi þá jafnframt framangreind trygging verið færð yfir til kaupandans og aukin þannig að hún hafi einnig náð til skemmda á bifreiðinni vegna óhappa og slysa við akstur. Til tryggingar skaðlausri greiðslu kaupverðsins, kveðst stefnanda hafa fengið 1. veðrétt í bifreiðinni hjá kaupandanum og hafi veðið einnig náð til vátryggingarfjárins. Um þessa veðsetningu hafi stefndum verið kunnugt og honum því verið ljóst að hann hafi í raun og veru verið að tryggja sig (stefnöndu) gegn tjóni vegna slysa á bifreiðinni, og telur hún hann með þögninni hafa samþykkt veðsetninguna. Nú hafi umræddri bifreið hlekkzt á nóttina milli 2. og 3. ágúst f. á., hafi hún þá oltið út af veginum í Svínahrauni og skemmzt mjög. Viðgerðarkostnaðinn á bifreiðinni vegna skemmdanna, sem stefnanda telur stefndan bera ábyrgð á samkvæmt vátryggingarskírteininu, kveður hún hafa numið áðurgreindri upphæð kr. 914,54. Þessa upphæð hafi stefndur verið ófáanlegur til þess að greiða þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir og þar sem kaupandi bifreiðarinnar hafi ekki getað greitt viðgerðarkostnaðinn eða eftirstöðvar kaupverðsins hafi það orðið að samkomulagi með sér og honum, að hún tæki bifreiðina aftur, en jafnframt hafi hann framselt sér skaðabótarétt sinn á hendur stefndum vegna umræddra skemmda, en í þeim telur hún innifaldar bætur vegna afnotamissis bifreiðarinnar, sem stefndur hafi orsakað með því að greiða ekki viðgerðarkostnaðinn, þegar í stað, er honum hafi verið tilkynnt að viðgerðinni væri lokið, en það hafi verið gert 20. ág. f. á. og hefir stefnanda áætlað þetta tjón kr. 50,00 á dag.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnöndu og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar hjá henni eftir lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafélagsins.

Sýknukröfuna byggir stefndur á því, að stefnanda sé ekki réttur aðili þessa máls, gagnvart honum. Í 8. gr. vátryggingarskilyrðanna sé það bannað að veðsetja eða selja öðrum réttindi þau, sem vátryggingarskírteinið veitir án samþykkis hans, en hann hafi hvorki samþykkt veðsetninguna beinlínis eða þegjandi né heldur framsalið og sé því hvorttveggja ógilt gagnvart sér. Stefnanda

hefir nú ekki gegn mótmælum stefnds sannað þá staðhæfingu sína, að hann hafi vitað um veðsetninguna til hennar á réttindunum samkv. vátryggingarskírteininu og samþykkt hana eða að það hafi verið ætlun stefnds að vátryggja aðra hagsmuni en eiganda bifreiðarinnar, þess sem nefndur er í skírteininu, og getur stefnanda því ekki byggt rétt á þessum atriðum. Hinsvegar lítur rétturinn svo á, að þrátt fyrir áðurgreind ákvæði vátryggingarskilyrðanna sé framsal á kröfu til vátryggingarfjár fyrir tjón sem þegar er orðið, eigi að síður heimilt, því að slíkt framsal ætti á engan hátt að geta breytt eða aukið áhættu vátryggingarsala, en bannið við framsali réttinda samkvæmt vátryggingarskírteini, er að sjálfsögðu sett til þess að áhætta hans breytist ekki eða aukist án hans vitundar eða samþykkis, svo sem orðið gæti ef aðiljaskipti yrðu að vátryggingu. Verður því framangreind sýknukrafa stefnds ekki tekin til greina.

Í öðru lagi byggir stefndur sýknukröfuna á því, að eigandi bifreiðarinnar, vátryggður, sem sjálfur ók henni er slysið varð, hafi orsakað tjónið með ógætni sinni, auk þess sem bifreiðin hafi ekki verið í því ástandi, sem bifreiðalögin heimta, en eftir vátryggingarskilyrðunum, taki vátryggingin ekki til tjóns, sem verði af þessum ástæðum.

Það verður nú að teljast nægilega upplýst við lögreglurannsókn, er haldin var út af slysinu, *að* eigandi bifreiðarinnar, vátryggður, hafi ekið með 20—25 km. hraða á klukkustund, er slysið varð, *að* svo mikið myrkur var á með regni og þoku, að bifreiðarstjórinn sá ekki til vegarins, *að* bifreiðin var algerlega ljóslaus, enda þótt skylt væri að hafa á henni ljós á þessum tíma, *að* þurkan á framrúðunni var biluð svo að bifreiðarstjórinn átti enn verra með útsýn sökum þess og loks *að* hemlar bifreiðarinnar verkuðu ekki er bifreiðarstjórinn sá hvað verða vildi og ætlaði að stöðva hana með þeim. Rétturinn lítur nú svo á, að vátryggður hafi með því að aka bifreiðinni undir þessum aðstæðum og í því ástandi sem hún var, troðfullri af fólki (í henni voru 8 farþegar fullorðnir og 1 barn, í stað þess að eftir skoðunarvottorðinu mátti aðeins flytja í henni 6 farþega) gert sig sekan í svo verulegri ógætni, að tjónið, sem af slysinu varð, sé undanskilið vátryggingunni eftir 4. gr. b. lið vátryggingaskilyrð-

anna, enda gekkst vátryggður í lögregluréttinum undir refsingu, til þess að losna við málssókn út af framferði sínu, í umrætt skipti. Samkvæmt framansögðu verður þá að fallast á það hjá stefndum, að hann beri ekki ábyrgð á tjóni því, á bifreiðinni, sem af slysinu hlauzt, og ber því að taka sýknukröfu hans til greina, en rétt þykir að láta málskostnað niður falla.

Vegna þess að bæjarþing hefir ekki verið haldið síðan 17. dez. f. á. þar til nú, hefir dómur ekki verið kveðinn fyrr upp í máli þessu.

Miðvikudaginn 15. marz 1933.

Nr. 57/1932. **Lárus Jóhannesson, f. h. Jóns Jónssonar** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Ara Arnalds bæjarfógeta, f. h. þrotabús Stefáns Th. Jónssonar og Haraldi Guðmundssyni, f. h. útibús Útvegsbankans á Seyðisfirði

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Kaupkrafa áfrýjanda eigi tekin til greina, með því hún hafði verið löglega greidd með skuldajöfnuði.

Úrskurður skiptaréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 23. dez. 1931: Umrædda kröfu Jóns Jónssonar, kr. 2333,33, ber ekki að taka til greina við búskipti þessi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi máls þessa, Jón Jónsson í Firði, var í þjónustu Stefáns Th. Jónssonar, kaupmanns á Seyðisfirði, frá því 1906 og til 29. apríl 1930 er bú Stefáns var tekið til gjaldþrotameðferðar. Skyldi áfrýjandi hafa 7000 kr. í kaup fyrir árið 1930. Var það samkomulag milli Stefáns og áfrýjanda, að áfrýjandi tæki út í verzlun Stefáns vörur og pen-

inga smámsaman árlega upp í kaup sitt, en reikningurinn væri svo gerður upp um hver áramót, og mismunur færður til næsta árs. Hinn 29. apríl 1930 skuldaði áfrýjandi verzlun Stefáns Th. Jónssonar samkvæmt bókum hennar nálægt 12100 krónum — viðskiptareikningurinn hefir ekki verið lagður fram í málinu — en frá þeirri upphæð voru dregnar kr. 2333,33, sem er kaup áfrýjanda fyrir mánuðina janúar—apríl 1930. Sú krafa er þrotabúið taldist eftir þessu eiga á hendur áfrýjanda eða nálægt 9900,00 krónur, var síðan seld útibúi Útvegsbankans á Seyðisfirði, og samdi áfrýjandi við það um greiðslu hennar.

Enda þótt áðurnefndar kr. 2333,33, hefðu verið dregnar frá fyrrgreindri verzlunarskuld, lýsti áfrýjandi þeim þó í þrotabú Stefáns Th. Jónssonar og krafðizt greiðslu á þeim sem forgangskröfu. Var þessari kröfu áfrýjanda mótmælt af hálfu hins stefnda útibús, með því að hún væri þegar greidd samkvæmt framansögðu, enda neitaði skiptaréttarinn með úrskurði sínum 23. dez. 1931 að taka kröfuna til greina.

Þessum úrskurði ásamt skiptagerð 7. jan. 1932, hefir áfrýjandi að fengnu uppreistarleyfi, skotið til hæstaréttar með stefnu 4. maí f. á., og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur ásamt téðri skiptagerð og að lagt verði fyrir skiptaráðandann að taka skiptin upp aftur og taka kröfu áfrýjanda til greina, sem forgangskröfu við hin endanlegu skipti. Svo krefst áfrýjandi þess, að hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti. Hinir stefndu hafa krafizt staðfestingar á úrskurðinum og skiptagerðinni og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að þrotabúi Stefáns Th. Jónssonar hafi verið óheimilt að skuldajafna kaupkröfu sinni við áðurnefnda verzlunarskuld 29. apríl 1930, af því, að því er virðist, að ekki hafi átt að gera upp reikning hans við verzlun Stefáns fyrr en um áramótin 1930/1931 en verzlunarskuldin hafi verið seld fyrir þau áramót. Þótt Stefán Th. Jónsson og áfrýjandi hafi aðeins gert upp skipti sín um áramót, þá þurfti þrotabú Stefáns ekki að draga þá reikningsgerð til þess tíma, enda eðlilegast að gera viðskipti þeirra upp, jafnskjótt sem bú Stefáns var tekið til skipta og áfrýjandi hætti starfi sínu í þágu hans. Voru þá og að sjálfsögðu áðurnefndar kröfur hvors á hinn í gjalddaga fallnar. Venja þeirra áfrýjanda og Stefáns um reikningsskil þeirra í millum stóð því þessvegna ekki í vegi, að þrotabú Stefáns gæti þegar, er skipti hófust, látið kaupkröfu áfrýjanda ganga upp í skuld hans við verzlun Stefáns.

Áfrýjandi lítur ennfremur svo á, eftir málflutningi hans fyrir hæstarétti að dæma, að þrotabúið hafi, með því að láta kaupkröfuna ganga upp í verzlunarskuldina svift hann færi á að koma að annari kröfu til skuldajafnaðar, er hann telur sig hafa átt á hendur búinu. Hugsun áfrýjanda virðist vera sú, að búið hafi réttilega selt útibúinu um kr. 9900 af verzlunarskuldinni, en haldið sjálft eftir af henni kr. 2333,33, og að hann hafi áfram átt kaupkröfu sína á hendur því, kr. 2333,33 óskerta. En þar að auki virðist hann telja sig hafa átt kröfu á hendur búinu að upphæð kr. 35000,00, er var svo til komin, að áfrýjandi hafði greitt, meðan á skiptunum stóð þessa upphæð upp í ábyrgðarskuldbindingar, sem hann hafði tekizt á hendur gagnvart Ís-

landsbanka fyrir Stefán Th. Jónsson. Telur áfrýjandi sig geta skuldajafnað þessari upphæð við áðurnefndar eftirstöðvar verzlunarskuldarinnar, kr. 2333,33, en jafnframt krafið kaupkröfuna greidda sem forgangskröfu úr búinu. Málsaðiljar eru sammála um það, að Útvegsbankinn hafi lýst kröfum sínum að fullu, einnig þeim, er áfrýjandi ábyrgðist, í þrotabúið og fengið greiddan hundraðshluta úr því af þeim eins og lög standa til og samkvæmt efnahag búsins. Áfrýjandi getur því ekki líka krafið búið um greiðslu endurgjaldskröfu sinnar á hendur aðalskuldara Stefáni Th. Jónssyni, og getur því ekki heldur greitt með henni kröfu, sem búið á á hendur honum. En af þessu leiðir, að kaupkröfu áfrýjanda gat búið greitt með skuldajöfnuði við verzlunarskuldina, og það gat áfrýjanda engu máli skipt, hvort það var þegar gert með samsvarandi lækkun á verzlunarskuldinni áður en hún var seld, eða hvort hin aðferðin var höfð, að láta kaupkröfuna standa ógreidda, en halda samsvarandi upphæð eftir af verzlunarskuldinni óseldri og greiða síðan kaupkröfuna með þeim hluta verzlunarskuldarinnar.

Áfrýjandi hefir því þegar fengið kaupkröfu sína löglega greidda með skuldajöfnuði, og verður því, samkvæmt kröfu hinna stefndu, að staðfesta hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð að niðurstöðu til, svo og skiptagerðina 7. jan. 1932.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 150 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða skiptaréttarúrskurði og skiptagerð skal óraskað. Áfrýjandi, Lárus Jóhannesson, f. h. Jóns Jónssonar, greiði hinum stefndu, Ara bæjarfógeta Arnalds, f. h. þrotabús Stefáns Th. Jónssonar og Haraldi Guðmundssyni, f. h. útibús Útvegsbankans á Seyðisfirði, málskostnað fyrir hæstarétti með 150 krónum til hvors þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Samkvæmt upplýsingum á skiptafundinum og samkvæmt bókum þrotabúsins, hefir umrædd kaupkröfu-upphæð Jóns Jónssonar, verið tekin til greina, honum til tekna, í viðskiptareikningi hans við þrotabúið, í bókum þrotabúsins, þannig, að skuldarupphæð hans við þrotabúið hefir þarmeð orðið þessari upphæð lægri.

Þar að auki, samkvæmt upplýsingum á skiptafundinum, hafa samningar orðið um skuldina, á milli kaupanda skuldarinnar og Jóns, á þeim sama grundvelli.

Þar sem upphæð þessi hefir þannig verið tekin til greina, Jóni til tekna, virðist ekki geta komið til mála, að hann geti einnig krafizt hennar úr þrotabúinu við skiptin, því það væri að tvíborga sömu upphæðina út úr þrotabúinu.

Föstudaginn 17. marz 1933.

Nr. 48/1932. **Lárus Jóhannesson, f. h. Hinna sameinuðu íslenzku verzlana í Likvidation**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Uppboðshaldaranum á Seyðisfirði Ara Arnalds bæjarfógeta, Haraldi Guðmundssyni, f. h. Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði og Páli Árnasyni útgerðarmanni.
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Uppboðsgerð ómerkt og uppboðsafsal ógilt.

Dómur hæstaréttar.

Með skuldabréfi 30. nóv. 1927 veðsetti stefndi, Páll Árnason, áfrýjanda með 1. veðrétti sjóhús sitt, er nefnist „Hrólfur", og stendur utan við svonefnt Strandberg á Seyðisfirði, ásamt meðfylgjandi lóðarréttindum, til tryggingar skuld, að upphæð kr. 2037,05, ásamt vöxtum og kostnaði af innheimtu, ef til kæmi. Ef staðið yrði í skilum með árlegar, umsamdar afborganir, er vera skyldu kr. 300,00, átti skuldunautur að fá eftir gefnar af skuldinni kr. 537,05. Veðskuldarbréf þetta var þinglesið 3. júlí 1928. Árin 1928 og 1929 voru samtals kr. 500,00, greiddar af skuldinni, en árið 1930 var ekkert greitt. Sakir vanskila þessara voru eftirstöðvar skuldarinnar, kr. 1537,05 fyrirvaralaust fallnar í gjalddaga á miðju ári 1930. Krafðist áfrýjandi því 17. jan. 1931, að veðið yrði selt samkvæmt ákvæðum 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847, eins og heimilað var í veðskuldarbréfinu, á nauðungaruppboði til greiðslu þessarar upphæðar með vöxtum og öllum kostnaði.

Vara krafa þessi tekin til greina og uppboðið auglýst, eins og lög standa til, og ákveðið, að það skyldi haldið 28. marz 1931. Var meðal annars svo tilskilið í uppboðsskilmálunum, að hæstbjóðandi og næstbjóðandi skyldi standa við boð sín 14 daga eftir uppboðið, en vera lausir, ef boð yrði ekki samþykkt innan þess tíma.

Á uppboðinu var alls ekki mætt af hálfu uppboðsbeiðanda, en uppboðshaldari, hinn stefndi bæjarfógeti, lét uppboðið allt að einu fram fara. Hæstbjóðandi varð umboðsmaður útvegsbankans, og nam boð hans kr. 210,00. Fékk bankinn uppboðsafsal um 10 mánuðum síðar, eða 1. febr. 1932, án þess að samþykki uppboðsbeiðanda, sem aðeins gat fengið að mjög litlu leyti kröfu sína greidda af uppboðsandvirðinu, væri fengið.

Uppboði þessu hefir áfrýjandi, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. marz f. á., skotið til hæstaréttar með stefnu 5. apríl f. á., og hefir hann krafizt þess, að uppboðið verði úr gildi fellt og uppboðsafsalið dæmt ógilt, og að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar. Mætt hefir verið í málinu af hálfu allra hinna stefndu, og er það sameiginleg krafa þeirra allra, að ofangreindar aðgerðir uppboðshaldarans verði staðfestar og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað.

Áfrýjandi byggir ógildingarkröfu sína á því, að uppboðshaldarinn hefði alls ekki átt að láta uppboðið fram fara vegna þess, að uppboðsbeiðandi var þar ekki mættur, og að útgáfa afsalsins hafi því einnig verið óheimil. Sú almenna regla löggjafarinnar, að dómsathafnir fari því aðeins fram, að sá mæti við þær, sem um þær biður, verður

einnig talin ná til uppboðs þessa, með því að undantekning frá henni um fasteignauppboð eftir kröfu einstakra manna er ekki að finna. Verður því að taka kröfu áfrýjanda um ógildingu uppboðsins til greina. En þar af leiðir, að útgáfa uppboðsafsalsins án samþykkis áfrýjanda, var óheimil, og verður því einnig að dæma þá athöfn ógilda og ónýta uppboðsafsalið.

Um málskostnaðarkröfuna á hendur uppboðshaldaranum athugast, að hún er í raun réttri krafa um ábyrgð á hendur honum fyrir dómsathafnir hans. Uppboðinu sjálfu er áfrýjað síðar en svo, að slíkri kröfu megi koma fram samkvæmt 33. gr. hæstaréttarlaganna, en áfrýjunarstefnan er útgefin áður en lögmæltur frestur til þess að bera lögmæti útgáfu uppboðsafsalsins undir æðra dóm var liðinn, en sú athöfn hins stefnda uppboðshaldara, með þeim hætti, sem hún fór fram, er í raun réttri aðalástæða áfrýjunar þessa máls. Af þessari ástæðu getur hinn stefndi uppboðshaldari ekki komizt hjá því að verða dæmdur til greiðslu málskostnaðar ásamt hinum meðstefndu. Verður því að dæma hina stefndu in solidum til þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða uppboðsgjörð á að vera ómerk og uppboðsafsalið ógilt. Hinir stefndu, Ari bæjarfógeti Arnalds, Haraldur Guðmundsson f. h. Útvegsbankans á Seyðisfirði og Páll Árnason útgerðarmaður, greiði áfrýjanda, Lárusi

Jóhannessyni, f. h. Hinna sameinuðu íslenzku verzlana í Likvidation, in solidum 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. marz 1933.

Nr. 115/1932. **Karl Kristjánsson**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Magnúsi bæjarfógeta Jónssyni, h. h. þrotabús h.f. Valur (Enginn).

Verkkaup samkv. ráðstöfun byggðri á réttmætum óbeðnum erindisrekstri.

Dómur aukaréttar Hafnarfjarðar 2. ágúst 1932: Hinir stefndu, bifreiðarstjóri, Helgi Guðmundsson, stórkaupmaður, Ólafur Gíslason og skipstjóri, Guðmundur Magnússon, f. h. h/f „Valur" í Hafnarfirði, eiga að vera sýknir af kröfum og kærum stefnanda, Karls Kristjánssonar, í máli þessu, er greiði hinum stefndu, f. h. félagsins, 50 krónur í málskostnað.

Dóminum að því er ídæmdan málskostnað áhrærir, að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi, sem hefir verið löglega stefnt í máli þessu, hefir hvorki mætt né látið mæta fyrir hæstarétti, og er málið því skriflega flutt samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn stjórn h/f Valur, en meðan stóð á rekstri málsins var bú hlutafélagsins tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði hins stefnda skiptaráðanda 22. júní 1932,

en 5. júlí s. á. var málið tekið undir dóm og dómur uppkveðinn 2. ágúst næstan þar eftir af hinum reglulega héraðsdómara. Með því að löggjafinn hefir falið sama embættismanni almenn dómsstörf í héraði og skiptameðferð búa og ekki er ástæða til að ætla, að héraðsdómarinn hafi sem skiptaráðandi haft nokkur þau afskipti af sakarefni þessa máls, áður en hann kvað upp hinn áfrýjaða dóm, er veiti ástæðu til að ætla, að hann hafi ekki getað litið óhlutdrægt á alla málavexti, þykir ekki ástæða til að ómerkja ex officio aðgjörðir hans í málinu eftir að hann tók bú h/f Valur til gjaldþrotaskipta, og krafa um slíka ómerkingu hefir ekki komið fram af hálfu áfrýjanda.

Í nóvember 1930 bað annar endurskoðenda h/f Valur, að því er ætla má, með vitund og vilja hins endurskoðandans, áfrýjanda um að hreinsa ketilinn í línuveiðagufuskipinu Papey, sem þá var eign félagsins, og var verki þessu ásamt kyndingu á katlinum, sem þótti sérstaklega nauðsynleg, lokið 17. s. m. Gerði áfrýjandi félaginu svofelldan reikning fyrir verkið:

Hreinsun á katli, hreinsun á sóti, 4 menn í 209 tíma með 2/50 um tímann	kr. 522.50
Kynding á katli, 3 menn í 60 tíma með 1/80 um tímann	— 108.00
	Samtals kr. 630.50

Hefir vélfræðingur, sem falin var umsjón með verkinu, vottað á reikninginn athugasemdalaust, að það hafi verið framkvæmt. Verður því að telja að verkið hafi verið óaðfinnanlega af hendi leyst, enda hefir engin athugasemd komið fram af hendi

stefnda að því leyti. Einnig verður að telja sannað, að verkið hafi verið nauðsynlegt, með því að áðurnefndur vélfræðingur hefir látið það álit sitt uppi í málinu, að ketillinn hafi legið undir skemmdum, ef hreinsunin hefði ekki verið framkvæmd.

Af stefnda hálfu hefir verið neitað að greiða verkkaupið, af því að sá, sem bað áfrýjanda um að vinna verkið, hafi brostið heimild til þessarar ráðstöfunar, með því að framkvæmdarstjóri félagsins eða stjórnendur hafi aðeins haft slíka heimild. Í þessu sambandi er það upplýst, að einn af þremur stjórnendum félagsins hafi þá verið genginn úr félaginu og hættur öllum afskiptum af högum þess, og að annar stjórnandinn, sem jafnframt var framkvæmdarstjóri þess, hafi þá vegna einkaástæðna sinna verið útilokaður frá því að gæta hagsmuna þess, og loks að þriðji stjórnandinn hafi alls ekki hafizt handa í þessu efni. Af þessum ástæðum verður að telja fyrrnefnda ráðstöfun endurskoðanda félagsins réttmætan óbeðinn erindisrekstur fyrir félagið. Og með því að verkið var óaðfinnanlega unnið, eins og fyrr segir, var því skylt að greiða verkkaupið.

Þá er því loks haldið fram, að reikningsupphæðin sé of há. Sú staðhæfing er þó ekki byggð á því, að kaup fyrir hverja klukkustund, sem til vinnunnar fór, sé sett hærra en venja er til fyrir samskonar verk, né heldur, að rangt sé frá skýrt í reikningnum um mannfjöldann, er að verkinu vann, eða tímann, sem unnið var, heldur á því, að of langur tími hafi til vinnunnar farið með mannafla þeim, er að henni vann. Stefndi hefir þó hvorki með lögmætri matsgerð á verkinu né á annan hátt leitt

sönnur að því, að óþarflega langur tími hafi til verksins farið með þeim mannafla, sem að því vann. Og verður því mótbára stefnda um greiðslu hinnar umstefndu kröfu á þessum grundvelli ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verður að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda hina kröfðu upphæð, kr. 630,50, með 5% ársvöxtum frá 29. sept. 1931 til greiðsludags. Svo þykir og rétt, eftir þessum úrslitum málsins, að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn samtals 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Magnús bæjarfógeti Jónsson, f. h. þrotabús h/f Valur, greiði áfrýjanda, Karli Kristjánssyni, kr. 630,50 með 5% ársvöxtum frá 29. september 1931 til greiðsludags, svo greiði stefndi áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti með samtals 300 kr.

Dóminum ber að fullnægja af eignum þrotabúsins.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn, Karl Kristjánsson, Hafnarfirði, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu útgefinni 9. okt. f. á., höfðað gegn fiskiveiðahlutafélaginu h/f Valur í Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 630,50, fyrir hreinsun á gufukatli á s/s Papey, eign félagsins, og kindingu eða upphitun á katli þessum, en auk skuldarupphæðar þessarar krefst stefnandinn 5% ársvaxta af henni frá 29. sept. f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Fyrir hönd hins stefnda hlutafélags, hefir sem stjórnendum verið stefnt þeim, bifreiðarstjóra, Helga Guðmundssyni, Hafnarfirði, Ólafi Gíslasyni, stórkaupmanni í Reykjavík og skipstjóra Guðmundi Magnússyni, Hafnarfirði.

Með því að enginn hinna stefndu, fyrir félagsins hönd hefir undir rextri málsins kannast við það, að þeir hafi falið stefnanda að framkvæma verk þau, er fyrr um getur, og skuldin er mynduð af, né heldur að þeir, hvorki einn eða allir fyrir hönd félagsins, hafi falið neinum að sjá um framkvæmd þessa, og eigi heldur verður álitið eftir atvikum, að um rerum gestio sé eða hafi verið að ræða, svo að skuldbindandi sé fyrir hið stefnda hlutafélag, ber að sýkna hina stefndu, fyrir félagsins hönd af kröfum og kærum stefnanda í máli þessu, og þykir rétt vera, að stefnandi greiði stefndum 50 krónur í málskostnað.

Mánudaginn 20. marz 1933.

Nr. 78/1932. **Hlutafélagið „Rammi“**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Alf. Jónssyni, Friðleifi Jóhannssyni og Þorsteini Jónssyni (Enginn).

Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í hæstarétti 31. okt. 1931 var mætt í því af hálfu beggja aðilja. Hefir málinu svo verið frestað hvað eftir annað, samkv. ósk aðilja, en þegar málið var tekið fyrir í hæstarétti 27. f. m. mætti enginn af hálfu hinna stefndu og hefir málið því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Í héraði var mál þetta rekið fyrir merkjadómi Siglufjarðarkaupstaðar, og lauk því með dómi

merkjadómsins, uppkveðnum 7. febr. 1931 af bæjarfógeta og tveimur meðdómsmönnum, en með því að dómsgerðirnar bera það eigi með sér, að meðdómsmennirnir hafi unnið eið eða drengskaparheit áður en þeir leystu dómsstarf þetta af hendi, verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir merkjadóminum.

Samkvæmt kröfu áfrýjanda ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir merkjadóminum á að vera ómerk.

Hinir stefndu, Alf. Jónsson, Friðleifur Jóhannsson og Þorsteinn Jónsson, greiði áfrýjanda h/f „Rammi" á Siglufirði 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. marz 1933.

Nr. 49/1932. **Jóhanne Davidsson** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Ferdinand Hansen
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Fjárnám ógilt. Hið fjárnumda séreign konu.

Fjárnámsgjörð fógetaréttar Hafnarfjarðar 1. febr. 1932.

Dómur hæstaréttar.

Árið 1912 gekk áfrýjandi að eiga mann sinn, Ólaf Davíðsson, kaupmann í Hafnarfirði, og höfðu þau hjón fullkomið fjárfélag, þar til er þau

gerðu með sér kaupmála 8 ágúst 1922, er innritaður var til þinglýsingar 24. s. m. Samkvæmt skýrslu málflytjanda áfrýjanda hér fyrir dómi hefir hlutaðeigandi valdsmaður tjáð honum, að kaupmálinn hafi og verið þinglesinn, og hefir ekki verið véfengt, að málflytjandinn skýrði hér rétt frá. Hins vegar hefir kaupmálinn ekki hlotið konunglega staðfestingu. Í kaupmálanum segir meðal annars, að maður áfrýjanda skuli, frá því er kaupmálinn öðlast gildi, taka við öllum eignum félagsbús þeirra hjóna og svara til allra skulda, er á því hvíla, enda skyldu allar þáverandi og síðar til komnar skuldir félagbúsins vera áfrýjanda óviðkomandi. Ennfremur skyldi allt það, er áfrýjandi kynni að eignast eftir sama tíma, vera séreign hennar og skuldum félagsbúsins þeim, er þá hvíldu á því eða síðar yrðu stofnaðar af manni hennar, óviðkomandi.

Með afsalsbréfi 16. sept. 1931, sem og hafði verið þinglesið, varð áfrýjandi eigandi að húseigninni við Krosseyrarveg 7 í Hafnarfirði. Var kaupverðið kr. 7500.00. Var húseign þessi þá óveðbundin, en kaupverðið var greitt með þeim hætti að áfrýjandi fékk kr. 5500.00 að láni gegn 1. veðrétti í eigninni og greiddi lánsupphæðina upp í kaupverðið. Til greiðslu eftirstöðva kaupverðsins útvegaði maður áfrýjanda, sem sjálfur átti þess engan kost að leggja fram fé í því skyni, henni kr. 2000.00 hjá einum vina þeirra hjóna, er lét upphæð þessa í té til þess að tryggja áfrýjanda húsnæði, án þess að taka nokkra tryggingu og með þeim formála, að áfrýjandi endurgreiddi upphæðina, ef og þegar hún gæti.

Með dómi gestaréttar Reykjavíkur 8. júní 1931 var Ólafur Davíðsson dæmdur til þess að greiða stefnda þessa máls víxilskuld, að upphæð kr. 350.00, ásamt þóknun, vöxtum og kostnaði. Var svo þann 1. febr. f. á. samkvæmt kröfu stefnda settur fógetaréttur á heimili áfrýjanda til þess að framkvæma fjárnám til tryggingar dómsskuld þessari, að manni hennar fjarverandi. Gat áfrýjandi ekki bent á neinar eignir, er hann ætti þar, en skýrði frá kaupunum á áður nefndri eign, og að hún væri séreign hennar. Krafðist stefndi þess þá að eignin yrði tekin fjárnámi til tryggingar kröfu sinni, og var það þegar gert, án frekari rannsóknar á málavöxtum, án þess að fógeti leiðbeindi, áfrýjanda samkvæmt 41. gr. aðfararlaganna, enda þótt hann hefði átt að sjá, að leiðbeiningar var þörf, og án þess að kveða upp rökstuddan úrskurð, enda þótt það litla, sem bókað var eftir áfrýjanda, sýndi það, að hún var ósamþykk að eignin yrði tekin fjárnámi.

Fjárnámsgerð þessari hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu 7. apríl f. á., og krafizt ómerkingar á fjárnáminu og málskostnaðar. Stefndi hefir krafizt þess, að fjárnámið verði staðfest, og að honum verði dæmdur málskostnaður.

Úrslit þessa máls velta ekki á gildi kaupmálans gagnvart lánardrottnum manns áfrýjanda. Eftir því sem fram er komið í málinu, lagði áðurnefndur þriðji maður, sem fullkunnugt var um hinar bágu fjárhagsástæður áfrýjanda og manns hennar, áðurnefndar 2000 kr. fram í því einu skyni, að hjálpa áfrýjanda til að eignast hús yfir höfuðið á sér. Honum var það ljóst, að þessa mundi því að-

eins kostur, að hann veitti til þess þessa hjálp sína. Og hann gerði það með það fyrir augum, að upphæðin yrði ef til vill aldrei endurgreidd, og að framlag hans yrði því í raun réttri gjöf til áfrýjanda. Hann ætlaðist til þess að áfrýjandi nyti húseignarinnar, án þess að lánardrottnar manns hennar, gætu gengið að henni, enda gat hann ekki að öðrum kosti haft nokkra ástæðu til þess að veita þessa hjálp. Af þessum ástæðum var oftnefnd eign, jafnskjótt sem kaupin á henni gerðust, séreign áfrýjanda, samkvæmt 18. gr. laga nr. 3/1900, sbr. nú 2. tölulið 23. gr. laga nr. 20/1923. Ber því að ómerkja hið áfrýjaða fjárnám og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 200 krónur, er verði séreign hennar, í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld. Stefndi, Ferdinand Hansen, greiði áfrýjanda, Johanne Daviðsson, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. marz 1933.

Nr. 176/1932. **Réttvísin og valdstjórnin** (Pétur Magnússon) gegn **Gísla J. Johnsen og** (Jón Ásbjörnsson) **Réttvísin** (Pétur Magnússon) gegn **Niels Manscher** (Lárus Fjeldsted).

Greiðsla til skuldheimtumanns er gjaldþrot skyldi fyrirsjáanlegt. Brot g. 263. gr. hegnl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1. ág. 1932: Ákærður, Gísli Jóhannsson Johnsen, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Ákærður, Niels Manscher, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga.

Fullnustu ídæmdrar fangelsisrefsingar skal, að því er ákærðan, Niels Manscher, snertir, frestað og hún falla niður nema ákærður, innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Ákærður, Gísli J. Johnsen, greiði sjálfur skipuðum talsmanni sínum, Jóni Ásbjörnssyni, hrm., 60 krónur í málskostnaðarlaun.

Ákærður, Niels Manscher, greiði sjálfur skipuðum talsmanni sínum, Lárusi Fjeldsted, hrm., 40 krónur í málsvarnarlaun.

Allan annan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu, Gísli Johnsen og Niels Manscher, að $^1/_{10}$, hluta báðir fyrir annan og annar fyrir báða. Eftirstöðvarnar, $^9/_{10}$ hluta, greiði ákærður, Gísli Johnsen, einn.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Um veðsetninguna á veðdeildarbréfi Dómhildar Jónsdóttur athugast, að ákærði byggði jafnan í

rannsókn málsins heimild sína til þessarar athafnar á því, að verðmæti það, sem í bréfinu falst, hafi ekki verið ofmikil þóknun til hans fyrir unnin störf í þágu eiganda bréfsins. Enda þótt samþykki eiganda bréfsins til þess, að ákærði yrði eigandi að bréfinu eða til veðsetningar þess, væri ekki fengið, þykir þó varhugavert, vegna þessarar skýrslu ákærða, að staðhæfa það, að ákærði hafi veðsett bréfið með þeim ásetningi að auðga sig ólöglega á kostnað eiganda bréfsins. Þykir því verða að sýkna ákærða af ákæru réttvísinnar út af þessu atriði, eins og héraðsdómarinn hefir gert.

Sömuleiðis verður að fallast á það, að héraðsdómarinn hefir sýknað ákærða, Gísla J. Johnsen, af ákærum réttvísinnar út af skuldastofnun hans við h/f Shell á Íslandi á árinu 1930, út af eyðslu hans í eigin þarfir á fé sama félags, út af því að hann færði fasteignir sínar með hækkuðu verði á efnahagsreikningum sínum 1925 og 1928, svo og að hann er sýknaður af kæru valdstjórnarinnar út af brotum á tolllögum.

Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar til þess að kveða upp áfellisdóm yfir ákærða, Gísla J. Johnsen, um færslur í bókum hans á útistandandi skuldum hans eða veiðarfæra-liðnum, sem í hinum áfrýjaða dómi geinir. Rannsókn um þessi atriði er ábótavant, en með því að mjög virðist tvísýnt, að endurnýjuð rannsókn um þau muni nú eftir svo langan tíma, koma að haldi, þyki ekki gerlegt að fyrirskipa framhaldsrannsókn á þessum atriðum.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, var séreign konu ákærða, Gísla J. Johnsens, húseignin Túngata 18 í Reykjavík, færð á efnahagsreikninga hans árin 1927, 1928 og 1929.

Að því leyti, sem efnahagsreikningar þessir voru látnir fylgja skattframtali ákærða, er ekkert við færslurnar að athuga. Þar á móti var það rangt í öðrum samböndum að færa séreignina athugasemdalaust meðal eigna ákærða. Það er upplýst í málinu, að engir aðrir af lánardrottnum ákærða en Íslandsbanki, sem vissi að téð fasteign var séreign konu hans, hafa séð efnahagsreikninga þessa, og að ekki var tilgangurinn að sýna þá öðrum. Það verður því ekki staðhæft að færsla þessi hafi verið gerð í því skyni að blekkja menn. Verður því ekki álitið að ákærði hafi „fært óráðvandlega til" í bækur sínar með þessu, og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir grot gegn 1. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Þá er loks greiðsla ákærða, Gísla J. Johnsen, í októbermánuði 1930 til firmans H. Benediktsson & Co. Fjárhagsástæður hans voru þá orðnar mjög bágar. Hann virðist hafa skuldað Útvegsbankanum yfir 2300000 krónur, enda vaxtabyrði ákærða talin samkvæmt rekstrarreikningi hans 31. okt. 1929, nema, aðallega af skuldunum við þenna banka yfir 130000 krónur fyrir fyrstu 10 mánuði ársins 1929. Auk skulda sinna við Útvegsbankann virðist ákærði hafa skuldað öðrum yfir 500000 krónur, skuldir, sem að miklu leyti virðast hafa verið fallnar í gjalddaga. En skuldir alls hafa verið milli 2800000 og 2900000 krónur. Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir tímabilið 1. jan.—31. okt. 1929 hafa orðið um 260000 króna tap á atvinnurekstri ákærða þenna tíma, og árið 1930 var mjög erfitt öllum útgerðarmönnum hér á landi og eigi síst þeim, er útgerð ráku í Vestmannaeyjum, eins og ákærði gerði aðallega. Versnaði hagur ákærða því stórkostlega

þessi tvö nefndu ár. Að vísu voru skifti ákærða við Útvegsbankann árið 1930 allt fram í byrjun nóvember mánaðar það ár þannig vaxin, að ákærði mátti af þeim með allmiklum rétti álykta, að bankinn óskaði ekki fyrir sitt leyti að gera ákærða gjaldþrota, en ákærði gat hvorki vænst þess, að allir aðrir lánardrottnar hans mundu veita honum greiðslufrest, né að Útvegsbankinn vildi auka við skuldir ákærða því, sem þurft hefði til þess að greiða hinum lánardrottnum hans, svo að þeir hefðu ekki að honum gengið. Verður af þessum ástæðum að ætla, að ákærði hafi í októbermánuði 1930, er hann greiddi hina umræddu skuld, hlotið að sjá fyrir yfirvofandi gjaldþrot. Þess vegna verður að álíta eins og héraðsdómarinn hefir gert, að ákærði hafi með áðurnefndri athöfn gerzt brotlegur við 263. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin hæfilega ákveðin 30 daga einfalt fangelsi. En með hliðsjón af því, að verðmæti þau, er ákærði lét af hendi, eru fremur lítil í samanburði við eignir og skuldir hans í heild, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingarinnar verði frestað samkvæmt lögum nr. 39/1907, og að hún skuli niður falla að fimm árum liðnum, ef skilyrði téðra laga verða haldin.

Héraðsdómarinn hefir réttilega sýknað meðákærða Niels Manscher af refsingu fyrir starfsemi hans í þágu ákærða, Gísla J. Johnsen, að öðru leyti en því, er færslu húseignarinnar Túngötu 18 á efnahagsreikninga ákærða, Gísla, varðar. En af ástæðum þeim, sem áður segir, og nægja þykja til sýknu ákærða, Gísla J. Johnsen, af þessu ákæruatriði, verður og að sýkna ákærða, Niels Manscher, af því.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum verð-

ur, að dæma ákærða, Gísla J. Johnsen, til að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin þóknun til skipaðs verjanda hans þar, að undantekinni hinni ákveðnu þóknun til skipaðs verjanda ákærða, Niels Manscher, er greiða skal úr ríkissjóði. Svo ber og að dæma ákærða, Gísla J. Johnsen, til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti og verjanda hans, 300 kr. til hvors. Þó skal úr ríkissjóði greiða málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða, Manschers, fyrir hæstarétti, og eru þau ákveðin 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli J. Johnsen, sæti 30 daga einföldu fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar samkvæmt lögum nr. 39/1907 og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð téðra laga verða haldin.

Ákærði, Niels Manscher, á að vera sýkn af ákærum réttvísinnar í máli þessu.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða, Niels Manscher, í héraði og málflutningslaun skipaðs verjanda hans fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmanns, Lárusar Fjeldsted, 150 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiði, ákærði, Gísli J. Johnsen, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins og verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna

Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 300 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Gísla Jóhannssyni Johnsen, kaupmanni og útgerðarmanni, Túngötu 18, hér í bænum fyrir brot gegn ákvæðum 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og ákvæðum tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911, laga um verðtoll nr. 47, 15. júní 1926 og laga um vörutoll nr. 54, 15. júní 1926, svo og af réttvísinnar hálfu gegn Niels Manscher, endurskoðanda, hér í bæ, fyrir brot á nefndum kapítula hegningarlaganna.

Tildrög máls þessa eru þau, að ákærður, Gísli J. Johnsen, sem rekið hafði víðtæka verzlunar- og útgerðarstarfsemi, framseldi í nóvembermánuði 1930 bú sitt til gjaldþrotaskipta. Eftir að fram hafði farið lögboðin rannsókn út af gjaldþrotunum fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið, með bréfi, dags. 21. janúar s. l., að málssókn skyldi höfðuð gegn gjaldþrota út af eftirtöldum ákæruatriðum:

1. að hann veðsetti veðskuldabréf (á að vera veðdeildarbréf), að nafnverði kr. 1000.00, er tilheyrði arfahluta Dómhildar Jónsdóttur, er inni stóð hjá honum, fyrir sínum skuldum í banka.

2. Að hann í október 1930 afhenti H. Benediktsson & Co. tvö skuldabréf, annað að upphæð kr. 4608,57 og hitt að upphæð kr. 12739.35.

3. Að hann eyddi kr. 47045,10 af fé því og vörum, er hann sem umboðsmaður h/f Shell hafði undir hendi, þannig að refsivist kann að vera eftir 262. gr. hinna almennu hegningarlaga.

4. Að hann færði húseignina nr. 18 við Túngötu í Reykjavík, sem með kaupmála, dags. 25. júlí 1927, var gerð að séreign konu hans, frú Ásdísar Johnsen, á efnahagsreikningum sínum.

5. Að hann árin næst á undan gjaldþrotinu bókfærði fasteignir sínar með mun hærra verði, en hann hafði áður gert.

6. Að hann, sem afgreiðslumaður við skipaafgreiðslu lét setja vörur í verzlun sína, er hann greiddi ekki jafnframt toll af.

Ennfremur fyrirskipaði ráðuneytið, að dómur yrði látinn ganga um það, hvort meðákærður, Niels Manscher, sem að nokkru leyti hafði haft bókhald ákærða, Johnsens, með höndum, hafi gerzt brotlegur gegn ákvæðum 26. kap. hegningarlaganna.

Skal nú hér á eftir gerð grein fyrir því, sem komið hefir í ljós við rannsóknina og sannazt, viðvíkjandi ofangreindum ákæruatriðum.

I. Gísli J. Johnsen.

1. Til þess að öðlast skilning á aðdraganda og orsökum gjaldþrotanna er nauðsynlegt að gera grein fyrir efnahag ákærðs um allmörg ár á undan gjaldþrotaskiptunum. Til grundvallar verða lagðir efnahagsreikningar hans eftir 1921, sem fyrir liggja í málinu, en að áreiðanleika þeirra verður síðar vikið. Við samningu reikninganna var meðákærður, Manscher, ákærðum til aðstoðar.

Samkvæmt hinum nefndu efnahagsreikningum var efnahagur ákærðs árið 1922 og síðar, sem hér segir:

31. dez. 1922:	Eignir	kr.	1087828,56
	Skuldir	—	492806,86
	Netto eign ..	kr.	595021,70
31. dez. 1923:	Eignir	kr.	1053893,96
	Skuldir	—	490516,24
	Netto eign ..	kr.	563377,72
31. dez. 1924:	Eignir	kr.	1075143,85
	Skuldir	—	472842,99
	Netto eign ..	kr.	602300,86
31. dez. 1925:	Eignir	kr.	1737576,40
	Skuldir	—	1269746,85
	Netto eign ..	kr.	467829,55

31. dez. 1926:	Eignir	kr.	2364985,70
	Skuldir	—	1953736,16
	Netto eign ..	kr.	411349,54
31. dez. 1927:	Eignir	kr.	2064648,92
	Skuldir	—	1827911,71
	Netto eign ..	kr.	236737,21
31. dez. 1928:	Eignir	kr.	2255552,35
	Skuldir	—	2037755,67
	Netto eign ..	kr.	217796,68
31. okt. 1929:	Skuldir	kr.	2490019,65
	Eignir	—	2419143,92
	Netto skuld ..	kr.	70875,73

Nýrri efnahagsreikningar voru ekki gerðir.

Samkvæmt efnahagsreikningunum hafa brutto skuldir þannig aukizt á þessum árum um sem næst 2 milljónir króna. Skuldaaukningarnar eru mestar á árunum 1925 og 1926. Stafar hækkunin 1925 að miklu leyti af tapi h/f Geir, togarafélagi í Reykjavík. Aðalskuldir ákærða eru eftir 1924 víxilskuldir við Íslandsbanka. Á efnahagsreikningnum 31. október 1929 eru þær taldar kr. 2007741,93. Þá eru veðskuldir kr. 44250,13 og skuldir við aðra skuldheimtumenn kr. 419860,92.

Samtímis skuldaaukningunni eykst og bókfært verð brutto eigna ákærðs. Nemur hækkunin á ofangreindu tímabili (31. dez. 1922 til 31. okt. 1929) um 1400000,00. Mest er hækkunin á árunum 1925 og 1926. Fyrra árið stafar hækkunin aðallega af aukning vörubirgða (220 þús.), útistandandi skulda (200 þús.), verðbréf (78 þús.) og hækkun á bókfærðu verði fasteigna um kr. 120666,85. Síðara árið (1926) stafar hækkunin einkum af auknum vörubirgðum (um 200 þús.), nýjum eignalið „veiðarfæri í mótorbátum“ (um kr. 88 þús.) og aukningu útistandandi skulda (yfir 200 þús. kr.).

Á árinu 1927 rýrna brutto eignir ákærðs af tveimur orsökum þótt eigi komi það fram á efnahagsreikningi þess árs. Á því ári gerir hann kaupmála við eiginkonu sína, frú Ásdísi Johnsen. Er kaupmálinn dags. 25. júlí 1927 og

skrásettur 5. sept. s. á. Með kaupmálanum er húseignin Túngata 18 gerð að séreign konunnar, ásamt innbúi. Á efnahagsreikningi 31. dez. 1926 er Túngata 18 uppfærð á kr. 139887,47 og á fyrri efnahagsreikningum hafði innbúið verið fært á kr. 30000,00, en það var fært út aftur á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1925. Á árinu 1927 tók eiginkona hinsvegar að sér að greiða kr. 60000,00 af skuldum ákærðs og tryggði þá upphæð með veði í séreign sinni, Túngötu 18. Nemur því eignalækkunin, sem fram ætti að koma á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927, af þessum ástæðum, kr. 79887,47. Í öðru lagi gaf og afsalaði ákærður á þessu ári Vestmannaeyjum spítalabyggingu þar, (sbr. rjskj. nr. 21). Hafði hún ekki verið færð á efnahagsreikningi sem fasteign heldur sem viðskiptamaður og fólgin í eignaliðum „Útistandandi skuldir." Nam „spítalaskuldin" 31. dez. 1927 kr. 64433,71 og er innifalin með þeirri upphæð í liðnum „útistandandi skuldir". Lækkun sú, um 300 þús. kr., sem fram kemur á brutto eignum á efnahagsreikningi 31. dez. 1927 stafar hinsvegar aðallega af minni vörubirgðum (lækkun um 440 þús. kr. á þeim lið. Aftur á móti hækkar eignaliðurinn „veiðarfæri í mótorbátum" um kr. 47853,51).

Eignahækkunin árið 1928, um 190 þús. kr., stafar einkum af því, að á því ári eykur ákærður bátastól sinn um 3 nýja vélbáta og nemur sú hækkun kr. 124676,90. Ennfremur bætist við ný eign, Roaldseignin á Siglufirði, bókfærð á kr. 90412,79. Loks eru fasteignir í Vestmannaeyjum færðar upp um kr. 65568,46 og afskriftir fyrri ára á þeim og Túngötu 18, sem enn er færð á efnahagsreikningi, færðar til baka, samtals kr. 23301,72. Á þessu ári lækkar hinsvegar eignaliðurinn „Útistandandi skuldir" um rúmlega 100 þúsund krónur, enda var spítalaskuldin afskrifuð á því ári.

Á árinu 1929 bætist við ný eign, frystivélahús á Siglufirði, fært á kr. 45000,00. Á efnahagsreikningi pr. 31. okt. þ. á. eru og fisk- og síldarbrigðir um 185 þús. kr. hærri en um áramótin á undan. Að öðru leyti eru eignir að mestu leyti hinar sömu og um áramótin.

2. Þrátt fyrir það, að bókfært verð á eignum ákærðs hækkar á árunum 1925 og 1926 um það, sem fyrr er skýrt frá, er það sýnt, að á þeim árum hefir fjárhagur hans far-

ið stórum versnandi og að á þeim tíma myndast aðallega skuldir þær, er hann síðar fékk ekki undir risið. Á árinu 1927 eru orðin mjög áberandi vanskil af hálfu ákærðs á greiðslu rekstrarlána og vaxta af fyrra árs skuldum. Er það einkum ljóst af bréfi útbússtjóra Íslandsbanka í Vestmannaeyjum til aðalbankans, dags. 15. október þess árs, rskj. nr. 33, en til þess tíma virðist ákærður hafa skipt jöfnum höndum við útbúið og aðalbankann. Gerir útbússtjórinn þær tillögur, að bankinn annaðhvort hætti frekari lánveitingum til atvinnureksturs ákærðs eða setji hann ella undir administration. Nokkru síðar voru skuldir ákærðs við útbúið fluttar til aðalbankans. Var þá jafnframt gerður samningur milli ákærðs og aðalbankans um skuldirnar og tryggingar fyrir þeim og greiðsluskilmála. Samningurinn er dags. 23. dez. 1927. Nema víxilskuldirnar þá samtals kr. 1521357,76. Meginhluti víxlanna skyldu verða föst lán, er greiðast áttu með jöfnum afborgunum á 8—12 árum.

Á árinu 1928 fara fram afborganir af víxlum ákærðs í Íslandsbanka í samræmi við samninginn, enda lækka víxilskuldirnar á því ári um ca. 90 þús. kr. Hinsvegar aukast skuldir ákærðs við aðra skuldheimtumenn um kr. 287700,19, upp í kr. 533396,41. En alls hækka skuldir hans á árinu um kr. 209843,96.

Á árinu 1929 verður auðsjáanlega stórfellt tap á atvinnurekstri ákærðs. Á efnahagsreikningi pr. 31. okt. 1929 hafa skuldir hans við Íslandsbanka og „ýmsa skuldheimtumenn" aukizt frá næstu áramótum á undan um kr. 452263,98, en fisk- og síldarbirgðir eru hinsvegar kr. 185404,92 meiri en um áramótin. Af rjskj. nr. 38 og 39, afritum af víxlakonto og víxlavaxtakonto ákærðs við Íslandsbanka, má sjá, að víxilskuldir og víxilvaxtaskuldir ákærðs nema um áramótin 1929—1930 kr. 1779953,61 eða kr. 343234,77 meiru en við næstu áramót á undan.

Þegar hér er komið, er það nú sýnilegt, að ákærður fékk ekki staðið við samninginn frá 23. dez. 1927. Hinn 4. nóv. 1929 ritar hann Íslandsbanka bréf, þar sem hann fer þess á leit, að bankinn samþykkti sölu á fiskimjölsverksmiðju sinni í Vestmannaeyjum til h/f Lýsi og Mjöl, sem tengdasonur ákærðs og börn voru þá að stofna, ásamt verzlunarfultlrúa hans og meðákærðum, Manscher. Kaupverðið,

kr. 223000,00, átti að greiðast þannig, að félagið tæki að sér jafnháa upphæð af áhvílandi veðskuldum ákærðs. Ennfremur fer ákærður fram á það, að annað hlutafélag h/f Investment, kaupi hlutabréf hans, og fasteignir að einhverju leyti, fyrir kr. 257000,00, er greiðast á sama hátt. Eftirstöðvar skulda ákærðs við bankann, kr. 1150000,00, hvíli áfram á atvinnurekstri hans en að bankanum beri því aðeins vextir af upphæð þessari, að fyrirtæki hans gefi hag. Ef hagnaður hvers árs hrekkur ekki til greiðslu vaxtanna, falli þeir niður. Lýsir ákærður því yfir, að komist þessi ráðstöfun til framkvæmda skuli hann reka fyrirtæki sitt í fullu samráði við meðákærðan, Manscher, sem verði trúnaðarmaður bankans gagnvart ákærðum.

Salan á verksmiðjunni til h/f Lýsi og Mjöl var samþykkt af bankanum, með þeim kjörum, að vaxtagreiðsla til bankans af skuld þeirri, er félagið tæki að sér, þ. e. kaupverðinu, skyldi ákveðast eftir útkomu á þriggja ára tímabili og falla niður sem tap bankans ef hagnaður félagsins á tímabilinu nægði ekki til greiðslu þeirra. Hið skráða kaupverð, kr. 223000,00 er því alls ekki raunverulegt, þar eð bankinn framvegis átti einn að bera alla áhættu af möguleika félagsins til vaxtagreiðslu.

Salan til h/f Investment fór hinsvegar ekki fram og ekki sést, að bankinn hafi samþykkt önnur tilmæli ókærðs í bréfinu frá 4. nóv. 1929. Þó er um áramót 1929—1930 tekið að færa vexti þá, sem fyrir safnast af víxlum ákærða á sérstaka konto, sem nefnd er 8% vaxtakonto G. J. Johnsen, og er það að vísu í samræmi við tilmæli ákærðs í bréfinu.

Þannig stóðu þá sakir þegar Íslandsbanka var lokað 2. febrúar 1930. Ákærði hélt atvinnurekstri sínum áfram og gerði út báta sína á vetrarvertíðinni, án þess að stofna til nýrra rekstrarlána, enda var kaup verkafólks og sjómanna fyrst greitt í vertíðarlok, en sjálfur var ákærði umboðsmaður fyrir olíusölu h/f Shell í Vestmannaeyjum og stofnaði til skuldar við það félag á árinu, að mestu fyrir úttekna olíu, kr. 47045,10. Eftir að Útvegsbankinn tók til starfa fékk ákærði nýtt víxillán 1. maí 1930, kr. 258000,00, og sendi bankinn þá jafnframt einn starfsmann sinn til Vestmannaeyja til þess að sjá um að láninu yrði aðallega varið til greiðslu vinnukrafna og sjóveðsskulda,

er forgangs nytu. Um sumarið fékk ákærður áframhaldandi rekstrarlán hjá bankanum eftir þörfum og ennfremur fé til þurkhúsbyggingar. Var það hús nærri fullgert, er hann framseldi bú sitt til gjaldþrotaskipta.

Þess skal getið hér að kröfur, er lýst hefir verið í þrotabúið, nema samtals (I A og B og II A) .. kr. 2765598,55
en söluverð eignanna varð ..... — 1111033,25

og verða þá skuldir umfram eignir ..... kr. 1654565,30

Þessa niðurstöðu má þó vitanlega ekki leggja til grundvallar fyrir því, með hvaða verði rétt hefði verið að færa á efnahagsreikningi eignir þær, sem til skipta komu, þar eð nauðungarsala verður að jafnaði óhaganlegri en frjáls sala, ekki síst í slæmu árferði. Þær af eignunum, sem ætla má, að ekki hefðu selzt öllu hærra verði í frjálsri sölu eru:

1. Atvinnustöðin í Vestmannaeyjum, útlögð veðhafa, Útvegsbanka Íslands samkvæmt tilboði ..... kr. 309625,00
2. Verðbréf (hlutabréf) ..... — 228025,00
3. Fiskur og síld, selt með markaðsverði — 143496,64

Hinsvegar varð útlagningarverð bátanna með veiðarfærum aðeins kr. 161700,00 og er það kr. 228855,79 undir verði því, sem þeir eignarliðir eru færðir með á efnahagsreikningi pr. 31. október 1929. Ennfremur seldust húseignir á Siglufirði og íbúðarhús í Vestmannaeyjum undir fasteignamati. Þá seldust og útistandandi skuldir fyrir aðeins kr. 19200,00.

3. Hér að framan hefir verið lýst í aðaldráttum hvernig efnahag ákærðs hefir verið varið um nokkur ár áður en gjaldþrotaskiptin hófust. Bókfærsla ákærðs hefir verið lögð til grundvallar, en eins og fyrr er getið, og nánar verður vikið að síðar, er hún ekki að öllu leyti ábyggileg um þetta efni. Eftir upplýsingum þeim, er fyrir liggja, er erfitt að ákveða með vissu hvenær efnahag ákærðs er svo komið, að hann á ekki lengur fyrir skuldum. Virðist það og ekki skipta miklu máli í því sambandi, sem hér um ræðir, því í jafn stórfelldum og áhættusömum atvinnurekstri og ákærðs, þarf alls ekki að fara saman insolvens og fyrirsjáanlegt gjaldþrot. Hér þarf aðeins að skera úr því, hvort ákærður hafi, á þeim tíma, sem um ræðir í 2.

og 3. ákæruatriðinu hér að framan, séð eða hlotið að sjá að gjaldþrotið vofði yfir.

Af því, sem skýrt hefir verið frá hér að framan, um efnahag ákærðs, virðist mega ráða, að skuldir þær, er á atvinnurekstri hans hvíldu, hafi verið orðnar honum ofviða ekki síðar en 1927. Má draga þá ályktun af því sem síðar kom fram, þótt ekki sé með því sagt að gjaldþrot hafi verið fyrirsjáanlegt á þeim tíma. Á árinu 1927 gerir ákærður tiltölulega hagfelldan samning við aðallánardrottinn sinn, Íslandsbanka, um greiðslu skulda sinna við hann, en þrátt fyrir eftirfarandi góðæri aukast skuldirnar, og á árinu 1929 er fyrirsáanlegt að ekki getur orðið um vaxtagreiðslur að ræða, enda fer ákærður þá fram á það við bankann, að vaxtagreiðslur megi niður falla í framtíðinni sem tap bankans, ef atvinnurekstur hans gefi ekki nægan hagnað til greiðslu vaxtanna. Möguleiki ákærðs til áframhaldandi atvinnureksturs er eftir þetta bundinn við það, að bankinn styrki hann áfram með nýjum rekstrarlánum en veiti greiðslufrest á eldri lánunum og vöxtum af þeim. Þegar svo Íslandsbanka var lokað í febrúar 1930 hlaut ákærða að vera það ljóst, að yrði bankinn gerður upp, gæti ekki hjá því farið, að sama gengi yfir atvinnurekstur hans, þar sem útilokað var að hann gæti, eins og þá var komið, fengið stuðning annara lánsstofnana, sem fullnægjandi væri. Ákærða bar því skylda til á þessum tíma að haga gjörðum sínum með yfirvofandi gjaldþrot fyrir augum. Hinsvegar fær rétturinn ekki séð, að honum verði láð það, að hann stöðvaði ekki þá samstundis atvinnurekstur sinn, því ekki er annað upplýst en að á þeim tíma hafi mátt gera ráð fyrir, að hagnaður af útgerð bátanna á þeirri vertíð, er þá þegar var byrjuð, myndi verða meiri en tilkostnaðurinn, enda fyrirsjáanlegt að mikil verðmæti myndu fara í súginn við stöðvun bátanna á þeim tíma. Skuldarstofnunin við h/f Shell verður því ekki talin refsiverð eftir 262. gr. hegningarlaganna, en hvort hún hefir verið refsiverð gagnvart félaginu skiptir ekki máli hér, þar sem það hefir enga refsikröfu gert.

Bankastjórar Útvegsbankans, þeir Jón Ólafsson og Jón Baldvinsson, hafa borið það, sem vitni í málinu, að þeim hafi verið ljóst, þegar er þeir tóku við stjórn bankans, að bankinn myndi bíða mikið tap af ákærðum, en að lán-

veitingar til hans á árinu 1930 hafi verið við það miðaðar, að ekki yrði gengið að honum á þeim tíma, sem óhentugt væri fyrir bankann sem skuldheimtumann, að eignunum yrði realiserað. Um fjárveitinguna til þurkhúsbyggingarinnar báru bankastjórarnir það, að sökum óþurka haustið 1930 hafi verið knýjandi nauðsyn á að reisa hús þetta, ella hefði fiskurinn, sem bankinn átti veð í, orðið meira eða minna ónýtur. Kváðu þeir bankastjórnina ekki hafa gefið ákærðum neina ástæðu til þess að ætla að hún myndi styrkja hann til áframhaldandi reksturs á nýju framleiðslutímabili.

Á sumrinu og um haustið 1930 var orðið fyrirsjáanlegt, að enn myndi verða á því ári stórfellt tap á atvinnurekstrinum. Hlaut ákærðum þá að vera ljóst að gjaldþrot væru óhjákvæmileg nema Útvegsbankinn veitti honum áframhaldandi stórlán, m. a. til greiðslu skulda hans við aðra skuldheimtumenn, en fyrir því hafði hann enga tryggingu. Í októbermánuði 1930 afhenti ákærður firmanu H. Benediktsson & Co í Reykjavík tvö skuldabréf, sem greiðslu upp í skuld hans við firmað, er þá nam samkvæmt höfuðbók hans kr. 18147,92. Var annað skuldabréfið (Valdimars Bjarnasonar) að upphæð kr. 4608,57, en hitt (Magnúsar Jónssonar) að upphæð kr. 12739,35. Síðarnefnda bréfið var tryggt með veði í fasteign en hið fyrrnefnda óveðtryggt. Eins og högum ákærðs var háttað á þeim tíma, er afhendingin fór fram, verður að telja, að hann með greiðslu þessari hafi bakað sér refsiábyrgð samkvæmt 263. gr. hegningarlaganna.

4. Eins og fyrr er getið var húseignin Túngata 18 gerð að séreign eiginkonu ákærðs með kaupmála, dags. 25. júlí 1927, og skrásettum 5. sept. s. á. Við gjaldþrotaskiptin taldi ákærður húseignina ekki fram með eignum sínum. Þrátt fyrir kaupmálann færði hann húseignina áfram á efnahagsreikningum sínum pr. 31. dez. 1927, 31. dez. 1928 og 31. okt. 1929 athugasemdalaust sem sína eign. Að vísu er veðskuld á húseigninni kr. 60000,00 talin á efnahagsreikningunum með skuldum ákærðs þessi ár, en þar sem húseignin er færð pr. 31. dez. 1927 eignamegin með kr. 139887,47 eru eignirnar oftaldar, af þessari ástæðu, það ár um kr. 79887,47. Og af sömu ástæðu eru eignirnar of taldar árin 1928 og 1929 um kr. 82887,47 hvort árið.

Á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927 eru „útistandandi skuldir“ ákærðs taldar eignamegin kr. 570065,89. Samkvæmt skýrslu endurskoðenda rjskj. nr. 28, nema þær hinsvegar á þessum tíma kr. 451036.14. Stafar skekkjan á efnahagsreikningunum aðallega af því, að ákærður telur „Spítalaskuldina“ kr. 64443,71 með eignunum, en eins og fyrr er getið hafði hann afsalað Vestmannaeyjabæ spítalanum fyrir áramót og átti því að afskrifa skuldina samtímis. Að öðru leyti stafar skekkjan af því, að ákærður hefir fært í bókum sínum ýmsar greinar rekstrar síns sem viðskiptamenn og talið nokkuð af skuldum þessara greina með útistandandi skuldum sínum.

Árið 1928 er „spítalaskuldin“ afskrifuð á höfuðstólsreikningi. (Aðalbók B. bls. 75), þá að upphæð kr. 60831,03 (kr. 67831,03 ÷ „verðbréfi Steind. Sæm.“ kr. 7000,00). Samtímis er bókfært verð fasteigna í Vestmannaeyjum hækkað um kr. 65568,46 og ennfremur eru færðar til baka afskriftir á þeim, sem gerðar höfðu verið á árunum 1923—1925 kr. 21112,60, og afskriftir á Túngötu 18 kr. 2189,12. Samtals nemur hækkunin kr. 88870,18. Á efnahagsreikningnum pr. 31. dez. 1928 er skráð skuldamegin: „Breytingar á bókfærðu verði fasteigna kr. 28039,15“. Reikningurinn gefur því ástæðu til að ætla, að kr. 60831,03 hafi verið varið til eignaaukningar á árinu, en svo er ekki, heldur eru eignirnar hækkaðar í verði um þessa upphæð, án þess að nokkru sé til þeirra varið, og upphæðin síðan notuð til að afskrifa tap, sem kemur fram við það, að önnur eign, sem talin hefir verið í útistandandi skuldum, er látin af hendi án endurgjalds.

Því verur nú ekki neitað, að hinar miklu hækkanir, sem gerðar eru á ýmsum eignaliðum 1925 og síðar og þó einkum misfellur þær, sem að ofan eru nefndar, gefa grun um það, að ákærði hafi haft tilhneigingu til að hækka eignarliðina eftir því sem skuldirnar ukust, í því skyni að fegra efnahaginn. Að því er snertir hækkanir þær, er gerðar voru á bókfærðu verði fasteigna, sbr. 5. ákæruatriðið hér að framan, verður þó ekki talið upplýst, að þar sé um refsiverðar færzlur að ræða. Aftur á móti verður að telja færsluna á Túngötu 18 á efnahagsreikningum 1927—1929 óráðvandlega bókfærzlu, sem refsiverð sé samkvæmt fyrri málsgrein 264. gr. hegningarlaganna.

5. Skal þá 1. ákæruatriðið athugað, þ. e. veðsetningin á veðdeildarbréfi Dómhildar Jónsdóttur.

Hinn 5. október 1917 var í skiptarétti Vestmannaeyja skipt dánarbúi Jóns hreppstjóra Jónssonar frá Brautarholti milli eftirlifandi ekkju hans og tveggja barna þeirra og var annað þeirra nefnd Dómhildur, sem þá og síðan hefir átt heimili í Ameríku. Í erfðahlut Dómhildar féllu kr. 3869,88, er greiddar voru í peningum. Ákærður veitti arfinum móttöku fyrir hönd Dómhildar, þótt annar maður væri skipaður umboðsmaður hennar við skiptin.

Hinn 1. ágúst 1923 andaðist ekkjan, móðir Dómhildar, og við skipti eftir hana féll í hlut Dómhildar kr. 1638,88. Veitti ákærður þessum arfahlut einnig móttöku, f. h. Dómhildar, en hann var greiddur út þannig til ákærðs: Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands kr. 500,00, hlutabréf í Ísfélagi Vestmannaeyja, virt á kr. 300,00, ofannefnt veðdeildarbréf að nafnverði kr. 1000,00, virt á kr. 800,00 og í peningum kr. 38,88. Ákærði hafði mestan hluta arfsins frá 1917 í sínum vörzlum til ársins 1927, en á því ári og næstu árum greiddi hann höfuðstólinn og nokkurn hluta vaxta, er við hann höfðu bæzt. Hafði hann alls greitt er bú hans var tekið til skipta kr. 4770,18, eftir því sem Dómhildur eða lögfræðingur hennar í Canada heldur fram, en að sögn ákærða sjálfs um kr. 5000,00. Hlutabréfin í Eimskipafélagi Íslands og Ísfélaginu voru í vörzlum ákærðs í Vestmannaeyjum, en við rannsókn málsins kom í ljós, að veðdeildarbréfið hafði verið veðsett fyrir skuldum ákærðs í Íslandsbanka 20. júní 1929 og var það selt á uppboði í bankanum 27. dez. 1930, áður en upplýst var um hinn rétta eiganda í rannsókninni. Söluverð bréfsins var kr. 800,00.

Meðan á rannsókn máls þessa stóð, og þangað til það var tekið til dóms í réttarhaldi 1. marz s. l. hélt ákærður því jafnan fram, að hann hefði tekið umrætt veðdeildarbréf til sín sem þóknun fyrir umstang sitt í þágu Dómhildar út af arfinum en þó án þess að leita samþykkis hennar. Skipuðum talsmanni sínum skýrði ákærður hinsvegar þannig frá, að bréfið hefði verið veðsett af meðákærðum Manscher, án vitundar sinnar eða vilja. Við framhaldspróf kom það í ljós að Manscher hafði annast veðsetninguna og var bréfið veðsett samtímis öðrum verð-

bréfum, en til þess að veðsetja eignir ákærðs hafði Manscher allsherjarumboð. Við prófin kveðst Manscher ekkert muna sérstaklega viðvíkjandi veðstningu veðdeildarbréfsins. Þótt það sé nú grunsamlegt, að ákærður skyldi ekki, þrátt fyrir gefin tilefni, skýra frá því meðan á aðalprófum málsins stóð, að bréfið hefði verið veðsett án vitundar sinnar og vilja og ennfremur að hann gat enga grein gert fyrir því, hvernig á því stóð að bréfið varð viðskila við önnur bréf Dómhildar og komst í vörzlur meðákærðs Manschers, þá þykir þó ekki sannað í málinu, að ákærði hafi tekið undir sig bréfið á þann hátt að refsivert sé eftir 255. gr. hegningarlaganna. Ber því að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

6. Að því er loks kemur til 6. ákæruatriðisins þá er það að vísu upplýst að vörur voru afhentar úr skipaafgreiðslum þeim, er ákærður veitti forstöðu í Vestmannaeyjum til verzlunar hans sama staðar, og seldir þar, án þess að tollur væri af þeim greiddur. Nam ógreiddur tollur af þessum orsökum, er gjaldþrotaskiptin hófust, kr. 3893,82. En gegn neitun ákærðs er það ekki sannað, að salan né afhendingin hafi farið fram að hans fyrirlagi, enda var hann eins og fyrr er getið, ekki heimilisfastur í Vestmannaeyjum og varð því að eiga framkvæmd atvinnureksturs síns að ýmsu leyti undir öðrum. Ber því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

II. Niels Manscher.

Eins og fyrr hefir verið getið, var ákærður Manscher, sem er endurskoðandi og rekur endurskoðunarskrifstofu hér í bæ, aðstoðarmaður ákærðs Johnsens við bókhald atvinnurekstrar hans frá árinu 1922 til þess er hann varð gjaldþrota. Ennfremur var hann umboðsmaður Johnsens hér í bænum í ýmsu öðru, er atvinnureksturinn snerti og þó einkum sem milligöngumaður í viðskiptum hans við Íslandsbanka.

Sem bókhaldsskyldur atvinnurekandi ber ákærður, Johnsen, nú að sjálfsögðu aðalábyrgðina á réttri bókfærzlu. En rétturinn verður að álíta að í starfi auglýstra endurskoðenda, sem mikilsvert er að njóti almenns trausts, felist og rík skylda til þess, að haga færzlum hjá atvinnu-

rekendum þeim, er þeir aðstoða, eftir því sem þeir vita að rétt er, og láta hjá líða færzlur, sem þeim er kunnugt um að eru rangar eða villandi, og að þeir geti, sem hluttakendur bakað sér refsiábyrgð, ef út af er brugðið. Talsmaður ákærða, Manschers, hefir fært það fram, að færzlan á Túngötu 18 á efnahagsreikningum, eftir að hún var gerð að séreign, hafi alls ekki verið gerð í sviksamlegum tilgangi enda efnahagsreikningarnir ætlaðir Íslandsbanka einum, sem kunnugt hafi verið um kaupmálann og hafi því ekki getað blekzt af færzlunni. En upp úr þessu er þó ekki hægt að leggja, þar eð færzla á efnahagsreikningi bókhaldsskylds manns getur ekki verið bundin við einstaka skuldheimtumenn og refsiverðleikur brots samkvæmt 264. gr. hegningarlaganna er ekki bundinn við sviksamlegan tilgang né heldur að sannað sé að menn hafi blekkzt af reikningunum. Færzlan á Túngötu 18 á efnahagsreikningunum olli því, að þeir gáfu í niðurstöðu rangar upplýsingar um efnahag ákærðs Johnsens, og þykir ákærður, Manscher, að áliti réttarins, með framangreindri aðstoð við færzlurnar, hafa brotið gegn ákvæðum 264. gr. 1. mgr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. laganna.

Hinir ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna og hafa aldrei sætt hegningu fyrir hegningarlagabrot.

Brot ákærða, Gísla J. Johnsen, sem lýst er hér að framan, heyrir undir 263. gr. og 264. gr. 1. mgr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Brot ákærðs, Niels Manscher, heyrir undir 264. gr. 1. mgr. sbr. 48. gr. framannefndra hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15. daga. Með tilliti til þess að hér er um fyrsta brot ákærða að ræða og að það er aðeins hlutdeildarbrot þykir mega ákveða að refsingin skuli vera skilorðsbundin eftir 1. gr. laga nr. 39 frá 1907, að því er hann snertir.

Ákærður, Gísli J. Johnsen, greiði skipuðum talsmanni sínum, Jóni Ásbjörnssyni, hrm., málsvarnarlaun með kr. 60.00.

Ákærður, Niels Manscher, greiði skipuðum talsmanni

sínum, Lárusi Fjeldsted, hrm., málsvarnarlaun með kr. 40.00.

Allan annan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu að 1/10 hluta in solidum, afganginn 9/10 hluta greiði ákærður, Gísli J. Johnsen, einn.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 31. marz 1933.

Nr. 15/1932. **Halldór Stefánsson, f. h. Brunabótafélags Íslands** (Guðm. Ólafsson).

gegn

Jóni J. Eyfirðing (Jón Ásbjörnsson).

Eftirstöðvar brunabótafjár. Endurbygging ekki leyfð.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. dez. 1931: Stefndur, Halldór Stefánsson, f. h. Brunabótafélags Íslands, greiði stefnanda Jóni Ásbjörnssyni, f. h. Jóns J. Eyfirðings 3435 kr. ásamt 5% ársvöxtum frá 24. apríl 1931 til greiðsludags og málskostnað með 200 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Með því að fallast má á greinargerð hins áfrýjaða dóms um málsatvik og skilning á réttarákvæðum þeim, er málið varða, þykir mega staðfesta dóminn.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt að dæma

áfrýjanda til þess að greiða stefnda 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi, Halldór Stefánsson, f. h. Brunabótafélags Íslands, greiði stefnda, Jóni J. Eyfirðing, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað Jón Ásbjörnsson, f. h. Jóns J. Eyfirðings, að undangenginni árangurslauri sáttatilraun, gegn Halldóri Stefánssyni, f. h. Brunabótafélags Íslands, til greiðslu eftirstöðva skaðabóta út af brunatjóni kr. 3435,00 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 24. apríl þ. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndur hefir krafizt algerðrar sýknu og sér dæmdan málskostnað.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt 3. febr. f. á. brann íbúðar- og verzlunarhús stefnanda, Jóns J. Eyfirðings, kaupmanns í Bolungarvík til kaldra kola. Hús þetta var vátryggt í Brunabótafélagi Íslands fyrir kr. 25050,00. Nú stendur þannig á, að staðfestur skipulagsuppdráttur Bolungarvíkurkauptúns leyfir ekki endurbyggingu húss á lóðinni, eða grunninum, þar sem húsið stóð, með því að uppdrátturinn gerir ráð fyrir að grafin sé þar skipakví. Var því ekki að ræða um endurbyggingu húss á brunarústunum og greiddi stefndur síðan skaðabæturnar af höndum en dró þó 15% frá brunabótafjárhæð hússins, og nemur það hinni umstefndu fjárhæð. Nú segir svo í 18. gr. l. nr. 54/1915, að bætur fyrir tjón á húsum megi aðeins greiða til þess að byggja upp á sama stað, en félagsstjórninni sé þó heimilt að veita undanþágu frá þessu, þó svo að 15—20% af brunabótaupphæðinni sé dregið frá nema almannahagur heimti að vikið sé frá þessum ákvæðum.

Þar sem það var sannað undir rekstri málsins að endurbygging hússins var bönnuð með skipulagsuppdrættinum, sem gerður er vegna almannahags, er sú eina varnarástæða stefnds í máli þessu sú, að orðin „á sama stað" séu ekki alveg ótvíræðrar merkingar. Telur stefndur það eðlilegt að skilja þessi orð þannig, að átt sé við kauptúnið eða þorpið, þar sem húsið var, en ekki lóðina sem það stóð á. Það virðist ekki þurfa að eyða neinum orðum að því, að þessi skilningur sé svo fjarri sanni, að ekki megi gera ráð fyrir, að löggjafinn hafi haft hann í huga, enda er það ótvírætt samkv. 99. og 101. gr. reglugerðar félagsins nr. 3/1917, að með orðunum „sama stað" er átt við rústir hins brunna húss.

Undanfærslu stefnds að greiða hina umstefnda upphæð, hefir því ekki við rök að styðjast. Hinsvegar á stefnandi ekki rétt á hærri vöxtum en 5% eins og stefndur hefir bent á og reiknast vextirnir frá sáttakærudegi 24. apríl 1931 eins og stefnandi hefir krafizt í stefnunni og stafa umræður stefnds um upphafsdag vaxtanna af því að hann hefir ekki veitt því eftirtekt að sáttakæra og stefna eru ekki samhljóða um þetta.

Eftir þessum úrslitum ber stefndum að greiða stefnanda málskostnað og ákveðst hann hæfilegur 200 kr.

Föstudaginn 31. marz 1933.

Nr. 75/1932. **Bjarni Pétursson**
gegn
Ástu Sveinsdóttur

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi óskaði að málið yrði hafið. Stefnda lét mæta og krafðist ómaksbóta.

Málið er hafið.

Áfrýjandi greiði stefndu, Ástu Sveinsdóttur, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. apríl 1933.

Nr. 156/1932. **Halldór Stefánsson, f. h. Slysatryggingar ríkisins** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Sigríði Jónsdóttur (Th. B. Lindal).

Dánarbætur. Viðbótarupphæð.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1932: Stefnd, Slysatrygging ríkisins, greiði stefnöndu, Sigríði Jónsdóttur, kr. 300,00 með 5% ársvöxtum frá 8. jan. þ. á. til greiðsludags og málskostnað með kr. 96,00, þar með talið málflutningskaup hrjmflm. Th. B. Líndal, 60 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti. Stefnda, sem hefir fengið gjafvörn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með því að fallast má á ástæður hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Svo verður og að dæma áfrýjanda til þess að greiða málflutningskaup hins skipaða talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, er ákveðst 100 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi, Halldór Stefánsson, f. h. Slysatryggingar ríkisins, greiði málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti,

Theódórs Líndals hæstaréttarmálflutningsmanns, með 100 krónum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 12. jan. 1931 andaðist Arngrímur Jónsson, verkamaður í verksmiðjunni Gefjun við Akureyri, af slysförum í nefndri verksmiðju. Hinn 8. júní s. á. ól ekkja hans, stefnandi þessa máls, lifandi meybarn, sem í skírninni 12. okt. f. á. hlaut nafnið Rósa Arngríma og er á lífi enn eða að minnsta kosti við málshöfðun þessa. Arngrímur sál. var lögum samkvæmt tryggður í Slysatryggingu ríkisins og hefir hún viðurkennt skyldu sína til bótagreiðslu fyrir hann til ekkjunnar og fyrir börn þeirra hjóna, sem fædd voru áður en slysið varð, en hefir reynzt ófáanleg til að greiða ekkjunni lögmælta viðbótarupphæð fyrir nefnt meybarn, sem þó er ekki véfengt, að hinn látni sé faðir að. Ekkjan hefir því, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun og að fenginni gjafsókn höfðað mál þetta gegn Slysatryggingu ríkisins með stefnu, dags. 20. jan. þ. á., og krafst þess, að stefnd verði dæmd til að greiða sér vegna barns síns kr. 600,00 ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 8. jan. þ. á. til þess er greitt er og málskostnað að skaðlausu eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefnd hefir krafizt algerðrar sýknu og sér dæmdan málskostnað eftir mati réttarins, og er ástæðan, sem hún færir fram til sýknu sér sú ein, að barnið hafi ekki verið fætt er faðirinn andaðist, og hafi því ekki verið á framfæri hans þá.

Um sókn málsins skal það fyrst athugað, að lög nr. 72/1931, um slysatryggingar voru ekki sett og gengu ekki í gildi fyrr en 8. sept. s. á. eða um 8 mánuðum eftir að dauða mannsins bar að höndum, bótakrafan á því að fara fram eftir hinum eldri lögum um slysatryggingu frá 7. maí 1928 og getur ekki verið hærri en 300 kr. Synjun hinnar stefndu stjórnar slysatryggingarinnar á greiðslu bóta til ekkjunnar fyrir nefnt barn, er bersýnilega byggð á þeirri skoð-

un, að barnið sé hér beinlínis aðili réttarins til bótanna og að þau skilyrði þurfi að vera fyrir hendi, er greinir í 2. tölulið 5. greinar slysatryggingarlaganna, er börn eru þeir vandamenn, er næstir standa til að fá dánarbætur. En þetta er hér ekki svo. Ekkjan er aðili bótaréttarins og um þetta atriði segir í næstsíðustu málsgrein 5. greinar, að hljóti ekkja dánarbæturnar, „skal að auki greiða 300 kr. fyrir hvert skilgetið barn innan 15 ára aldurs", og er það alveg heimildarlaust að krefjast þess, að skilgetið barn skuli vera fætt fyrir lát föður síns, til þess að ekkja hans, sem dánarbótaréttinn hefir, geti fengið lögmælta viðbótarupphæð greidda fyrir þetta barn sitt.

Hina umstefndu kröfu ber því að taka til greina þannig, að stefnd greiði kr. 300,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað með kr. 96,00 þar af 60 kr. til hæstaréttarmálflutningsmanns Th. B. Líndal, sem sótt hefir málið fyrir stefnanda, og hefir málaflutningur hans verið lögmætur.

Miðvikudaginn 5. apríl 1933.

Nr. 100/1931. **Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Guðmundi Ólafssyni, f. h. Gests Guðjónssonar (Guðm. Ólafsson).

Kaupkröfur tildæmdar með sjóveðrétti.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 11. júlí 1931: Stefndur, Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja, greiði stefnandanum, Guðmundi Ólafssyni, f. h. Gests Guðjónssonar, kr. 4094,17 með 6% ársvöxtum frá 2. júlí 1929 til greiðsludags og kr. 331,50 í málskostnað og á stefnandi sjóveðrétt í línuveiðaranum „Gunnar Ólafsson" V. E. 284 fyrir framangreindum upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir útgáfu áfrýjunarstefnu í máli þessu, 26. sept. 1931, var Verzlunarfélag Vestmannaeyja gjaldþrota, en skiptaráðandinn í búinu hefir með símskeyti 25. febr. f. á., lýst yfir því að hann leyfði, að málinu yrði haldið áfram á kostnað Helga Benediktssonar.

Af hálfu áfrýjanda hafa þær kröfur verið gerðar fyrir hæstarétti, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að áfrýjandi verði aðeins dæmdur til að greiða stefndum kr. 287,55 með 5% ársvöxtum frá sjódómskærudegi, eða 23. apríl 1930, að málskostnaðarákvæði dómsins verði fellt úr gildi, og loks, að stefndur verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti. Af hálfu stefnda hefir verið krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Eftir því sem fram er komið í málinu fyrir hæstarétti, eru málavextir þeir, að Gestur Guðjónsson, skipstjóri á Siglufirði, réðst skipstjóri á línuveiðagufuskip áfrýjanda, Gunnar Ólafsson, V. E. 284, að því er virðist snemma í jan. 1929, en ráðningasamningur var þó eigi undirritaður fyrr en 7. febr. það ár. En 5. jan. s. á. símaði útgerðin til Gests og lagði fyrir hann að koma, sem allra fyrst til Vestmannaeyja til þess að taka við skipinu. Gerði hann það og réði háseta á skipið flesta eða alla þá, er við mál þetta koma, í Reykjavík, að því er virðist á leið sinni frá Siglufirði til Vestmannaeyja. En allmikill dráttur varð á því, að skipið yrði svo skjótt búið á veiðar sem ráð var fyrir gert því að frá 14. jan. til 12. febr. urðu skipstjóri og hásetar að bíða þess í Vestmannaeyjum. Gestur Guðjóns-

son var svo með skipið til maímánaðarloka, en þá fór hann og hásetarnir af því, vegna vanskila á kaupgjaldi sínu, og létu kyrrsetja skipið til tryggingar kaupkröfum sínum. Var skipið síðan í lögháldi þar til 2. júlí 1929, er Helgi Benediktsson gerði upp við umboðsmann skipverja, Pál Bjarnason, cand. jur., sem nú er látinn, og virðast þeir hafa fengið kröfur sínar greiddar að fullu, nema skipstjóri og 7 aðrir. Þessir 7 af skipverjum framseldu Gesti Guðjónssyni kröfueftirstöðvar sínar, og eru kröfur þær, sem í málinu eru gerðar þessar:

1.	Krafa Gests Guðjónssonar	kr.	3016,79
2.	Krafa Haralds Thorlacius	—	393,37
3.	Krafa Einars Sigurðssonar	—	116,00
4.	Krafa Benedikts Sigurðssonar	—	116,01
5.	Krafa Sigurlaugs Sigurðssonar	—	116,00
6.	Krafa Hannesar Sigurlaugssonar ..	—	116,00
7.	Krafa Eggerts Jósefssonar	—	110,00
8.	Krafa Guðmundar Helgasonar	—	110,00
		Samt. kr.	4094,17

og var krafizt dóms um greiðslu þessarar upphæðar í héraði.

2. júlí 1929 tók Helgi Benediktsson við bók Gests skipstjóra Guðjónssonar, sem hafði að geyma viðskiptareikning allra skipverja á áðurnefndu skipi fyrir nefnt tímabil. Afhenti Helgi umboðsmanni skipverjanna jafnframt greinargerð sína um kröfur hvers eins og verður nú að athuga kröfurnar, hverja fyrir sig í sambandi við þessa greinargerð og aðrar upplýsingar í málinu.

1. Krafa Gests Guðjónssonar.

Það er nú viðurkennt í málflutningnum fyrir hæstarétti, að áfrýjanda beri að greiða kr. 287,55

af þessari kröfu. Ennfremur viðurkenndi Helgi í áðurnefndri greinargerð sinni, að Gestur ætti inni ógreiddar kr. 2619,24, en nú hefir hann lagt fram kvittun umboðsmanns skipverjanna, Páls Bjarnasonar, fyrir upphæð þessari, og er kvittunin dagsett, 2. júlí 1929. Sama dag gaf Helgi út ávísun að upphæð kr. 4800,00, á mann einn hér í bæ, en ávísun þessi hefir ekki verið greidd. Kveður stefndi kvittun þessa, sem að vísu getur ekki ávísunar þessarar, hafa verið útgefna í trausti til þess, að ávísunin yrði greidd, því að umræddar kr. 2619,24 hafi átt að greiðast af ávísunarupphæðinni, auk annara tiltekinna skulda, sem á útgerð skipsins hvíldu og Páll hafði til innheimtu. Hinsvegar hefir Helgi Benediktsson haldið því fram í málinu, að 2619,24 kr. krafan hafi verið greidd í peningum, en að ávísunarupphæðin hafi átt að ganga til greiðslu annara krafna. Hefir hann reynt hér fyrir dómi að sundurliða þessar kröfur, en það hefir orðið upplýst að sú greinagerð hans er að nokkru röng. Hefir hann talið að minnsta kosti tvær kröfur, samtals kr. 852,08, hafi átt að greiðast af ávísunarupphæðinni, en sannað er í málinu, að þessar kröfur höfðu verið greiddar áður en ávísunin var gefin út. Hinsvegar hefir verið lögð fram í málinu sundurliðun Páls heit. Bjarnasonar á þeim kröfum, er greiðast áttu með ávísunarupphæðinni, og er þar í innifalin áðurnefnd 2619,24 króna krafa. Ekki hefir Helgi Benediktsson lagt fram til styrktar staðhæfingu sinni sjóðbók áfrýjanda eða önnur gögn, enda þótt honum hefði að sjálfsögðu verið þess kostur. Með því að áðurnefnd sundurliðun hans hefir reynzt röng í verulegum atriðum og hann hefir ekki reynt að rökstyðja staðhæfingu sína um greiðslu áður-

nefndra 2619,24 kr., sem er einnig, samanborin við greinargerð hans 2. júlí mjög ósennileg, þá verður ekkert tillit til hennar tekið.

Þá hefir Helgi Benediktsson talið, að kr. 110,00, er útgerð skipsins hafði greitt fyrir dvöl skipstjórans í Vestmannaeyjum frá því að hann kom þangað og þar til skipið lagði út á veiðar, beri að draga frá kröfu hans. Eins og fyrr segir kom skipstjórinn til Vestmannaeyja eftir fyrirlagi útgerðarinnar, nokkru áður en skipið var ferðbúið, og hefir útgerðin þannig orðið sök í áðurnefndri dvöl hans þar, og ber því skylda til að greiða kostnað af henni.

Verður samkvæmt framansögðu að dæma áfrýjanda til að greiða alla kröfu Gests Guðjónsonar, kr. 3016,79.

2. Um kröfu Haralds Thorlaciusar.

Af henni neitar áfrýjandi að greiða kr. 110,00, sem til eru komnar af sömu ástæðu sem 110,00 krónu hlutinn af kröfu skipstjórans, sem réð Harald á skipið samkvæmt þeirri heimild þar til, er í stöðu hans fólst. Þessa upphæð er áfrýjanda skylt að greiða af sömu ástæðu sem um tilsvarandi upphæð af kröfu skipstjórans er áður sagt.

Þá telur áfrýjandi ofreiknaðar kr. 143,37 í premíu af aflahlut Haraldar Thorlaciusar. Eftir ráðningarsamningi sínum átti hann að hafa 10 kr. premíu af hverri smálest af línustórfiski, en 8 kr. af hverri smálest af öðrum fiski. Samkvæmt skýrslu Helga var Haraldi reiknuð 10 kr. premía af 71633 kg. af öðrum fiski en línustórfiski, og því oftalin premía um kr. 143,37. Þrátt fyrir hina mörgu og löngu fresti, sem stefndi hér fyrir dómi hafði í málinu í héraði og allan hinn mikla drátt, sem orðið

hefir á máli þessu að tilhlutun umboðsmanns stefnda eftir að það skyldi þingfest í hæstarétti, hefir umsögn skipstjórans, sem gert hefir upp premíuna, ekki verið fengin, og verður því að taka mótmæli áfrýjanda, sem eru nægilega skýr og ákveðin, til greina.

Loks eru kr. 140,00 taldar vera fyrir vinnu við skipið. Haraldur Thorlacius var skráður á skipið 7. febr. 1929, en Helgi Benediktsson stahæfir að vinna þessi sé af hendi innt 8.—23. febr. 1929, og beri Haraldi því eigi sérstakt kaup fyrir hana, með því að hún hafi verið skyldustarf hans samkvæmt ráðningarsamningnum 7. s. m. þar sem engra upplýsinga hefir heldur verið aflað um þenna kröfulið, enda þótt þess hefði átt að vera kostur, af hálfu umboðsmanns stefnda, verður einnig að taka þessi mótmæli áfrýjanda, sem líka eru nægilega skýr og ákveðin, til greina. Eftir þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða kr. 110,00 af kröfu Haralds Thorlaciusar.

3.—6. Kröfur Einars Sigurðssonar, Benedikts Sigurðssonar, Sigurlaugs Sigurðssonar og Hannesar Sigurlaugssonar.

Þessar kröfur eru allar runnar af dvöl þessara manna vegna biðar þeirra eftir skipinu í Vestmannaeyjum. Samkvæmt því, sem fram er tekið um tilsvarandi lið í kröfu Haralds Thorlaciusar, verður að dæma áfrýjanda til að greiða allar þessar kröfur.

7.—8. Kröfur Eggerts Jósefssonar og Guðmundar Helgasonar.

Þessar kröfur telur stefndi einnig runnar af bið þessara manna í Vestmannaeyjum eftir skipinu,

en áfrýjandi vill fremur telja, að þær sé endurgjald fyrir vinnu. Kröfur þessar eru teknar eftir skilagreinum skipstjórans, sem Helgi Benediktsson fékk í vörzlur sínar 2. júlí 1929, eins og fyrr segir. Þessa skilagrein verður að leggja til grundvallar, þar sem eigi koma fram skýr og ákveðin mótmæli gegn henni. En þau hafa ekki komið fram í máli þessu og verður því einnig að dæma áfrýjanda til að greiða þessar tvær kröfur.

Samkvæmt framansögðu verður að dæma áfrýjanda til að greiða hina umstefndu kröfuupphæð, kr. 4094,17, að frádregnum kr. 140,00 + kr. 143,37, eða kr. 3810,80, með 5% ársvöxtum frá 23. apríl 1930 til greiðsludags. Eftir þessum málalokum verður og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er ákveðst samtals 600,00 kr. Svo ber og að dæma stefnda sjóveðrétt í línuveiðaranum „Gunnar Ólafsson", V. E. 284 til tryggingar báðum framangreindum upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Helgi Benediktsson f. h. verzlunarfélags Vestmannaeyja h/f., greiði stefnda, Guðmundi Ólafssyni, f. h. Gests Guðjónssonar, kr. 3810,80 með 5% ársvöxtum frá 23. apríl 1930 til greiðsludags.

Svo greiði áfrýjandi stefnda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti með samtals 600 krónum.

Stefndi hefir sjóveðrétt í línuveiðaranum

„Gunnar Ólafsson“, V. E. 284, til tryggingar báðum framangreindum kröfum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í máli þessu, sem Guðmundur Ólafsson, hrm. hér í bæ, hefir, fyrir hönd Gests Guðjónssonar, höfðað fyrir sjóréttinum gegn Helga Benediktssyni, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja, var stefndur ekki mættur eða nokkur af hans hálfu er málið féll í rétt 25. apríl s. l., en stefnandi lýsti því yfir í því réttarhaldi, að stefndur hefði haft málsskjölin í sínum höndum frá 21. febr. s. l. Endurtók stefnandi þá og lét bóka kröfur sínar um dóm yfir stefndum til greiðslu á kr. 4094,17 með 6% ársvöxtum frá 2. júlí 1929 til greiðsludags og kr. 331,50 í málskostnað. Svo krafðist stefnandi og að honum yrði tildæmdur sjóveðréttur fyrir upphæðum þessum í línuveiðaranum „Gunnar Ólafsson“ V. E. 284 þar sem upphæð sú, sem stefnt er til greiðslu á, sé kaup skipstjóra og skipverja á umræddu skipi.

Með því að engin andmæli liggja fyrir gegn kröfum þessum ber að taka þær til greina að öllu leyti.

Mánudaginn 24. apríl 1933.

Nr. 197/1932. **Réttvísin** (Stefán J. Stefánsson)

gegn

Hermanni Jónssyni

(cand. jur. Gústaf Sveinsson).

Brot g. l. nr. 6, 4. júní 1924.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 8. júlí 1932: Ákærður, Hermann Jónsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Málskostnaður, þar með talin 50 krónu málsvarnarlaun til Gústafs Sveinssonar, greiðist af almannafé.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms, hafa ýmsar nýjar upplýsingar um málið fengizt. Í ágúst eða september 1931 hafði ákærði að því er virðist, samfarir við stúlku nokkra hér í bænum er seinna reyndist vera haldin syfilis. Skömmu eftir þessar samfarir kvetst ákærði hafa kennt lasleikaþreytu í þvagfærunum, er hann hafi þurft að kasta af sér vatni. Í byrjun október s. á. fekk hann Svein lækni Gunnarsson til þess að skoða sig, en læknir þessi sá þykkildi nokkurt framan á getnaðarlim ákærða, og vísaði nonum því strax til Hannesar Guðmundssonar, sem er sérlæknir í kynsjúkdómum. Þangað kom ákærði 6. okt. s. á., og telur Hannes ákærða þá hafa haft lekandi, sem var þó í afturbata og telst þrotinn þar af hafa horfið alveg á næstu 3—4 dögum. En auk þess varð Hannes var við þrota neðan á getnaðarlim ákærða og sagði honum því, að koma bráðlega aftur til blóðrannsóknar, með því að læknirinn var ekki grunlaus um, að ákærði gengi með syfilis. Síðar í þessum mánuði varð ákærði var við bólgu í kirtlum bak við eyru og í nára, og fór hann þessvegna til Gunnlaugs Einarssonar læknis, sem einnig fann æðabólgu innan á læri ákærða, en datt þó ekki í hug, að hann hefði syfilis. Loks 5. nóv. fór ákærði aftur til Hannesar, og leiddi nú blóðrannsókn í ljós, að ákærði gekk með syfilis á öðru stigi.

Ákærði byrjaði að hafa samfarir við unnustu sína um eða eftir miðjan október 1931. Samkvæmt

því, sem að framan segir, hlaut ákærði að hafa haft um þetta leyti grun um, að hann kynni að vera haldinn smitandi kynsjúkdómi. Sérstaklega hlaut skipun Hannesar læknis um blóðrannsóknina að vekja þann grun. Samfarir ákærða við unnustu sína á þessu tímabili, sem enga hugmynd hafði um neitt af þessu, eru því hegningarverðar samkvæmt lögum nr. 6/1924, enda virðist mega líklegast telja, að þá hafi hún sýkzt af honum, því að um áramótin 1931—1932 var veikin í henni komin á 2. stig.

Eftir að ákærði vissi sig sýktan af syfilis, kveðst hann þegar hafa skýrt unnustu sinni frá þessu. Þrátt fyrir vitund um þetta hafði hún gengið að eiga hann 5. dez. 1931, en aldrei hafi þau haft samfarir á þessu tímabili, enda þótt þau hafi, er þau voru orðin hjón, flutt saman í íbúð ákærða og sofið í samstæðum rúmum ein í sama svefnherbergi, svo sem ákærði hefir sjálfur skýrt frá í rannsókn málsins. Unnusta og síðar kona ákærða hefir þar á móti stöðugt haldið því fram og unnið eið að því, að ákærði hafi leynt hana sjúkdóminum, enda mundi hún alls ekki hafa gengið að eiga hann, ef hún hefði vitað um sjúkdóminn, og að þau hafi á þessu tímabili bæði fyrir og eftir 5. dez. 1931, haldið samförum sínum áfram. Þessi framburður konunnar er í öllum atriðum miklu sennilegri en skýrslur ákærða um þessi atriði. Þar að auki hefir ákærði gefið vísvitandi ósanna skýrslu í málinu, með því að hann neitaði því, svo lengi sem þess var kostur, að hann hefði haft, nokkurn tíma samfarir við aðra konu en unnustu sína hér á landi. Hann duldi prest þann, er gaf þau, hann og unnustu hans, saman í hjónaband, sjúkdómsins. Og um sum önnur atriði

hefir hann ekki gefið réttar eða nákvæmar skýrslur, án þess að hann hafi gert grein fyrir því hvernig á því stæði. Allt þetta talar gegn ákærða. Þegar alls þessa er gætt, þá virðist verða að leggja skýrslu konu ákærða til grundvallar um samband þeirra á þessu síðara tímabili. Og verður þá að telja ákærða hafa einnig á því með samförum sínum og samlífi með unnustu sinni og síðar konu gerzt brotlegan við áðurnefnd lög. Og þykir refsing hans fyrir framannefnd brot hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Samkvæmt þessu verður að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað í héraði þar á meðal 50 krónur til talsmanns hans þar, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hermann Jónsson, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði hann allan sakarkostnað í héraði, þar með taldar 50 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns þar, cand. jur. Gústafs Sveinssonar, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóhanns Stefánssonar og cand. jur. Gústafs Sveinssonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Hermanni Jónssyni, kaupmanni, til heimilis á Bergstaðastræti 30 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 16. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. lög nr. 6, 1924 og lögum nr. 51, 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina: Hinn 13. febrúar síðastliðinn barst lögreglunni kæra frá Hildi Guðmundsdóttir Óðinsgötu 12, þess efnis, að maður hennar, ákærður í máli þessu, Hermann Jónsson, hefði sýkt hana af syfilis. Í fyrsta réttarhaldi út af kæru þessari, vildi kærandinn fá að afturkalla kæruna og var því málið sent dómsmálaráðuneytinu. En samkvæmt fyrirlagi þess var málinu haldið áfram. Kærandi hefir skýrt svo frá málavöxtum, að hún hafi hinn 5. dezember f. á. gifzt ákærðum Hermanni Jónssyni. Skömmu áður en þau giftust, kveður hún að ákærður hafi haft orð á því við sig, að hann hefði einhverntíma orðið veikur, en það væri nú löngu læknað. Kveðst hún hafa skilið þessi ummæli hans á þann veg, að hann hefði einhverntíma haft „gonorrhoe". Nokkru fyrir jólin kveðst kærandi svo hafa fengið blöðrubólgu, að því er hún hélt, og fór til Katrínar læknis Thoroddsen, sem lét hana hafa skammta, sem henni batnaði af í bili. En um jólaleytið tóku kirtlar að bólgna í nára kæranda, og sagði hún þá manni sínum frá þessu, og ráðlagði hann henni að fara til Hannesar læknis Guðmundssonar en ekki til Katrínar Thoroddsen. Fór kærandi því til Hannesar Guðmundssonar, sem skoðaði hana og tók af henni blóðprufu. Kom þá í ljós, að kærandi hafði syfilis, og var veikin komin á II. stig. Fyr en þá að læknirinn sagði henni frá þessu, kveðst kærandi ekki hafa haft hugmynd um að hún hefði veiki þessa og ekki heldur að maður hennar hefði hana.

Ákærður hefir skýrt mjög á annan hátt frá málavöxtum. Hann hefir enga grein getað gert fyrir því, á hvern hátt eða af hverjum hann hafi smitast af veikinni. Kveðst hann fyrst hafa tekið eftir því fyrir ca. 5 árum, að brúnn baugur var kominn kringum mitti hans. Þessi baugur þvingaði ákærðan þá ekki, en hann fór þá til Halldórs læknis Hansen. Kveður ákærður að Halldór hafi sagt sér,

að þessi baugur mundi stafa út frá maganum, með því að hann væri magaveikur. Hirti ákærður svo ekki frekara um þetta að sinni. En síðastliðið haust varð ákærður var við að kirtlarnir bak við eyrun og lærkirtlarnir bólgnuðu, og baugurinn um hann miðjan breikkaði allt í kring. Fór ákærður þá í nóvemberbyrjun til Gunnlaugs læknis Einarssonar. Taldi hann sjúkleik ákærða stafa af bólgnum kirtli í hálsi og gaf honum viðeigandi ráðleggingar við því. Þar sem baugur sá, sem fyrr er nefndur, hafði tekið þessum breytingum, ákvað ákærður að fara til Hannesar læknis Guðmundssonar. Hafði hann þá nokkru áður verið til lækninga hjá Hannesi við lekanda og farið til hans að ráði Sveins læknis Gunnarssonar. Er ákærður kom til Hannesar hið síðara skiptið tók Hannes blóðprufu af honum. Blóðprufan leiddi í ljós að ákærður var með syfilis á II. stigi. Það var í byrjun nóvember að Hannes sagði ákærðum þetta. Hefir ákærður ákveðið haldið því fram, að fyrr en þá hafi hann ekki haft hugmynd um að hann væri með syfilis. En þá var hann trúlofaður kærandi og höfðu þau ákveðið að gifta sig í dezember. Kveður ákærður, að Hannes hefði gefið sér von um, að hann yrði jafngóður eftir venjulegan kúr, sem væri 10 sprautur, og sprautan væri gefin með 5 daga millibili. Strax sama kvöldið og ákærður fékk að vita þetta, kveðst hann hafa farið heim til kærandi, en hún lá þá veik heima hjá föður sínum á Óðinsgötu. Kveðst hann þá hafa sagt henni hvernig komið var og kveðst hafa sagt henni ummæli Hannesar læknis. Kveður ákærður að kærandi hafi þá sagt, að þetta breytti engu í þeirra ákvörðun, fyrst hann yrði jafngóður.

Ákærður kveður, að hann hafi byrjað að hafa samræði við kærandi í október síðastliðinn. Kveður hann að þau hafi aldrei haft samræði saman eftir að hann fékk að vita að hann væri með syfilis. Kærandi kveðst minnast þess, að ákærði hafi komið heim til hennar kvöld eitt á Óðingsgötu 12 er hún var lasin. Kveður að hann hafi þá sagt sér að hann hefði haft snert af kynferðissjúkdómi, en sá sjúkdómur væri nú batnaður. Kveður hún að hann hafi alls ekki minnst á að það væri syfilis, sem að honum gengi, kveður og að hann hafi ekki minnst neitt á Hannes Guðmundsson lækni í þessu sambandi. Hinsvegar stað-

festi kærandi það, að hún hafi byrjað að hafa samræði við ákærðan seint í október eða í byrjun nóvember s. l. En hún heldur því hinsvegar fram að þau hafi jafnt verið saman eftir þetta samtal, sem áður, og eins hafi þau verið saman eftir að þau giftust, án þess að gera nokkrar varúðarráðstafanir.

Hannes Guðmundsson læknir hefir verið leiddur sem vitni í máli þessu. Hann hefir skýrt svo frá, að samkvæmt lækningabókum sínum hafi ákærður fyrst komið til hans 6. október síðastliðinn. Hafði hann þá fengið lekanda fyrir ca. 7 vikum og kom frá Sveini Gunnarssyni lækni. Kveður hann að ákærður hafi verið orðinn hérum bil jafngóður af lekandanum, en hann gekk til vitnisins 3—4 sinnum og hvarf þá þrotinn alveg. Kveðst læknirinn hafa ráðið ákærðum að koma til sín eftir viku til 10 daga til þess að tekin yrði af honum blóðprufa. En ákærður kom ekki aftur til Hannesar fyrr en 5. nóvember, en hafði í millitíðinni leitað til Gunnlaugs Einarssonar. Tók nú Hannes af ákærðum blóðprufu og kom þá í ljós, að hann hafði syfilis á II. stigi. Kveður Hannes að hann hafi enga grein getað gert fyrir því hvernig hann hefði fengið sjúkdóm þennan. Kveður Hannes að honum hafi komið það þannig fyrir sjónir, að ákærður hafi ekki vitað að hann gekk með syfilis, fyrr en hann sagði honum það. Hannes hefir og borið það, að ákærður hafi sagt sér, að hann hefði sagt kærandi frá því að hann væri með syfilis. Kveðst hann því hafa spurt kærandi að því, er hún kom til lækninga til hans, hvort henni hefði virkilega verið kunnugt um að ákærður væri með þessa veiki, og hafi hún engu svarað því og hafi honum þá skilist það svo, að úr því hún ekki neitaði því, þá hafi henni að einhverju leyti verið kunnugt um veiki ákærða. Ennfremur kveðst Hannes eftir að umrædd kæra var komin fram, hafa talað við ákærðan og kærandi heima hjá sér, hvort í sínu lagi, og kveður hann að þá hafi alveg sama komið fram hjá kærandi, hún hafi ekki borið á móti því, að henni hafi að einhverju leyti verið kunnugt um veikindi ákærða. Hann kveður og að hún hafi aldrei minnst á það, að hún hefði haldið að það væri lekandi, sem gekk að ákærðum, kveðst Hannes ekkert hafa heyrt um það fyrr en að hann sá kæru hennar.

Kærandi hefir hinsvegar að öllu leyti haldið við sinn framburð, um að hún hafi ekki haft hugmynd um að á-ákærður væri haldinn af syfilis. Kveðst hún minnast samtals síns við Hannes lækni, að hann hefði spurt sig að því, hvort henni hafi verið kunnugt um það að ákærður væri með syfilis áður en þau giftust, en hún kveðst hafa sagt honum að hún hefði ekki vitað það. Máli sínu til sönnunar hefir kærandi tekið það fram, að hún mundi ekki hafa farið til Katrínar Thoroddsen, ef hún hefði vitað að ákærður var með syfilis, heldur mundi hún þá þegar hafa haldið að hún væri smituð orðin af syfilis og farið beint til Hannesar.

Að framburði sínum hefir kærandi unnið eið.

Eins og að framan getur, kveðst ákærður ekki hafa vitað, að hann var með syfilis fyrr en Hannes læknir Guðmundsson sagði honum það. Hann hefir heldur ekki getað gert grein fyrir því, hvar hann hafi fengið veikina. Fyrir 8—9 árum kveðst hann hafa orðið samskipa manni, sem var hlaðinn kýlum. Kreisti ákærður af honum kýlin og þvoði sárin með því að maðurinn sagði honum að kýlin væru hættulaus. En síðan kveðst ákærður hafa heyrt, að maður þessi hefði verið með syfilis. En er ákærður var erlendis kveðst hann aldrei hafa haft samfarir við kvenfólk nema einu sinni á opinberu húsi í Portugal, en þar var trygging fyrir því að menn yrði ekki veikir. Ákærður hefir eftir að hann kom heim gengið til þriggja lækna auk Hannesar, þeirra Halldórs Hansen, Gunnlaugs Einarssonar og Sveins Gunnarssonar. Enginn þessara lækna hefir athugað neitt um það, að ákærður hefði syfilis. Sveinn Gunnarsson kveðst að vísu ekki hafa athugað ákærðan neitt að ráði, var kvaddur upp í búð til hans í byrjun október síðastliðinn. Kvartaði ákærður undan því, að eitthvað væri að penis. Fann Sveinn þá sár eða þykkildi undir hettunni, en rannsakaði þetta ekkert nánar heldur vísaði honum að fara tafarlaust til Hannesar Guðmundssonar með sjúkdóminn.

Álits landlæknis hefir verið leitað um það, hvað langur tími líði frá smitun syfilis til þess að einkenni annars stigs sjúkdómsins komi í ljós. Segir hann að sá tími sé elmennt talinn 8—9 vikur frá smitun við það, að sjúkdómurinn hafi ekki fengið viðeigandi læknismeðferð á þessu tímabili.

Ákærður var tekinn til meðferðar af Hannesi Guðmundssyni við syfilis á II stigi hinn 5. nóvember síðastliðinn, en kærandi hinn 7. janúar síðastliðinn.

Eins og málavextir þeir, sem hér hafa verið raktir, bera með sér, þá verður ekki samkvæmt framburði Hannesar Guðmundssonar læknis og gegn eindreginni neitun ákærða talið sannað, að ákærður hafi vitað eða grunað, að hann væri með syfilis, fyrr en hann kom til Hannesar í síðara skiptið, en það var 5. nóvember síðastliðinn. En samkvæmt samhljóða framburði ákærða og kærandi hefir ákærður þá verið byrjaður að hafa samfarir við kærandi. En eftir að ákærður fékk að vita, að hann hefði syfilis, kveðst hann hafa sagt kærandi það, og aldrei hafa haft samfarir við hana eftir það, og ekki heldur eftir það að þau voru gift. En kærandi hefir haldið því fram, að þau hafi jafnt haft samfarir eftir samtal það, sem hún viðurkennir, að þau hafi haft um veikindi ákærða, og eins eftir að þau voru gift. Að þessum framburði sínum hefir kærandi unnið eið og ekkert hefir komið fram, sem hnekki honum annað en framburður ákærða. Enda verður það að teljast eðlilegast, að úr því að kærandi og ákærður fóru að gifta sig, eftir að ákærður vissi að hann var með syfilis, þá hafi þau haldið áfram að hafa samfarir í hjónabandinu. En fullkomin sönnun fyrir því verður ekki fengin gegn eindreginni neitun ákærða.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. nóvember 1897. Honum hefir ekki verið refsað áður fyrir nokkurt afbrot.

Með því að ekki verður talið sannað, að ákærður hafi vitað, að hann hafði syfilis, er hann fyrst fór að hafa samfarir við kæranda, og líklegast er, að hann hafi þá smitað hana, og ekki verður heldur fengin alveg fullkomin sönnun fyrir því, að hann hafi haldið áfram að hafa samfarir við hana, eftir að hann vissi að hann var með syfilis, þá verður að áliti réttarins að sýkna ákærðan af ákæru réttvísinnar í þessu máli. Málskostnaður, þar með talinn 50 krónur í málsvarnarlaun til Gústafs Sveinssonar greiðast af almannafé.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 24. apríl 1933.

Nr. 19/1932. **Helgi Benediktsson**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Gunnari Ólafssyni, Þorsteini Johnson og Jóni Ólafssyni, f. h. h/f Dráttarbraut Vestmannaeyja (Enginn)

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 4. nóv. 1931: Hið umbeðna fjárnám á fram að fara.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í hæstarétti 29. apríl f. á. og var þá mætt af hálfu beggja aðilja og sömuleiðis við fimm næstu réttarhöld í því, en er málið skyldi flutt 29. f. m. mætti enginn af hálfu stefnda, og hefir það því verið skriflega flutt samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Eftir því, sem ráða má af skjölum málsins, var áfrýjandi um hríð í stjórn h/f Dráttarbraut Vestmannaeyja og reikningshald þess hafði hann til ársloka 1927. Hafði hann þá og ýmsar bækur og ýms skjöl félagsins í vörzlum sínum, þar á meðal dagbók, höfuðbók, hluthafaskrá og atkvæðaskrá hluthafa. Með úrskurði fógetaréttar Vestmannaeyjakaupstaðar 21. dez. 1928 var áfrýjanda úrskurðað skylt að afhenda fógeta þann dag öll skjöl og skilríki nefnds félags, sem voru í umsjá hans, þar á meðal reikninga þess og bækur, „að viðlögðum 50 króna dagsektum fyrir hvern dag, sem hjá líður, án þess að fullnægja þessu". Áfrýjandi var ekki viðstaddur í réttinum, þegar úrskurður þessi var lesinn upp og ekki hefir úrskurðurinn heldur verið honum

birtur, en áfrýjandi viðurkennir þó, að 3. jan. 1929 hafi hann kynnt sér úrskurðinn í viðkomandi embættisbók og kveðst þegar í stað hafa afhent fógeta allar þær bækur, reikninga og skjöl, sem h/f Dráttarbraut hafi átt í sínum vörzlum. Plögg þessi afhenti svo bæjarfógetinn umboðsmanni hlutafélagsins 6. maí 1929, en meðal þeirra voru þó ekki dagbók, höfuðbók, né áðurnefndar skrár.

Fyrirsvarsmenn félagsins virðast þó ekki hafa gjört frekar í málinu fyrr en á árinu 1931. Þann 17. júlí þ. á. var þess krafizt, að fjárnám yrði gjört hjá áfrýjanda samkvæmt úrskurðinum frá 21. dez. 1928 fyrir dagsektum þeim, er þar segir og þá voru taldar fallnar eða síðar kynnu að falla, unz áfrýjandi skilaði að fullu bókum þeim og skilríkjum, sem í úrskurðinum greinir. Eftir sókn og vörn um kröfu þessa kvað fógeti svo upp úrskurð kl. 10 árdegis þann 2. nóv. 1931, þar sem neitað var um framkvæmd fjárnámsgjörðarinnar.

Kl. 10½ árdegis s. d. var svo fógetaréttur settur af nýju til þess eftir kröfu stefnda, að halda áfram innsetningargjörð þeirri hjá áfrýjanda í bækur og skjöl stefnda, er byrjuð hafði verið 19. dez. 1928 og lauk að því sinni með úrskurðinum 21. dez. s. á. Kvaðst áfrýjandi nú sem fyrr hafa skilað öllum þeim plöggum hlutafélagsins þegar í ársbyrjun 1929, sem í vörzlum hans voru þá og ekki hefði hann nú nein slík plögg í fórum sínum. Var nú samkvæmt kröfu gjörðarbeiðanda hafin leit í húsum og hirzlum áfrýjanda að skilríkjum þessum, og fannst þá hluthafaskráin og atkvæðaskráin í peningaskáp áfrýjanda innan um önnur skjöl. Neitaði áfrýjandi því fastlega, að hann hefði vitað eða munað til þess, að þessar skrár væru í vörzlum sín-

um, en um dagbókina og höfuðbókina kvaðst hann vita það síðast, að sumarið 1928 hefði hann fengið endurskoðendum félagsins þær ásamt fleiri plöggum, en þó mundi hann ekki með vissu, hvort þær hefðu eftir þetta komizt í vörzlur sínar, en alls ekki hafi hann haft þær undir hendi, þegar úrskurðurinn 21. dez. 1928 var kveðinn upp eða síðar. Gjörðarbeiðandi taldi nú allar líkur benda til þess, að áfrýjandi hefði neitað því vísvitandi ranglega, að hann hefði haft undir höndum nokkuð af þeim plöggum félagsins, er óskilað væri, og krafðist af nýju fjárnáms fyrir dagsektunum, sem taldar voru þá orðið nema 52000,00 krónum. Féll nú úrskurður fógeta á þá leið þann 4. nóv. 1931, að fjárnám þetta skyldi fram fara. Síðar var fógetagjörðinni haldið áfram, en nú hafði áfrýjandi fengið yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann óskaði þess ekki, að fjárnám yrði gjört vegna dagsektanna, enda væri dómsmálaráðuneytið aðili um innheimtu þeirra, fyrr en hæstiréttur hefði endanlega skorið úr því, hvað rétt væri í máli þessu. Þ. 6. nóv. s. á. kvað fógeti svo enn upp úrskurð þess efnis, að fjárnáminu yrði ekki haldið áfram „að svo stöddu og ekki fyrr en slegið er föstu með dómi hæstaréttar, hvort því megi halda áfram eða ekki".

Fógetaúrskurðinum frá 4. nóv. 1931, þar sem ákveðið var að fjárnámið skyldi fram fara, hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útg. 1. febr. 1932, og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Úrskurðinum 21. dez. 1928 hefir að vísu ekki verið áfrýjað, en þar sem fógetann brast vald til að

ákveða dagsektir á hendur gjörðarþola (áfrýjanda) til þess með því að þvinga hann til að afhenda skjöl þau, sem krafizt var af honum, er úrskurðurinn að þessu leyti lögleysa og er hann því ekki lögmætur fjárnámsgrundvöllur til innheimtu dagsektanna. Það verður því þegar af þessari ástæðu að ómerkja hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð samkvæmt kröfu áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum þykir vera rétt að dæma stefnda til þess að greiða, áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 150 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður er úr gildi felldur. Hinir stefndu, Gunnar Ólafsson, Þorsteinn Johnson og Jón Ólafsson, f. h. h/f Drátt-arbraut Vestmannaeyja, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Það er undantekningarlaus regla, að ekki má krefja hliðstæða dómstóla úrskurðar um sama atriði og þeir eru búnir að kveða upp um og eins hitt, að þeir hafa ekki rétt eða vald til að breyta sjálfs sín dómum og úrskurðum. Kemur því hér til álita hvort þessi regla um að „dæmt er dæmt" nær til þess þegar eins stendur á og hér. Því verður ekki neitað, að svo horfir við frá einni hlið litið, eins og gjörðarþoli heldur fram að leitað sé enn úrskurðar um atriði, sem þessi réttur sé þegar búinn að úrskurða um, sem sé hvort fjárnám beri að gera fyrir dagsektum eftir úrskurðinum frá 21. dez. 1928. Hinsvegar, og á það verður frekar að líta, er nú leitað úrskurðar um nýtt atriði í þessu sambandi, sem ekki hefir verið úrskurðað um

og um framgang gerðarinnar á nýjum grundvelli. Hér er vitanlega átt við að skjal eitt fannst í vörzlum gjörðarþola, sem honum bar að skila að viðlögðum hinum umkröfðu dagsektum. Það virðist tilgangur löggjafarinnar, að byggja fyrir, að menn geti ónáðað dómstólana með óendanlegum málaferlum um sama atriði og koma einnig hinu til leiðar, að dómarar veiki ekki traust á dómstólunum með þeim hringlandahætti að dæma eitt í dag og annað á morgun um hið sama. Þessi réttur lítur því svo á, að ekkert væri til fyrirstöðu því, að kveða upp aftur dóm t. d. í skuldamáli þegar ekki lá áður fyrir skuldabréf, en það fannst síðar, eftir dómsuppsögnina. Eins telur réttur inn sig skyldan að kveða nú upp úrskurð um framgang hinnar umbeðnu gjörðar þó að þessu hafi áður verið neitað, þar eð það atriði, sem nú er krafizt úrskurðar um, ekki hefir legið fyrir réttinum áður og ekki heldur gat legið fyrir honum af hálfu gjörðarbeiðanda.

Kemur einnig allskýrt í ljós hve hið nefnda formsatriði hefir lítið sér að baki þegar það er athugað, að með því að byrja fyrst á innsetningargjörðinni og síðan á fjárnáminu hefði gjörðarbeiðandi haft skýlausan óvéfengjanlegan rétt sín megin. Í hverri röð gjörðirnar eru framkvæmdar, virðist ekki eiga að skipta máli.

Kemur því til álita hverja þýðing það hefir fyrir framgang gjörðarinnar að gjörðarþoli sannanlega ekki afhenti skjal Dráttarbrautarinnar, sem var í vörzlum hans. Skal þá tekið fram að ekkert annað gat losað gjörðarþola frá afhendingarskyldunni, en að þetta væri honum ómögulegt. Til þess, sem er ómögulegt, ber engum skylda. En upplýst er að svo var ekki í þessu tilviki.

Nú verður að vísu að kannast við, að það er mjög mikið gjald fyrir ómerkilegt skjal, meira en 50000 kr., a. m. k., þar sem ekki eru því meiri efni fyrir. Einnig má segja, að þar sem bæði gjörðarbeiðandi og gjörðarþoli áttu heimting á að strax væri gerð leit að hinum umkröfðu skjölum og bókum, sé greiðsla þessarar peningafúlgu enn tilfinnanlegri. Og loks má geta þess, að ekki er loku fyrir það skotið, að gjörðarþoli hafi verið í góðri trú og jafnvel ekki ósennilegt. En þrátt fyrir þetta verður ekki hjá því komizt meðan fógetaréttarúrskurðurinn 21. dez. 1928 er í gildi að byggja á honum og úrskurða samkvæmt

framansögðu, að hið umbeðna fjárnám eigi fram að fara, því að sannað er, að gjörðarþoli gerði ekki það, sem þvingunarsektirnar lögðu honum á herðar, en gat þó gert það.

Miðvikudaginn 26. apríl 1933.

Nr. 28/1933. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Guðmundi Jónssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 27. jan. 1933: Kærði, Guðmundur Jónsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella komi í stað sektarinnar einfalt fangelsi í 15 daga. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Áfengið ásamt ílátinu skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að kærði hefir ekki gert sennilega grein fyrir því, hvernig umrætt áfengi var komið í vörzlur hans verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, sem eigi þykir að öðru leyti neitt athugavert við, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessu verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar er á-

kveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Jóhannessonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Jónssyni, til heimilisis á Njálsgötu 74 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Laugardagskvöldið 14. janúar s. l. gerði lögreglan húsleit hjá kærðum á heimili hans eftir ólöglegu áfengi. Við þá leit fann lögreglan tvo brúsa í svefnherbergi kærðs. Var annar 5 lítra blikkbrúsi, var hann vandlega vafinn innan í umbúðapappír og stóð hann í skoti, sem myndaðist milli klæðaskáps og kommóðu. Var úr brúsa þessum megn brugglykt og í honum var lítið eitt af vökva, sem að tilhlutan lögreglunnar hefir verið rannsakaður af efnarannsóknarstofu ríkisins, og reyndist alkóhólstyrkleiki þessa vökva 40% eftir rúmmáli. Hinn brúsinn, sem lögreglan fann í svefnherberginu var alveg tómur, en tveir lögregluþjónanna, sem þátt tóku í húsleitinni, hafa borið það fyrir réttinum, að brugglykt hafi og verið úr honum. Kærði kveðst hafa notað brúsa þennan undir mjólk og ekki vita til þess að brugg hafi verið í honum.

Hvað snertir áfengi það, sem að framan greinir, þá hefir kærði haldið því fram, að hann hafi fundið umræddan brúsa uppi í Skólavörðuholti og hirt hann, en segir að sér hafi verið ókunnugt um innihald hans. Aðra grein hefir honum ekki tekizt að gera fyrir áfenginu og hefir hann eindregið neitað því, að hann hafi bruggað sjálfur.

Þar sem kærða hefir ekki tekizt að sanna, hvernig fyrgreint áfengi er komið í vörzlur hans, þá ber samkvæmt

13. gr. 2. mgr. áfengislaga nr. 64 1930, að telja hann sekan um brot gegn 1. gr. nefndra laga, og með því að ekki verður talið, að hann hafi ætlað það til sölu, ber að tiltaka refsinguna eftir 2. tölulið 27. gr. áfengislaganna.

Kærður var í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 24. nóv. 1926 sektaður um 400 krónur fyrir ólöglega áfengissölu og með dómi sama réttar, uppkveðnum 8. nóv. 1927 dæmdur í 600 króna sekt fyrir ólöglega áfengisbruggun, en hefir ekki oftar sætt refsingu svo kunnugt sé. Með hliðsjón af því, hversu lítið áfengi hér er um að ræða þykir refsing kærðs hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan mánaðar, en ella sæti kærði í hennar stað einföldu fangelsi í 15 daga. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar. Áfengið með ílátinu skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 28. apríl 1933.

Nr. 28/1932. **Réttvísin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Sigfúsi Guttormssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Brot g. 205., sbr. 2. lið 204. gr. alm. hegnl.

Dómur aukaréttar Suður-Múlasýslu 9. apríl 1932: Ákærði, Sigfús Guttormsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í einn mánuð.

Hann greiði ennfremur allan kostnað sakarinnar þar á meðal 25 krónur til skipaðs verjanda Eiríks Bjarnasonar.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem segir í forsendum hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta hann. Eftir

þessum málalokum verður að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Rannsókn málsins er að því leyti ófullkomin, að betur hefði mátt upplýsa um húsakynnin á heimili ákærða en gert hefir verið, og að átt hefði að reyna til að afla frekari upplýsinga um andlegan þroska barns þess, er í dóminum greinir.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigfús Guttormsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu réttvísinnar höfðað fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu gegn ákærðum, Sigfúsi Guttormssyni, áður bónda á Dalhúsum í Eiðahreppi, nú til heimilis á Krossi í Fellnahreppi, fyrir brot á 18. kap. hegningarlaganna og eru atvik málsins þessi:

Sumarið 1929 kom hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps barninu, Ingibjörgu Ásgerði Jónsdóttur, sem er fáviti, og þá var 10 ára að aldri, fædd 5. maí 1919, fyrir á Dalhúsum í Eiðahreppi, þar sem ákærði bjó. Gerði oddviti Eskifjarðarhrepps samning við ákærða hinn 7. nóv. s. ár, þar sem ákærði tók að sér framfærslu barnsins frá 29. júlí 1929 til 29. júlí 1930 fyrir 1260 kr. meðlag á ári. Dvaldi Ingibjörg á Dalhúsum samningsárið, en að þeim

tíma liðnum var engin sérstök ráðstöfun gerð um framfærslu hennar og dvaldist hún áfram hjá ákærða óumsamið. Í sept. 1930 kom ákærði til Eskifjarðar og hitti oddvita að máli. Greiddi oddviti honum þá meðlag með barninu til septembermánaðarloka. Mun oddviti jafnframt hafa farið fram á það við ákærða, að hann hefði Ingibjörgu áfram fyrir lægra meðlag, en ákærði ekki viljað ganga inn á það. Að öðru leyti hefur framburður ákærða og oddvitans verið ósamhljóða um það, hvað þeim hafi farið á milli í þetta skipti. Kveðst oddviti hafa sagt ákærðum, að hann þyrfti að bera það undir hreppsnefndina hvort Ingibjörgu skyldi komið annarsstaðar fyrir og skyldi hann láta ákærða vita, ef svo yrði. En ákærði heldur því fram, að oddviti hafi lofað að láta sig vita um úrslitin, með næstu póstferð.

Seint í nóvember sama haust hafði ákærður enga tilkynningu fengið frá oddvita, þessu viðkomandi, kveðst hann þá hafa farið til næstu símastöðvar og ætlað að ná tali af oddvita, en það hafi ekki tekizt og 2 dögum seinna hafi hann frétt að búið væri að koma barninu fyrir á Freyshólum í Vallahreppi og búizt því við, að barnið yrði sótt þegar minnst varði. Nokkru eftir að þeir hittust, ákærði og oddviti, kveðst oddviti hafa farið fram á það við bóndann á Freyshólum, að hann tæki Ingibjörgu fyrir 1000 króna meðlag á ári, en ekki fengið ákveðin svör frá honum fyrr en eftir hátíðir, að hann tilkynnti oddvita, að hann gæti tekið barnið, hvort heldur væri þá þegar, eða ekki fyrr en næsta vor, en ekkert varð þó úr því þá, að Ingibjörg væri tekin frá Dalhúsum.

Um hvítasunnuleytið 1930 hafði móðir Ingibjargar, sem er búsett á Eskifirði, farið kynnisför upp að Dalhúsum. Lét hún þess getið við oddvita, er hún kom heim aftur, að ekki mundi fara vel um Ingibjörgu á Dalhúsum. Var hún síðan af og til að ala á því við oddvita að taka barnið þaðan, þar til svo samdist með þeim um síðir, að hún skyldi taka barnið til sín fyrir 1000 króna meðlag á ári. Rétt á eftir var svo Ingibjörg sótt og kom heim til móður sinnar hinn 7. marz 1931.

Samkvæmt vottorði héraðslæknisins á Eskifirði, sem skoðaði Ingibjörgu hinn 10. s. m. var hún þá mjög mögur útlits; handleggir og fætur grannir, lítil fita undir húð,

hæð 140 cm., þyngd 27,9 kg., en meðalþyngd eftir aldri og hæð telur læknir eiga að vera 33 kg. Í báðum hnésbótum voru 5—6 cm. langir, 2ja cm. breiðir, harðir, grunnir marblettir, sem læknir telur líklegt að séu för eftir hönd. Fætur voru bláir (cyanatiskir) að lit, sérstaklega tær og nokkur bjúgur um ökla. Á lendum og baki hafði hún útbrot, talsvert útbreidd, með graftrarbólum sumstaðar. Hún var mjög máttlítil þurfti stuðning er hún steig í fæturnar, lá með kreppta fætur og virtist mjög hrædd, er komið var nálægt þeim.

Maður sá, sem sótti Ingibjörgu að Dalhúsum, telur hana hafa verið mjög máttfarna og hafi hún virzt mjög svöng, því hún borðaði með mikilli áfergju þann mat, sem henni var gefinn á leiðinni heim.

Hinn 4. apríl s. á. eða tæpum 4 vikum eftir að Ingibjörg kom heim, skoðaði héraðslæknirinn hana aftur. Voru þá marstrengirnir í báðum hnésbótum horfnir, útbrotin voru sömuleiðis bötnuð, en eftir bláleit ör, en engar graftrabólur. Hafði þún þyngst um 2,6 kg. og máttur hennar aukizt mikið, gat staðið stundarkorn óstudd, sömlueiðis voru allar hreyfingar, sérstaklega í hnéliðum liðlegri og hræðslan við að komið væri nálægt fótum hennar virtist horfin.

Loks hefir héraðslæknir skoðað Ingibjörgu 3. og 7. marz þ. á. og telur hann holdafar og líkamlegan þroska hennar í mjög góðu lagi, hæð 151,5 cm. og þyngd 44 kg. Telur læknir sig ekki geta fundið neitt, er bendi á varanleg mein eftir dvöl hennar á Dalhúsum.

Samningsárið 1929—1930 kveðst ákærði hafa haft vinnumann og vinnukonu, meðal annars með það fyrir augum, að barnið þyrfti sérstakrar umhirðu við, en sumarið 1930 og veturinn á eftir voru ekki aðrir heimilismenn á Dalhúsum, auk Ingibjargar, en ákærði og kona hans. Var Ingibjörg, að sögn þeirra hjóna, höfð í baðstofunni um sumarið, en er kólna tók í veðri um haustið var hún flutt út í fjós og höfð þar síðan dag og nótt, unz hún var tekin frá Dalhúsum í marzmánuði 1931. Var slegið upp rúmi fyrir hana á tröðinni í fjósinu og tjaldað í kring með striga. Pallur var fyrir framan rúmið og trébekkur til að sitja á. Í rúminu var heydýna, þar á ofan segldúkspjatla og línbrigði, yfirsæng og koddi. Hefir

ákærði, og sömuleiðis kona hans, stöðugt neitað því, að Ingibjörg hafi verið bundin í fjósinu, heldur aðeins lokuð þar inni og hafi hún getað hreyft sig um fjósið, en hún hafi mest hafzt við á pallinum fyrir framan rúmið, þegar hún ekki lá í rúminu. Dimmt virðist hafa verið í fjósinu og þungt loft, en hiti sæmilegur. Var innangengt úr bænum í fjósið gegnum stutt göng. Ljós segir ákærði, að hafi verið haft hjá Ingibjörgu á daginn, eftir að fór að skyggja, en slökkt er hún fór að sofa. Kveðst ákærði hafa tekið þetta ráð af því að enginn ofn hafi verið í baðstofunni og því afar kalt þar og eftirlitslaust hafi ekki heldur verið hægt að hafa barnið í mannahýbýlum.

Ákærði hefir stöðugt neitað því, að Ingibjörg hafi ekki fengið nóg að borða, en við rannsókn málsins hefir það komið í ljós að hún gat ekki borðað allan mat hjálparlaust og hafði það til að fleygja matnum og að þess hefir ekki ávalt verið gætt, að hún borðaði þann mat, sem fyrir hana var borinn. Hefir ákærði ekki gefið aðra skýringu á því hve mögur hún var, en að hún hafi verið lasin í nokkra daga áður en hún fór og muni þá hafa lagt eitthvað af. Ekki var þó Ingibjörgu leitað læknishjálpar, hvorki þá eða í annan tíma á meðan hún dvaldi á Dalhúsum.

Hvorki ákærði né kona hans hafa kannast við að þau hafi tekið eftir marblettum í hnésbótum Ingibjargar, en konan heldur því fram, að svo dimmt hafi verið í fjósinu, að hún hafi ef til vill ekki tekið eftir þeim af þeirri ástæðu, en kveðst þó hafa þvegið barninu daglega. Hinsvegar var þeim kunnugt um, að Ingibjörg hafði bjúg í fótum, sem þau telja, að stafað hafi af því, að hún var ávallt blaut í fætur og sömuleiðis vissu þau um útbrotin á baki hennar og lendum. Hefir ákærði haldið því fram, að hún hafi haft þessi útbrot er hún kom að Dalhúsum. Móðir Ingibjargar neitar því aftur á móti, að hún hafi haft nokkur útbrot, er hún fór frá henni — og hafa 2 vitni staðfest þennan framburð móðurinnar.

Kona ákærða hefir viðurkennt, að hún hafi ekki getað sýnt barninu nógu mikla nákvæmni, þar sem hún var oftast ein í bænum. Var hún vanfær um þessar mundir, ól barn í janúarmánuði, og var mjög lasburða eftir barnsburð. Hafi þetta allt dregið úr vinnukröftum sínum og

starfsþreki. Ákærði hefir og kannazt við, að ekkert vit hafi verið í að hafa barnið á Dalhúsum yfir veturinn, með þeim heimilisástæðum, sem fyrir voru. Hefði t. d. þurft að setja upp ofn í baðstofuna og eins hefði hann þurft að kaupa sér aðstoð til þess að hafa umsjón með barninu, en hann hafi ekki ráðizt í þennan kostnað vegna óvissunnar um það, hvort Ingibjörg yrði áfram hjá sér eða ekki. Hefir ákærði sérstaklega fært sér það til málsbótar, að Ingibjörg hafi í raun og veru verið óumsamið og í reiðuleysi hjá sér eftir viðtal sitt við oddvita Eskifjarðarhrepps í sept. 1930. Hafi hann getað búizt við að Ingibjörg yrði sótt á hverri stundu, sérstaklega eftir að hann frétti að búið væri að koma henni fyrir annarsstaðar.

Af vottorði héraðslæknisins og öðru, sem upplýst er í málinu, er það löglega sannað, að Ingibjörg var mjög mögur er hún kom frá Dalhúsum og svo máttlítil, að hún þurfti stuðning er hún steig í fæturna, að hún hafði allstóra marbletti í báðum hnésbótum, bjúg í fótum og útbrot með graftrarbólum um bak og lendar, og með hliðsjón af því, að hún virðist ekki hafa verið haldin af neinum sjúkdómi, sem þetta gæti stafað af, að hún nær sér tiltölulega mjög fljótt, þyngist um 2.6 kg. á fyrstu 3—4 vikum og grær sára sinna á sama tíma, þykir alveg vafalaust, að skortur á nægilegri fæðu, léleg aðbúð og vanhirða hafi verið orsök þessa eymdarástands, er hún var í, er hún var tekin frá Dalhúsum og, að hún hafi í raun réttri verið að veslast upp fyrir vöntun á hinum sjálfsögðustu lífsskilyrðum: svo sem nægilegri fæðu, ljósi og lofti. Þess ber þó að gæta, að gegn neitun ákærða er það ekki sannað, að barnið hafi, vísvitandi verið svelt, heldur mun um að kenna að þess hafi ekki verið gætt sem skyldi, að hún borðaði þann mat, sem fyrir hana var borinn.

Hinsvegar verður það að teljast alveg óforsvaranleg meðferð á Ingibjörgu, að hafa hana innilokaða dag og nótt í loftlitlu og dimmu fjósi vetrarmánuðina 1930—1931, sem hún dvaldi á Dalhúsum. Ákærði hefir að vísu borið það fyrir, að ekki séu einsdæmi að fávitar hafi verið hafðir í fjósum og þó rétt muni vera, að slíkt hafi áður komið fyrir á landi hér, þá er það síst til eftirbreytni og alveg óafsakanlegt að beita svo miskunarlausri meðferð við barn á aldur við Ingibjörgu.

Ákærði hefir einnig fært sér til málsbótar, að Ingibjörg hafi, í raun og veru verið óumsamið og í reiðuleysi hjá sér frá því í sept. og eigi því hreppsnefnd Eskifjarðar sök á því, hve illa tókst til; en þótt hreppsnefndin hafi sýnt lítt skiljanlegt tómlæti í öllu þessu máli, bæði með því að ráðstafa ekki barninu strax og samningstími var útrunninn og eins með því að ganga ekki miklu fyrr úr skugga um hvernig henni liði á Dalhúsum, þrátt fyrir ítrekaðar umkvartanir yfir meðferðinni, þá losar þetta ekki út af fyrir sig ákærða við ábyrgð. Því honum bar, að sjálfsögðu að tilkynna hreppsnefndinni, ef hann leit svo á, að barnið væri í reiðuleysi hjá sér, að hann gæti ekki haft það lengur, þegar hann sá fram á, að hann gat ekki látið því líða sómasamlega vegna erfiðra heimilisástæðna.

Ákærði hefir því, að áliti réttarins, með þessu athæfi gerzt brotlegur gegn 205. gr., sbr. 2. lið 204. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. En með því, að heimilisástæður ákærða voru mjög erfiðar um þessa mundir, þar sem ekki var annað heimilismanna, en þau hjónin og konan vanfær og lasburða og með hliðsjón af því, að mjög ógreinilega var gengið frá samningum við ákærða í sept. 1930, þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 1 mánuð.

Ennfremur greiði ákærður allan kostnað sakarinnar, þar með talið 25 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda Eiríks Bjarnasonar.

Rekstur málsins hér fyrir réttinum hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 28. apríl 1933.

Nr. 56/1932. **Hulda Þorsteinsson**
gegn
Einari Kr. Guðmundssyni

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hulda Þorsteinsson, er eigi mætir í

málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hún og stefnda, er hefir látið mæta, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1933.

Nr. 116/1932. **Jónatan Þorsteinsson**

gegn

Margréti Zoëga.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jónatan Þorsteinsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta, 50 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1933.

Nr. 177/1932. **Kristján Kr. Kristjánsson o. fl.**

gegn

Pétri Jakobssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kristján Kr. Kristjánsson, Kristján S. Kristjánsson og Þórður Thoroddsen, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Föstudaginn 28. apríl 1933.

Nr. 12/1933. **Óskar Halldórsson**

gegn

skiptaráðanda Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 1. maí 1933.

Nr. 175/1932. **Réttvísin og valdstjórnin**

(Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Hjalta Benónýssyni (Guðm. Ólafsson).

Brot g. 102. gr. al. hegnl. o. fl.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 8. júlí 1932: Kærður, Hjalti Benónýsson, Hábæ á Akranesi, greiði 300 kr. sekt í ríkissjóð og komi 21 dags einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málfærslulaun til talsmanns síns, Magnúsar Jónssonar, 12 kr.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með framhaldsrannsókn þeirri, sem fyrirskipuð var með úrskurði hæstaréttar 16. jan. þ. á., má telja það upplýst, að ákærði hafi vitað, að kærandi,

lögreglustjórinn á Akranesi, var í þessari stöðu og að hann var að gegna henni þegar ákærði veittist að honum með þeim hætti, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir. Hefir ákærði með því atferli sínu gerzt brotlegur eftir 102. gr. almennra hegningarlaga, og með því að ákærði var ennfremur áberandi ölvaður á almannafæri við umrætt tækifæri, hefir hann einnig gerzt brotlegur eftir 16. gr. laga nr. 64/1930. Þykir refsing hans fyrir brot þessi hæfilega ákveðin 200 króna sekt í ríkissjóð, er afplána skal með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hjalti Benónýsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, en ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, þá skal hann sæta 15 daga einföldu fangelsi. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanna Bjarna Þ. Johnson og Guðmundar Ólafssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað gegn ákærða fyrir brot á 12. kap. hinna almennu hegningarlaga og áfengislöggjöfinni og eru tildrögin þessi:

Hinn 29. marz s. l. kom kærður upp á Akranes sunnan úr Reykjavík og var þá mikið ölvaður er hann steig á land. Veittist hann þá að lögreglustjóra er var við eftirlit þar á bryggjunni og þreif af honum hattinn og vöðlaði honum saman og varð úr þessu togstreita nokkur milli lögreglustjóra og kærðs. Brot þetta virðist bera að heimfæra undir 99. gr. hinna alm. hegningarl. 2. málsgr. Svo hefir hann og gerzt brotlegur gegn áfengislögunum með því að vera ölvaður á almannafæri. Refsing sú er hann hefir unnið til virðist hæfilega ákveðin 300 kr. sekt í ríkissjóð og komi 21 dags einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til talsmanns síns, Magnúsar Jónssonar, 12 kr.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 3. maí 1933.

Nr. 139/1933. Valdstjórnin (Pétur Magnússon)

gegn

Jacob Visser (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 25. júní 1932: Kærður, Jacob Visser, greiði 15000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í b/v. P. G. 389 „Albert Sturm", séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjókort stað varðskipsins „Maagen" kl. 12,06, kl. 12,32 og kl. 12,44 þann 23. júní f. á., er botnvörpungurinn „Albert Sturm" var stöðvaður, samkvæmt mælingum varðskipsforingjans. Segir forstöðumaðurinn, að staður sá, er varðskipið ætti að hafa verið á samkvæmt staðarákvörðun hans kl. 12,32, komi mjög vel heim við miðið, sem gert var þá. Ennfremur hefir forstöðumaður stýrimannaskólans dregið staðarlínu, bjúglínu, á kortið, fundna með hornmælingu milli eystra og vestra sjómerkisins á Meðallandssandi kl. 12,44, nefndan dag. Er sú staðarlína nær alstaðar innan við landhelgilínu, og sá punktur í periferíu þessa hrings, sem varðskipið var þá á, lendir alllöngum spöl innan við landhelgislínu, en togarinn var þó þá enn nær landi. Telur forstöðumaðurinn því, að það hafi litla þýðingu, þótt hornið milli Hjörleifshöfða og vestra sjómerkisins á Meðallandssandi, sem notað var við staðarákvörðun varðskipsins, sé aðeins 5° 7′ — en af þessari ástæðu hefir verjandi viljað véfengja áreiðanleik staðarákvarðana varðskipsforingjans — með því að áðurnefndar athuganir hans, forstöðumannsins, taki af allan vafa um það, að togarinn hafi verið í landhelgi, þegar hann var tekinn. Með þessum athugasemdum og með tilliti til þess, að athuganir varðskipsforingjans voru gerðar um hádag og í góðu skyggni, verður að telja fullsannað, að áðurnefndur togari hafi verið í landhelgi, þegar varðskipið tók hann 23. júní f. á. Má því staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að sektin er ákveðin, með

hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, 17600 krónur og að greiðslufrestur hennar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun, skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að sektin ákveðst 17600 krónur og greiðslufrestur hennar 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði, Jakob Visser, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar 150 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Jakob Visser, skipstjóra á togaranum, Albert Sturm frá Wesermünde, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum. Málavextir eru þannig:

Varðskipið Maagen kom austan með landinu 22. þ. m. og gerði kl. 12,06 eftirfarandi staðarákvörðun:

Hjörleifshöfði (Varðan) rv. 259°
Eystra sjómerkið á Meðallandssandi 304° 5′
Stefnan rv. 235°

Um sama leyti sá varðskipið togara, sem hélt inn á land-

helgissvæðið og kl. 12,25 stansaði varðskipið til að gera nákvæmar staðarákvarðanir, og kl. 12,32 gerði varðskipið þessar staðarákvarðanir:
Hjörleifshöfði (Varðan)

$> 5° 34'$

Eystra sjómerkið á Meðallandssandi

$> 68° 33{,}5'$

Vestara sjómerkið á Meðallandssandi
Hatta $\neq$ vestara sjómerkið á Meðallandssandi
Dýpið mældist 110 metrar
Togarinn stefndi í rv. 260°
Kl. 12,35 dró varðskipið upp stöðvunarmerki og þar á eftir var skotið þremur aðvörunarskotum, en kl. 12,40 hafði togarinn snúið sér og stefndi út frá landi.

Kl. 12,42 skaut varðskipið skörpu skoti og eftir það hægði togarinn á ferðinni og byrjaði að draga inn stjórnborðsvörpuna, sem hann hafði haft í eftirdragi.

Kl. 12,44 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á varðskipinu og lá þá togarinn um 200 metrum fyrir innan varðskipið.
Hjörleifshöfði (Varðan)

$> 85° 49{,}5'$

Vestara sjómerkið á Meðallandssandi

$> 85° 49'$

Eystra sjómerkið á Meðallandssandi

Suðurhluti Höttu $\neq$ vestara sjómerkinu á Meðallandssandi. Fjarlægðin frá eystra sjómerkinu á Meðallandssandi var mæld og mældist 5000 metrar, sem skipherrann kveðst þó ekki staðhæfa sem alveg nákvæma.

Dýpið mældist með handlóði 100 metrar, en línan lá dálítið skáhalt, svo hið raunverulega dýpi mun hafa verið 87 metrar. Þessar mælingar kveður skipherrann sýna að togarinn hafi verið 1500 metra fyrir innan landhelgislínuna, þegar komið var að honum, svo hann mun hafa verið um 1 sjómílu fyrir innan landhelgislínuna áður, því að togarinn hafi legið 200 metrum innar en þar sem mælingin var gerð og hafi verið búinn að sigla út frá landi um 3 mínútur.

Einn af sjóliðsmönnum varðskipsins var sendur um borð í togarann og skipstjóra togarans fyrirskipað að

koma um borð í varðskipið og hafa með sér pappíra sína og sjókort. Skipherrann kveðst síðan hafa sýnt skipstjóranum staðarákvörðunina og fengið honum sextant til þess að hann gæti einnig gert sínar staðarákvarðanir. Kærður reyndi að mæla flatarhorn en hætti svo við það, hann reyndi einnig að mæla hæðarhorn til eystra sjómerkisins á Meðallandssandi en hætti einnig við það og kvaðst mundi gera það um borð í togaranum. Skipherrann kveðst þá hafa beðið kærðan að sjá um að maður yrði við frá varðskipinu er hann gerði þessar mælingar. Þetta gerði kærður ekki enda kveðst hann engar mælingar hafa gert eftir þetta, því togarinn hafi rekið svo mikið úr stað frá þeim tíma að hann var tekinn og til þess tíma að hann kom úr varðskipinu í togarann aftur.

Kærður hefir þær athugasemdir fram að færa við skýrslu varðskipsstjórans, að hún sé alls ekki rétt, og hann hefir neitað því mjög ákveðið, að hann hafi verið að veiðum innan landhelgi er varðskipið kom að honum, heldur kveðst hann hafa verið langt fyrir utan landhelgi.

Kærður telur að mælingar varðskipsins séu sérstaklega óáreiðanlegar vegna þess, að sjór hafi verið talsvert úfinn, nokkur stormur en varðskipið sé svo lítið og fari svo illa í sjó að mjög erfitt sé eða næstum ómögulegt að gera á því nákvæmar mælingar. Skipherrann telur þessa staðhæfingu alranga og bendir til þess, að staðarákvarðanir, sem hann hafi gert, séu staðreynd frá sinni hendi. Hann kveður varðskipið hafa haft segl uppi og vélin hafi verið í hægum gangi, og þegar svo sé liggi skipið fremur stöðugt í sjó. Það verður því að álíta, að þessi mótbára kærðs sé ekki á rökum reist.

Kærður telur sig sjálfan hafa gert staðarákvarðanir, sem sýni, að hann hafi verið á allt öðrum stað en mælingar varðskipsins ákveða, en þessar mælingar gerði hann einn, þær eru aðallega miðanir yfir kompás og ekki sannprófaðar nema að litlu leyti af stýrimanni hans. Það verður því ekki talið, að þessar mælingar fái hnekkt mælingum varðskipsins og verður því að leggja mælingar varðskipsins til grundvallar í þessu máli.

Það verður því að telja það sannað, að kærður í þessu máli hafi verið að veiðum í landhelgi með stjórnborðsvörpu, þegar varðskipið kom að honum kl. 12,44, 22. þ. m.

Kærður hefir því að áliti réttarins brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing sú sem hann hefir tilunnið fyrir það eftir 3. grein laganna samanber 1. grein laga nr. 4 frá 1924 hæfilega ákveðin 15000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, með tilliti til þess að gengi íslenzkrar krónu er nú í dag þannig, að hún jafngildir 60,63 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í b/v P. G. 389 „Albert Sturm", séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 3. maí 1933.

Nr. 29/1933. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni
(Lárus Jóhannesson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. febr. 1933:
Kærði, Þorvaldur Kristján Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga og greiði 800 krónur í sekt til ríkissjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella komi í stað sektarinnar einfalt fangelsi í 40 daga. Framangreind bruggunartæki og áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta

hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákvest 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma kærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði Þorvaldur Kristján Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Jóhannessonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni, til heimilis á Holtsgötu 17, hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina, eftir því sem upplýst er með eigin játningu kærðs og öðru sem fram hefir komið í málinu.

Hinn 16. þessa mánaðar gerði lögreglan, sem fengið hafði sterkan grun um að kærði bruggaði, húsleit hjá honum eftir ólöglegu áfengi og bruggunartækjum. Fann lögreglan þá hjá kærðum hálfbruggað áfengi á þrem ílátum, heiltunnu með ca. 150 lítrum, hálftunnu með ca 30 lítrum og kvartel með ca. 50 lítrum. Í íbúð kærðs voru

bruggunartæki sem samanstóðu af suðubrúsa úr blikki, eimingapípu og kæli og voru tækin í notkun, er lögreglan kom, og því brugg á suðubrúsanum. Af fullbrugguðu áfengi fundust ca. 2 lítrar á glerbrúsa. Sýnishorn voru tekin af áfengi þessu, sem rannsóknarstofa ríkisins hefir rannsakað og reyndist alkóhólmagið í þeim frá 10—48,8% eftir rúmmáli.

Kærði hefir kannazt við, að hann hafi bruggað framangreint áfengi og hefir hann skýrt nánar svo frá, að hann hafi byrjað að brugga skömmu fyrir jól og lagt þrisvar sinnum í samtals. Kveðst hann alls hafa fullbruggað um 15 heilflöskur auk þess sem hjá honum fannst, sem hann síðan seldi á 8 krónur flöskuna hinum og þessum, sem hann ekki hefir tilgreint.

Framangreint brot kærðs, sem ekki hefir áður svo kunnugt sé, sætt refsingu, ber að heimfæra undir 6. gr. sbr. 30. gr. og 11. gr. sbr. 32. gr. áfengislaganna nr. 64, 1930, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella komi í hennar stað einfalt fangelsi í 40 daga. Þá ber og að gera upptæk til ríkissjóðs bruggunartækin og framangreint áfengi og dæma kærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 5. maí 1933.

Nr. 132/1932. Felix Guðmundsson (Sjálfur)

gegn

Guðmundi Hannessyni og gagnsök

(Guðm. Ólafsson).

Meiðyrði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1932: Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Felix Guðmundsson, greiði 100 krónur í sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar ef hún verður ekki

greidd áður en aðfararfrestur er liðinn 7 daga einfalt fangelsi. Svo greiði stefndur stefnandanum, Guðmundi Hannessyni, kr. 91,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir krafizt þess fyrir hæstarétti, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt svo, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar á ákvæði dómsins um ómerkingu hinna átöldu ummæla og greiðslu málskostnaðar, en að refsing áfrýjanda verði þyngd svo sem lög frekast leyfa. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Hin átöldu ummæli, sem birtust í blaðinu „Sókn", 1. árg. 18. tbl. og aðaláfrýjandi er ábyrgðarmaður að, eru rétt eftir höfð í hinum áfrýjaða dómi. Með því að ummæli þessi eru meiðandi fyrir gagnáfrýjanda og aðaláfrýjandi hefir eigi réttlætt þau verður að dæma hann til refsingar fyrir þau samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin hæfilega ákveðin 200 kr. sekt í ríkissjóð, og afplánist hún með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með þessum breytingum ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti og er málskostnaðurinn ákveðinn 200 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að sektin ákveðst 200 kr. og komi í stað hennar 15 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Aðaláfrýjandi, Felix Guðmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Hannessyni, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í máli þessu, sem Guðmundur Hannesson hefir höfðað fyrir bæjarþinginu gegn Felix Guðmundssyni, mætti stefndur, sem hefir skjöl málsins að láni, ekki eða nokkur af hans hálfu, er málið var tekið fyrir 7. apríl s. l. Endurtók stefnandi þá og lét bóka kröfur sínar um það, að ummæli þau, sem stefnt er út af og hann kveður hafa birzt í blaðinu „Sókn" 12. febr. s. l. í grein með fyrirsögninni „Danska mamma borgar" verði dæmd dauð og ómerk, að stefndur verði dæmdur í þá þyngstu refsingu fyrir þau, sem lög leyfa og loks að hann verði dæmdur til þess að greiða kr. 91,00 í málskostnað. En ummælin eru svohljóðandi:

... en hvort hann tekur laun úr sama sjóði og Guðmundur Hannesson fær laun hjá fyrir að skrifa lognar andbanningafréttir í Morgunblaðið er oss ekki kunnugt. Þeir fá þó að vissu leyti báðir laun úr sama sjóði, frá vínbruggurum og vínsölum, það er af afrakstri þeirrar iðju að framkalla tár kvenna og barna".

Með því ummæli þessi verða að teljast mjög móðgandi fyrir stefnanda og engin andmæli liggja fyrir gegn framangreindum kröfum hans, þá ber að ómerkja ummælin að því leyti, sem þeim er beint að honum, og láta stefndan sæta refsingu fyrir þau. Þykir refsingin eftir atvikum

hæfilega ákveðin 100 króna sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, 7 daga einfalt fangelsi.

Svo skal stefndur og greiða stefnandanum málskostnað eins og krafist hefir verið.

Mánudaginn 8. maí 1933.

Nr. 184/1932. **Stefán Thorarensen** (Th. B. Lindal)
gegn
Matthíasi Einarssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Bifreiðaárekstur. Skipting tjónsins milli aðilja.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. ágúst 1932: Stefndur, Matthías Einarsson, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Stefáns Thorarensen, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Eftir því sem upplýst er í máli þessu verður að telja, að bifreiðarstjórar beggja bifreiðanna eigi sök á árekstri þeim, sem ræðir um í málinu, bifreiðarstjórinn á bifreið stefnds með því að hafa eigi ljós á bifreið sinni, með því að gefa ekki hljóðmerki, er hann kom að gatnamótunum, og með því að aka of hratt, og bifreiðarstjórinn í bifreið áfrýjanda með því að aka á miðjum vegi, með því að hafa eigi keðju á hjólum bifreiðar sinnar þótt hálka væri, auk þess sem hann hvorki gaf hljóðmerki, er hann kom að gatnamótunum, né hafði nægileg ljós á bifreið sinni. Ennfremur ók hann hraðara en leyfilegt var og er enda líklegt að hraði hans hafi verið nokkru meiri en hann hefir kannazt við. Þar sem sökin af árekstrinum þannig er

beggja megin, ber málsaðiljum samkvæmt lögjöfnuði frá 2. málsgr. 225. gr. siglingalaga, nr. 56, 30. nóv. 1914 og 3. málsgr. 31. gr. laga um loftferðir, nr. 32, 14. júní 1929 og með hliðsjón af 16. gr. laga um notkun bifreiða, nr. 56, 15. júní 1926 að bæta skaða þann, er hlauzt af árekstri bifreiðanna, að tiltölu við sök bifreiðarstjóranna hvors um sig. Af því hvernig atvikunum að árekstrinum var varið verður að telja, að bifreiðarstjórinn á bifreið áfrýjanda eigi mun meiri sök á árekstrinum en bifreiðarstjórinn á bifreið stefnds og þykir því rétt að tjónið, sem af árekstrinum hlauzt skiptist þannig milli aðilja, að áfrýjandi beri tvo þriðjunga þess, en stefndur einn þriðjung, og með því að í þessu máli aðeins er að ræða um bætur á skaða þeim, er bifreið áfrýjanda varð fyrir við áreksturinn, ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þriðjung af því tjóni eða kr. 76,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 27. nóv. 1931 til greiðsludags, en málskostnaður í undirrétti og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Matthías Einarsson, greiði áfrýjanda, Stefáni Thorarensen, kr. 76,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 27. nóv. 1931, til greiðsludags.

Málskostnaður í undirrétti og hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:
Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað

fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. dez. f. á., af Stefáni Thorarensen lyfsala, hér í bæ, gegn Matthíasi Einarssyni, lækni, Höfða, hér við bæinn til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 228.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 27. nóv. f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 27. jan. f. á. varð árekstur milli bifreiðanna R. E. 713, sem er eign stefnds og stjórnað var af syni hans Matthíasi og R. E. 781, eign stefnanda, en stjórnað af Þorvaldi Egilsen, bifreiðarstjóra, á mótum Suðurgötu og Skothúsvegar hér í bænum. Skemmdust bifreiðarnar við þennan árekstur og telur stefnandi bifreiðarstjórann á R. E. 713 eiga alla sök á árekstrinum, með því að honum hafi verið skylt að nema staðar og bíða meðan bifreiðin R. E. 781 færi um gatnamótin, samkv. 31. gr. lögreglusamþykktarinnar. Þá hafi hann og ekið inn á gatnamótin ljóslaust og hratt og án þess að gefa hljóðmerki. Hefir stefnandi ekki getað fengið tjónið á bifreið sinni, sem nemur eftir framlögðum reikningi hinni umstefndu upphæð, bætt að fullu hjá vátryggingarfélagi því, sem bifreiðin var tryggð í og hefir því höfðað mál þetta gegn stefndum, sem ábyrgum eiganda R. E. 713, til greiðslu þess.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Reisir hann sýknukröfuna á því, að tjónið hafi meðal annars orsakast af gáleysi bifreiðarstjórans á bifreið stefnanda, þar sem hann hafi ekið með ófullnægjandi ljósum og án þess að gefa hljóðmerki um gatnamótin.

Út af samakstrinum hefir farið fram lögregluréttarrannsókn og hefir stefnandi lagt fram útskrift úr lögregluþingbók Reykjavíkur af rannsókninni, sem hefir leitt í ljós að árekstrinn hefir orðið með þeim hætti, að bifreiðin R. E. 713 er á leið vestur Skothúsveg, en R. E. 781 á leið norður Suðurgötu, er þær koma saman á mótum nefndra gatna eins og að framan greinir. Árekstrinn varð eftir kl. 4 umræddan dag og var því skylt að hafa ljós tendrað á bifreiðunum samkv. 43. gr. lögreglusamþykktarinnar, en R. E. 713 var ljóslaus og R. E. 781 aðeins með svonefndum „parkljósum“, en bílstjórinn kveður þau hafa lýst lítið með því að krapahríð hafi verið og húðað á

glerin. Hvorugur bifreiðastjóranna minnist þess að hafa gefið hljóðmerki og sama er að segja um vitni þau, sem voru í bifreiðinni R. E. 713 og yfirheyrð hafa verið af lögreglunni. Bifreiðarstjórinn á R. E. 713 kveðst ekki hafa ekið á meir en 20 km. hraða á klukkustund. Er hann var kominn fast að umræddum gatnamótum sá hann R. E. 781. Setti hann þá hemlana strax á bifreið sína til þess að forðast árekstur, en hún rann þó áfram 1,75 metra inn á Suðurgötu og varð áreksturinn þar, en við hann snerist bíllinn til norðurs á götunni. Bifreiðarstjórinn á R. E. 781 kveðst hinsvegar hafa verið á 22 km. hraða, er áreksturinn varð, sem næst miðjum vegi og segist hann ekki hafa orðið R. E. 713 var fyrr en í sömu andránni og bifreiðunum lenti saman. Bremsaði hann þá og sneri samtímis til vinstri og rann bifreiðin að hans sýn hálfa aðra lengd sína eftir áreksturinn en samkv. uppdrætti lögreglunnar hefir hún runnið 8 metra eftir samreksturinn og lent loks á kirkjugarðsveggnum, sem liggur að vestanverðum gatnamótunum. Af framangreindu virðist því ljóst, að báðir bifreiðarstjórarnir hafi ekið hraðar en svo að þeir gætu stöðvað bifreiðarnar þegar í stað og hafa þeir því brotið ákvæði 46. gr. lögreglusamþykktarinnar og 6. gr. bifreiðal. um ökuhraða, enda undirgengust þeir báðir sektir í lögregluréttinum til þess að losna við málssókn út af ökuslysi þessu.

Rétturinn lítur nú svo á, að með tilliti til þess sem að framan greinir, að bifreiðarstjórarnir eigi báðir nokkra sök á slysi því, er hér um ræðir og verður því hvorugur bifreiðaeigendanna talinn fullábyrgur fyrir tjóninu sem af því hlauzt. Það verður því að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnanda í máli þessu en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Vegna annríkis dómarans hefir ekki verið unnt að kveða upp dóm í máli þessu fyrr en nú.

Mánudaginn 8. maí 1933.

Nr. 160/1932. **Sigurgeir Guðjónsson**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Ingibjörgu Stefánsdóttur
(Bjarni Þ. Johnson)
og Einari Ólafi Einarssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur einkalögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. marz 1931: Vinni stúlkan Ingibjörg Stefánsdóttir, nú til heimilis á Bústöðum í Reykjavík, eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að Sigurgeir Guðjónsson vinnumaður, til heimilis á Hliði í Grindavík í Gullbringusýslu, sé eða geti verið faðir að barni hennar, er hún ól 8. marz 1929, og í skírninni hlaut nafnið Fjóla, og enginn annar, ber að telja velnefndan mann föður að því, og hann skyldan til að greiða meðlag með barni þessu samkvæmt yfirvaldsúrskurði, og greiði þá barnsfaðir allan af málinu löglega leiðandi kostnað, eins og það eigi væri gjafsóknarmál, þar á meðal þóknun til skipaðs talsmanns barnsmóður, lögfræðings Magnúsar Thorlacíus í Reykjavík, er ákveðst 40 krónur. — Eiðsfrestur telst 1 mánuður frá lögbirtingu dóms þessa, svo er og um fullnæging dómsins að öðru leyti.

Treystist kærandi eigi til að vinna eið þennan, skal kærður vera sýkn af kærum hennar og kröfum í máli þessu.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, Sigurgeir Guðjónsson, hefir tvímælalaust kannazt við það, að hann hafi haft samfarir við stefndu, Ingibjörgu Stefánsdóttur, í júnímánuði 1928. Vörn sú er hann kveðst hafa haft til að afstýra barnsgetnaði og í hinum áfrýjaða dómi greinir, verður ekki talin nægileg til að firra hann ábyrgð vegna téðra samfara. Aðalkrafa hans

um sýknu, ef hann vinni eið að því, að hann hafi viðhaft umrædda vörn, verður því ekki tekin til greina.

Meðstefndur, Einar Ólafur Einarsson, hefir ekki treyst sér til að neita því, að hann kunni einnig að hafa haft samfarir við stefndu, Ingibjörgu Stefánsdóttur, í júnímánuði 1928, eins og hún hefir eindregið haldið fram. Því verður stefndur, Einar Ólafur,, hvorki sýknaður né honum veittur kostur á að synja með eiði fyrir samfarir við Ingibjörgu á því tímabili, sem barn hennar er undirkomið á, eins og hann hefir krafizt.

Samkvæmt þessu, verður í samræmi við varakröfu áfrýjanda, að dæma áfrýjanda og stefnda, Einar Ólaf, samkvæmt 19. gr. laga nr. 46/1921, til þess að greiða in solidum meðlag eftir úrskurði yfirvalds með barni stefndu Ingibjargar, Fjólu, sem fæddist 8. marz 1929, til fullnaðs 16 ára aldurs.

Stefnda, Ingibjörg, hefir ekki áfrýjað héraðsdóminum í máli þessu, og verður því ekki ákveðið hér um greiðslu til hennar samkvæmt 29. gr. áðurnefndra laga.

Stefnda, Ingibjörg, hefir fengið gjafsókn í héraði og gjafvörn fyrir hæstarétti. Ákvæði héraðsdómsins um þóknun skipaðs talsmanns hennar þar þykir mega staðfesta. Málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar fyrir hæstarétti, 50 krónur, greiðist af ríkissjóði, en að öðru leyti þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Sigurgeir Guðjónsson, og meðstefndi, Einar Ólafur Einarsson, greiði in

solidum eftir úrskurði yfirvalds meðlag með barni stefndu, Ingibjargar Stefánsdóttur, Fjólu, sem fæddist 8 marz 1929, til fullnaðs 16 ára aldurs. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um þóknun skipaðs talsmanns stefndu, Ingibjargar, í héraði eiga að vera óröskuð. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu, Ingibjargar, fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Bjarna Þ. Johnson, 50 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti falli málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 8. marzmánaðar 1929 ól kærandi þessa máls, stúlkan Ingibjörg Stefánsdóttir, meybarn, er í skirninni hlaut nafnið Fjóla, og hefir hún lýst föður að barni þessu Sigurgeir Guðjónsson, vinnumann, til heimilis á Hliði í Grindavík, sem að vísu hefir kannazt við að hafa haft holdlegt samræði við kæranda í júnímánaðarbyrjun 1928 á þeim stað, er barnsmóðir tilgreinir og um það leyti, eða 7. s. m. en þar sem hann í umrætt skipti hafi notað við samræðið getnaðarverju, sem hann hafi sýnt barnsmóður eftir samræðið, og að hún væri heil, synjar hann fyrir að vera faðir barns þessa, eða heldur því fram, að samræði þetta eigi hafi getað orðið þess valdandi, að stúlka þessi yrði vanfær, en þar áður hafi hann ekki haft holdlegar samfarir við barnsmóður, nema í byrjun febrúar það ár, og svo þar áður, en oftast nær með verju, þar honum hafi verið kunnugt um að stúlka þessi væri talin breyzk vera þar í Grindavík, og hefir kærður undir rekstri málsins tilgreint 3 aðra menn, er að líkindum gætu verið einhver þeirra, feður að barni þessu, en 2 þeirra hafa fyrir rétti eindregið neitað, að hafa nokkurntíma haft holdleg mök við kæranda, og einn þeirra, unglingspiltur, Ólafur Einar Einarsson í Garðhúsum í Grindavík, kveðst eigi muna eftir því, að hann í júní-

mánuði 1928 hafi átt holdlegt samræði við barnsmóður, en þar á móti um páskaleytið s. á. — Barnsmóðir hefir að því er pilt þennan áhrærir, skýrt frá því fyrir rétti, að hann 21. júní 1928 hafi haft samræði við hana á tilgreindum stað, en þá segist hún hafa verið orðin fullviss um að hún væri barnshafandi orðin, eða vitað að svo væri — merkt það á því, að hún hefði haft flökurleik, og einnig verið máttlaus að morgni til, og hafi hún verið búin að vera með þessa tilkenningu um viku tíma áður en samræðið við umgetinn pilt átti sér stað, og einnig fundið til leiðinda í kroppnum, sem hún ekki hafi getað hugsað sér að stafaði af öðru en því, að hún væri barnshafandi orðin.

Krefst kærandi þess, að kærður verði dæmdur faðir að fyr umgetnu barni hennar, og til að greiða meðlag með því samkvæmt úrskurði yfirvalds, lögum samkvæmt, en kærður krefst sýknunar af fyrgreindri ástæðu, eða til vara, að hann verði algerlega sýknaður af kærum og kröfum kæranda, vinni hann eið að því, að hann við holdlegar samfarir við kærandi í umrætt skipti, hafi haft eða notað verju, sem hefir verið heil og ósköddud eftir samfarir þessar.

Kærandi kveðst ekkert muna eftir því, að kærður í margumrætt skipti, eða yfir höfuð nokkurntíma við samfarir, hafi sýnt henni getnaðarverju, né heldur umgetinn piltur. — En enda þótt svo hafi verið, og umrædd verja sjáanlega heil og ósköddud, að þeirra áliti, er eigi þar með nein ábyggileg vissa fengin fyrir öryggi að því er útilokun getnaðarmöguleika snertir, enda og eindregin sannfæring barnsmóður um það, að kærður og enginn annar geti verið faðir að umgetnu barni hennar, byggð á heilsuástandi hennar áður en hún hafði samræði við piltinn, Ólaf Einarsson, er styðst við vottorð læknis, um að hún geti hafa verið orðin vanfær, og þykir því rétt vera, að úrslit máls þessa, með hliðsjón af ákvæðum 15. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, sé undir því komin, hvort barnsmóðir eða kærandi þessa máls, staðfesti þann framburð sinn, að kærður sé faðir að barni hennar eða eigi.

Miðvikudaginn 10. maí 1933.

Nr. 81/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
James Shaughnessy (Lárus Fjeldsted).
Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. maí 1932: Kærður, James Shaughnessy, greiði 15000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi 6½ mánaðar einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri þar með talir dragstrengir í b/v H 342, Kingston Garnet, séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík hefir meðal annars markað stað varðskipsins „Óðinn" kl. 6,23 árdegis 2. maí f. á., er varðskipið setti út dufl í kjölfar togarans „Kingston Garnet", og staðfestir sú staðarákvörðun þá niðurstöðu varðskipsyfirmannanna, að nefndur togari hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi. Með þessari athugasemd ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að sektin ákveðst, með tilliti til dags gengis íslenzkrar krónu, sem nú er 55,52, 18200 krónur, og komi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, 7 mánaða einfalt fangelsi.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að sektin ákveðst 18200 krónur, og komi í stað hennar, 7 mánaða einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo skal og kærði, James Shaugnessy, greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsteds, 150 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn James Shaughnessy, skipstjóra á b/v H. 342 Kingston Carnet, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. mai 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Málavextir eru þannig eftir því sem segir í skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðinn.

Aðfaranótt mánudagsins 2. maí hélt Óðinn sig á svæðinu Hafnarberg, Kirkjuvogur. Laust fyrir kl. 6 árdegis sást togari koma að norðan, og hafa SSV læga stefnu.

Kl. 6,04 lá Óðinn stöðvaður með stefnu upp að landi, var þá tekin eftirfarandi staðarákvörðun:

Þórðarfell
> 53° 15′
Reykjanesvitinn
> 48° 00′
Eldey

milli Stafnesvita og togarans mælt 70,00. Fjarlægð til togarans mæld 2000 metrar.

Kl. 6,13 sett á fulla ferð, beygt til vinstri og haldið í áttina til togarans. Kl. 6,18 sett stöðvunarmerki (flögg), einnig gefið stöðvunarmerki með eimpípunni, og var það endurtekið við og við. Sneri þá togarinn til stb. út frá landinu.

Kl. 6,20 var gerð þessi staðarákvörðun:

Þórðarfell

$> 50° 30'$

Reykjanesvitinn

$> 45° 30'$

Eldey

Milli Reykjanesvita og togarans mælt 58,30.

Kl. 6,23 sett út bauja í kjölfar togarans skammt aftan við hann, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Þórðarfell

$> 49° 58'$

Reykjanesvitinn

$> 48° 25'$

Eldey

Dýpi 84 metrar, og gefur það 0,7 sjómílur innan landhelgi, og bar þá togarinn í Eldey. Togarinn hélt ferð sinni stöðugt áfram út frá landinu og tók sýnilega ekkert tillit til stöðvunarmerkja varðskipsins.

Kl. 6,30 var komið að togaranum, sem hafði stb.vörpu úti, var þá kallað yfir til skipstjóra togarans um að stöðva skip sitt, þar eð hann væri grunaður um að hafa veitt innan landhelgi. Stöðvaði hann þá skip sitt rétt á eftir, setti út bauju, og var þar tekin eftirfarandi staðarákvörðun:

Þórðarfell

$> 47° 20'$

Reykjanesvitinn

$> 51° 50'$

Eldey

Dýpi 94 metrar, og er það rétt á landhelgislínunni.

Var síðan skotið út bát og skipstjóri togarans sóttur. Honum voru sýndar á sjávaruppdrætti athuganir þær, er gerðar höfðu verið frá varðskipinu.

Hann neitaði harðlega að hafa verið að veiðum innan landhelgislínunnar. Honum var þá boðið að kalla upp enska varðskipið Cherwell, og biðja það að koma á vett-

vang, og þáði hann það. Kl. um 8 leytið náðist samband við varðskipið, og lofaði það að koma, og kvaðst mundi vera á staðnum kl. 2 síðd. eftir ísl. tíma. Klukkan 1,20 síðd. kom enska varðskipið.

Kom skipherrann þá þegar um borð í Óðinn, og leit á athuganir þær á sjávaruppdrættinum, sem gerðar höfðu verið. Fór hann síðar um borð í skip sitt aftur, og tók skipstjóra togarans með sér og gerði athuganir við baujurnar, kom síðan um borð í Óðinn og gerði þar ásamt skipherranum á Óðni eftirfarandi staðarákvörðun rétt NV við bauju Óðins.

Stafnesviti
$> 110° 00'$
Reykjanesvitinn
$> 48° 00'$
Eldey

og er það 0,35 sjómílur innan landhelgi.

Var síðan haldið til Reykjavíkur og kom varðskipið þangað með togarann kl. 9 síðdegis.

Kærður hefir þær athugasemdir fram að færa við skýrslu þessa, að baujan hafi ekki verið sett út í kjölfar skips síns, heldur innar, og því sanni mælingarnar, sem við baujuna hafi verið gerðar, ekkert til eða frá um það hvar hann hafi verið að veiðum. Hinsvegar kveðst kærður alls ekki vefengja það, að mælingarnar séu réttar, enda eru þær gerðar af þaulæfðum mönnum og með beztu tækjum undir ágætum skilyrðum að öðru leyti. Það verður því að telja það fullsannað, að baujurnar hafi verið á þeim stað sem þeim er ákveðinn í skýrslu skipherrans svo sem segir hér að framan.

Kærður segir sjálfur svo frá að hann hafi byrjað að kasta kl. 5,35 árdegis og síðan hafi hann togað í SSV unz hann var stanzaður kl. 6,20 af varðskipinu, enda telur hann sig hafa stanzað þegar er varðskipið gaf stöðvunarmerkin. Þegar hann stanzaði kveðst hann hafa látið setja út bauju og hafi verið gerðar staðarákvarðanir við hana. Með því að gera miðanir yfir kompás, Stafnes A til N og Reykjanes S til A og kveður hann það vera um ¾ úr sjómílu utan landhelgislínu.

Samhljóða þessum framburði kærðs er framburður stýrimanns hans í öllum aðalatriðum. Stýrimaður kveður

sig hafa gert framangreindar kompásmiðanir og komizt að sömu niðurstöðu og kærður um stað togarans er hann stanzaði, hann telur að stefna togarans meðan þeir toguðu hafi verið SSV, að bauja varðskipsins hafi ekki verið sett í kjölfar togarans heldur innar og að togarinn hafi stanzað þegar er varðskipið gaf stöðvunarmerkin.

Við samanburð á staðarákvörðun kærðs annarsvegar og staðarákvörðun skipherrans á varðskipinu Óðinn og staðarákvörðun skipherans á enska varðskipinu Cherwell, sem málfærslumaður vátryggjenda og eigenda togarans hefir lagt fram í málinu, kemur það greinilega í ljós að staðarákvarðanir kærðs eru mjög lítið ábyggilegar. Og með því að þrír stýrimenn á varðskipinu Óðinn hafa unnið eið að því og skipherrann staðfest það með tilvísun til embættiseiðs síns, að togarinn hafi haft þá stefnu, sem segir í skýrslu skipherrans, og að baujan hafi verið sett út í kjölfar hans verður með tilvísun til þess sem að framan segir um mælingarnar að telja það fullsannað, að kærður í þessu máli hafi verið að veiðum í landhelgi með stjórnborðsvörpu rétt áður en varðskipið Óðinn kom að honum kl. 6,30 árd. 2. þ. m.

Jafnframt verður að telja það fullsannað, að kærður hafi ekki stanzað þegar honum voru gefin stöðvunarmerkin, sem honum bar þá skylda til. Kærður hefir ekki áður sætt refsingu fyrir brot á Fiskiveiðalöggjöfinni.

Kærður hefir því að áliti réttarins brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 18. maí 1920, bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir það eftir 3. gr. laga, sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 1924, hæfilega ákveðin 15000 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, með tilliti til þess að gengi íslenkrar krónu er nú í dag þannig, að hún jafngildir 61,50 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 6½ mánaðar einfalt fangelsi ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir í b/v H 342 Kingston Garnet séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Föstudaginn 12. maí 1933.

Nr. 179/1932. **Einar Jónsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Kristjáni Linnet bæjarfógeta sem skiptaráðanda í þrotabúi Soffíu Þórðardóttur, Stefáni Árnasyni og Jónatan Snorrasyni (Bjarni Þ. Johnson).

Ómerking.

Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyja 14. júlí 1931: Krafa Einars Jónssonar, að upphæð kr. 1376,76, verður ekki tekin til greina við skipti búsins.

Dómur hæstaréttar.

Vetrarvertíðina 1930 var áfrýjandi, Einar Jónsson á Moldnúpi, formaður á útvegi Soffíu Þórðardóttur, kaupkonu í Vestmannaeyjum. Um áramótin 1930—1931 er hann talinn eiga hjá henni vegna þessara skipta kr. 1376,76. Þann 6. febr. 1931 var bú Soffíu tekið til gjaldþrotaskipta, og 8. maí s. á. var áðurnefndri kröfu áfrýjanda lýst í bú hennar. En sama dag gaf hinn stefndi skiptaráðandi út sjódómsstefnu fyrir áfrýjanda á sig sjálfan f. h. þrotabúsins út af kröfu þessari, og 30. s. m. vék hann sæti í sjódóminum í máli þessu. Þann 14. júlí næsta á eftir hélt hinn stefndi skiptaráðandi svo skiptafund í búinu. Þar mættu báðir hinir meðstefndu í máli þessu, og annar þeirra, Stefán Árnason, mótmælti þá kröfu áfrýjanda, sem skiptaráðandinn tók nú til meðferðar, enda þótt honum væri kunnugt, að mál um hana á hendur búinu var fyrir sjódómi. Áfrýjandi var ekki mættur á skiptafundinum, enda gat hann alls ekki búizt við því, að krafa hans yrði tekin þar til meðferðar, með því

að hún var þá komin fyrir sjódóm. Samt sem áður kvað skiptaráðandi þegar upp úrskurð þess efnis, að krafa þessi skyldi ekki tekin til greina við skipti búsins. Þrátt fyrir þetta mætti skiptaráðandinn sjálfur fyrir sjódómi 31. okt. s. á. fyrir hönd þrotabúsins án þess að geta þess að nokkru, að sjálfur hafði hann kveðið upp áðurnefndan úrskurð um kröfuna. Hélt sjódómsmálið leiðar sinnar, og var dómur í því kveðinn upp 21. marz f. á.

Úrskurðinum frá 14. júlí 1931 hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsókn 19. okt. f. á., með stefnu, útgefinni 14. nóv. s. á. Hefir hann aðallega krafizt þess, að úrskurðurinn verði ómerkur dæmdur og málinu vísað frá skiptaréttinum, og að hinn stefndi skiptaráðandi verði, f. h. þrotabúsins dæmdur til þess að greiða áfrýjanda málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Af hálfu hinna stefndu hefir verið mætt hér fyrir dómi, og hefir umboðsmaður þeirra samþykkt ómerkingarkröfu áfrýjanda og krafizt þess að málskostnaður verði látinn falla niður.

Með því að meðferð kröfu áfrýjanda á skiptafundinum 14. júlí 1931 var fullkomin lögleysa, þar sem mál um hana var fyrir sjódómi, svo sem fyrr segir, og með því að ekki er ágreiningur um aðalkröfu áfrýjanda, þá ber að dæma hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð ómerkan. Hinsvegar þykir ekki ástæða til að vísa málinu frá skiptaréttinum, með því að væntanleg dómkrafa um sama efni kemur á sínum tíma fyrir skiptaréttinn.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma hinn stefnda skiptaráðanda, f. h. þrotabús Soffíu Þórðardóttur, til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og það væri ekki gjafsóknar-

mál, þar á meðal 80 krónur til skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir flutning hans á málinu fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður á að vera ómerkur. Hinn stefndi skiptaráðandi, Kristján bæjarfógeti Linnet, greiði, f. h. þrotabús Soffíu Þórðardóttur, allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og það væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal 80 krónur í málflutningslaun til skipaðs talsmanns áfrýjanda, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarmálaflutningsmanns, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1933.

Nr. 50/1932. **Böðvar Bjarkan, f. h. Ingvars Guðjónssonar** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

hafnarnefnd Siglufjarðar, f. h. hafnarsjóðs

(Cand. jur. Einar B. Guðmundsson).

Krafa áfrýjanda um afslátt á leigu vegna dráttar á afhendingu hins leigða og vanefnda eigi tekin til greina.

Dómur gestaréttar Siglufjarðar 3. júní 1931: Stefnda, hafnarnefnd Siglufjarðar, f. h. hafnarsjóðs kaupstaðarins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandinn, Böðvar Bjarkan, f. h. Ingvars Guðjónssonar, Akureyri, greiði hafnarnefnd Siglufjarðar, f. h. hafnarsjóðs kaupstaðarins, 400 krónur í málskostnað.

Hið ídæmda að greiða innan þriggja daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda hefir þess verið krafizt hér fyrir dómi, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum krónur 1649,44 með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1930 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Kröfu sína fyrir hæstarétti hefir áfrýjandi sundurliðað þannig:

a) kr. 985,51, er hann telur sér bera til frádráttar á hinni umsömdu leigu fyrir tímabilið 1. júní—8. júlí 1930, með því að bryggja sú, er í hinum áfrýjaða dómi segir, hafi þann hluta leigutímans verið í óleigufæru ástandi. Eftir því, sem fram er komið í málinu, var bryggju þessari eigi meira áfátt en svo, að gera mátti hana leigufæra á 1—2 dögum, og hafði áfrýjandi því, ef hann hefði viljað, getað hvenær sem var fengið hana full viðgerða með þeim fyrirvara. Með því að gallar á bryggjunni voru eigi meiri en þetta og sá dráttur, sem á varð viðgerðinni, bakaði áfrýjanda alls ekkert tjón eða óhagræði, þá verður að sýkna stefnda af þessari kröfu.

b) kr. 663,93 krefst áfrýjandi til frádráttar þeirri leigu, er hann telur, að sér hafi borið að greiða eftir 8. júlí 1930 vegna þess að síldarverkunarpláss það, sem ofan í hafi verið borið hafi ekki verið nægilega stórt fyrir tunnufjölda þann, sem í dóminum greinir. Í málinu liggur ekki fyrir mæling á þessu plássi, heldur aðeins umsögn tveggja dómkvaddra manna

um það, að eftir þeirra áliti muni hið ofaníborna pláss taka 4600—4800 tunnur. Bæði er það, að mat þetta er ekki nákvæmt, og svo hitt, að því er ómótmælt haldið fram af stefnda hálfu, að á einum degi hefði verið unnt að bera ofan í nægilegt pláss til viðbótar og að áfrýjanda hafi verið heitið því að gera það, ef með þyrfti, og verður því einnig að sýkna stefnda af þessari kröfu áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 500,00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, hafnarnefnd Siglufjarðar, f. h. hafnarsjóðs, á að vera sýkn af kröfu áfrýjanda, Böðvars Bjarkans, f. h. Ingvars Guðjónssonar. Áfrýjandi greiði stefnda samtals kr. 500,00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, dags. 18. sept. 1930, hefir Böðvar Bjarkan, f. h. Ingvars Guðjónssonar, útgerðarmanns á Akureyri, höfðað mál fyrir gestarétti Siglufjarðar gegn hafnarnefnd Siglufjarðar til þess að fá nefndina fyrir hönd hafnarsjóðs Siglufjarðar dæmda til þess að endurgreiða sér, fyrir hönd Ingvars Guðjónssonar, kr. 5550,00 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1930, kr. 11,50 í afsagnarkostnað, ½% þóknunar af 5550,00. og kr. 448,50 með 6% ársvöxtum frá því er Ingvar Guðjónsson kann að greiða stefndum upphæð þessa, þar til hún verður endurgreidd, og loks málskostnað í máli þessu að skaðlausu, eftir reikningi eða eftir mati dómarans, og hefir stefnandi undir rekstri málsins krafizt 520 króna í málskostnað, án sundurliðunar

upphæðarinnar. — Síðar undir rekstri málsins gerir svo stefnandi þá varakröfu, að hafnarnefnd Siglufjarðar „verði að minnsta kosti dæmd til að endurgreiða þann hluta leigunnar, sem eftir réttum hlutföllum kemur á tímabilið frá 1. júní til 8. júlí", svo og allan málskostnað, er umbj. hans kynni að greiða, skv. dómi í víxilmálinu, auk málskostnaðar í þessu máli. — Þessari varakröfu hefir stefnandinn svo breytt enn á ný, og sem *fyrstu varakröfu* krafizt, að stefnda verði dæmd til að endurgreiða 1807 kr. af upphæð víxildómsins, auk alls málskostnaðar í víxilmálinu; en til *þrautavara:* að frá leiguupphæðinni 5550,00 kr. verði tildæmdur frádráttur, hlutfallslega við þann tíma, er viðgerðin drógst, frá 1. júní til 8. júlí, eða 986 kr. — Loks hefir svo stefnandi enn á ný breytt fyrstu varakröfu í kröfu um endurgreiðslu á 1543 kr. af víxildómsupphæðinni 5550 kr., auk alls málskostnaðar, og 6% vaxta af 743 kr. frá 1. ágúst 1930 og af 448,50 kr. frá því greiðsla fer fram, skv. víxildómi.

Stefnda mótmælir hinsvegar framkomnum kröfum og krefst algerðrar sýknunar, og auk þess 100 kr. í málskostnað, sem síðar hefir verið hækkaður upp í 500 kr., auk útlagðs kostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 15. apríl 1930, tekur útgerðarmaður, Ingvar Guðjónsson, Akureyri, á leigu fyrir 5550 kr. afnotaréttinn að síldarbryggju hafnarsjóðs fyrir norðan Dr. Paulsverksmiðjuna hér, ásamt plássi uppi af bryggjunni. Skyldi bryggjan og pallurinn vera í leigufæru standi, og á svo mikinn hluta upplagsplássins, sem er nægilega stórt fyrir 5500 síldartunnur í 2 hæðum skyldi settur ofanáburður, en þessutan skyldi leigutaka heimilt að nota ójafnað pláss undir tómar tunnur og salttunnur. Var plássið leigt frá 1. júní til 31. dez. 1930, og skyldi leigutaki samþykkja víxil fyrir leiguupphæðinni 5500 kr. til greiðslu 1. ágúst 1930 og gerði hann það. Um veturinn hafði bryggjan, sem plássinu tilheyrði, skekkzt í ofviðri, þrátt fyrir það að dekk bryggjunnar, sem er í lausum flekum, svo sem venja er hér á bryggjum, sem standa á brimasömum stöðum, hefði verið tekið af. Var því samið við smið hér í bænum um að lagfæra bryggjuna, og er það upplýst af stefndu ómótmælt, að verki því var í aprílok svo til lokið, að aðeins voru eftir 6

dagsverk fyrir 1 mann, til að ljúka við bryggjuaðgerðina og láta það, sem eftir var af dekkinu, á hana. En búið var að setja dekkið á bryggjuna, nema í þrjú fremstu búkkabilin, og mátti láta það á þau á 1—2 stundum, og er þetta sannað undir rekstri málsins með vitnaleiðslum. Síðan dregst svo þessi aðgerð sem eftir var, þar til hún er kláruð á rúmum degi 7. júlí, og bryggjan tilbúin kl. 8 morguninn 8. júlí 1930, og er þetta sannað bæði með vitnisburðum og játað rétt af málsaðiljum. Heldur stefnda því ómótmælt fram, að bryggjan hafi þá fyrst verið sett í stand af því að leigusala var kunnugt um, að leigutaki átti von á tunnum með s/s „Ino", sem væntanleg var 9. júlí hingað, enda sé eigi venja, að síldarsöltunarpláss séu notuð fyrr en saltandi fær tunnur til söltunar,. og ennfremur heldur stefnda því fram, að hvenær sem verið hefði á tímabilinu 1. júní til 8. júlí, hefði leigutaki með klukkustundar fyrirvara getað fengið bryggjuna afhenta sér. Upplýst er, að skrifstofumaður leigutaka hefir 5. júlí um kl. 4 síðdegis gert tilraun til að fá plássið afhent hjá manni, er eigi hafði nokkuð með það að gera, en til leigusala sjálfs hefir hann aldrei snúið sér, og getur því þessi tilraun eigi haft ákvarðandi áhrif í þessu máli. Þennan sama dag sendir svo leigutaki hafnarnefnd símskeyti, er hún fær 8. júlí, eftir að bryggjan er tilbúin, að því er haldið er fram af stefndu án athugasemda frá stefnanda. Í þessu skeyti, sem er það fyrsta sem leigusali heyrir frá leigutaka viðvíkjandi plássinu, segir leigutaki „slitið" umræddum leigusamningi „vegna þess að söltunarplássið, er átti að afhendast mér 1. júní síðastliðinn, enn er óafhent og sannanlegt ekki í því ásigkomulagi, sem vera ber samkvæmt nefndum samningi", og áskilur leigutaki sér skaðabótarétt vegna vanefndanna. Mótmælir hafnarnefnd strax rétti leigutaka til riftunarinnar á samningnum og telur plássið í leigufæru standi og tilbúið til afnota og ráðstöfunar fyrir leigutaka. Vildi hann þá taka það með afslætti fyrir tímabilið 1. júní til 8. júlí, er hann taldi plássið eigi hafa verið nothæft. Hafnarnefnd krafðist hinsvegar fullrar leigu þar til dómur hefði gengið um málið. Endar svo með því, að leigutaki tekur plássið eigi til notkunar og greiðir eigi heldur leiguna á gjalddaga. Notar svo leigusali víxilréttinn og fær dóm fyrir leigugreiðslunni.

Kröfur sínar hefir stefnandi miðað við það, að leigutaka hafi verið heimil riftun á leiguréttinum vegna vanefnda leigusala. Skaðabóta hefir hann eigi krafizt og heldur eigi sannað neinn skaða, er vanefndirnar ættu að hafa orsakað. Með leigusamningnum var stofnaður afnotaréttur handa leigutaka til þess að nota hið leigða síldarsöltunarpláss frá 1. júní til 31. dez. 1930; var hann því sjálfráður um það hvort hann notaði plássið eða eigi, því leigusali átti eigi í þessu falli, vegna eðlis notkunarinnar, heimtingu á að plássið væri notað. Verður því að telja að leigusala hafi eigi borið skylda til að krefjast, að leigutaki tæki við plássinu, og leigutaka eigi skylda til að nota það, fyrr en honum sýndist. Sannað er að leigutaki hefir eigi kvartað við leigusala yfir því, að plássið væri eigi samkvæmt samningi, eða bryggjan eigi tilbúin, fyrr en riftingartilkynning hans kemur í hendur leigusala, en þá er sannað, að plássið og bryggjan eru í leigufæru standi. Yfir tímann 1. júní til 8. júlí hafði leigutaki hér skrifstofu og atvinnurekstur, þótt hann eigi væri hér sjálfur að staðaldri, og hlaut hann því að fylgjast með hvað leið um plássið. Sannað er, að frá 1. júní var plássið í leigufæru standi, að öðru en að láta þurfti dekkið á 3 fremstu búkkabil bryggjunnar, og það er einnig sannað, að dekkið mátti láta á þennan bryggjupart á 1 til 2 klukkutímum. Er það og upplýst með eiðfestum vitnisburði bryggjusmiðsins, þótt eigi verði talið fullsannað, að drátturinn á fullnaðarviðgerð bryggjunnar frá því í apríllok og þar til 8. júlí hafi verið með samþykki leigutaka við smið þann, er framkvæma átti verkið, enda verður drátturinn á eigi meira verki óskiljanlegur án þeirrar skýringar. Þar sem það er sannað, að leigutaki aldrei gekk eftir afhendingu, er hann sjálfur í riftunartilkynningu sinni viðurkennir að venja sé til að fari fram er leigð séu söltunarpláss, á plássinu tilheyrandi sem föst venja er, að afhendingar þurfi á, svo sem lyklum að geymsluhúsum, söltunaráhöldum, og upplagsplássið sé afmarkað og plássið og bryggjan tekin út í hendur leigutaka, er ber ábyrgð á forsvaranlegri notkun plássins og bryggjunnar, verður að álíta, að leigutaki hafi eigi kært sig um þá auknu ábyrgð, sem móttaka plássins hefði haft í för með sér, og að leigutaki með framkomu sinni og óvenjulegu tómlæti sínu um að nota

sér afnotarétt sinn að hinu leigða plássi hafi fyrirgert rétti til að rifta samningnum vegna þess að fullnaðaraðgerð bryggjunnar drógst að óverulegu leyti áðurumgetinn tíma.

Af breytingum þeim, sem varakröfur stefnanda hafa tekið undir rekstri málsins, er ljóst að þær eru byggðar á því, að leigutaki eigi rétt til afsláttar á leigunni vegna afhendingardráttar á bryggjunni og vanefnda á samningnum um söltunarplássið, og er afslátturinn miðaður við mismun sannvirði leiguréttarins og hinnar umsömdu leigu. Eftir samningnum hefir leigusali haft fulla ástæðu til að ganga út frá því, að söltunarplássið yrði notað til síldarsöltunar, svo sem að undanförnu, og var plássið árið áður nothæft til síldarsöltunar, án ofanáburðar, skv. upplýsingum stefndu, er eigi hefir verið mótmælt. Stefnandi hefir talið, að ofanáburð hafi vantað á plássið undir 500 til 700 tunnur í 2 hæðum, svo að fullnægt væri ákvæðum samningsins, og ber fyrir sig um það efni matsgerð, sem stefnda hefir mótmælt, enda er hún ófullkomin, vantar upplýsingar um flatarmál ofanáborna plássins, hvað mikið pláss þurfti undir 5500 tn. í 2 hæðum, og ekkert upplýst um nauðsyn ganga milli tunnuraðanna á þessu plássi vegna legu þess. Er því eigi unnt að styðja sig við matsgerðina um þetta atriði. Hinsvegar heimilaði samningurinn leigutaka, án takmarkana, að nota ofaníborið pláss undir síldartunnur, hið sama pláss og talið var nothæft árið á undan, auk þess er því ómótmælt haldið fram af stefndu, að á einum degi sé hægt að bera ofan í pláss undir 500—700 tunnur og aukinn ofanáburður boðinn leigutaka, án þess að þegið væri. Það er og sannað og viðurkennt, að upplagspláss söltunarplássins hafi verið í nothæfu og þar með leigufæru standi, og verður því eigi fundið að leigutaki eigi kröfu á afslætti í leiguupphæðinni vegna vöntunar á ofanáburði. Eigi að heldur verður séð, að leigutaki eigi kröfu á afslætti í leiguupphæðinni vegna þess að eftir átti að leggja dekkið á þrjú fremstu búkkabilin og lagfæra hana, er þess er gætt og sannað er, að hið fyrra mátti gera á 1—2 stundum, en hið síðara á rúmum degi, enda er það hvergi sannað að komið hafi leigutaka að sök, að bryggjan fyrst var fullkláruð 8. júlí, auk þess sem hann gekk aldrei eftir notkun hennar né sýndi á sér snið til að nota hana. Þegar svo hér við bætist, að viðurkennt er

að leigutaki hefir notað sér samninginn um afnotaréttinn að söltunarplássinu til þess að útvega sérstaklega og aukið söltunarleyfi, og að það er viðurkennt af forstjóra Síldareinkasölu Íslands, að þær upplýsingar leigutaka um að hann hefði plássið á leigu, hafi veitt honum aukið söltunarleyfi, og að stefnda heldur því ómótmælt fram, að þótt leigutaki eigi notaði plássið hafi hann notað söltunarleyfið að fullu, verður að líta svo á, að sýkna beri stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, og að rétt sé að stefnandi greiði stefndu málskostnað í máli þessu með 400 krónum.

Miðvikudaginn 17. maí 1933.

Nr. 21/1933. **Benedikt Jónsson, f. h. Karitasar Ólafsdóttur** (Enginn)

gegn

eigendum timburverzlunar Páls Ólafssonar, þeim dr. jur. Birni Þórðarson, f. h. dánarbús Páls Bjarnasonar, Páli Ólafssyni og Guðmundi Bjarnasyni (Garðar Þorsteinsson).

Áfrýjað til staðfestingar, fjárnám ómerkt.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 12. okt. 1932: Stefndir, eigendur Timburverzlunar Páls Ólafssonar, þeir dr. jur. Björn Þórðarson, lögmaður í Reykjavík, f. h. dánarbús Páls Bjarnasonar, Páll Ólafsson, framkvæmdarstjóri Reykjavík og Guðmundur Bjarnason, Auðnum við Kleppsveg, Reykjavík, greiði in soldium stefnanda, Benedikt Jónssyni, f. h. Karítasar Ólafsdóttur Reykjavík, kr. 1000,00 með 6% ársvöxtum frá 15. febrúar 1930 til greiðsludags og kr. 217,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa.

Dómur hæstaréttar.

Hinir stefndu hafa hvorki mætt né látið mæta í máli þessu, enda þótt þeim hafi verið löglega

stefnt, og hefir það því verið flutt skriflega eftir 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Í máli þessu, sem áfrýjað er með stefnu, útgefinni 28. febr. þ. á., krefst áfrýjandi staðfestingar á hinum áfrýjaða gestaréttardómi frá 12. okt. 1932. Með því að ekkert það liggur fyrir í skjölum málsins, er komi í bága við þá kröfu, þá ber að taka hana til greina.

Ennfremur hefir áfrýjandi þessa máls skotið til hæstaréttar með sömu stefnu fjárnámi, gert samkvæmt áðurnefndum dómi þann 7. dez. f. á. hjá einum hinna stefndu, Guðmundi Bjarnasyni, og einnig krafizt staðfestingar á því. Samkvæmt framlögðu eftirriti af fjárnámsgjörð þessari hefir hún farið fram í algjörum samlögum við aðra fjárnámsgjörð eftir dómi, er óstefndur þriðjimaður hafði á hendur hinum stefndu, og fjárnám til handa báðum gjört óaðgreint í sömu eign. Þessi meðferð er ólögmæt, sjá konungsbr. 3. jan. 1755, sbr. 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 27/1921, og verður sökum þessarar lögleysu að ómerkja ex officio hina umræddu fjárnámsgjörð. Loks hefir áfrýjandi krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Einn hinna stefndu, Guðmundur Bjarnason, hefir áfrýjað áðurnefndum dómi og fjárnámsgerð til breytingar með stefnu, útg. 23. febr. þ. á. og hefir því veitt áfrýjanda nokkra ástæðu til sinnar áfrýjunar. Og þykir því rétt að dæma hann til þess að greiða áfrýjanda 100 krónur í málskostnað i hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist, en hin áfrýjaða fjásnámsgjörð á að vera ómerk. Stefndi, Guðmundur Bjarnason, greiði áfrýjanda, Benedikt Jónssyni, f. h. Karitasar Ólafsdóttur, 100 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, birtri 5. september þ. á., af Benedikt Jónssyni, f. h. Karitasar Ólafsdóttur, Reykjavík, gegn eigendum Timburverzlunar Páls Ólafssonar, þeim dr. jur. Birni Þórðarson, lögmanni í Reykjavík, f. h. dánarbús Páls Bjarnasonar, Páli Ólafssyni framkvæmdarstjóra, Reykjavík og Guðmundi Bjarnasyni Auðnum við Kleppsveg, Reykjavík, og hefir stefnandi gert þær réttarkröfur, að stefndir sem ábyrgir eigendur Timburverzlunar Páls Ólafssonar verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 1000,00 auk 6% ársvaxta frá 15. febrúar 1930 til greiðsludags og innheimtulaun samkvæmt taxta M. F. Í. eða málskostnað að skaðlausu, þar með kr. 40,00 fyrir mót í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 8. apríl s. l., nemur málskostnaður samkvæmt framlögðum reikningi kr. 217,00.

Málavexti telur stefnandi vera þá, að umbjóðandi hans hafi átt veð í húseigninni Oddi, Seltjarnarneshreppi, fyrir kröfu að upphæð kr. 1000,00 auk vaxta. Húseign þessi hafi hinn 8. apríl s. l. verið seld á opinberu uppboði eftir kröfu veðhafa í eigninni, og hafi þá Jónas H. Jónsson, fasteignasali í Reykjavík, sem mættur var við uppboðið með umboði frá Timburverzlun Páls Ólafssonar, orðið hæstbjóðandi í eignina fyrir kr. 15000,00 og hafi hann með því boði boðið upp fyrir veðrétt stefnanda sem hefir 4. veðrétt í eigninni. Hafi boð stefndu verið samþykkt með símskeyti, dags. 14. apríl s. l., en þeir ekki fengizt til að greiða. Hefir stefnandi lagt fram veðskuldabréf, útskrift af réttarhaldi í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjós-

arsýslu, uppboðsskilmála og símskeyti máli sínu til sönnunar.

Með því að stefndir, sem látið hafa mæta í málinu og fengið frest í því, hafa ekki tekið til andsvara þá ber þegar af þeirri ástæðu að taka allar dómkröfur stefnanda til greina.

Föstudaginn 19. maí 1933.

Nr. 73/1931. **Stefán Gunnarsson** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Óla Ásmundssyni, Ólafi Jónssyni og Einari Einarssyni
(Gústaf A. Sveinsson).

Um skilning á ákvæðum verksamnings. —

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1931: Stefndur, Stefán Gunnarsson, greiði stefnendum, Óla Ásmundssyni, Ólafi Jónssyni og Einari Einarssyni, fyrir smíði á ofangreindum sýningarskápum, eftir mati dómkvaddra manna, þó ekki hærri upphæð en kr. 2950,00 ásamt 6% ársvöxtum af upphæðinni frá 1. jan. 1929 til greiðsludags og kr. 200,00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir hér fyrir dómi krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og að hann verði sýknaður af kröfum hinna stefndu, svo og að þeir verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Hinir stefndu hafa krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Á uppdrætti þeim, sem gerður var í marzmánuði 1928 af fyrirhuguðu húsi áfrýjanda við Austurstræti 12 hér í bæ, og ekki hefir verið vikið frá

svo að máli skipti hér, eru sýnd tvö sýningarrúm, merkt bókstafnum Y og laus við sjálft húsið. Ennfremur eru á uppdrætti þessum sýnd tvö önnur sýningarrúm, merkt bókstafnum X og áföst sitt hvorum gafli hússins. Sýningarrúmin Y vilja báðir aðiljar kalla „sýningarskápa", en rúmin X telur áfrýjandi rétt nefnd „sýningarglugga", en hinir stefndu vilja einnig kalla þau „sýningarskápa". Í málinu er ekki ágreiningur um það, að áfrýjandi hafi átt að greiða og hafi greitt sérstaklega kostnað af gerð sýningarrúmanna Y, heldur um það, hvort hinir stefndu verksalar hafi tekið að sér ásamt húsagerðinni í heild, að gera sýningarrúmin X.

Í útboðsskilmálunum, sem eru ódagsettir, en þó eldri en verksamningur aðilja frá 7. júní 1928, segir, að útstillingarskápar framan við búðina „fylgi ekki með í útboðinu". Áfrýjandi telur hér vera aðeins átt við sýningarrúmin Y, en að hin sýningarrúmin séu innifalin í útboðsskilmálunum. En hinir stefndu telja þau ekki vera það, og því beri þeim aukagreiðsla fyrir þau. Í áðurnefndum verksamningi segir, að 2 „sýningarskápar" séu undanskildir því verki, er hinir stefndu eiga að inna af hendi fyrir þar til skilið endurgjald. Hvort sem nú sýningarrúmin eru réttar nefnd „sýningargluggar" eða „sýningarskápar", má ráða það af verksamningnum, að einungis tvö af þessum fjórum sýningarrúmum, eru undanskilin því verki, er hinir stefndu áttu að leysa af hendi fyrir það endurgjald, sem í samningnum segir. Eins og fyrr segir kostaði áfrýjandi aukreitis gerð sýningarrúmanna Y og bar hinum stefndu því samkvæmt verksamningnum að gera sýningarrúmin X án aukaborgun-

ar. Þetta styrkist og við það, að sýningarrúmin X, en ekki sýningarrúmin Y voru sýnd á gluggaverkteikningu þeirri, er áfrýjandi lét hinum stefndu í té, að þeir tóku án athugasemda við verkteikningu þessari, og að þeir lögðu athugasemdalaust til efni og vinnu í sýningarrúmin X, eins og þau væri innifalin í verki því, sem þeir tóku að sér að leysa af hendi, enda þótt svo segi í verksamningnum, að verksölum beri sérstakt endurgjald, „vegna breytingar á efni og tilhögun", frá því, sem umsamið er, ef breytingarnar hafa aukinn kostnað í för með sér, og að þá skuli sérstaklega semja í hvert sinn áður en verkið sé af hendi leyst.

Það verður að fallast á það álit héraðsdómarans, að í verksamningnum felist ekki umboð til handa úttektarmönnum verksins til þess að skera úr ágreiningi þeim, er í þessu máli greinir, svo og að ósannað sé, gegn mótmælum áfrýjanda, að úttektarmennirnir hafi síðar fengið slíkt umboð.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum hinna stefndu í máli þessu. En eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað, bæði í héraði og hæstarétti falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Stefán Gunnarsson, á að vera sýkn af kröfum hinna stefndu, Óla Ásmundssonar, Ólafs Jónssonar og Einars Einarssonar, í máli þessu. Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. marz f. á. af Ólafi Jónssyni, Reynisvatni, Einari Einarssyni, Bjargarstíg 16 og Óla Ásmundssyni, Nönnugötu 16, báðum hér í bænum gegn Stefáni Gunnarssyni kaupm. Miðstræti 6 hér í bænum til greiðslu skuldar að upphæð kr. 2950,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1929 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að með samningi 7. júní 1928 tóku stefnendur í máli þessu að sér, að byggja hús í Austurstræti fyrir stefndan, samkvæmt áður gerðum útboðsskilmálum, fyrir kr. 99,800,00. Er svo sagt í samningnum um húsbygginguna, að undanskilið skuli vera í verkinu, ásamt fleiru, innrétting á búð og tveir sýningarskápar. Þessa tvo skápa kveðst stefndur hafa smíðað sérstaklega, en þegar þeir hafi krafið stefndan um borgun fyrir þá, sem er hin umstefnda upphæð kr. 2950,00, þá hafi hann neitað að sér bæri að greiða sérstaklega fyrir þessa skápa og hafi allar innheimtutilraunir hjá honum reynst árangurslausar. Máli sínu til stuðnings, hafa stefnendur haldið því fram að úttektarmenn þeir, er tóku út húsið, hafi einnig átt að kveða upp úrskurð um það, hvort stefnöndum bæri sérstök borgun fyrir smíði skápanna. Úttektarmennirnir hafi verið tveir til að byrja með, einn útnefndur af hvorum aðila, en þar sem þeir hafi ekki getað orðið sammála um þetta atriði, hafi þeir útnefnt sér oddamann samkvæmt heimild í verksamningnum. Niðurstaðan hjá þessum úttektarmönnum hafi svo orðið sú, að meiri hluti þeirra hafi litið svo á, að stefndum í máli þessu bæri að greiða sérstaklega fyrir smíði skápanna.

Stefndur hefir hinsvegar mótmælt því eindregið, að honum beri að greiða hina umstefndu upphæð. Í samningnum séu aðeins undanskildir tveir sýningarskápar. Nú séu skáparnir alls fjórir. Tvo þeirra hafi stefnendurnir í máli þessu átt að smíða samkvæmt verksamningnum, en hina tvo, sem undanskildir voru í honum, hafi þeim ekki borið skylda til að smíða nema fyrir sérstaka borgun, enda hafi þeir ekki verið smíðaðir af þeim. Eigi þeir því enga kröfu á hendur sér fyrir smíði skápanna. Ennfremur hefir stefndur vísað í verksamninginn, þar sem stend-

ur, að ef breytt sé um efni eða tilhögun frá því sem samið sé um, þannig að það hafi aukinn kostnað í för með sér, skuli samið sérstaklega um það fyrirfram í hvert skifti. Ef stefnendurnir hefðu nú litið svo á, að þeim bæri sérstök borgun fyrir smíði skápanna, hefðu þeir átt að geta þessa ákvæðis, þar sem hér var að ræða um breytingu á tilhögun, og þar sem þeir hafi vanrækt það, beri þeim engin aukaþóknun fyrir smíði skápanna, þó svo yrði litið á, sem smíði áðurnefndra skápa, væri ekki innifalin í smíði hússins samkvæmt verksamningnum, sem stefndur mótmælir eindregið. Þá mótmælir stefndur og, að menn þeir, er áttu að taka út húsið, hafi haft nokkra heimild til þess að úrskurða nokkuð um smíði skápanna, heldur hafi starf þeirra aðeins verið venjuleg úttekt, þ. e. að meta hvort verkið væri viðunanlega af hendi leyst. Krefst stefndur á þessum grundvelli algerðrar sýknu af kröfum stefnanda. Til vara krefst hann þess að krafa stefnanda verði lækkuð til mikilla muna. Loks krefst hann málskostnaðar.

Menn þeir, sem tóku út húsið hafa nú gefið vottorð og verið leiddir sem vitni í máli þessu, en það eru þeir, Hjálmar Þorsteinsson fyrir hönd stefnds, Kristinn Sigurðsson fyrir hönd stefnanda og svo oddamaður sá er þeir völdu sér, er þeir gátu ekki orðið sammála um úttektina, en það var Guðmundur Þorlákssson. Vitnisburðir nefndra manna um það, hvort þeir hafi litið svo á, að þeim hefði af báðum aðilum verið falið að skera úr deilunni um skápana, eru ekki samhljóða. Guðmundur Þorlákssson kveður það hafa verið með vitund og vilja beggja aðila, að úttektarmennirnir legðu úrskurð á þrætuna um skápana. Kristinn Sigurðssson segir, að sér hafi ekki *skilist* annað en þeir ættu að kveða upp úrskurð um þetta atriði, en getur þó ekki sagt ákveðið um það. Aftur á móti ber Hjálmar Þortsinsson það ákveðið, að deilan um smíði skápanna hafi aldrei átt að leggjast undir úrskurð þeirra.

Þar sem vitnisburðir þessir eru svo ósamhljóða, þykir ekki nægilega sannað, að úttektarmönnunum hafi verið falið að skera úr því deiluatriði, hvort stefndur skyldi borga skápana sérstaklega eða ekki og verður því ekki hægt að byggja niðurstöðu máls þessa á áliti þeirra. Verð-

ur þá að fara eftir ákvæðum verksamningsins sjálfs og útboðslýsingu þeirri, er hann byggist á.

Samkvæmt útboðslýsingunni fylgir innrétting búðarinnar og útstillingarskápar framan við hana ekki með í útboðinu. En í verksamningnum stendur að stefnendur taki að sér að byggja húsið samkvæmt sérstökum útboðsskilmálum og lýsingu af byggingu hússins að undanskildu, ásamt fleiru, innréttingu á búð og 2 sýningarskápum. Þó þannig sé nú til orða tekið í verksamningnum þarf alls ekki að skilja það svo að í honum eigi að felast nein breyting frá því sem gert er ráð fyrir í útboðslýsingunni. Því þó tala skápanna sé ákveðin í samningnum, þá þarf það ekki að merkja annað en það, að stefndur hafi þá ekki hugsað sér að hafa fleiri skápa framan við búðina en 2, en ekki virðist geta leikið vafi á því, að skápar þeir, sem um er deilt og marktir eru með X á uppdrætti af húsinu, sem lagður hefir verið fram í málinu, verði að teljast sýningarskápar, en geti ekki álitist gluggar á búðinni. Og þó stefndum síðar kynni að detta í hug, að bæta við fleiri skápum, þá getur það ekki haft nein áhrif á skyldu verksala samkvæmt verksamningnum. Rétturinn verður og að líta svo á, að þar sem útstillingarskápar framan við búðina eru algerlega undanskildir í útboðslýsingunni, þá geti það ekki hafa verið ætlunin, að verksamningurinn ætti að fela í sér nokkra breytingu á því, þó ákveðin tala sýningarskápa væri tekin þar fram. Það virðist í þessu sambandi ekki merkja annað en það, að stefndur hefir þá í svip ekki hugsað sér að hafa fleiri skápa en tvo. Það verður því að fallast á það hjá stefnendum, að þeim beri sérstök borgun fyrir smíði þessara skápa og ber að dæma stefndan til þess að greiða hana. En þar sem stefnendur áttu samkvæmt verksamningnum, að semja sérstaklega, hvert sinn fyrirfram, ef eitthvað var breytt til frá því sem umsamið var, en þetta virðast þeir hafa látið undir höfuð leggjast í þessu tilfelli, og þar sem reikningi þeirra hefir verið mótmælt sem of háum, þykir rétt að upphæð sú, sem þeim ber að fá fyrir smíði skápanna verði ákveðin með mati 2ja óvilhallra dómkvaddra manna, þó þannig að upphæðin fari ekki fram úr kr. 2950,00.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndur greiði stefnandanum kr. 200,00 í málskostnað.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið upp kveðinn í máli þessu fyrr en nú.

Mánudaginn 22. maí 1933.

Nr. 161/1932. **Þrotabú h/f Valur** (Eggert Claessen)
gegn
Landsbanka Íslands (Th. B. Lindal).

Veðsetning talin ógild gagnvart áfrýjanda, krafa stefnda til andvirðis hins veðsetta fiskjar því eigi tekin til greina.

Dómur Gestaréttar Reykjavíkur 3. sept. 1932: Framangreind lögbannsgjörð staðfestist og á stefnandinn Landsbanki Íslands rétt á að fá afhenta viðskiptabók nr. 49131 við Landsbankann með innstæðu kr. 10,698,05 og áföllnum og áfallandi vöxtum.

Stefndur h/f Valur greiði stefnandanum kr. 400,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það er upplýst í málinu, að Þórður Flygenring, sem í verki og framkvæmd og með vitund og vilja meðstjórnenda sinna annaðist útgerðarstjórn skipsins „Papey", eign áfrýjanda, árið 1930, þar til 25. okt. s. á., er Þórður varð gjaldþrota, veðsetti Landsbankanum og Útvegsbanka Íslands h/f, fyrra hluta nefnds árs, fisk veiddan og óveiddan, í einu lagi af fjórum skipum, þremur, er hann átti sjálfur, og af áðurgreindu skipi áfrýjanda, til tryggingar lánum, samtals kr. 423000,00. Af lánum þessum greiddust kr. 62000,00, svo að eftir stóðu kr. 361000,00 ógreiddar, en samkvæmt framlögðum

sjóðreikningi áfrýjanda átti hann þó inni hjá Þórði 31. okt 1930 kr. 8140,32.

Með þannig lagaðri ráðstöfun batt téður Þórður Flygenring afla skipsins „Papey“ eigi aðeins til tryggingar því af nefndum lánum, sem til útgerðar þessa skips kynni að ganga, heldur einnig til tryggingar lánum handa sjálfum sér, og það í mjög ríkum mæli. Hvernig sem litið er á heimild Þórðar sem raunverulegs framkvæmdarstjóra hlutafélagsins til þess að veðsetja almennt eignir félagsins og á heimild stjórnenda til að samþykkja slíka ráðstöfun, þá verður hvorki álitið, að framkvæmdarstjóri hafi haft heimild til að veðsetja eignir þess til tryggingar skuldum annara manna né heldur, að stjórn þess hafi haft heimild til þess að samþykkja slíka veðsetningu, og binda félaginu þar með stórum meiri áhættu en þá, er skapast vegna venjulegs reksturs. Verður þegar af þessari ástæðu að telja umrædda veðsetningu ógilda gagnvart áfrýjanda, og að stefndi geti því ekki byggt á henni nokkurn rétt yfir eða rétt til andvirðis hins veðsetta fisks eða sparisjóðsbókar Landsbankans nr. 49131, er það var lagt í. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm og þar með lögbannsgerðina 26. febr. 1932, úr gildi samkvæmt kröfu áfrýjanda, og sýkna hann af öllum kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Lögbannsgjörðin 26. febr. 1932 er úr gildi felld, og áfrýjandi, þrotabú h/f „Valur“, á að

að vera sýkn af öllum kröfum stefnda, Landsbanka Íslands, í máli þessu. Stefndi greiði áfrýjanda samtals 500 kr. í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir eru þeir, að í dezembermánuði 1927 stofnuðu nokkrir menn hlutafélagið Val í Hafnarfirði og var tilgangur þess að reka fiskveiðar og aðrar atvinnugreinar, sem standa í sambandi við þær. Í stjórn félagsins voru upphaflega kosnir þeir Ingólfur Flygenring, Jón Gíslason og Guðmundur Guðmundsson, og á stjórnarfundi 3. febr. 1928 var Ingólfur jafnframt ráðinn útgerðarstjóri þess. Til þess að stunda fiskveiðarnar keypti félagið línuveiðarann Kakala og var á stjórnarfundi 16. dez. 1927 ákveðið að breyta um nafn á skipinu og kalla það Papey. Hinn 6. apríl 1928 gengu þeir Jón og Guðmundur úr félaginu og þar með úr stjórninni. Voru þá tilnefndir í stjórnina í þeirra stað til næsta aðalfundar þeir Þórður Flygenring og Helgi Guðmundsson og á aðalfundi 7. apríl 1929 voru þeir endurkosnir og áttu síðan sæti í henni þangað til á aðalfundi félagsins í dezember 1930. Hinsvegar hefir Ingólfur borið það við lögregluréttarrannsókn út af gjaldþroti Þórðar Flygenrings, að hann hafi gengið úr félaginu og þá að sjálfsögðu um leið úr stjórn þess veturinn 1929 og 30. Eigi að síður undirskrifar hann hinn 30. ágúst 1930 ásamt fyrnefndum tveimur stjórnendum félagsins veðskuldabréf, þar sem félagið veðsetur h/f. Hamar skip sitt „Papey", en ekki verður séð, að hann hafi tekið frekari þátt í stjórnarstörfum félagsins eða rekstri þess, eftir að hann telur sig vera farinn úr því.

Á tímabilinu frá 21. janúar til 22. apríl 1930 fékk Þórður Flygenring 9 stórlán í Landsbanka Íslands, er námu samtals kr. 303,000,00 til útgerðar línuveiðagufuskipanna „Grímsey", „Pétursey", „Málmey" og „Papey" á vetrar- og vorvertíðinni 1930. Voru lán þessi öll tryggð með veði í fengnum og ófengnum afla nefndra skipa og voru Lands-

bankanum þannig veðsett 5050 skpd. af stórfiski af fyrsta afla skipanna og miðað við 250 kg. af fullsöltuðum fiski. En auk framangreindra lána fékk Þórður ennfremur á tímabilinu frá 23. apríl til 28. maí 1930 4 lán hjá Útvegsbanka Íslands h/f. samtals að upphæð kr. 120,000,00 til útgerðar sömu skipa á vorvertíðinni og veðsetti bankanum jafnframt 2000 skpd. af afla skipanna næst á eftir Landsbankanum og var þar einnig um stórfisk að ræða og miðað við 250 kg. Þegar umrædd lán, sem öll voru víxillán tóku að falla í gjalddaga en greiðsla brást, fengu bankarnir nokkurnveginn vissu fyrir því, að ekki mundi allt með feldu um fjárhag veðsalans, Þórðar Flygenring, og var bú hans síðan tekið til gjaldþrotaskipta þann 25. okt. 1930. Kom þá í ljós, að ekki var til nærri því eins mikill fiskur og vera átti og fengu bankarnir aðeins kr. 62,000,00 greiddar upp í framangreindar skuldir. Við uppskrift á þrotabúinu kom fram, að ca. 150 skpd. af fiski þeim, sem þá var til, var talinn veiddur á e/s „Papey" og eign h/f Valur. Krafðist félagið að fá fisk þennan afhentan úr þrotabúinu til frjálsrar ráðstöfunar, en þeirri afhendingu mótmæltu bankarnir sem veðhafar í honum. Síðar varð þó að samkomulagi að fiskurinn yrði seldur með þeim hætti, að réttarstaða aðilanna til andvirðis hans skyldi eigi raskast við það. Fór salan fram í marz f. á. og nam andvirðiið nettó kr. 10,698,05 og var það lagt á viðskiptabók við Landsbankann nr. 49131, og bókin geymd í vörslum skiptaráðandans í þrotabúi Þ. Flygenring. Krafðist hlutafélagið nú enn að fá bókina með innistæðunni afhenta frá skiptaráðandanum, en Landsbankinn, sem hefir fengið rétt Útvegsbankans samkv. fyrgreindum fjórum víxlum hans á hendur Þ. Flygenring og tilheyrandi tryggingarbréfum gegn h/f Valur og þrotabúi Þórðar framseldan, fékk hinn 25. febr. sl. að undangengnum fógetaréttarúrskurði lagt lögbann við því, að bókin eða innistæðan yrði afhent hlutafélaginu. Höfðaði Landsbankinn síðan mál þetta hér fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 29. febr. s. l. á hendur stjórn h/f „Valur" fyrir hönd félagsins, þeim Ólafi Gíslasyni stórkaupmanni og Guðmundi Magnússyni skipstjóra báðum hér í bænum, og Helga Guðmundssyni bifreiðarstjóra í Hafnarfirði og hefir gert þær réttarkröfur, *að* ofangreind lögbannsgerð

verði staðfest sem löglega gerð og framfylgt, *að* stefnd stjórn verði f. h. nefnds hlutafélags dæmd til þess að þola aðför í ofangreindri bankainnistæðu kr. 10,698,05 ásamt áföllnum og áfallandi vöxtum og *loks* að hún verði dæmd til að greiða allan kostnað af málinu að skaðlausu.

Stefnandi hefir nú haldið því fram og byggt framangreindar kröfur á því, að oftnefndur Þórður hafi einn annast útgerðarstjórn h/f. „Valur". Hann hafi séð um fisksölu, útvegun rekstrarfjár og þess háttar og yfirleitt komið fram út á við fyrir félagsins hönd eins og hann ætti það sjálfur, og hafi hluthafar félagsins, endurskoðendur eða meðstjórnendur ekki haft neitt við framkvæmdir hans að athuga. Telur stefnandi, að af þessu sé það ljóst, að Þórður hafi haft heimild til að veðsetja umræddan Papeyjarfisk ásamt sínum eigin fiski til tryggingar framangreindum lánum og hafi því veðrétturinn í þeim fiski verið fullgildur, en af því leiði aftur það, að hann (stefnandi) eigi heimtingu á því, að andvirði veðsins eða hin umþrætta bankainnistæða gangi að svo miklu leyti sem hún til hrekkur upp í þær skuldir Þórðar Flygenrings, sem veðið hafi átt að tryggja. Þessum rétti verði h/f. Valur að sjálfsögðu að hlíta, og enda þótt ekki hafi stofnast sjálfstæður kröfuréttur á hendur félaginu við greindar lántökur Þ. Fl. þá megi telja það fullvíst, að nokkuð af lánunum hafi í raun og veru gengið til félagsins sem rekstrarfé.

Þá telur stefnandi, að jafnvel þó að Þ. Fl. hefði ekki haft raunverulega heimild til þess að veðsetja Papeyjarfiskinn, þá hafi litið svo út gagnvart bönkunum, og þeir hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að heimild hans til veðsetningarinnar væri í lagi og hafi veðsetningin því af þeirri ástæðu einnig verið fullgild í þessu falli.

Stefndir hafa mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess, að lögbannsgjörðin verði úr gildi felld og viðurkenndur verði kvaðalaus eignarréttur h/f. Valur í téðu fiskandvirði kr. 10,698,05 ásamt áföllnum og áfallandi vöxtum. Þá krefjast þeir og málskostnaðar hjá stefnanda til handa hlutafélaginu eftir reikningi.

Mótmæli sín og kröfur byggja stefndir á því að Þ. Fl. hafi enga heimild haft til þess að veðsetja umræddan Papeyjarfisk. Sé því veðsetning hans til bankanna á fisk-

inum ógild og eigi þá hlutafélagið „Valur", sem eigandi fiskjarins eitt rétt til andvirðis hans. Halda þeir því fram, að samkvæmt félagslögunum, sé það félagsstjórnin ein eða meiri hluti hennar sem geti veðsett eignir félagsins, þar á meðal fiskafla þess. Vald framkvæmdarstjórans nái hinsvegar ekki til þess að framkvæma slíka gerninga fyrir félagið, en þó svo væri skifti það ekki máli hér, þar sem Þórður Flygenring hafi aldrei verið formlega ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins, heldur hafi Ingólfur bróðir hans verið útgerðarstjóri þess á þeim tíma, sem veðsetningarnar áttu sér stað.

Samkvæmt 19. gr. laga h/f. Valur kemur framkvæmdarstjóri fram fyrir félagsins hönd gagnvart öðrum í öllum þeim málum, sem snerta venjulegan rekstur þess, og verður því að telja það ótvírætt, að heimild hans hafi náð til þess, að veðsetja fisk félagsins við útvegun á rekstrarlánum handa því. Það er nú að vísu rétt hjá stefndum, að Þ. Fl. hefir aldrei verið ráðinn formlega sem framkvæmdarstjóri h/f Valur. Við lögregluréttarrannsókn út af gjaldþroti Þ. Fl. voru meðal annars auk hans yfirheyrðir meðstjórnendur hans í h/f Valur, þeir Ingólfur og Helgi svo og endurskoðandi félagsins Gunnlaugur Stefánsson. Með framburði þeirra og öðru, er fyrir liggur í málinu þykir það fyllilega upplýst, að Þ. Fl. hafi að minnsta kosti allt frá því snemma á árinu 1928 og til þess tíma, að hann varð gjaldþrota verið raunverulegur framkvæmdarstjóri h/f Valur, enda þótt hann væri ekki formlega kjörinn sem slíkur eða hefði prókúru fyrir félagið. Á þessu tímabili mun hann hafa annast að öllu leyti útgerðarstjórn skipsins „Papey". Þá hafði hann og á hendi verkun og sölu fisks þess, sem á skipið aflaðist og útvegun rekstrarlána, sem virðist hafa farið fram með þeim hætti, að hann veðsetti Papeyjarfiskinn ásamt sínum eigin fiski fyrir rekstrarlánum teknum á sitt nafn, en lét svo félaginu sjálfu í té rekstrarfé eftir þörfum. Virðist meðstjórnandi Þ. Fl., Helgi Guðmundsson, eftir framburði hans í lögregluréttinum þegjandi hafa samþykkt ráðstafanir Þórðar viðvíkjandi rekstri félagsins og að minnsta kosti kemur ekki annað fram en framkvæmdir Þ. Fl. allar hafi verið látnar átölulausar af meðstjórnendum hans, endurskoðendum félagsins og hluthöfum, en aðalfundur var haldinn

í félaginu í aprílmánuði 1929. Þykir því verða að ganga út frá því, að Þ. Fl. hafi haft heimild til að veðseetja umræddan Papeyjarfisk og teljast þá veðsetningar hans á fiskinum til stefnanda og Útvegsbankans fyrir framangreindum lánum að fullu gildar, en af því leiðir, að stefnandi á rétt til þess að fá andvirði fiskjarins eða viðskiptabókina við Landsbankann með áðurgreindri innstæðu og verður stefnanda tildæmdur sá réttur auk þess sem krafa hans um staðfestingu lögbannsgjörðarinnar verður til greina tekin.

Eftir atvikum þykir rétt að h/f Valur greiði stefnandanum kr. 400.00 í málskostnað.

Vegna margvíslegra embættisanna dómarans hefir eigi verið unnt að kveða upp dóm í máli þessu fyrr en nú.

Föstudaginn, 26. maí 1933.

Nr. 153/1932. **C. A. Broberg, f. h. vátryggingarfélagsins Danske Lloyd**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Birni Þórðarson lögmanni, f. h. þrotabús Finnboga Jenssonar og gagnsök
(Th. S. Líndal).

Brunabætur eigi greiddar vegna brests á fullnægjingu vátryggingarskilmála.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1932: Synji stefndur C. A. Groberg fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að honum hafi verið kunnugt um það, er vátrygging sú, á v/sk. Mardöll, sem um ræðir í málinu, var tekin, eða síðar fram til miðs maímánaðar 1929, að bensín væri notað við vélar skipsins, á hann að vera sýkn af kröfu stefnanda í málinu Theódórs Líndal, f. h. þrotabús Finnboga Jenssonar og skal þá málskostnaður falla niður.

Vinni stefndur hinsvegar eigi svofelldan eið ber hon-

um, f. h. A/S Danske Lloyd að greiða stefnandanum kr. 30,000,00 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1930 til greiðsluodags og kr. 1086,00 í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir aðallega krafizt skilyrðislausrar sýknu í máli þessu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en *til vara* hefir hann krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi. Gagnáfrýjandi hefir *aðallega* krafizt dóms um skilyrðislausa greiðslu hinnar umstefndu upphæðar og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en til vara staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi.

Auk þess sem brunatjón í skipum, sem nota benzín í vélarúmi, er tvímálalaust undanskilið vátryggingunni samkvæmt tryggingarskilmálunum, er það upplýst í málinu, að vél skipsins var mjög óþétt, og að sprenging hafði orðið nokkru áður í vélarrúminu vegna íkveikju í gaseimi, er hún virðist hafa lekið, að brunatjón það, er í máli þessu greinir, virðist stafa af sömu orsök, að slökkvitæki skipsins var ónothæft og að veggir í vélarrúmi voru aðeins járnvarðir upptil miðju, enda þótt þeir ættu að vera það allir samkvæmt vátryggingarskilmálunum. Brunatjón það, sem í máli þessu greinir, var tryggingarsala því óskylt að greiða, og þegar vegna þess hversu miklir brestir voru á fullnnægingu vátryggingarskilmálanna um vél, vélarrúm og slökkvitæki, skiptir það ekki máli, hvort umboðsmanni tryggingarsala var eða var ekki kunnugt um það, að til vélarinnar þurfti að einhverju leyti benzín. Samkvæmt þessu

verður að sýkna aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Eftir þessum málalokum og að því athuguðu, að gagnáfrýjandi hafnaði boði aðaláfrýjanda um greiðslu helmings vátryggingarfjárins, þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 500 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera.

Aðaláfrýjandi C. A Broberg f. h. vátryggingarfélagsins Danske Lloyd á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Björns Þórðarsonar lögmanns, f. h þrotabús Finnboga Jenssonar, í máli þessu. Gagnáfrýjandi greið aðaláfrýjanda samtals 500 kr. málskostnað í héraði og fyrir hæstarét i, að v ðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með vátryggingarskírteini, dags. 15. febrúar 1929, tókst stefndi, C. A. Broberg, kapteinn hér í bæ, f. h. A/S Danske Lloyd, sjóvatryggingarfélags í Kaupmannahöfn, á hendur sjóvátryggingu á vélskipinu Mardöll I S. 382, eign Finnboga Jenssonar Vátryggingarfjárhæð var ákveðin kr. 30,000,00 og vátryggingartími frá 24. jan. 1929 til 24. janúar 1930.

Hinn 13. ágúst 1929 var v/sk. Mardöll að veiðum undan Norðurlandi. Skipstjóri var eigandi skipsins, Finnbogi Jensson. Þennan dag kviknaði í vélarrúmi skipsins og varð eldurinn ekki slökktur fyrr en annað skip kom til bjargar eftir 1½—2 klst. Var skipið þá orðið alelda fram fyrir miðju og aftur úr og aftursigla fallin. Var flakið síðan dregið til lands og þar sem um algerðan skipstapa var að ræða tók hið stefnda vátryggingarfélag flakið í sína umsjá og ráðstafaði því. Þegar félagið hinsvegar var krafið um vátryggingarfé neitaði það að inna það af hendi.

Skipseigandinn, Finnbogi Jensson, framseldi nokkru síðar bú sitt til gjaldþrotaskiptameðferðar og á skiptafundi í þrotabúi hans 15. marz 1930 var samþykkt að innheimta vátryggingarféð með málssókn. Að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan milli skiptaráðanda búsins og hins stefnda umboðsmanns vátryggingarfélagsins höfðaði stefnandi, Theodór Líndal hrm., fyrir búsins hönd síðan mál þetta hér fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. sept. 1930, gegn stefnda C. A. Broberg, f. h. A/S Danske Lloyd. Hefir stefnandi gert þær kröfur í málinu, að stefndur verði fyrir hönd umbjóðanda síns dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 30,000,00 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1930 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir krafizt sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar.

Sýknukröfu sína reisir stefndur á því, að notað hafi verið bensín í vélarúmi skipsins. Hafi þar verið bensíndúnkur, sem tekið hafi nál. 100 lítrum og á honum hafi verið um 30 lítrar, er eldsvoðann bar að höndum. En í vátryggingarskírteininu sé tekið fram að eldsvoði í skipum, sem nota bensín í vélarrúminu, eða annað svipað eldsneyti með lágu logamarki, sé vátryggingunni óviðkomandi.. Er ákvæði þetta prentað með venjulegu (óbreyttu) letri meðal fleiri prentaðra upplýsinga og skilyrða á fyrstu bls. vátryggingarskírteinisins og er svohljóðandi: „Brandskade i Fartöjer, som i Motorrummet anvender Benzin eller andet lignende Brændstoff med lavt Flammepunkt, er Forsikringen uvedkommende". Telur stefndur að bensínnotkunin í vélarrúminu hafi valdið því, að skipið hafi samkvæmt nefndu ákvæði verið með öllu óvátryggt gegn eldsvoða, af hvaða orsökum sem væri ,og hver sem eldsuppkoman hefði verið, en auk þess muni eldsvoði sá, sem um ræðir, beinínis stafa af bensínnotkuninni.

Til vara hefir stefndur krafizt sýknu af því, að útbúnaður skipins hafi ekki verið forsvaranlegur, en sú ástæða virðist ekki á rökum reist.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að hið tilvitnaða ákvæði geti ekki staðið því í vegi, að vátryggingin nái til tjóns þess, er á skipinu varð. Ákvæðið sé alls ekki veru-

leg forsenda í sambandi við vátryggingarsamninginn, auk þess sem vátryggingartaka hafi verið ókunnugt um það. Ákvæðið sé prentað með smáu letri í langri grein og engin athygli á því vakin og þar að auki á erlendu tungumáli, sem vátryggingartaki hafi alls ekki skilið. Kveður hann vátryggingartaka hafa mátt treysta því, að vátryggingin væri í gildi, þar sem hann hafi greitt iðgjald, skipið fullnægt skilyrðum þeim, er hið opinbera setur um öryggi, (Opinber skoðun fór fram 19. febrúar 1929) og skipið verið á þeim stað, sem skírtinið segi til um, að tryggingin sé í gildi á. Loks telur hann eldsuppkomuna alls ekki standa í sambandi við bensínnotkunina.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að hinum stefnda umboðsmanni vátryggingarfélagsins hafi verið persónulega kunnugt um það, að bensín var notað við vélina. Vélartegundin (Kelvin) sé ónothæf nema bensín sé notað jafnframt olíu, og hafi stefndum bæði verið kunnugt um að Kelvinvél var í skipinu og að vélin gæti því aðeins gengið að bensín sé notað að nokkru leyti. Telur stefnandi vátryggingarfélagið vera greiðsluskylt einnig af þessari ástæðu.

Um eldsuppkomuna er það upplýst í sjóferðaprófum, er haldin voru, að hún hafi orsakast af því að vélstjórinn fór niður í vélarúmið, er hafði verið lokað, og kveikti þar á eldspýtu. Varð þá sprenging og logaði eldur upp um loftið, en síðan sló loganum niður veggina og niður á gólf. Tókst skipverjum ekki að slökkva eldinn svo sem fyrr segir. Orsök sprengingarinnar virðist vera sú, að myndast hafi gasloft í vélarúminu. Samkvæmt vottorðum frá vélaeftirlitsmanni ríkisins og Efnarannsóknarstofu ríkisins, sem lögð hafa verið fram í málinu getur gasið hafa stafað frá vélinni, sökum óþéttleika, eða myndast við það, að bensín hafi lekið niður og gufað upp. Telur Efnarannsóknarstofan þó líklegra að gasið stafi frá vélinni, enda upplýst að hún hafi verið óþétt og svæla lagt frá henni. Eins og málið liggur fyrir er alls ekki útilokað að eldsvoðinn hafi stafað af því, að bensín var notað í vélarrúminu, þótt það sé hinsvegar ekki sannað, að sú sé orsök eldsuppkomunnar.

Það má nú að vísu ganga út frá því, að vátryggingartaka hafi verið ókunnugt um ofan um getið ákvæði vá-

tryggingarskírteinisins, og að hann hafi verið í góðri trú um það, að skip hans væri vátryggt gegn eldsvoða. Og þótt svo væri, að stefndum hafi verið ókunnugt um það, að bensín væri notað við vél skips þess, sem hér um ræðir, verður þar sem vitanlegt er, að mörg vélskip nota bensín, að telja það ógætni, að hann skyldi ekki vekja athygli stefnanda á þessu ákvæði, sem hann telur valda því, að skipið hafi verið með öllu óvátryggt fyrir eldsvoða. Og því frekar má telja, að honum hafi borið skylda til að sýna aðgætni í þessu efni, þar sem félag það, sem hann er umboðsmaður fyrir, og hefir fasta bækistöð hér á landi, gefur vátrygginarskírteinin út á erlendu máli. Þrátt fyrir þetta verður þó að telja oftnefnt ákvæði svo skilyrðislaust og ákveðið, að hið stefnda félag beri ekki ábyrgð á eldsvoða, sem staðið getur í sambandi við bensínnotkunina, nema einhverjar ástæður komi til, sem valdið geti því að ekki verði tekið tillit til ákvæðisins.

Eins og fyrr segir heldur stefnandi því fram, að hinum stefnda umboðsmanni hafi verið kunnugt um það á vátryggingartímanum, að notað væri bensín við vél Mardallar. Stefndur hefir mótmælt þessu, og einnig haldið því fram, að þótt hann hefði haft vitneskju um bensínnotkunina gæti það ekki haggað gildi oftnefnds ákvæðis skírteinisins, enda sé ekki bannað í því að nota bensín heldur aðeins tekin fram sú afleiðing þess að vátryggingin nái þá ekki til eldsvoða í skipinu.

Rétturinn verður nú hinsvegar hiklaust að líta svo á, að hafi stefndum verið kunnugt um bensínnotkunina þegar vátryggingin var tekin hafi honum borið skýlaus skylda til þess að benda vátryggingartaka á það, að vátryggingin næði ekki til eldsvoða í skipinu, eins og hann heldur fram í þessu máli. Honum mátti vera það ljóst, þar sem annað barst ekki í tal, að vátryggingartaki vildi fá fullkomna sjóvátryggingu, enda ómótmælt, að iðgjaldið sé miðað við fullkomna tryggingu. Og þótt honum hafi ekki verið kunnugt um bensínnotkunina þegar vátryggingin var tekin bar honum samt skylda til, ef hann fékk vitneskju um hana síðar, að gera vátryggingartaka viðvart um það, að skip hans væri óvátryggt gegn eldsvoða. Sé um vanrækslu að ræða í þessu efni af hálfu stefnds hlýtur það að valda því, að ákvæði sírkteinisins um bensínnotk-

un hafi ekki gildi gagnvart vátryggingartaka eða búi hans, þar sem gerðir stefnds í þessu efni, sem beint snerta vátryggingarskilyrði, eru bindandi fyrir vátryggingarfélagið.

Stefnandi hefir leitt sem vitni í málinu vátryggingartakann Finnboga Jensson. Bar hann það, að þegar hann samdi um vátrygginguna hafi stefndur spurt hann um vélarnar og hafi hann sagt hvað þær væru stórar og að tegundin væri Kelvin. Ennfremur hefir stefnandi leitt sem vitni Ólaf Einarsson, umboðsmann Kelvinvéla, sem vélarnar seldi í skipið. Þetta vitni hefir borið, að fyrir 14. maí 1929 hafi það átt tal við stefndan viðvíkjandi tryggingu á skipinu og vélunum, þar eð það hafði selt vélarnar að áskildum eignarrétti þar til þær væru greiddar, og hafði því hagsmuna að gæta. Kveðst vitnið hafa spurt hvort tryggingin væri í lagi og fengið svarað að svo væri. Hafi stefndum þá verið fullljóst hvaða tegundar vélarnar voru og að þær gátu ekki gengið nema bensín væri notað, enda hafi beinlínis verið talað um hvaða eldsneyti væri notað og að það væri bensín. Hafi stefndur og getið þess að þessar vélar hefðu mikið verið notaðar í danska flotanum og að hann þekkti þær vel.

Framburður beggja ofannefndra vitna hefir af stefndum verið tekinn jafngildur og eiðfestur væri, en mótmælt sem röngum og vilhöllum, þar sem bæði vitnin hafa hagsmuna að gæta í sambandi við vátrygginguna. Rétturinn verður nú samt að álíta, eins og mál þetta horfir við, að svo mikið megi leggja upp úr framburði vitna þessara, einkum Ólafs Einarssonar, að rétt sé að láta úrslit málsins vera komin undir synjunareiði stefnds um þetta atriði, þannig að synji hann með eiði á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning fyrir það, að honum hafi verið kunnugt um, þegar vátrygging sú sem um ræðir í málinu var tekin, eða síðar, fram til miðs maímánaðar 1929, að bensín væri notað við vélar hins vátryggða skips Mardallar, þá á hann fyrir hönd A/S Danske Lloyd að vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu, en verði honum eiðfall ber honum að greiða hina umstefndu upphæð með vöxtum eins og krafist er.

Vinni stefndur umgetinn eið þykir rétt að málskostnaður falli niður, en verði honum eiðfall ber honum fyrir

hönd umbjóðanda síns að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi hans, kr. 1086,00.

Eiðsfrestur ákveðst 30 dagar.

Föstudaginn 26. maí 1933.

Nr. 6/1931. **Réttvísin** (Th. B. Lindal)

gegn

Birni Gíslasyni og Hansínu Ingu Pétursdóttur (Eggert Claessen).

Brot g. 254, 255, 259 og 264 gr. 2. mgr. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. dez. 1930: Ákærður, Björn Gíslason, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði, en ákærð, Hansína Inga Pétursdóttir, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Hin ákærðu greiði hvort um sig kostnaðinn við sitt gæzluvarðhald, og ákærð 70 krónur í málsvarnarlaun til talsmanns síns, Páls Jónssonar, en að öðru leyti greiði þau in solidum allan kostnað sakarinnar. Hin ákærðu skulu og svift rétti til að reka eða stjórna verzlun í næstu 5 ár frá uppsögn dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þann 24. ágústmánaðar 1929 úrskurðaði skiptaréttur Reykjavíkur ákærðu í máli þessu, Hansínu Ingu Pétursdóttur, gjaldþrota. Rannsókn sú er fór fram út af gjaldþrotinu samkvæmt 8. gr. laga nr. 25, 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti, leiddi til þess að dómsmálaráðuneytið fyrirskipaði með bréfi dags. 29. nóv. 1929 sakamálsrannsókn einnig á hendur ákærða Birni Gíslasyni og var mál þetta síðan höfðað gegn báðum hinum ákærðu með aukarétt-arstefnu 14. nóv. 1930 fyrir brot gegn ákvæðum 26.

kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 sbr. l. nr. 53, 11. júní 1911 og lög nr. 51, 7. maí 1928 og lögum nr. 25, 14. júní 1929, og var málið dæmt í aukarétti Reykjavíkur 12. dez. 1930 með þeim úrslitum, er segir í dóminum. Var dómi þessum áfrýjað til hæstaréttar með stefnu dags. 30. dez. 1930 og var það fyrst flutt þar í nóvembermánuði 1931, en með úrskurði réttarins 30. þess mánaðar var lagt fyrir rannsóknardómarann að útvega ýmsar nýjar nánar tilgreindar upplýsingar í málinu. Hefir rannsóknardómarinn nú tekið ýtarleg framhaldspróf og útvegað upplýsingar þær, sem óskað var eftir. Var málið nú í annað sinn flutt skriflega samkvæmt sameiginlegri ósk sækjanda og verjanda, og hefir verjandi lagt enn fram nokkur ný skjöl. Verður nú með framhaldsprófunum og þessum nýju gögnum í sambandi við eldri prófin, að telja það upplýst og sannað í málinu, er hér á eftir greinir.

I.

Viðskipti ákærða Björns Gíslasonar við Guðjón kaupmann Guðmundsson, er snerta mál þetta, hefjast seint á árinu 1923 með því, að Guðjón lánar ákærða 750 kr. til að greiða með skuld. Á öndverðu árinu 1924 selur svo Guðjón ákærða skuldakröfur á Solveigu nokkura Hvannberg, er taldar eru að hafa verið 17000 kr. að nafnverði, en Guðjón telur hafa verið lítils virði. Auk þess lánaði Guðjón, er þá rak nýlenduvöruverzlun í Reykjavík, ákærða vöruúttekt úr sölubúð sinni. Þessi skuldasöfnun ákærða mun vera undirrót þess, að þ. 29. apríl 1924 gerir ákærði samning við Guðjón þess efnis, að Guðjón skyldi kaupa af ákærða *85000* pakka af

Persil þvottadufti fyrir tiltekið verð, er var um þriðjungi lægra en venjulegt heildsöluverð á því, og skyldi helmingur af kaupverði þvottaduftsins ganga til lúkningar framangreindum skuldum ákærða við Guðjón. Og í sambandi við samning þennan gefur ákærði 2. maí sama ár skriflega yfirlýsingu þess efnis, að hann skuldbindur sig til þess að greiða Guðjóni 15000 kr. upp í viðskipti er fram hafi farið milli þeirra og ræðir um í samningnum, ef hann verði haldinn. Þessi samningur kom þó aldrei til framkvæmda þegar af þeirri ástæðu, að annað firma hafði fengið einkasölurétt fyrir Persil þvottadufti hér á landi. Stóðu nefnd skuldaviðskipti ákærða og Guðjóns því óbreytt, og hefir Guðjón ennfremur borið, að hann hafi lánað ákærða fé seint á þessu ári til utanlandsferðar í verzlunarerindum, er þó eigi hafi borið neinn árangur, en þetta er eigi sannað gegn neitun ákærða. Þegar svo leið á árið 1925 fór ákærði að leiða Guðjóni það fyrir sjónir, að einasta leiðin til þess að geta greitt skuldina væri sú, að hann setti verzlun á stofn, en til þess þyrfti hann að fara til útlanda og útvega sér þar vörulán. Ákærði hefir borið það, að hann á þessum tíma hafi engar eignir átt, en verið skuldum hlaðinn, og fór hann þess á leit, að Guðjón legði fram fé til fararinnar og samþykkti hann það. Er það ekki fyllilega upplýst, hve mikið fé Guðjón lét ákærða fá í þessu skyni, en fyrir þessu láni samþykkti Steinunn Stefánsdóttir, er ákærði þá bjó með, víxil að uphæð 5355 kr., er með vöxtum var síðar hækkaður upp í 5500 kr. og þá samþykktur af ákærða. Er það upplýst með framhaldsprófunum, að Guðjón var um áramótin 1925/26 sæmilega efnum búinn og naut trausts

annara sem skilvís og áreiðanlegur maður í viðskiptum.

Eftir að hafa fengið þetta lán fór ákærði utan seint á árinu 1925 í verzlunarerindum, og á öndverðu næsta ári sendi hann bústýru sinni, áðurnefndri Steinunni Stefánsdóttur, símskeyti, er að vísu hefir eigi verið lagt fram, en ætla má eftir framburðunum að hafi verið þess innihalds, að hann hefði fest kaup á nýlenduvörum fyrir 17000 kr., en að sig vantaði 1700 kr. til að fá kaupin fullgerð.

Skýrði Steinunn Guðjóni frá þessu og sendi Guðjón ákærða þá 1700 kr. í þessu skyni, og lét Steinunni, er þá var veik, auk þess fá 300 kr. sér til framfæris. Skömmu síðar eða í febrúarmánuði 1926 kom svo ákærða, Hansína Inga, til Reykjavíkur og ákærði Björn Gíslason litlu síðar. Höfðu þau kynnst í Kaupmannahöfn í þessari ferð ákærða og það orðið að samkomulagi milli þeirra, að þau skyldu stofnsetja vefnaðarvöruverzlun í Reykjavík, og í því skyni hafði ákærði fest kaup á miklu af vefnaðarvörum. Er svo að sjá af skýrslu, er um það hefir verið gerð, að þau hafi mánuðina febr.—apríl 1926 fengið vörur fyrir um 25000 kr. frá útlöndum, að meðtöldum tollum, farmgjaldi og öllum kostnaði. Áttu sumar af vörum þessum að greiðast gegn afhendingu farmskírteinis, en aðrar voru seldar gegn víxli með 3—6 mánaða gjaldfresti. Er ákærðu komu með vörurnar frá útlöndum skýrðu þau Guðjóni frá því, að ekkert hefði orðið úr kaupunum á nýlenduvörunum vegna þess að peningarnir frá honum hefðu komið of seint, en að vefnaðarvöruverzlun mundi gefa fljótteknari gróða, og að hann mundi fá skuld sína borgaða, ef hann

hjálpaði til að innleysa vörurnar. — Guðjón gekk inn á að gera þetta og hefir hann skýrt svo frá, er og styðst við annað, sem upplýst er, að hann hafi sumpart með eigin handbæru fé sínu, og sumpart með fé, er hann fékk að láni hjá öðrum, lagt fram um 28000 kr. til innlausnar vörunum, þar í þó meðtalinn 7000 kr. víxill, er hann gaf út og Hansína Inga samþykkti og seldur var öðrum, og fyrir þessum lánum samþykkti ákærði Björn Gíslason þ. 10. marz 1926 víxil með gjalddaga 10. ágúst s. á. til Guðjóns fyrir 28650 kr., og eru þá í upphæðinni taldir vextir og ef til vill einhver afföll. Og tveimur dögum síðar samþykkir hann annan víxil til Guðjóns fyrir 17000 kr. og eru í honum faldar þær 15000 kr., sm ákærði var talinn skulda áður en hann fór utan sem áður segir, að viðbættum þeim 2000 kr. (1700 + 300 kr.), er Guðjón lagði fram eftir áramótin 1926. Sama dag samþykkti og Steinunn Stefánsdóttir víxil fyrir áðurnefndum 5355 kr. Eftir að ákærði Björn Gíslason kom úr nefndri utanför sinni og Guðjón Guðmundsson hafði útvegað honum peninga til innlausnar vörunum stóðu því viðskipti hans við Guðjón þannig samkvæmt víxilskuldbindingunum, að hann skuldaði honum 17000 + 5355 + 28650 = 51005 kr., og eru þá eigi taldir með víxlar þeir: kr. 7000,00 + 5500,00 + 1500,00 + 8000,00 eða samtals kr. 22000,00, er Guðjón síðar gerðist ábyrgur að fyrir ákærða, og seldir voru til að útvega vörur fyrir eða peninga í þágu ákærða.

Eftir að hin ákærðu voru komin frá útlöndum svo sem áður segir, settu þau á stofn vefnaðarvöruverzlun á Grettisgötu 1 í Reykjavík, er gekk undir nafninu „Vorblómið“. Var verzlunin rekin á nafni

ákærðu Hansínu Ingu og borgarabréfið er eigi var gefið út fyrr en 19. okt. 1926, hljóðaði á hennar nafn og áðurnefndar vörur, er frá útlöndum komu, voru henni sendar. En um verzlun þessa er það annars upplýst, að ákærði Björn Gíslason útvegaði allar vörurnar og lánin til vörukaupanna, átti að sjá um allt bókhald, stjórnaði henni út á við og hafði ákvörðunarrétt um allt verzluninni viðvíkjandi, en starf Hansínu Ingu var aðallega fólgið í daglegri afgreiðslu og afhendingu í sölubúðinni, og það sem inn kom fyrir seldar vörur var notað til framfæris sameiginlegu heimili þeirra. Verður því að líta svo á, að ákærði Björn Gíslason hafi verið eigandi og stjórnandi verzlunarinnar eigi síður en Hansína Inga og beri ábyrgð á verzlunarrekstrinum.

Sama dag og áðurnefndur víxill að upphæð 28650 kr. var samþykktur afsalaði ákærða Hansína Inga að vísu nokkru af vörum þeim, er innleystar höfðu verið, til Guðjóns Guðmundssonar upp í skuldina, en hann afhenti þær aftur þá þegar í verzlunina á Grettisgötu 1, og var þeim þar blandað saman við aðrar vörur, og svo um samið, að Guðjón skyldi fá andvirði þeirra og annara vara, er hann hafði innleyst, jafnóðum og þær seldust. En efndirnar á þessu urðu þær, að á tímabilinu frá því að verzlunin byrjaði og til maíloka fékk hann aðeins greiddar 1100 kr., er hann segist að mestu hafa orðið að láta ganga aftur inn í verzlunina, og auk þess fékk hann vörur fyrir um 2000 kr., er hann lét upp í kaupverð svonefnds Vilborgarhúss, sem síðar getur um, og ennfremur lítið eitt af fatnaði. Hinsvegar notfærðu ákærðu sér það, er kom inn fyrir vörurnar sér til framfæris og til verzlunarrekstursins, og er Guð-

jón tók að gerast órólegur út af því að fá eigi lán sín endurgoldin, svo sem hann hafði vænzt og lofað var, stakk ákærði upp á því að reyna að selja vörurnar í stórslumpum gegn greiðslu í íslenzkum vörum. Fór hann í því skyni vestur á Ísafjörð í byrjun maímánaðar og gerði þar með samþykki Guðjóns og umboði hans samning við Hálfdán Hálfdánarson um sölu á vefnaðarvörum úr verzluninni Grettisgötu 1 fyrir um 30 þúsund krónur gegn afhendingu á 650 tunnum af síld. Hálfdán gaf þó síðar eftir samning þennan og varð því ekkert úr kaupunum.

Um það leyti, sem þessi vörukaup gengu til baka er svo að sjá, að Guðjón hafi átt að fá eitthvað af vörum úr verzluninni Grettisgötu 1 afhent sér til eignar og voru í því skyni teknar frá vörur í einn eða fleiri kassa, er geymdir voru þar í vörugeymsluhúsinu, og hefir Guðjón skýrt svo frá, að samkomulag hafi orðið við ákærða um, að hann (Guðjón) fengi þessar vörur til eignar gegn afhendingu á kvittuðum 5500 kr. víxlinum, er áður getur um. En Guðjón tók þó aldrei þessar vörur úr geymsluhúsinu, því litlu eftir að vörurnar voru teknar frá seldi ákærði þær eða megnið af þeim með samþykki Guðjóns, ásamt öðrum vörum, Stefáni Sigurðssyni í Vigur, í skiptum fyrir síld, og verður eigi annað séð en að Guðjón hafi átt að teljast eigandi síldarinnar.

Eftir að þessi kaup voru um garð gengin tók ákærði að sér að selja síldina fyrir Guðjón í útlöndum og voru honum útvegaðir peningar til utanfararinnar með því að selja víxil, er Guðjón hafði samþykkt, og seldi ákærði síldina í Hamborg, en hefir enga skilgrein gert fyrir andvirðinu

aðra en þá, að síldin hafi selzt illa og því lítið orðið afgangs kostnaði, og til Guðjóns rann ekkert af söluandvirði síldarinnar.

Um sama leyti sem nýnefnd vörusala til Stefáns Sigurðssonar fór fram eða þ. 2. júní 1926 undirskrifaði Guðjón yfirlýsingu þess efnis, að hann ætti enga skuldakröfu á hendur Hansínu Ingu eða verzlunina Vorblómið, og hefir ákærði Björn Gíslason haldið því fram, að þá hafi endanleg uppgjörð farið fram á viðskiptum Guðjóns við Hansínu Ingu og Vorblómið, og að hann hafi því ekki eftir þetta átt rétt á að fá greitt neitt af söluandvirði varanna. En Guðjón hefir afdráttarlaust neitað því, að nokkur uppgjörð á viðskiptunum hafi þá farið fram og hafi hann ekki með yfirlýsingunni afsalað sér neinum rétti, heldur hafi hann gefið hana af því, að hann taldi sig að eins eiga til skuldar að telja hjá Birni Gíslasyni, en ekki neitt hjá Hansínu Ingu, og eftir öllum atvikum verður að álíta þetta rétt. Verzlunin á Grettisgötu 1 hélt áfram eftir það með sama sniði og áður. Þá um sumarið var sent nokkuð af vörum frá verzluninni norður á Siglufjörð til sölu þar, og var það gert með samþykki Guðjóns, en hann fékk ekkert af andvirði þeirra, og enginn skilagrein var gerð fyrir sölunni önnur en sú, að vörurnar hefðu ekki selzt fyrir kostnaði.

Þá stofnaði Björn Gíslason seinna á því ári til nýrra vörulána frá útlöndum, meðal annars frá Crome & Goldschmit fyrir rúmar 8000 kr., frá Holdau fyrir rúmar 4000 kr. og frá L. Hoff fyrir tæpar 5000 kr., þessar upphæðir þó allar með tolli og kostnaði hingað komnar. Með þessum vörum ásamt eldri vöruleyfunum var svo verzunin rekin áfram, en Guðjón fékk enga greiðslu af söluand-

virðinu, heldur var það notað til framfæris hinum ákærðu og til verzlunarrekstursins, og gekk þetta þannig fram á árið 1927. En með samningi 15. apríl það ár seldi Hansína Inga frú Jóhönnu Olgeirsson, systur Björns Gíslasonar, verzlunina og vöruleyfarnar fyrir kr. 2435,25, en svo er að sjá sem aðeins kr. 435,25 af kaupverðinu hafi verið greiddar ákærðu, en greiðslu ekki krafist á 2000 kr. Var verzlunin síðan rekin á nafni Jóhönnu fram á árið 1928, en þá hætti hún, enda þá lítið orðið eftir af vörum. Lauk því verzlunarrekstrinum á Grettisgötu þannig, að Guðjón hafði svo sem ekkert fengið endurgreitt af öllu því fé, er hann hafði lánað ákærðu og útvegað til verzlunarrekstursins, að undanskildum áðurnefndum 1100 + 2000 kr.

Svo sem áður hefir verið sagt var ákærði Björn Gíslason eignalaus maður og skuldum hlaðinn, er hann á öndverðu og síðar á árinu 1926 stofnaði erlendis vörulán þau, sem getið hefir verið um, og gat ekki gert sér nokkra von um að geta greitt þau á gjalddaga eða lán þau, er hann fékk til innlausnar þeim, eftir að vörurnar komu hingað til landsins, enda sýnir öll meðferð hans á vörunum og andvirði þeirra, að hann hefir ekki ætlað sér að greiða þau, og einnig má telja það nægilega upplýst, að hann hafi beitt Guðjón blekkingum, til þess að fá hann til að senda sér peninga til útlanda eftir áramótin 1926 og síðar til þess að leggja fram fé til innlausnar vörunum. Hefir ákærði með þessu gerst brotlegur gegn 253. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með ráðstöfun sinni á söluandvirði síldarinnar, er hann seldi erlendis fyrir Guðjón, hefir hann brotið gegn 259. gr. sömu laga.

Að því er snertir ákærðu Hansínu Ingu, þá er

það upplýst að hún átti engan þátt í útvegun vörulánanna, en henni var hinsvegar kunnugt um þau og að þau áttu að endurgreiðast af söluandvirði varanna, og þar sem hún lét telja sig eiganda verzlunarinnar og hagnýtti sér andvirðið sér og sínum til framfæris, þá hefir hún gerzt brotleg gegn 253. gr. sbr. 56. gr. hegningarlaganna.

II.

Á öndverðu árinu 1926 keypti nefndur Guðjón Guðmundsson svonefnt Vilborgarhús í Ólafsvík og lét hann fyrir það hálfa jörðina Kolholtshelli í Árnessýslu og að auki 2000 kr. í vörum, er hann hafði fengið hjá ákærða Birni Gíslasyni. Um vorið eftir að þessi húskaup fóru fram fór ákærði þess á leit, að Guðjón keypti skófatnað af Þorsteini Gíslasyni, bróður ákærða, og varð það úr að Guðjón keypti skófatnaðinn fyrir 3000 kr. á þann hátt, að hann samþykkti víxil fyrir þeirri upphæð til Þorsteins, með gjalddaga 26. ágúst næsta á eftir og veðsetti honum með 2. veðrétti Vilborgarhúsið til tryggingar víxlinum, en skófatnaðurinn, sem seldur var, var þó aldrei afhentur Guðjóni. En um Vilborgarhúsið fór svo, að það var þá um sumarið selt á nauðungaruppboði til lúkningar opinberum gjöldum, er Guðjón gat ekki greitt vegna féleysis og missti Guðjón við það eignarrétt sinn og tapaði því, er hann hafði greitt fyrir húsið. En þar sem ákærði afhenti Guðjóni síðar víxil þann, er hann hafði samþykkt til Þorsteins út af kaupunum á skófatnaðinum, verður eigi litið svo á, að ákærði hafi gert sig sekan í refsiverðum verknaði hvað þetta snertir.

III.

Á öndverðu ári 1926, líklega í marzmánuði, keypti nefndur Guðjón Guðmundsson húseignina Grundarstíg 4 A í Reykjavík af konu Geirs snikkara Pálssonar. Kaupverðið var 80 þúsund krónur, og var greitt þannig, að Guðjón tók að sér áhvílandi veðskuldir að upphæð 40600 kr., greiddi 4000 kr. í peningum, 1200 kr. með víxli, 5000 kr. með vöruúttekt frá Halli kaupmanni Þorleifssyni, og 7000 kr. með vörum frá Guðmundi Þorkelssyni, eða alls 17200 kr., en fyrir eftirstöðvum kaupverðsins var gefið út skuldabréf með veði í húsinu. Guðjón var raunverulegur kaupandi hússins, en afsalið var þó ekki gefið út á nafn hans heldur á nafn Halls Þorleifssonar, en hann afsalaði því aftur litlu síðar til Guðjóns. Það verður eigi séð, að ákærði Björn Gíslason hafi átt neinn þátt í því, að Guðjón keypti húsið í fyrstu, en Guðjón skýrir svo frá, að ákærði hafi nokkru síðar boðist til að selja húsið fyrir sig með hagnaði og varð það til þess, að Guðjón afsalaði ákærða húsinu. Ber Guðjóni og ákærða saman um það, að afsal þetta hafi aðeins átt að skoðast sem söluumboð til ákærða. En eftir að hafa fengið söluumboð þetta afhenti ákærði þá um vorið, áður en hann fór til útlanda, konu Geirs Pálssonar húsið aftur til eignar og ónýtti öll þrjú afsölin, en fékk afhent til ónýtingar skuldabréfið, er gefið hafði verið út fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, og hefir Guðjón borið, að þetta hafi verið gert án sinnar vitundar og samþykkis. Guðjón missti þannig eignarrétt sinn að húsinu og tapaði þeim 17200 kr., er hann hafði greitt af kaupverðinu og leigu, sem talin er að hafa verið 625 kr. á mánuði, fékk hann enga greidda þann tíma, sem hann var

eigandi hússins, þar sem hann hafði falið Geir Pálssyni að innheimta hana og láta hana ganga til lúkningar veðskuldum á húsinu, er hann hafði tekið að sér. Ákærði hefir fært það sér til afsökunar, að hann hafi verið tilneyddur að gera þetta vegna þess, að afborganir og vextir af veðskuldum á húsinu hafi verið fallnar í gjalddaga og fé ekki fyrir hendi til að greiða þær, en Geir Pálsson gengið hart að sér með greiðslu þeirra. En með framhaldsprófunum er það sannað að þetta er rangt, og að minna var fallið í gjalddaga af þeim en sem nam húsaleigu þeirri, er Geir Pálsson hafði innheimt fyrir Guðjón og ráðstafað var til lúkningar þessu. Verður því að líta svo á, að ákærða hafi brostið alla heimild til að afhenda húsið á þann hátt, sem hann gerði, og að hann hafi með því að ónýta afsölin, og þar með svifta Guðjón gögnum til að hagnýta sér eignina og með því að stofna þarmeð eignarrétt yfir eigninni ósamrýmanlegan rétti Guðjóns, gerzt brotlegur við 254. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Eins og segir í dómi undirréttarins fékk nefndur Guðjón Guðmundsson hjá Guðmundi Þorkelssyni upp í viðskipti þeirra víxil samþykktan af A. J. Grönberg í Kaupmannahöfn að upphæð 5000 kr., og skipti Guðjón víxli þessum fyrir annan víxil sömu upphæðar, er Frans Andersen hafði samþykkt. Þennan síðari víxil afhenti svo Guðjón ákærða Birni Gíslasyni, er hann fór til útlanda vorið 1926, til þess að reyna að selja hann þar. En úr því varð ekki, heldur gaf ákærði Guðmundi Þorkelssyni víxilinn við samfundi þeirra í Ham-

borg í þetta sinn. Að vísu gerði ákærði þetta í heimildarleysi, en þar sem víxillinn hefir eftir prófunum að dæma verið einskis virði, verður þessi verknaður ákærða eigi talinn honum til refsingar.

V.

Viðskipti ákærða við Gísla Gíslason silfursmið í Reykjavík, byrjuðu þannig, að Gísli gerðist árið 1926 ábyrgðarmaður að tveimur víxlum fyrir ákærða, að upphæð 8000 kr. og 3000 kr., og seldi ákærði víxla þessa Sigurði Jónssyni fyrir vörur og peninga, en leysti þá ekki inn á gjalddaga, svo að Gísli varð að svara til þeirra. Um það leyti sem víxlarnir féllu í gjalddaga fór ákærði þess á leit við Gísla, að hann yrði sér í útvegum með fé til þess að „gera verzlun", svo að hann gæti losað Gísla við víxilábyrgðir hans. Varð þetta til þess að Gísli skrifaði á þrjá nýja víxla fyrir ákærða að upphæð 20000 kr., 7500 kr. og 5500 kr., og var það beinlínis tekið fram, að víxlana eða það sem fengist fyrir þá skyldi nota til þess að losa Gísla við ábyrgðarskuldbindingar hans til Sigurðar Jónssonar. Það lítur nú út fyrir, að 20000 kr. víxillinn hafi verið notaður til kaupa á gufuskipinu Nora, er svo var selt öðrum, og hefir ákærði sjálfur séð um innlausn þess víxils, án þess Gísli þyrfti að svara til hans. En hina tvo víxlana seldi ákærði öðrum, og var andvirði þeirra eigi notað til að losa Gísla við fyrri víxlaábyrgðirnar, eins og umsamið var, og hefir verið gengið eftir greiðslu þeirra hjá Gísla. Víxilábyrgðir Gísla fyrir ákærða voru því nú orðnar 8000 + 3000 + 7500 + 5500 = 24000 krónur, að ótöldum vöxtum. Þegar svo er komið málum gera þeir Gísli og ákærður samning 28. ágúst 1928

þess efnis, að ákærði selur Gísla 3200 mill af vindlingum, er liggi í fríhöfninni í Kaupmannahöfn fyrir 8 kr. pr. mill. og skyldu 3520 d. kr. greiðast við afskipun vörunnar í Kaupmannahöfn, en eftirstöðvar kaupverðsins, sem taldar eru 22080 kr. skyldu ganga til fullnaðargreiðslu á ábyrgðum Gísla fyrir ákærða við Sigurð Jónsson og Þórarinn Kjartansson, er keypt hafði annan af hinum síðast greindu víxlum. Gísli greiddi svo hinar áskildu d. kr. 3520 og komu vindlingarnir hingað til landsins, en Gísli gat þá eigi geitt tollinn af þeim, og voru þeir seldir á uppboði og hrökk uppboðsandvirðið ekki til lúkningar tollinum, þannig, að Gísli tapaði því, er hann hafði lagt út fyrir þá og allar ábyrgðarskldbindingar hans stóðu óhaggaðar gagnvart Sigurði Jónssyni og Þórarni Kjartanssyni. —

Af þeim verknaði ákærða, sem hér hefir verið lýst, er það refsivert samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna, að andvirði 7500 kr. og 5500 kr. víxlanna var varið öðrvísi en umsamið var, og getur það ekki losað ákærða undan refsiábyrgð, að Gísli hefir sem fyrr segir samþykkt sem fullnaðargreiðslu fyrir ábyrgðarskuldbindingunum til Sigurðar Jónssonar og Þórarins Kjartanssonar eftirstöðvar kaupverðsins fyrir vindlingana. —

VI.

Eins og áður var sagt seldu hin ákærðu árið 1927 verzlunina á Grettisgötu 1 og fóru þau bæði þá um haustið til útlanda. Komust þau þá í verzlunarsamband við firmað J. Scermeister & Co. í Kaupmannahöfn, er seldi hattavörur, og afréðu þau þá að setja á fót hattaverzlun í Reykjavík. Eftir að stofnað var til þessa verzlunarsambands hvarf

ákærða aftur til Reykjavíkur og veitti verzluninni á Grettisgötu 1 forstöðu í forföllum eigandans, þar til sú verzlun hætti á öndverðu árinu 1928. Það er svo að sjá sem J. Schermeister & Co. hafi byrjað að afgreiða vörur til ákærðu síðustu mánuði ársins 1927, og um þessar vörur aðallega gerir ákærði Björn Gíslason þ. 27. nóv. 1927 í Kaupmannahöfn þann samning við Ásgeir I. Ásgeirsson nokkurn, sem hann skuldaði fé frá eldri viðskiptum, að þeir skuli innleysa vörurnar í félagi og skyldi Ásgeir fá helminginn af söluágóðanum upp í eldri skuldina og ferðakostnað til Kaupmannahafnar. J. Schermeister sendi vörurnar á nafn ákærðu Hansínu Ingu gegn staðgreiðslu í Reykjavík við afhending varanna, en það kom þó eigi til þess, að nefndur Ásgeir I. Ásgeirsson innleysti neitt af vörunum, heldur stofnaði ákærði nú til viðskiptasambands við M. Th. Blöndahl, kaupmann í Reykjavík, og fékk hann til að innleysa þær og síðari vörusendingar frá J. Schermeister & Co.

Tildrögin til þessara viðskipta ákærða og M. Th. Blöndahl voru þau, að hinn síðarnefndi hafði í viðskiptum, sem eigi koma þessu máli við, eignast víxil á ákærða og Guðjón Guðmundsson að upphæð 5500 kr. Ákærði gat eigi greitt víxilinn á gjalddaga, en kvaðst mundu geta greitt hann síðar, ef Blöndahl hjálpaði sér til að leysa út hattavörur, er ákærðu gætu verzlað með. Varð þetta að samkomulagi, og er svo að sjá sem Blöndahl hafi leyst út fyrstu vörusendinguna 23. marz 1928. Og um þetta leyti stofnsetja hin ákærðu nýja verzlun í Reykjavík, sem nefnd var Hattaverzlunin á Klapparstíg 37. Var verzlun þessi rekin á sama hátt sem verzlunin á Grettisgötu 1 áður, þannig að borgara-

bréfið hljóðaði á nafn Hansínu Ingu og verzlunin gekk undir hennar nafni og vörurnar frá útlöndum voru henni sendar, en ákærði útvegaði vörurnar, tók á sitt nafn lánin til vörukaupanna, stjórnaði verzluninni út á við og hafði umboð til að skuldbinda hana og átti að sjá um bókhaldið, og var þannig raunverulegur eigandi hennar og stjórnandi ásamt ákærðu, er aðeins lagði fram vinnu sína við hattagerðina og afhendingu í sölubúðinni. Verzlunararðinum var og varið til sameiginlegs framfæris þeirra. Var svo um samið milli ákærða og Blöndahl, að hinn síðarnefndi tók í sínar vörzlur vörur þær, er hann innleysti, og varð eigandi þeirra. Lítið eitt af þeim seldi hann og færði ákærða andvirðið til tekna, en megnið af þeim afhenti hann hinum ákærðu smátt og smátt til umboðssölu í Hattaverzluninni á Klapparstíg 37, með þeim skilmálum, að þau skyldu greiða til hans helminginn af söluverði þeirra jafnóðum og þær seldust, en útsöluverðið var sett svo, að helmingur þess átti að vera nokkru meira en innlausnarandvirði þeirra, og hugðist Blöndahl með þessu móti mundu geta fengið eitthvað upp í víxilskuldina. Þetta gekk sæmilega fyrstu mánuðina, en þegar leið á árið fóru innborganirnar þverrandi og er svo að sjá, að tvo síðustu mánuði ársins hafi ekkert verið greitt af söluverðinu til Blöndahls, heldur hafi ákæðu notað það til verzlunarrekstursins og sér til framfæris. Blöndahl neitaði því undir áramótin að afhenda þeim meira af vörum til sölu, enda hafði skuld ákærða við hann aukizt á árinu, svo að hún var um áramótin orðin samkvæmt reikningi hans kr. 15704,14, að meðtalinni hinni upprunalegu víxilskuld, en á móti því hafði Blön-

dahl allmikið af hattavörunum í sínum vörzlum. Er þannig tók fyrir vöruafhendingu Blöndahls til Hattaverzlunarinnar á Klapparstíg 37, fór ákærði að tala um, að hann mundi geta leyst út hattavörurnar með öðrum vörum. Og í ársbyrjun 1929 fara bæði hin ákærðu til Kaupmannahafnar í verzlunarerindum og þ. 5. febr. gera þau nýjan samning við J. Scermeister & Co. þess efnis, að firmað skuli eftirleiðis senda þeim hattavörur í umboðssölu og þau innborga innkaupsverð þeirra í bankareikning firmans í Reykjavík jafnóðum og þær seldust. Til tryggingar því að þessi samningur verði haldinn veðsetja þau vörur, er þau eigi kvaðalausar í Reykjavík, að virðingarverði kr. 10464,85, sem allar voru frá J. Schermeister & Co. og allar útleystar af Blöndahl, en samningur þessi hefir eigi verið þinglesinn að því er séð verður. Hefir ákærða, Hansína Inga, undirritað samninginn sem samningsaðili og með nafninu Inga Gíslason, en ákærði, Björn Gíslason, ritar undir samninginn, sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Í þessari ferð kaupir ákærði, Björn Gíslason, einnig verzlunarvörur hjá erlendum firmum, sem hér segir:

Hjá Köbenhavns Sadelmagermagasín	d. kr.		2415,31
— Hermann Gryn	-	— c.	900,00
— Magnephon	-	— c.	3000,00
— Johs. Christensen	-	—	3699,49
— S. Börgesen & Co.	-	—	1207,23
— Dansk Ramme og Spejlfabrik	-	— c.	2000,00
Samtals	d. kr.	c.	13222,03

og var megnið af vörum þessum keypt gegn víxlum með 3—6 mánaða gjaldfresti. Telur ákærði þrjár af þessum skuldum vera persónulegar skuldir sínar, en þrjár þeirra skuldir Hattaverzlunarinnar á Klapparstíg 37. Eftir að ákærðu komu úr þessari ferð aftur til Reykjavíkur afhenti Björn Gíslason vörur þessar að undanteknum vörunum frá S. Björgesen & Co., til M. Th. Blöndahl í skiptum fyrir hattavörurnar, er hann samkvæmt áðursögðu hafði í vörzlum sínum. En þessar hattavörur frá Blöndahl ásamt umboðssöluvörunum frá J. Schermeister & Co. voru látnar í Hattaverzlunina á Klapparstíg 37, til þess að seljast þar og í útsölu á Bankastræti 7, er nú var stofnuð undir nafninu Fransk Modemagasín, og Hansína Inga var talin eigandi að. Höfðu bæði hin ákærðu framfæri sitt af þeim verzlunum, þar til fór að líða að því, að víxlarnir fyrir vörum þeim, er samkvæmt framansögðu voru keyptar í Kaupmannahöfn á öndverðu árinu 1929, féllu í gjalddaga. En áður en svo var komið seldi ákærði með samningi 6. júní 1929 fyrnefndum Ásgeiri I. Ásgeirssyni hattavörurnar, er hann hafði fengið í skiptum frá Blöndahl ásamt öðrum vörum, og var kaupverð þeirra talið 32000 kr. og þar af voru 6500 kr. greiddar í peningum, er að mestu voru greiddir í bankareikning J. Schermeister & Co., en 25500 kr. af kaupverðinu skyldu ganga til fullnaðargreiðslu á eldri skuld ákærða til Ásgeirs. Ennfremur seldi ákærði Gunnari Sigurðssyni kaupmanni í „Von“ í fyrra hluta ágústmánaðar 1929, vörur úr búð þeirra ákærðu á Klapparstíg 37 fyrir 1500 kr. í peningum. Þannig var því komið fyrir að mestallar vörurnar í verzluninni á Klapparstíg 37 voru taldar eign annara

þegar vöruvíxillinn frá Köbenhavns Sadelmagermagasín féll í gjalddaga 18. júní 1929, að upphæð d. kr. 2415,31, og gat ákærða því eigi vísað á nægilegt verðmæti við löghaldsgjörð, er fór fram honum til tryggingar, og leiddi það til þess að ákærða var úrskurðuð gjaldþrota 24. ágúst 1929, svo sem áður er sagt, en síðar komst hún þó að samningum við skuldheimtumenn sína og fékk aftur bú sitt til umráða. En um skuldaskipti Blöndahls við ákærða Björn Gíslason er það ennfremur að segja, að skuld hans var í árslok 1929 samkvæmt reikningi Blöndahls orðin kr. 18705,02 og 11. sept 1930 kr. 24166,52, en þann dag seldi Blöndahl málaflutningsmanni ákærðu, Páli Jónssyni, skuldina ásamt vörunum, sem í hans vörzlum voru, gegn 15000 kr. víxli, er að sögn hefir eigi fengist greiddur, en afskrifaði sem tapað kr. 9166,52.

Af athöfnum ákærða Björns Gíslasonar, sem lýst hefir verið í þessum kafla, verður að telja ráðstöfun hans á söluandvirði vara þeirra, er M. Th. Blöndahl afhenti honum til sölu fyrir sig, refsiverða samkvæmt 259. gr. hinna almennu hegningarlaga, og vörulán hans erlendis á árinu 1929 refsiverð samkv. 253. gr. sömu laga, þar sem það af öllum ráðstöfunum hans þykir augljóst, að hann hefir ekki ætlað sér að endurgreiða þau, enda ekki getað gert sér von um að geta það.

Og með því að verzlunin á Klappastíg 37, sem eins og fyrr segir var raunveruleg eign beggja hinna ákærðu, stóð þá í skuldum við þrjá hina nýnefndu lánardrottna og fyrirsjáanlegt var, að þær yrðu bráðlega krafðar, en hinsvegar ekkert til að greiða þær með, þá hlaut ákærði að sjá fyrir yfirvofandi gjaldþrot ákærðu, sem að nafni til tald-

ist eigandi verzlunarinnar, þegar vörusalan til þeirra Ásgeirs og Gunnars fór fram. Hefir ákærði því með þeirri athöfn gerzt brotlegur við 262. gr. sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga. Ennfremur hefir ákærði með veðsetningunni til J. Schermeister & Co. gert ráðstöfun til að stofna veðrétt í vörum þeim, sem Magnús Blöndahl hafði þá fengið réttindi yfir, og heyrir það brot ákærða, með því að veðréttur þessi virðist aldrei hafa löglega stofnast, undir 255. gr., sbr. 46. gr. áðurnefndra hegningarlaga. Ákærða, Hansína Inga, hefir beinlínis sjálf framkvæmt með ákærða, Birni Gíslasyni, þær athafnir, sem honum eru hér taldar refsiverðar eftir 255., sbr. 46. gr., og 262. gr. hegningarlaganna. Henni hlaut að vera kunnugt um rétt Blöndahls yfir vörum þeim, sem veðsettar voru J. Schermeister & Co., og verður atbeini hennar að þeirri ráðstöfun því einnig refsiverður eftir 255., sbr. 46. gr. hegningarlaganna. Hinsvegar þykir varhugavert að ganga út frá því, að henni hafi verið svo kunnugt um skuldbindingar og hagi verzlunar þeirra ákærðu, að hún hafi hlotið að sjá fyrir yfirvofandi gjaldþrot þegar vörusalan fór fram. Verður að því leyti að sýkna hana. Þar á móti verður þátttaka hennar í því broti, sem ákærða er talið hér refsivert eftir 259. gr. hegningarlaganna, að teljast refsiverð af sömu ástæðum, sem í 1. kafla segir, eftir 259., sbr. 56. gr. sömu laga.

VII.

Þá er það loks upplýst, að bókhaldið við verzlanir hinna ákærðu bæði á Grettisgötu 1 og Klapparstíg 37 hefir allan tíman frá því verzlunin byrjaði og fram að gjaldþroti verið ófullkomið og ó-

reglulegt. Ákærða Hansína Inga Pétursdóttir var bókhaldsskyld samkv. lögum nr. 53, 4. júlí 1911, en hún sjálf vann ekkert að því, heldur hafði ákærði Björn Gíslason það á hendi og átti að sjá um það. Hafa bæði hin ákærðu viðurkennt, að við verzlanirnar hafi ekki verið haldnar nema sumar af bókum þeim, sem kaupmönnum er skylt að halda samkvæmt nefndum lögum, og að efnahagsreikningur hafi ekki verið gerður árlega. Við rannsókn málsins hafa ekki komið fram neinar verzlunarbækur fyrir árin 1926 og 1927. Er þó svo að sjá af prófunum, að byrjað hafi verið að halda sjóðbók árið 1926, en að því hafi verið hætt, er fram á árið kom, og að ekkert bókhald hafi upp frá því verið þar til verzlunin var seld á árinu 1927. Engar verzlunarbækur fyrir árið 1928 komu heldur fram við fyrri rannsóknina, en við fyrri flutning málsins fyrir hæstarétti kom fram eftirrit af sjóðbók það ár, en frumritið talið glatað og sömuleiðis höfuðbók fyrir það ár. Fyrir árið 1929 var rannsóknardómaranum afhent sjóðdagbók, er þó aðeins var fyrir tímabilið frá 1. jan. og fram í marzmánuð, og ennfremur sjóðbók frá 1. jan. til 12. ágúst og frumbókarbrot. En fylgiskjöl við bækurnar vantaði og bókhaldið að öðru leyti svo ófullkomið, að af því varð ekkert ráðið um efnahag verzlunarinnar. Það verður þó eigi talið nægilega sannað, að hin ákærðu hafi í sviksamlegum tilgangi vanrækt að halda bækur eða skotið bókum undan og ber því að heimfæra þetta afbrot Hansínu Ingu Pétursdóttur undir 264. gr. 2. mgr. hegningarlaganna, og afbrot Björns Gíslasonar undir 264. gr. 2. málsgr. sbr. 48. gr. sömu laga.

Refsing ákærða Björns Gíslasonar fyrir öll fram-

antalin afbrot þykir með hliðsjón af 63. og 58. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 12 mánaða betrunarhúsvinna og refsing ákærðu Hansínu Ingu Pétursdóttur með tilliti til þess, að hún má teljast hafa verið ákærða mjög háð og að lífsuppeldi hennar og barna hennar byggðist mjög á starfsemi ákærða, tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo skulu og hin ákærðu samkv. 8. gr. l. nr. 25, 14. júní 1929 svift rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki, Björn Gíslason æfilangt og Hansína Inga Pétursdóttir í 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði hvort um sig varðhaldskostnað sinn í héraði, og ákærða greiði talsmanni sínum í héraði, Páli Jónssyni, málsvarnarlaun, 70 kr. Allan annan kostnað sakarinnar í héraði, svo og allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málaflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarétti, 700 kr. til hvors, greiði hin ákærðu in solidum.

Samkvæmt kröfu hinna ákærðu var héraðsdómaranum stefnt með framhaldsstefnu 5. jan. 1931 til ábyrgðar fyrir meðferð hans á málinu og hefir hann mætt og látið mæta í hæstarétti og fært fram vörn fyrir sig. Byggja hin ákærðu kröfu sína um ábyrgð á hendur dómaranum aðallega á því, *að* hann hafi dregið rannsóknina á langinn, *að* hann hafi beitt ólöglegri hörku sérstaklega með því að setja þau í gæzluvarðhald, og *að* hann hafi bókað rangt framburði þeirra. Að vísu hefir allmikill dráttur orðið á fyrri rannsókninni í málinu, en dómarinn hefir réttlætt þetta nægilega af sinni hálfu með því sem tekið hefir verið fram í undirréttardóminum. Og framhaldsrannsóknina hefir hann leyst af hendi án nokkurs ónauðsynlegs

dráttar. Það þykir því ekki ástæða til að víta hann fyrir þetta, enda á dráttur sá, sem orðið hefir á rannsókninni aðallega rót sína að rekja til þess, að hin ákærðu hafa torveldað rannsóknina á ýmsan hátt, meðal annars með því í byrjun að halda ýmsum gögnum og upplýsingum, er þau eigi létu koma fram fyrr en við fyrri flutning málsins í hæstarétti og gerði það framhaldsannsókn nauðsynlega. Og að því er snertir hin kæruatriðin á hendur dómaranum, þá gaf framkoma ákærðu fulla ástæðu til að setja þau í gæzluvarðhald og það eru engar sannanir fram komnar um það, að rannsóknardómarinn hafi bókað rangt framburði ákærðu eða annara. Það verður því að líta svo á, að það hafi verið ástæðulaust að stefna héraðsdómaranum til ábyrgðar og ber því samkvæmt kröfu hans að dæma hin ákærðu til þess in solidum að greiða honum málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

Á rekstri málsins fyrir hæstarétti hefir einnig orðið allmikill dráttur, er sækjandi á þó enga sök á, en þar sem drátturinn af hálfu verjanda á að miklu leyti rót sína að rekja til þess, að málið er mjög umfangsmikið, að mikill tími hefir farið til þess að útvega ný gögn, svo og til þess, að hann var um tíma erlendis, þá þykir eigi ástæða til að láta hann sæta vítum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Björn Gíslason, sæti betrunarhúsvinnu í tólf mánuði og ákærða, Hansína Inga Pétursdóttir, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í tvo mánuði, svo skulu þau og svift rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða

atvinnufyrirtæki, Björn Gíslason æfilangt og Hansína Inga Pétursdóttir í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Hin ákærðu greiði hvort um sig gæzluvarðhaldskostnað sinn og ákærða Hansína Inga geiði talsmanni sínum í héraði, Páli Jónssyni, 70 kr. í málsvarnarlaun. Ennfremur greiði hin ákærðu in solidum allan annan kostnað sakarinnar í héraði og allan áfrýjunarkostnaðinn, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málaflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Eggerts Claessen, 700 kr. til hvors. Og loks greiði hin ákærðu in solidum héraðsdómaranum, lögreglustjóra Hermanni Jónassyni, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu, gegn Birni Gíslasyni og Hansínu Ingu Pétursdóttur, Vatnsstíg 3, hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 26. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, laga nr. 51 frá 7. maí 1928, og laga nr. 25 frá 14. júní 1929, sbr. lög nr. 53 frá 1911.

Báðir talsmenn hinna ákærðu hafa krafizt þess, að dómarinn víkji sæti í málinu, aðallega að því er virðist vegna þess, að ákærður hefir ritað dómsmálaráðuneytinu tvær kærur á hendur dómaranum, og ritað um hann eitthvað af níðgreinum í blaðið „Stormur".

Ákærður hefir lagt fram í réttinum afrit af þessum kærum, afrit af ofannefndum níðgreinum, og það sem hann kallar vörn í málinu. Þá hefir hann og sýnt í réttinum og óskað lagt fram, án þess að það hafi verið gert,

afrit af bækling, sem hann hafi í hyggju að gefa út á næstunni, um dómarann.

Þótt ákærður hafi þannig ritað kærur á hendur dómaranum, og níðgreinar um hann, og ætli að rita fleiri, þá er vitanlega svo fjarri því, að dómaranum sé skylt að víkja sæti fyrir þessa sök, að honum er það ekki heimilt. Kröfur nokkrar um frekari rannsókn í málinu, hafa talsmenn ákærða borið fram, en þær eru ekki þann veg rökstuddar, að séð verði af þeim, að ástæður séu til frekari rannsóknar að svo komnu.

Þessar framangreindar kröfur talsmanna ákærðu og ákærðs verður því ekki unnt að taka til greina, og skal því vikið að efnishlið málsins.

Tildrög þessa máls eru þau, að Hansína Inga Pétursdóttir varð gjaldþrota með úrskurði lögmannsins í Reykjavík, dags. 24. ágúst 1929. En 9. s. m. hafði hrmflm. Lárus Fjeldsted, látið gera löghald hjá ákærðu fyrir víxli að upphæð d. kr. 2415.31, samþykktum af Birni Gíslasyni fyrir hönd Hattaverzlunarinnar Klapparstíg 37. Út af því var tekið að rannsaka ýmislegt viðvíkjandi rekstursháttum þeirrar verzlunar, sem ákærðu höfðu rekið undanfarið, og kom þá í ljós það sem sagt verður hér á eftir.

1. Til verzlunar þeirrar, sem ákærða hefir rekið á sínu nafni undanfarin ár, er í raun og veru stofnað með viðskiptum ákærðs Björns Gíslasonar, við mann að nafni Guðjón Guðmundsson, fyrrv. kaupmann hér í bænum. Viðskipti þeirra eru allgömul, en þau sem koma hér aðallega til greina, byrjuðu laust fyrir árið 1924. Guðjón hafði lánað ákærðum vöruúttekt úr búð sinni, því að hann rak þá matvöruverzlun á Baldursgötu 31, hér í bænum; ennfremur hafði hann lánað ákærðum einhverjar smáupphæðir í peningum og svo hafði hann einnig selt honum dálítið af gömlum skuldum, sem virðast hafa verið mjög lélegar. Gefur svo ákærður Guðjóni skuldaviðurkenningu árið 1924, og telur hann þá Guðjón eiga hjá sér um 15 þúsund krónur. Guðjón hefir sjálfur tekið það fram, að hann áliti, að með þessari skuldaviðurkenningu byrji þau viðskipti sín við ákærða, sem leitt hafi af sér mjög óheilbrigð viðskipti af hans hendi við sig. Hann telur að þessi skuldaviðurkenning sé í raun og veru allt of há, því að skuldin hafi að réttu lagi alls ekki verið svona

mikil. Út af þessari skuldaviðurkenningu fór ákærður svo að ræða um það við Guðjón, að hann mundi sennilega ekki geta lokið þessari skuld, nema hann færi til útlanda, og gerði einhverja verzlun. Telur Guðjón, að hann hafi hjálpað ákærðum með nokkra peningaupphæð til utanfarar á þessu ári, en ferð ákærðs hafi ekki borið neinn verzlunarlegan árangur. Ákærður neitar því hinsvegar að hann hafi á árinu 1924 fengið nokkra peninga til utanfarar hjá Guðjóni.

Það er svo seint á árinu 1925, að ákærður fer að tala um það á ný við Guðjón Guðmundsson, að hann verði að fara til útlanda til þess að gera vöruinnkaup, og ljúka á þann hátt skuldaviðskiptum sínum við Guðjón. Telur Guðjón sig þá hafa látið ákærða fá allstóra peningaupphæð til utanfarar, og hefir sýnt og lagt fram í þessu máli víxil að upphæð 5355,00 krónur, útgefinn 12. marz 1926 samþykktan af Steinunni Stefánsdóttur, Vesturgötu 35, en með henni bjó þá ákærður í þessu máli. Jafnframt hefir Guðjón lagt fram framlengingarvíxil fyrir þessum víxli, að upphæð kr. 5500,00 og er sá víxill samþykktur af ákærðum. Guðjón telur að þessi peningalán til utanfararinnar hafi verið gerð upp eftir að ákærði kom heim, og þessvegna sé fyrri víxillinn gefinn út 12. marz 1926. Hann hefir viðurkennt það, að víxillinn muni vera eitthvað talsvert hærri en sú upphæð, sem hann hafi lánað ákærðum í raun og veru áður en hann fór til útlanda. Jafnframt hefir Guðjón Guðmundsson upplýst það, að meðan að ákærður var í útlöndum um áramótin 1925 og 1926 hafi hann sent símskeyti til áðurnefndrar Steinunnar Stefánsdóttur og skýrt henni frá, að nú væri hann búinn að fá nýlenduvörur handa Guðjóni Guðmundssyni fyrir 17 þúsund krónur, en sig vantaði um 1700 krónur til þess að koma þessum kaupum í gegn til fullnustu. Steinunn Stefánsdóttir kom þá til Guðjóns og skýrði honum frá þessu, og hann kveðst þá þegar hafa sent 1700 krónur til ákærðs, en 300 krónur kveðst hann hafa látið Steinunni Stefánsdóttur fá til lífsframfæris, því að hún var þá peningalaus. Þetta kveður Guðjón einnig hafa verið gert upp með víxli, þegar ákærður kom frá útlöndum, og hefir hann lagt fram við rannsókn þessa máls víxil samþykktan af Birni Gíslasyni 12. marz 1926 að upphæð 17 þúsund krónur, sem

hann átti hjá Birni frá árinu 1924 og áður er áminnst, og þær tvö þúsund krónur, sem að hann lét ákærðan fá meðan hann var erlendis, og áður hefir verið sagt frá.

Ákærður í þessu máli, Björn Gíslason, hefir viðurkennt þennan framburð réttan að öðru leyti en því, að hann kveðst ekki minnast þess, að hann hafi fengið neina peninga hjá Guðjóni Guðmundssyni til utanfarar á árinu 1924 eða 1925, en hann kveðst hafa fengið senda peninga, að hann minnir um 1500 krónur, frá Guðjóni, meðan hann var í útlöndum í þetta skifti. Kveður hann þessa peninga hafa átt að vera til þess að útvega nýlenduvörur, en það hafi svo mistekist. Ákærður hefir hinsvegar ekki getað gert grein fyrir því, hvernig standi á 5355,00 króna víxlinum, heldur helst að hann sé tilkominn fyrir vörur, sem hann hefir þó ekki getað gert nánari grein fyrir. Ekki hefir hann heldur getað gert grein fyrir því hvernig á því standi, að skuldin frá 1924, hafi hækkað úr 15 þús. upp í 17 þúsund krónur, og hann hefir heldur ekki gert þess grein, fyrir hvaða fé hann og Hansína Inga Pétursdóttir hafi siglt og dvalið erlendis í þetta skipti.

Ákærður kom frá útlöndum úr siglingu þeirri, sem að sagt hefir verið frá hér að framan, snemma á árinu 1926, og var þá með honum Hansína Inga Pétursdóttir. Þau skýrðu Guðjóni Guðmundssyni frá því, að vegna þess að peningar hans hefðu komið of seint hafi þau ekki getað útvegað honum nýlenduvörurnar, eins og gert hefði verið ráð fyrir, en hinsvegar kváðust þau hafa mjög mikið af álna- og fatnaðarvöru meðferðis, á henni væri fljóttekinn gróði, en ákærður kvað sig vanta peninga til þess að leysa þessa vöru út. Taldi hann að eina leiðin fyrir Guðjón Guðmundsson, til þess að fá sitt, væri sú, að leysa þessar vörur út, fá framsal fyrir þeim, og síðan yrði opnuð búð og rekin verzlun með vörurnar, þannig, að Guðjón fengi peningana greidda jafnóðum og vörurnar seldust og peningarnir kæmu inn. Átti að reka þessa verzlun í nafni ákærðu, og hún ásamt ákærðum að sjá um reksturinn.

Guðjón Guðmundsson, útvegaði nú peninga til þess að leysa út framannefndar vörur, greiða toll, farmgjöld og fleira. Kvaðst hann í því skyni hafa útvegað ákærða milli 20 og 30 þúsund krónur, en nánar tiltekið, allt að 28 þús-

undum. Hefir hann lagt fram við rannsókn málsins víxil, sem samþykktur er af Birni Gíslasyni, dags. 10. marz 1926, að upphæð 28650,00 krónur. Hefir Guðjón gefið þá skýringu á þessari upphæð, að í henni sé innifalinn 7 þúsund króna víxill, sem ákærði samþykkti og Guðjón gaf út, og seldur var Sigurði Jónssyni, múrara, fyrir 6000 krónur. Hina peningana sem í víxlinum séu innifaldir, kveðst hann hafa látið frá sjálfum sér og konu sinni, allt sem þau áttu, og ennfremur útvegað á sitt eigið nafn peningalán, sem gengið hafi til ákærðs. Hefir Guðjón gert allnána grein fyrir þessu, og þeir sem hann hefir fengið peninga hjá, hafa kannast við að sú greinagerð sé rétt. Þegar Guðjón Guðmundsson útvegaði fyrstu peningana til útlausnar varanna, sem eins og áður segir, voru á nafni ákærðu, framseldi hún honum vörur, sem að faktúruverði voru kr. 2374,75 virði, en þær vörur sem voru leystar út eftir þetta fyrir peningana, sem Guðjón útvegaði, voru ekki framseldar honum, heldur innleystar á nafn ákærðu, en með þessum vörum var svo byrjuð verzlun á nafni ákærðu, í húsinu nr. 1 við Grettisgötu hér í bænum. Og þó að vörurnar væru ekki framseldar Guðjóni, kveðst ákærður Björn Gíslason telja, að Guðjón hafi í raun og veru átt þetta allt saman, enda kemur þeim saman um, að svo hafi verið um talað, að Guðjón fengi peningana jafnóðum og vörurnar seldust.

Ákærður í þessu máli hefir viðurkennt, að þetta sé rétt að öðru leyti en því, að hann kveðst ekki muni hafa fengið svo mikið af peningum hjá Guðjóni eins og Guðjón tiltaki. Hann kveðst reyndar muna eftir peningum, sem hann fékk hjá Sigurði Jónssyni fyrir framangreindan 7000 króna víxil, og ennfremur að Guðjón hafi um þetta leyti útvegað sér um 4000 krónur, og aftur síðar 6000 krónur fremur en 4000 krónur, en skýringar hans um þessi atriði eru mjög óákveðnar og talsvert mikið á reiki, og hann hefir ekki gert neina sennilega grein fyrir því, aðra en þá, sem Guðjón heldur fram, hvernig 28650 króna víxillinn hafi orðið til.

Það er nú upplýst með samhljóða framburði þeirra, ákærðs og Guðjóns Guðmundssonar, að Guðjón hefir fengið útborgað úr verzluninni eitthvað fyrst eftir að hún byrjaði. Telur Guðjón, að þetta muni hafa verið samtals um

1100 krónur. Sá sem var við bókhaldið telur þetta sennilega rétt, og ákærður hefir heldur ekki mótmælt því. En Guðjón telur að þessir peningar hafi gengið inn í verzlunina aftur smátt og smátt til ýmsra daglegra þarfa, en það telur ákærður hinsvegar að ekki muni vera rétt.

Þegar leið á veturinn fór Guðjón Guðmundsson að ókyrrast yfir því að geta ekki staðið í skilum við þá, sem hann hafði fengið lánaða peninga hjá, og virðast þeir þá hafa komið sér saman um það, eftir ráðum Björns, að reyna að gera einhverja stærri verzlun. Keypti þá ákærður síld fyrir nokkuð af vörunum, sem í búðinni voru, en sá maður, sem vörurnar fékk, valdi úr þeim vörunum eftir því sem honum þótti bezt henta. Þessa síld sendi svo ákærður til Þýzkalands og telur sig ekki hafa haft upp úr henni nema 200 til 300 krónur. Um sama leyti keypti ákærður vörur af Sigurði Jónssyni, múrara, og Páli Magnússyni, járnsmið. Var þetta fatnaður og álnavara. Fyrir vörurnar sem hann fékk hjá Sigurði Jónssyni lét hann víxil að upphæð 8000 krónur, samþykktan af sjálfur sér, en útgefinn af Gísla Gíslasyni, silfursmið. Fyrir þennan víxil fékk ákærður einnig um 1000 krónur í peningum, ásamt vörunum, en fyrir vörurnar, sem ákærður fékk hjá Páli Magnússyni, lét hann 5500 króna víxil, samþykktan af sjálfum sér en útgefinn af Guðjóni Guðmundssyni. Hvorutveggja þessar vörur voru látnar saman við vörurnar í búðinni á Grettisgötu 1, og telur ákærður að sumt af þessum vörum hafi farið fyrir síldina, en meiri hluti þeirra telur hann að farið hafi fyrir bifreið, sem að ákærður keypti um þetta leyti fyrir vörur af Zóphoníasi Baldvinssyni, en bíll þessi telur hann að hafi verið lélegur, og hafi hann síðast selt hann Geir Pálssyni fyrir 1000 krónur í peningum og eitthvað af vörum, og hafi Geir kannast við að það sé rétt.

Um vorið 1926, fór ákærður í þessu máli til útlanda, til þess að selja síldina, sem hann hafði keypt og áður er sagt frá. En um sama leyti kveðst Guðjón Guðmundsson hafa gersamlega hætt að fá nokkra greiðslu úr búðinni fyrir þær vörur, sem þar seldust. Og eftir að ákærður kom frá útlöndum, sagði hann Guðjóni hvernig farið hafði með síldarverzlunina. Þessir peningar, sem Guðjón hafði lagt fram, kveðst ákærður hafa sagt honum að væru þar

með tapaðir, og Guðjón hefir síðan alls enga greiðslu fengið á því, sem hann lagði inn í verzlunan á Grettisgötu 1, bæði peninga og vörur eins og frá hefir verið sagt, en hin ákærðu ráku svo verzlunina á Grettisgötu 1, allt árið 1926 og 1927, og til snemma á árinu 1928, nema lítinn hluta af árinu 1927, er Jóhanna systir ákærðs annaðist reksturinn, á meðan hin ákærðu voru í Kaupmannahöfn. En snemma á árinu 1928, byrjuðu þau Hattaverzlun á Klapparstíg 37, á þann hátt sem síðar verður greint frá.

Hér hefir þá verið lýst í aðaldráttum tildrögum að rekstri verzlunar þeirrar, sem ákærð höfðu á Grettisgötu 1. Á þessum tíma átti ákærður einnig í viðskiptum, sem ekki koma beinlínis verzlunarrekstrinum við, og verður minnst á sérstaklega síðar. Ákærður hefir nú gert þá grein fyrir þeim verzlunarrekstri, og því að Guðjón Guðmundsson fékk ekkert útborgað úr verzluninni eftir vorið 1926, að þá hafi í raun og veru farið fram uppgjör milli Guðjóns og ákærðu, hún hafi þá eignast verzlunina að fullu, og með því að taka að sér greiðslu á 7000 króna víxlinum, sem Sigurður Jónsson hafði keypt, það sé því ekkert óeðlilegt,þó að Guðjón hafi ekki fengið neitt útborgað eftir þennan tíma. Það er rétt að ákærður greiddi að lokum þennan víxil, sem ábyrgðarmaður á honum Hallur Þorleifsson hafði orðið að leysa út, en það var mjög eðlilegt að hann gerði það, því að Guðjón gat þá ekki greitt hann, þar sem hann var orðinn eignalaus maður, en ákærð var samþykkjandi á víxlinum og á hennar nafni var verzlunin rekin, svo að hætta var á að gengið yrði að verzluninni. Hallur Þorleifsson hefir skýrt svo frá, að ákærður hafi greitt sér þennan víxil með 7000 króna víxli á Guðmund heitinn Jónasson í Hafnarfirði. Kveðst hann hafa tekið við þessum víxli sem greiðslu, vegna þess að hann hafi verið orðinn úrkulavonar um að fá nokkuð greitt. Hallur Þorleifsson hefir ennfremur skýrt svo frá, að þegar að hann hafi ætlað að innheimta víxil þennan, að þá hafi því verið haldið fram, að fyrir hann hafi átt að koma tvær bifreiðar, sem að ákærður hafi aldrei afhent. Ákærður hefir ekki viljað kannast við þetta, hann kveðst hafa látið fyrir víxilinn eitthvað af peningum og vörum hvorttveggja frá verzluninni á Grettisgötu 1, enda verður ekki séð að hann hafi haft af öðru að taka. Með því að Guð-

mundur Jónasson er látinn, hefir ekki verið hægt að upplýsa þessi atriði.

Ekkert hefir að öðru leyti framkomið í málinu, sem gæti stutt þá staðhæfingu ákærðs, að Guðjón Guðmundsson, hafi afsalað sér öllum rétti til verzlunarinnar á Grettisgötu 1, vorið 1926. Guðjón sjálfur staðhæfir að hann hafi alls ekki gert það, hann hafi sjálfur litið svo á, að hann lánaði hinum ákærðu vörurnar, sem hann útvegaði peningana til að útleysa, að hin ákærðu ættu verzlunina í sameiningu þó að ákærða væri talin fyrir henni, og að hann ætti rétt til þess að fá peninga greidda um leið og þeir kæmu inn, svo hafi verið umsamið, Þeim rétti kveðst hann aldrei hafa afsalað sér. Hin ákærðu hafi hætt að efna þessi loforð sín og hann svo gefist upp við að innheimta þetta.

Ákærða í máli þessu styður og framburð Guðjóns Guðmundssonar. Hún kveðst hafa verið talin fyrir verzluninni í upphafi, og hafa séð um söluna innanbúðar eins og hver önnur innanbúðarstúlka; hún kveðst ekki hafa vitað til þess að Guðjón hafi nokkurntíma átt verzlunina, og ákærðan kveður hún hafa annast allar peningaútveganir til verzlunarrekstursins, séð um bókhald verzlunarinnar og allan rekstur út á við. Hvað Guðjóni Guðmundsyni og ákærðum hafi farið á milli, kveðst hún ekki vita.

Eins og sést af því sem nú hefir verið sagt, hefir Guðjón Guðmundsson því lánað og útvegað hinum ákærðu alla þá peninga til innlausnar varanna er seldar voru á Grettisgötu 1, um tveggja ára bil, og þau höfðu aðallega lífsframfæri sitt af. Er það sérstaklega eftirtektarvert, að ákærður skrifaði upp á allar skuldbindingar vegna peningalána til útlausnar þeirra vara er runnu inn í verzlunina, en verzlunin er hinsvegar algerlega rekin á nafni ákærðu. Hún skrifaði aðeins sem samþykkjandi á einn víxil og Guðjón Guðmundsson hefir skýrt frá því, að ákærður hafi oft talað um það, að hún þyrfti að losna af þessum víxli, því hún mætti hvergi standa sem skuldari, með því móti hefði verzlunin meiri tiltrú. Og í þessu skyni samþykkti Guðjón 7000 króna víxil til framlengingar hinum fyrri, en Sigurður Jónsson vildi ekki taka þann víxil til framlengingar, og seldi ákærður hann þá Methúsalem Jóhannssyni fyrir 4000 krónur og bílgarm.

Sá maður sem að hafði bókhaldið á hendi fyrir ákærðu í byrjun ársins 1926, kveðst hafa verið staddur við upptalninguna og afhendinguna á vörum þeim, sem ákærður lét fyrir síldina, og segir hann að ekki hafi sést að verulegu skertust þær vörur, sem í búðinni voru við þetta, svo mikið hafi verið eftir. Enda er það vitanlegt að á því að selja þessar vöruleifar lifðu hin ákærðu það sem eftir var af árinu 1926, árið 1927 og til í byrjun ársins 1928.

Aðaluppistaðan í verzlunaraðferð ákærðu er þá þannig, að ákærður lætur Guðjón Guðmundsson útvega peninga til innlausnar varanna, lofar að borga um leið og þær seljist, skuldbindur sjálfan sig, en lætur vörurnar aðallega ganga yfir á nafn ákærðu, sem svo selur þær þeim til lífsframfæris, án þess að greiða Guðjóni nema rétt fyrst meðan verið er að koma honum ennþá lengra út í ábyrgðir og skuldir.

2. Um þetta leyti eða aðallega árið 1926 gerði ákærður ýmiskonar fleiri verzlanir. Það hefir verið áður minnst á kaup hans á vörum frá Páli Magnússyni og Sigurði Jónssyni. Og ennfremur seldi ákærður Sigurði Jónssyni víxla að upphæð kr. 3000,00 og annan um 8000 krónur, sem Gísli Gslason skrifaði upp á, sem ábyrgðarmaður. Fyrir báðum þessum víxlum hefir Gísli Gíslason orðið að setja tryggingu til Sigurðar Jónssonar, en árið 1926, þegar þessir tveir víxlar, sem Gísli var ábyrgðarmaður á, voru um það bil að falla í gjalddaga, skrifaði Gísli, sem ábyrgðarmaður á þrjá víxla til viðbótar. Var einn þeirra 5500 krónur, annar 20000 krónur og þriðji 7500 krónur. Var svo um talað milli ákærðs og Gísla, að þessa víxla skyldi ákærður nota til þess að gera „verzlun", þannig, að Gísli yrði losaður við skuldbindingar sínar við Sigurð Jónsson, þennan framannefnda 5500 króna víxil seldi ákærður, fyrir milligöngu Tómasar Skúlasonar, Þórarni nokkrum Kjartanssyni, hér í bænum fyrir vörur, sem þeim virðist hafa orðið lítið úr, og 7500 króna víxilinn seldi Tómas Skúlason Guðmundi Jóhannssyni, kaupmanni, hér í bænum, einnig fyrir vörurusl og eitthvað lítið af peningum. Ákærður heldur því fram, að Tómas hafi gert þetta í óleyfi, en Tómas mótmælir því, en báðum kemur þeim saman um, að Tómas hafi aldrei skilað ákærðum neinu af andvirði þessa víxils.

Þriðji víxillinn mun hafa verið seldur Jóni Sigmundssyni, kaupmanni hér í bænum, en ákærður sá einhvernveginn um greiðslu á honum. — Þegar Gísli Gíslason var kominn út í þetta, og skuldheimtumennirnir — eigendur víxlanna — gengu hart að honum, kom ákærður enn til hans sumarið 1928, og bauð honum 3200 mill af sigarettum, sem lægi í Fríhöfninni í Kaupmannahöfn, en á hvíldi 4000 krónu krafa. Þegar Gísli hafði fengið þessar sigarettur framseldar frá ákærðum, átti ákærður að vera laus við allar skuldbindingar út af víxlunum og Gísli að taka þá að sér til fulls. Að þessu gekk Gísli Gíslason, sem útvegaði sér 4000 krónur að láni, og leysti sigaretturnar út hjá Fríhöfninni, en er þær höfðu verið sendar hingað heim, var tollur og farmgjald svo hátt, að Gísli gat ekki greitt það, og voru því sigaretturnar seldar hér á uppboði. — Gísli sat því uppi með víxilskuldirnar og 4000 króna skuld í viðbót.

3. Veturinn 1926, keypti Guðjón Guðmundsson, húsið nr. 4 A við Grundarstíg, af Geir Pálssyni trésmið hér í bænum, sem seldi húsið fyrir hönd konu sinnar. Kaupverðið virðist eftir því, sem næst verður komist, hafa verið allt að 80 þúsund krónur, og var húsinu afsalað á nafn Halls Þorleifssonar, kaupmanns. Upp í þetta hús greiddi Guðjón Guðmundsson krónur 4000,00 í peningum, þúsund króna kröfu, sem að hann framseldi Geir. Ávísun á 5000 króna matvöruúttekt hjá Halli Þorleifssyni, og frakka, sem reiknaðir voru á nokkur þúsund, en óupplýst er hve mikils virði hafa verið. Þegar að Guðjón keypti húsið hvíldi á því veðdeildarlán og annars veðréttarvíxillán, en Hallur gaf út skuldabréf til konu Geirs, þannig, að á húsinu kom til að hvíla um 61 þúsund krónur.

Guðjón Guðmundsson skýrir nú svo frá, að ákærður í þessu máli, hafi sagt sér um vorið 1926, að hann mundi geta selt fyrir hann húsið. Lét því Guðjón afsala húsinu til ákærðs gegn því, að ákærður samþykkti 20 þúsund króna víxil til Guðjóns, þetta gerðu þeir, og kom það, að því er virðist í stað söluumboðs af hendi Guðjóns. En í stað þess að selja húsið, afhenti ákærður Geir Pálssyni afsals- og heimildarskjölin fyrir húsinu gegn því að 3ja veðréttarskuldabréfið félli niður, og kona Geirs eignaðist húsið á þann hátt, en Guðjón tapaði öllu því sem hann

hafði greitt í húsinu, enda hafði kona Geirs tekið alla leigu fyrir húsið á því tímabili, sem að Guðjón átti það, að sögn Geirs til að borga af því skatta og skyldur.

Ákærður heldur því nú fram, að húsið hafi hann afhent vegna þess, að skuldirnar, sem á því hvíldu hafi verið fallnar í gjalddaga og Geir hafi hótað að ganga að honum. Þetta viðurkennir Geir að sé alveg rétt. Jafnframt heldur ákærður því fram, að Guðjón Guðmundsson hafi samþykkt það að hann gerði þetta, og að Geir hafi lofað, að því, sem hann kynni að selja húsið fram yfir 61 þúsund, skyldi skiptast jafnt milli konunnar sinnar annarsvegar og ákærðs og Guðjóns hinsvegar. Guðjón neitar því mjög eindregið að hann hafi nokkurntíma samþykkt þessa ráðstöfun ákærðs, og það verður að telja það í alla staði mjög ósennilegt, að hann hafi gert það. Guðjón kveðst fyrst hafa fengið þá vitneskju frá Geir Pálssyni, að hann og kona hans væru aftur orðin eigendur að húsinu með þessum hætti. Geir Pálsson hefir neitað því mjög ákveðið að hann hafi nokkurntíma tekið á móti húsinu með þessum skilmálum, sem ákærður vill vera láta og skýrt hefir verið frá.

4. Guðjón Guðmundsson hafði átt talsverða upphæð hjá Guðmundi Þorkelssyni, kaupmanni, hér í bænum. Til greiðslu þeirrar skuldar afhenti Guðmundur Guðjóni Guðmundssyni, víxil að upphæð kr. 5000,00, samþykktan af A. J. Grönbæk í Kaupmannahöfn. Þennan víxil lét Guðjón Franz Andersen fá fyrir víxil sömu upphæðar, samþykktan af Franz Andersen. Þennan víxil á Franz Andersen, bað Guðjón Guðmundsson ákærðan í þessu máli að taka af sér til útlanda, er hann fór þangað 1926, og reyna að fá út á hann vörur hjá Grönbæk. Því svo virðist hafa verið tilætlazt, að þessi víxill, sem Franz Andersen samþykkti, væri einskonar ávísun á Grönbækvíxilinn, svo að ef Grönbæk leysti víxil þann, sem Franz hafði samþykkt, með vörum, eða á annan hátt, gæti hann gegn afhendinguhans fengið víxilinn á sjálfan sig í hendur.

Ákærður kveðst engar vörur hafa getað fengið út á þennan víxil hjá Grönbæk, sem þá hafi verið orðinn gjaldþrota. Hann hafi þessvegna álitið víxilinn alls einskis virði, og gefið Guðmundi Þorkelssyni hann, þar sem að hann hitti hann á kaffihúsi út í Hamborg.

5. Þegar fór að minnka um vörurnar, sem ákærð höfðu fengið á þann hátt, sem um er getið í 1. hér að framan, kemst ákærður í verzlunarsamband við firma eitt, Joakim Schermeister & Co. Hjá þessu firma útvegar ákærður hattavörur í byrjun ársins 1928. Vörur þessar átti að greiða við móttöku farmskírteinis, eftir því, sem séð verður, og þegar þær komu hingað snemma á árinu 1928, fékk ákærður Magnús Th. Blöndahl, kaupmann, hér í bænum, til þess að leysa þessar vörur út. Hafði Blöndahl þá um þetta leyti eignazt víxil þann, kr. 5500, sem Páll Magnússon hafði fengið fyrir vörurnar, sem áður eru nefndar, ákærður samþykkt og Guðjón Guðmundsson gefið út. Kveðst Blöndahl hafa ráðizt í að leysa út vörurnar, til þess að reyna að fá greiðslu upp í þennan víxil. Afhenti Blöndahl þeim vörurnar smátt og smátt, og var svo um samið, að hann skyldi teljast eigandi þeirra, en þau annast útsölu á þeim þannig, að Blöndahl fengi um helminginn af því, sem inn kæmi, en þau hinn helminginn. Þessi verzlun með þessu fyrirkomulagi mun hafa byrjað í marzmánuði 1928. Til þess að líta eftir þessari verzlun fékk Blöndahl Björn R. Stefánsson, og hafði hann þar daglegt eftirlit og hélt þar kassabók, taldi upp í verzluninni annað slagið, til þess að sjá, hvað seldist og hve mikið kæmi inn. Þetta verzlunarfyrirkomulag gekk sæmilega í fyrstu eftir því, sem Blöndahl segir frá, en hin ákærðu virðast þó ekki hafa getað lifað af sínum hlut, sem inn kom í verzluninni, og fór að ganga mjög treglega með útborganir til Blöndahls. Skuldin, sem hafði lækkað í fyrstu, fór smátt og smátt að hækka, og um áramótin 1928 og 1929, hætti Blöndahl að afhenda þeim vörur. En um það leyti fóru hin ákærðu til Kaupmannahafnar, og hinn 5. febrúar 1929, gerðu þau þann samning við firmað Joakim Schermeister & Co., að allar þær vörur, sem þá voru í búðinni og þau telja 10464,85 króna virði, skyldu veðsettar honum fyrir þeim vörum, er þau fengju hjá honum til sölu, og ennfremur skyldu allar vörurnar, sem hann reiddi til þeirra vera hans eign. Með þessum samningi var því Hattaverzlunin á Klapparstíg 37 og Fransk Modemagasín, sem hin ákærðu höfðu þá í hyggju að stofna, gerðar að umboðssöluverzlun firmans, Joakim Schermeister & Co., þar sem allar vörurnar voru hans eign, og þær vörur, sem

þegar voru fyrir hendi í verzluninni Klapparstíg 37, honum veðsettar. Hin ákærðu áttu að fá sölulaun af þessuum vörum, eftir því sem þau legðu á þær. Undir þessa samninga skrifa bæði hin ákærðu og ritar Inga sig þá Gíslason og uppfrá því, eftir því sem hún sjálf segir, samkvæmt samkomulagi við ákærðan.

Eftir að samningar þessir voru gerðir við firmað Joakim Schermeister & Co., fór ákærð til Reykjavíkur, en ákærður varð eftir í Kaupmannahöfn og hafði með sér stimpilinn „Hattaverzlunin Klapparstíg 37, Reykjavík". Fór hann þá til ýmsra firma og fékk hjá þeim vörur gegn því að samþykkja víxil til þriggja til sex mánaða; hann kom meðal annars til firmans „Köbenhavns Sadelmagermagasin" og keypti hjá þessu firma mublubetrekk gegn víxli að upphæð d. kr. 2415.31, sem ákærður samþykkti fyrir hönd Hattaverzlunarinnar á Klapparstíg 37, Reykjavík, til 4 mánaða. Útaf þessum víxli eru gjaldþrotin sprottin. Firmað hefir við yfirheyrslu út af þessu skýrt svo frá, að ákærður hafi komið á skrifstofu firmans, til þess að kaupa ýmsar vörur. Og eftir að firmað hafði snúið sér til firmans Joakim Schermeister & Co., og fengið þar upplýst, að Hattaverzlunin á hálfu árinu 1928, hefði borgað því firma 15.000 krónur fyrir vörur, kveðst firmað ekki hafa hikað við að lána ákærðum þessa upphæð. Hafi þá ákærður tekið stimpilinn „Hattaverzlunin Klapparstíg 37, Reykjavík", upp úr vasa sínum og stimplað samþykkið á víxilinn og skrifað nafn sjálfs síns þar undir. Í þessu sambandi má taka það fram, að ákærður hafði með sér afrit af kassabók, sem haldin var í verzluninni 1928, að því er hann sjálfur segir, til þess að sýna firmanu Joakim Schermeister & Co., hvernig verzlunin hafi gengið og er því mjög líklegt að hann hafi, um leið og hann fékk lánaðar vörur frá öðrum firmum, vísað þeim til Joakim Schermeister & Co., til að fá upplýsingar um hag og rekstur verzlunarinnar. Ennfremur keypti ákærður vörur hjá kaupmanni, sem hann kveður heita Hermann Gryn, fyrir danskar krónur 900.000 og hjá firma, sem heitir „Magnephon" einnig í Kaupmannahöfn, fyrir danskar krónur 3000.00, en í þeim vörum frá Magnephon telur hann aðeins ógreiddar um kr. 1200.00, þá keypti ákærður vörur hjá firmanu „Dansk Ramme- og Spejlfabrik" fyrir

danskar krónur 2000.00 og hjá Johs. Christensen fyrir danskar krónur 3699.40, og hjá kaupmanni að nafni Valdemar Börgesen fyrir danskar krónur 1207.23.

Síðastliðið haust um það bil, er rannsókn stóð yfir út af þessu máli, fékk Páll Jónsson, lögfræðingur, peningalán hjá Magnúsi Blöndahl, um kr. 4000, til þess að reyna að greiða að einhverju leyti þeim firmum, sem Hattaverzlunin stóð í skuld við, en ákærður telur Hattaverzlunina aðeins hafa staðið í skuld við þrjú firmu, sem síðast voru nefnd, það er, „Dansk Ramme- og Spejlfabrik", „Johs. Christensen" og Valdemar Börgesen. Firmun, sem sennilega hafa séð, að inneign þeirra hjá Hattaverzluninni var tapað fé, — (sbr. bréf A. Hvidberg til L. Jóhannessonar — réttarskjal nr. 63, þar sem hann biður að bjarga öllu, sem bjargað verði af kröfu Johs. Christensen, að upphæð kr. 3699.40, gegn fullnaðarkvittun), — gáfu þá fullnaðarkvittun fyrir skuldunum, Dansk Ramme- og Spejlfabrik, kröfu sína gegn dönskum krónum 1000.00, Johs. Christensen gegn dönskum krónum 1500.00 og Valdemar Börgesen gegn ísl. krónum 600.00. Skuldanna hjá hinum firmunum þremur, telur ákærður stofnað til sem hans eigin skulda, kveðst hann af vangá og vegna ölvunar hafa sett stimpil Hattaverzlunarinnar á víxil Köbenhavns Sadelmager-Magasin. Fyrir þessari staðhæfingu færir ákærður engar líkur, og benda öll sönnunargögn í málinu til hins gagnstæða. Það skiptir nú að vísu ekki miklu máli í þessu sambandi, hvort Hattaverzlunin á að hafa staðið fyrir skuldinni eða ákærður sjálfur, því eins og sýnt er á því, sem rakið er í sundur hér að framan, er ákærður og Hattaverzlunin í raun og veru eitt og hið sama, og hvorutveggja er eignalaust, því að eftir að umbossölusamningurinn er gerður, er Hattaverzlunin Klapparstíg 37 í raun og veru ekkert annað en nafn, sem er lítilsvirði sem skuldari eins og hin ákærðu í þessu máli hafa líka tekið fram undir rannsókn þessa máls. Í þessum verzlunarrekstri kemur fram nákvæmlega sama aðferðin og getur um undir lið 1. hér að framan. Þar skuldbindur ákærður sjálfan sig fyrir vörum, sem hann svo kemur yfir á nafn ákærðu, sem er þá næstum skuldlaus, en í raun og veru á hann ekki síður en hún allan verzlunarreksturinn, að svo miklu leyti, sem að um eign er að ræða. En þótt að

honum sé gengið fyrir skuldunum, er samt sem áður ekkert af honum hægt að hafa. Í verzlunarrekstri þeim, sem lýst er í þessum kafla er því komið fyrir þannig, að allar vörur Hattaverzlunarinnar Klapparstíg 37, eru veðsettar, verzlunin gerð að umboðssöluverzlun þannig, að ekki er hægt að ganga að henni fyrir neinu af skuldunum, sem ákærður stofnaði á hennar nafn fyrir vörulánum eftir að framannefndur umboðssölusamningur var gerður.

Að einmitt þessi tilgangur liggur á bak við þessi vörulán, kemur greinlega fram í því, að þegar að ákærður kom hingað heim og fékk vörurnar frá útlöndum, kom hann þeim í peninga þannig, að hann fékk aðeins fyrir þær um ⅔ af innkaupsverði þeirra, en þá peninga lét hann þegar ganga inn í umboðssöluverzlunina, og þaðan til firmans Joakim Schermeister & Co., til þess að koma umboðssöluverzluninni sem bezt af stað og afla henni rektursfjár. En þegar átti að fara að ganga að umboðssöluverzluninni fyrir fyrstu vöruskuldinni, sem féll í gjalddaga, bera hin ákærðu það fyrir sig, að hér sé um umboðssöluverzlun að ræða, og að allar vörurnar séu veðsettar Joakim Schermeister & Co. eða hans eign, því sé ekki hægt að ganga að verzluninni fyrir þessum skuldum. Til hins sama bendir og það, að vöruskuldirnar eru alls ekki færðar verzluninni til skuldar í bókum hennar.

6. Með öllum þessum verzlunarrekstri hinna ákærðu frá upphafi er það sameiginlegt, að ýmist hefir bókhaldið verið sáralélegt eða alls ekkert. Eftir að verzlunin byrjaði á árinu 1926, virðist þó hafa verið haldin kassabók og jafnvel höfuðbók að einhverju leyti. Gerði það Björn R. Stefánsson. En um vorið 1926 virðist þetta bókhald hafa fallið niður, og ekkert bókhald hafa verið í verzluninni það sem eftir var ársins 1926, og fram á árið 1928. En eftir að verzlunin byrjaði á Klapparstíg 37, með vörur frá firmanu Joakim Schermeister & Co., hélt Björn R. Stefánsson einskonar bók fyrir hönd Magnúsar Th. Blöndahl og með afrit af þeirri kassabók fór ákærður til útlanda um áramótin 1928 og 1929. En allar ,þessar bækur eru nú glataðar og kveðst hin ákærða ekkert vita, hvar þær séu niður komnar.

Það sem liðið var af árinu 1929, þangað til ákærða varð gjaldþrota, var haldin sjóðbók, en þeir endurskoð-

endur, sem hafa skoðað bókhald þetta, kveða öll fylgiskjöl vanta og sýna fram á, að bókhaldið er í óreiðu. Meðal annars eru skuldir Hattaverzlunarinnar við útlönd, nema hjá Schermeister, alls ekki færðar henni til skuldar í verzlunarbókunum. Hinsvegar er andvirði varanna fært sem innkomnir peningar frá Magnúsi Blöndahl, krónur 2000.00 og innkomið fyrir vörur frá ákærðum, krónur 6500, án þess að gera nánari grein fyrir því. Verður hagur hattaverzlunarinnar á þessum tíma, með færslum á þessum hætti, alrangur, og yfirleitt er frágangur bókhaldsins þannig, að endurskoðendurnir segja, að ekki sé nema til málamynda að gefa yfirlit yfir efnahag og rekstur verzlunarinnar á þessum tíma, af svo miklum vanefnum hljóti það að verða gert, því svo lélegur sé frágangurinn á bókhaldinu.

Eins og sést af því, sem sagt hefir verið hér að framan, reka hin ákærðu umræddar verzlanir í félagi. Þegar ákærður kom frá útlöndum 1926, var ákærð með honum, og höfðu þau þá keypt vörurnar á nafn ákærðu. Hún ber það þá með ákærðum við Guðjón, að 1700 krónurnar hafi komið of seint til þess að kaupa nýlenduvörurnar, sem ákærður lofaði Guðjóni gegn peningasendingunni. Þessum peningum skiluðu þau þó ekki, heldur fengu stórum meira af peningum hjá Guðjóni með því að telja hann á, að mun meira mætti græða á vefnaðarvörum, sem þau hefðu meðferðis. Fyrst eru Guðjóni framseldar vörur gegn peningum, sem hann útvegar, og þetta gerir ákærð. Síðan er þessu hætt, ákærð færa sig upp á skaftið, og loforð um endurgreiðslu, er vörurnar seljist, er látið nægja. Og meðan verið er að útvega lánin fær Guðjón smá endurgreiðslur. En þegar peningaútvegunum hans lýkur og vörurnar innleysast á nafn ákærðu, er hætt að greiða Guðjóni, og hann stendur uppi með háa víxilskuld á ákærðan, sem honum virðist þá fyrst fara að verða ljóst að sé æði lítils virði. Það verður að telja það alveg bersýnilegt, að ákærðu hafi verið það ljóst, hvað hér var að gerast. Það er ef til vill tæpast hægt að segja, að um vörulán af hendi Guðjóns hafi verið að ræða, en hitt er upplýst, að hann lánaði peningana beinlínis til útlausnar varanna og gegn því, að þeir peningar yrðu greiddir, er vörurnar seldust. En að þetta var ekki tilætlunin af hálfu ákærðra, sýnir það

fyrirkomulag rekstursins, sem lýst er hér að framan á annað ár, og að hin ákærðu lifðu á þessum vörum, sem aflað var fyrir peningana frá Guðjóni, án þess að greiða honum nokkuð annað en það, sem hann fékk greitt meðan verið var að koma honum út í þetta. Hlutu þau og þá að sjá það, að þau mundu ekki geta staðið í skilum við hann.

Þetta framferði ákærðra við Guðjón ber að heimfæra undir 259. gr. alm. hegningarlaga.

Um ákæruatriði það, sem talið er undir 2. hér að framan, er það að segja, að dómarinn fær ekki séð, að það verði heimfært undir ákvæði neinnar greinar 26. kapitula hegningarlaganna, með því að Gísli Gíslason hefir og tekið hið þar umrædda tóbak, sem fullnaðargreiðslu á umræddum víxli.

Um ákæruatriði það, er talið er undir 3. hér að framan, er það að segja, að þar brestur sannanir fyrir því, að áliti dómarans, að ákærður hafi auðgað Geir Pálsson, sjálfan sig eða einhvern annan með því að afhenda húsið nr. 4 A. við Grundarstíg, eins og hann gerði. Verður því, að áliti dómarans að sýkna ákærðan af þessu ákæruatriði.

Af sömu ástæðum ber að áliti dómarans að sýkna ákærðan af því ákæruatriði, sem talið er undir lið 4, hér að framan, það brestur sannanir fyrir því, að umræddur víxill hafi verið einhvers virði, og allar líkur benda til þess, að svo hafi ekki verið.

Þá er komið að því ákæruatriði, sem talið er í 5. lið hér að framan. Það verður að telja það nægilega sannað, af ástæðum,sem tilgreindar eru í nefndum lið, að þar umrædd vörulán, sé beinlínis undirbúin og tekin af hálfu ákærðs, með það fyrir augum að greiða þau ekki, allar ráðstafanir ákærðs bæði undan og eftir að þessi vörulán voru tekin, virðast benda svo ótvírætt til þess, sem frekast má verða. Afbrot það, sem ákærður hefir framið með þessum vörulántökum ber að heimfæra undir ákvæði 253. gr. alm. hegningarlaga.

Þátttaka hinnar ákærðu í þessum lántökum, er eftir því, sem hin ákærðu hafa borið, mjög lítil. Að vísu hefir hún játað eftir að hún hafði áður þrætt fyrir það, að hún hafi fengið ákærðum stimpil Hattaverzlunarinnar og gefið honum munnlega heimild til að skuldbinda verzlunina, að svo

miklu leyti, sem hann gerði verzlun í nafni Hattaverzlunarinnar og fyrir hennar hönd. En ákærður var, svo sem áður er sagt, eftir í Kaupmannahöfn og keypti inn vörurnar gegn því, að samþykkja víxla fyrir andvirðinu,— eftir að ákærð var farin til Íslands, og þau höfðu í félagi gert umboðssölusamninginn við Schermeister. — Ákærð hefir svo síðar haldið því fram, að ákærður hafi aðeins haft heimild til að skuldbinda Hattaverzlunina fyrir hattavörum, og sér hafi hinsvegar legið í léttu rúmi, þótt ákærður færi með stimpil Hattaverzlunarinnar svo sem honum sýndist. Því í raun og veru hafi Hattaverzlunin aldrei verið annað en hvert annað nafn, sem hafi mátt fara með svo og svo, og í raun og veru hafi ekki verið til eftir að umboðsverzlunin hafi verið stofnuð. Yfirleitt hefir ákærð varizt sem allra mest sagna um þessi atriði, og sagst ekki þekkja inn á það, hvernig ákærður hefir aflað varanna. Og það sem hún hefir um þetta sagt, er mjög mikið á reiki.

Af því, sem að framan er sagt, þar sem ákærð telur Hattaverzlunina eiginlega ekki vera til, eftir að umboðssölusamningurinn var gerður, en hún gefur ákærðum þó heimild til, að skuldbinda hana fyrir vörlánum, liggur mjög nærri að ályktа, að um sviksamlega athöfn af hennhendi sé að ræða í samráði við ákærðan. En þetta telur dómarinn þó ekki nægilega sannað, né heldur hitt, að henni hafi verið það ljóst, er hún fékk ákærðum stimpilinn, að það væri þátttaka í aðstoð til að framkvæma afbrot. Hinsvegar verður ekki hjá því komizt, að álíta það fullvíst, að ákærð hafi verið þess vitandi, að peningarnir, sem inn komu fyrir vörurnar, voru af ákærðum lagðir inn í verzlunina, sem hún rak undir sínu nafni með ákærðum. Það stendur í verzlunarbókum verzlunarinnar, að ákærður hafi afhent kr. 6500.00 fyrir vörur, og Magnús Th. Blöndahl kr. 2000.00. En um leið og hin ákærðu gerðu þessa peninga, eða andvirði þeirra vara, sem þau greiddu með þessum peningum, að eyðslueyri sínum, hlaut þeim að vera það ljóst, að þau gætu ekki staðið í skilum við þá, sem höfðu lánað þeim vörurnar. — Hér er því að ræða um eftirfarandi hlutdeild af hálfu ákærðrar, og ber að heimfæra þetta afbrot hennar undir ákvæði 253. sbr. 56. gr. hegningarlaganna.

Loks er það ákæruatriði, sem talið er í 6. lið hér að framan. Eins og sést af því, sem þar segir, hefir bókhald hinna ákærðu alls ekki fullnægt þeim kröfum, sem gerðar eru til bókhalds verzlana, sbr. lög53/1911, og með því að hafa mestan tímann, sem þau ráku verzlunina, alls ekkert bókhald og hinn tímann sáralélegt, hafa þau brotið mjög freklega gegn ákvæðum 264. gr. 2. málsgreinar almennra hegningarlaga.

Ákærður sat í gæzluvarðhaldi frá 4. september 1929 til 5. s. m. 1929 og frá 20. september 1930 til 24. s. m. 1930. En ákærð sat í gæzluvaðhaldi frá 20. september til 23. september 1930.

Ákærð eru bæði komin yfir lögaldur sakamanna. Hann er fæddur 15. júní 1878, en hún 19. marz 1899. Hvorugt hefir sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt afbrot.

Einsog tekið er fram hér að framan, hefir ákærður, að áliti dómarans brotið gegn ákvæðum 253., 259. og 264. 2. málsgr. alm. hegningarlaga. Og hin ákærða gegn ákvæðum 264., 259. og 253. gr. sbr. 56. gr. alm. hegningarlaga.

Þegar ákveða skal refsingu hinna ákærðu með tilliti til refsiákvæða framangreindra hegningarlagagreina, verður og að hafa ákvæði 58. gr. hegningarlaganna til hliðsjónar. Af því, sem sagt hefir verið hér að framan, sem kemur enn ljósara fram í prófum málsins, er ákærður hinn leiðandi í þessum verkum, en ákærð leiðist út í þetta með honum. Af hendi ákærðs virðist afbrotin vera hugsuð og yfirveguð fyrirfram, en hið sama verður ekki sagt um verknaði ákærðrar.

Refsing ákærðs Björns Gíslasonar er að áliti réttarins hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði, og refsing hinnar ákærðu, Hansínu Ingu Pétursdóttur, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, sbr. 3. gr. laga nr. 51, 1928. —

Samkvæmt því, er að framan segir, verður ekki hjá því komist, sbr. ákvæði 8. gr. laga nr. 25 frá 14. júní 1929, að svifta bæði hin ákærðu, hana sem eiganda verzlunarinnar og hann sem eiganda og framkvæmdastjóra, rétti til að reka eða stjórna verzlun í næstu 5 ár frá uppsögn dóms þessa.

Hin ákærðu greiði hvort um sig kostnað við sitt gæzluvarðhald, og ákærð greiði talsmanni sínum Páli Jónssyni,

kr. 70.00 í málsvarnarlaun, en að öðru leyti greiði þau in solidum allan kostnað sakarinnar. Talsmaður ákærðs hefir ekki gert kröfu til málsvarnarlauna.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið af hendi dómarans, hvorki á rannsókn eða uppkvaðningu dómsins. En að mál þetta hefir þrátt fyrir það staðið svo lengi, stafar af því, að dómarinn sendi dómsmálaráðuneytinu próf málsins 4. nóv. 1929, og fékk 29. s. m. bréf um það, að frekari rannsókn mætti bíða unz skorið hefði verið úr um gjaldþrot ákærðu í Hæstarétti. En þegar langtum meiri dráttur varð á úrslitum þessa máls í Hæstarétti, vegna frestbeiðni hinna ákærðu, lagði ráðuneytið fyrir dómarann, með bréfi dags. 19. september s. l. að halda máli þessu áfram og það hefir dómarinn gert án nokkurs óþarfa dráttar.

Miðvikudaginn 31. maí 1932.

Nr. 146/1932. **Metúsalem Jóhannsson**
(Eggert Claessen)
gegn
Samtrygging íslenzkra botnvörpunga og gagnsök (Jón Ásbjörnsson).

Eftirstöðvar vátryggingarupphæðar m. m.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 27. ágúst 1932: Stefnd, Samtrygging íslenzkra botnvörpunga, greiði stefnanda, Metúsalem Jóhannssyni, kr. 1721,68 með 5% ársvöxtum frá 3. júní 1931 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útg. 23. sept. 1932, krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 9310.88 með 6% ársvöxtum frá 3. júní

1931 til greiðsludags, og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Gagnáfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi, 16. marz þ. á., skotið málinu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni s. d., krefst *aðallega*, sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara*, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 1419,93 með vöxtum, sem fyrr segir, og *til þrautavara*, að ákvæði hins áfrýjaða dóms um bótagreiðslu verði staðfest. Svo krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, hvenig sem málið fer.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, voru vátryggingar þær, sem í máli þessu getur, þessar:

1. Skipið, skrokkur og vél	£ 2100:0:0	
Greiðslur og vistir	£ 700:0:0	
		£ 2800:0:0
2. Veiðarfæri		£ 500:0:0
3. Afli		£ 500:0:0
	Samtals	£ 3800:0:0
Hér uppí hefir vátryggandi greitt ..		£ 3500:0:0
Eftir standa þá		£ 300:0:0
Hér frá dregur aðaláfrýjandi eftirstöðvar vátryggingargjalds fyrir aflatryggingu		£ 18:2:6
Eftir verða þá		£ 281:17:6

er hann telur sig eiga hjá gagnáfrýjanda og er það fyrsti kröfuliður hans.

Gagnáfrýjandi telur sér óskylt að greiða upphæð þessa af þessum ástæðum:

Raunverulegt verðmæti þess afla, sem mestur hefði getað verið á skipinu, er það strandaði, hafi ekki getað numið meiru en £ 285, og hafi aflatryggingin því verið of há um £ 215. Aflatrygging-

arskírteinið var „verðsett vátryggingarskírteini“ sbr. 9 gr. laga nr. 17/1914. Með hliðsjón af því síldarmagni, sem mest gat verið í skipinu, og þess verðs á síldinni, er vátryggður gat eftir reynslu fyrri ára, er hann hefir skýrt frá hér fyrir dómi, hugsað til að fá fyrir hana, verður það ekki staðhæft, að hann hafi sett vátryggingaupphæðina ósanngjarnlega háa, þegar hann keypti vátrygginguna. Og verður því þessi frádráttarkafa gagnáfrýjanda ekki tekin til greina.

2. Þá hefir gagnáfrýjandi talið, að koma eigi til frádráttur £ 13:16:2, er sé ógoldið iðgjald fyrir skipsvátrygginguna. Trygging þessi var keypt frá 31. jan. 1930 — 1. jan. 1931, eða 11 mánuði. Samkvæmt vátryggingarskírteininu var vátryggingargjaldið fyrir allt þetta tímabil ákveðið £ 154:3:10, og eftir greinargerð aðaláfrýjanda í málinu hefir nákvæmlega þessi upphæð verið greidd fyrir vátryggingu skipsins. Eftir þessu hefir ekkert staðið ógreitt af iðgjaldi þessarar vátryggingar. Gagnáfrýjandi hefir ekki sannað gegn mótmælum aðaláfrýjanda, að hann eigi kröfu til þessarar upphæðar, og verður hún því ekki dregin frá þessum kröfulið aðaláfrýjanda.

3. Þá telur gagnáfrýjandi eiga að koma til frádráttar 1% af samanlögðum vátryggingarupphæðunum, eða £ 38, er endurtryggjandi hans áskilji sér vegna sjótjónsreikningagerðar í Englandi. Í vátryggingaskírteininu er þessa atriðis að engu getið, og það er ekki sannað, að aðaláfrýjandi hafi vitað um það eða átt að vita um það. Í vátryggingarskírteinunum segir að vísu, meðal annars, að ákvæði þeirra skuli einskorðuð við ákvæði endurtryggingaskírteinanna. En slík almenn tilvísun virðist ekki

hafa verið nægileg til þess að beina athygli vátryggða að nefndu atriði, enda hvorki upplýst, að gagnáfrýjandi hafi skýrt honum frá þessari kröfu endurtryggjanda né fengið honum í hendur eða sýnt honum endurtryggingarskírteinið. Mátti aðaláfrýjandi því gera ráð fyrir, að um kostnað af sjótjónsreikningi færi eftir hinni almennu reglu þar um í 23. gr. laga nr. 17/1914. Þessi frádráttarkrafa gagnáfrýjanda verður því ekki tekin til greina.

4. Eins og sjá má af framanskráðu, telur gagnáfrýjandi eiga að koma til frádráttar fyrsta kröfulið aðaláfrýjanda, £ 281:17:6, £ 215:0:0 + £ 13:16:2 + £ 38:0:0, eða samtals £ 266:16:2, svo að eftir ættu þá að standa, þótt þessar frádráttarkröfur hans væru að fullu teknar til greina, £ 15:1:4. En þar sem gagnáfrýjandi krefst aðallega sýknu, þá virðist eiga að skilja þetta svo, sem hann telji sig hafa ofgreitt af reikingsupphæðinni samkvæmt öðrum kröfulið aðaláfrýjanda — að minnsta kosti svo sem síðastnefndri upphæð nemur. Verður að því vikið í sambandi við þann kröfulið, að þetta er ekki rétt á litið hjá gagnáfrýjanda, og verður því fyrsti kröfuliður aðaláfrýjanda ekki færður niður af þeirri ástæðu.

Samkvæmt framanskráðu verður að taka alla þá kröfu, er aðaláfrýjandi gerir í fyrsta kröfulið sínum, til greina, verður sú upphæð £ 281:17:6, í íslenzkum krónum með gengi £ 22,15, kr. 6243.63.

Annar kröfuliður aðaláfrýjanda nemur kr. 1742,85. Er það hluti af samanlögðum reikningsupphæðum, samtals kr. 4742,85. Þar af hefir gagnáfrýjandi greitt kr. 3000,00, og eru eftirstöðvarnar sú upphæð, sem krafin er í þessum lið. Varða hinar einstöku reikningsliðir kostnað vegna skipsstrands-

ins, flutning skipsins frá strandstað til Akureyrar til bráðabirgðaviðgerðar þar, flutning skipsins þaðan til Reykjavíkur, hafnargjöld þar, slipplegu, skipsvörð o. fl. Mótbárur gagnáfrýjanda gegn þessum liðum lúta aðallega að því, að aðaláfrýjandi hafi án samþykkis vátryggjanda gert þær ráðstafanir, er höfðu þann kostnað í för með sér, er í þessum reikningsliðum greinir. En ráðstafanir þessar voru nauðsynlegar til björgunar, varðveizlu og viðhalds hinum vátryggðu hagsmunum, enda samþykktar beint eða óbeint, af vátryggjanda. Tvo þessara reikningsliða hefir gagnáfrýjandi sérstaklega gert að athugunarefni: kr. 300.00 til skipshafnar fyrir björgun á nót og bátum af strandinu og kr. 350 til skipstjóra fyrir umsjón og eftirlit á strandstaðnum og á Akureyri. Hvorki skipstjóra né skipshöfn, sem ráðinn var aðeins upp á aflahlut, var skylt að inna þessi störf af hendi án sérstakrar þóknunar. Þau voru unnin beint til verndar hinum vátryggðu hagsmunum, sem voru í ábyrgð vátryggjanda, og þess vegna fyrir hann. Og með því að ekki er sannað, að hið krafða sé ósanngjarnlega hátt sett, verður að dæma gagnáfrýjanda til, samkvæmt 23. gr. laga nr. 17/1914, að greiða hinar tvær síðastnefndu upphæðir, ásamt hinum öðrum reikningsliðum, er fyrrnefndur reikningur felur í sér, að því leyti sem þeir eru ekki þegar greiddir.

Þriðji kröfuliður aðaláfrýjanda nemur kr. 1324,50. Í honum er fólginn kostnaður af uppihaldi skipverja á strandstað og fæði og fargjald þeirra þaðan og til Reykjavíkur. Kostnað þenna er vátryggjanda óskylt að greiða samkvæmt vátryggingarskilmálunum, nema svo sé, að þessir hagsmunir hafi verið vátryggðir undir „greiðslur og vistir“, en þá

hefir hann þegar greitt hann. Og samkvæmt gildandi lögum verður vátryggjanda ekki gert að greiða þessar upphæðir. Það verður því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfu um greiðslu þessa kröfuliðs.

Samkvæmt framanskráðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 6243,53 + kr. 1742,85 = kr. 7986,38 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1931 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjanda 500 krónur í málskostnað samtals, bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Samtrygging íslenzkra botnvörpunga, greiði aðaláfrýjanda, Metúsalem Jóhannssyni, kr. 7986,38 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1931 til greiðsludags. Svo greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda samtals 500 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað með stefnu, dags. 3. júní f. á. Metúsalem Jóhannsson, Ingólfsstræti 16 hér í bæ gegn Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, til heimilis hér í bænum til greiðslu:

1. Eftirstöðvar vátryggingarupphæðar fyrir m. s. Hænir og afla og veiðarfæri sama skips, £ 281:17:6 ..... kr. 6243,53
2. Eftirstöðvar útlagðs kostnaðar vegna strands téðs skips ..... — 1742,85
3. Kostnað við dvöl skipverja við strand-

staðinn og flutning þeirra og fæðiskostnað til Reykjavíkur ..... — 1324,50

Samtals kr. 9310,88

ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefndur hefir krafizt algerðrar sýknu og sér dæmdan málskostnað.

Nefnt skip strandaði á Rifstanga 25. ág. 1930. Varðskipið Ægir náði skipinu af strandstaðnum og flutti til Akureyrar. Þar var það metið og skoðað og fékk bráðabirgðaviðgerð og síðan flutt til Reykjavíkur. Þar var skipið metið að nýju og rannsakað, hve dýr myndi fullnaðarviðgerð þess og þótti það sannlegt, að það myndi ekki svara kostnaði að láta hana fara fram og skipið því talið óbætandi og átti stefndur þá rétt til vátryggingarfjár, sem fyrir algert tjón væri:

Skip og annað var vátryggt hjá stefndum svo sem hér segir:

Skipsskrokkur og vélar	£	2100,—
Greiðslur og vistir	£	700,—
Veiðarfæri	£	500,—
Afli	£	500,—
Samtals	£	3800—0—0
Af þessari upphæð hefir stefndur greitt ..	£	3500—0—0
Mismunur	£	300—0—0
Frá þessari upphæð hefir stefnandi, með reikningi til stefnds, sem stefnan er byggð á, dregið ógreiddar eftirstöðvar af ársiðgjaldi fyrir afla og veiðarfæri	£	18—2—6
Eftirstöðvar	£	281—17—6

sem með gengi 22,15 eru kr. 6243,53 í samræmi við 1. kröfulið hér á undan. Auk þess hefir stefnandi lagt fram reikning, rjskj. nr. 6 dags. 16. maí f. á., til stefnds fyrir útlagðan kostnað við strand skipsins, alls að upphæð kr. 4742,85, að frádregnum kr. 3000,00 greiddum af stefndum, og telur stefnandi þá vangreiddar af þessum kostnaði kr. 1742,85, sem kemur heim við annan lið stefnukröfunnar. Og loks er 3. liður stefnukröfunnar rjskj. nr. 7 kr. 1324, 50 og kemur þannig út hin umstefnda upphæð.

Stefndur játar, að þar sem skipið var talið óbætandi, þá eigi stefnandi rétt á skaðabótum sem fyrir algert tjón og að fá vátryggingarupphæðina greidda að fullu, en með þeirri sjálfsögðu takmörkun, sem ákvæði laganna um sjóvátryggingu nr. 17 frá 2. nóvbr. 1914, setja um oftryggingu. Ákvæði tryggingarskírteinisins um að félagið greiði alla vátryggingarupphæðina í þessu tilfelli beri því að skilja sem alla *lögmæta* vátryggingarupphæð. Heldur hann því fram, að aflinn hafi verið oftryggður. Staðhæfir hann, að á þeim tíma, sem vátryggingin tók yfir, frá 21. júlí til 21. sept. 1930, hafi skipið ekki getað tekið meira verðmæti af síld í einni veiðiferð en sem svaraði £ 285, eigi því aflatryggingin ekki að greiðast af hendi með hærri upphæð. Þetta verðmæti fær hann þannig út. Hæsta verð á söltunarhæfri síld hafi verið þetta sumar kr. 9 pr. tunnu og skipið hafi aðeins getað tekið af henni 450 tn., sem svari til kr. 4050,00. Og í lest hafi skipið getað tekið mest 377 mál af bræðslusíld, en hæsta verð á henni þetta sumar hafi verið kr. 6,00 pr. mál, eða samtals kr. 2262,00. Mótmælir stefndur, að síld sú, sem lest slíkra skipa sem Hænir sé fyllt af, sé söltunarhæf. Síld úr lest sé því aðeins söltunarhæf, að skipið sé sérstaklega útbúið til þess með hillum í lestinni. En þann útbúnað hafi Hænir ekki haft. Staðhæfir stefndur því, að mesta verðmæti síldarafla Hænis í einni veiðiferð þetta sumar, hafi ekki getað numið meiru en kr. 6312,00 eða sem næst £ 285, og hærri vátryggingarupphæðar sé því ekki unnt að krefjast fyrir afla. Stefnandi hefir hvorki mótmælt staðhæfingu stefnds um rúm og burðarmagn skipsins eða verði á síld þetta sumar, en hann heldur því fram, að Hænir hafi haft venjulegan útbúning til síldveiða, þar á meðal gólfgrindur á þilfari og í lest og frekari útbúning sé engin venja til að hafa á síldveiðiskipum, þótt jafnt sé saltað úr lest sem af þilfari. Segir hann að síld sú, sem fór í lest skipsins hafi getað verið söltunarhæf, því að það hafi aðeins komið undir því, hve fljótt skipið gat aflað síldarinnar. Mótmælir stefnandi lækkunarkröfu stefnds til vara á þessum grundvelli, en aðallega af því, að lög um sjóvátryggingar séu declaratorisk lög, enda hafi stefndur áður en málssóknin hófst gefið skuldbindandi samþykki sitt með bréfum 2. marz og 14 apríl 1931 og reiknings-

yfirliti frá 25. s. m. til greiðslu allrar vátryggingarfjárhæðarinnar.

Greiðslusamþykki það, sem kemur fram í nefndum skjölum virðist verða að miða við tillögur þær, er samtímis voru gerðar til að ná samkomulagi um bótagreiðslur í heild án málssóknar. Þar sem sjórétturinn telur það ekki geta leikið á tveim tungum, að vátryggingarsamningar þeir, er hér er um að ræða, verði að skýra í sambandi við ákvæði nýnefndra laga, hefir stefndur rétt til að krefjast þess, að vátrygging aflans verði færð niður í það sem sanngjarnt er, þar sem hann hefir sýnt fram á, að aflinn hafi verið oftryggður. Vátryggingarverðið verður nú enganveginn metið hærra en verð þess afla, sem skipið gat mest borið. Að salta síld úr lest skipsins gat varla verið um að ræða eftir að búið var að salta 450 tn. af þilfari af yngstu síldinni. Skipting aflans í söltunarsíld og bræðslusíld eins sg stefndur hefir gert þykir því gerð á þann veg, að sanngjarnari getur hún vart orðið, enda henni ekki hrundið af stefnanda. Samkvæmt þessu þykir því á þessum lið eiga að draga frá kr. 11,075,00 ÷ 6312,00 = kr. 4763,00.

Þá krefst stefndur, að frá vátryggingarupphæðinni sé dreginn 1% eða £ 38 vegna uppgjörs í Englandi, samkv. venju og tilboði til Félags ísl. línuveiðaraeigenda, enda hafi stefnandi leitað tryggingarinnar hjá stefndum eftir tilvísun formanns þess félags. Þessu mótmælir stefnandi, enda sé hann ekki meðlimur í greindu félagi og frádráttar þessa sé ekki getið í tryggingarskírteininu. Rétturinn verður nú að líta svo á, að hvort sem stefnanda var persónulega kunnugt eða ekki um þau sérskilyrði, sem stefndur setti fyrir vátryggingu línuveiðara, þá gat stefnandi ekki gert ráð fyrir, að hann fengi skip sitt tryggt án þess að verða að hlíta sömu skilmálum og línuveiðarar innan félagsins, að minnsta kosti mátti hann ekki búast við, að hann fengi sér hagstæðari skilmála fyrir skip sitt eitt en félagsheildin fyrir öll sín skip. Þar sem stefndur hefir fært sönnur á, að umræddur 1% frádráttur gilti fyrir línuveiðara nefnds félags, þykir þessi frádráttur réttmætur, þótt hans sé ekki getið í hinum almennu vátryggingarskírteinum, en þau bera það með sér, að uppgjör í Englandi var nauðsynlegt, þar sem tryggingin var

tekin í £ og endurtrygging fór þar fram. Á þessum lið þykir því eiga að draga frá stefnukröfunni kr. 841,70.

Þá hefir stefndur krafizt frádráttar ógreiddra vátryggingariðgjalda £ 18—2—6 af afla- og veiðarfæratryggingu, og £ 13—16—2 eftirstöðvar iðgjalds af vátryggingu fyrir skipið, samtals £ 31—18—8.

Það verður nú ekki betur séð, en að fyrri upphæðin, sem málflytjendur hafa rætt mikið um, sé dregin frá áður en stefnan er útgefin, sbr. hér að framan, og getur því frádráttur hennar aftur ekki átt sér stað. Samkv. framlagðri kvittun hefir stefnandi greitt að fullu áskilið iðgjald fyrir skipið og þar sem þess er ekki getið í vátryggingarskírteininu að fullt ársiðgjald skuli greitt ef um algerðan tapa er að ræða, og stefndur hefir ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að þetta sé föst venja, þykir þessi frádráttarkrafa heldur ekki geta orðið tekin til greina.

Kröfum stefnanda um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði vegna strandsins, samkv. reikningunum á rjskj. 6 og 7, mótmælir stefndur að því leyti sem hann fer fram úr því, sem þegar hefir verið greitt upp í þann kostnað. Byggjast þau mótmæli sumpart á því, að stefnandi hafi látið flytja skipið frá Akureyri til Reykjavíkur algerlega að eigin hvötum og án tilhlutunar stefnds, en sumpart á því, að stefnandi hafði vátryggt greiðslur og vistir fyrir £ 700 eða ca. 15,500,00 kr., en í þeirri upphæð væri innifalinn hinn útlagði kostnaður eða að minnsta kosti sumt af honum.

Aðiljar deila mjög um það, að hvors þeirra fyrirlagi skipið var flutt frá Akureyri til Reykjavíkur og jafnvel einnig um það, hvor þeirra hafi ráðið því, að bráðabirgðaviðgerð var látin fram fara á því á Akureyri. Það liggur nú nægilega ljóst fyrir í málinu, að það var stefndur sem fékk mann á Akureyri til þess að annast um að skipið væri sett á land þar og skoðað og þennan sama mann fekk stefndur til að rannsaka kostnað við nauðsynlega viðgerð á því til þess að flytja það til Reykjavíkur. Þessar athafnir liggja undir úrslitaatkvæði stefnds samkv. tryggingarskilmálunum og verður ekki betur séð en að stefndur hafi neitt þessa atkvæðis í þessu máli, enda virðist það liggja beint við í málinu, að það var ekki til neinna hagsmuna

fyrir stefnanda, að leggja sig í framkróka um þessar framkvæmdir, því að hann átti vísan aðgang að stefndum um greiðslu vátryggingarupphæðarinnar eða skipinu skiluðu sér í fullgildu ástandi. Og að sjálfsögðu var það stefnds að ráða það við sig hvor kosturinn var vænlegri fyrir vátryggjanda.

Stefndur getur því ekki af þessari ástæðu orðið losaður við neitt af þessum greiðslum og það því síður sem stefndur gerði ekki í bréfaviðskiptum sínum áður en málssókn hófst neina athugasemd við hin siendurteknu ummæli stefnanda, að hann hefði lagt út umræddan kostnað viðvíkjandi skipinu samkvæmt beiðni stefnds.

En þá er aðeins eftir að athuga hvort hinn umkrafði kostnaður sé innifalinn í „greiðslur og vistir", sem keypt hefir verið trygging fyrir og því innifalin í vátryggingarupphæðinni sjálfri. Undir þessa upphæð fellur sá kostnaður sem útgerðarmanni er skylt að bera, sem sé fæði og kaup áhafna skipsins, eða upphæðin sem greind er á rj.-skj. 7, kr. 1324,50. Björgun á nót og öðru viðvíkjandi strandinu fellur vitanlega undir skyldustörf skipverja til verndar og bjargar skipi og góssi. Liðirnir á rjskj. 6 greiðslur til skipshafnar 300 kr. og skipstjóra 350,00 kr. falla því einnig undir vátryggingarupphæðina. Koma þannig til frádráttar stefnukröfunni kr. 1974,50. Að öðru leyti verður ekki gengið lengra inn á hina einstöku liði á rjskj. 6 þar sem málflutningurinn hefir ekki gefið tilefni til þess, og verða þeir því ekki taldir felast í vátryggingarupphæðinni.

Niðurstaða máls þessa hér fyrir réttinum verður þá sú, að frá stefnukröfunni kr. 9310,88 ber að draga kr. 4763,00 + 841,70 + 1974,50 = kr. 7589,20 og skylda stefndan til að greiða mismuninn kr. 1721,68 en aðeins með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 3. júní f. á. og málskostnaður þykir eiga að falla niður.

Miðvikudaginn 31. maí 1933.

Nr. 89/1932. **Bæjarfógeti Vestmannaeyja, f. h. þrotabús Soffíu Þórðardóttur** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Einari Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Sérstaklega samið um ákvörðun og útreikning formannskaups án missis sjóveðréttar.

Dómur sjóréttar Vestmannaeyja 21. marz 1932: Stefnda, Þrotabú Soffíu Þórðardóttur, greiði stefnanda, Einari Jónssyni kr. 1376,76 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1930 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi hefir sjóveðrétt í m. b. „Undína" V. E. 242 fyrir hinni umstefndu upphæð ásamt vöxtum og kostnaði. Svo og rétt til þess að láta selja nefndan vélbát, að undangengnu fjárnámi til lúkningar dómskuldarinnar.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að fellt verði úr hinum áfrýjaða dómi ákvæði hans um sjóveðrétt stefnda, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti.

Stefndi, sem hefir fengið gjafvörn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Fyrir vetrarvertíð í Vestmannaeyjum 1930, eða í byrjun hennar, virðast þau stefndi og Soffía Þórðardóttir hafa samið svo um formannskaup stefnda, að hann skyldi hafa ¼ hluta af afla skipsins. Tók Soffía til sín afla skipsins allan og óskiptan frá

upphafi vertíðarinnar til enda. Það verður að gera ráð fyrir því, að þau hafi ákveðið eigi síðar en í upphafi vertíðar, hvaða verði Soffía skyldi greiða aflahlut stefnda fyrir áðurnefnda vertíð. Verður að líta svo á, sem þar með hafi einungis verið ákveðinn sá háttur, er hafa skyldi um ákvörðun og útreikning formannskaupsins. Verður það ekki álitið, að stefndi hafi með þessu móti misst þann sjóveðrétt í skipinu, sem sjómönnum er veittur eftir 2. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56, 1914. Það verður því eins og sagt er í hinum áfrýjaða dómi að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda umstefndar kr. 1376,76 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1931 til greiðsludags.

Krafist var í héraði af hálfu stefnda kr. 164,00 í málskostnað. Þessa upphæð verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda í málskostnað í héraði. Fyrir hæstarétti þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málflutningsþóknun talsmanns stefnda, er ákveðst 80 krónur.

Svo ber og að dæma stefnda sjóveðrétt í vélbátnum „Undína" V. E. 242 til tryggingar öllum hinum framangreindu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, bæjarfógti Vestmannaeyja, f. h. þrotabús Soffíu Þórðardóttur, greiði stefnda, Einari Jónssyni á Moldnúpi, kr. 1376,76 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1931 til greiðsludags. Málskostnað í héraði greiði áfrýjandi stefnda með 164 krónum, og ennfremur 80 krónur til skipaðs talsmanns stefnda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Sveinbjarnar

Jónssonar. Stefnda ber loks sjóveðréttur í vélbátnum „Undína“ V. E. 242 til tryggingar öllum hinum framangreindu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódómi Vestmannaeyja með stefnu útgefinni 8. maí f. á. af Einari Jónssyni, Moldnúpi undir Eyjafjöllum gegn þrotabúi Soffíu Þórðardóttur, kaupkonu, hér í bæ, til greiðslu eftirstöðva á formannshlut á vélbátnum „Undína“, V. E. 242, þá eign stefndu, að upphæð kr. 1376,76 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1930 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Ennfremur hefir stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði með dómi sjódómsins sjóveðréttur í m. b. „Undína“ V. E. 242 fyrir hinni umstefndu upphæð ásamt vöxtum og kostnaði, svo og réttur til að láta selja bátinn til lúkningar skuldarinnar.

Leitað var sátta, en árangurslaust.

Stefnda hefir samþykkt kröfu stefnanda, að svo miklu leyti, sem það viðurkennir hana sem vangreidda skuld, er stafi af sölu fiskhlutarins til sín.

Hinsvegar hefir stefnda mótmælt algerlega kröfunni um sjóveðrétt, svo og málskostnaðarkröfu stefnanda og krafist að sér yrði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Málavextir eru þeir, að á öndverðri vertíð 1930 réðist stefnandi sem formaður á vélbátinn „Undína“ V. E. 242, eign Soffíu Þórðardóttur, kaupkonu, upp á 1/14 hluta af afla vélbátsins. Gekk aflahlutur stefnanda, þegar frá byrjun, óskiftur til útgerðarmannsins (stefndu), sem hirti hann og ráðstafaði honum sem sínum eigin fiski.

Þegar í byrjun mun það hafa orðið að samkomulagi milli stefnanda og stefndu, að verð fiskjar stefnanda skyldi vera 0,90 pr. stykki. Nemur inneign stefnanda samkvæmt því, eins og að framan greinir, kr. 1376,76, enda virðist enginn ágreiningur um upphæð þessarar kröfu.

Til stuðnings kröfu sinni um sjóveðrétt heldur stefnandi því fram, að enda þótt stefnda hafi tekið við hlut

hans og 90 aura verð á fiskinum hafi verið lagt til grundvallar, þá hafi í rauninni engin sala átt sér stað á fiskhlutnum og þar af leiðandi ekki afsal á sjóveðréttindum. Hinsvegar hafi hér verið um viðbótarsamkomulag að ræða, á þá leið, að þóknun stefnanda fyrir formennskuna skyldi ákveðast þannig, að hann fengi 90 aura fyrir hvern fisk, er honum bæri í hlut sinn.

Mótmæli sín gegn sjóveðréttinum byggir stefnda á því, að stefnandi hafi þegar í öndverðu selt sér fiskinn og hafi því hér verið um kaup og sölu að ræða, enda hafi hann fengið fiskinn greiddan með því að honum var færður hann til tekna á viðskiptareikningi. Hefði honum borið að öðrum kosti að taka fisk sinn sjálfur frá öðrum fiski og ráðstafa honum á annan hátt, en raun varð á.

Með því að stefnandi hefir mótmælt því, að hann hafi í raun og veru selt stefnda fiskinn, virðist svo að sönnunarbyrðin fyrir því að kaup, er eftir atvikum geti haft í för með sér að sjóveðsrétturinn hafi tapazt, hvíli á stefndu. Virðist réttinum að ekki séu nægileg rök færð fyrir því, enda þótt að innfærsla andvirðis hlutarins á viðskiptareikning stefnanda, sé nokkur vísbending um kaupin.

Rétturinn getur heldur ekki fallist á að máli skipti þó að stefnandi „skipti sér ekki úr".

Þessar sýknunarástæður verða því ekki teknar til greina.

Enda þótt 236. gr. 2. málsgrein siglingarlaganna taki ekki berum orðum til hlutamanna, þar sem nefnd málsgrein talar aðeins um „sjóveðrétt til tryggingar kaupi og annarar þóknunar" þá verður rétturinn að líta svo á að hlutaráðningu beri að skoða sem kaupfyrirkomulag, er njóti hinnar sömu tryggingar, þar sem hlutamaður, sem engan þátt tekur í útgerðarkostnaði skips, virðist hafa algerlega sömu aðstöðu og sjómenn almennt.

Af þessari ástæðu, svo og vegna þess er að framan greinir, ber að tildæma stefnanda sjóveðrétt í v. b. „Undína" V. E. 242, svo og rétt til þess, að undangengnu fjárnámi að láta selja nefndan bát til greiðslu á framangreindri kröfu hans á hendur stefndu.

Rétt þykir að taka málskostnaðarkröfu stefnanda til greina.

Miðvikudaginn 31. maí 1933.

Nr. 70/1932. **G. M. Havstein**
gegn
Garðari Þorsteinssyni, f. h. dánarbús Chr. Havstein

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, G. M. Havstein, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 31. maí 1933.

Nr. 14/1933. **Guðmundur Bjarnason**
gegn
Garðari Þorsteinssyni, f. h. Þorgerðar Einarsdóttur

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Buðmundur Bjarnason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vil fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta í málinu, 30 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. maí 1933.

Nr. 15/1933. **Guðmundur Bjarnason**

gegn

Benedikt Jónssyni, f. h. Karitasar Ólafsdóttur

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Buðmundur Bjarnason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta í málinu, 30 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. maí 1933.

Nr. 23/1933. **Óskar Halldórsson, f. h. Hafskipabryggju Keflavíkur s/f**

gegn

forstjóra Landssmiðju Íslands, Ásg. Sigurðssyni

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson f. h. s/f Hafskipabryggja Keflavíkur, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 31. maí 1933.

Nr. 30/1933. **Magnús Jónsson, próf. juris.**
gegn
Halldóri R. Gunnarssyni.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi mætti í málinu, er það skyldi þingfest, lagði fram áfrýjunarstefnu, en ágrip dómsgerða hefir eigi komið til réttarins, og bað um frest til október næstkomandi. Stefndi mætti og mótmælti öllum fresti og krafðist frávísunar og ómaksbóta.

Gegn mótmælum stefnda verður frestur eigi veittur og verður því að frávísa málinu og dæma stefnda ómaksbætur, er ákveðast 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá dómi. Áfrýjandi, Magnús Jónsson próf. juris., greiði stefnda, Halldóri R. Gunnarssyni, 30 krónur í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. júní 1933.

Nr. 3/1933. **Jóhannes Kr. Jóhannesson** (Sjálfur)
gegn
Engilbert Hafberg
(Garðar Þorsteinsson).

Vinnulaunakröfu áfrýjanda skuldajafnað við húsaleigukröfu stefnda.

Dómur einkalögregluréttar Reykjavíkur 11. júní 1932:
Kærður, Engilbert Hafberg, skal vera sýkn af kröfu kær-

andans, Jóhannesar Kr. Jóhannessonar, í máli þessu og málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir hér fyrir dómi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 219,30 með 5% ársvöxtum frá 2. júní 1932 til greiðsludags, og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Stefndi hefir viðurkennt það fyrir hæstarétti, að áfrýjandi hafi unnið í þarfir hans frá 9—21. maí 1932 og hafi réttilega reiknað sér fyrir þá vinnu kr. 219,30. Hinsvegar er það upplýst með reikningum stefnda og yfirlýsingu konu áfrýjanda, sem jafnan annaðist húsaleigugreiðslur þeirra hjóna til stefnda, að áfrýjandi stóð í 235,01 króna húsaleiguskuld við stefnda 14. maí 1932, fyrir íbúð þá, er áfrýjandi hafði þá í húsi stefnda við Mjóstræti 6 hér í bæ. Áfrýjandi hefir loks viðurkennt það í málinu í héraði, að áðurnefnd vinnulaun hafi átt að ganga upp í húsaleiguskuldina til 14. maí 1932. Af þessari ástæðu gat stefndi komið húsaleigukröfu sinni að til skuldajafnaðar við kröfu áfrýjanda án gagnsóknar fyrir einkalögregluréttinum, og verður því að sýkna stefnda í máli þessu, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi og staðfesta hann að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 100,00 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jóhannes Kr. Jóhannesson, greiði

stefnda, Engilbert Hafberg, 100 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir einkalögregluréttinum af Jóhannesi Kr. Jóhannessyni, Bárugötu 34, hér í bæ, með stefnu útgefinni 2. f. m. gegn Engilbert Hafberg til heimilis á Grettisgötu 65, hér í bænum, til greiðslu vinnulauna, að upphæð kr. 219,30 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Kærandi hefir haldið því fram í málinu, að hann hafi unnið hjá kærðum að viðgerð við húsið nr. 6 í Mjóstræti, þar sem kærandi bjó, dagana 9.—21 maí þ. á. eða samtals 129 tíma. Hefir hann gert kröfu um kr. 1,70 um tímann, þar sem um fagvinnu hafi verið að ræða og nemur upphæðin samkv. reikningum í réttarskjali nr. 2 kr. 219,30 eða hinni umstefndu upphæð.

Kærður hefir og viðurkennt það, að kærandi muni hafa unnið hjá sér þennan tilgreinda tíma, að fráskildum 21. maí, sem hann hefir mótmælt sem oftöldum og kröfunni þar afleiðandi ofhárri, sem því skiptir, en jafnframt hefir hann haldið því fram að kaupkrafa þessi hafi átt að ganga til skuldajafnaðar við húsaleiguskuld kæranda, sem hann telur vera fram til 1. október þ. á. kr. 795,00 alls, enda sé húsaleiguskuldin öll fallin í gjalddaga þar sem kærandi hafi flutt án löglegrar uppsagnar. Kærandi hefir að nokkru leyti mótmælt því að húsaleigukrafa komist hér að auk þess sem hann hefir mótmælt því að hann skuldaði kærðum nokkra húsaleigu, heldur hefði hann ofborgað húsaleigu til maímánaðarloka, en eftir þann tíma telur hann sér ekki skylt að greiða húsaleigu þar sem hann hafði flutt úr húsnæðinu löglega.

Það verður að teljast fullsannað í máli þessu með játun kærðs og því öðru, sem fram er komið í málinu, að kærandi eigi kröfu til þessa kaups, sem umræðir í reikningum í réttarskj. nr. 2, en hinsvegar verða teljast fram komnar nægilegar líkur fyrir því að kærður hafi átt rétt á að koma að til skuldajafnaðar því sem kærandi kynni

að skulda í húsaleigu og verður því húsaleigukrafa hans einnig rannsökuð hér í réttinum.

Það er að vísu svo, að kvittanir þær er kærður hefir afhent við greiðslu húsaleigu fyrir íbúð kæranda eru mjög óskýrar og óheppilega orðaðar, en þó verður það að teljast rétt sérstaklega með tilliti til vottorðsins í réttarskj. nr. 4, sem verður að skoðast sem aðalyfirlýsing, að húsaleiguskuldin hafi verið kr. 225,00 við maímánaðarlok og auk þess verður að telja að kærandi hafi ekki sannað rétt til að flytja úr húsnæðinu á þeim tíma, er hann flutti án þess jafnframt að sjá um greiðslu húsaleigunnar til 1. október næstkomandi.

Af þessum ástæðum verður að taka kröfu kærðs til greina um skuldajöfnuð þannig, að hinn umstefndi reikningur færist sem greiðsla upp í húsaleiguskuld kæranda, sem þá lækkar sem því nemur eða um kr. 219,30, en málskostnaður fellur niður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 12. júní 1933.

Nr. 34/1930. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Aðalsteini Pálssyni (Guðm. Ólafsson).

Botnvörpuveiðar. — Sýknun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. marz 1930: Kærður Aðalsteinn Pálsson, greiði 13500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa, svo og allan af máli þessu löglegaleiddan og leiðandi kostnað.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v R. E. 153 „Belgaum" frá Reykjavík skulu upptæk og andvirði renna í sama sjóð og sektin.

Dómnum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var fyrir hæstarétti í marzmánuði 1931, var ágreiningur meðal kunnáttumanna um ýms meginatriði þess. Með úrskurði þessa dóms 9. marz 1931 var því lagt fyrir rannsóknardómarann í málinu að afla álits þriggja dómkvaddra, óvilhallra og sérfróðra manna um stað varðskipsins, er það var á, þegar mælingarnar, sem í máli þessu greinir, voru gerðar. Hinn 1. apríl 1931 dómkvaddi rannsóknardómarinn þrjá menn til að framkvæma umrætt starf, og er greinargerð þeirra dagsett 21. marz 1932. Auk þess hafa margskonar framhaldsrannsóknir farið fram um málið og einstök atriði þess, fyrst yfirheyrsla á fyrrverandi stýrimanni á b/v Belgaum 18. apríl s. á. og yfirheyrslur á yfirmönnum varðskipsins Ægir 29. júlí og 3. sept. s. á. Við prófun þeirra og athugunum á bókum þeirra, sem haldnar höfðu verið á varðskipinu, kom það í ljós, að ýmiskonar ósamræmi var milli skýrslna bókanna um það, er gerzt hafði í sambandi við töku b/v Belgaum 17. marz 1930, og að breytt hafði verið færslu í þeim og inn í þær bætt eftir að dómur var kveðinn upp í málinu í héraði. Í tilefni af þessu krafðist skipaður verjandi kærða hér fyrir dómi í bréfi til dómsmálaráðherra, dags. 9. sept. 1932, að rannsókn á þessum atriðum yrði fyrirskipuð. Með bréfi, dags. 13. s. m. var lögmanni boðið að rannsaka áður nefnd kæruatriði fyrir sjódómi Rvíkur. Hófust þar próf 19. nóv. s. á. og var haldið áfram 21. og 22. s. m. og 3. dez. s. á. og loks 6. þ. m. var eitt vitna þeirra, er prófuð höfðu verið, látið staðfesta með eiði fyrir lögregluréttti Reykjavíkur skýrslur, er það áður hafði gefið

í málinu. Auk þessara réttarprófa hefir síðan málið var fyrir hæstarétti í marz 1931, verið aflað álits kunnáttumanna um einstök atriði, er síðan hafa komið fram í málinu.

Verk hinna þriggja dómkvöddu manna laut að því að ákveða stað varðskipsins kl. 12,23, kl. 12,29 og kl. 12,32 þann 17. marz 1930 síðd. eftir þeim skýrslum varðskipsforingjans, er þá lágu fyrir. Og þetta hafa hinir dómkvöddu menn gert, eftir því sem þeim þykir sennilegast. Áreiðanleik þeirra skýrslna hafa hinir dómkvöddu menn yfirleitt ekki metið, enda verður ekki séð, að neitt hafi fyrir þeim legið um það atriði annað en þá var fram komið fyrir dómi í málinu. Það, hversu mikið byggja megi á greinargerð hinna þriggja dómkvöddu manna um úrslit málsins, fer því eftir því, hversu mikið megi byggja á skýrslum varðskipsyfirmannanna, þeim, er fyrir dómkvöddu mönnunum lágu, og þeir hafa lagt til grundvallar við rannsóknir sínar. Ef ekki þykir byggjandi á nefndum skýrslum varðskipsyfirmannanna, þá getur ekki heldur greinargerð dómkvöddu mannanna haft neina úrslitaþýðingu í málinu. Verður þá að athuga skýrslu varðskipsforingjans frá 17. marz 1930, er fram kom í lögreglurétti Reykjavíkur 18. s. m., með samanburði við bækur skipsins og önnur gögn, sem fram hafa komið.

Um atburði þá, er gerzt höfðu 17. marz 1930 í sambandi við töku b/v Belgaum R.E. 153, voru haldnar fjórar bækur, sem venjulegt er að halda á íslenzkum varðskipum við slík tækifæri: „Rissbók“ svo kölluð, athuganabók, „kladdi“, eða uppkast að leiðarbók, og leiðarbók. Auk þess hafa kladdi að vélardagbók og vélardagbók skýrslur

um gang vélar o. fl. Fyrstu fjórar bækurnar halda skipherra og stýrimenn, en hinar tvær vélstjórar.

Í áðurnefndri skýrslu skipherrans segir, að kl. 11,40 árdegis þann 17. marz 1930 hafi varðskipið haft tal af báti, sem hafi verið að koma úr róðri vestan fyrir Öndverðarnes. „Rissbók" og athuganabók segja ekkert um þetta, en „kladdanum" ber hér saman við skýrslu skipherrans. Leiðarbókin hefir og upphaflega haft samhljóða skýrslu að geyma, en tölunni 11,40 hefir, að því er virðist í maí 1930, verið breytt í 11,48. Samkvæmt vélarbókunum var vélin í fullum gang kl. 11,40, var stöðvuð kl. 11,44, sett á ferð aftur á bak kl. 11,46 og síðan stöðvuð kl. 11,47. Virðist sem yfirmenn skipsins hafi tekið eftir þessu ósamræmi milli sinna bóka og vélarbókanna, og að síðan hafi einhver þeirra breytt tölunni 11,40 í 11,48 í leiðarbók — en ekki í kladdanum — til betra samræmis við vélarbækurnar.

Næst segir í skýrslu skipherrans, að kl. 11,55 hafi varðskipið „farið framhjá Öndverðarnesi", og að samtímis hafi sést togari, „sem virtist hafa N.A.-læga stefnu og miðaðist í m/v V.N.V. stefnu frá varðskipinu". „Rissbókin" segir ekkert um þetta, en athuganabókin segir, að kl. 11,55 hafi Ægir verið á vesturleið fyrir Öndverðarnes, og „sást þá togari, sem auðsjáanlega var í landhelgi". Kladdi og leiðarbók segja aðeins, að kl. 11,55 hafi togari sést V.N.V. af Öndverðarnesi. Eftir vélarbókunum var skipið kyrrt frá kl. 11,47 til kl. 11,58 og hefði skipið eftir því átt að hafa verið kyrrt kl. 11,55, og hefði því ekki getað verið að fara framhjá Öndverðarnesi kl. 11,55, eins og skipherrann segir í skýrslu sinni. Skipherrann virðist síðar hafa veitt þessu ósamræmi milli skýrslu sinnar og vélarbóka

eftirtekt. Þann 24. maí 1930 markar hann, eftir ágizkun, stað varðskipsins, er það hitti bátinn kl. 11,40 (eða 11,48), alllöngu innanvert við Öndverðarnes, og sama dag markar hann, einnig eftir ágizkun, stað varðskipsins kl. 11,55 nokkru fyrir innan nesið, og hefir hann þar með, að því er virðist, horfið frá því atriði í skýrslu sinni að varðskipið hafi þá (kl. 11,55) „farið fyrir Öndverðanes".

Þá segir skipherrrann næst í skýrslu sinni, að kl. 11,58 hafi togarinn snúið til vinstri „og hélt beint út frá landin eftir það á undan varðskipinu". Sá eini skilningur verður lagður í skýrslu skipherrans, að varðskipið hafi verið á ferð kl. 11,58, eins og kl. 11,55. „Rissbók" og athuganabók segja að kl. 11,58 hafi togarinn „beygt meir út", en athuganabókin bætir því við að þá hafi verið haldið í áttina til togarans. „Kladdi" og leiðarbók geta einskis atburðar við kl. 11,58. En, að líkindum til samræmis við vélarbækurnar, hefir þessari klausu verið síðar, að því er virðist í maí 1930, bætt inn í meginmál leiðarbókarinnar, en ekki „kladdann". *„11,59 haldið af stað"*. Með þessu virðist gefið í skyn, að varðskipið hafi einmitt haldið kyrru fyrir til kl. 11,58, eins og vélarbækurnar segja, eða kl. 11,59. Og er þessi síðastnefnda færsla í leiðarbókina í fullu ósamræmi við oftnefnda skýrslu skipherrans.

Eftir skýrslu skipherrans var varðskipið komið að togaranum kl. 12,19 síðdegis. Hún verður, eins og fyrr segir, ekki skilin öðruvísi en svo, að varðskipið hafi siglt eftir togaranum frá kl. 11,55 árdegis til kl. 12,19 síðdegis, eða í 24 mínútur. Það virðist mega byggja á því, að varðskipið hafi að meðaltali ekki farið minna en 12,5 sjómílur á klukkutíma, og hefði samkvæmt því átt að vera ná-

lægt 5 sjómílum undan landi, er það nam staðar hjá togaranum. Hinsvegar segja vélarbækurnar, að vélin hafi verið stöðvuð kl. 12,16 og eftir þeim ætti þá útsiglingartími varðskipsins að hafa verið, frá kl. 11,58, er vélin á, samkvæmt þeim, að hafa verið sett í gang, og til kl. 12,16 eða 18 mínútur. En þá hefði varðskipið, með sama hraða sem áður segir, hafa átt að vera rúmar 3 sjómílur undan Öndverðarnesi, er það staðnæmdist við togarann. Ef farið er eftir frumskýrslu skipherrans, hefði varðskipið átt að vera nálægt 2 sjómílur utan við landhelgilínu, en eftir vélarbókum rétt utan við hana, er það nam staðar hjá togaranum.

Skipherrann hefir gert þá athugasemd viðvíkjandi útsiglingartíma varðskipsins, að tímamörk þau, sem skýrsla hans greinir, hafi verið sett eftir armbandsúri eins stýrimannanna, en það hafi verið, 4—5 mínútum eftir varðúri skipsins. Jafnframt er þó að ráða af umsögn skipherrans um þetta, að klukkumismunur þessi hafi ekki skipt máli um útsiglingartíma varðskipsins, því að farið hafi verið eftir sömu klukku allan tímann frá því kl. 11,55 og til kl. 1,30 er töku togarans er talið lokið til hlítar. Einn stýrimanna varðskipsins hefir að vísu borið það fyrir rétti, að hann hafi eftir kl. 12,14, er togarinn nam staðar farið ofan í stjórnklefa til að gæta á varðúrið, sem þá hafi verið 12,19. En af þessu verður ekki ráðið neitt um það, að tímaákvarðanir eftir kl. 12,14 eftir úri stýrimanns, hafi verið teknar eftir annari klukku en hans úri eftir það til kl. 1,30, enda ólíklegt, að slík aðferð, sem mundi hafa ruglað öllum tímaákvörðunum, þar sem þó fullrar nákvæmni var þörf, hafi verið höfð.

Samkvæmt framansögðu ber skýrslum frá hendi

varðskipsforingjans og bókum varðskipsins svo illa saman um tímamörk og annað, er útsiglingartíma varðskipsins snertir, að ekki verður af þeim fengin nokkur áreiðanleg vissa um það, hversu lengi varðskipið hefir siglt frá því, að það hóf eftirför sína eftir togaranum og þar til það nam staðar hjá honum. Verður af þessum ástæðum ekki ráðið af siglingartímanum um stað varðskipsins, er mælingarnar voru gerðar.

Þá kemur að hornamælingum varðskipsins.

Í oftnefndri skýrslu sinni frá 17. marz 1930 gefur skipherrann upp þessar hornamælingar:

I. Mæling kl. 12,23:

Öndverðarnesviti

> 23° 21′

Bárðarkista

> 34° 32′

Dritvíkurtangi

Dýpi telur skipherrann 325 metra.

Þessa athugun telur skipherrann gefa stað varðskipsins um 0,2 sjómílur innan við landhelgilínu. Þessa staðarákvörðun telur forstöðumaður stýrimannaskólans þar á móti svo óglögga, að vafi leiki á um miðin, og hefir sett stað skipsins 0,46 sjóm. fyrir utan eða 0,12 sjóm. fyrir innan landhelgilínu eftir því, hvaða mið eru notuð. Og öðrum kunnáttumönnum, sem athugað hafa mælingar þessar, ber ekki heldur saman.

II. Mæling kl. 12,29:

Öndverðarnesviti

> 29° 08′

Öndverðarneshólar

> 29° 12′

Dritvíkurtangi

Telur skipherrann þessa athugun sýna stað varðskipsins rétt utan við landhelgilínu, og hefir forstöðumaður stýrimannaskólans sett hann 0,08 sjóm. utan við línuna.

III. Mæling kl. 12,32:

Öndverðarnesviti

$> 28° 20'$

830 metra hóllinn s. við Bárðarkistu

$> 30° 22'$

Dritvíkurtangi

Þessa mælingu telur skipherrann einnig sýna stað varðskipsins lítið eitt utan við landhelgilínu. En forstöðumaður stýrimannaskólans hefir sett þennan stað 0,86 sjóm. fyrir utan landhelgi.

Aðrir kunnáttumenn hafa ekki heldur getað orðið sammála um staði þá, er þessar mælingar, II. og III., sýni, sérstaklega ekki sú síðasta.

„Rissbók", athuganabók og leiðarbók ber um gráðutal hornanna saman við skýrslu skipherra, en í „kladda" stendur annað gráðutal við síðara hornið í öllum mælingunum, þannig:

Mæling I.

Bárðarkista

$> 31° 32'$, eða $3°$ munur

Dritvíkurtangi

Mæling II.

Öndverðarneshólar

$> 29° 02'$, eða $10'$ munur

Dritvíkurtangi

Mæling III.

830 metra hóllinn

$> 30° 32'$, eða $10'$ munur

Dritvíkurtangi

Forstöðumaður stýrimannaskólans hefir einnig

markað stað varðskipsins á kortið samkv. gráðutali „kladdans". Kemur þá staður varðskipsins kl. 12,23 um 5,00 sjóm. frá Öndverðarnesstá, og svarar það, eins og áður segir, til þess, að varðskipið hefði siglt út þaðan 24 mínutur með 12,5 sjóm. hraða. Hinir staðirnir verða annar mjög við landhelgilínu, en hinn um 600 metra fyrir utan þann fyrra. Og verður ekkert samræmi innbyrðis milli þeirra neinna.

Þar sem nú kunnáttumenn eru í verulegum atriðum ósammála um staðarákvarðanir varðskipsins og bækur þess greina mismunandi gráðutal á hinum mældu hornum, þá verður staður varðskipsins, er mælingarnar voru gerðar, ekki heldur ákveðinn eftir þeim með nauðsynlegri nákvæmni. En með því að forsendur brestur til þess að ákvarða stað varðskipsins, þá verður tilsvarandi óvissa um það, hversu nærri landi togarinn hafi verið kl. 11,55, þegar hann sást fyrst, eftir skýrslu skipherrans, frá varðskipinu. Verður því að telja sannanir skorta fyrir því, að togarinn hafi þá verið að veiðum í landhelgi. Ber því að sýkna hinn kærða skipstjóra af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og fella niður ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og upptöku afla og veiðarfæra togarans Belgaum R.E. 153.

Samkvæmt þessu verður að leggja á ríkissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Dráttur sá, er orðið hefir á máli þessu, þykir nægilega réttlættur með greinargerð þeirri um

gang þess frá 9. marz 1931, sem í upphafi dóms þessa stendur.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Aðalsteinn Pálsson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra, þar með dragstrengja, togarans Belgaum R.E. 153 skulu niður falla. Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Guðmundar Ólafssonar, kr. 500.00 til hvors.

Forsendur hin áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Aðalsteini Pálssyni, skipstjóra á e/s „Belgaum" R. E. 153 fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina:

Mánudaginn 17. marz 1930 var varðskipið „Ægir" á leið vestur með Öndverðarnesi. Um kl. 11,40 árdegis var haft tal af bát, sem var að koma úr róðri vestan fyrir nesið. Bátsverjar sögðu, að 3 togarar hefðu verið fyrr um daginn út af Svörtuloftum, sögðu þeir að einn þeirra, grár togari frá Reykjavík, hefði verið talsvert nær en hinir, mennirnir voru þá spurðir, hvort hann mundi hafa verið í landhelgi, sögðust þeir ekki vita það, en hann hefði verið á að giska á níræðu dýpi, eða á þeim slóðum, sem þeir væru vanir að vera með lóðir sínar. Að samtalinu loknu var haldið áfram vestur með landinu.

Kl. 11,55 árdegis var farið fram hjá Öndverðarnesi; samtímis sást togari, sem virtist hafa NA.-læga stefnu, og

miðaðist í m/v VNV frá varðskipinu. Kl. 11,58 snéri togarinn til vinstri og hélt eftir það beint út frá landinu, á undan varðskipinu.

Kl. 12,02 síd. var stöðvunarmerki dregið upp og samtímis skotið púðurskoti.

Kl. 12,04 var skotið öðru púðurskoti.

Kl. 12,07 var skotið kúlu stb.-megin við togarann.

Kl. 12,13 var skotið annari kúlu bb.-megin og framan við togarann; hafði togarinn breytt lítilsháttar um stefnu og hélt nú meira til vesturs, og virtist nema staðar kl. 12,14 síðd.

Kl. 12,19 var komið að togaranum R. E. 153 „Belgaum" frá Reykjavík. Var hann með Bb. vörpu úti og var byrjaður að hala inn vörpustrengina. Stb. vörpuhlerarnir héngu í gálgum og var að sjá sem sú varpa lægi laus á þilfarinu, enda kom það í ljós síðar, þá komið var um borð í togarann.

Kl. 12,23 síðd. var gerð eftirfarandi staðarákvörðun hjá togaranum, þar sem hann var að hala inn vörpuna:

Öndverðanesviti

$> 23° 21'$

Bárðarkista

$> 34° 32'$

Dritvíkurtangi

Einnig var N-kanturinn á Enni $\neq$ með Öndverðanesvitanum. Dýpi mælt 325 m. Þessi athugun gefur stað varðskipsins sem var þá rétt hjá togaranum, um 0,2 sm. innan landhelgislínunnar, en þá var togarinn búinn að halda út frá landinu, frá því hann sneri við kl. 11,58 árd. eða í 16 mínútur.

Kl. 12,29 var aftur gerð staðarákvörðun til samanburðar, enda þótt skipið hefði rekið út á við fyrir ANA-kalda.

Öndverðanesviti

$> 29° 08'$

Öndverðaneshólar

$> 29° 12'$

Dritvíkurtangi

Bátur var sendur um borð í togarann eftir skipstjóranum. Meðan báturinn var á leiðinni til varðskipsins aftur, var enn gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Öndverðanesviti

> 28° 20′

830 m. hóllinn S. við Bárðarkistu

> 30° 22′

Dritvíkurtangi

Báðar síðari athuganirnar sýna stað varðskipsins rétt utan við landhelgislínu, kemur það til af því, að skipið hafði rekið á tímabilinu, eins og áður er getið.

Kærður hefir nú neitað því að þessi skýrsla skipherrans sé rétt, hann telur sig alls ekki hafa verið að veiðum í landhelgi og kveðst hafa verið að enda við að kasta þegar hann heyrði fyrra skotið, og þá haft stefnu í NA. Hann hefir jafnframt játað það, að hann hafi séð reykinn af tveimur skotum varðskipsins áður en hann heyrði þetta umrædda skot, en hann hafi þrátt fyrir það haldið áfram að slaka út því hann hafi talið sig fyrir utan landhelgi. Eftir að hann hafði slakað út 350 faðma, kveðst hann hafa togað í nokkrar mínútur og að því búnu byrjað að draga inn samtímis eða rétt á eftir að hann heyrði seinna skotið. Kærður telur sig hafa haft stefnuna í NA. eins og fyrr segir þegar hann heyrði fyrra skotið og var að enda við að kasta, en að því búnu segist hann hafa snúið skipi sínu á bakborða til vesturs og þá farið að draga inn vörpuna aftur og hafi þetta tekið sig um 9 mínútur, en meðan hann dró inn 150—200 seinustu faðmana, kveðst hann hafa snúið skipinu enn þá meira á bakborða til SA. Hann telur sig því frekar hafa nálgast land en fjarlægst þennan tíma. Áður en kærður byrjaði að kasta kveðst hann hafa tekið þessar miðanir: Purkhóll bar undir Hólahóla og Svörtuloftavitinn miðaðist eftir kompás í SA. t. S. ¼ S. og hann kveðst hafa gert miðanir þegar hann heyrði skotið og byrjaði að draga inn vörpuna og voru þau mið þannig: Svörtuloftavitann bar saman yfir eitt við Bárðarkistu og Purkhóll jaðraði norðurkannt á Hólahólum, en samtímis kveðst hann hafa tekið kopásmiðun af Öndverðanesvita og var vitinn í ASA og Dritvíkurtangi miðaðist í S. ½ A. Miðanirnar þær tvær fyrrnefndu kveðst hann hafa gert einn, en kompásmiðanirnar kveður hann Þórarinn Gunnlaugsson, sem gengdi stýrimannstörfum um borð, hafa gert með sér. Þegar fyrrnefndar tvær landmiðanir eru settar lauslega út á kortinu, virðast þær gefa stað

skipsins utan við línu, en þessar miðanir er ekki unnt að setja út með neinni verulegri nákvæmni og kærður er einn til frásagnar um þær, svo þær geta ekki haft áhrif á niðurstöðu þessa máls.

Þórarinn Gunnlaugsson, sem gengdi stýrimannsstörfum á togaranum hefir kannast við það, að hann hafi gert framannefndar kompásmiðanir á nefndum stað og stundu og hann hefir sýnt í réttinum til sönnunarmerkis um það miða, þar sem á eru ritaðar þessar kompsmiðanir, og kveðst hann hafa ritað þetta niður alveg samstundis og hann gerði miðanirnar. Þetta vitni og kærður í þessu máli hafa báðir verið látnir setja þessar miðanir út í sitt kortið hvor, og hefir það gefið stað togarans um 0,2 úr sjómílu innan landhelgislínunnar. Vitnið hefir og sett þessar miðanir út í annað kort, sem hefir nokkuð minni mælikvarða, og hafa þá miðanirnar sýnt stað skipsins á landhelgislínunni

Auk þessa hafa tveir af skipsmönnum talið sig hafa tekið landmiðanir meðan verið var að draga inn vörpuna og segja þeir að þær hafi verið þannig: Öndverðanesviti yfir há Ólafsvíkur-Enni og nyrðri jökulhúfan á Smáhóla, sem eru sunnan við Öndverðaneshólana. En framburður þessara vitna hefir að öðru leyti verið svo ósamhljóða að ekki hefir þótt rétt að láta þau staðfesta framburð sinn með eiði. Það sem aðallega verður að byggja á við staðarákvörðun togarans er því skýrsla skipherrrans og þær staðaðarákvarðanir sem þar eru tilgreindar og ekki hefir verið hnekkt, heldur eru þvert á móti studdar af þeim staðarákvörðunum kærðs sjálfs og stýrimanns hans, sem einna mest virðist vera á að byggja, þar sem hér er um að ræða kompásmiðanir en ekki landmiðanir, þær eru ritaðar niður um leið og þær eru gerðar og staðhæft er að þær séu gerðar með nákvæmni.

Nú ber að vísu að líta á það, að 0,2 úr sm. er ekki meiri fjarlægð en það, að ekki er fullkomlega útilokað, eftir því sem sumir mælingarfróðir menn telja að skakkað geti til eða frá, en þá ber á það að líta í hvaða stefnu kærður sigldi áður en þessar staðarákvarðanir voru gerðar.

Í skýrslu skipherrans er talið að sést hafi til togarans kl. 11,55 árdegis og þá hafi hann stýrt í NA stefnu, en kl. 11,58 hafi hann snúið til vinstri og eftir það haldið

út frá landinu undan varðskipinu. Kl. 12,02 mínútur er síðan dregið upp stöðvunarmerki og skotið púðurskoti og kl. 12,04 skotið öðru púðurskoti, en kl. 12,07 mínútur fyrst skotið kúluskotinu. Nú er það upplýst með framburði kærðs sjálfs, að hann heyrði aðeins kúluskotin, en sá reykinn af púðurskotunum og hann kveðst hafa verið að enda við að kasta þegar hann heyrði fyrsta skotið, en það var kl. 12,07.

Með því að það er skýrt tekið fram í skýrslu skipherrans og staðfest með framburði 1. og 2. stýrimanns, sem kærður hefir tekið jafngildan sem eiðfestur væri, þótt hann mótmæli honum, að togarinn stýrði frá landi eftir kl. 11,58 árd. verður að telja það sannað í málinu að svo hafi verið.

En eins og fyrr er um getið kveðst kærður, og stýrimaður hans hefir staðfest þann framburð, hafa verið að enda við að kasta er hann heyrði fyrra skotið, en verið að kasta þegar hann sá reykinn úr púðurskotunum. Hann kveðst hafa togað í nokkrar mínútur og hafa byrjað að draga inn samtímis eða rétt á eftir og hann heyrði seinna skotið.

Því er haldið fram í málinu af kærðum sjálfum, að skip hans fari með um 8 mílna hraða þegar hann kastar, um 3 mílna hraða þegar hann togar og sé næstum því kyrrt þegar það dregur inn veiðarfærin aftur. En aðrir skipsmenn, sem spurðir hafa verið um þetta telja að skip hans fari nokkuð hraðara. Ef gengið er út frá því, að framburður kærðs sjálfs og stýrimannsins um þessi atriði sé réttur, og að framburður yfirmanna skipsins um það hvert skipið hafi stefnt eftir kl. 11,58 árd. er, eins og að gera verður að áliti réttarins tekin sem næg sönnun um það atriði, verður ekki hjá því komist að telja það sannað að togarinn hafi frá kl. 11,58 árd. til um kl. 12,07 mínútur siglt frá landi með um 8 mílna hraða á klukkustund og frá því um kl. 12,07 mínútur til allt að 12,13 mínútur með um 3 mílna hraða. Samkvæmt þessu verður því að telja það nægilega sannað, að kærður hafi verið að veiðum með botnvörpu í íslenzkri landhelgi rétt áður en varðskipið Ægir kom þar að honum kl. 12,19 e. h. 17. þ. m. og með því brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 18. maí 1920.

Kærður hefir með dómi sýslumannsins í Stykkishólmi kveðnum upp 18. febrúar 1922, verið dæmdur í 4000 króna sekt fyrir að hafa veiðarfærin í ólagi, sömuleiðis hefir hann verið dæmdur af bæjarfógetanum á Siglufirði 13. september 1926 í 5000 króna sekt fyrir að hafa veiðarfærin í ólagi.

Í þessu máli hefir skipherrann á varðskipinu sent dómaranum útdrátt úr dagbók E/s „Þór" frá 20. marz 1924, þar sem fært er til bókar að togarinn „Kári Sölmundarson" hafi verið staðinn að veiðum í landhelgi þann dag undan Þykkvabæ, en kærður í þessu máli var þá skipstjóri á þeim togara.

Kærður kveðst að vísu muna eftir því að „Þór" hafi farið fram hjá e/s „Kára Sölmundarsyni" um þessar slóðir þennan dag, því kallað hafi verið á sig um borð í „Þór" hálfum mánuði seinna til að tala um það við sig, að hann mundi hafa verið í landhelgi. En hann kveðst hafa neitað því, fært fram gagnsannanir og „Þór" hafi ekki þótt sínar mælingar svo áreiðanlegar, að skipherrann hafi viljað kæra.

Þótt þetta atriði kunni að skipta nokkru máli fyrir niðurstöðu þessa aðalmáls, sem liggur fyrir réttinum, er refsingin verður ákveðin, virðist dómaranum þó að það ekki skipta svo verulegu atriði að fært þætti að tefja aðalmálið, að mjög miklum mun til þess að rannsaka til hlítar ofannefnda kæru frá 1924.

Með tilliti til hinna fyrri brota kærðs, þykir refsing sú er hann hefir tilunnið samkvæmt 3. grein laganna sbr. og 1. gr. laga nr. 4 frá 1924 og að gengi íslenzkrar krónu er í dag þannig, að 1 króna íslenzk jafngildir 81,83 aurum gulls, samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, hæfilega ákveðin 13500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v R. E. 153 „Belgaum" frá Reykjavík skulu upptæk og andvirði renna í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður af máli þessu allan leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 14. júní 1933.

Nr. 61/1931. **H/f Kveldúlfur** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Landsbanka Íslands og gagnsök
(Th. B. Lindal).

Kaupandi fiskjar, er veðsettur var samkv. l. nr. 34/1927, eigi talinn skaðabótaskyldur gagnvart veðhafa.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 6. apríl 1932: Stefndur, h. f. Kveldúlfur, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Landsbanka Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti. Gagnáfrýjandi hefir þar á móti krafizt breytinga á dóminum á þá leið, *aðallega* að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 210961,89 með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1931 til greiðsludags, en til vara kr. 181961,89 með sömu vöxtum, og *til þrautavara ýmsar* lægri upphæðir.

Auk þess hefir gagnáfrýjandi krafizt málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Gagnáfrýjandi höfðaði áður, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, f. h. þrotabús Þórðar Flygenrings, mál gegn aðaláfrýjanda til riptingar samkvæmt gjaldþrotaskiptalögunum á skuldagreiðslum Þórðar til aðaláfrýjanda á árinu 1930. Í máli því lagði gagnáfrýjandi til grundvallar reikninga aðaláfrýjanda um viðskipti hans og Þórðar. Í þessu felst engin viðurkenning um það, að gagnáfrýjandi eigi enga kröfu á hendur aðaláfrýjanda

í sambandi við þau skipti eftir almennum skaðabótareglum.

Upplýst er í málinu, að það hafi verið venja, að veðsalar ráðstöfuðu fiski, veðsettum samkvæmt lögum nr. 34/1927 án nokkurra afskipta veðhafa og að kaupendur slíks fisks hafi venjulega greitt andvirði hans til veðsala án nokkurra athugasemda af hálfu veðhafa. Samkvæmt þeirri venju gat það, að aðaláfrýjandi greiddi andvirði fisksins til seljanda, Þórðar Flygenrings, jafnvel þótt aðaláfrýjandi hefði vitað um veðsetningu fisksins eða haft ástæðu til að ætla hann veðsettan, ekki bakað honum skaðabótaskyldu gagnvart gagnáfrýjanda, nema aðaláfrýjandi hefði vitað eða að minnsta kosti haft fulla ástæðu til að ætla, að veðsali seldi fiskinn og tæki við eða ráðstafaði andvirði hans með þeim ásetningi að gera veðhafa þar með tjón. En í málinu brestur sönnur fyrir því að fyrirsvarsmenn áfrýjanda hafi haft vitund um eða ástæðu til að ætla nokkuð slíkt.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til greinargerðar hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 500 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Gagnáfrýjandi, Landsbanki Íslands, greiði aðaláfrýjanda, h. f. Kveldúlfi, 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Á fyrra missiri ársins 1930 fékk Þórður útgerðarmaður Flygenring í Hafnarfirði lán bæði hjá stefnanda þessa máls Landsbanka Íslands, og hjá Útvegsbanka Íslands h. f. til útgerðar 4 línuveiðiskipa á vetrar og vorvertíð sama ár. Lán þessi voru víxillán og tryggð með 1. veðrétti og sjálfsvörzluveði í stórfiski af veiddum og óveiddum afla sömu skipa á nefndu tímabili, og í tryggingarbréfum fyrir víxillánunum var það tekið fram, að hinn veðsetti stórfiskur væri eða yrði lagður upp og verkaður á fiskverkunarstöð veðsala í Hafnarfirði. Annars er veðsetningin rituð á eyðublöð fyrir tryggingarbréf með veði í fasteign.

Veðbréf Landsbankans voru eftir útgáfudegi, veði, gjalddaga víxils og víxilupphæð, sem hér segir:

1.	21/1. '30	800	skpd.	21/5. '30	48	þús.	kr.
2.	4/3. '30	400	—	27/4. '30	24	—	—
3.	4/3. '30	500	—	27/6. '30	30	—	—
4.	15/3. '30	200	—	13/8. '30	12	—	—
5.	15/3. '30	200	—	13/7. '30	12	—	—
6.	23/3. '30	1000	—	21/9. '30	60	—	—
7.	1/4. '30	800	—	31/7. '30	48	—	—
8.	9/4. '30	500	—	9/9. '30	30	—	—
9.	23/4. '30	650	—	23/10. '30	39	—	—
		5050	skpd.		303	þús.	kr.

Hin fyrstnefndu 8 veðbréf voru fyrirfram innrituð til þinglýsingar 11. og 12. apríl, en hið 9. þann 23. maí.

Bréf Útvegsbankans voru 4, sem hér segir:

1.	23/4. '30	500	skpd.	23/10. '30	30	þús.	kr.
2.	2/5. '30	500	—	2/11. '30	30	—	—
3.	13/5. '30	500	—	13/10. '30	30	—	—
4.	23/5. '30	500	—	19/9. '30	30	—	—
		2000	skpd.		120	þús.	kr.

Þessi bréf voru fyrirfram innrituð til þinglýsingar, tvö 23. maí, eitt 24. maí og eitt 10. júní.

Samkv. 1., 3. og 5. tryggingarbréfi Landsbankans er sá afli óveiddur, sem veðsettur er; samkv. bréfi nr. 4. veiddur, bréfum nr. 6—9 sumpart veiddur, sumpart óveiddur, en bréf nr. 2 hefir ekki verið lagt fram.

Þau 5050 skpd. sem veðsett voru Landsbankanum áttu að

vera af fyrsta afla skipanna og hafði sá banki forgangsrétt að aflanum á undan veði Útvegsbankans, sem allt var óaflað þegar veðsetningin fór fram, nema skv. 4. veðbréfi þess banka; eru þau 500 skpd. sem þar eru veðsett sögð þá vera til geymslu og verkunar á fiskverkunarstöð veðsala.

Með þessum hætti hafði veðsali veðsett samtals 7050 skpd. af stórfiski og fengið gegn þessari tryggingu lánaðar kr. 423 þús. sem svarar til 60 kr. út á hvert skpd., en af þessu veðsetta stórfiskmagni aflaðist aðeins eftir því sem næst verður komist, um 4 þús. skpd. Og er fram undir haustið leið og víxlarnir féllu og voru fallnir í gjalddaga en greiðsla brást, tóku nefndir veðhafar að grenslast eftir veðum sínum og komust þá að raun um, að meginið af hinum veðsetta stórfiski hafði veðsali þegar selt og ráðstafað andvirðinu að mestu leyti til annara en veðhafanna. Kærðu þeir þá veðsala og var bú hans nærri samtímis tekið til gjaldþrotaskipta og hann sjálfur settur undir sakamálarannsókn. Upp í fiskveð sín hafði Útvegsbankinn ekkert fengið greitt, en stefnandi kvað sig hafa fengið og hafa von um að fá greiddar samtals kr. 95401,15 og telja því veðhafarnir sannanlegt tjón sitt vera kr. 327598,85 að frádregnum þeim hundraðshluta er þrotabú veðsala kann að gefa, sem eftir því sem upplýst er í málinu nemur sáralitlu eða jafnvel engu. — Tjón þetta telja veðhafarnir sig hafa beðið við það, að veðinu var ráðstafað á ólögmætan hátt og telja rétt að beina skaðabótakröfum sínum út af þessu gegn kaupendum hins veðsetta fiskjar, en einn af þeim var stefndur í þessu máli, hlutafélagið Kveldúlfur.

Samkvæmt bókum stefnds hefir hann keypt af Þórði Flygenring árið 1930 samtals 3516,6 skipd. fiskjar fyrir alls 319316,21 þar af 2128,908 skipd. af stórfiski fyrir kr. 210,961,89. Stefnandi telur, að framkvæmdarstjórar stefnds hafi vitað eða átt að vita, að fiskurinn var veðsettur og að þeir með ráðstöfun sinni á andvirðinu hafi hlotið að vita og átt að vita, að því var ekki varið til veðhafanna og að þeir með því að greiða andvirðið á þann hátt,sem gert var, hafi brotið gegn skyldum þeim, sem lög landsins og reglur viðskiptalífsins leggi þeim á herðar, er þeir ekki einu sinni gerðu veðhöfunum aðvart. Telur stefnandi því, að stefndur, bæði samkv. almennum reglum og einnig vegna hinna sérstöku atvika, er voru fyrir

hendi, beri ábyrgð á tjóni því, sem veðhafar fiskjarins urðu fyrir, en stefnandi hefir fengið framseldar kröfur Útvegsbankans í þessu efni. En þar sem stefndur keypti ekki allan hinn veðsetta fisk og auk þess ekki unnt að vita hve mikið af honum var blandað saman við annan óveðsettan fisk, þá miðar stefnandi kröfu sína gegn stefndum við andvirði það sem stefndur telur sig hafa greitt fyrir stórfisk keyptan af Þórði Flygenring árið 1930, sem sé kr. 210961,89 og krefst stefnandi, að stjórn hins stefnda félags, h. f. Kveldúlfur, verði dæmt fyrir þess hönd. til að greiða sér nefnda upphæð ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi 30. júní f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, allt gegn framsali á rétti til hlutfallslegs dividende úr þb. Þórðar Flygenring af hinni umstefndu upphæð, sem lýst hefir verið í búið. Við fyrirtekt málsins 1. júlí s. l. var sátt reynd milli málsaðilja, en árangurslaust.

Stefndur hefir krafizt algerðrar sýknu og sér dæmdan málskostnað eftir mati réttarins. Hin fyrsta varnarástæða stefnds er sú, að kröfurnar í þessu máli brjóti í bága við og geti ekki samrýmst kröfum, sem stefnandi í umboði þrotabús Þórðar Flygenrings, samkvæmt ályktun skiptafundar í búinu, hefir gert á hendur stefndum í máli höfðuðu gegn honum fyrir gestarétti Hafnafjarðarkaupstaðar með stefnu dags. 16. febr. f. á. En í því máli, sem höfðað er til riftingar ýmsum gerningum og greiðslum framförnum á milli Þ. Flygenrings og h. f. Kveldúlfs er þess krafist, að h. f. Kveldúlfur verði dæmdur til að greiða Landsbanka Íslands f. h. þrotabúsins kr. 104990,77 ásamt vöxtum, en um þessa upphæð hafði Þ. Fl. lækkað skuld sína við h. f. Kveldúlf á árinu 1930, með því að skuldin nam í ársbyrjun kr. 137674,46, en á gjaldþrotadegi kr. 32683,71. Segir stefndur, að ef kröfurnar í báðum málunum yrðu teknar til greina þá leiddi það til þess, að hann yrði að tviborga allan stórfiskinn og þríborga sumt. En kröfurnar geti ekki samrýmst vegna þess, að krafan í fyrra málinu byggist á því, að stefndur hafi í raun og veru fengið nokkurn hluta fiskjarins upp í skuld og að skuld Þ. Fl. við hann hafi lækkað um kr. 104990,77 á árinu. En ef stefndur yrði dæmdur til að greiða umkrafða upphæð til stefnanda í máli því, er hér liggur fyrir, þá hefði skuld Þ. Fl. ekki lækkað heldur hækkað um nærfellt 106 þús.

kr. (210961,89 ÷ 104990,77). Heldur stefndur því fram, að Landsbankinn hafi með kröfu sinni f. h. þrotabúsins í fyrra málinu viðurkennt, að um reella skuldalækkun hafi verið að ræða og þannig fyrirgert rétti sínum til þess að koma fram með kröfu þá, er hann ber fram nú hér fyrir réttinum. Stefnandi tekur hinsvegar fram gagnvart þessari sýknuástæðu stefnds, að málsaðiljar séu ekki hinir sömu í báðum málunum, því að í fyrra málinu sé hann aðeins umboðsmaður búsins, að málsefni séu ekki hin sömu, í fyrra málinu um andvirði ýmsra vara, peningagreiðslu og óveðsettan fisk, en í þessu máli aðeins um andvirði veðsetts fiskjar, að grundvöllur málanna sé ekki hinn sami, hið fyrra riftingarmál byggt á sérreglum gjaldþrotaskiptalaganna, en hér að ræða um skaðabótamál út af röskun veðréttarins, sem stefnandi hafði í stórfiskinum.

Nú nam verðmæti þess, sem Þ. Fl. hafði greitt inn í viðskiptareikning sinn við stefndan kr. 247138,94 auk andvirðis hins veðsetta stórfiskjar, eða samtals kr. 458100,83. Hvað af þessum verðmætum hafi gengið sérstaklega til lækkunar skuld Þ. Fl. við stefndan mun torvelt að segja með vissu, en það er hinsvegar ljóst, að riftingarmálið og skaðabótamálið, sem hér liggur fyrir, eru í rauninni alveg óskyld mál og fara saman aðeins að svo miklu leyti sem það sannaðist, að andvirði stórfiskjarins hefði sérstaklega gengið til lækkunar skuldinni og ef búið ynni riftingarmálið þá ætti sá hluti andvirðis stórfiskjarins að ganga til stefnanda þessa máls, en ekki til búsins og kæmi þá sú fúlga til frádráttar dómkröfunni í þessu máli, ef stefndur yrði dæmdur til að greiða hana. Stefnandi þessa máls þykir og ekki eiga að vera bundinn af ákvörðunum búsins um rekstur riftingarmálsins á þann veg, að honum sé ekki leyfilegt að leita réttar síns gegn stefndum um sitt eigið sérstaka hagsmunamál, sem hann hafði sem veðhafi í nokkrum hluta þeirrar vöru, sem Þ. Fl. seldi stefndum. Þá þykir ekki heldur stefnandi bundinn í þessu máli af sóknaraðferð þeirri, er hann beitir fyrir hönd búsins í hinu málinu. — Samkv. því, sem hér að framan hefir verið rakið þykir sýkna stefnds ekki vera byggð á þessari varnarástæðu.

Skal þá vikið ítarlegar en áður er greint, að rökum stefnanda fyrir kröfu sinni á hendur stefndum.

Stefnandi tekur það fyrst fram, að veðrétturinn hafi verið stofnaður á löglegan hátt og því verndaður á þann hátt sem lög landsins geta verndað slíkan rétt, en að veðréttur peningastofnana landsins njóti frábærrar verndar löggjafans og séu meðal annars sett sérstök lög í þeim tilgangi, lög nr. 34/1927, um fiskveðin, enda sé meginhluti veltufjár þjóðarinnar lánaður gegn slíkum tryggingum og léleg vernd veðréttarins geti því valdið peningastofnunum landsins miklu tjóni. Segir stefnandi, að vegna þessara sérstöku ástæðna verði að meta vernd veðréttarins á alveg sjálfstæðan hátt án tillita til þess, sem annars staðar gildi og það þótt samkvæmt svipuðum lögum sé, en lögin um fiskveð marki það spor í sögu þessa veðréttar að um hann geti ekki að fullu gilt það, sem annars kynni að vera talið gilda um veðrétt hér á landi, og að samkv. því sem ætla verði um tilgang og ákvæði laga um þetta efni og með hliðsjón af ástandi því sem ríkir hér, sé sá sem veðsett hefir peningastofnun fisk á þann hátt, sem hér var gert, hvorki „kompetent" né „legitimeraður" til þess að taka við andvirðinu með þeirri verkun að greiðandi verði laus ef andvirðinu er ekki varið til greiðslu veðsins. Telur stefnandi að á kaupanda hvíli bæði gagnvart veðhafanum og þjóðfélaginu „positiv" skylda til sérstakrar aðgæzlu og varfærni vegna þess að hér sé um að ræða „kreditbasis" aðalatvinnuvegar landsmanna sem þjóðinni sé lífsnauðsyn á, að verndaður sé vel. Stefnandi kannast við, að hér sé að ræða um veð í heildarsafni vöru og að veðsali hafi haft heimild til að selja, en úr því hann skilaði ekki andvirðinu til veðhafans hafi hann átt aðgang að veðinu svo lengi sem það var til hér á landi. En stefndur hafi með stórkostlegu gáleysi eyðilagt veðrétt stefnanda og beri honum því að bæta stefnanda það tjón, sem af þessu atferli hlaust. En hann heldur því fram, að fiskveð njóti sérstakrar og ríkari verndar en venjulegt lausafjárveð, og þessi ríkari vernd sé fólgin í því, að þar sem sérgreining hins veðsetta sé engin, þá sé ekki um að ræða rétt yfir neinum ákveðnum hlutum, og því ekki um eiginlegan veðrétt, heldur sérstaklega verndaðan kröfurétt lánveitandans á hendur veðsalanum og þegar einhver kaupi fisk, sem slík bönd hvíla á og sá hinn sami veit og er skyldugur til að vita hvernig á stendur,

þá takist hann um leið á hendur að uppfylla kvöðina, sem á fiskinum hvílir, og með viðtökunni taki hann á sig skuldina, verði skuldari í stað hins upphaflega veðsala á sama hátt og sá, er taki við veðsettum hlut, takist slíkar skyldur á herðar. Munurinn liggi í því, að venjulega heimti veðhafi hlutinn sjálfan, en hér eignist hann kröfurétt á kaupandann sem því aðeins geti orðið laus að hann greiði lánveitandanum, en þó að sjálfsögðu aldrei meir en andvirði vörunnar sjálfrar. Auk þess, sem stefndur sé samkv. þessu skyldur til að greiða hina umstefndu upphæð sé skylda hans ennþá ríkari fyrir það, að framkvæmdarstjórar h. f. Kveldúlfs hafi hlotið að vita um þágan hag veðsala og mátt vita misfelli hans um ráðstöfun fiskandvirðisins.

Gagnvart þeim rökum, sem framflutt eru frá hlið stefnanda og nú var lýst, neitar stefndur því eindregið, að hann hafi vitað að fiskurinn var veðsettur og mótmælir því, að honum hafi borið að vita þetta. Að vísu hafi verið þinglesið veð á sumu á stórfiskinum, er hann var afhentur, en þess sé ekki unnt að krefjast, að hann athugaði þetta, því að sú venja hafi aldrei komist á, að heimta veðbókarvottorð um fisk, er hann er keyptur og þess munu engin dæmi finnast, að slíkt hafi verið gert. Kaupanda eigi að vera óhætt að treysta því, að seljandi hafi réttar heimildir á vöru sinni. Handhöfn vörunnar ein út af fyrir sig eigi að vera nægjanleg „legitimatio“ til að selja hana og veita andvirðinu móttöku svo fullgilt sé og veðrétturinn sé fallinn niður með sölu vörunnar. Það sé ósamrýmanlegt almennum verzlunarviðskiptum um markaðsvöru, sem framleidd er og ætluð til útflutnings að krefjast veðbókarvottorðs um slíka vöru, enda lítið á slíkum veðbókarvottorðum að græða, þar sem útgerðarmenn geti haft jöfnum höndum á boðstólum veðbundinn og óveðbundinn fisk, sem þeir hafi keypt af öðrum. Veðhafar verða að byggja traust sitt á heiðarleik veðsala, sem og að hafa trúnaðarmenn í verstöðum, sem líti eftir fiskafhendingu þeirra manna, sem veðsett hafa afla sinn. Annars mótmælir stefndur því, að þinglýsing veðsins skipti nokkru máli um úrslit þessa máls, þar sem hér sé ekki að ræða um viðurkenning veðréttarins, þar sem fiskurinn er fluttur úr landi. Hér sé aðeins að ræða um

venjulega skaðabótakröfu, en skilyrði fyrir skaðabótaskyldu séu ekki fyrir hendi, þar sem stefndum hafi verið ókunnugt um, að fiskurinn væri veðsettur, ekki aðeins þegar hann keypti fiskinn heldur og þegar hann seldi hann aftur og sendi út. Um aðvörun til stefnanda vegna fiskkaupa þessara geti þegar af þeirri ástæðu ekki verið að ræða. Þá neitar stefndur því, að fiskveð bankanna njóti sérstakrar verndar umfram sjálfsvörzluveð í lausafé heldur njóti það sömu verndar og annað veð skv. 4. grein veðlaganna. Ennfremur neitar stefndur því, að honum beri nokkur skylda til að vera á verði fyrir bankanna hönd um verndan fiskveða, bankarnir eigi vitanlega sjálfir að sjá um mál sín og hafa eftirlit með viðskiptamönnum sínum. Þá heldur stefndur því fram ómótmælt af stefnanda, að frá því að fiskveð voru lögleidd o. a. m. k. fram að gjaldþroti Þ. Fl. hafi það verið ófrávíkjanleg venja, sem hafi viðgengizt með vitund bankanna og algerlega óátalið af þeim, að andvirði veðsetts fiskjar hafi verið greitt beint til seljanda og hafi bankarnir því lagt fullt samþykki sitt á það fyrirkomulag.

Til vara eða þrautavara, eins og stefndur orðar það, krefst hann að skaðabótakrafan verði einungis miðuð við þann stórfisk, sem hann keypti af Þ. Fl. eftir 11. apríl 1930 og þegar frá sé dregið það af andvirði þess fiskjar, sem stefnanda hafi verið greitt af Þ. Fl. geti krafan ekki numið meira en kr. 66.185.92.

Út af skoðunum þeim, sem haldið hefir verið fram af málsaðiljum og getið er hér á undan, um hversu víðtæka, sterka og sérstaka réttarvernd veðréttur í fiskafla nýtur samkv. lögum nr. 34/1927, þykir nauðsyn að athuga nokkuð nánar um þetta atriði almennt bæði með og án tillits til þessa máls, er hér liggur fyrir til úrlausnar.

Báðir aðiljar eru sammála um það, sem og er rétt, að umræddur veðréttur hafi verið sjálfsvörzluveð í svonefndu heildarsafni (hypotheca universitatis). Þessi tegund veðsetningar, sem sérstæð var bönnuð með öllu með veðlögunum frá 1887, með þeirri undantekningu, sem um ræðir í 4. gr., var alla tíð meðan hún tíðkaðist talin sama eðlis og njóta sömu réttarverndar og hið almenna sjálfsvörzluveð í lausafé, það er í öllu, er maður átti og eignaðist, sem einnig var alveg afnumið með sömu lögum, og

voru þessi ákvæði tekin upp úr og sniðin eftir samskonar fyrirmælum í gjaldþrotalögunum dönsku frá 1872. Báðir þessir veðsetningarmátar, sem mjög voru tíðkaðir á fyrri hluta 19. aldar í Noregi og Danmörku, þóttu svo skaðlegir fyrir heilbrigt viðskiptalíf, að í hinu síðarnefnda landi var fyrir og um 1840 mjög um það rætt að banna þá með öllu, en úr því varð þó ekki, fyrr en 1872, heldur var með lögunum frá 28. júlí 1841 sett sérstök ákvæði um stofnun þeirra, sem og um sjálfsvörzluveð í einstökum lausafjármunum. Sjálfsvörzluveð í heildsafni notuðu einkum atvinnurekendur, kaupmenn og verksmiðjueigendur, sem veðsettu í óaðgreindri heild vörubirgðir sínar. Alviðurkennd forsenda slíkrar veðsetningar var það, að veðsali þrátt fyrir veðsetninguna hefði óheftan ráðstöfunarrétt á vörum sínum gagnvart þriðja manni, seldi þær sjálfur og veitti andvirðinu móttöku. Að jafnaði voru birgðirnar endurnýjaðar með innkaupum eða framleiðslu, sem kom í hins selda stað, en þótt veðsali gengi á birgðirnar án þess að halda veðinu við eða leysa það af og kæmist síðan í þrot, átti veðhafi aðeins forgöngurétt til greiðslu af þeim veðsettu birgðum, sem eftir voru í vörzlum skuldunauts, en gegn kaupnautum gjaldþrota því aðeins kröfu, að þeir væru meðsekir gjaldþrota um að láta veðhafa missa andvirðisins til greiðslu veðsins, vitund þeirra um veðsetninguna var ekki nægileg, heldur þurfti meðsekt þeirra til. — Það verður ekki fundið, að sjálfsvörzluveð í heildarsafni, sem heimilað er í 4. gr. veðlaganna, lúti öðrum reglum en hér hefir verið sagt. Lánsdrottinn getur auðvitað lagt höft á, að leiguliði fari sjálfur með búsafurðir sínar á markað, en ef leiguliði hefir þær sjálfur á boðstólum verður þess ekki krafizt af kaupanda, að hann rannsaki fyrst, hvort afurðirnar eru veðsettar og ef svo reynist, að hann síðar þurfi að heimta skilríki fyrir, að leiguliði megi taka við andvirðinu, til þess að losna við endurkröfu af hálfu lánardrottins, ef leiguliði misfer með andvirðið.

Þá kemur til athugunar, hvort innihald og vernd veðréttar samkv. lögunum 34/1927, er með öðrum hætti. Af undirbúningi og ástæðum frumvarpsins til laganna verður það ekki ráðið. Af umræðum um frumvarpið á Alþingi ekki heldur og eftir innihaldi sínu eru lögin önnur und-

antekning frá banninu um sjálfsvörzluveð í heildarsafni og hliðstæð þeirri, sem fyrir var. Með lögunum er bönkum og sparisjóðum, sem fé lána il útgerðar, gefin heimild til að tryggja sér forgöngurétt framar öðrum almennum kröfuhöfum í afla útgerðarmanns. Með þessi nýmæli í lögum var í rauninni horfið langt aftur í tímann og heimiluð veðsetningaraðferð, sem fyrri tíma reynsla hafði dæmt óhafandi, en tildrög máls þessa sýna það svo berlega sem vera má, að hin stutta nýja reynsla af þessu fyrirkomulagi er ekki glæsilegri en fyrrum. Og af lögunum nr. 34/1927 verður það ekki ráðið, að fiskveð þessi njóti nokkurrar annarar eða frábærrar verndar frá því, sem áður var. Lögin hafa verið framkvæmd þannig, að veðsali fer með veðið sem óhefta eign sína gagnvart kaupendum, selur vöruna og ráðstafar andvirðinu. Með þessum hætti er veðsali umboðsmaður veðhafa um að koma veðinu í peninga og þar sem þetta er hin almenna regla virðist það ekki skipta máli, hvort veðsetningin er kaupanda kunn eða ekki. Veðsetningin er mál milli veðsala og veðhafa og leggur kaupanda vörunnar enga sérstaka skyldu á herðar, þar á meðal ekki þá, að hann megi ekki flytja hinn keypta fisk úr landi án þess að baka sér bótaskyldu gagnvart veðhafa, nema hann hafi gert honum aðvart áður eða fullvissað sig um, að veðsali hafi fullnægt skuldbindingum sínum vegna veðsins. En ef veðsetningin er kaupanda kunn og hann sér eða á að sjá, að veðsali fer út fyrir umboð sitt með atferli sínu gagnvart veðhafa, getur kaupandi orðið veðhafa skaðabótaskyldur samkv. almennum skaðabótareglum.

Þótt telja mætti, eftir því sem fyrir liggur í málinu, að stefndur eða sá af framkvæmdarstjórunum h.f. Kveldúlfs, sem einkum sýslaði um fiskkaupin af Þ. Fl., hefði hlotið að vita, að hann ræki ekki útgerð sína árið 1930 án þess að setja meira eða minna af aflanum að veði fyrir rekstrarlánum, þá verður það ekki sagt, að ráðstöfun seljanda á fiskandvirðinu þyrfti að vekja hjá stefndum grunsemd um það, að veðsali hefði svik í frammi gegn veðhafanum. Af þeim röskum 319 þús. kr., sem andvirði alls fiskjarans nam, greiddi stefndur röskar 116 þús. kr. í peningum seljanda sjálfum; símsendi röskar 164 þús. eftir ráðstöfun seljanda til banka í Englandi, sem gat verið í

samráði við veðhafa eins og stefndur tekur fram, og loks má telja, að röskar 38 þús. af fiskandvirðinu hafi gengið upp í skuld við stefndan. En þegar nú hér við bætist, að gegn eindregnum mótmælum stefnds, verður að telja það ósannað, að hann hafi vitað um veðsetninguna, verður skv. því, sem áður hefir verið sagt, að sýkna stefndan að öllu leyti af skaðabótakröfu stefnanda í þessu máli. Um vara eða þrautavarakröfu stefnds er því ekki þörf að ræða.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 16. júní 1933.

Nr. 45/1932. **Ó. Ellingsen** (Th. B. Lindal)
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur
(Guðm. Ólafsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 7. febr. 1931: Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík árið 1929 var áfrýjanda gert að greiða 10500 kr. í útsvar. Áfrýjandi telur að útsvarslögin frá 15. júní 1926 og skattstigi sá og reglur þær, er niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafði samkvæmt þeim sett sér um niðurjöfnun útsvaranna, hafi verið brotin með því að leggja svo hátt útsvar á sig. Kærði hann útsvarið fyrst til niðurjöfnunarnefndar en árangurslaust, og síðar til yfirskattanefndar, er færði útsvarsupphæðina niður í kr. 9400. Þessum úrskurði vildi áfrýjandi heldur eigi hlíta, og skaut hann honum því til atvinnumálaráðuneytisins og krafð-

ist meiri lækkunar, en það úrskurðaði, að útsvarsupphæðin eins og yfirskattanefndin hafði ákveðið hana, skyldi óbreytt sta[illegible]

Af upphæðinni greiddi áfrýjandinn 3300 kr., en eftirstöðvarnar 6100 kr. neitaði hann að greiða og var þess þá krafizt, að þær yrðu teknar lögtaki hjá honum. Var málið fyrst tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 4. júní 1930 og eftir að sókn og vörn hafði farið fram í því fyrir fógetaréttinum kvað rétturinn þ. 7. febr. 1931 upp þann úrskurð, að lögtakið ætti fram að fara, en bæjarstjórn Reykjavíkur lét eigi framkvæma lögtakið fyrr en 14. marz fyrra ár.

Fógetaréttarúrskurði þessum og lögtaksgerð hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 29. marz f. á. og hefir hann krafizt þess, að úrskurðurinn og lögtaksgerðin verði felld úr gildi og að hin stefnda bæjarstjórn verði dæmd til að greiða sér málskostnað í hæstarétti. Til vara hefir hann gert kröfur um, að lögtaksgerðin verði staðfest fyrir minni upphæð en áðurgreindum útsvarseftirstöðvum nemur.

Hin stefnda bæjarstjórn hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á lögtaksgerðinni og málskostnaðar.

Áfrýjandi hefir viðurkennt, að hann hafi verið útsvarskyldur í Reykjavík árið 1929 og þar sem nú atvinnumálaráðuneytið eins og sagt var hefir úrskurðað um útsvarsupphæðina og úrskurður þess er samkvæmt skýlausum ákvæðum 24. gr. útsvarslaganna fullnaðarúrskurður, sem rétturinn hefir eigi vald til að breyta, þá verður að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgerð. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði og lögtaksgerð skal óraskað. Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að O. Ellingsen hefir ekki fengizt til þess að greiða eftirstöðvar, að upphæð kr. 6100,00 af útsvari, er honum var gert að greiða til Reykjavíkurbæjar fyrir árið 1929, þá hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs krafizt lögtaks á útsvari þessu, en gerðarþoli hefir mótmælt því, að lögtakið næði fram að ganga og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarþoli viðurkennir útsvarsskyldu sína hér í bænum, en heldur því hinsvegar fram, að útsvarið af hendi niðurjöfnunarnefndar sé ólöglega á hann lagt og hafi nefndin farið út fyrir embættistakmörk sín og brotið útsvarslögin nr. 46, 15. júní 1926, bæði að formi og efni.

Gerðarþoli heldur því fram, að þar sem hann hafi talið fram til tekju- og eignaskatts fyrir framangreint ár og það framtal tekið gilt af skattstjóra með gerðum breytingum af hans hendi, þá beri niðurjöfnunarnefndinni, sem á aðgang að framtölum gjaldendanna að leggja það til grundvallar fyrir útsvarsálagningunni, en ef hún rengi eða telji ófullnægjandi framtal gjaldandans, þá sé nefndinni skylt að krefja hann um frekari upplýsingar, en það hafi hún ekki gert.

Ennfremur hafi nefndinni, er hún kvað upp úrskurð um kæru hans yfir útsvarinu, ekki gefið honum kost á því að vera viðstöddum. Þetta telur gerðarþoli brot á formi því er niðurjöfnunarnefnd sé skylt að gæta.

Gerðarbeiðandi hefir mótmælt því, að niðurjöfnunarnefndin hafi brotið formsákvæði útsvarslaganna frá 1926 og heldur því fram, að ákvæðin í 22., 23. og 24. gr. laganna um útsvarskærur, veiti gjaldendunum rétt til þess að kæra yfir útsvörunum, en þeim beri hinsvegar að leggja öll þau gögn fyrir skattayfirvöldin, er þeir telji að séu máli sínu til styrktar, en skattayfirvöldin séu eigi sjálf skyld að krefja gjaldendur um skýrslur. Jafnframt því sem fall-

ist er á þessa skoðun gerðarbeiðanda verður það ekki séð, að gerðarþola hafi ekki gefizt kostur á að leggja fyrir niðurjöfnunarnefndina öll þau gögn, er hann óskaði, og verða því þessar mótbárur hans gegn lögmæti útsvarsálagningarinnar ekki teknar til greina.

Þá er að athuga hvort lögin hafi verið brotin að efni til.

Gerðarþoli telur að niðurjöfnunarnefndin hafi farið út fyrir embættistakmörk sín að efni til, með því að ákveða útsvar gerðarþola of hátt.

Í þessu sambandi heldur gerðarþoli því fram, að það sé tvennt er niðurjöfnunarnefndin eigi að miða við er hún ákveður útsvarsupphæð hvers gjaldanda og það séu eignir hans og tekjur.

Gerðarþoli staðhæfir að útsvar sitt sé 200% hærra en skattur (eigna- og tekjuskattur) hans samanlagðir, eftir framtali því, er skattstjóri hefir lagt til grundvallar, en útsvar annara gjaldenda sé eigi nema 60% hærra en samanlagðir skattar þeirra, sbr. rjskj. nr. 13 og gerðarþoli hefir lagt fram álitsgerð tveggja dómkvaddra manna, er hafa endurskoðað bókhald hans fyrir árið 1928, rekstrar- og efnahagsreikning.

Gerðarþoli staðhæfir, að niðurjöfnunarnefdin hafi með þessari álagningu farið út fyrir embættistakmörk sín, því það sé augljóst, að hann sé tekinn út úr þeim objektíva mælikvarða, er niðurjöfnunarnefndin leggur á gjaldendurna og það sé eigi hægt að fá neina skýringu á álagningunum hjá henni.

Gerðarbeiðandi hefir mótmælt þessum staðhæfingum gerðarþola og heldur því fram, að þótt útsvar gerðarþola sé að einhverju leyti hærra en annara gjaldenda, er hann hefir borið sig saman við, þá mótmælir hann því, að niðurjöfnunarnefndin hafi í nokkru farið út fyrir takmörk sín.

Fógetarétturinn verður að fallast á þá skoðun, að þótt umrætt útsvar gerðarþola sé hærra en gjaldenda þeirra er hann hefir borið sig saman við, að þá sé þar með eigi sannað að nefndin hafi farið út fyrir embættistakmörk sín er hún ákvað útsvarsupphæðina.

Gerðarþoli, sem kærði útsvar sitt til yfirskattanefndar og stjórnarráðs, hefir haldið því fram, að þessi skattayfirvöld hafi einnig farið út fyrir embættistakmörk sín

er þau synjuðu honum um umkrafða lækkun og byggt það á sömu ástæðum og hann hefir haldið fram um niðurjöfnunarnefndina.

Fyrir fógetaréttinum liggur ekkert fyrir um það, að þessi yfirvöld hafi eigi byggt mat sitt á útsvarinu á þeim staðreyndum, sem útsvarslögin gera ráð fyrir.

Samkvæmt framansögðu geta ekki mótmæli gerðarþola gegn lögmæti útsvarsálagningarinnar orðið tekin til greina og á því hin umbeðna gerð fram að fara.

Mánudaginn 19. júní 1933.

Nr. 45/1933. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)
gegn
Helga Guðmundssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Suður-Múlasýslu 4. marz 1933: Kærður, Helgi Guðmundsson, sæti 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði auk þess 1000 króna sekt í ríkissjóð, og afplánist sektin með 45 daga einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Áhöld þau sem notuð hafa verið við bruggunina eru upptæk gerð og eyðileggjast. Áfengið er og gert upptækt og rennur andvirði þess í ríkissjóð. Kærður greiði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Enda þótt áfengisstyrkleiki hins bruggaða vökva hafi ekki verið mældur, þykir mega gera ráð fyrir því, að hann hafi verið yfir lögleyfðu marki, þar sem kærði hefir kannazt við brot sitt og seldi flöskuna á 8—10 krónur.

Brot ákærða heyrir undir 6. og 11. gr. laga nr. 64/1930, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, og á kærði að sæta refsingu fyrir það eftir 30. og 32. gr. sömu laga. Með hliðsjón af því, að kærði, sem hefir fyrir veikri konu og 3 ungum börnum að sjá, leiddist til verknaðar síns vegna atvinnuleysis og til þess að komast hjá því að leita sveitarstyrks, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga einfalt fangelsi og 500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað hennar 25 daga einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku áfengis og bruggunartækja og um greiðslu málskostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Það er aðfinnsluvert við meðferð málsins í héraði, að áfengisstyrkleiki hins bruggaða vökva hefir eigi verið reyndur og að rannsóknardómarinn hefir ekki látið úrskurð sinn um húsleit hjá kærða í dómsgerðirnar.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Helgi Guðmundsson, sæti 10 daga einföldu fangelsi og greiði auk þess 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku áfengis- og bruggunartækja og um greiðslu málskostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndals og Garðars Þorsteinssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað gegn Helga Guðmundssyni, trésmið á Eskifirði fyrir brot á áfengislögum nr. 64, frá 19. maí 1930 og eru tildrög málsins þessi.

Við húsrannsókn er fram fór að undangengnum úrskurði, á heimili kærða, hinn 17. f. m. fannst uppi á lofti í húsinu ker eitt með blöndu í, er kærði kannaðist við að væri áfengi í bruggun. Var tekið sýnishorn af blöndu þessari og innsiglað, en afgangnum helt samstundis niður. Ennfremur fundust þar á loftinu bruggunaráhöld og hefir kærður undir rannsókn málsins kannast við að hann hafi verið að eima blöndu þessa, er húsleitin hófst. Loks fannst í afþiljaðri kompu uppi á lofti áfengi í 3 flöskum. Þegar áfengi þetta fannst, tókst kærða að brjóta eina flöskuna á þann hátt, að hann sló í hana með hamri, sem hann hélt á, en tvær flöskur tók lögreglan í sínar vörslur og innsiglaði og var innihald þeirra á að giska 2—3 lítrar Áfengi þetta kannaðist kærði við að hafa bruggað sjálfur. Kærður kveðst hafa bruggað áfengi um alllangt skeið og hafa leiðst út í þetta vegna atvinnuleysis s. l. ár og í vetur. Hafi hann ýmist neytt þessa áfengis sjálfur eða veitt það og selt og hafi verðið verið 8—10 kr. fyrir hverja flösku.

Ákærði hefir með þessu gerzt brotlegur við 6. og 11. gr. laga nr. 64 frá 19. maí 1930 og þykir refsingin, með hliðsjón af því að kærði hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt afbrot, hæfilega ákveðin 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt er renni í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi öll greidd á ákveðnum tíma, 45 daga einfalt fangesli.

Bruggunartækin skulu upptæk gerð og eyðilögð, svo er og áfengið einnig gert upptækt og renni andvirði þess í ríkissjóð, sé það nokkurs virði.

Kærði greiði og allan kostnað sakarinnar. Á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Föstudaginn 23. júní 1933.

Nr. 144/1932. **Jóhannes Jósefsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Tómasi Hallgrímssyni
(Th. B. Lindal).

Krafa um skaðabætur vegna fyrirvaralausrar uppsagnar á starfi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. ágúst 1932: Stefndur, Jóhannes Jósefsson, greiði stefnandanum, Tómasi Hallgrímssyni kr. 2400,00 með 5% ársvöxtum frá 19. septembeer 1930 til greiðsludags og kr. 150,00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrjandi hefir krafizt sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Af ástæðum þeim, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Flutningur þessa máls fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hefir staðið yfir frá 9. okt. 1930 og til 23. júní 1932, eða eitt ár og nálægt 8½ mánuð. Hafa

hæstaréttarmálaflutningsmennirnir Lárus Fjeldsted fyrir sækjanda í héraði og Jón Ásbjörnsson fyrir verjanda þar haft veg og vanda af flutningi málsins. Hafa umboðsmenn aðilja fengið framhaldsfresti á framhaldsfresti ofan svo að mánuðum skipti, án þess að grein sé gerð fyrir nauðsyn á slíkum frestum eða að séð verði nokkur þörf á slíkum drætti. Verður því að átelja viðkomendur fyrir slíkan óhæfilegan og óþarfan drátt á málinu.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jóhannes Jósefsson greiði stefnda, Tómasi Hallgrímssyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 2. okt. 1930, af Tómasi Hallgrímssyni, verzlunarmanni, hér í bænum, gegn Jóhannesi Jósefssyni, hóteleiganda, hér í bæ, til greiðslu á skaðabótum kr. 2400,00 og húsaleigu kr. 262,50, samtals kr. 2662,50 með 6% ársvöxtum frá 19. september 1930 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir krafizt sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar hjá honum.

Málavextir eru þeir, að stefnandi réðist sem starfsmaður hjá stefndum á hóteli hans Borg hér í bænum frá janúarmánuði 1930. Var ráðningin til óákveðins tíma. Hafði stefnandi á hendi bókfærslu hótelsins og móttöku gesta. Laun hans voru upphaflega 625 kr. á mánuði, auk fæðis og húsnæðis, en þeim var síðar breytt og voru síðast kr. 800,00 á mánuði en stefnandi hafði þá hvorki fæði né húsnæði á hótelinu. Hinn 3. september 1930 var stefnanda sagt

upp stöðunni fyrirvaralaust, en þó gefinn kostur á að vera áfram gegn því að launin lækkuðu niður í 500 krónur á mánuði. Stefnandi kaus heldur að fara, en gerði jafnframt kröfu til kaups fyrir 3 mánuði, sem hann taldi stytztan uppsagnarfrest, þar eð hann hefði verið ráðinn um óákveðinn tíma.

Þar eð stefndur neitaði að greiða nokkuð hefir stefnandi höfðað mál þetta og gert í því framangreindar kröfur. Er skaðabótakrafan vegna fyrirvaralausrar uppsagnar kr. 2400,00 miðuð við 3 mánaða kaup, en hinn hluta kröfunnar, kr. 262,50 kveður stefnandi vera svo til kominn, að stefnda hafi borið að greiða sér kr. 75,00 á mánuði tímabilið 1. febrúar til 14. maí 1930 sökum þess að stefnandi leigði þá húsnæði utan hótelsins. Stefnandi hefir þó ekki, gegn mótmælum stefnds fært sönnur á það, að svo hafi samizt, að stefndur greiddi húsaleigu þessa, og verður því sá hluti kröfunnar ekki tekinn til greina.

Sýknukröfu sína að því, er skaðbæturnar snertir, reisir stefndur fyrst og fremst á því, að ekki hafi verið samið um neinn uppsagnarfrest heldur hafi þvert á móti verið svo um talað, að stefnandi yrði að fara umsvifalaust ef hann ræki ekki starf sitt óaðfinnanlega. Gegn mótmælum stefnanda hefir stefndur þó ekki sannað, að samið hafi verið um afbrigðileg uppsagnarskilyrði og verður því í þessu máli að meta þau eftir almennum reglum.

Þá heldur stefndur því fram, að stefnandi hafi fyrirgert uppsagnarrétti með vanrækslu og rangri framkvæmd á starfi sínu og hefir vörn og sókn málsins að mestu snúizt um þetta. Það, sem stefndur færir einkum fram í þessu efni er, að stefnandi hafi komið of seint til starfs síns að morgni dags, að bókfærslan hafi ekki verið í lagi og að stefnandi hafi neytt áfengra drykkja í starfstíma sínum.

Að því er óstundvísina snertir er það nú að vísu upplýst og viðurkennt að stefnandi mætti ekki oft og tíðum á þeim tíma á morgnum er ákveðið hafði verið, heldur nokkru seinna og stundum svo að allverulegu munaði. Hinsvegar má og telja það upplýst, að stefnandi vann oft í þágu hótelsins fram yfir venjulegan vinnutíma, jafnvel fram eftir nóttu þegar svo bar undir, t. d. er erlend skip voru á ferðinni og þó sérstaklega um alþingishátíðina. Virðist þó vinnutími hans hafa verið framan af 10 klst. og

síðar 12 klst. á dag, að matmálstímanum meðreiknuðum. Þá hefir og stefnandi ákveðið haldið því fram, og það ekki verið hrakið, að stefndur hafi aldrei vandað um það við hann ,eða að því fundið, að hann kom ekki á réttum tíma á morgnana. Þegar hér við bætist, að stefnandi virðist hafa verið allsjálfstæður í starfi sínu og mestmegnis ráðið verkum sínum sjálfur, þá verður ekki álitið að hann hafi haft ástæðu til þess að telja starfstíma sinn svo sérstaklega reglubundinn, að það sakaði þótt hann kæmi ekki á upphaflega ákveðnum tíma, svo lengi sem ekki var sérstaklega að því fundið, enda hefir stefndur ekki nefnt þess nein dæmi að þetta hafi komið að sök. Hér um rædd varnarástæða stefnds þykir ekki geta réttlætt fyrirvaralausa uppsögn.

Í öðru lagi hefir stefndur haldið því fram, að bókfærslan hafi verið í því ólagi hjá stefnanda, að það eitt hafi verið næg ástæða til uppsagnarinnar. Þessu til sönnunar hefir hann lagt fram bréf endurskoðanda með skrá yfir færslur þær, sem að hans áliti eru að nokkru eða öllu leyti rangar. Skrá þessi sýnir að ýmsir kostnaðarliðir hafi verið færðir á aðra reikninga (konti) en endurskoðandinn telur rétt vera. Mest brögð eru að því, að liðir eru færðir á húskontóna, sem endurskoðandinn telur eiga að færast á kostnaðarkonto eða áhaldakonto. Stefnandi kveður ástæðuna til þessa vera þá, að stefndur hafi beðið sig að færa sem flesta „pósta" á húsreikninginn. Stefndur hefir ekki beint mótmælt þessu, en heldur því fram, að það sem hann kunni að hafa látið í ljósi um færslur á vöxtum, tryggingargjöldum o. fl. á meðan húsið var í smíðum gildi ekki eftir að því var lokið. Þá kveður stefandi sig ekki hafa haft sérstaka kunnáttu á hótelbókhaldi, sem talsvert sé frábrugðið verzlunarbókhaldi og hafi stefndum verið þetta kunnugt, en enginn maður hér sem talist gæti verulega kunnugur hótelbókhaldi. Hafi stefnandi og sjálfur orðið að setja bókhaldið í „system". Þá telur stefnandi orka mjög tvímælis hvort rangt hafi verið að færa suma „pósta" sem endurskoðandinn telur rangfærða, á húsið í stað kostnaðarreiknings, svo sem vexti og iðgjöld, þar sem húsið hafi verið í smíðum fram í maí—júní 1930.

Með tilliti til þess, sem hér er sagt og þess einnig að upplýst er, að stefnandi hafði, áður en hann réðist til

starfsins, unnið sem aðalbókari hjá heildsölufirma hér í bæ um 5—6 ára skeið og að dómi firmans leyst starf sitt af hendi með prýði, þá verður ekki talið sannað, að hann hafi ekki verið fær um að hafa bókhald hótelsins á hendi, né heldur verða aðfinslur þær við bókfærsluna, sem fram hafa verið færðar taldar það verulegar, að minnsta kosti eftir því sem á stóð, að stefndur hefði þess vegna heimild til þess að segja honum upp stöðunni fyrirvaralaust.

Þá telur stefndur einnig að sjóður hótelsins, sem stefnandi átti að annast, hafi oft verið í ólagi, stundum minna og stundum meira í honum en bókfærslan sýndi að átti að vera. Hefir fyrnefndur endurskoðandi vottað, að þegar stefnandi fór hafi vantað ca. 30—40 krónur á þá upphæð, sem í sjóði áttu að vera. Stefnandi telur þessa skekkju geta stafað af gegnismismun, þar sem erlendir gestir hafi oft greitt fyrir sig í erlendri mynt, og mótmælir því að hann eigi sök á þessum mun, enda hafi bæði stefndur og dóttir hans haft óhindraðan aðgang að „kassanum" auk sín. Er ekki sannað að stefnanda verði gefið þetta að sök.

Loks hefir stefndur haldið því fram, að svo mikið hafi kveðið að áfengisnautn stefnanda að það út af fyrir sig hafi verið burtrekstrarsök, en þessu er ákveðið mótmælt af stefnanda, sem kveðst aldrei hafa verið undir áhrifum áfengra drykkja í starfstíma sínum, enda lítt neytt áfengis nokkur undanfarin ár. Viðvíkjandi þessu er það upplýst í málinu, að stefnandi fór eitt sinn í miðdegiskaffidrykkju til kunningja síns hér í bænum og neytti þá að einhverju leyti víns og að í annað skifti þáði stefnandi í matmálstíma sínum að kvöldi boð nafngreinds manns um að borða með honum kvöldverð á Hótel Borg, og neyttu þeir þá með matnum 2 hálfflaska af rauðvíni. Ekki er þó upplýst að stefnandi hafi orðið drukkinn í þessi skifti. Í eitt skifti hafði stefandi og verið eftir sig eftir víndrykkju, er hann kom að morgni dags á hótelið. Fær rétturinn ekki séð að vínneysla sú, sem hér um ræðir geti réttlætt brottrekstur stefnanda.

Með skírskotun til þess, sem skýrt hefir verið frá hér að framan fær rétturinn ekki álitið að stefndur hafi haft það þungar sakir á stefnanda, að honum væri heimilt að segja honum upp starfinu fyrirvaralaust og bótalaust, einkum þegar til þess er litið að sú staðhæfing stefnanda

stendur óhrakin að stefndur hafi aldrei að starfi hans fundið fyrr en hann sagði honum upp og aldrei vandað um við hann í einu né neinu. Ber því að dæma stefndan til þess að geiða hinar umstefndu skaðabætur kr. 2400,00 með vöxtum 5% eins og krafist er í sáttakæru. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndur greiði stefnanda kr. 150,00 upp í málskostnað.

Föstudaginn 23. júní 1933.

Nr. 163/1932. **Magnús Árnason**
(Gústaf A. Sveinsson)
gegn
útbúi Landsbanka Íslands, Ísafirði
(Eggert Claessen).

Skuldakrafa stefnda samkv. reikningslánssamningi tekin til greina að fullu.

Dómur gestaréttar Ísafjarðar 9. ág. 1932: Stefndur, Magnús Árnason, greiði stefnandanum, Jóni Grímssyni, f. h. Útbús Landsbankans á Ísafirði, kr. 14204,95, ásamt 7½% ársvöxtum frá 15. maí 1932 til greiðsludags og kr. 600,00 í málskostnað. Veðréttur stefnanda í húseign stefnds á Suðureyri staðfestist skv. framangreindu.

Dóminum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir gert þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður að svo stöddu af kröfum stefnda, og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld, en *til vara*, að hann verði dæmdur til að greiða stefnda kr. 6972,11 með 7½% ársvöxtum frá 1. janúar 1929 til greiðsludags og að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi að því leyti sem fjárnám var gert til tryggingar hærri upphæð. Loks

krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, hvernig sem málið fer. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í málinu hafa komið fram fyrir hæstarétti nýjar varnir og gögn. En þessar varnir og gögn geta engu breytt um málsúrslit. Með því að fallast má á forsendur hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann.

Til tryggingar kröfu þeirri, er í hinum áfrýjaða dómi segir, lét stefndi fara fram fjárnám í eignum áfrýjanda 27. ágúst 1932.

Áfrýjandi hefir ekki bent á nokkra galla á fjárnáminu út af fyrir sig, og með því að staðfesta ber dóm þann, sem fjárnámið hvílir á, verður þá einnig að staðfesta það.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti með 300 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámsgerð skal óraskað.

Áfrýjandi, Magnús Árnason, greiði stefnda, útbúi Landsbanka Íslands á Ísafirði, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkv. heimild í samningi höfðað fyrir gestarétti Ísafjarðar af Jóni Grímssyni, kaup. á Ísafirði, f. h. útbús Landsbankans á Ísafirði með stefnu útgefinni 19. maí s. l., gegn Magnúsi Árnasyni kaupmanni á Suður-

eyri í Súgandafirði, og hefir stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér skuld, sem að meðtöldum vöxtum til 15. maí s. l. er að upphæð kr. 14204,95, ásamt 7½% vöxtum frá 15. maí s. l. til greiðsludags og málskostnaði og innheimtulaunum að skaðlausu skv. reikningi. Stefnandi krefst þess einnig, að viðurkendur verði 1. veðréttur og réttur til fjárnáms og uppboðs fyrir 10000,00 kr., ásamt 7½% ársvöxtum af þeirri upphæð í 2 ár eða samtals kr. 11500,00 af hinni umstefndu skuld, í húseign stefnds á Suðureyri.

Stefndur hefir sjálfur mætt í málinu og mótmælt hinni umstefndu skuld sem of hárri. Viðurkennir hann að sér beri að greiða hina umstefndu skuld, ásamt vöxtum, að frádregnum kr. 6350,00, en mótmælir kröfum stefnanda að öðru leyti almennt sem röngum.

Málavextir eru þeir, að með reikningslánssamningi dags. 29. okt. 1917, veitti útbú Landsbankans á Ísafirði stefndum reikningslán að upphæð allt að 10 þús. kr. Var lánið veitt til 30. dez. 1918 en þá mátti endurnýja það, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn. Skyldi lántakandi ráða því hversu mikið hann notaði af láninu hverju sinni, greiða ½% viðskiptagjald af lánsupphæðinni allri fyrirfram fyrir hvert missiri, sem lánið stæði, og af þeirri upphæð, sem lánveitandi ætti hjá honum á hverjum tíma, sömu vexti og lánveitandi tæki á hverjum tíma af víxillánum.

Til fullkominnar tryggingar fyrir skaðlausri greiðslu á skuld sinni skv. reikningslánssamningnum svo og vöxtum og öllum kostnaði, er orsakast kynni af innheimtu lánsins, allt eftir reikningi nefnds útbús, veðsetti stefndur því húseign sína á Suðureyri við Súgandafjörð, 18 + 11 álnir að stærð, byggða sumarið 1912, með lóðarréttindum samkv. samningi frá 12. sept. 1913, með öllu múr og naglföstu, sbr. virðingargerð 23. nóv. 1914, með vátryggingarupphæð og öllu öðru, sem húseign þessari fylgir og fylgja ber, í því ástandi, sem veðið var í, er veðsamningurinn var gerður, eða síðar kynni að verða með endurbótum og viðaukum. Reikningslánssamningurinn var fyrirfram innritaður í afsals og veðmálabækur Ísafjarðarsýslu 10. dez. 1917 og þinglesinn að Suðureyri 22. júlí 1918 athugasemdalaust.

Er frá leið komst skuld stefnds við útbúið útaf reikningslánssamningnum upp yfir hin settu takmörk, kr. 10 þús., og var orðin yfir 12 þús. kr. 28. marz 1924. Gekk útbússtjórnin þá inn á það við stefndan að leggja til hliðar af láninu — sem moratorium — kr. 6350,00, gegn því skilyrði að stefndur stæði í fullum skilum við útbúið með það, sem þá varð eftir af láninu, kr. 6000,00 og gaf stefndum yfirlýsingu um að svo lengi sem hann stæði í skilum með þessar 6000,00 kr. mundi hún ekki gera frekari kröfur til hans út af skuld hans skv. reikningslánssamningnum.

Stefndur hefir ekki staðið í skilum við útbúið með nefndar 6000,00 kr. Var lánið þegar 1. jan. 1925 orðið yfirdregið um kr. 290,00 og hefir verið í vanskilum alla tíð síðan, miðað við fyrnefndar 6000,00 kr. Er þessu ekki mótmælt af stefndum, heldur óbeint játað af honum þar sem hann viðurkennir að reikningur útbúsins yfir skuldina sé réttur, þegar frá eru skildar fyrnefndar 6350,00 kr., sem til hliðar voru lagðar af láninu.

Stefnandi heldur því fram, að stefndur hafi með vanskilum sínum brotið skilyrðið, sem sett var fyrir eftirgjöf af láninu 28. marz 1924 og eigi því engan rétt á henni. Útbúinu hafi verið rétt að færa þær kr. 6350,00, sem til hliðar voru lagðar þá, inn á reikning stefnds aftur þegar 1. jan. 1925, þó það hafi dregizt þangað til 18. maí síðastl. og nefnd upphæð staðið þangað til á reikningi „ýmsra debitora". Kveður hann útbúið hafa á hverju ári tilkynnt stefndum, að það mundi heimta af honum alla skuldina og að síðustu með bréfi, dags. 2. jan. s. l., sagt honum upp reikningslánssamningnum og tilkynnt honum að yfirlýsingin frá 28. marz 1924 gilti ekki lengur, þar eð hann hefði margbrotið þau skilyrði, sem sett voru fyrir hinni áformuðu eftirgjöf.

Í 4. gr. margnefnds reikningslánssamnings segir að bækur bankans (in casu útbúsins) séu gild sönnun fyrir upphæð skuldarinnar nema lántakandi (þ. e. stefndur) sýni fulla sönnun þess, að skuldarupphæðin sé röng. Það hefir stefndur ekki gert. Hann hefir ekki krafizt sýknu að neinu leyti. Hann hefir ekki mótmælt því sérstaklega, að hann hafi verið í vanskilum við útbúið svo sem það heldur fram og rakið er að framan, né því að hann hafi brotið skilyrðin fyrir eftirgjöfinni af láninu. Hann hefir

viðurkennt skuldina að nokkru leyti, en aðeins mótmælt því, að útbúinu sé rétt að færa sér til skuldar og krefja sig um þær 6350,00 kr., sem áformað var að eftir yrðu gefnar af láninu, án þess að færa að því nokkur rök eða skýra það á nokkurn hátt að sú heimild væri ekki fyrir hendi.

Verður þegar af þessum ástæðum að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu á allri skuldinni og dæma stefndan til að greiða honum skuldina alla, kr. 14204,95 ásamt 7½% ársvöxtum frá 15. maí s. l.

Í málinu hefir ekkert komið fram, er sýni að veðréttur-inn, sem stofnaður var með fyrnefndum reikningslánssamningi, sé fallinn niður. Hefir gildi hans heldur eigi verið mótmælt sérstaklega af hendi stefnds, sem er eigandi hinnar veðsettu eignar. Verður því einnig að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á veðréttinum, þó þannig að um veðrétt hans fyrir vöxtum af veðskuldar-upphæðinni, kr. 10000,00, fari eftir lögum nr. 23, 13. sept. 1901, svo að forgangsréttur hans til veðsins, fyrir vöxtum, sem gjaldfrestur er veittur á, heldst eigi, gagnvart síðari veðhöfum í eigninni, lengur en eitt ár frá því vextirnir komu í gjalddaga.

Málskostnaðarkrafa stefnanda, kr. 600,00, er í samræmi við lágmarksgjaldskrá Málaflutningsmannafélags Íslands og hefir ekki verið mótmælt sérstaklega sem of hárri, enda heimilar reikningslánssamningurinn útbúinu málskostnað skv. reikningi. Verður því að taka málskostnaðarkröfuna til greina að öllu leyti.

Vegna veikinda og fráfalls fyrrv. dómara í þessum rétti hefir ekki verið unnt að kveða upp dóm í málinu fyrr en nú.

Föstudaginn 23. júní 1933.

Nr. 9/1933. **Bæjargjaldkeri Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

h/f Sindri (Enginn).

Fyrning lögtaksréttar fyrir útsvari.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 31. dez. 1932: Hin umbeðna gerð skal ekki ná fram að ganga.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í hæstarétti 28. apríl og 31. maí þ. á. var mætt í því af hálfu beggja málsaðilja, en því frestað í bæði skiptin. En við fyrirtekt málsins 19. júní mætti enginn af hálfu stefnda, og hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilskipunar 3. júní 1796.

Við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík vorið 1930 var stefnda h/f Sindra gert að greiða 4000 kr. útsvar til Reykjavíkur. Fyrri hluti útsvarsins féll í gjalddaga 1. júní 1930. 9. júlí sama ár gerði bæjargjaldkeri kröfu um, að ógreidd útsvör yrðu tekin lögtaki, og var útsvar stefnda þar á meðal. 21. júlí s. á. kvað síðan fógeti upp úrskurð skv. 3. gr. lögtakslaganna um að lögtak skyldi fara fram að átta dögum liðnum. Síðari hluti útsvarsins féll í gjalddaga 1. sept. 1930, lögtakskrafa bæjargjaldkera var gerð 27. nóv. s. á. og úrskurður fógeta kveðinn upp sama dag. En það var ekki fyrr en 12. apríl 1932, að fógetaréttur var settur til að gera lögtak fyrir útsvarinu hjá h/f Sindra, og 31. dez. 1932 eftir að málið hafði verið sótt og varið, kvað fógeti upp úrskurð um, að hið umbeðna lögtak skyldi ekki fram fara.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags .18. febr. þ. á. Krefst áfrýjandi þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og fógetinn skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, svo og að stefndi verði dæmdur til málskostnaðargreiðslu.

Fyrir fógetaréttinum var því haldið fram af stefndum að lögtaksrétturinn væri fyrndur. Á þetta verður að fallast. Samkv. framansögðu var lögtaksréttarins að vísu beiðst áður en ársfrestur sá var liðinn, sem til er skilinn í 2. gr. lögtakslaganna, en hinu skilyrðinu, sem þar er sett fyrir því að lögtaksrétturinn haldist, að lögtaksbeiðni sé af beiðanda fylgt fram með hæfilegum hraða, hefir bersýnilega ekki verið fullnægt. Lögtaksrétturinn var því fallinn niður hinn 12. apríl 1932. Krafa áfrýjanda um að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma lögtakið verður því eigi tekin til greina og staðfestist því hinn áfrýjaði úrskurður að niðurstöðu til.

Þar sem stefndur hefir ekki látið mæta við sóstu fyrirtekt málsins í hæstarétti, fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði skal óraskað. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að h/f „Sindri" hefir eigi fengizt til að greiða útsvar það að upphæð kr. 4000,00, er félaginu var gert að greiða til bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1930, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafizt lögtaks á útsvari þessu, en gerðarþoli hefir mótmælt því að lögtakið næði fram að

ganga, og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarþoli byggir neitun sína, um greiðslu útsvarsins, á því, að hann sé búsettur í Hafnarfirði, og hafi verið alla tíð, enda sé bæði félagið og skip þess „Sindri", skrásett í Hafnarfirði og þar hafi félagið greitt útsvar. Til vara hefir gerðarþoli mótmælt lögtakinu vegna þess að lögtaksrétturinn sé fyrndur, þar sem meira en ár sé liðið frá gjalddaga útsvarsins.

Gjörðarbeiðandi hefir aftur á móti haldið því fram, að félagið sé útsvarsskylt í Reykjavík, enda þótt félagið eða skip þess sé ekki skrásett í Reykjavík, vegna þess að afli skipsins hafi verið lagður upp hér, og verkaður að langmestu leyti, enda sé stjórn félagsins og framkvæmdarstjóri búsett hér og hér hafi félagið skrifstofu, en ekki í Hafnarfirði. Hið eina samband félagsins við Hafnarfjörð sé því skrásetningin.

Gjörðarþoli neitar því aftur á móti, að öll starfsemi félagsins hafi farið hér fram, þar sem skipið hafi stundum lagt upp í Hafnarfirði, t. d. 1931 og aldrei hér nema stundum á vetrarvertíð.

Hvað snertir varakröfu gjörðarþola, um að lögtakið nái eigi fram að ganga vegna þess að lögtaksrétturinn sé fyrndur, þá getur sú mótbára, gegn framgangi gerðarinnar, ekki orðið tekin til greina. Þar sem lögtaks á útsvörunum fyrir umrædd ár hefir verið beiðst innan lögmæts tíma og þeim síðan haldið áfram með hæfilegum hraða.

Hvað hina varnarástæðuna snertir, þá er viðurkennt af gerðarþola, að skip hans hafi að einhverju leyti lagt upp aflann hér yfir vetrarvertíðina 1930 og ætið haft skrifstofu hér og framkvæmdarstjóra, en hinsvegar er það alveg óupplýst, hve oft eða yfir hve langan tíma aflanum hefir verið lagt hér upp. Aftur á móti er það upplýst og viðurkennt í málinu, að félagið — gerðarþoli — og skip þess er skrásett í Hafnarfirði, og á því heimilisfang þar og greiðir þar útsvör.

Með tilliti til þessa og málfærslunnar að öðru leyti. verður rétturinn að líta svo á, að gerðarþoli sé ekki útsvarsskyldur hér samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna, heldur fari um útsvarsskyldu hans eftir 9. gr. sömu laga, og að

því verði ekki hjá því komizt að taka hin framkomnu mótmæli gerðarþola, gegn framgangi gerðarinnar, til greina.

Föstudaginn 23. júní 1933.

Nr. 10/1933. **Bæjargjaldkeri Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
h/f Sindra (Enginn).

Útsvarsálagning samkv. 8. gr. útsvarslaganna.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 31. dez. 1932: Hin umbeðna gerð skal ekki ná fram að ganga.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í hæstarétti 28. apríl og 31. maí þ. á. var mætt í því af hálfu beggja málsaðilja, en því frestað í bæði skiptin, en við fyrirtekt málsins 19. júní er málið skyldi flutt, mætti enginn af stefnda hálfu og hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilskipunar 3. júní 1796.

Við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík vorið 1931 var stefnda, h/f „Sindra", gert að greiða 3000 kr. útsvar til Reykjavíkur, og er stefndi greiddi ekki gjald þetta krafðist bæjargjaldkeri Reykjavíkur, að útsvarið væri tekið lögtaki, en með úrskurði, uppkveðnum 31. dez. f. á., neitaði fógetinn að framkvæma lögtakið.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 18. febr. þ. á. Krefst áfrýjandi þess, að úrskurður þessi verði úr gildi felld-

ur og fógetinn skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, svo og að stefndi verði dæmdur til málskostnaðargreiðslu.

Það er upplýst, að hið stefnda hlutafélag hafði skrifstofu sína í Reykjavík, þar bjó framkvæmdarstjóri þess og a. m. k. meiri hluti stjórnar, umrætt útsvarsár 1930 og árið 1931, þegar útsvarið var á lagt.

Svo er það og upplýst, að nokkru leyti með nýjum skjölum, sem lögð hafa verið fram í hæstarétti, að skip stefnds b/v „Sindri" var að mestu gerður út frá Reykjavík umrætt útsvarsár og framan af gjaldárinu. Verður því að telja, að á þeim tíma, sem hér skiptir máli, hafi félaginu raunverulega verið stjórnað í Reykjavík og hið löglega heimilisfang þess verið þar.

Þessu fær það ekki breytt þó félagið og skip þess hafi verið skrásett í Hafnarfirði, þar sem félagið hafði þar enga skrifstofu né yfirleitt neitt aðsetur, sem máli geti skipt í þessu sambandi, því að enga þýðingu getur það haft, hvar skipið liggur milli vertíða. Eigi skiptir það heldur máli um heimilisfang h/f „Sindra" vorið 1931 þegar útsvarið var á lagt, þó b/v „Sindri" legði þá upp afla sinn í Hafnarfirði, þegar af þeirri ástæðu að þá hafði annað hlutafélag skipið á leigu.

Samkvæmt þessu var stefndi útsvarsskyldur í Reykjavík árið 1931, er útsvarið var lagt á, sbr. upphaf 8. gr. útsvarslaganna, og fær það ekki leyst stefndan undan þeirri skyldu, þó að á sama ári hafi einnig verið á hann lagt útsvar í Hafnarfirði.

Því ber að fella hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð úr gildi og skylda fógetann til þess að framkvæma hið umbeðna lögtak. Eftir þessum úrslitum

verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er úr gildi felldur og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Stefndi, h. f. Sindri, greiði áfrýjanda, bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 200 krónur í málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að h/f Sindri hefir eigi fengizt til að greiða útsvar það að upphæð kr. 3000,00, er félaginu var gert að greiða til bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1931, samkvæmt aðalniðurjöfnun fyrir það ár, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafizt lögtaks á útsvari þessu, en gerðarþoli hefir mótmælt því að lögtakið næði fram að ganga, og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarþoli byggir neitun sína, um greiðslu útsvarsins á því, að hann sé búsettur í Hafnarfirði og hafi átt þar heimili frá öndverðu, enda sé bæði félagið og skip þess, togarinn „Sindri", skrásett þar. Auk þess hafi skipið milli veiðitúra legið í Hafnarfirði, skipshöfnin þaðan og afli þess lagður upp í Hafnarfiði. Gerðarþoli hefir og lagt fram vottorð, rjskj. 8, undirritað af Lofti Bjarnasyni, í Hafnarfirði, um að togarinn „Sindri" eign gerðarþola, hafi vetrar- og vorvertíðina 1931 verið leigður h/f „Júní" í Hafnarfirði. Togarinn hafi lagt út frá Hafnarfirði 13. marz og verið haldið úti til 7. júní og hafi skipið lagt upp allan aflann í Hafnarfirði. Vottorði þessu hefir eigi verið mótmælt.

Gerðarbeiðandi hefir aftur á móti haldið því fram, að félagið sé útsvarsskylt í Reykjavík, enda þótt félagið eða skipið sé eigi skrásett þar, þar sem stjórn félagsins og framkvæmdarstjóri sé búsett hér og hér hafi félagið skrif-

stofu og þessvegna sé hið raunverulega heimilisfang félagsins hér, auk þess sem hér muni hafa verið lagt upp eitthvað af afla skipsins.

Það er upplýst og viðurkennt í málinu, að félagið og skip þess er skrásett í Hafnarfirði og á því heimilisfang þar. Hinsvegar er það alveg óupplýst hvort eða að hve miklu leyti skipið kann að hafa lagt upp hér.

Með tilliti til þess og málfærslunnar að öðru leyti, verður rétturinn að líta svo á, að gerðarþoli sé ekki útsvarsskyldur hér samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna, heldur fari um útsvarsskyldu hans eftir 9. gr. sömu laga, og að því verði ekki hjá því komizt, að taka hin framkomnu mótmæli gerðarþola gegn framgangi gerðarinnar til greina.

Föstudaginn 23. júní 1933.

Nr. 33/1933. **Meyvant Sigurðsson**
gegn
Jóhönnu M. Björnsdóttur

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Meyvant Sigurðsson, er eigi mætir í málinu greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefndu, er hefir látið mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn, 25. sept. 1933.

Nr. 59/1933. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)
gegn
Árna J. Strandberg
(Sveinbjörn Jónsson).

Bruggun. Ítrekun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 5. apríl 1933: Kærði, Árni Jónsson Strandberg, sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði og greiði 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 95 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint bruggunartæki skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri einni breytingu, að fangelsisrefsing kærða þykir nægilega ákveðin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, í stað 8 mánaða betrunarhússvinnu, sem ákveðin er í hinum áfrýjaða dómi, og að frestur til greiðslu sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Theódórs B. Lindal og Sveinbjarnar Jónssonar, 50 kr. til hvers.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Árni J. Strandberg, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði. Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi óraskað, en

frestur til greiðslu sektarinnar teljist frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað við áfrýjun málsins, þar á meðal málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Sveinbjarnar Jónssonar, 50 krónur til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Árna Jónssyni Strandberg, bakara, til heimilis á Hörpugötu 21 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Hinn 26. marz síðastliðinn klukkan 9,45 gerði lögreglan húsleit hjá kærða á heimili hans eftir ólöglegu áfengi og bruggunartækjum. Bar leitin þann árangur, að í afkima í milli hænsnabyrgis og geymsluskúrs fann lögreglan hálftunnu fulla af áfengisbruggi í gerjun, en hinsvegar engin bruggunartæki. Efnarannsóknarstofa ríkisins hefir rannsakað sýnishorn af þessu áfengi, og reyndist það að alkóhólmagni 7,7% eftir rúmmáli. Kærði hefir játað, að hann hafi bruggað þetta áfengi í þeim tilgangi að selja það. Kveðst hann hafa ætlað að fullbrugga þetta áfengi með því að sjóða það á venjulegan hátt, og tækin til þess kveðst hann hafa ætlað að smíða sjálfur, en var ekki byrjaður á því er leitin var gerð.

Kærði hefir áður sætt refsingu er hér segir:

1) Hinn 30. júní 1931 var hann í lögreglurétti Reykjavíkur dæmdur í 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis, brot gegn 6. gr., sbr. 30. gr. og 11. gr., sbr. 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930.

2) 11. júlí 1932 var hann í sama rétti sektaður um 500 krónur fyrir ólöglega áfengisbruggun, brot gegn 6. gr., sbr. 30. gr. áfengislaganna.

3) 15. nóvember 1932 var hann í sama rétti dæmdur í 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr., sbr. 30. gr. áfengislaganna.

4) Hinn 7. marz 1933 var hann í sama rétti dæmdur í 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 4000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 6. gr., sbr. 30. gr. áfengislaganna.

Framangreint brot kærða varðar 6. gr., sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 64, 1930. Með hliðsjón af því, að kærði er nú í fimmta sinn sekur um ólöglega áfengisbruggun þykir samkvæmt fyrirmælum 30. greinar áfengislaganna ekki hjá því komizt, að dæma hann auk sektar, í hegningarvinnu. Að þessu athuguðu þykir refsing kærða hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 8 mánuði og 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 95 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Tunnu þá, sem kærði bruggaði í, ber að gera upptæka til ríkissjóðs, en þar sem brugginu hefir þegar verið hellt niður, þarf ekki að kveða á um meðferð þess. Loks ber að dæma kærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 27. sept. 1933.

Nr. 17/1933. **Réttvísin** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Kristjáni Sigurmundssyni og Jóni Jónssyni (Guðm. Ólafsson).

Brot gegn 255. og 259. gr. h. alm. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 5. dez. 1932: Ákærður, Jón Jónsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í þessu máli. Ákærður, Kristján Sigurmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga og greiði allan kostnað sakarinnar. En fangelsisrefsingunni skal frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms

þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sé í því máli dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar af hálfu réttvísinnar, að því er snertir báða hina ákærðu.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, er ekki fram komin í málinu sönnun fyrir því, að ákærði, Kristján Sigurmundsson, hafi falsað nafn Steinunnar P. Bentsdóttur undir yfirlýsingu þeirri, dags. 29. febr. 1932, er getur um í hinum áfrýjaða dómi, og ber því að staðfesta aukaréttardóminn að þessu leyti.

Meðferð ákærða, Kristjáns, á veðskuldarbréfi Steinunnar P. Bentsdóttur, dags. 27. febr. 1932, sem nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi, verður að teljast refsiverð samkvæmt 255. gr. hinna almennu hegningarlaga, og ákveðst refsing hans 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar samkv. lögum nr. 39/1907 og niður skal hún falla, ef skilorð þeirra laga eru haldin.

Eftir að ákærði, Kristján Sigurmundsson, hafði fengið umboð þeirra Steinunnar Bentsdóttur og föður hennar, Bents Bjarnasonar, til að selja skuldarbréf Steinunnar, gaf hann meðákærða, Jóni Jónssyni, hinn 12. marz 1932, umboð til þess að selja veðbréf þetta, og hefir umboðið verið lagt fram í málinu. Af ýmsu, er fram er komið í rannsókn málsins, þykir mega gera ráð fyrir því, að ákærða, Jóni Jónssyni, hafi verið það ljóst, að Kristján

var ekki sjálfur eigandi bréfsins, heldur að hann einungis hafði það í höndum til að reyna að selja það fyrir þau Steinunni og Bent, en með því að það þykir eigi nægilega upplýst í málinu, að ákærða, Jóni Jónssyni, hafi verið kunnugt um með hvaða skilyrðum Kristján mátti selja bréfið, þykir varhugavert að dæma Jón sekan um hlutdeild í afbroti Kristjáns. Hinsvegar hafði Jón tekið á móti umboði til þess að útvega kaupanda að bréfinu, og með því að hann hafði fengið kaupanda að því, þá er hann gerði Kristjáni tilboð um að kaupa sjálfur bréfið, var honum skylt að láta Kristján vita með hvaða kjörum hann gat selt bréfið. Í þess stað leyndi ákærður, Jón, eftir því, sem hann sjálfur segir, Kristjáni þessu og fékk hann til að selja sér bréfið með öðrum og lakari kjörum en honum stóð til boða að selja það. Þessi verknaður ákærða, Jóns Jónssonar, verður að teljast refsiverður eftir 259. gr. hinna almennu hegningarlaga og ákveðst refsing hans 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hinum ákærðu ber in solidum að greiða allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Sigurmundsson, á að sæta 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar samkv. lögum nr. 39/1907 og niður skal hún falla, ef skilorð téðra laga eru haldin.

Ákærði, Jón Jónsson, á að sæta 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hinir ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Lárusar Fjeldsted og Guðmundar Ólafssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn þeim Kristjáni Sigurmundssyni, kaupmanni, Þingholtsstræti 5, fyrir brot gegn ákvæðum 26. og 27. kapítula hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og Jóni Jónssyni kaupmanni, Laugaveg 28, fyrir brot gegn nefndum 26. kapítula alm. hegningarlaga og lögum nr. 51 frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

Í febrúarmánuði s. l. tókst ákærður, Kristján, á hendur að selja veðskuldarbréf að upphæð kr. 12000.00 fyrir Steinunni Petrónellu Bentsdóttur, Lokastíg 14 hér í bænum. Var veðskuldarbréfið útgefið til handhafa af nefndri Steinunni 27. febrúar 1932, með 1. veðrétti í húseign hennar á Lambastaðatúni á Seltjarnarnesi, sem þá var í smíðum. Í yfirlýsingu undirskrifaðri af ákærðum, Kristjáni, dags. 29. febr. 1932, viðurkennir hann að hafa móttekið veðskuldabréfið til sölu, án þess að hafa greitt það, og skuldbindur sig til að skila Steinunni því aftur eða andvirði þess með kr. 6000.00 í peningum og „rest í vörum". Ennfremur hefir Kristján lagt fram umboð, dags. 29. febrúar 1932, með nafni Steinunnar undirrituðu, þar sem hún felur honum að selja nefnt bréf og afhenda sér fyrir það 7700 krónur í peningum og 4300 kr. í vörum samkvæmt lista með verði þeirra. Hefir Steinunn neitað því að

hafa skrifað nafn sitt undir umboð þetta, eins og síðar verður getið nánar.

Hinn 6. apríl s. l. kom ákærður, Kristján, til Bents Bjarnasonar, föður Steinunnar, og afhenti honum yfirlýsingu frá Ólafi Magnússyni, kaupmanni í Fálkanum við Laugaveg hér í bænum, um að hann myndi greiða allt að kr. 5450.00 gegn ávísunum er Bent gefi út fyrir efni og annað, sem keypt verði til þess að fullgjöra hina veðsettu húseign. Hafði Steinunn daginn áður (5. apríl) gefið út yfirlýsingu um það, að hún undirgengist að kr. 5500.00 af andvirði bréfsins gengi til þess að fullgjöra húsið. Ennfremur afhenti Kristján Bent 265 krónur í peningum og vörur í kassa. Taldi hann sig þar með hafa greitt andvirði veðskuldabréfsins samkvæmt yfirlýsingu sinni frá 29. febrúar. Bent neitaði hinsvegar þegar að taka þessa greiðslu gilda, því hann teldi vörurnar í kassanum hvergi nærri þess virði, sem tilskilið var. Hafði hann áður séð sýnishorn af vörum frá Kristjáni og verðlista yfir þær, sem hann gat fellt sig við, en hinar afhentu vörur kveður hann ekki svara til sýnishornanna, bæði vera aðrar og verri vörur og verðið hærra. Við eftirgrenslan Bents kom í ljós að Kristján hafði selt veðskuldabréfið og gat ekki skilað því aftur. Kærði Bent hann þá fyrir sviksamlegt athæfi við sölu bréfsins.

Í málinu er það upplýst að nefnt veðskuldabréf var selt fyrnefndum Ólafi Magnússyni fyrir milligöngu ákærðs, Jóns Jónssonar. Galt Ólafur fyrir það ofannefnda yfirlýsingu um að ávísa megi á sig kr. 5450.00, 1000 kr. í peningum, 1 veðdeildarbréf að nafnverði kr. 1500.00, en sem ákærður Jón telur seljanlegt fyrir kr. 1050.00 og kr. 150.00 með loforði um vöruúttekt hjá sér fyrir þeirri upphæð. Ennfremur reiknaði hann kr. 50.00 fyrir þinglýsingu og stimplun. Framangreint andvirði frá Ólafi gekk til ákærðs Jóns Jónssonar, er einn átti skiptin við hann. Hinsvegar galt Jón Kristjáni fyrir bréfið: Ofannefnda yfirlýsingu Ólafs kr. 5450.00, 700 kr. í peningum og vörur, er þeirra á milli voru reiknaðar kr. 6300.00 (sbr. réttarhald 10. maí), en sem ákærður Jón hefir viðurkennt fyrir réttinum, að muni ekki hafa verið meira en 1000—1250 kr. virði (sbr. réttarhald 15. sept.). Þegar Kristján greiddi Bent fyrir hönd Steinunar samkvæmt framansögðu hélt

hann eftir sem þóknun handa sér kr. 435.00 í peningum og ennfremur samkvæmt viðurkenningu hans sjálfs vörum fyrir 307 krónur.

Samkvæmt mati tveggja manna, er útnefndir voru af lögregluréttinum til þess að meta vörur þær, er Kristján afhenti Bent 6. apríl, eru þær, miðað við útsöluverð, líkra eða samskonar hluta, virtar á kr. 903.10, en að dómi matsmanna „ókúrant", þ. e. lítt seljanlegar.

Skal þá fyrst athugaður verknaður ákærðs Kristjáns í sambandi við sölu veðskuldabréfsins.

Eins og áður er getið, skuldbatt Kristján sig til þess með yfirlýsingunni 29. febr., að skila annaðhvort bréfinu aftur eða andvirði þess með kr. 6000 í peningum og að því er skilja verður yfirlýsinguna með kr. 6000 í vörum, sbr. einnig umboð það, dags. sama dag, er Kristján hefir lagt fram, rskj. nr. 7. Afföll á bréfinu og þóknun til Kristjáns hefir því sjáanlega átt að fást með ágóða á vörunum. Ætla má að ráð hafi verið fyrir því gert að vörurnar yrðu reiknaðar hærra verði en almennt gerist og styður samþykki Bents á því að taka við vörum samkvæmt verðlista þeim, er Kristján sýndi honum fyrst, þá skoðun. En Kristjáni hlaut að vera það ljóst, að vörur þær, er hann kom með til Bents, fullnægðu hvergi nærri því verði, sem Steinunn mátti vænta fyrir bréfið, auk þess sem dregið var af upphæð þeirri, sem greiðast átti í peningum. Hann hlaut og að sjá, að greiðsla sú, er hann fékk fyrir bréfið frá ákærðum Jóni var langt frá því að vera nægileg greiðsla til Steinunnar samkvæmt yfirlýsingu hans frá 29. febr., og var honum því óheimilt að afhenda öðrum bréfið til fullrar eignar, þannig að eignarréttur Steinunnar á bréfinu glataðist. Þareð honum var falið bréfið til afhendingar verður ekki talið að þetta réttarbrot hans sé refsivert eftir beinum orðum 255. gr. alm. hegningarlaga, en það er svo áþekkt þeim brotum, sem þar er um rætt, að telja verður það refsivert eftir 259. gr. hegningarlaganna.

Eins og fyr er getið lagði Kristján fram í réttinum umboð, dags. 29. febrúar 1932, undirskrifað „Steinunn P. Bentsdóttir". Steinunn hefir neitað því að hafa skrifað nafnið, sem þó líkist mjög nafni hennar eins og hún skrifar það. Kristján hefir eindregið neitað því að hafa skrifað nafnið, kveður Steinunni hafa skrifað það sjálfa.

Menn þeir, sem skrifað hafa sem vottar undir skjal þetta, hafa kannazt við undirskriftir sínar, en hafa ekki séð Steinunni undirskrifa það. Umboð þetta hefir ákærður Kristján aldrei notað neitt, fyr en hann leggur það fram í réttinum 14. maí. Engin tök hafa verið á því hér að láta rithandarfræðing athuga undirskriftina. Gegn eindregnum mótmælum ákærðs verður það ekki talið sannað að nafn Steinunnar sé falsað á skjali þessu. Verður því að sýkna ákærðan Kristján af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn ákvæðum 27. kapítula hegningarlaganna.

Að því er snertir ákærðan, Jón Jónsson, þá er hann milligöngumaður við sölu bréfsins til Ólafs Magnússonar. Gegn mótmælum hans er ekki sannað, að honum hafi verið um annað kunnugt en Kristján hefði heimild til að ráðstafa bréfinu á þann hátt, sem hann gerði samkvæmt framansögðu. Og þar sem Kristján var samþykkur því verði, sem Jón gaf fyrir bréfið, og tók gildar þær vörur, sem að nokkru leyti komu fyrir það, verður ekki talið, að hann hafi til refsingar unnið fyrir þessa milligöngu sína, og ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Bent Bjarnason hefir gert þá kröfu fyrir hönd dóttur sinnar, Steinunnar Petrónellu, að ákærður Kristján skili veðskuldabréfinu gegn afhendingu vara þeirra og peninga, sem Bent hafði tekið á móti .En á þá kröfu verður enginn dómur lagður í þessu máli.

Ákærður, Kristján Sigurmundsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. september 1905. Honum hefir ekki verið refsað áður. Framangreint afbrot hans ber að áliti dómarans samkvæmt framansögðu að heimfæra undir 259. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga. Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

En með því að hér er um fyrsta afbrot að ræða þykir mega ákveða, að fangelsisrefsing hans skuli vera skilorðsbundin, ef skilorð 1. gr. laga nr. 39 1907 eru haldin.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, sem stafar af annríki dómarans.

Föstudaginn 29. sept. 1933.

Nr. 57/1933. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Th. B. Líndal)
gegn
Ívari Jörgen Sigurbjörnssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn 205. gr. h. alm. hegningarl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 25. apríl 1933: Ákærður, Jörgen Ívar Sigurbjörnsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi 12 daga og greiði allan kostnað sakarinnar. Hann greiði og Gísla Sigurbjörnssyni 100 kr. í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. En fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að refsing ákærða verði því aðeins skilorðsbundin samkv. l. nr. 39, 16. nóv. 1907, að hann greiði dæmdar skaðabætur innan 30 daga frá birtingu dóms þesa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jörgen Ívar Sigurbjörnsson, sæti 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, svo greiði hann og Gísla Sigurbjörnssyni 100 kr. í skaðabætur.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað ef ákærði greiðir dæmdar skaðabætur innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, og hún þá falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef skilorð l. nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindal og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 60 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jörgen Ívari Sigurbjörnssyni, Laugavegi 58, fyrir brot gegn ákvæðum 18. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, svo og fyrir brot gegn ákvæðum lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, sannaðir með eigin játningu ákærða, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu. Sunnudaginn 23. þ. m. kl. rúmlega 4 e. h., var að tilhlutun kommúnista haldinn útifundur við Kalkofnsveg hér í bænum. Var þar margt manna saman komið. Er fundurinn hafði staðið nokkra stund, tóku nokkrir unglingar, sem stóðu á kolabyng norðan við fundarmenn, að syngja ættjarðarsöngva. Hlupu því nokkrir menn úr liði kommúnista upp á kolabynginn og tóku að hrinda piltum þessum niður. Urðu út af þessu smástympingar og einn af þeim sem lenti í þeim var ákærður í þessu máli. Í þessum svifum bar þarna að Gísla Sigurbjörnsson, frímerkjakaupmann. Ákærður, sem var í æstu skapi réðist þegar að honum og barði hann í andlitið með kreftum hnefanum. Kveðst hann ekki hafa veitt

því neina eftirtekt hvar höggið lenti á Gísla, en sá að hann hneig niður, en ákærður gekk á brott. Högg það, sem ákærður greiddi Gísla lenti á hægra auga hans og hneig hann til jarðar meðvitundarlítill og var af varalögreglumanni, er þar var nærstaddur og sá tilræðið, borinn inn í Varðarhús. Fékk Gísli þar brátt fulla meðvitund aftur. Var hann síðan fluttur til Ólafs Þorsteinssonar læknis, er batt um augað og síðan heim til sín.

Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi barið Gísla vegna þess að hann hafi verið að kalla á menn og hvetja þá til þess að berja á hóp manna, sem stóð fyrir ofan þá. En varalögreglumaður sá, er nærstaddur var og sá það sem fram fór, hefir borið það fyrir réttinum, að hann hafi ekki heyrt Gísla segja neitt áður en ákærður sló hann og ekki ráðist á neinn.

Samkvæmt læknisvottorði, sem fram hefir verið lagt í málinu hefir hægra auga Gísla fengið högg svo að það er rautt og mikið aumt viðkomu, og er sjáaldrið auk þess nokkuð rispað, einnig hefir blætt inn í augað, svo sjón var dauf á auganu fyrst í stað. En ekki telur læknirinn að varanlegt tjón hljótist á auganu, en kveður að Gísli muni verða óvinnufær í 4—5 daga.

Gísli hefir krafizt 100 króna í skaðabætur fyrir læknishjálp og kostnað í sambandi við þetta, og hefir ákærður samþykkt þá kröfu og verður hún því tekin til greina að öllu leyti.

Framantalinn verknað ákærða ber að áliti dómarans að heimfæra undir 205. grein hinna almennu hegningarlaga, og jafnframt undir 3. grein lögreglusamþykktar Reykjavíkur með því að hann fór fram á almannafæri. Þykir refsing sú, sem ákærður hefir tilunnið hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga. Hann greiði og 100 krónur í skaðabætur til Gísla Sigurbjörnssonar og allan kostnað sakarinnar.

En sakir æsku ákærða og með því að hér er um fyrsta afbrot að ræða, þykir mega ákveða að fangelsisrefsing ákærða skuli vera skilorðsbundin, ef skilorð laga nr. 39, 1907 er haldið.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Föstudaginn 29. sept. 1933.

Nr. 32/1933. **Jón Arinbjarnarson og kona hans Hrefna Sigurgeirsdóttir**
gegn
bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs

Dómur hæstaréttar

Áfrýjandi, Jón Arinbjarnarson, mætti fyrir hönd sína og konu sinnar og bað um frest til nóvembermánaðar, sökum þess að hann hefði ekki getað fengið dómsgjörðir í málinu, og hefði því ekki getað lagt fram ágripsútskrift í því. Af hálfu stefnda var mætt og mótmælt öllum fresti og krafizt frávísunar og ómaksbóta.

Málið var þingfest í maímánuði þ. á. og áfrýjendum var þá veittur frestur til septembermánaðar, og með því að þeir nú hafa ekki fært sönnur á, að þeir hafi árangurslaust beiðst dómsgjörða, verður þeim eigi veittur fresturinn og ber því að frávísa málinu og dæma þá til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjendurnir, Jón Arinbjarnarson og Hrefna Sigurgeirsdóttir, greiði in solidum bæjarstjórn Reykjavíkur 40 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. sept. 1933.

Nr. 36/1933. **Páll Pálsson**

gegn

Guðmundi Magnússyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll Pálsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Föstudaginn 29. sept. 1933.

Nr. 39/1933. **Kristmundur J. Helgason**

gegn

Sveini Egilssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristmundur J. Helgason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Föstudaginn 29. sept. 1933.

Nr. 41/1933. **Stjórnendur hafskipabryggju Keflavíkur**

gegn

Garðari Þorsteinssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, stjórnendur hafskipabryggju Kefla-

víkur, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Föstudaginn 29. sept. 1933.

Nr. 46/1933. **Páll Guðmundsson**
gegn
Ásgeiri Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll Guðmundsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Föstudaginn 29. sept. 1933.

Nr. 49/1933. **Halldór Guðmundsson**
gegn
bæjarfógetanum á Siglufirði, f. h. bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Halldór Guðmundsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Föstudaginn 29. sept. 1933.

Nr. 52/1933. **Metúsalem Jóhannsson**
gegn
Ara Þórðarsyni og Ólafi Þórðarsyni.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda var óskað að málið væri hafið. Annar hinna stefndu, Ari Þórðarson, mætti og krafðizt ómaksbóta.

Málið er hafið, en með því að stefnan hefir verið afturkölluð og afturköllunin birt fyrir stefnanda 2. ág. þ. á., verður bótakrafan ekki tekin til greina gegn mótmælum áfrýjanda.

Mánudaginn 2. okt. 1933.

Nr. 7/1933. **Bæjarstjórn Ísafjarðar**
gegn
Jóni S. Edvald.

Svokallað leyfisgjald er bæjarstjórn heimti af notendum bæjarbryggju eigi talið löglega álagt.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 29. okt. 1932: Stefndur, Jón S. Edvald, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ingólfs Jónssonar, f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar, í máli þessu, en stefnandi að greiða stefndum kr. 120.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri að för að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafizt fyrir hæstarétti, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 1118,50 með 6% ársvöxtum frá 24. júní til greiðsludags

og málskostnað í undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins. Stefnandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað í hæstarétti.

Bæjarstjórnin byggir kröfur sínar á því, að hún hafi tekið í sínar hendur alla upp- og útskipun á vörum við bæjarbryggjuna á Ísafirði og sé gjald það, er mál þetta er risið útaf, greiðsla fyrir leyfi, er stefndi hafi fengið til að annast sjálfur uppskipun á vörum, er honum tilheyrðu, við nefnda bryggju, gjald, er eigi að koma í stað þess hagnaðar, er hafnarsjóður ella hefði haft af uppskipun þessara vara, og telur hún gjald þetta því vera annars eðlis en venjuleg hafnargjöld og lúta öðrum reglum. Stefndi mótmælir því, bæði að bæjarstjórnin hafi nokkru sinni formlega samþykkt að taka þessa starfrækslu í sínar hendur, og að hún hafi haft heimild til þess að lögum að áskilja sér einkarétt til hennar. Hvað fyrra atriðið snertir þá virðist að vísu aldrei nein sérstök samþykkt hafa verið gerð um það efni í bæjarstjórninni, en hinsvegar er það upplýst, að síðan árið 1923 hefir bæjarstjórnin árlega gert samning við firmað Nathan & Olsen, þar sem firma þessu hefir verið veittur mjög víðtækur réttur til að annast upp- og útskipun á vörum við bryggju þessa og verður að telja að bæjarstjórnin hafi með þeim samningum nægilega lýst vilja sínum til þessara umráða yfir bryggjunni. Hvað aftur á móti snertir heimild bæjarstjórnarinnar til að áskilja sér einkarétt á þessari starfrækslu eða veita hana öðrum, þá er þess að gæta, að þegar kaupstaðurinn hafði keypt bryggjuna árið 1923 var hún gerð að bæjarbryggju og samþykkti atvinnumálaráðuneytið þá ráðstöfun með bréfi, dags.

10. apríl 1923, og með skírskotun til hafnarlaga Ísafjarðar nr. 34, 19. júní 1922. Um umráð og afnot bryggjunnar fer því eftir þeim lögum, en í þeim er eigi að finna heimild til slíkra takmarkana á afnotum bryggjunnar, sem hér ræðir um, né heldur er þar veitt heimild til að setja slíkar takmarkanir með samþykkt bæjarstjórnar eða með öðrum hætti, en það verður að teljast almenn regla, að opinberar eignir eins og bryggja þessi, séu frjálsar almenningi til afnota með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lög þau, er um þær eru sett, og ákvæði sett samkvæmt þeim lögum, hafa að geyma. Þessi málsástæða áfrýjanda verður því ekki tekin til greina og verður að líta á gjald það, er mál þetta er risið af, sem gjald fyrir afnot bryggjunnar, og með því að það þá ekki svo sem fyrir er mælt í 8. gr. hafnarlaganna, er ákveðið í reglugerð staðfestri af stjórnarráðinu, er það eigi löglega heimt, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Málskostnað í hæstarétti þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda með 300 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Ísafjarðar, greiði stefnda, Jóni S. Edvald, málskostnað í hæstarétti með 300 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun, höfðað fyrir aukarétti Ísafjarðar af Ingólfi Jónssyni bæjarstjóra á Ísafirði, f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar, gegn Jóni S. Edwald, kaupmanni á Ísafirði, með stefnu, útgefinni 4. júlí s. l. Hef-

ir stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér krónur 1118,50 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndur hefir hinsvegar krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér ríflegan málskostnað.

Tildrög máls þessa eru þau ,er nú skal greina:

Með samþykkt 26. marz 1923, og með samningi við firmað h/f Hæstikaupstaður (Nathan & Olsen) á Ísafirði, dags 30. sama mánaðar, ákvað bæjarstjórn að taka alla upp- og framskipun á bæjarbryggjunni á Ísafirði í sínar hendur. Með samningi þessum leigði svo bæjarstjórn nefndu firma einkarétt sinn til upp- og framskipunar. Skyldi hafnarnefnd í samráði við nefnt firma árlega ákveða gjöld fyrir uppskipunina og firmað standa hafnarnefnd skil á bæjarins hluta af þeim, samkv. samningi er um það yrði gerður. Jafnframt var ákveðið að einstakir menn eða félög, er fengu skip að öllu leyti lestuð fyrir sinn reikning, mættu annast uppskipunina sjálfir, enda greiði þeir leigu fyrir braut, vagna og uppskipunartæki bryggjunnar og skyldu ákvæði um leiguna vera í hinum árlega fyrnefnda samningi við firmað h/f Hæstikaupstaðurinn (Nathan & Olsen).

Haustið 1931 voru fyrnefnd uppskipunartæki tekin burt af bryggjunni og féll þar með niður notkun þeirra. En með uppskipunarsamningi, er hafnarnefnd gerði við firmað Nathan & Olsen og dags. er 18. nóv. 1931 og samþykktur hefir verið af bæjarstjórn 30. okt. sama ár, er svo ákveðið að þeir, sem skipi upp á bæjarbryggjunni heilum förmum fyrir eigin reikning, skyldu greiða kr. 0,50 af smálest og kr. 1,50 af standard af timbri. Skyldi hafnarsjóður hafa innheimtu þessa gjalds og 30% af því renna í hann, en afgangurinn til firmans Nathan & Olsen. Er gjald þetta á reikningum frá hafnarsjóði nefnt leyfisgjald.

Stefndur, sem samkvæmt skjölum málsins, hefir nokkrum sinnum skipað upp á bæjarbryggjuna heilum förmum fyrir eiginn reikning, hefir neitað að greiða þetta svonefnda leyfisgjald, en stefnandi hefir höfðað mál þetta til að fá hann dæmdan til að greiða það, og nemur upp-

hæð þessi, hvað stefndan snertir hinum umstefndu krónum 1118,50.

Stefndur byggir þessa neitun sína og kröfur sínar í máli þessu á því að bæjarstjórn Ísafjarðar hafi brostið og bresti heimild til að leggja „leyfisgjaldið" á notendur bæjarbryggjunnar. Bendir hann á það m. a. máli sínu til stuðnings að bæjarbryggjan sé almennings eign og starfrækt samkvæmt ákvæðum hafnarreglugerðar, er staðfest sé af stjórnarráðinu. Heldur hann því fram, að ekki verði önnur gjöld tekin af notendum bæjarbryggjunnar, fyrir afnot af henni, en þau, sem ákveðin eru í hafnarreglugerðinni, en meðal þeirra sé hið svonefnda leyfisgjald ekki.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að bæjarbryggjan sé hvað uppskipun snertir, ekki rekin samkv. reglugerð, og að bæjarstjórnin hafi eins og hver annar eigandi réttindaleyfi til þess, að hagnýta sér uppskipunarréttinn á bæjarbryggjunni eins og hún vilji, og hafi þá einnig rétt til þess að ákveða gjald fyrir að selja öðrum réttinn í hendur. Upplýsir hann og að bæjarstjórnin hafi fengið samþykki stjórnarráðsins á samningana við firmað (Nathan & Olsen) 1923.

Bæjarbryggja sú, sem rætt er um í máli þessu, er eign hafnarsjóðs Ísafjarðar. Það er sama bryggjan, sem í hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 63 frá 1929, er ýmist nefnd „bryggja bæjarsjóðs" eða „hafnarbryggjan". Það er ljóst af skjölum málsins og viðurkennt af báðum aðiljum, að hið umþrætta „leyfisgjald" er gjald fyrir ákveðin afnot bæjarbryggjunnar, Það er ennfremur upplýst í málinu að hafnarsjóður Ísafjarðar innheimti gjaldið og að nokkur hluti þess rennur í hann.

Samkv. hafnarlögum fyrir Ísafjörð nr. 34 frá 19. júní 1922, 8. gr., skulu gjöld öll af eignum hafnarinnar ákveðin með reglugerð, er bæjarstjórn Ísafjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir. Gjöld þessi eru ákveðin í hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 63, frá 27. júní 1929. Er „leyfisgjaldið" svonefnda ekki meðal þeirra gjalda, sem þar eru talin. Er „leyfisgjaldið" svo sem fyrr segir, ákveðið með bæjarstjórnarsamþykkt og samningi við firmað Nathan & Olsen, en ekki með reglugerðarákvæði.

Þegar af þessu er það ljóst, að bæjarstjórn og hafnarnefnd hefir brostið og brestur alla heimild til að heimta

þetta svonefnda „leyfisgjald“ af stefndum fyrir að fá að nota bæjarbryggjuna til uppskipunar heilla skipsfarma fyrir eigin reikning. Að bæjarstjórnin hefir á sínum tíma fengið samþykki stjórnarráðsins á samninga sína við firmað h/f Hæstikaupstaðurinn (Nathan & Olsen) skiptir ekki máli, því hvorki bæjarstjórnarsamþykkt ein, né bæjarstjórnarsamþykkt með almennu samþykki stjórnarráðsins, getur breytt formlega settum lögum né reglugerðum.

Það verður því að taka til greina kröfu stefnds um algerða sýknu af kröfum stefnanda í þessu máli, svo og málskostnaðarkröfu hans, og þykir hæfilegt að gera stefnanda að greiða honum kr. 120,00 í málskostnað.

Að dómur hefir ekki verið kveðinn upp í máli þessu fyr en nú, stafar af embættisönnum dómarans, sérstaklega við skipti þrotabúa, er ekki þoldu bið.

Miðvikudaginn 4. okt. 1933.

Nr. 66/1933. **Valdstjórnin**

gegn

Jóni Ragnari Jónassyni og Margréti Þorsteinsdóttur

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1933: Kærði, Jón Ragnar Jónasson ,greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða, Margrét Þorsteinsdóttir, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu greiði annað fyrir bæði og bæði fyrir annað allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 50 krónur til verjanda síns, Eggerts Claessens, hæstaréttarmálaflutningsmanns.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektanna telst frá uppsögn dóms þessa.

Hin kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektanna telst frá uppsögn dóms þessa.

Hin kærðu, Jón Ragnar Jónasson og Margrét Þorsteinsdóttir, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Eggerts Claessen, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Ragnari Jónassyni skipasmið, og Margréti Þorsteinsdóttur húsfrú, báðum til heimilis á Sellandsstíg 32 hér í bænum, fyrir brot gegn reglugerð nr. 108, 1931, og áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Rannsókn þessa máls hefir sumpart farið fram í janúarmánuði síðastliðnum og síðan í lok aprílmánaðar og byrjun maímánaðar og skulu nú rakin þau sönnunargögn, sem fram hafa komið í málinu.

1) Vitnið Ingvar Þórðarson, bifreiðarstjóri, hefir borið það og unnið eið að þeim framburði sínum, að hann hafi aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar s. l. nokkru eftir miðnætti farið heim til kærðu á Sellandsstíg 32, og keypt þar af henni eina flösku af sherry, sem hún seldi vitninu á 11 krónur. Þessa flösku kveðst vitnið hafa keypt fyrir Knút Jónsson, bókara, sem þessa nótt var á dansleik í K. R. húsinu hér í bænum, og hefir Knútur kannazt við, að svo hafi verið, en er vitnið ætlaði að afhenda honum flöskuna hjá fyrrgreindu samkomuhúsi, bar lögregluna þar að, og gaf vitnið þá þegar til lögreglunnar framangreinda skýrslu, sem það síðan staðfesti eins og að framan greinir. Vitnið kveður tvo sonu kærðu hafa verið viðstadda, er fyrrgreind áfengiskaup fóru fram, en þeir hafa báðir neitað, að hafa orðið varir við, að kærða seldi vitninu áfengi. Kærða hefir og eindregið neitað að hafa selt vitninu áfengi þetta sinn eða endranær.

2) Vitnið Kristján Sigurgeirsson, bílstjóri, hefir borið það og unnið eið að þeim framburði sínum, að það á tímabilinu frá því í september og fram til síðustu áramóta hafi oft keypt vín af kærðu fyrir farþega sína, og sömuleiðis oft ekið mönnum heim til hennar, sem fóru þangað inn í þeim erindum að kaupa áfengi, og höfðu menn þessir oft vín um hönd, eftir að hafa farið inn til kærðu í framangreindum tilgangi. Ekki hefir vitnið getað upplýst nánar, hve oft eða hve mikið það hafi keypt af víni af kærðu, en í dezembermánuði einum kveðst vitnið að minnsta kosti tíu sinnum hafa ekið mönnum heim til kærðu til áfengiskaupa, og minnst þrisvar sinnum keypt af henni sjálfur í þeim mánuði. Þá hefir vitnið og borið, að það hafi oft keypt áfengi af kærðu meðan hún bjó á Haðarstíg 15 hér í bænum, en eftir að hún var flutt þaðan eða hinn 9. júní 1932, var hún sektuð um 600 krónur fyrir áfengissölu. Kærða hefir ekki borið á móti því, að hún hafi selt vitninu vín, meðan hún bjó á Haðarstígnum, en hefir hinsvegar neitað því að hafa selt því vín eftir að hún sætti sektum eins og að framan greinir.

3) Vitnið Sveinn Jónsson, Þvergötu 5, og Friðrik Sigurbjörnsson, Ási í Reykjavík, hafa samhljóða borið það og unnið eið að þeim framburði sínum, að þeir hinn 19. apríl s. l. klukkan um 11 síðdegis hafi farið heim til hinna

kærðu til þess að kaupa vín af öðru hvoru þeirra. Hittu þeir kærða, Jón Ragnar, úti og fylgdi hann þeim inn í húsið. Var kærða þá stödd í eldhúsinu í íbúð sinni, og föluðust þeir nú eftir áfengi, og var því vel tekið. Fór kærði síðan með Sveini inn í herbergi innar af eldhúsinu, en Friðrik beið í eldhúsinu á meðan. Í fyrgreindu herbergi var ljóslaust, en ljós var í eldhúsinu og lagði birtu þaðan inn í herbergið, svo að vitnið Friðrik fylgdist vel með því, sem fram fór í herberginu í milli þeirra Sveins og kærða, Jóns Ragnars.

Inni í fyrgreindu herbergi afhenti Jón Ragnar Sveini síðan eina flösku af spánarvíni, og kveðst Sveinn hafa greitt honum 12 krónur fyrir eins og upp var sett, en vitnið Friðrik kveðst hafa séð Svein afhenda kærða peningaseðla og taka við mótuðum peningum til baka.

Þetta sama kvöld, um kl. 10, kveðst vitnið Friðrik hafa keypt af kærðu eina flösku af spánarvíni á kr. 12.50. Afhenti kærða þessa vínflösku í eldhúsinu, en þá voru ekki aðrir viðstaddir.

Þá hafa sömu vitni, Sveinn og Friðrik, og samhljóða borið, að þeir hafi oft keypt vín af kærðu Margréti þannig að þeir voru báðir viðstaddir og ásjáandi kaupin, en ekki hafa vitnin getað tilgreint nánar einstök tilfelli. Eftir því sem upplýst er, telja vitnin þessi vínkaup hafa farið fram eftir að kærða var sektuð fyrir áfengissölu.

Ennfremur hefir vitnið Sveinn Jónsson borið, að það hafi oft keypt vín af kærða, Ragnari, síðastliðið ár auk þess, sem að framan getur.

Kærðu hafa bæði neitað að hafa selt þessum vitnum vín.

4) Vitnið Sigurður Steindórsson, bílstjóri, hefir borið og unnið eið að þeim framburði sínum, að það hinn 19. apríl s. l. um kvöldið, hafi keypt af kærða, Jóni Ragnari, eina flösku af kampavíni á kr. 14.00, en þá tegund kveður vitnið kosta kr. 10.50 flöskuna í Áfengisverzlun ríkisins. Þetta vitni kveðst og einu sinni áður hafa keypt vín af kærða, en man ekki hvenær.

Kærði hefir eindregið neitað, að hafa selt þessu vitni áfengi.

5) Undir rannsókn málsins er það upplýst, að samkvæmt sölubókum vínverzlunarinnar hér í bænum hefir kærði frá síðastliðnum áramótum til 29. marz s. l. tekið

út á sitt nafn samtals 28 ½ flösku af víni, sem kostað hafa kr. 227.00. Þetta vín kveðst kærði hafa notað til eigin neyzlu og ókeypis veitinga.

6) Eftir að rannsókn þessa máls var lokið var hinum kærðu samkvæmt ósk þeirra skipaður verjandi, hrm. Eggert Claessen. Í tilefni af nokkrum vottorðum, sem honum höfðu borizt um það, að vitnið Friðrik Sigurbjörnsson og Sveinn Jónsson mundu hafa verið í ölvunarástandi, er þeir hinn 19. apríl þ. á. kváðust hafa keypt vín af kærðu, og að þeir mundu hafa sætt hótunum af hálfu lögreglunnar í fyrstu yfirheyrslunni, þá krafðist hann framhaldsrannsóknar um þessi atriði, sem síðan var framkvæmd. Það verður ekki talið, að neitt það hafi komið fram undir rannsókn málsins, er veiki trúverðugleik fyrrgreindra vitna, og verður að telja það fullsannað með framhaldsrannsókninni, að hvorki hafi vitnin verið í ölvunarástandi umrætt skifti né sætt hótunum eða annari óhæfilegri meðferð af hálfu lögreglunnar.

Eitt þeirra vitna, Stefán Már Benediktsson, verzlunarmaður, sem verjandi hinna kærðu krafðist að yfirheyrt væri við framhaldsprófin, bar það hinsvegar fyrir réttinum og vann eið að þeim framburði sínum, að það hefði oft síðan í fyrravor keypt vín af báðum hinum kærðu, og varð það þeirra jafnan fyrir kaupunum, er hverju sinni var viðlátið. Ekki hefir þetta vitni getað upplýst nánar hve mikið það hafi keypt eða hvenær. Framangreindum framburði vitnisins hafa hin kærðu bæði mótmælt sem röngum.

Jón Ragnar Jónasson.

Með samhljóða framburði vitnanna Sveins Jónssonar og Friðriks Sigurbjörnssonar, sem lýst er undir 3. hér að framan, er það fullsannað, að kærði, Jón Ragnar, seldi Sveini eina flösku af spánarvíni að kvöldi hins 19. apríl s. l. Gegn neitun kærða verður frekari áfengissala af hans hálfu hinsvegar ekki talin fullsönnuð. Þetta brot kærða, sem ekki hefir áður svo kunnugt sé sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot, varðar við 3. gr. reglugerðar nr. 108, 1931, og þykir refsing hans, sem samkvæmt 14. gr. nefndrar reglugerðar ber að tiltaka eftir 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og

komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Margrét Þorsteinsdóttir.

Gegn neitun kærðu verður ekki talið fullsannað, að hún hafi selt vitnunum, sem talin eru undir 1, 2 og 6 hér að framan, og verður því að sýkna hana af þeim hluta kærunnar. Hinsvegar verður að telja nægilega sannað, að hún hafi selt vitnunum Friðrik Sigurbjörnssyni og Sveini Jónssyni áfengi, eins og þeir hafa samhljóða borið og lýst er nánar undir 3 hér að fram. Þetta brot kærðu varðar við 3. gr. reglugerðar nr. 108, 1931, og ber samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar að tiltaka refsingu kærðu eftir 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, þykir refsingin með hliðsjón af því, að kærða hinn 9. júní 1932 var sektuð um 600 krónur fyrir samskonar brot, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma kærðu til þess annað fyrir bæði og bæði fyrir annað, að greiða allan kostnað sakarinnar þar á meðal 50 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns, Eggerts Claessens, hæstaréttarmálaflutningsmanns.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 6. okt. 1933.

Nr. 60/1933. **Valdstjórnin** (Th. B. Líndal)
gegn
Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni
(Sveinbjörn Jónsson)

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. marz 1933: Kærði, Þorvaldur Kristján Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði

hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi og bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot kærða heyrir undir 6. og 30. gr. laga nr. 64, 19. maí 1930, og með því fallizt verður á ákvæði lögregluréttardómsins um refsingu, upptöku bruggunartækja og áfengis og um málskostnað, ber að staðfesta dóminn og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Þorvaldur Kristján Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Theodórs B. Líndal og Sveinbjarnar Jónssonar 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða þannig:

Mál þetta er af valdsstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni, Holtsgötu 17 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina, eftir því sem upplýst er

með eigin játningu kærða, sem er í samræmi við annað það, er fram hefir komið í málinu.

Í byrjun þessa mánaðar lagði kærði áfengislögun í tvö kvartel og lagði 25 lítra í annað, en 40 lítra í hitt. Notaði hann í lögun þessa, auk vatns, strausykur og pressuger. Er áfengislögun þessi hafði gerjazt, sauð kærði hana og fékk úr henni um 17 flöskur af fullbrugguðu áfengi, sem hann ætlaði að selja, en er hann var að enda við suðuna, gerði lögreglan, sem fengið hafði vitneskju um bruggið, húsleit hjá honum og fann bæði fyrrgreint áfengi og bruggunartæki þau, er kærði hafði notað. Var bruggunin í gangi, er lögreglan kom til að gera leitina, og logaði á olíuvél undir stórum suðubrúsa, sem áfengislögun var í, en úr suðubrúsanum lá eimingarpípa, er síðan lá í mörgum hlykkjum í gegnum kæliílát, og draup vínandinn úr pípu þessari í skaftpott, er stóð á gólfinu utan kæliílátsins.

Efnarannsóknarstofa ríkisins hefir rannsakað alkóhólmagn í tveim sýnishornum, sem tekin voru af víni því, er hjá kærða fannst, og reyndist það 56.3 og 66.4% eftir rúmmáli.

Framangreint brot kærða, sem hinn 12. febrúar s. l. með dómi þessa réttar var dæmdur í 12 daga fengelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt fyrir ólöglega bruggun og sölu áfengis, þykir hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Framangreind bruggunartæki og áfengi skal allt upptækt og eign ríkissjóðs. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 9. okt. 1933

Nr. 148/1932. **Pálmi Loftsson, f. h. Skipaútgerðar ríkisins** (Lárus Fjeldsted).

gegn

Þorsteini Þorsteinssyni, f. h. vátryggjenda b/v Nebris
(Sveinbjörn Jónsson)

Sýknað af kröfu um skaðabætur út af árekstri.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 12. ágúst 1392: Stefndur, Þorsteinn Þorsteinsson, f. h. vátryggjenda b/v Nebris G. Y. 84, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, skipaútgerðar ríkisins.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarétti með 400 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Pálmi Loftsson, f. h. Skipaútgerðar ríkisins, greiði stefnda, Þorsteini Þorsteinssyni, f. h. vátryggjenda b/v Nebris, málskostnað í hæstarétti með 400 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað með sjódómskæru, dags. 24. nóv. f. á., Pálmi Loftsson, f. h. Skipaútgerðar ríkisins, gegn Þorsteini skipstjóra Þorsteinssyni, f. h. vátryggjenda b/v Nebris G. Y. 84, til greiðslu kr. 3800,00 + 344,45 ásamt

vöxtum frá sjódómskærudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eða samkvæmt mati réttarins.

Stefndur hefir krafizt algerðrar sýknu í málinu og sér dæmdan málskostnað.

Hrm. L. Fjeldsted, sem flutt hefir málið af hálfu stefnds hér fyrir réttinum, hefir dregið það í efa hvort heimilt væri að beina málshöfðuninni á hendur stefndum Þorsteini Þorsteinssyni, vegna þess, að í lok sjóferðaprófs út af árekstri þeim, sem málið er risið út af, er það tekið fram, að hrj.mflm. sjálfur taki á móti stefnu í málinu, en þar sem því jafnframt er yfirlýst af stefndum, að hann taki á sig ábyrgð af afleiðingum væntanlegrar málssóknar út af árekstrinum, þykir réttarfarslega ekkert að athuga við það, að málið er höfðað svo, sem gert hefir verið.

Málavextir eru þeir, að varðskipið Ægir var 12. marz f. á. að landhelgisgæzlu suður undir Reykjanesi og var á norðurleið með nesinu rétt utan landhelgi og var þá tekið að veita sérstaka eftirtekt skipi, sem var uppundir landi norðan Reykjaness. Reyndist skipið að vera togarinn „Nebris" G. Y. 84. Kl. 14,49 setti varðskipið á fulla ferð og stýrði beint á togarann. Snéri togarinn um það leyti til stjórnborða og virtist, samkvæmt skýrslu skipherra varðskipsins, fyrst hafa töluverða ferð áfram um stund, stöðvast síðan snögglega og byrja að hafa ferð aftur á bak, hægt í fyrstu en síðar með töluverðum hraða en liggja síðan ferðlaus um stund í stefnu misv. S. S. V., en þegar varðskipið átti eftir rúma sjómílu byrjaði hann að síga áfram í sömu stefnu. Kl. 14,52 gaf varðskipið togaranum merki um að nema staðar, en hann ansaði því ekki og byrjaði í stað þess að snúa til stjórnborða. Segir skipherra varðskipsins í skýrslu sinni, að um leið og togarinn snéri til stjórnborða gerði varðskipið það líka, en um leið og snúið var sáust frá varðskipinu vörpustrengir togarans og virtust hanga lóðrétt niðr með stjórnborðssíðunni. Kl. 14,58 voru skipin komin það nærri hvort öðru segir varðskipsforinginn, að útlit hafi verið fyrir árekstur og var þá skipun gefin um fulla ferð aftur á bak og samtímis merki með eimpípunni um það. En áður en varðskipið hafði fengið ferð aftur á bak, lenti stefni togarans á bakborðshlið varðskipsins, á móts við bjargbát nr. 2 og var þá kl. 15,00 samkv. skýrslu varð-

skipsins og er þar sagt, að togarinn hafi þá haft þungt skrið áfram. Var vél varðskipsins þá þegar stöðvuð og samtímis sett á hæga ferð áfram og snúið til bakborða til að aftra frekari skemmdum. Telur stefnandi að togarinn hafi algerlega átt sök á árekstrinum þar sem hann tók ekkert tillit til aðvörunarmerkja þeirra, er varðskipið gaf, og ef togarinn hefði hlýtt þessum merkjum hefði enginn árekstur orðið.

Stefndur heldur því hinsvegar fram, að varðskipið hafi eitt átt sök á árekstrinum. Og til stuðnings þessu vísar hann til sjóferðaskýrslnanna sérstaklega framburðar skipverja togarans, en samkv. honum var svo ástatt um hann og hreyfingar hans, að 10—15 mínútum áður en varðskipið kom að togaranum hafði hann fest vörpu sína í botni. Var hann með stjórnborðsvörpu úti og var tekinn af varðskipinu, staðinn að ólöglegum veiðum með vörpu í sjó. Þegar varpan festist var aðalvél skipsins stöðvuð og er það sannað í málinu, að 11 mínúturnar síðustu fyrir áreksturinn var vélin óhreyfð og ekki sett í gang fyrr en að afstöðnum árekstrinum. Á þessum tíma var togarinn að toga inn vírana með vindunni og hafði eigi aðra hreyfingu en þá, sem orsakaðist af því að draga skipið að vörpunni, sem var föst, og snérist því skipið um leið til stjórnborðs, þar sem það hafði stjórnborðsvörpu úti. Stefndur staðhæfir jafnframt, og hann vísar til afstöðuuppdrátta nr. 8 og 10 af skipunum, sem varðskipsforinginn lagði fram við sjóferðaprófið, að varðskipsmenn hafi vitað eða að minnsta kosti átt að vita, að togarinn væri með vörpu úti löngu áður en áreksturinn varð og hafi honum því borið að gæta þess í tíma að rekast ekki á togarann, en áreksturinn hafi eingöngu stafað af ógætni frá varðskipsins hálfu. Stefnandi mótmælir því að varpan hafi verið föst í botni þegar áreksturinn varð og jafnvel að hún hafi aldrei verið föst og þó svo hafi verið, þá staðhæfir hann að togaranum hafi borið skylda til að bíða með að losa hana og liggja alveg kyrr samkv. fyrirskipunum varðskipsins, þar til það kom, þar sem togaraskipstjórinn var að fremja lagabrot.

Það verður að álítast sannað með vitnisburði skipverja togarans, að varpa hans hafi verið föst í botni og þá er það og ennfremur sannað með því sem áður er

sagt um stöðvun vélarinnar, að hreyfing sú, sem togarinn hafði, hafi einungis orsakazt af því, að hann togaði inn vírana með botnvörpuvindunni. Af vitnisburðum varðskipsmanna fyrir sjóréttinum er það og ljóst, að hreyfingar togarans hafa verið hægar, því að vitnisburðir þeirra eru samhljóða um það, að togarinn hafi aðeins sigið áfram og til stjórnborðs, enda þótt í frumskýrslu varðskipsins sé komizt svo að orði, að togarinn hafi rekizt á varðskipið með þungu skriði. Eins og áður er sagt, segir skipherrann í frumskýrslu sinni, að varðskipið hafi kl. 14,52 gefið togaranum merki um að nema staðar en togarinn hafi ekki ansað því, en í stað þess byrjað að snúa til stjórnborða og þá hafi varðskipið einnig snúið til stjórnborða en um leið og snúið var hafi vörpustrengir togarans sézt hanga lóðrétt niður með stjórnborðssíðunni, og af áðurnefndum afstöðuuppdráttum er það sérstaklega líklegt, að menn varðskipsins hafi þá þegar séð, að togarinn hafði vörpu úti, þar sem skyggni var einnig gott og sléttur sjór. Við sjóferðarprófið héldu varðskipsmenn þó því fram, að þeir hafi ekki séð vírana svo fljótt og líklega ekki fyrr en c. 3 mínútum fyrir árekstur inn, en hvað sem um þetta er, þá var varðskipinu það ljóst að minnsta kosti 3 mínútum áður en skipunum lenti saman, að togarinn var með vörpuna úti, og er það svo langur tími, að sjóréttur inn verður að líta svo á, að varðskipið hefði getað afstýrt árekstri, ef það hefði þá strax sett á fulla ferð aftur á bak en það var ekki gert fyrr en kl. 14,58. Af stefnanda hálfu er því neitað, að varpan hafi enn verið föst í botni er áreksturinn varð, en hvort það hefir verið eða ekki, þá verður það að teljast sannað, að vél togarans var ekki þá í gangi og hafði ekki verið í gangi næstu 11 mínúturnar áður og hreyfingar hans gátu því ekki verið aðrar en þær, sem orsökuðust af inndrætti vírannna með vörpuvindunni.

Samkvæmt framansögðu þykir b/v „Nebris“ ekki geta talizt skaðabótaskyldur út af árekstrinum og ber því að sýkna stefndan af skaðabótakröfunni, en eftir atvikum öllum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Föstudaginn 13. okt. 1933.

Nr. 8/1933. **Guðmundur Guðmundsson**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
(Gústaf A. Sveinsson).

Endurgreiðsla útsvara. Stefnandi útsvarsskyldur annarsstaðar.

Dómur gestaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. febr. 1933: Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnanda, Guðmundar Guðmundssonar, bónda á Móum í Kjalarneshreppi.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Vorið 1927 tilkynnti áfrýjandi lögreglustjóra Reykjavíkur, að hann flytti sig úr bænum að Litlabæ á Seltjarnarnesi og teldi eftirleiðis lögheimili sitt þar. Samtímis tilkynnti hann hlutaðeigandi lögreglustjóra innflutning í Seltjarnarneshrepp og þar taldi hann fram tekjur sínar af eign og atvinnu. Þetta gaf tilefni til þess að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps lagði útsvar á áfrýjanda vorið 1928, svo og árið 1929 og 1930. Þrátt fyrir þetta lagði niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur útsvar á áfrýjanda þessi sömu ár, og þar sem áfrýjandi neitaði að greiða útsvar í Reykjavík, krafðist bæjargjaldkerinn, að útsvarið 1928 yrði tekið lögtaki, og gekk dómur í útsvarsmálinu í hæstarétti hinn 29. apríl 1931. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að það væri sannað í málinu að áfrýjandi hafi haft löglegt heimilisfang í Reykjavík er manntalið var tekið haustið 1927 svo og þegar útsvarið

var lagt á hann vorið 1928, að niðurjöfnunarnefnd hafi því haft heimild til þess samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna að leggja útsvar á áfrýjanda nefnt ár og að sumardvöl áfrýjanda í Litlabæ hafi eigi skapað honum löglegt heimili þar á þeim tíma, er útsvarið var lagt á hann og kæmi því undantekningarákvæðið í d. lið 8. gr. útsvarslaganna eigi til greina. Var því lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtak á útsvarinu.

Eftir að dómur þessi hafði gengið krafðist áfrýjandi þess, að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps endurgreiddi honum útsvörin 1928, 1929 og 1930, er hann þá hafði greitt, en þar sem hreppsnefndin taldi sér eigi skylt að verða við þessari kröfu, höfðaði áfrýjandi mál þetta á hendur henni fyrir gestaréttí Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurgreiðslu á útsvörunum, samtals að upphæð 1928 kr. ásamt nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði. Lauk máli þessu svo með dómi gestaréttarins 7. febr. þ. á. að hreppsnefndin var sýknuð og málskostnaður látinn niður falla.

Þessum dómi hefir áfrýjandi nú skotið til hæstaréttar og gerir hann hér fyrir réttinum allar hinar sömu kröfur og fyrir gestaréttinum, svo krefst hann og málskostnaðar í hæstarétti. Hin stefnda hreppsnefnd krefst þess hinsvegar að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Hreppsnefndin byggir neitun sína á endurgreiðslu útsvarsupphæðarinnar á því, að það hafi byggzt á framkomu áfrýjanda, að útsvar var á hann lagt í hreppnum, hann hafi sjálfur tilkynnt flutning sinn inn í hreppinn og hann hafi greitt útsvörin á réttum gjalddaga. Að vísu viðurkennir

oddviti hreppsnefndarinnar að sér hafi verið kunnugt um álagningu útsvaranna í Reykjavík, en hann neitar því afdráttarlaust, að hann hafi nokkurntíma sagt áfrýjanda að útsvörin í Seltjarnarneshreppi yrðu endurgreidd, ef hann, áfrýjandi, yrði dæmdur til útsvarsgreiðslu í Reykjavík eða að áfrýjandi hafi gert nokkurn áskilnað í þessa átt, er hann greiddi útsvörin.

Með framangreindum hæstaréttardómi 29. apríl 1931 hefir, svo sem þegar er sagt, verið ákveðið, að áfrýjandi hafi verið útsvarsskyldur í Reykjavík árið 1928, og þar sem það er grundvallarregla útsvarslaganna, að ekki megi leggja útsvar á mann nema á einum stað og undantekningarákvæðið í d. lið 8. gr. útsvarslaganna kemur hér eigi til greina, þá leiðir það af nefndum dómi að áfrýjandi hafi ekki verið útsvarsskyldur í Seltjarnarneshreppi árið 1928 og þykir hann því eiga heimtingu á að fá útsvarið endurgreitt þrátt fyrir framkomu sína gagnvart hreppsnefndinni.

Þessari niðurstöðu getur það ekki breytt, þótt áfrýjandi hafi greitt útsvarið án fyrirvara, enda mátti hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, sem gera verður ráð fyrir að hafi þekkt hvernig veru áfrýjanda í Litlabæ var háttað, vera það ljóst að útsvarsskylda áfrýjanda í Seltjarnarneshreppi væri mjög hæpin, þrátt fyrir búsetuyfirlýsingu hans þar.

Þótt dómur hafi eigi gengið um útsvarsskyldu áfrýjanda í Reykjavík árin 1929 og 1930, verður eftir málflutningunum hið sama að gilda um endurgreiðslu útsvaranna fyrir þau ár eins og um endurgreiðslu útsvarsins fyrir árið 1928.

Af greindum ástæðum ber því að fella hinn á-

frýjaða gestaréttardóm úr gildi og dæma hina stefndu hreppsnefnd til fyrir hönd sveitarsjóðs að endurgreiða áfrýjanda umgetin útsvör samtals kr. 1928,00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 16. júní 1932 til greiðsludags.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinni stefndu, hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, ber fyrir hönd sveitarsjóðs, að greiða áfrýjanda, Guðmundi Guðmundssyni, 1928 kr. með 5% ársvöxtum frá 16. júní 1932 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, útgefinni 16. júní f. á., hefir Guðmundur Guðmundsson, bóndi í Móum í Kjalarneshreppi, krafizt þess, að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps í Kjósarsýslu, verði dæmd til þess að endurgreiða honum kr. 1928,00, útsvör, er hann á árunum 1928, 1929 og 1930 hafi greitt í hreppssjóð, er samkvæmt dómi hæstaréttar 29. apríl 1931, séu ranglega á hann lögð vegna þess, að hann eigi hafi verið útsvarsskyldur í hreppnum greind ár, en hann greitt útsvör þessi í þeirri trú að svo væri. Ennfremur krefst stefnandinn þess, að hin stefnda hreppsnefnd verði dæmd til þess að greiða honum 5% ársvexti af kr. 650,00 frá 21. marz 1929, af kr. 400,00 frá 1. okt. 1929, af kr. 878,00 frá 25. apríl 1931, allt til greiðsludags, og loks málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Byggir stefnandi endurgreiðslukröfur sínar á því, að með greindum hæstaréttardómi sé því slegið föstu, að hann á umræddu tímabili hafi að eins átt lögheimili í Reykjavík og honum gert að greiða þar útsvar af öllum eignum hans og tekjum. Auk þess heldur stefnandi því fram, að oddvita hreppsnefndarinnar hafi verið kunnugt um útsvarsálagningu á sig í Reykjavík og hann látið þess getið um leið og hann tók við útsvarsgreiðslunum, að útsvarið mundi verða endurgreitt strax og dómur félli um það, að honum bæri að greiða útsvar til Reykjavíkurbæjar, og umboðsmaður stefnanda í máli þessu heldur því og fram, að oddvitinn hafi einnig í hans áheyrn gefið þetta í skyn, eða skýlaust loforð hér um.

Fyrir endurgreiðsluskyldu stefnds telur og stefnandinn vera hliðstæði í fyrirmælum 27. gr. útsvarslaganna, um lækkun yfirskattanefndar á útsvörum, eða breytingu á þeim, og loks telur hann endurgreiðsluskylduna liggja í hlutarins eðli, eða hún verið í samræmi við almennar endurgreiðslukröfur.

Með því að stefnandinn lét innfæra sig sem heimilisfastann í hreppnum, og tilkynnti í Reykjavík, að hann væri þaðan fluttur búferlum, gaf upp tekjur sínar af eign og atvinnu til skattanefndar hreppsins, sem hreppsnefnd lagði til grundvallar við álagning útsvara árlega, getur eigi verið um ólöglega útsvaraálagningu á stefnanda að ræða, eftir því sem fyrir lá í hvert skipti, heldur miklu fremur skylda hreppsnefndar, að leggja á hann útsvörin sem aðra heimilisfasta gjaldendur hreppsins. Getur það og eigi talizt trúlegt, að stefnandinn, sem eigi heldur kærði útsvörin, hafi greitt þau með nokkrum sérstökum fyrirvara um endurgreiðslu, og sönnun vantar nægilega, gegn eindregnum mótmælum oddvita hreppsins, um það, að hann hafi gefið loforð um endurgreiðslu á útsvörunum, ef dómur félli um það, að stefnandinn teldist útsvarsskyldur í Reykjavík, eða ádrátt um það, og um analogi af fyrirmælum útsvarslaganna, 27. gr., virðist eftir atvikum eigi vera að ræða, né nokkur bein eða óbein fyrirmæli um endurgreiðslu, þegar svo er ástatt sem hér, að útsvarsálagningin hefur á sínum tíma verið lögmæt, og því ekki að búast við heimild í útsvarslögunum sjálfum, eða skyldu til endurgreiðslu útsvaranna, og condictio indebiti verð-

ur naumlega heimfærð upp á viðskipti þessi, sem eru lögbundin. —

Það virðist því eiga að sýkna hina stefndu hreppsnefnd af kærum og kröfum stefnanda í máli þessu. —

Málskostnaður virðist eiga að falla niður, eftir atvikum.

Mánudaginn 16. okt. 1933.

Nr. 56/1933. **Sveinn Bjarnason, f. h. Kára Baldvinssonar** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Skiptaráðandanum í Eyjafjarðarsýslu, f. h. þrotabús Sigurðar Jóhannessonar og Steingrími Guðmundssyni. (Enginn).

Ómerking.

Úrskurður skiptaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 25. nóv. 1932:

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir í máli þessu með stefnu, dags. 7. júní s. l., og að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. s. d., skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í skiptarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 25. nóv. 1932. Af hálfu hinna stefndu hefir eigi verið mætt í hæstarétti og hefir málið því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Skiptaréttargerðir þær, sem fram eru lagðar í málinu, sýna það eigi, að sáttatilraun hafi farið fram um ágreiningsatriðið, eins og fyrir er skipað í 38. gr. skiptalaga 12. apríl 1878, og verður því ex officio að dæma hinn áfrýjaða úrskurð ómerkan.

Eftir atvikum þykir rétt að málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, er fengið hefir gjafsókn fyrir hæstarétti, 80 kr., greiðist úr ríkissjóði en að málskostnaður í hæstarétti falli að öðru leyti niður.

Því úrskurðast:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera ómerkur. Máiflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, Garðars Þorsteinssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns, 80 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarétti niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Ágreiningur sá, sem hér er lagður undir úrskurð skiptaréttarins, er risinn út af kaupsamningi, réttarskjal 4, sem er dags. 13. júní 1930, en afhentur til þinglýsingar 13. sept. s. á. En með kaupsamningi þessum veðsetur Sigurður Jóhannesson Steingrími Guðmundssyni vélbátana Jóhannes EA 529 og Filippus EA 472 til tryggingar kaupverði fyrir mótorvél frá firmanu Brödrene Christensen, Oslo, að upphæð kr. 1850.00. Velta úrslit þess ágreinings á því hvort skoða skuli báta þessa lausafé að því er veðsetninguna snertir eða að um hana gildi sömu reglur og veðsetningu fasteigna, 5. gr. siglingalaga nr. 63 frá 22. 11. 1914.

Það mun nú vera orðin föst réttarvenja, sérstaklega eftir útkomu laga nr. 37, 1929 um skráningu skipa, og laga nr. 58, 1929 um eftirlit með skipum, bátum og öryggi þeirra, að skilja ákvæði áminnstrar 5. gr. siglingalaganna þannig, að um veðhöft á bátum sem eru skársetningar- og eftirlitsskyldir, gildi sömu reglur og um veð í fasteignum. En af því leiðir að veðréttur sá, sem stofnaður er með samningnum 13. júní 1930 (rskj. 4) verður að teljast fullgildur og víkur handveðrétturinn samkvæmt samningnum, réttarskjal 2, fyrir honum.

Mánudaginn 16. okt. 1933.

Nr. 44/1933. **Garðar Þorsteinsson, f. h. Usines Gonzales Coch S/A**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Markúsi Einarssyni (Enginn).

Eigi talinn afhendingardráttur af hendi áfrýjanda fyrir greiðsluvanskil stefnda m. m.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 1. apríl 1933: Gagnstefnandi, Garðar Þorsteinsson, f. h. Gonzalez Cock S/A skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Markúsar Einarssonar, í aðalsök og falli áðurgreind löghaldsgerð úr gildi.

Aðalstefnandi greiði gagnstefnanda gullsterlingspund 309-10-6 ÷ ísl. kr. 1350,00 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1931 til þess er greitt er, £ 34-16-5 með sömu vöxtum frá 17. sept. 1932 til greiðsludags, kr. 110,00 í innheimtulaun og kr. 800,00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta skyldi flutt í hæstarétti hinn 9. þ. m. mætti enginn af hendi hins stefnda, og hefir málið því verið flutt skriflega eftir 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Í máli þessu, sem áfrýjað er með stefnu, útgefinni 13. maí þ. á., krefst áfrýjandi staðfestingar á hinum áfrýjaða gestaréttardómi frá 1. apríl 1933, og með því að ekkert það liggur fyrir í skjölum málsins, er komi í bága við þá kröfu, ber að taka hana til greina.

Stefndi hefir áfrýjað áðurnefndum dómi til breytingar með stefnu, útgefinni 25. apríl þ. á., og

hefir því veitt áfrýjanda nokkra ástæðu til sinnar áfrýjunar. Þykir því rétt að dæma hann til þess að greiða áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist.

Stefndi, Markús Einarsson, greiði áfrýjanda, Garðari Þorsteinssyni, f. h. Usines Gonzales Coch S/A, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestaréttinum með utanréttarstefnu, dags. 3. sept. f. á., af Markúsi Einarssyni, stórkaupmanni hér í bæ, gegn Garðari Þorsteinssyni, hrm. hér í bænum, f. h. firmans Usines Gonzales Coch S/A, Lokeren í Belgíu, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 7752,50 með 6%ársvöxtum frá 20. ágúst f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Svo hefir stefnandi og krafizt þess, að löghaldsgerð, er fram fór 23. og 24. ág. f. á., í inneign firmans hjá fyrnefndum málaflutningsmanni, verði staðfest.

Stefndur hefir krafizt algerðrar sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og jafnframt að umrædd löghaldsgerð verði úr gildi felld. Þá hefir hann með stefnu útgefinni 17. sept. f. á. gagnstefnt aðalstefnanda til greiðslu eftirtaldra upphæða:

1. Gull £ Sterling 333-9-5 ÷ ísl. kr. 1100,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1931 til greiðsludags.
2. £ 61-17-9 með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi til greiðsludags og
3. kr. 110,00 í innheimtulaun af þeim kr. 1100,00, sem greindar eru hér að framan. Loks hefir gagnstefnandi krafizt málskostnaðar að skaðlausu bæði í aðalsök og gagnsök.

Aðalsök. Málavextir í aðalsök eru þeir, að með bréfi dags. 28. okt. 1931 (ekki 23. okt. eins og í stefnu segir) pantaði aðalstefnandi, sem hafði um nokkurt skeið haft söluumboð fyrir gagnstefnanda hér á landi, 175 tylftir af fiskilínum hjá gagnstefnanda til handa Jóni Einarssyni, kaupmanni í Vestmannaeyjum og ýmsum viðskiptamönnum hans, og óskaði þess í bréfinu að allar vörurnar yrðu sendar á einu farmskírteini á nafn Jóns. Með bréfum dags. 7. og 9. nóv. s. á. staðfestir gagnstefnandi að hafa móttekið pöntunina og vill afgreiða hana með þeim skilmálum, að vörurnar afhendist cif. Vestmannaeyjum í desember, kaupverðið sé miðað við gullmynt eða 175/- belgiska fr. móti sterlingspundi og skyldi kaupandi samþykkja víxil fyrir andvirðinu með gjalddaga fjórum mánuðum eftir sýningu. Þá bar og að fá tryggingu banka í Vestmannaeyjum fyrir greiðslunni. Með símskeytum dags. 17. og 18. nóv. gerði aðalstefnandi athugasemdir við þessa skilmála og óskaði að kaupverðið yrði reiknað með öðru gengi en að framan segir, og jafnframt að gefinn yrði 10% afsláttur frá verði því, sem gengið hafði verið út frá. En gagnstefnandi vildi ekki ganga inn á þetta og samþykkti þá aðalstefnandi framangreinda skilmála með símskeyti 21. nóv. 1931. Salan virðist þó ekki hafa verið komin endanlega í kring enn, því að í bréfi til gagnstefnanda, dags. 19. nóv., óskar aðalstefnandi eftir því, að fá 5% aukaþóknun (extra commission) af kaupunum vegna þess að hann hafi þurft að lofa fyrirnefndum Jóni 5—10% þóknun fyrir aðstoð hans við útvegun kaupenda að umræddu vörumagni. Þá biður aðalstefnandi og um það í bréfi þessu, að gagnstefnandi sendi línurnar til ýmsra móttakenda og útbúi sérstakan reikning og víxil fyrir hvern einstakan þeirra eða sendi jafnvel allar vörurnar á sitt nafn. Telur hann þetta tryggara en að senda Jóni allar vörurnar eins og upphaflega var ákveðið, þar eð Jón sé „in bad situation at the present", en gangstefnandi heldur því fram og því hefir ekki verið hnekkt, að Jón hafi verið orðinn gjaldþrota er umrætt bréf var skrifað, en á gjaldþrot minnist aðalstefnandi ekki hvorki þá né síðar, enda þótt hann viðurkenni, að það hafi verið að höndum borið síðast í nóv. 1931. Í bréfi dags. 25. nóv. endurtekur hann svo beiðni sína um það, að vörurnar

séu sendar á sitt nafn og kveðst hann þá munu samþykkja víxil fyrir allri upphæðinni og loks segist hann í bréfi dags. 26. nóv. leggja það alveg á vald gagnstefnanda hvernig hann afgreiði vörurnar. Þessum þrem bréfum svarar gagnstefnandi síðan 11. dez. og kveðst munu afgreiða vörurnar í einni sendingu og á einu farmskírteini á nafn aðalstefnanda og stíla reikninginn fyrir allri upphæðinni á hann og verði greiðsla hennar bankatryggð. Gagnstefnandi sendi þó ekki vörurnar, en svaraði aðalstefnanda, er hann fór að ganga eftir afhendingu á þeim á þá leið, að þær yrðu ekki afgreiddar fyrr en skil væru gerð á ýmsum útistandandi skuldum firmans hér á landi, en það átti þá meðal annars allháa fjárhæð hjá aðalstefnanda persónulega vegna umboðssöluvara, er hann hafði yfirtekið en ekki greitt. Þá bar gagnstefnandi það jafnframt fyrir sig í bréfi dags. 18. febr. f. á., að hann hefði ekki fengið bankatryggingu fyrir greiðslu varanna eða staðfestingu á því, að tryggingin mundi verða sett er vörurnar kæmu til Vestmannaeyja, en honum hafi að sjálfsögðu ekki borið að senda vörurnar af stað fyrr en tryggingin væri í lagi. Bauðst hann nú með símskeyti til að senda þær ef hann fengi staðfestingu á því að bankatrygging væri fengin, en aðalstefnandi hafnaði því og bar fyrir sig, að það væri orðið of seint fyrir sig að fá vörurnar, og voru þær svo aldrei afgreiddar.

Aðalstefnandi telur nú, að afhendingardráttur gagnstefnanda á umræddum vörum hafi verið algerlega ástæðulaus. Gagnstefnandi hafi enga heimild haft til þess, að binda afgreiðslu varanna því skilyrði að ýms önnur óviðkomandi viðskipti væru gerð upp og eldri skuldir firmans hér greiddar. Þá hafi gagnstefnandi heldur ekki átt heimtingu á því, að bankatryggingin yrði sett eða honum send skilríki fyrir því að hún fengist áður en vörurnar væru afgreiddar. Í bréfi frá gagnstefnanda dags. 13. nóv. 1930 komi það fram, að hann hafi ætlazt til að bankatryggingu, þegar um hana væri að ræða í viðskiptum þeirra framvegis, yrði þannig fyrir komið og hún yrði í því formi, að viðskiptamennirnir samþykktu víxla fyrir andvirði varanna um leið og þeir tækju við farmskírteini yfir þær og víxlar þessir væru síðan ábektir (avalised) af banka þeim, sem tækist tryggginguna á hendur. Sé því

ljóst, að gagnstefnandi hafi ekki ætlazt til, að bankaábyrgðin yrði sett fyrr en eftir að vörurnar væru komnar af stað eða jafnvel til móttökustaðarins, og að sjálfsögðu hafi þessi regla einnig átt að gilda í viðskiptum þeim, sem mál þetta snýst um. Telur aðalstefnandi að af framangreindum ástæðum beri gagnstefnanda að bæta honum allt það tjón, sem hann hafi beðið af því, að afhending fór ekki fram á umræddum vörum. Kveður hann tjón sitt í því fólgið, að hann hafi mist umboðslaun af vörunum og orðið fyrir hagnaðartapi við það að þær komu ekki. Þá hafi hann orðið skaðbótaskyldur gagnvart kaupendum varanna í Vestmannaeyjum meðal annars vegna þess að línur, sem hann hafi neyðst til þess að kaupa í stað þeirra, sem pantaðar voru hjá gagnstefnanda, hafi reynst miklu ver en til var ætlazt, þannig að kaupendur þeirra hafi orðið fyrir veiðarfæratjóni og aflamissi af þeim ástæðum. Hefir aðalstefnandi sundurliðað kröfur sínar þannig, að kr. 2752,50 sé hagnaðartap og umboðslauna, en kr. 5000,00 skaðabætur, er hann verði að greiða kaupendum og koma upphæðir þessar samanlagðar heim við hina umstefndu kröfu í aðalsök. Undir rekstri málsins hefir aðalstefnandi lækkað fyrri kröfuliðinn um kr. 9,81. Þá kemur það fram í málflutningnum, að aðalstefnandi hefir miðað kröfuupphæðina í aðalsök við það, að um vanefndir hafi verið að ræða hjá gagnstefnanda á afhendingu 375 tylfta af fiskilínum. Kveður aðalstefnandi, að auk þeirra 175 tylfta, sem talað er um hér að framan hafi hann pantað hjá gagnstefnanda 100 tylftir af línum á sitt eigið nafn og aðrar 100 tylftir til handa Birni Gottskálkssyni í Vestmannaeyjum. Hafi sömu skilmálar gilt um sendingar þessar og sendinguna til Jóns Einarssonar, en afhending á þeim hafi einnig þrugðizt hjá gagnstefnanda og sé hann því jafnframt skaðabótaskyldur vegna þeirra vanefnda. Telur aðalstefnandi aðalsökina höfðaða vegna vanefnda gagnstefnanda á afhendingu á öllu framangreindu vörumagni eða 375 tylftum af fiskilínum og hefir hann í samræmi við það krafizt þess, að dómur gangi í henni um skaðabótakröfu þá alla, sem hann telur sig eiga á hendur gagnstefnanda vegna vanefnda hans á afhendingu alls þessa vörumagns. En þar sem stefna aðalsakar fjallar eingöngu um þær 175 tylftir, er upphaflega áttu að send-

ast Jóni Einarssyni, en í stefnunni er ekki minnst á hinar 200 tylftirnar, er ekki heimilt gegn mótmælum gagnstefnanda að úrskurða í máli þessu um annað en viðskipti aðilanna að því er umræddar 175 tylftir snertir, og ætti því þegar af þessum ástæðum og eftir því sem að framan greinir, kröfuupphæðin í málinu að lækka um rúmlega helming.

Sýknukröfuna byggir gagnstefnandi á því, að hann hafi átt fullan rétt á, að fresta afgreiðslu umræddrar vörusendingar þar til aðalstefnandi, sem hafi orðið hinn raunverulegi kaupandi varanna, hefði greitt eða gert einhver skil fyrir andvirði umboðssöluvara þeirra, sem hann hafði áður fengið afhentar og verið í vanskilum fyrir. Þetta hafi aðalstefnandi ekki gert né heldur útvegað hina umsömdu bankatryggingu. Telur gagnstefnandi, að um engan afhendingardrátt eða vanefndir hafi því verið að ræða hjá sér, heldur geti aðalstefnandi sjálfum sér um kennt og vanrækslu sinni, að fá ekki vörurnar, og hafi krafa hans um skaðabætur því við engin rök að styðjast. Þá hefir gagnstefnandi dregið í efa, enda þótt svo yrði litið á, að um skaðabótaskyldu af hans hálfu væri að ræða, að aðalstefnandi sé réttur aðili nema að því er snertir fyrri kröfuliðinn, hagnaðartap og umboðslauna. Og loks hefir hann mótmælt bótaupphæðinni sem allt of hárri.

Það verður nú að fallast á það hjá gagnstefnanda, enda er það ljóst af þeim bréfaviðskiptum aðilanna, sem tilgreind eru hér að framan, að aðalstefnandi varð hinn raunverulegi kaupandi að þeim 175 tylftum fiskilína, sem mál þetta snýst um. Jafnframt kemur það greinilega fram, að hann skuldaði gagnstefnanda allmikla fjárhæð fyrir umboðssöluvörur, er hann hafði fengið til ráðstöfunar en ekki gert skil á, og virðist skuldin hafa verið orðin gjaldkræf á þeim tíma sem línurnar áttu að afhendast. Þá bar kaupanda línanna, eftir söluskilmálunum um þær eins og áður er sagt að setja bankatryggingu fyrir skilvísri greiðslu andvirðis þeirra, og mun það vera venja sé ekki sérstaklega öðrvísi um samið að tryggingin sé sett fyrirfram eða loforð fengið fyrir henni, og seljanda síðan áður en hann afgreiðir vörurnar send skilríki fyrir því, að hún verði fyrir hendi á sínum tíma. Nú þarf ekki í áðurgreindu bréfi gagnstefnanda frá 13. nóv. 1930 að felast

annað eða meira en það í hvaða formi hann hefir ætlazt til að bankatryggingin yrði endanlega sett. Hinsvegar verður af umræddu bréfi eða öðru, sem fyrir liggur, ekki ráðið neitt ákveðið um það hvenær tryggingin skyldi útveguð, hvort heldur fyrirfram eða ekki fyr en varan kæmi til viðtökustaðarins og verður því að láta um þetta atriði fara eftir fyrrgreindri venju. Það er nú að vísu svo, eins og drepið er á hér að framan, að gagnstefnandi bar það ekki fyrir sig fyrst, eftir að aðalstefnandi tók að ganga eftir línunum hjá honum, að bankatryggingu vantaði, heldur neitaði afhendingu á þeim nema með því skilyrði að ýms eldri viðskipti firmans hér á landi meðal annars við aðalstefnanda sjálfan væru gerð upp og því gerð skil að einhverju leyti. En þetta sýnir glögglega og aðalstefnanda hlaut að vera það ljóst, að gagnstefnandi treysti ekki greiðslugetu hans. Aðalstefnandi gerði þó ekki upp við gagnstefnanda eða gerði honum nokkur skil á inneign hans. Ekki útvegaði hann heldur bankatryggingu fyrir andvirði línanna og hann hefir ekki gegn mótmælum gagnstefnanda sannað, að honum hefði tekizt að láta tryggginguna í té síðar, hefði varan verið send án þess tryggingin væri þá fyrir hendi. Að öllu þessu athuguðu lítur rétturinn svo á, að gagnstefnanda hafi ekki verið skylt að afgreiða umræddar vörur eða með öðrum orðum að ekki hafi verið að ræða um afhendingardrátt hjá honum, og ber því að sýkna hann af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök og fella fyrrgreinda löghaldsgerð úr gildi.

Gagnsök. Að því er fyrsta lið gagnkröfunnar snertir, er hann þannig til kominn, að með bréfi, dags. 7. júlí 1930, pantaði aðalstefnandi vörur (fiskilínur) hjá gagnstefnanda til handa Ólafi Ásbjarnarsyni, kaupmanni hér í bæ. Sendi gagnstefnandi vörur þessar hingað upp í septembermánuði s. á. og voru þær seldar cif. Reykjavík og skyldu greiðast gegn afhendingu farmskírteinis í Landsbankanum hér. Samkvæmt framlögðum reikningi yfir vörurnar, dags. 15. sept. 1930, er brúttoverð þeirra talið £ 333—9—5 en frá því verði er á reikningnum dreginn 2½% afsláttur eða £ 8—2—9 svo að nettoverð þeirra er aðeins reiknað £ 325—2—8. Nefndur Ólafur innleysti nú ekki vörurnar og lágu þær því alllengi á skipaafgreiðslu hér í bænum, en loks fékk aðalstefnandi þær afhentar sam-

kvæmt ósk sinni í símskeyti dags. 18. febr. 1931, þó með ákveðnum fyrirmælum um það, að hann mætti ekki afhenda þær nema gegn staðgreiðslu eða bankatryggingu. Nú kveður gagnstefnandi að aðalstefnandi sé löngu búinn að selja vörurnar, en hinsvegar hafi hann aðeins greitt kr. 1100.00 upp í þær 23. ág. f. á. Beri honum því að standa skil á eftirstöðvum andvirðisins, en gagnstefnandi telur að leggja eigi brúttóverð reikningsins til grundvallar fyrir kaupverðinu, því að afslátturinn, sem tilfærður er á reikningnum, hafi að sjálfsögðu verið bundinn því skilyrði, að varan yrði greidd strax, og komi afslátturinn því ekki til frádráttar þar sem greiðsla hafi brugðizt. Þá telur gagnstefnandi, að aðalstefnanda beri að svara greiðslunni í gullpundum, Sterlingspundið hafi staðið í gullgengi er varan upphaflega var seld Ólafi Ásbjarnarsyni og það hafi enn verið í gullgildi er aðalstefnandi fékk vörurnar afhentar og seldi þær til viðskiptamanna sinna. Eigi aðalstefnandi því að sjálfsögðu að bera ábyrgð á því og honum að koma það í koll, að hafa ekki staðið skil á andvirðinu meðan að gengið á pundinu hélzt óbreytt, hvort sem vanskil hans hafi stafað af því, að hann hafi brotið á móti fyrirmælunum um það að selja vörurnar aðeins gegn staðgreiðslu eða hann hafi vanrækt það að skila af sér innkomnum peningum. Aðalstefnandi hefir viðurkennt það, að hafa tekið við umræddum vörum svo og að þær séu allar seldar. Hinsvegar hefir hann haldið því fram, að hið raunverulega söluverð þeirra frá gagnstefnanda hafi verið nettoverð það, sem tilgreint er á áðurgreindum reikningi. Þá hefir hann mótmælt því, að honum beri að greiða andvirði varanna með gullgengi pundsins, þar sem ekki hafi verið sérstaklega um það atriði samið og gengisfall ófyrirsjáanlegt er hann yfirtók þær. Og loks hefir hann krafizt þess, að auk þeirra 1100 króna, sem hann hafi þegar greitt upp í andvirðið, komi til frádráttar frá því ýms kostnaður, sem hann hafi orðið að greiða af vörunum svo og umboðslaun af þeim og þóknun fyrir fyrirhöfn og umstang við að koma þeim í verð.

Það má nú vel vera, að það hafi verið tilætlunin upphaflega ,að hið lægra verð reikningsins £325—2—8 skyldi aðeins gilda fyrir umræddar vörur yrðu þær greiddar strax. En gagnstefnandi hefir í bréfum sínum til aðalstefn-

anda svo og á viðskiptareikningi hans reiknað honum vörurnar með þessu verði, og verður hann því aðeins dæmdur til þess að standa skil á því.

Viðvíkjandi því ágreiningsatriði aðilanna með hvaða gengi umrædd skuld skuli greiðast liggur meðal annars fyrir í málinu yfirlýsing Verzlunarráðs Íslands á þá leið, að seljandi beri ábyrgð á gengisfalli þar til skuld er gjaldkræf, ef aðeins er selt í sterlingspundum án þess að nánar sé tekið fram um gengi þess gagnvart gulli eða gagnvart öðrum mynttegundum, og þykir verða að leggja þessa yfirlýsingu til grundvallar við úrskurð þessa ágreiningsatriðis. Nú lítur rétturinn svo á, að skuldin hafi eftir því sem á stóð verið gjaldkræf hjá aðalstefnanda jafnóðum og hann seldi vörurnar ,en í bréfi til gagnstefnanda, dags. 10. febr. f. á., skýrir hann svo frá, að hann hafi verið búinn að selja þær allar áður en sterlingspundið féll. Ber hann því samkvæmt framansögðu ábyrgð á gengisfallinu, og verður þá krafa gagnstefnanda um greiðslu skuldarinnar í gullpundum tekin til greina.

Er þá eftir að athuga liði þá, sem aðalstefnandi hefir krafizt, að komi til frádráttar skuldinni.

Í fyrsta lagi hefir hann haldið því fram, að yfirverð hafi verið á vörunum og hafi hann átt að njóta góðs af því. Á þetta hefir gagnstefnandi fallizt og telur hann að yfirverð það, sem hafi átt að renna til aðalstefnanda nemi £ 7—16—0 og hefir hann samþykkt að krafan verði lækkuð um þá upphæð.

Í öðru lagi hefir aðalstefnandi reiknað sér 75 krónur á mánuði í 13 mánuði í húsaleigu fyrir vörurnar. Þessari upphæð hefir gagnstefnandi mótmælt sem sér algerlega óviðkomandi og einnig sem allt of hárri. Nú hefir aðalstefnandi lagt fram reikning að upphæð kr. 150,00 frá Eimskipafélagi Íslands h/f. yfir kostnað við vörurnar. Eru kr. 20,00 af upphæðinni uppskipunarkostnaður en kr. 130,00 pakkhúsleiga í 6½ mánuð. Þykir aðalstefnandi ótvírætt eiga rétt á því að fá kostnað þenna greiddan, svo og þóknun fyrir húsnæði handa vörunum eftir að þær komu í vörzlur hans, og áætlast hún með tilliti til pakkhúsleigunnar kr. 100,00. Ber því að lækka kröfur gagnstefnanda um samtals kr. 250,00 samkvæmt þessum lið.

Í þriðja lagi hefir aðalstefnandi krafizt þess að til frá-

dráttar frá skuldinni komi kr. 60,00, sem hann telur sig hafa greitt fyrir vátryggingu á vörunum. En hann hefir engin skilríki lagt fram fyrir því, að hann hafi í raun og veru vátryggt þær og verður því þessi krafa hans ekki tekin til greina.

Þá hefir aðalstefnandi haldið því fram, að gagnstefnandi hafi í bréfi til sín, dags. 7. apríl 1931, lofað sér 10% afslætti á vörunum, og hefir hann á þeim grundvelli krafizt lækkunar á skuldinni í samræmi við það. Í bréfinu kemur það fram, að umræddur afsláttur var bundinn því skilyrði, að vörurnar væru seldar gegn staðgreiðslu eða með bankatryggingu. Þessi skilyrði uppfyllti aðalstefnandi ekki og verður því að fallast á það hjá gagnstefnanda að aðalstefnandi eigi ekki rétt á afslættinum.

Loks hefir aðalstefnandi reiknað sér 10% af andvirði varanna í umboðslaun og þóknun fyrir að innheimta það. En gegn mótmælum gagnstefnanda þykir aðalstefnandi aðeins eiga rétt á venjulegum umboðslaunum af vörunum og nema þau eftir því sem fyrir liggur 2½% eða af fjárhæð þeirri, sem hér um ræðir £ 8—0—2, og ber að lækka kröfuna um þá upphæð.

Samkvæmt framansögðu koma þá til frádráttar frá 1. lið gagnkröfunnar £ 8—2—9 + £ 7—16—0 + £8—0—2 og kr. 250.00 og nema þá eftirstöðvarnar £ 309—10—6 ÷ ísl. kr. 1350.00, en aðalstefnanda bera að greiða þá upphæð í gullsterlingspundum svo og vexti eins og krafizt hefir verið, þar eð aðalstefnandi hefir engum andmælum hreyft gegn því frá hvaða degi vaxtagreiðslan hefst.

Annan kröfulið gagnsakarinnar hefir gagnstefnandi sundurliðað þannig, að £ 36—15—8 skuldi aðalstefnandi samkvæmt framlögðum viðskiptareikningi þeirra. Frá þessari upphæð hefir þó gagnstefnandi samþykkt undir rekstri málsins að til frádráttar komi ótilfærð umboðslaun af vörunum til O. Ellingsen, kaupmanns hér í bænum, að upphæð kr. 43,25 eða £ 1—19—1 á gengi 22. 15. Aðalstefnandi hefir nú mótmælt réttmæti skuldar þessarar á þeim grundvelli að hann eigi inni hjá gagnstefnanda ótilfærð umboðslaun, er nemi hærri upphæð en skuldin. En gegn mótmælum gagnstefnanda hefir hann ekki sannað, að ótilfærð umboðslaun hans næmi meiru en upphæð þeirri, sem gagnstefnandi hefir samþykkt að frá verði dregin, og

verða því mótmæli hans gegn þessum hluta umrædds kröfuliðs ekki tekin til greina. Hinn hluta þessa kröfuliðs eða £ 25—2—1 kveður gagnstefnandi hinsvegar vera tíunda hluta af tapi því, sem hann hafi beðið í viðskiptum við Þ. Flygenring, er hann varð gjaldþrota, en aðalstefnandi hafi í bréfi til sín, dags. 27. nóv. 1930, lofað því að greiða 10% af öllu tapinu. En þar sem aðalstefnandi gerir gagnstefnanda aðeins í bréfi þessu tilboð um það, að greiða umræddan hluta tapsins ef gagnstefnandi óskar þess, en ekki er upplýst að hann hafi nokkru sinni tekið tilboðinu, þykir verða að fallast á það hjá aðalstefnanda, að hann sé ekki lengur bundinn við tilboðið og ber því að sýkna hann af greiðslu þessarar upphæðar, og verður hann þá aðeins dæmdur til þess að greiða £ 34—16—5 af kröfunni undir 2. lið gagnsakarinnar ásamt vöxtum eins og krafizt hefir verið.

Kröfuna undir 3. lið gagnsakarinnar (innheimtulaunin) hefir aðalstefnandi viðurkennt réttmæta ef svo yrði litið á, að hann hefði skuldað gagnstefnanda upphæð þá, sem innheimtulaunin eru reiknuð af er greiðsla á henni fór fram. Samkvæmt því sem að framan greinir er það greinilegt að svo var, og ber aðalstefnanda því að sjálfsögðu að greiða upphæðina undir þessum lið. Eftir framangreindum úrslitum og öllum málavöxtum þykir rétt að aðalstefnandi greiði gagnstefnanda kr. 800,00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök.

Það þykir aðfinnsluvert að gögn þau, sem aðallega skipta máli um úrslit máls þessa, hafa verið lögð fram á erlendri tungu og án þess að þýðing á íslenzku fylgdi.

Vegna embættisanna, sem og þess hve gögn málsins voru lögð fyrir á óaðgengilegan hátt hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Miðvikudaginn 18. okt. 1933.

Nr. 191/1932. **Páll Jónsson** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Verzlun A. & P. Kristjánssona
(Eggert Claessen).

Peningagreiðsla fyrir verkkaup talin innt af hendi áður en framsal verkkaupskröfunnar fór fram.

Dómur aukaréttar Þingeyjarsýslu 13. okt. 1932: Aðalstefndur í máli þessu, Páll Jónsson fv. bakari á Húsavík, greiði aðalsækjanda, verzlun A. & P. Kristjánssona á Húsavík, kr. 247,88 aura með vöxtum 5% p. a. frá 1. jan. þ. á. til greiðsludags.

Gagnstefndur, verzlun A. & P. Kristjánssona, sé sýkn af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni.

Í málskostnað greiði aðalstefndur aðalsækjanda kr. 50,00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess fyrir hæstarétti, að hinum áfrýjaða aukaréttardómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 384,50 ÷ kr. 247,88 eða kr. 136,62 svo og málskostnaðar í undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á aukaréttardóminum og málskostnaðar í hæstarétti.

Krafa áfrýjanda er þannig til orðin, að þann 26. jan. 1931 framseldi Jón A. Jónsson, sjómaður á Húsavík, honum verkkaupskröfu að upphæð kr. 384,50, er hann taldi sig eiga á hendur stefnda fyrir hirðingu á vél og aðra vinnu við vélbátinn Friðþjófur, er gerður var út af stefnda árið 1930. Þessu viðvíkjandi er það upplýst í málinu, að nefndur

Jón A. Jónsson var þetta ár ráðinn vélamaður á bátinn yfir vertíðina eða frá því um miðjan maímánuð til loka septembermánaðar með þeim kjörum, að hann skyldi fá hlut af afla bátsins, er leggjast átti inn í viðskiptareikning hans við stefnda, og að auki 300 kr. fyrir hirðingu vélarinnar, er greiðast skyldi í peningum. Að fiskiveiðunum enduðum eða í lok októbermánaðar 1930 voru reikningar yfir útgerð bátsins gerðir upp og var þá andvirði aflahlutar Jóns, ásamt 300 kr. fyrir vélarhirðinguna og kr. 84,50 fyrir aðra vinnu hans við bátinn færðar honum til tekna í verzlunarreikningi hans hjá stefnda. Eftir það fékk Jón vörur, milliskriftir og peninga í verzlunarreikning sinn hjá stefnda, þannig, að hann í árslokin skuldaði honum kr. 647,41.

Áfrýjandi byggir nú kröfu sína á því, að stefndi hafi samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 28. 19. maí 1930 verið óheimilt að færa verkkaupið í verzlunarreikninginn til skuldajafnaðar eða greiðslu eldri verzlunarskuldar og sé honum því skylt að greiða sér það í peningum samkvæmt framsalinu. Stefndi hefir hinsvegar neitað því, að verkkaupið hafi gengið til skuldajafnaðar eða greiðslu eldri verzlunarskuldar, en byggir fyrst og fremst sýknukröfu sína á því, að hann hafi verið búinn að greiða Jóni verkkaupið í peningum áður en framsalið fór fram. Þessu til sönnunar hefir hann vísað til viðskiptareiknings Jóns við sig, er lagður hefir verið fram í málinu, eigi hefir verið véfengdur og sýnir, að stefndi hefir á útgerðartíma bátsins eða frá 14. maí til loka september 1930 greitt Jóni í peningum samtals kr. 657,22, að meðtalinni greiðslu á 500 króna víxli til Sparisjóðsins á Húsavík, er eftir

eðli sínu og málflutningnum verður að teljast peningagreiðsla, og telur stefndi sig með þessum peningagreiðslum hafa greitt verkkaupið.

Það verður nú að fallast á það, að stefndi hafi mátt líta svo á, að hann með þessum peningagreiðslum hafi greitt til Jóns verkkaupskröfu þá, er hann svo sem áður segir, síðan framseldi áfrýjanda. Það verður því þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda í málinu og staðfesta hinn áfrýjaða aukaréttardóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Páll Jónsson, greiði stefnda, verzlun A. & P. Kristjánssona á Húsavík, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál það sem hér liggur fyrir, er í aðalsök þingfest þann 21. júlí þ. á. að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, en gagnsökin þingfest 30. júlí þ. á. og hafa málsaðilar komið sér saman um það, bæði í aðalsök og gagnsök, að mæta óstefndur fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu.

Tildrög málsins eru þau, að aðalsækjandi hefir með sáttakæru, dags. 5. júlí þ. á., sótt aðalstefnda til greiðslu á verzlunarskuld að upphæð kr. 247,88 auk vaxta 6% af skuldinni frá 1. jan. þ. á. til greiðsludags og sömul. krafizt þess, að hann greiði allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Þessum kröfum hefir aðalstefndi mótmælt, skírskotandi til þess, að hann hinn 26. jan. 1931 hafi keypt ávísun á aðalstefnanda að upphæð kr. 384,50 hjá vélamanni Jóni A. Jónssyni á Húsavík, og hefir því hafið gagnsök í máli þessu til þess, að fá sér dæmda nefnda upphæð með vöxtum 6% frá dagsetningu ávísunarinnar til greiðsludags, með eða án skuldajafnaðar við skuld þá, sem stefnt er út af í aðalsökinni og málskostnað bæði í aðalsök og gagnsök. Til stuðnings kröfum sínum í gagnsökinni heldur gagnsækjandi fram að hann hafi þann 26. jan. 1931 keypt framannefnda ávísun á gagnstefnda og þar sem hún hljóðar á ákveðna upphæð fyrir unnið verkkaup árið 1930, sem er nánar tiltekið og sundurliðað með bréfi útgefanda ávísunarinnar til gagnstefnda dags. sama dag og ávísunin var gefin út, þá sé gagnstefndi skyldur til samkv. lögum nr. 28, 19. maí 1930, um verkkaup, að standa sér skil á upphæðinni út úr viðskiptareikningi útgefanda ávísunarinnar við verzlun gagnstefnda, þar sem verkkaupgreiðslan hafi í heimildarleysi verið færð í reikning í stað þess, að koma sér til útborgunar. Gagnstefndi hefir eindregið mótmælt því, að hann skuldi útgefanda ávísunarinnar hið umrædda verkkaup og sérstaklega haldið fram í gagnsökinni, að gagnstefndi sé ekki réttur aðili til þess í máli þessu, að krefja sig um verkkaupgreiðslu og krafizt algerðrar sýknu í gagnsökinni.

Eins og skjöl málsins bera með sér, hefir gagnsækjandi í máli þessu keypt eða réttara sagt fengið ávísun þá að upphæð kr. 384,50, sem gagnsökin er út af risin, hjá útgefanda ávísunarinnar upp í húsaleigu f. árið 1930, og sömuleiðis er það upplýst að ávísunin er gefin út á vélarpössun og vinnu við vélbátinn „Friðþjóf" frá Húsavík árið 1930. Virðist því úrslit gagnsakarinnar í máli þessu velta á því, hvort útgefandi ávísunarinnar átti að réttu lagi inni hjá gagnstefnda hið umrædda verkaup, þann 26. jan. 1931 og hvort gagnsækjandi hafi með því að fá ávísunina hjá útgefanda hennar, öðlast sama rétt og hann gegn gagnstefnda samkv. lögum nr. 28, 19. maí 1930, en á hvorugt þetta verður hægt að fallast.

Gegn eindreginni neitun gagnstefnda á því, að hann skuldi hið umrædda verkkaup verður það ekki talið nægilega sannað, en jafnvel þótt svo væri, verður að telja rétt

þann, sem þeim er veittur með lögum nr. 28, 19. maí 1930, sem verkkaup eiga, algerlega persónulegan rétt, sem ekki er hægt að framselja öðrum eða láta ganga kaupum og sölum sbr. sérstaklega 4. gr. nefndra laga, er sýnir það, að einungis þeir geta krafist einkalögreglumálsmeðferðar samkv. nefndum lögum, sem unnið hafa fyrir verkkaupi.

Samkv. framansögðu verður því ekki í gagnsökinni hægt að taka kröfur gagnsækjanda til greina, en í aðalsök hefir kröfu aðalsækjanda ekki verið sérstaklega mótmælt sem rangri og verður því að dæma aðalstefndan til þess, að greiða hina, umstefndu upphæð með vöxtum 5% p. a. frá 1. jan. þ. á. til greiðsludags.

Málskostnað í aðalsök og gagnsök ber að dæma aðalstefnda til þess að greiða aðalstefnanda og virðist hæfilega metinn 50,00 krónur.

Dráttur lítilháttar, sem orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar sumpart af fjærveru dómarans, sumpart af embættisönnum þegar heim kom.

Föstudaginn 20. okt. 1933.

Nr. 35/1933. **Halldór Kr. Þorsteinsson**
(Eggert Claessen)
gegn
Carli Finsen, f. h. Trolle & Rothe h/f, vegna Bergens Assuranceforening og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Björgunaraðstoð.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 25. marz 1933: Stefndur, Carl Finsen, f. h. Trolle & Rothe h.f., vegna Bergens Assuranceforening, greiði stefnanda, Halldóri Kr. Þorsteinssyni, kr. 15.000.00 auk 5% ársvaxta frá 2. dezember 1932 til greiðsludags og útlagðan kostnað og málskostnað með kr. 1100.00 og hefir stefnandi sjóveðrétt í s/s. Ingerto frá Bergen fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar af hálfu beggja málsaðilja.

Eins og getið er í forsendum hins áfrýjaða dóms tókst skipverjum á Ingerto að koma í lag bráðabirgðar stýrisútbúnaði á skipinu og var því verki lokið kl. 8,30 hinn 12 nóv. s. l., svo að skipið lét þá að stjórn. Í málinu eru engar upplýsingar fyrir hendi um það hvernig stýrisútbúnaði þessum var hagað, en ferð skipsins til Reykjavíkur þá um daginn er vottur þess, að við hann mátti notast ef varúðar var gætt. Með hliðsjón af þessu og með því ennfremur að gufuvél skipsins var í góðu lagi og að loftskeytatæki þess voru nothæf, verður ekki litið svo á að Ingerto hafi verið stödd í neyð, er hjálp sú var veitt, er ræðir um í málinu. Verður sú hjálp því eigi talin björgun samkv. 229. gr. siglingalaganna og aðaláfrýjanda eigi dæmd björgunarlaun, en hinsvegar á hann rétt á borgun fyrir aðstoð þá, er veitt var og þykir sú borgun eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 10000,00 krónur, er greiðist með 5% ársvöxtum frá 2. dez. 1932 til greiðsludags. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sjóveðrétt ber ex officio að fella úr gildi með því að það hefir eigi við lög að styðjast. Með tilliti til þess, að aðaláfrýjandi greiddi 400 kr. kostnað við skoðunargerð á Ingerto, þykir eigi ástæða til að lækka málskostnaðarupphæð þá, er honum var tildæmd í sjóréttinum, en málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Carl Finsen, f. h. Trolle & Rothe h/f., vegna Bergens Assuranceforening,

greiði aðaláfrýjanda, Halldóri Kr. Þorsteinssyni, kr. 10,000,00 með 5% ársvöxtum frá 2. dez. 1932 til greiðsludags og málskostnað í sjóréttí með 1100 krónum, en málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með stefnu, dags. 2. desember 1932, höfðað fyrir sjódóminum af Halldóri Kr. Þorsteinssyni, hér í bæ, eiganda b/v Max Pemperton R. E. 278 gegn Carl Finsen, f. h. Trolle & Rothe h/f. hér í bæ, vegna Bergens Assuranceforening, Bergen, til greiðslu á kr. 40,000,00 eða til vara eftir réttarins mati fyrir björgun á skipinu e/s Ingerto frá Bergen, þann 12. nóv. f. á., en til vara þóknun fyrir aðstoð veitta nefndu skipi í þetta sinn, eftir mati réttarins, þó ekki undir 27000 krónum, ásamt 6% ársvöxtum af hinni tildæmdu upphæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi, er nemur kr. 1959,50. Loks krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í s/s Ingerto fyrir hinni tildæmdu upphæð.

Stefndur hefir hinsvegar mótmælt framannefndum kröfum stefnanda, kröfunni um björgunarlaun sem fjarstæðu og kröfunni fyrir aðstoð sem allt of hárri, en krafizt að stefnanda verði aðeins tildæmd sanngjörn þóknun fyrir aðstoð eftir réttarins mati og vaxtakrafan lækkuð í 5% en málskostnaður felldur niður þar sem stefndur hefði að sjálfsögðu greitt einhverja sanngjarna upphæð án dóms ef farið hefði verið fram á það.

Málavextir eru sem nú skal greina. Föstudaginn 11. nóvember f. á, kl. 24 var s/s Ingerto, sem er 3088 br. tonn en 1773 nt. tonn, hlaðið 4100 tonnum af kolum á ferð sinni frá Gdynia til Reykjavíkur, statt 35 sm. S. A. af Reykjanesi samkvæmt skýrslu 2. stýrimanns, sem þá fór af verði. Hafði skipið þenna dag fengið aftaka veður og

stórsjó og orðið fyrir nokkrum áföllum. Kl. 24 kom 1. stýrimaður á vörð, auk hans voru á verði 2 hásetar, Larsen og Fröland. Hinn síðarnefndi var við stýrið frá kl. 2. Kl. nær 3 kveðst Larsen hafa ætlað að taka við af Fröland, en í því að Larsen ætlaði upp á efri stjórnpall sá hann sjó koma inn frá bakborðskinnung, er reið yfir skipið og braut það, en síðan vissi þetta vitni ekki af sér fyrr en hann raknaði við undir braki á þilfarinu. Þá hefir 2. vélstjóri, sem hafði vörð í vélarrúmi borið það sem vitni, að kl. rúmlega 3 hafi hann veitt því eftirtekt, að vélsíminn hringdi eðlilega en stöðvaðist á: „Ferdig med Maskinen" og samtímis kom væta niður í vélarúmið. Vitnið skynjaði því, að hér var ekki allt með felldu, og gerði því 1. vélstjóra aðvart og kom hann nokkrum mínútum síðar í vélarrúmið og kvaðst engan mann sjá uppi á skipinu. Vakti hann þá kl. 3,15 2. og 3. stýrimann, sem þegar komu á þilfar. Kom þá í ljós, að brotsjór hafði riðið yfir skipið, að skipstjóra, 1. stýrmanni og hásetanum Fröland hafði skolað útbyrðis, en efri og neðri stjórnpallur og „salonghús" miðskipa voru gersamlega brotin, ennfremur hafði skipið mist stýrisumbúnað, áttavitann, skriðmæli, lóðlínu, sjókort og skipsbækur. Skipun var strax gefin um að stöðva vélina og við nánari athugun sýndi sig að skipið var þétt. Þá var og strax tekið að útbúa neyðarstýri og hafði það tekizt um 5 leytið, þá var reynt að fá afturenda skipsins upp í vindinn með hægri ferð aftur á bak, en þá reið sjór yfir skipið og braut neyðarstýrið, samtímis þessu var sent loftskeyti frá skipinu um ástand þess og manntjón. Reynt var ennfremur að koma í lag bráðabirgðastýrisútbúnaði en sökum myrkurs og stórsjóar tókst það ekki og rak þá skipið stjórnlaust fyrir vindi, sem var af suðri. Um nóttina hlutu tveir hásetar meiðsl svo þeir virðast ekki hafa verið verkfærir, en áhöfn skipsins var upphaflega 30 manns. Kl. 8,30 hafði tekizt að koma upp bráðabirgða stýrisútbúnaði svo skipið lét að stjórn.

Hina sömu nótt var b/v Max Pemberton á leið frá Englandi kominn í námd við Vestmannaeyjar. Hafði loftnet skipsins skemmzt að kvöldi þess 11., en var komið það í lag aftur um kl. 8 þann 12., að hægt var að taka á móti skeytum og fréttist þá í gegnum Vestmannaeyja loft-

skeytastöð að s. s. Ingerto sé í sjávarháska 35 sm. SSO af Reykjanesi og skip beðin að fara því til hjálpar. Kl. að ganga 9 voru loftskeytatæki b/v Max Pemberton komin í fullt lag og tókst þá að komast í beint loftskeytasamband við s. s. Ingerto kl. rúmlega 9. Segist s. s. Ingerto þá vera 30 sm. SO af Reykjanesi, en eftir því sem af líkum má ráða var þetta ágiskun. Lét b/v Max Pemberton þá s. s. Ingerto vita, að hann gæti verið kominn á staðinn kl. 12,30 ef staðurinn væri réttur og skipið fyndist sökum misturs. Setti M. P. síðan á svo mikla ferð sem unnt var og var kominn á hinn uppgefna stað kl. 12,30, en s. s. Ingerto sást þar ekki, enda var þá svo mikið mistur, að ekki mátti búast við að sjá skipið ef það var fjær en 3 sm. En kl. 13,40 fann M. P. skipið í 8 sm. fjarlægð NV frá þeim stað, sem upp hafði verið gefinn kl. 9, þ. e. a. s. 22 sm. SÖ¼ af Reykjanesi, og skipstjórinn á Max Pemberton bar það fyrir sjóréttinum, að með þeirri veðurhæð, vindstöðu og sjógangi sem var, hafi s. s. Ingerto rekið undan veðri og sjó í N til Ö sem er stefna í land, og að hættulegt hefði verið fyrir skipið að hreyfa sig eins og á stóð, þar sem skipið hafði ekkert til að stýra eftir og landsýn var engi. Vegna storms og sjógangs gátu skipin ekki nálgast svo að kalla mætti á milli þeirra og töluðust þau því við gegnum loftskeytatækin. Bauð Max Pemberton fyrst að nota trawlvírana fyrir dráttartaug og því næst bað hann s/s Ingerto að vera viðbúna því, að skjóta ætti með eldflugu línu milli skipanna, en þá svarar s/s Ingerto, samkvæmt því sem segir í sjóferðaskýrslu M. P. að þeir séu búnir að koma fyrir bráðabirgðastýri og þeir vilji reyna fyrst hvort ekki megi stjórna skipinu með því, áður en þeir taki við dráttartaug og biður M. P. að stýra á undan í hæfilegri fjarlægð. Í skýrslu 2. stýrimanns á s. s. Ingerto, sem gefin er fyrir norska aðalkonsúlnum í Reykjavík, segir aftur á móti, að 2. stýrimaður á s. s. Ingerto og skipstjórinn á M. P. hafi álitið ekki mögulegt sökum sjógangs að „faa slebeforbindelse“ og þar sem „man hadde styring paa skipet“ hafi það verið ákveðið að Ingerto fylgdi á eftir M. P. í höfn.

Kl. laust fyrir 14 var lagt af stað og fór M. P. ¼ sm. á undan s. s. Ingerto og var nokkurnveginn haldið því bili á milli skipanna alla leið til Reykjavíkur. Segir í skýrslu

M. P. að Ingerto hafi stýrt sæmilega ef farið var hægt og hafi aðeins einu sinni þurft að stoppa nokkrar mínútur til þess að laga stýrisútbúnaðinn og var það út af Garðskaga. Kl. 18,20 var farið fram hjá Reykjanesi og komið inn í Engeyjarsund kl. 24. Kom þá hafnsögubáturinn og leiðbeindi Ingerto á legustað á ytri höfninni og varpaði hún atkerum kl. 0,30 þann 13. nóvember.

Þegar b/v. Max Pemberton hitti s. s. Ingerto kl. 13,40 var fjarlægð hennar frá næsta landi, Krísuvíkurbergi, ca. 10 sm. og ástand þannig, að skrokkur, vél og loftskeytatæki voru í góðu lagi og stýrisútbúnaður í því lagi, að notast mátti við hann með varúð eins og veðri var þá háttað, en það fór batnandi þannig að kl. 8 var vindur af suðri 8 stig í Vestmannaeyjum og á Reykjanesi, en 7 stig í Grindavík; kl. 14 og 17 í Vestmannaeyjum 7 stig en 6 stig í Grindavík kl. 17. Það sem hindraði ferð skipsins var illt skygni, þó batnaði það, er á daginn leið, því kl. 8 var skygni í Grindavík 4—10 km., en kl. 17 var það orðið 10—20 km. Um skygni frá skipunum, eftir að þau hittust, er það upplýst, að háseti sem var á verði á Max Pemberton kl. 12—16 kveðst ekki hafa séð land þenna tíma vegna sorta, og 1. stýrimaður á sama skipi, sem var á verði frá kl. 16, kveðst ekki hafa séð land vegna misturs fyrr en Reykjanesviti sást og var það í 5 sm. fjarlægð frá honum. Það skal tekið fram að tungl var í fyllingu.

Það er upplýst í málinu, að s. s. Ingerto með loftskeytasambandi við b/v Venus laust fyrir hádegi hafði fengið vitneskju um stað sinn, en þrátt fyrir þetta var það varlegast eins og hún virðist hafa gert, að halda sem mest kyrru fyrir þar til Max Pemberton kom, þótt stýrisútbúnaður hennar væri kominn í nothæft lag, en hættan á því að skipið ræki í land virðist hafa verið liðin hjá og skipinu ekki voði búinn þótt það hefði látið fyrirberast á líkri slóð þann dag til kvölds og næstu nótt þar sem bæði veður lægði og skygni batnaði en næsta dag var bjart og gott veður. Sjóréttirinn getur því ekki litið svo á, að um björgun s. s. Ingerto hafi verið að ræða, en skip þetta var af dómkvöddum mönnum metið í því ástandi sem það var í er það kom í höfn kr. 211500,00, kolaforði þess kr. 4568,00 og farmur kr. 94300,00, samtals kr. 310368,00.

Þóknun b/v Max Pemberton ber nú að meta með til-

liti til starfs þess, er fram var lagt og fólgið var í því fyrst og fremst að leita skipið uppi og síðan leiðsögn þess og fylgd til Reykjavíkur og þá með tilliti til tafar þeirrar fyrir M. P., sem þetta hafði í för með sér. Hvort sem nú för M. P. var heitið á fiskimið, eins og stefnandi heldur fram, eða beinlínis til Reykjavíkur svo sem stefndur segir, þá verður ekki um það efast, með hliðsjón af árstíma og leið skipsins að förinni var heitið vestur fyrir Reykjanes; fór hann því í siglingu sinni til s. s. Ingerto, burtséð frá tímanum 12,30 til 13,40, ekki neitt sem nam úr beinni siglingarleið frá Stórhöfða fyrir Reykjanes. Hin forseraða ferð hefir aftur haft í för með sér aukna kolaeyðslu og áreynslu á vél, skip og skipshöfn. Er áætla skal töf skipsins við og vegna hinnar veittu aðstoðar verður að leggja til grundvallar staðhæfingu stefnanda um það, að M. P. hafi án viðkomu í Reykjavík ætlað á veiðar, þar sem ekkert er fram komið í málinu er bendi til þess, að viðkoma í Reykjavík hafi verið nauðsynleg áður en hann færi á veiðar. Samkvæmt þessu telst öll töf M. P. vegna afskipta hans af Ingerto að hafa numið um 2 sólarhringum, þar sem sunnudagur fór í hönd er skipin komu til Reykjavíkur og sjóferðapróf var ekki haldið fyrr en á mánudag eins og gert var.

Að athuguðum framangreindum málavöxtum þykir þóknun sú, sem stefnanda ber, hæfilega ákveðin kr. 15000,00 auk 5% ársvaxta frá stefnudegi til borgunardags. Svo þykir rétt að stefndur greiði stefnanda annan útlagðan kostnað og málskostnað með kr. 1100,00. Fyrir hinum tildæmdu upphæðum hefir stefnandi krafizt sjóveðréttar í s. s. Ingerto og hefir stefndur ekkert haft við þá kröfu sérstaklega að athuga, og er því krafa þessi tekin til greina.

Miðvikudaginn 25. okt. 1933.

Nr. 94/1933. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Hallgrími Guðmundssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 27. maí 1933: Kærði, Hallgrímur Guðmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar telst frá uppsögn dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá uppsögn dóms þessa.

Kærði, Hallgrímur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í

hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Sveinbjarnar Jónssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hallgrími Guðmundssyni, verkamanni, til heimilis á Laugavegi 57 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina og upplýstir eru með eigin játningu kærða, sem er í samræmi við annað, er fram hefir komið í málinu.

Um miðjan apríl síðastliðinn tók kærði á leigu kjallaraherbergi í húsinu nr. 14 við Bræðaborgarstíg, hér í bænum og hinn 25. sama mánaðar byrjaði hann svo að brugga áfengi í fyrrgreindu herbergi. Lagði hann þá í tvær tunnur 100 lítra af áfengislögun hvora og lét lögunina gerjast í 9 daga. Tók hann þá til að sjóða hana og notaði til þess olíugasvél til hitunar, blikkbrúsa sem hann sauð á, eimingarpípu úr eir og kæliílát. Úr þessari lögun fékk kærði 50 heilflöskur af fullbrugguðu áfengi, sem hann seldi óblandað á 9 krónur heilflöskuna, en er hann seldi aðeins hálfflösku í einu var verðið 5 krónur hálfflaskan. Kveðst kærði hafa selt allt þetta áfengi við framangreindu verði hinum og þessum, sem hann ekki hefir tilgreint, og fór salan fram hingað og þangað á götum bæjarins, en ekki heima hjá kærðum.

Um síðastliðin mánaðarmót flutti kærði úr herbergi þessu. Flutti kærði bruggunartækin sumpart heim til sín og sumpart kom hann þeim í geymslu inni í Bjarnaborg, en eimingarpípunni kveðst hann hafa fleygt. Hafa bruggunartækin að eimpípunni undanskilinni fundizt samkvæmt tilvísun kærða á fyrrgreindum stöðum.

Framangreint brot kærða varðar við 6. gr. sbr. 30. gr. og 11. gr. sbr. 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930 og þykir refsing hans, sem hinn 25. marz s. l. var í lögreglurétti Reykjavíkur dæmdur í 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt fyrir sama brot, en hefir

ekki svo kunnugt sé oftar sætt refsingu, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 27. okt. 1933.

Nr. 59/1932. **Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Efnagerð Reykjavíkur h/f
(Th. B. Líndal).

Endurgreiðsla aðflutningsgjalds að frádregnum vörutolli. Umrædd vara eigi talin koma undir tolllögin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1932: Stefndur, fjármálaráðherra Ásgeir Ásgeirsson, f. h. ríkissjóðs, greiði stefnandanum, h/f Efnagerð Reykjavíkur, kr. 28,50, svo og kr. 60,00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Vara sú, sem ræðir um í máli þessu, hinn svonefndi bitri kakao „massi" eða kakaodeig, er eftir því sem upplýst er kjarni úr baunum choco trésins, er hitaður hefir verið upp, svo að fituefnin í honum bráðni, og síðan rennt í mót og látinn kólna. Úr vöru þessari eru síðan aðrar vörur unnar, bæði súkkulaði og kakaodupt. Við þá vinnslu eru ýmist efni leyst úr deiginu eða nýjum efnum blandað við

það, og er aðferðin við vinnslu þessa fjölþætt og notaðar við hana ýmiskonar vélar.

Í 1. gr. tolllaganna nr. 54, 11. júlí 1911, sbr. l. nr. 41, 27. júní 1921, 1. gr., er aðflutningsgjald lagt á súkkulaði og á kakaodupt. Hinsvegar er þar ekki lagt sérstaklega aðflutningsgjald á kakaodeig. Með hliðsjón af því, hvernig kakaodeigið, svo sem áður var sagt, er notað sem efnivara í hinar nefndu gjaldskyldu vörutegundir, og með því að telja verður það sérstaka vörutegund, er í verzlun og viðskiptum sé skýrt greind frá þeim, þá verður ekki talið heimilt að líta svo á, að það falli undir aðra hvora hinna nefndu vörutegunda í tolllögunum, né að krafið verði um aðflutningsgjald af því, samkvæmt lögjöfnuði frá nefndum ákvæðum tolllaganna. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en málskostnað í hæstarétti þykir rétt að áfrýjandi greiði hinu stefnda hlutafélagi með 250 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnda, Efnagerð Reykjavíkur h/f, málskostnað í hæstarétti með 250 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir í máli þessu eru þeir, að síðan á árinu 1927 hefir h/f. Efnagerð Reykjavíkur hér í bænum flutt til landsins töluvert af bitrum kakaómassa og notað hann til framleiðslu á suðusúkkulaði. Var fyrst í stað tekinn sami tollur af vörutegund þessari og tekinn var af suðusúkkulaði eftir lögum um aðflutningsgjald nr. 54 frá 11. júlí 1911, sbr. lög nr. 41 frá 27. júní 1921, en með úrskurði

fjármálaráðuneytisins frá 11. marz var þessu breytt og kakómassinn eftir það tollaður sem kakaódupt. Með e.s. „Lyru", sem kom hingað til bæjarins 3. nóv. f. á. fékk Efnagerðin 51,5 kg. brúttó en 50 kg. nettó af bitrum kakómassa. Krafði tollstjórinn í Reykjavík þá Efnagerðina um sama innflutningsgjald af sendingu þessari og tekið er af kakaódupti samkvæmt áðurgreindum lögum eða 50 aur. pr. kg. auk 25% gengisviðauka og nam reikningur tollstjórans þannig kr. 31,50, og greiddi Efnagerðin hann með fyrirvara 13. nóv. f. á. Heldur Efnagerðin því fram að umrædd vara, bitur kakómassi, hafi hingað til verið ranglega tolluð sem kakaódupt og suðusúkkulaði og byggir þá staðhæfingu á því, að massinn sé óunnið efni, hráefni, sem ekki verði notað í áðurgreindar vörutegundir án allverulegra breytinga og geti því ekki talizt heyra undir þær. Í áðurgreindum lögum sé hinsvegar tæmandi upptalning á vörutegundum þeim, sem falli undir þau. Kakaómassi sé ekki nefndur sérstaklega í lögunum og verði því að sjálfsögðu ekki tollaður eftir þeim. Lítur Efnagerðin svo á, að af kakómassa beri aðeins að greiða vörutoll eftir lögum nr. 38 frá 27. júní 1921, 1. gr. 7. lið með 60 aurum pr. 10 kg. eða samtals kr. 3,00 af sendingu þeirri, sem hér um ræðir. Telur hún sig þannig hafa ofgreitt ríkissjóði kr. 28,50 af margnefndri sendingu og hefir nú eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað mál gegn fjármálaráðherra, Ásgeiri Ásgeirssyni, f. h. ríkissjóðs, með stefnu, útgefinni 18. nóv. f. á., og gert þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur til þess að endurgreiða áðurgreinda upphæð, kr. 28,50, svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og hæfilegs málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins.

Sýknukröfuna byggir stefndur á því, að margnefnt efni, bitur kakaómassi, sé í raun og veru sama efni og kakaódupt. Ef kakaómassi sé mulinn fáist hreint kakaódupt úr honum og sé þetta svo einfalt, að það geti jafnvel hver húsmóðir gert heima hjá sér í „mortjeli" sínu. Þá telur stefndur og að ekki þurfi að breyta kakaomassa nema mjög óverulega til þess að fá úr honum biturt (ósætt) súkkulaði. Heldur stefndur því fram, að samkvæmt

framansögðu heyri kakaomassinn undir tollögin nr. 54/1911 sbr. lög nr. 41/1921 og sé full heimild til að tolla hann hvort sem heldur er eins og súkkulaði eða kakaódupt og sé það á valdi tollstjórnarinnar, að ákveða undir hvora vörutegundina hann sé talinn heyra.

Í málinu hefir verið lagt fram staðfest eftirrit af bréfi frá efnarannsóknarstofu ríkisins til stefnanda þess efnis, að kakaómassi sé að öllu leyti venjuleg óunnin vara án nokkurrar íblöndunaar og það kemur greinilega fram í málinu, að hann óbreyttur verður hvorki notaður sem kakaódupt eða súkkulaði. Sé kakaómassi notaður til framleiðslu kakaódupts mun fyrst þurfa að ná úr honum fitunni (kakósmjöri) með þar til gerðum vélum og síðan mala það sem þá verður eftir. Sé hann hinsvegar notaður til súkkulaðiframleiðslu mun einnig þurfa að breyta hinu upprunalega ásigkomulagi hans og bæta í hann ýmsum öðrum efnum. Er því kakómassi sem slíkur hvorki kakaóduft eða súkkulaði tilbúið til neytzlu eða getur talizt heyra undir þessar vörutegundir, og lítur því rétturinn svo á, að hann hafi verið ranglega tollaður samkv. ákvæðum áðurgreindra tollaga nr. 54/1911 og 41/1921 um vörutegundir þessar og verða þá úrslit málsins þau, að krafa stefnanda um endurgreiðslu á fyrrgreindum kr. 28,50 vegna kakaómassa sendingar þeirrar, er hér um ræðir, verður tekin til greina. Svo þykir og rétt að dæma stefndan til þess að greiða stefnanda kr. 60,00 í málskostnað.

Mánudaginn 30. okt. 1933.

Nr. 13/1933. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)
gegn
Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, hreppsnefnd Flateyjarhrepps, Bergi Jónssyni sýslumanni og Sigfúsi Bergmann kaupfélagsstjóra
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Staðfesting uppboðs.

Uppboðsgerð Barðastrandarsýslu 15. marz 1930.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 15. marz 1930 fór fram uppboð í Flatey á Breiðafirði á ýmsum eignum áfrýjanda. Uppboðið fór fram samkv. kröfu fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, til lúkningar á dómskuld áfrýjanda við ríkissjóð að upphæð kr. 61192,47 auk vaxta og kostnaðar. Á uppboðinu voru nokkrar húseignir í Flatey ásamt lóðarréttindum og mannvirkjum þar, tveimur skipum og parti úr jörðinni Skálmardal í Múlahreppi, allar boðnar upp í einu lagi og varð uppboðsbeiðandi hæstbjóðandi fyrir 21100 kr., en næsta boð átti hreppsnefnd Flateyjarhrepps, 21000 kr. Með samþykki uppboðsbeiðanda voru eignir þessar lagðar hreppsnefndinni út fyrir boð hennar, og fékk hún uppboðsafsal fyrir þeim, en síðan virðast nokkrar þeirra vera komnar í eign Kaupfélagsins í Flatey.

Uppboðsgerð þessari skaut áfrýjandi til hæstaréttar með stefnu, útg. 8. apríl 1930, og var því máli, með dómi réttarins 30. nóv. 1932, vísað frá dómi. Hefir áfrýjandi nú með stefnu, útg. 22. febr. s. l., skotið máli þessu á ný til hæstaréttar samkv. 27. gr.

hæstaréttarlaganna, og stefnt uppboðsbeiðandanum, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, hreppsnefnd Flateyjarhrepps, uppboðshaldaranum, Bergi sýslumanni Jónssyni, og loks Sigfúsi Bergmann kaupfélagsstjóra „til þess, ef þurfa þykir, að gæta hagsmuna kaupfélagsins", eftir því sem komizt er að orði í stefnunni. Krefst áfrýjandi þess að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði ómerkt og að útgefin uppboðssafsöl verði úr gild felld, og loks að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað í hæstarétti. Af hálfu stefndu er þess krafizt, að uppboðsgerðin verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í hæstarétti.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að hann hafi, áður en uppboðið fór fram, átt kost á að selja nokkurar af hinum umræddu eignum með hagkvæmum hætti, en þau kaup hafi farizt fyrir sakir þess, að fjármálaráðherra hafi neitað að samþykkja þau. Fjármálaráðherra hafði í marzmánuði 1928 látið leggja löghald á eignir áfrýjanda til tryggingar kröfum ríkissjóðs á hendur honum. Umrædd synjun ráðherra á samþykki á sölu eignanna átti sér stað áður en fjárnám var gert í þeim, 6. júní 1929, og þegar af þeirri ástæðu að sú fjárnámsgerð var staðfest með dómi hæstaréttar 4. dez. 1929 getur þessi ástæða eigi haggað gildi hins áfrýjaða uppboðs.

Í annan stað hefir áfrýjandi haldið því fram, að ómerkja beri hina áfrýjuðu uppboðsgerð vegna galla, er hann telur hafa verið á birtingu uppboðsins. Telur hann, að uppboðsauglýsingunni hafi verið áfátt í því að þar hafi þess eigi verið getið hver ætti eignir þær, er selja skyldi, þar hafi eigi verið greint fyrir hverju eignirnar ætti að selja og loks

hafi ekki verið nægilega kveðið á um það, hvar halda ætti uppboðið. Uppboðsauglýsingin er dagsett 14. dez. 1929, þar er þess að vísu eigi getið, hvers eign eignir þær, er selja skyldi, séu en með því að þær þrátt fyrir það eru nægilega skýrt tilgreindar í auglýsingunni, þá getur þessi ástæða eigi valdið ómerkingu uppboðsgerðarinnar. Í auglýsingunni er aftur á móti kveðið á um það berum orðum, að eignirnar séu seldar til lúkningar dómskuld að upphæð kr. 61192,47 auk vaxta og kostnaðar. Hvað uppboðsstaðinn snertir þá er í auglýsingunni að vísu aðeins sagt að uppboðið verði haldið í Flatey á Breiðafirði og er ekki nánar tilgreint hvar á eyjunni það skuli haldið. En stefndu hafa ómótmælt haldið því fram, að það hafi verið auglýst í Flatey að morgni uppboðsdagsins í hvaða húsi uppboðið skyldi hefjast, og verður því einnig að þessu leyti að telja uppboðið birt svo að fullnægjandi sé.

Í uppboðsauglýsingunni frá 14. dez. 1929 eru meðal eigna þeirra, er seldar skyldu, talin sjö nánar tilgreind hús í Flatey. Uppboðið fór fram að undangengnu fjárnámi, er gert var 6. júní 1929, svo sem áður er getið. Í fjárnámsgerð þessari eru hús þessi eigi talin upp sérstaklega, heldur aðeins sagt, að fjárnámi séu tekin hús þau, sem samkvæmt auglýsingu í Lögbirtingablaðinu nr. 7, 1927, voru auglýst til sölu úr þrotabúi Guðmundar Bergsteinssonar í Flatey, að undanskildu svokölluðu Eyjólfshúsi. Áfrýjandi telur nú að ósamræmi sé á fjárnámsgerðinni frá 6. júní 1929 og uppboðsauglýsingunni frá 14. dez. s. á., með því að önnur hús séu nefnd í hinni fyrri uppboðsauglýsingu, er dags. er 29. jan. 1927 og til er vitnað í fjárnámsgerðinni, en í auglýsingunni frá 14. dez. 1929, en með því að öll

þau hús er talin voru í hinni síðarnefndu auglýsingu, einnig eru talin í auglýsingunni frá 29. jan. 1927, þá hafa eigi aðrar eignir verið seldar á hinu áfrýjaða uppboði en þær, er fjárnámi höfðu verið teknar við fjárnámsgerðina 6. júní 1929, sem var heimild hins áfrýjaða uppboðs. Verður þessi málsástæða áfrýjanda því eigi tekin til greina.

Þá fær það heldur ekki varðað ógildingu uppboðsins, að næstbjóðanda hreppsnefnd Flateyjarhrepps, voru lagðar út eignirnar fyrir boð hennar, enda er því ómótmælt haldið fram af hinum stefndu, að áfrýjanda hafi verið taldar eignirnar til greiðslu á dómsskuldinni með upphæð, er nam hæsta boðinu á uppboðinu.

Loks geta samningar hreppsnefndarinnar og kaupfélagsins um eignirnar, eftir að uppboðið fór fram, eigi haggað gildi uppboðsins, og það eigi heldur þótt þeir samningar kynnu að hafa verið komnir á áður en uppboðið var haldið, svo sem áfrýjandi virðist halda fram, en ósannað verður að telja.

Samkvæmt framansögðu, ber því að staðfesta hina áfrýjuðu uppboðsgerð og dæma áfrýjanda til að greiða hinum stefndu málskostnað í hæstarétti, 75 krónur til hvers þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu uppboðsgerð skal óraskað.

Áfrýjandi, Einar M. Jónasson, greiði stefndu, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, hreppsnefnd Flateyjarhrepps, Bergi Jónssyni og Sigfúsi Bergmann, málskostnað í hæstarétti, 75 krónur, til hvers þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. okt. 1933.

Nr. 38/1933. **Markús Einarsson**

gegn

Garðari Þorsteinssyni, f. h. Gonzales Cock S/A.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Markús Einarsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 30. okt. 1933.

Nr. 48/1933. **Sigurbjörn Halldórsson**

gegn

bæjarstjóra Vestmannaeyja, Jóhanni Gunnari Ólafssyni, f. h. hafnarsjóðs, og bæjargjaldkera Magnúsi Sveinssyni, f. h. bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurbjörn Halldórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 30. okt. 1933.

Nr. 71/1933. **Þórarinn Dúason o. fl.**
gegn
h/f Hamar, Reykjavík.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Þórarinn Dúason, Jón Sigurðsson og Kristinn Stefánsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 55/1933. **Magnús Jónsson**
gegn
Kolbeini Guðmundssyni
og
gagnsök.

Dómur hæstaréttar.

Við þingfestingu máls þessa fór aðaláfrýjandi fram á það, að sér yrði veittur frestur í því til marzmánaðar næstkomandi. Af hálfu gagnáfrýjanda var því lýst yfir, að hann samþykkti frest í málinu til dezembermánaðar næstkomandi. Mótmælti aðaláfrýjandi svo stuttum fresti og krafðist þess til vara, að gagnsökinni yrði vísað frá dómi, ef frestbeiðni sín eigi yrði tekin til greina.

Með því að hvorugur málsaðila hefir lagt fram í hæstarétti ágrip dómsgerða og með því að fresta

málinu, er svo sem áður segir, mótmælt af beggja hálfu, verður að vísa málinu í heild sinni, aðalsök og gagnsök, frá hæstarétti. Hvorugur aðila hefir krafizt ómaksbóta.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu, aðalsök og gagnsök vísast frá hæstarétti.

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 195/1932. **Magnús Jónsson**

gegn

borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi máls þessa beiddi um frest í málinu til janúarmánaðar næstkomandi til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga í því. Umboðsmaður stefnda mótmælti öllum fresti og krafðist þess, að málinu væri vísað frá hæstarétti og stefnda dæmdar ómaksbætur.

Áfrýjunarstefnan hefir verið útgefin 17. dez. f. á. og hefir málinu samkvæmt ósk áfrýjanda verið frestað hvað eftir annað, og þar sem áfrýjandi hefir enn ekki lagt fram ágrip dómsgerða í málinu verður frekari frestur eigi veittur og ber því að vísa stefnunni frá hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti. Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 30 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 1/1933. **Magnús Jónsson**
gegn
Sigurði Eggerz.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi máls þessa beiddi um frest í málinu til janúarmánaðar næstkomandi til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga í því. Umboðsmaður stefnda mótmælti öllum fresti og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá hæstarétti.

Áfrýjunarstefnan var gefin út 4. jan. 1933 og hefir málinu eftir ósk áfrýjanda verið frestað hvað eftir annað og þar sem áfrýjandi enn eigi hefir lagt fram ágrip dómsgerða í málinu, verður frekari frestur eigi veittur, og verður því að vísa stefnunni frá hæstarétti. Af hálfu stefnda hefir ómaksbóta eigi verið krafizt.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 25/1933. **Magnús Jónsson**
gegn
borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi máls þessa bað um frest til janúarmánaðar næstkomandi til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga í málinu. Umboðsmaður stefnda mótmælti öllum fresti, krafðist frávísunar á málinu og stefnda dæmdar ómaksbætur.

Áfrýjunarstefnan í máli þessu hefir verið útgefin 11. marz þ. á., og var málið tekið fyrir í réttinum í maímánuði og var því þá frestað til októbermánuðar samkvæmt ósk áfrýjanda, en þar sem áfrýjandi hefir ekki enn lagt fram ágrip dómsgerða í málinu, verður frekari frestur eigi veittur og ber því að vísa stefnunni frá hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti. Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 30 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 26/1933. **Magnús Jónsson**
gegn
borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. Reykjavíkurbæjar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi máls þessa beiddi um frest í málinu til janúarmánaðar næstkomandi til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga í því. Af hálfu stefnda var mótmælt öllum fresti og þess krafizt, að málinu yrði vísað frá hæstarétti og stefnda dæmdar ómaksbætur.

Áfrýjunarstefnan var gefin út 13. marz s. l. og var málið þingfest í maímánuði s. l. og því frestað til októbermánaðar. Þar sem áfrýjandi enn eigi hefir lagt fram ágrip dómsgerða í málinu verður frekari frestur eigi veittur og verður því að vísa stefnunni frá hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur er ákveðast 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. Reykjavíkurbæjar, 30 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 40/1933. **Magnús Jónsson**
gegn
borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi bað um frest til janúarmánaðar næstkomandi til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga í málinu. Umboðsmaður stefnda mótmælti öllum fresti, krafðist frávísunar málsins og ómaksbóta.

Áfrýjunarstefnan í máli þessu hefir verið gefin út 1. maí þá á., og var málið tekið fyrir í júnímánuði og var því frestað til októbermánaðar samkvæmt ósk áfrýjanda, en þar sem áfrýjandi hefir ekki enn lagt fram ágrip dómsgerða í málinu, verður frekari frestur eigi veittur og verður því að vísa stefnunni frá hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 30 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 53/1933. **Magnús Jónsson**
gegn
borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi mætti í málinu er það skyldi þingfest, lagði fram áfrýjunarstefnu, en ágrip dómsgerða hefir eigi komið til réttarins. Bað áfrýjandi um frest til janúarmánaðar næstkomandi.

Af hálfu stefnda var mætt, öllum fresti mótmælt og krafizt frávísunar og ómaksbóta.

Gegn mótmælum stefnda verður frestur ekki veittur og þar sem eigi hefir verið lagt fram ágrip dómsgerða, verður að vísa málinu frá hæstarétti og dæma stefnda ómaksbætur, er ákveðast 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti. Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 30 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 54/1933. **Magnús Jónsson**
gegn
borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi mætti í málinu er það skyldi þingfest, lagði fram áfrýjunarstefnu, en ágrip dómsgerða hefir eigi komið til réttarins. Bað áfrýjandi um frest til janúarmánaðar næstkomandi.

Af hálfu stefnda var mætt, öllum fresti mótmælt og krafizt frávísunar og ómaksbóta.

Gegn mótmælum stefnda verður frestur ekki veittur og þar sem eigi hefir verið lagt fram ágrip dómsgerða verður að vísa málinu frá hæstarétti og dæma stefnda ómaksbætur, er ákveðast 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti. Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 30 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 82/1933. **Magnús Jónsson**

gegn

borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi mætti í málinu er það skyldi þingfest, lagði fram áfrýjunarstefnu, en ágrip dómsgerða hefir eigi komið til réttarins. Bað áfrýjandi um frest til janúarmánaðar næstkomandi.

Af hálfu stefnda var mætt, öllum fresti mótmælt og krafizt frávísunar og ómaksbóta.

Gegn mótmælum stefnda verður frestur ekki veittur og þar sem eigi hefir verið lagt fram ágrip dómsgerða verður að vísa málinu frá hæstarétti og dæma stefnda ómaksbætur, er ákveðast 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti. Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 30 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 58/1933. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)
gegn
Elíasi Finnssyni Holm
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 31. marz 1933: Kærði, Elías Finnsson Hólm, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem nánar er tekið fram í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi kom kærði hinn 21. marz þ. á. kl. á 12. tímanum um kvöldið inn á veitingahúsið Reykjavíkur Bar og hafði þá á sér tvær flöskur af portvíni, er hann hafði keypt í áfengisverzlun ríkisins. Með þessu hefir hann gerzt brotlegur gegn 10. gr. í reglugerð nr. 108, 6. nóv. 1931, sem er sett samkvæmt heimild í 45. gr. áfengislaganna nr. 64 1930, og ákveðst refsing hans fyrir brot þetta samkvæmt 41. gr. nefndra áfengislaga 200 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Elías Finnsson Holm, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð og komi 15 daga einfalt

fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Lárusar Jóhannessonar, 50 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Elíasi Finnssyni Hólm, kaupmanni, Hallveigarstíg 8 hér í bænum, fyrir brot gegn reglugerð nr. 108, frá 6. nóvember 1931 og áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Að kvöldi hins 21. þessa mánaðar klukkan á 12. tímanum komu tveir af lögregluþjónum bæjarins inn á veitingahúsið Reykjavíkur Bar hér í bænum. Er lögregluþjónarnir höfðu dvalið stutta stund inni á veitingahúsinu, kom kærði þangað inn og hafði þá meðferðis tvær flöskur af portvíni. Þessar flöskur kveðst kærði hafa keypt í áfengisverzlun ríkisins nokkrum dögum áður en þetta gerðist, en geymt þær heima sjá sér þangað til fyrrgreindan dag, að hann klukkan 6 síðdegis fór að heiman. Tók hann þá flöskurnar með sér og fór svo rakleitt inn á fyrrgreint veitingahús, þar sem hann dvaldi inni til klukkan um 11 um kvöldið, er hann skrapp út, en kom svo inn á veitingahúsið aftur á þeim tíma, er fyrr greinir. Allan þann tíma, er kærði dvaldi á veitingahúsinu, kveðst hann hafa haft flöskurnar í vösum sínum, en þær voru óuppteknar, og staðhæfir kærði, að hann hafi ekki ætlað, að drekka úr þeim eða veita inni í veitingahúsinu, né heldur selja þær, heldur hafi hann haft þær með sér einvörðungu vegna þess, að hann hafði í hyggju að spila úti í bæ þetta kvöld og nota áfengi við það tækifæri. Þá hefir kærði undir rannsókn málsins ennfremur skýrt svo frá, að hann

hafi oft áður haft áfengi á sér, er hann hafi komið inn á fyrrgreint veitingahús, enda hafi hann talið það heimilt.

Kærði hefir í umdæminu sætt refsingu sem hér segir:

1) 10. febrúar 1919 var hann sektaður um 50 krónur fyrir brot gegn lögreglusamþykktinni.

2) 2. marz sama ár var hann sektaður um 300 krónur fyrir bannlagabrot.

3) 24. maí sama ár var hann sektaður um 400 krónur fyrir bannlagabrot.

4) 14. janúar 1921 var hann í hæstarétti dæmdur í 2½ árs betrunarhúsvinnu fyrir brot gegn 288. gr. sbr. 55. gr. og 46. gr. og 261. gr. sbr. 55. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

5) 24. janúar 1929 dæmdur í aukarétti Reykjavíkur í 14 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 250. gr. sbr. 249. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

6) 23. júlí 1929 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.

7) 5. júní 1930 dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkur í 1000 króna sekt og 3 mánaða einfalt fangelsi fyrir ólöglega áfengissölu.

8) 5. júlí 1932 sektaður um 100 krónur fyrir ölvun og óspektir.

Ennfremur var kærði á Siglufirði hinn 19. ágúst 1931 dæmdur í 1000 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu, en hefir ekki oftar, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Framangreint brot kærða varðar við 10. gr. reglugerðar nr. 108, frá 6. nóvember 1931, og þykir refsing hans samkvæmt 31. gr. áfengislaganna nr. 64, 1930, hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 3 nóv. 1933.

Nr. 20/1933. **Stjórn vörubílastöðvar Reykjavíkur**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Guðjóni Þorbergssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Bætur fyrir uppsögn á vinnusamningi.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. jan. 1933: Stefnd, stjórn Vörubílastöðvarinnar í Reykjavík, greiði fyrir stöðvarinnar hönd stefnandanum, Guðjóni Þorbergssyni, kr. 1050,00 með 5% ársvöxtum frá 29. jan. 1932 til greiðsludags og kr. 150,00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og segir í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi var stefndi, er hann réðst í þjónustu áfrýjanda, forstöðumaður Litlu-Vörubílastöðvarinnar með þeim ráðningarkjörum, að hann hafði 350 króna mánaðarkaup og þriggja mánaða uppsagnarfrest, og byggir hann dómkröfu sína í málinu á því, að þessi ráðningarsamningur hafi yfirfærst á áfrýjanda og hafi hann því átt rétt á að fá þriggja mánaða uppsagnarfrest. En þessu hefir verið mótmælt og er það eigi sannað, að áfrýjandi hafi tekið á sig neinar skuldbindingar Litlu-Vörubílastöðvarinnar gagnvart stefnda aðrar en þær, að sjá honum fyrir atvinnu og 350 kr. mánaðarkaupi, mánuðina apríl til júní 1933 eða í þrjá mánuði meðan uppsagnarfresturinn samkvæmt samningi stefnda við Litlu-Vörubílastöðina var að renna.

Hinsvegar hafði áfrýjandi heldur eigi sannað, að stefndi hafi í upphafi verið ráðinn með þeim

kjörum að segja mætti honum upp stöðunni fyrirvaralaust að liðnum þessum þremur mánuðum. En af fundargerð stjórnar Vörubílastöðvar Reykjavíkur 27. júní s. á. má ráða það, að nýr ráðningarsamningur milli málsaðilja hafi hafizt, er stefndi hefir starfað eftir frá 1. júlí s. á., og má eftir upplýsingum þeim, sem fyrir hendi eru, gera ráð fyrir að stefndi hafi með þessum samningi verið ráðinn um óákveðinn tíma með 350 króna mánaðarkaupi, og verður samkvæmt því að líta svo á, að honum hafi borið uppsagnarfrestur. Stefndi starfaði hjá áfrýjanda sem aðstoðarafgreiðslumaður við bifreiðastöðina og þar sem eigi er upplýst, að myndazt hafi nein föst venja um uppsagnarfrest í slíkum vinnusamningum verður að telja eins mánaðar uppsagnarfrest nægilegan og að stefndi hafi því eigi átt rétt á lengri fresti. Og með því nú að áfrýjandi hefir eigi fært neinar sönnur á það, að stefndi hafi vanrækt starf sitt eða hafst neitt það að, er réttlætt geti að hann var sviftur stöðunni fyrirvaralaust, þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða honum eins mánaðar kaup, 350 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 29. jan. 1932 til greiðsludags, en að öðru leyti á áfrýjandi að vera sýkn af kaupkröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 100 kr. upp í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, stjórn Vörubílastöðvar Reykjavíkur, greiði stefnda, Guðjóni Þorbergssyni, 350 kr. með 5% ársvöxtum frá 29. jan. 1932 til greiðsludags og ennfremur 100 kr. upp í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. febr. s. l., af Guðjóni Þorbergssyni hér í bæ gegn stjórn Vörubílastöðvarinnar í Reykjavík fyrir stöðvarinnar hönd, til greiðslu skuldar að upphæð 1050,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 29. jan. f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að í byrjun aprílmánaðar árið 1931 voru allar vörubílastöðvar hér í bænum sameinaðar í eina stöð, undir nafninu „Vörubílastöðin í Reykjavík". Meðal þeirra stöðva, sem þá hættu að starfa sem sjálfstætt fyrirtæki, en runnu í nefnda stöð, var „Litla Vörubílastöðin", hér í bæ, en hjá henni hafði stefnandi starfað alllengi sem stöðvarstjóri eða afgreiðslumaður með þeim ráðningarkjörum, að hann fékk 350 króna kaup á mánuði og átti heimtingu á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Er Litla Vörubílastöðin hætti ,fékk stefnandi afgreiðslumannsstarf hjá „Vörubílastöðinni í Reykjavík", og starfaði þar síðan, þangað til 1. dezember 1931, en þá var honum sagt upp starfinu fyrirvaralaust. Telur stefnandi, að uppsögn þessi hafi verið algerlega ástæðulaus og óheimil, þar sem fyrri ráðningarsamningurinn hafi yfirfærst á nýju stöðina. Hafi honum því borið hjá henni þriggja mánaða uppsagnarfrestur og eigi hann þá rétt til umsamins kaups frá brottfarardegi til febrúarloka f. á. og er mál þetta höfðað til greiðslu þess.

Stefnd hefir í fyrsta lagi dregið í efa, að málið hafi verið lagt löglega til sátta, þar eð í sáttakæru er krafizt kaups yfir tímabilið frá 1. okt. 1931 til ársloka þess árs, en í stefnu hinsvegar fyrir áður greint tímabil. Telur stefnd, að umrætt ósamræmi milli stefnu og sáttakæru geti varðað frávísun málsins ex officio, en hefir ekki krafizt frávísunar. En þar sem það kemur fram í vottorði sáttarnefndarmannanna, að sátta hefir verið leitað um kaupkröfu fyrir tímabil það, sem í stefnunni greinir og

umboðsmaður stefndrar, við sáttaumleitunina hreyfði engum andmælum gegn því, þá verður ekki annað séð en að lögleg sáttaumleitun hafi farið fram um hina umstefndu kröfu og hefir því umrætt ósamræmi engin áhrif á framgang málsins.

Að því er efni málsins snertir hefir stefnd krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu.

Heldur stefnd því fram og byggir í fyrsta lagi sýknukröfuna á því, að stefnandi hafi þegar „Vörubílastöðin í Reykjavík" tók til starfa, gengið inn á vinnu hjá henni meðan uppsagnarfrestur hans við „Litlu Vörubílastöðina" væri að líða. Reyndar hafi hann svo unnið nokkru lengur en með þeim kjörum að hægt væri að láta hann fara hvenær sem væri, og eigi hann því ekki eftir hinum síðari samningum kaup nema til brottfarardags. Hefir stefnd máli sínu til stuðnings lagt fram útdrátt úr fundarbók sinni. Samkvæmt útdráttum þessum hefir formanni á stjórnarfundi 7. apríl 1931 verið falið að reyna að fá stefnanda „til að vinna fyrir stöðina meðan á uppsagnarfrestinum stæði án þess að gefa honum vilyrði fyrir áframhaldandi vinnu", og á fundi 14. sama mánaðar skýrir formaður svo frá, að stefnandi hafi gengið að því að vinna meðan á uppsagnarfrestinum stæði „án þess að hafa von um framtíðarvinnu við stöðina". En gegn eindregnum mótmælum stefnanda eru umrædd gögn ekki nægileg sönnun þess, að nýr ráðningarsamningur hafi tekizt milli hans og „Vörubílastöðvarinnar í Reykjavík", á þá leið, sem stefnd heldur fram og þykir því verða að ganga út frá því, að stefnandi hafi átt heimtingu á sömu kjörum hjá henni og hann hafði hjá Litlu vörubílastöðinni, ekki síst þar sem ráðningarkjör hans þar verða að teljast venjuleg, og ekki kemur annað fram, en „Vörubílastöðin í Reykjavík" hafi gengið inn í réttindi og skyldur stöðva þeirra, sem stofnuðu hana. Framangreind sýknuástæða stefndrar verður því ekki tekin til greina.

Þá hefir stefnd í öðru lagi krafizt sýknu á þeim grundvelli, að stefnandi hafi ekki verið stöðu sinni vaxinn og hafi því verið rétt að víkja honum úr henni fyrirvaralaust. Hefir stefnd því til stuðnings lagt fram þrjú vottorð. Er eitt á þá leið, að stefnandi hafi flutt skilaboð skakt til vott-

orðsgefandans og á þann hátt bakað honum tjón og hefir það verið staðfest fyrir rétti. Hin tvö fjalla um það, að stefnandi hafi ekki staðið skil á peningum (kr. 30,00) er hann hafi tekið á móti vegna stöðvarinnar. En annar vottorðsgefandinn hefir ekki viljað vinna eið að því atriði vottorðs síns, sem að þessu lítur, fyrir rétti, en hefir hinsvegar borið það, að honum hafi líkað vel við stefnanda sem afgreiðslumann. Þá hefir stefnandi lagt fram vottorð fjölmargra samverkamanna sinna við Litlu Vörubílastöðina og eins samverkamanns síns við Vörubílastöðina í Reykjavík, sem öll eru þess efnis, að hann hafi verið ábyggilegur og samvinnugóður starfsmaður og hefir vottorðum þessum ekki verið mótmælt sem óstaðfestum. Hefir stefndri því engan veginn tekizt að sanna, að stefnandi hafi verið rækur fyrirvaralaust úr starfi sínu, enda sést á fundagerðunum að það er ekki talin orsökin til uppsagnarinnar, heldur fjárskortur, og verður þessi sýknuástæða stefndrar þá heldur ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnd verður fyrir hönd margnefndrar vörubílastöðvar dæmd til að greiða hina umstefndu upphæð með vöxtum eins og krafizt hefir verið svo og málskostnaðar, sem ákveðst kr. 150,00.

Vegna þess að bæjarþing hefir ekki verið haldið síðan 15. dez. f. á. hefir dómur eigi verið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Föstudaginn 3. nóv. 1933.

Nr. 6/1933. **Jónas Hvannberg** (Pétur Magnússon)
gegn
skiptaráðandanum í Árnessýslu, f. h. þrotabús Friðriks Sigurðssonar og útibúi Landsbanka Íslands á Selfossi (Th. B. Líndal).

Veðsetning talin falla undir sjálfsvörsluveð í heildarsafni hluta og metin ógild.

Úrskurður skiptaréttar Árnessýslu 15. nóv. 1932: Kröfur þessar verða eigi teknar til greina.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi dags. 14. júní 1929 veðsetti Friðrik bóndi Sigurðsson á Gamla-Hrauni í Árnessýslu áfrýjanda 3 kýr, er nánar eru tilgreindar í bréfinu, og auk þess 25 ær, 2—5 vetra, mark hálft af framan og standfjöður aftan á báðum eyrum, og 11 gemlinga (7 geldinga og 4 gimbrar) með sama marki, að sjálfsvörsluveði til tryggingar 1300 kr. víxilábyrgð, er áfrýjandi hafði gengið í fyrir hann, og 400 kr. peningaláni er áfrýjandi hafði veitt honum. Er kveðið svo á í veðbréfinu að farist eitthvað af hinum veðsettu skepnum eða fargi veðsali þeim, beri honum að bæta öðrum jafngóðum í skarðið og nái veðrétturinn þá til þeirra. Veðbréf þetta er Friðrik undirritaði í viðurvist tveggja vitundarvotta, var afhent sýslumanni til innritunar í veðmálabækurnar 18. júní 1929 og þinglýst á manntalsþingi á Eyrarbakka 16. júlí s. á. Eftir beiðni Friðriks Sigurðssonar var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Árnessýslu 22. ágúst 1931. Með kröfulýsingu, dags. 25. sept. 1931, lýsti áfrýjandi í þrotabúið kr. 1623,74 skuld og var hún eftirstöðvar áðurnefnds peningaláns, kr. 323,74, og upphæð víxils, er hann hafði ábyrgðst fyrir gjaldþrota og orðið að leysa til sín, kr. 1300,00. Krafðist áfrýjandi þess, að skuld þessi yrði greidd sér úr búinu sem forgangskrafa. Við uppskrift á búinu reyndist gjaldþroti ekki eiga annað af nautpeningi og sauðfé en 3 kýr, 20 ær með lömbum, 3 ær geldar, 11 sauði tveggja og þriggja vetra og 6 kindur veturgamlar. Að því er upplýst hefir verið í málflutningnum hér í réttinum, voru kýrnar afhentar áfrýjanda upp í kröfu hans fyrir matsverð, 500 kr., og var þetta gert sam-

kvæmt ákvörðun skiptaréttarins. Aftur á móti var veðrétti hans í sauðfénu mótmælt af einum skuldheimtumannanna í búinu, Útbúi Landsbanka Íslands á Selfossi, og kvað skiptaráðandi upp úrskurð um þann ágreining 15. nóv. 1932 þess efnis, að krafa áfrýjanda um gildi veðréttarins skyldi eigi tekin til greina. Eftir því var úthlutun í búinu hagað og skiptum búsins lokið sama dag og úrskurðurinn gekk.

Skiptum þessum og hinum áminnsta úrskurði hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar og krefst hann þess, að úrskurðinum og skiptunum verði hrundið, og að lagt verði fyrir skiptaráðandann að breyta úthlutunargerð í búinu þannig, að krafa áfrýjanda verði tekin til greina sem forgangskrafa samkvæmt veðrétti hans svo langt sem andvirði veðsins nær til. Svo krefst hann og að stefndu verði dæmdir til að greiða sér málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins. Af hálfu stefndu er þess krafist, að úrskurðurinn og skiptin verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Það er aðalregla í íslenzkum rétti, að samningsveð verði aðeins stofnað í einstaklega ákveðnum verðmætum. Séu fleiri hlutir veðsettir saman þarf því að sérgreina þá. Við handveðsetningu er sérgreining veðsins samfara vörzluskiptunum að því, en séu fleiri hlutir settir að sjálfsvörzluveði þarf að sérgreina hvern einstakan þeirra í veðgerningnum. Samkvæmt þessu er það bannað í 4. gr. veðlaga nr. 18, 4. nóv. 1887, að setja að sjálfsvörsluveði heildarsafn muna, þ. e. hóp ósérgreindra muna, sem einkendir eru einu almennu nafni. Frá þessu banni 1. gr. veðlaganna eru að vísu nokkrar und-

antekningar gerðar í lögum, en engin þeirra getur átt við veðrétt þann, er ræðir um í máli þessu. Í veðbréfi því, er hér ræðir um, er hið veðsetta sauðfé eigi sérgreint. Áfrýjanda er eigi gefinn veðréttur í tilteknum, einstökum sauðkindum, heldur aðeins í ákveðinni tölu af sauðfjáreign veðsala. Og þótt kveðið sé í veðbréfinu á um aldur fjárins kyn þess og sauðfjármarkið á því, þá felst eigi í því sérgreining veðsins heldur aðeins það, að tegundareinkenni þess eru ákveðin þrengri, enda er og gert ráð fyrir því í veðbréfinu, að veðsali setji aðrar jafngóðar kindur í stað þeirra, sem kunna að farast eða vera fargað. Í málinu eru eigi fyrir hendi upplýsingar um sauðfjáreign veðsala, er veðbréfið var gert, hvort hann með bréfinu hefir viljað veðsetja áfrýjanda alla sauðfjáreign sína eins og hún var þá, eða aðeins nokkurn hluta hennar. En hvort heldur hefir verið, þá er hér að ræða um sjálfsvörsluveðsetningu á heildarsafni hluta, sem samkvæmt framansögðu verður að meta ógilda þannig að hún veiti eigi áfrýjanda neinn forgangsrétt til andvirðis sauðfjárins í þrotabúi veðsala framar öðrum skuldheimtumönnum hans. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og skiptin og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 100 krónur til hvors þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði og skiptum skal óraskað.

Áfrýjandi, Jónas Hvannberg, greiði stefnda, skiptaráðandanum í Árnessýslu, f. h. þrotabús

Friðriks Sigurðssonar og Útbúi Landsbanka Íslands á Selfossi, málskostnað í hæstarétti með 100 krónum til hvors þeirra að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Þá hefir umboðsmaður Jónasar Hvannbergs, sem einnig hafði umboð fyrir sonu þrotamanns, krafizt, að tekin verði til greina krafa hans um veðgildi skuldabréfs að því er snertir veðsettar 25 ær og 11 gemlinga. Fé þetta var aldrei sérmerkt, og er þá við þetta að skoða sem safn af munum, sem eru samkynja og einkenndir einu nafni, en í lögum um veð 4. nóv. 1887 er slík sjálfsvörzluveðsetning beint bönnuð. Þegar af þessari ástæðu er eigi unnt að taka kröfur þessar til greina.

Mánudaginn 6. nóv. 1933.

Nr. 18/1933. **Réttvísin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Ferdinand Carlson, Helga Benónýssyni (Stefán Jóh. Stefánsson)
og Helga Benediktssyni
(Th. B. Líndal).

Brot gegn 262. og 262., sbr. 48. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 12. nóv. 1392: Ákærði, Ferdinand Carlson, bifreiðarstjóri í Vestmannaeyjum á að sæta 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiða allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður, þar með talin málsvarnarlaun, 50 krónur, til talsmanns síns, Stefáns Jóh. Stefánssonar, hæstaréttarmálaflutningsmanns.

Ákærði, Belgi Benónýsson, búfræðingur í Vestmannaeyjum, á að vera sýkn af kærum réttvísinnar í máli þessu

og greiðist kostnaðurinn við málsvörn talsmanns hans, áðurnefnds hæstaréttarmálaflutningsmanns, af almannafé með 50 krónum. Ákærði, Helgi Benediktsson, kaupmaður í Vestmannaeyjum, á einnig að vera sýkn af kæru réttvísinnar í máli þessu, en greiða 100 króna sekt að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Vestmannaeyjakaupstaðar fyrir ósæmilegan ritháttt, áður en fjórar vikur eru liðnar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplána hana ella með 10 daga einföldu fangelsi. Málsvarnarlaun ber hinum ákærða engin.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði, Ferdinand Carlson, er í máli þessu ákærður fyrir það, að hann hafi ívilnað sumum skuldheimtumönnum sínum með því hinn 4. nóv. 1931 að afsala þeim Ásgeiri Guðmundssyni lögfræðing og Stefáni Jóhanni Stefánssyni hæstaréttarmálaflutningsmanni skaðabótakröfu á hendur firmanu Jóh. Ólafsson & Co. út af innsetningargjörð í bifreiðina V. E. 50, er firmað hafði látið gera í Vestmannaeyjum 1. nóv. 1930, en felld var úr gildi í hæstarétti 4. nóv. 1931, en af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að sýkna hann af þessu kæruatriði.

Þá er ákærði F. Carlson, ákærður fyrir það að hafa með samningi dags. 20. ág. 1931 selt til málamynda meðákærða, Helga Benónýssyni, réttindi sín til bifreiðarinnar V. E. 50 til þess að svíkja skuldheimtumenn sína, og meðákærði, Helgi Benediktsson, fyrir hlutdeild í þeim glæp.

Um þetta kæruatriði er það upplýst, að ákærði F. Carlson hefir ekkert eða sama sem ekkert fengið fyrir réttindaafsal þetta, sem þó, svo sem sagt er í hinum áfrýjaða dómi, gat orðið allverðmætt fyrir hann, ef hann ynni fyrir hæstarétti mál það gegn

firmanu Jóh. Ólafsson & Co., sem áður er nefnt. Ákærði hefir enga skynsamlega grein gert fyrir ástæðum sínum til þessarar ráðstöfunar um réttindin til bifreiðarinnar, og viðsemjandi hans, ákærði, Helgi Benónýsson, sem samkvæmt framburði sínum hefir verið mjög lítið kunnugur málaferlum milli Carlsons og Jóh. Ólafsson & Co. hefir heldur ekki gert neina skynsamlega grein fyrir ástæðum sínum til þessara kaupa. Í nefndu afsali er þess eigi getið, að kaupandi þurfi til þess að tryggja rétt sinn, að greiða Jóh. Ólafssyni & Co., þær c. 2400 kr., er eftir stóðu af upphaflegu kaupverði bifreiðarinnar, en í prófum málsins hafa hinir ákærðu báðir borið það, að svo hafi verið um samið að Helgi Benónýsson hafi átt að greiða þessar eftirstöðvar. Þrátt fyrir þetta verður að telja það upplýst í málinu, að Helgi hafi hvorki látið Jóh. Ólafsson & Co. vita neitt um afsalið eða boðið fram borgun á kaupverðseftirstöðvunum gegn því að fá bifreiðina afhenta. Hinsvegar er það tekið fram í nefndu afsali, að kaupanda, Helga Benónýssyni, sé heimilt að láta reka umgetið hæstaréttarmál eftirleiðis undir nafni F. Carlson, en þó að það sé ekki tekið fram virðist það að sjálfsögðu hafa leitt af afsalinu, að kaupandi ætti að greiða kostnað málsins þar eftir, en hvorki F. Carlson né Helgi hafa — svo séð verði — látið málflutningsmann þann, er fór með málið í hæstarétti vita neitt um afsalið og er málið var dæmt í hæstarétti, þá er það eigi Helgi heldur Carlson, sem semur um greiðslu málskostnaðarins og framselur upp í þann kostnað svo sem áður er sagt, skaðabótakröfu sína á hendur Jóh. Ólafsson & Co. án þess Helga Benónýssonar sé þar að nokkru getið.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til hinnar nánari greinargerðar í hinum áfrýjaða dómi, er að þessu lýtur, verður að telja það sannað, að afsalið 20. ág. 1931 hafi einungis verið gert til málamynda til að svifta skuldheimtumenn ákærða, F. Carlson, andvirði þessara réttinda til bifreiðarinnar, ef svo færi að hæstaréttarmálið ynnist.

Þar sem nú ákærði, F. Carlson, hlaut að sjá að gjaldþrot var yfirvofandi og þar sem bú hans síðar hinn 17 nóv. 1931, var tekið til gjaldþrotaskipta, þá ber að heimfæra framangreint brot undir 262. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin í undirréttardóminum 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Með því að líta verður svo á að ákærði, Helgi Benónýsson, hafi verið svo kunnugur efnahag og ástæðum ákærða, F. Carlson, að honum hafi verið það ljóst, að málamyndaafsalið hafi verið gjört til að svíkja skuldheimtumenn hans, verður einnig að dæma hann til refsingar samkvæmt 262. gr. sbr. 48. gr. hinna alm. hegningarlaga og ákveðst refsing hans 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en rétt þykir að fresta skuli fullnustu refsingarinnar samkv. lögum nr. 39/1907 og að hún skuli falla niður, ef skilorð nefndra laga eru haldin.

Að því er snertir ákærða Helga Benediktsson er það eigi sannað, að hann hafi vitað um eða verið það ljóst, að samningar þeirra Carlson og Helga hafi verið proformaverk og ber því, svo sem gjört er í hinum áfrýjaða dómi að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í máli þessu, en ákvæði dómsins um sekt á hendur honum fyrir ósæmilegan rithátt ber að staðfesta.

Málflutningslaun hins skipaða verjanda Helga Benediktssonar í hæstarétti 120 kr. greiðist af almannafé. Hinir ákærðu, Ferdinand Carlson og Helgi Benónýsson, greiði in solidum allan annan kostnað málsins í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda í hæstarétti 120 kr. og málflutningslaun hins skipaða talsmanns þeirra í héraði og hæstarétti, 200 kr.

Samkvæmt kröfu hinna ákærðu, Helga Benediktssonar og F. Carlson, hefir héraðsdómaranum verið stefnt til ábyrgðar fyrir meðferð hans á málinu, og hefir hann látið mæta í hæstarétti. En þar sem meðferð dómarans á málinu hefir verið lögmæt, var með öllu ástæðulaust að stefna honum til ábyrgðar og ber því samkvæmt kröfu hans að dæma hina ákærðu, Helga Benediktsson og F. Carlson, til þess, in solidum að greiða honum málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Helgi Benediktsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu, en greiði 100 kr. sekt að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Vestmannaeyjakaupstaðar fyrir ósæmilegan rithátt, innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en afpláni hana ella með 10 daga einföldu fangelsi.

Ákærði, Ferdinand Carlson, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og ákærði, Helgi Benónýsson, sæti 30 daga samskonar fangelsi, en fullnustu refsingarinnar að því er hann snertir skal fresta samkv. lögum

nr. 39/1907, og hún falla niður, ef skilorð téðra laga eru haldin.

Málflutningslaun hins skipaða talsmanns ákærða, Helga Benediktssonar, hæstaréttarmálaflutningsmanns, Th. B. Líndal, 120 kr., greiðist af almannafé, en allan annan kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti greiði hinir ákærðu, F. Carlson og Helgi Benónýsson in solidum, þar á meðal málflutningslaun sækjanda í hæstarétti, hrm. Garðars Þorsteinssonar, 120 kr. og málflutningslaun hins skipaða talsmanns þeirra í héraði og hæstarétti, hrm. Stefáns Jóh. Stefánssonar, 200 kr.

Loks greiði hinir ákærðu, Helgi Benediktsson og F. Carlson, in solidum héraðsdómaranum, Kr. Linnet, bæjarfógeta, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn þeim, Ferdinand Carlson, bifreiðarstjóra, á Brekastíg 150 hér, fyrir brot á 26. kap. hinna alm. hegningarlaga, 25. júní 1869, sbr. einnig 38. gr. laga um aðför 4. nóv. 1887, og gegn þeim, Helga Benediktssyni, kaupmanni á Einbúa og Helga Benónýssyni, búfræðing á Vesturhúsum, báðum hér, fyrir brot á 26. kap. sbr. 5. kap. áðurnefndra alm. hegningarlaga.

Með úrskurði, uppkveðnum 1. nóv. f. á., var bú ákærða í máli þessu, F. Carlson, tekið til gjaldþrotaskipta eftir kröfu Sig. Á. Gunnarssonar og Magnúsar Bergssonar, hér. Enda hafði 7. sept. s. á. verið gert árangurslaust fjárnám

hjá ákærða, sem þá lýsti yfir að hann ætti ekkert til og hefir ítrekað þá yfirlýsing sína undir rekstri málsins. Var síðan 25. nóv. s. á. byrjað á lögreglurannsókn þeirri, sem lög 45/1929 um gjaldþrot fyrirskipa, og leiddi sú rannsókn til þessarar málshöfðunar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. maí 1930 gerði ákærði, Carlson, samning við firmað Jóhann Ólafsson & Co. um kaup á Buick mannflutningabifreið fyrir 6885 danskar krónur, þannig að hann átti strax að greiða kr. 4099,77 (danskar), en gefa út um leið 12 víxla, hvern til mánaðar, fyrir kr. 248 dönskum. Var kaupverðið miðað við íslenzkar krónur eftir þessu um 8600 krónur. Samning þenna undirritaði annar maður í umboði ákærða og var í honum ákvæði um að seljandi skyldi vera eigandi bifreiðarinnar þangað til að hún væri að fullu greidd. Til þess að kaup þessi gætu orðið og Carlson greitt fyrstu afborgunina og fengið bifreiðina afhenta sér, fékk hann þrjá menn og voru þeir Sig. Á. Gunnarsson og M. Bergsson tveir þeirra, til að skrifa nöfn sín á 6500 króna víxil, er ákærði síðan greiddi með fyrstu afborgunina, um 5000 ísl. krónur. Af áðurnefndum 12 víxlum greiddi Carlson seinna 5 og auk þess greiddi hann 225 kr. sem afborgun á aðalvíxlinum og forvexti. En til þess m. a. að standa straum af þessum greiðslum, fékk hann lánað fé hjá Ólafi Auðunssyni útgerðarmanni hér, og veðsetti honum til tryggingar þessum lánum 8. október 1930, auk annars, nefnda Buick-bifreið með 2. veðrétti og taldi Carlson þá eftirstöðvar kaupverðsins hvíla á bifreiðinni með fyrsta veðrétti. Tryggingarbréf þetta afhenti Ól. Auðunsson til þinglesturs 28. okt. 1930.

Nú, er þessir menn, sem stóðu á ofannefndum 6275 króna víxli, (upphafl. 6500 kr.) urðu vísari um veðsetningu þessa, virðast þeir hafa orðið órólegir og fengið Jóh. Ólafsson & Co. til þess að ganga að bifreiðinni samkv. kaupsamningnum. Krafðist umboðsmaður firmans að eigandi bifreiðarinnar yrði settur inn í umráð hennar og hún tekin úr vörslum Carlsons og úrskurðaði fógeti að innsetningargerðin skyldi fram fara vegna hinnar ólögmætu veðsetningar. En þessum úrskurði var hrundið af hæstarétti með dómi, uppkveðnum 4. nóv. f. á., er að vísu taldi veðsetninguna ólögmæta, en úr henni bætt með

því að boðin var fram full greiðsla í fógetaréttinum. Eftir þessum dómi átti því Carlson heimtingu á að greiða eiganda bifreiðarinnar ef hann greiddi déttilega eftirstöðvar kaupverðs hennar, sem voru þá sjö víxlar, samtals um 2100 kr. Auk þess átti hann samkvæmt hæstaréttardóminum að fá 250 kr. í málskostnað.

Eins og áður er sagt, var bú Carlsons tekið til gjaldþrota meðferðar 17. nóv. f. á. og kom þá í ljós að hann var gersamlega eignalaus. Sannaðist undir rannsókn þessa máls, að Carlson hafði nokkru áður, — 20. ágúst f. á. — selt og afsalað meðákærða Helga Benónýssyni réttindi öll, sem hann taldi sig eiga til nefndrar bifreiðar (Buick, V. E. 50) „eða mér kunna að tilfalla" eins og segir í nefndu afsali. Ennfremur afsalaði hann um leið til sama manns „þeim væntanlegum kröfum og réttindum, er mér kunna að tilfalla í hæstaréttarmáli því, er ég hefi höfðað til þess að fá hnekkt úrskurði uppkveðnum í fógetarétti Vestmannaeyja 1. nóv. 1930". Einnig sannaðist það undir rannsókninni að Carlson hafði sama dag og nefndur hæstaréttardómur var uppkveðinn afsalað þeim Stefáni Jóhanni Stefánssyni hæstaréttarmálaflutningsmanni og Ásgeiri Guðmundssyni lögfræðing „alla skaðabótakröfu þá, sem ég á á hendur Jóh. Ólafssyni & Co. í Reykjavík út af ólögmætri innsetningargerð í bifreiðina V. E. 50".

Bifreiðin var metin á 6300 kr. undir rannsókn málsins og staðfestu matsmennirnir þetta mat sitt með eiði. Það verður því samkvæmt þessu og eftir því, sem annars er upplýst með hinum framlögðu afsölum og öðru að telja sannað að ákærði Carlson hafi með afsölunum 20. ágúst og 4 nóvember f. á. látið af hendi eignir, sem gátu haft og sumpart reyndust að hafa fjárhagslegt verðmæti fyrir skuldheimtumenn hans og reyndar um leið gert sig með þessu algerlega eignalausan. Að því, er kemur til réttindanna til bifreiðarinnar, þá var aðeins eftir að greiða seljanda 2100 kr. og Ólafi Auðunssyni 1500 kr. svo að verðmæti hennar fyrir búið hefði eftir matinu orðið upp undir 2700 kr. virði. Og þar sem hæstiréttur hafði slegið föstu að innsetningargerð Jóh. Ólafssonar & Co. 1. nóv. 1930 hjá ákærða hefði verið ólögleg, verður heldur ekki annað sagt en að skaðabótakrafa vegna þessarar gerðar *gæti* verið einhvers virði. Það kemur því til álita hvort á-

kærði hafi með þessum ráðstöfunum sínum gert sig brotlegan gegn ákvæðum 26. kap. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

Hinn 20. ágúst f. á., þegar ákærði, Carlson, afsalaði áðurnefndum réttindum sínum til Helga Benónýssonar, stóð þannig á að þeir tveir menn, M. Bergsson og Sig. Á. Gunnarsson, sem ritað höfðu nöfn sín á víxil fyrir Carlson að upphæð kr. 6275,00 til framlengingar áðurnefndum víxli að upphæð kr. 6500,00 vegna bifreiðarkaupanna, höfðu orðið að innleysa víxilinn og 16. maí f. á. látið framkvæma löghaldsgerð hjá ákærða, F. Carlson, vegna þessarar víxilskuldar. Höfðu þeir síðan höfðað mál gegn ákærða til staðfestingar á þessari löghaldsgerð og greiðslu víxilskuldarinnar og var það mál þá undir dómi og dómur uppkveðinn í því daginn eftir að afsalið er dagsett. Var lögtaksgerðin felld úr gildi, en ákærður Carlson dæmdur til þess að greiða ofannefndum mönnum víxilskuldina ásamt vöxtum og kostnaði. Þar sem þannig stóð á og eins og viðskiptum ákærða við þessa skuldheimtumenn hans að öðru leyti var hagað eins og innsetningargerðin og löghaldsgerðin o. fl. bar með sér, má telja fyllilega sannað að ákærði, — sem vissi sig alveg eignalausan —, hlaut að sjá fyrir, að gjaldþrot sitt væri yfirvofandi. Í þessu sambandi má taka fram að ákærði, Helgi Benediktsson, hefir borið, og ákærði, Carlson, ekki neitað, að hann vildi láta dagsetja afsalið til ákærða, Helga Benónýssonar, aftur í tímann, sem bendir til að hann hafði væntanlegt gjaldþrot sitt fyrir augum og að tryggja gildi afsalsins.

Það má telja upplýst í málinu að það, sem ákærði, Carlson fékk hjá ákærða, Helga Benónýssyni, fyrir réttindaafsalið, var aðeins það, að Helgi tók að sér um 100 kr. víxilskuld fyrir bensín við bifreiðarstöð þá, sem Helgi vann hjá og skipti ákærða engu eins og á stóð. Peninga fékk hann enga eða peningavirði annað. Ennfremur tók ákærði Helgi Benónýsson að sér að greiða veðskuld á bifreiðinni til Ólafs Auðunssonar. En þar sem það leiddi af sjálfu sér hafði ákærður Carlson engan sérstakan ábata af því, nema að sá veðréttur yrði ónýttur. En þar eð enginn hafði gert tilraun til þess verður ekki álitið að ákærði Carlson hafi talið sér þetta hagnað, enda þótt

hann undir rannsókninni hafi talið svo. Það þykir því eftir þessu viðurhlutamikið að telja, að ákærði hafi af *sérdrægni* gert ráðstafanirnar með afsalinu 20. ágúst f. á. og verður þá ekki álitið, að hann hafi með þessu brotið gegn ákvæðum 262. gr. alm. hegningarlaga, enda þótt að þessar ráðstafanir hafi miðað til þess að kröfur búsins rynni ekki inn í það.

Þá verður það næst til álita, hvort ákærði hafi með áðurnefndum réttindaafsölum sínum 20. ágúst og 4. nóv. f. á. aðhafst slíkt, sem miðaði til þess að draga ólöglega taum sumra skuldheimtumanna hinum til tjóns, en án þess að ætla sjálfur að ábatast á því og refsivert er eftir 263 gr. hegningarlaganna.

Það skal þá fyrst tekið fram um afsal ákærða 20. ágúst f. á. á réttindum til bifreiðarinnar, að enda þótt það kunni að hafa vakað fyrir ákærða eins og meðákærðu, Helgi Benediktsson og Helgi Benónýsson, hafa borið, að tryggja betur aðstöðu Ólafs Auðunssonar. Þá skiptir það að réttarins áliti engu máli, þar eð telja verður að öðrum skuldheimtumönnum hafi enginn skaði verið gerður með því vegna veðréttar Ólafs Auðunssonar, sem stóð og stendur óhaggaður, þá mistu aðrir skuldheimtumenn svo lítið, þó að 100 kr. víxilkrafan væri greidd, að ekki þykir rétt að draga það undir refsiákvæði 263. gr. hegningarlaganna og telja það tjón, einkum þegar víst má telja að greiðsla þessara 100 króna hafi ekki skipt ákærða, Carlson, neinu að því er kom til þess að gera þessar ráðstafanir.

Þá er að athuga afsalið 4. nóv. f. á. á skaðabótakröfunni vegna hinnar óréttmætu innsetningargerðar, til þeirra Ásgeirs Guðmundssonar, lögfræðings og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns.

Afsal þetta var gefið sama dag og hæstaréttardómurinn var kveðinn upp um að nefnd innsetningargerð, sem firmað Jóhann Ólafsson & Co. lét gera í bifreiðinni 1 nóv. 1930, skyldi ógild og úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja um þetta falla úr gildi. Var í afsalinu tekið svo til orða að nefndir lögfræðingar hefðu „gert andvirði kröfunnar upp að fullu". En á skiptafundi í þrotabúi ákærða, Carlsons, 30. nóv. f. á., lýsti Ól. Auðunnsson, sem þar var mættur, yfir því, f. h. þeirra Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Ásgeirs Guðmundssonar að skaðabótakrafan væri

framseld „sem greiðsla á málfærzlulaunum bæði í undirrétti og hæstarétti og kostnaði í sambandi við þetta". Og þessa yfirlýsingu staðfesti ákærði, Carlson, þá strax og síðar í lögreglurétti undir rannsókn málsins.

Nokkru áður en þetta afsal var gert, — 7. sept. 1931 —, höfðu þeir Magnús Bergsson og Sig. Á. Gunnarsson látið gera árangslaust fjárnám hjá ákærða, Carlson, til tryggingar dómi uppkveðnum 21. ágúst 1931 í gestaréttinum hér, þar sem þeim höfðu verið tildæmdar kr. 6275,00 hjá ákærða, Carlson, auk vaxta og málskostnaðar, samtals kr. 6854,12. Hafði ákærði á ekkert að vísa upp í þessa skuld, nema „væntanlega inneign" hjá seljanda bifreiðarinnar V. E. 50, sem hann þó taldi einskis virði. Það má því telja fullsannað, að bæði ákærða Carlson og kaupendum skaðabótakröfunnar, þeim Ásgeir Guðmundssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni, hafi hlotið að vera það fullljóst, þegar afsalið var gert, 4. nóv. f. á., að gjaldþrot ákærða vofði yfir. Enda liðu ekki nema tvær vikur þangað til, því að 17. nóv. s. á. var úrskurðað að bú Carlson skyldi tekið til gjaldþrotameðferðar.

Það ber því að athuga, hvort afsalið á skaðabótakröfunni, sem ganga verður út frá að hafi verið gert í því skyni, sem áður hefir verið greint og tekið var fram í skiptaréttinum, geti talizt hafa miðað til að draga taum þessara skuldheimtumanna, sem afsalið fengu, öðrum skuldheimtumönnum Carlsons til tjóns, og hvort afsal á þessari kröfu geti talizt borgun, það er, peningavirði. Um það verður vitanlega ekki sagt með vissu hvort krafa þessi sé, eða hafi verið nokkurs virði meðan endanlegur dómur er ekki genginn um hvort svo sé og hún ekki heldur viðurkennd. Hinsvegar má telja víst, að bæði kaupendur og ákærði, Carlson, hafi talið svo. Kaupendur létu mæta á skiptafundi í búinu og gæta hagsmuna sinna einmitt út af því að þeir höfðu fengið afsal fyrir skaðabótakröfunni og seljandi, ákærði Carlson, tekur m. a. fram í riti um „réttarfarið í Vestmannaeyjum", sem lagt er fram í málinu, að hann, (sem er bifreiðarstjóri) hafi orðið atvinnulaus í heilt ár vegna hinnar óréttmætu innsetningargerðar. Eins hefir meðákærði, Helgi Benediktsson, borið að ákærði, Carlson, hafi jafnvel *áður* en hæstaréttardómurinn var fallinn, talið sér væntanlegar skaða-

bætur mikils virði. Það verður einnig að telja ekki aðeins hugsanlegt, heldur jafnvel fremur sennilegt, að ákærði hefði eftir atvikum getað átt skaðabótakröfu á það firma, sem svifti hann afnotum bifreiðarinnar, úr því að hæstiréttur dæmdi að hún hefði verið óréttmæt. En þar sem þó ekki er sannað í mál þessu að skaðabótakrafa þessi sé nokkurs virði og því geti talizt raunveruleg borgun, telur rétturinn ósannað, að ákærði, Carlson, hafi með þessu skaðað skuldheimtumenn sína og að ákvæði 263. gr. hegningarlaganna komi því ekki til greina um þetta.

Næst kemur að réttarins dómi til álita, hvort ákærði, Carlson, hafi brotið gegn ákvæðunum í niðurlagi 254. gr. hegningarlaganna, sem leggja refsing við að „selja eða veðsetja muni sína til málamyndar til að svifta skuldheimtumenn sína færi á að fá það, sem þeim ber".

Eins og áður er tekið fram í forsendum þessa dóms, verður að álíta, að ákærður, Carlson, hafi fengið ekkert eða sama sem ekkert fyrir afsal sitt 20. ágúst 1931 á réttindum til bifreiðar V. E. 50 og því er þar af leiðandi slegið föstu, að það hafi ekki verið gert í hagnaðarskyni. Eftir þessu lítur rétturinn svo á, að hér hafi í raun og veru ekki verið um sölu að ræða, heldur gjöf á því, sem gat verið fjárhagslegs virðis fyrir skuldheimtumenn hans. Kemur þá til athugunar, hvort telja verði, að ákærða, Carlson, hafi verið þetta ljóst og hvort sannað sé að hann hafi gert það í því skyni að svikja skuldheimtumenn sína. Ákærði hélt því fram þegar hann kom fyrst fyrir réttinn, að hann hefði ekki talið þessi réttindi, sem hann afsalaði ákærða, Helga Benónýssyni, „mikils virði" vegna óvissu um úrslit hæstaréttarmálsins. En seinna, undir rannsókn málsins, hefir hann haldið fram að þau hefðu að sínu áliti verið einskis virði vegna þess, að hann hafi álitið að úrskurður fógetaréttarins mundi standa óraskaður. Það er þó af ýmsu augljóst, að fyrri framburður hans er réttari. Bæði hafði hann m. a. haldið fram við innsetningargerðina, að hún væri óheimil og áfrýjað fógetaréttarúrskurðinum svo hann gat ekki annað en talið ávinning hugsanlegan og réttindin því geta verið peningavirði.

Þá ber að athuga, hvort sannað megi telja, að ákærði, Carlson, hafi gert þetta í því skyni, að svifta skuldheimtu-

mönnum sínum færi á að fá andvirði þessara réttinda til bifreiðarinnar, ef svo færi að hæstaréttarmálið ynnist. Þrátt fyrir neitun ákærða verður að telja að svo hafi verið og liggja til þess ástæður, sem hér skal greina.

Í fyrsta lagi hefir ákærður, Carlson, enga skynsamlega grein gert fyrir ástæðum sínum til þessara ráðstafana um réttindin til bifreiðarinnar. Það er tekið fram áður í dómforsendum þessum að hann gat ekki séð sér þann hag í að losna við 100 kr. víxilskuldina eða að ákærði, Helgi Benónýsson, gerðist skuldbundinn gagnvart Ólafi Auðunssyni, að það sé frambærileg skýring á því, að hann afsali sér réttindum, sem ástæða er til að ætla að hann taldi nokkurs virði og jafnvel ekki lítils virði ef vel færi. Hinsvegar er upplýst, að einmitt um það leyti, er afsalið var gert, voru að undangenginni löghaldsgerð risin málaferli milli ákærðs, Carlsons, og þeirra, sem höfðu orðið að greiða víxilskuldina fyrir hann og að málið var einmitt undir dómi þá. Það kom í ljós undir rannsókn málsins, að ákærða þótti Sig. Á. Gunnarsson hafa sýnt sér ólipurð í viðskiptum þeirra út af bifreiðinni og óvild ákærða til sama manns kemur einnig greinilega í ljós í ritinu „réttarfarið í Vestmannaeyjum", sem ákærði, Carlson, hefir undirritað og lagt er fram í máli þessu. Það bendir einnig á sviksemistilgang í sambandi við afsalið og að meining ákærðs hafi verið að komast hjá því að skuldheimtumenn hans hefði hag af því, ef málið í hæstarétti ynnist að hann — eins og áður er tekið fram — vildi láta dagsetja afsalið til Helga Benónýssonar aftur í tímann. Að þessu athuguðu þykir mega telja sannað, að ákærði Carlson hafi með atferli sínu, sem að framan er lýst, brotið gegn 254. gr. hinna almennu hegningarlaga. Að því er kemur til ákærunnar fyrir brot á 38. gr. laga um aðför, 4. nóvember 1887, þá skal tekið fram, að þar sem nefnd lagagrein mælir svo fyrir, að refsing skuli þá aðeins beita fyrir að koma lögmætum eigum sínum og kröfum undan fjárnámi um það leyti, er maður hlýtur að sjá það fyrir, þegar slíkt er gert af eigingirni, verður af þeirri ástæðu, eins og lýst er að framan í dómi þessum, að sýkna ákærða af þeim kröfum réttvísinnar í máli þessu.

Með dómi aukaréttar Reykjavíkur 20. apríl 1923 var ákærður, F. Carlson, dæmdur í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og 250 króna sekt fyrir brot á 1. gr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917 og 253. gr. sbr. 55. gr. með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga. Refsing hans nú þykir með tilliti til málavaxta og þess, að um ítrekun er að ræða, að réttarins áliti, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Meðákærði, Helgi Benónýsson, er ákærður fyrir hlutdeild í áðurnefndum hegningarverðum verknaði F. Carlsons. En eins og áður er lýst fékk hann 20. ágúst f. á. afsal það hjá Carlson, sem rétturinn verður að álíta, að gefið hafi verið út í sviksamlegum tilgangi og þannig, að refsivert sé. Það, sem því kemur hér til álita gagnvart honum er

1. hvort ákærða var ljóst, að hér var í raun og veru ekki um það að ræða, sem kallað verður sala, þar eð aðeins komu á móti um 100 kr. af hans hálfu fyrir réttindi, sem gátu orðið allmikils virði, eftir mati síðar um 2700 krónur.

2. og hvort hann hafði ástæðu til að ætla, að afsal þetta væri gert í sviksamlegum tilgangi og gerði sér það í hugarlund.

Um fyrra atriðið tekur rétturinn fram, að skýrsla ákærða um þetta er að ýmsu leyti ósennileg og tortryggileg. Hann hefir haldið fram, að bifreiðin hefði að sínum dómi verið aðeins 4500 kr. virði og að fá ⅓ af þessari upphæð með hæstaréttardómnum, þ. e. a. s. nánar aðspurður, að hann hefði talið líkurnar 1 á móti 2, að málið ynnist. Nú hefir hann kannazt við, að hafa eftir frásögn Carlsons vitað um, að hann ætti að greiða seljanda bifreiðina um 2500 krónur og auk þess skuldbatt hann sig til að borga Ó. Auðunnssyni 1500 kr. og skuld fyrir benzín um 100 kr. eða alls 4100 kr. ef Carlson ynni málið og hann yrði eigandi réttindanna yfir bifreiðinni. En tapaði Carlson hinsvegar málinu taldi hann geta komið til mála, að borga 1500 kr. til Ól. Auðnssonar og um 100 kr. vegna benzínsins. Með öðrum orðum hann hætti eftir þessari frásögn sinni 1600 kr. móti því að græða 400 kr. enda þótt hann teldi líkurnar fyrir gróðanum að-

eins vega 1 móti 2. Til þess að skýra þetta nokkuð tók ákærði fram, að hann hefði talið bifreiðina meira virði fyrir sig í atvinnuskyni. Þrátt fyrir þetta verður að telja svo miklar líkur fyrir því, að Helgi Benónýsson hafi einnig yfirleitt álitið bifreiðina meira virði en hann fullyrðir, að rétturinn hljóti að byggja á því.

Enda styður matið, er seinna var framkvæmt, þetta og einnig tilboð hans í réttinum 26. nóv. 1931 — þrem vikum eftir að hann var orðinn eigandi að réttindum til bifreiðarinnar — um að láta þau af hendi fyrir 1800 kr. Jafnvel þá, eftir gjaldþrot meðákærðs, Carlsons, virðist hann telja bifreiðina um 5900 kr. virði fyrir sig.

Það verður samkvæmt þessu að líta svo á, að Helga Benónýssyni hafi verið það fullljóst, að salan á bifreiðarréttindunum af Carlsons hálfu fyrir einar 100 kr. var mjög einkennileg og ekki síður þar sem Carlson ekki einu sinni fékk þessar 100 krónur útborgaðar, heldur voru þær teknar upp í skuld. En þá kemur til álita hvort telja megi nægilega sannað, að ákærði hafi vitað um hinn sviksamlega tilgang Carlsons og því vitandi vits hjálpað honum við framkvæmd hans. Ákærði hefir eindregið neitað að hafa haft nokkuð slíkt fyrir augum og einnig haldið fram að hafa ekki vitað um að Sig. Gunnarsson, og aðrir, sem skrifuðu á bifreiðarvíxilinn fyrir Carlson, gætu tapað á afsali Carlsons til sín. Taldi að sinni sögn að „þær ábyrgðir væru úr sögunni".

Það er að réttarins áliti ekki líklegt, að Helga Benónýssyni hafi verið ókunnugt 20. ágúst f. á. um að víxill sá, er þeir Sig. Gunnarsson o. fl. höfðu skrifað á fyrir Carlson, væri ógreiddur að meira eða minna leyti, og að þeir hefðu því persónulegra hagsmuna að gæta gagnvart Carlson, og einkum þeirra, að bifreiðin færi ekki úr höndum Carlsons ef hann ynni málið í hæstarétti, þar sem Helga samkvæmt yfirlýsing hans sjálfs var vel kunnugt að Carlson var alveg eignalaus. Í fyrsta lagi lýsti Helgi Benónýsson yfir í réttarhaldi 3. dez. f. á., að sér hefði verið kunnugt um það þegar hann gerði kaupin við Carlson, að Sig Gunnarsson o. fl. hefði gengið í ábyrgð fyrir Carlson út af bifr-kaupunum, en hvorki vita né hafa vitað hve mikið var borgað upp í þetta og kom ekki með

hinn framburðinn fyrr en við lok rannsóknarinnar 4. júní þ. á. Í öðru lagi gat hann sem þekkti vel til slíkra bifreiðakaupa, eins og hann hefir sjálfur borið í réttinum, og verðmæti bifreiða, tæplega ímyndað sér að jafn eignalítill maður og hann vissi, að Carlson var, hefði greitt eins mikið af bifreiðarverðinu eins og eftirstöðvar kaupverðsins báru vott um. Loks var honum kunnugt um innsetningargerðina enda þótt ósannað sé gegn mótmælum hans, að hann hafi lesið hana, eins og Helgi Benediktsson hefir borið í réttinum. Enda þótt að eftir þessu verði að álíta að Helga Benónýssyni hafi hlotið að þykja einkennilegt að Carlson skyldi fús að afsala honum réttindi sín til bifreiðarinnar fyrir sama sem ekkert og enda þótt miklar líkur séu fyrir því, að hann hafi vitað í hverjum tilgangi þetta var gert, verður þó ekki gegn eindreginni neitun hans, álitið, að hann hafi gert sér þetta ljóst og því síður, að það hafi verið samantekin ráð þeirra Carlsons að svíkja skuldheimtumenn Carlsons með þessu. Verður fremur að álíta, að einungis gróðavon hafi komið honum til að semja við Carlson á þann hátt, er hann gerði, enda þótt hann sjálfur, eins og áður er sagt, geri ófullnægjandi grein fyrir því.

Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærðan, Helga Benónýsson, af ákærum réttvísinnar í máli þessu.

Um hlutdeild ákærða, Helga Benediktssonar, í sviksamlegum verknaði Carlsons, er ekki annað upplýst en að hann hafi samið afsalið frá honum til Helga Benónýssonar eftir beiðni Carlsons, sem gaf honum upp hvað hann vildi láta standa í því. Hinsvegar hefir ákærði kannazt við að álit sitt um efnahag Carlsons hafi verið það, þegar hann samdi afsalið, að Carlson mundi eiga lítið annað en skuldir og líka hefir hann viðurkennt, að sér hafi verið kunnugt um, að Sig. Gunnarsson o. fl. höfðu skrifað á 6000 kr. víxil fyrir Carlson, sem hann hafi aðeins verið búinn að borga „eitthvað af". Þá kveður ákærði að sér hafi einnig verið kunnugt fógetaréttarmál Vestmannaeyja út af bifreiðinni V. E. 50. Af þessu virðist verða að draga þá ályktun að ákærða hafi verið ljóst, að afsalið til Helga Benónýssonar var gert frá Carlsons hálfu með það fyrir augum að svíkja eða gera tilraun til þess

að svíkja skuldheimtumenn sína vegna víxilsins. Hins vegar hefir ákærði neitað að það hafi verið ætlun sín að hjálpa Carlson við neitt sviksamlegt athæfi. Kemur þá til álita hvort það eigi að teljast refsivert, að ákærði Helgi Benediktssson samdi afsalið eins og áður er sagt, án þess sannað sé, eða á nokkurn hátt gert líklegt, að hann hafi lagt þar ráð á, eða verið í ráðum. Í 48. gr. alm. hegningarlaga er svo ákveðið, að hafi nokkur hluttakari í misgerningum veitt forgöngmanninum liðsinni, sem er minna í varið en bein hjálp, þá sé það refsivert. Enda þótt segja megi að þessi aðstoð Helga Benediktssonar eftir bókstaf laganna geti kallazt „liðsinni" þá lítur þessi réttur þó svo á, að í því orði felist meira en jafn óveruleg aðstoð, og að þessi hlutdeild Helga, að semja afsalið aðeins eftir því sem Carlson óskaði, það er að orða það og skrifa, falli ekki undir þetta refsiákvæði laganna. Það verður eftir þessu að sýkna Helga Benediktsson af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrskurði ber ákærða, Ferdinand Carlson, að greiða allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður, þar undir málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Stefáns Jóh. Stefánssonar, hæstaréttarmálaflutningsmanns, 50 kr. Málsvarnarlaun sama manns vegna Helga Benónýssonar, 50 kr., greiðist af almannafé. Helgi Benediktsson hefir með löngu riti (10 vélrit. síður), sem á að kallast varnarskjal, en er að tæpri hálfri síðu undanskilinni samfeld árás og óhróður um dómarann og ýmsa nafngreinda menn — þar á meðal um einn nýlátinn mann — gert sig sekan um freklega ósæmilegan ritháttt. Ennfremur hefir hann lagt fram, sem fylgiskjal með vörn sinni, skjal undirritað af ákærðum Carlson, er nefnist „réttarfarið í Vestmannaeyjum" og er þrungið af svívirðingum um dómarann og ýmsa aðra nafngreinda menn, og verður þetta einnig í þessu sambandi að teljast ósæmilegur ritháttur. Ber að sekta ákærða, Helga Benediktsson, fyrir þetta og telst sektin hæfilega metin 100 krónur, er greiðist innan fjögra vikna, að hálfu í ríkissjóð, en að hálfu í bæjarsjóð Vestmannaeyjakaupstaðar, og afplánist með 10 daga einföldu fangelsi sé hún ekki greidd réttrímis. Að öðru leyti verður hlutaðeigandi ráðuneyti látið skera úr hvort mál skuli höfðað út af þessu skv. 12. kap.

alm. hegningarlaga. Málsvarnarkrafa hans verður ekki tekin til greina og heldur ekki krafan um að dómarinn víki sæti í málinu.

Á málinu hefir enginn annar dráttur orðið en sá, sem leitt hefir af miklum embættisönnum og ónógri aðstoð dómarans.

Mánudaginn 8. nóv. 1933.

Nr. 22/1933. **Gestur Bjarnason** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Gróu Jóhannesdóttur og gagnsök.
(cand. jur. Einar B. Guðmundsson).

Dánarbætur.

Dómur aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 24. nóv. 1932: Stefndur, Gestur Bjarnason, bifreiðarstjóri í Stykkishólmi, greiði stefnandanum, Gróu Jóhannesdóttir, ekkju í Stykkishólmi, 8400 — átta þúsund og fjögur hundruð krónur — ásamt 5 — fimm — % ársvöxtum af þeirri upphæð frá 7/9 1930 að telja þar til greitt er. Svo greiði stefndur og stefnandanum 400 — fjögur hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar af hálfu beggja aðila. Hefir aðaláfrýjandi krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og hann dæmdur til að greiða málskostnað í báðum réttum, en til vara að ídæmdar skaðabætur verði lækkaður, vextir af þeim taldir frá sáttakærudegi og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarétti, en að máls-

kostnaður í héraði verði látinn falla niður. Gagnáfrýjandi, er fengið hefir gjafvörn og gjafsókn í hæstarétti og sér skipaðan talsmann þar, hefir hinsvegar krafizt, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 10400 kr. í skaðabætur með 5% vöxtum frá 7. sept. 1930 til greiðsludags og málskostnaðar eins og málið væri eiği gjafsóknarmál.

Samkvæmt því sem segir í hinum áfrýjaða aukaréttardómi var hvorki eiginmaður gagnáfrýjanda valdur að slysi því, er hafði dauða hans í för með sér né heldur þriðjimaður og hefir aðaláfrýjandi eigi sannað, að slysið hefði hlotið að vilja til þótt hann hefði sýnt þá aðgæzlu og varkárni, er honum sem ökumanni var skylt að gæta. Er hann því samkvæmt 15. gr. í lögum nr. 56, 15. júní 1926 sbr. nú 15. gr. í lögum nr. 70, 8. sept. 1931, skaðabótaskyldur gagnvart gagnáfrýjanda.

Skaðabótakrafa gagnáfrýjanda er þannig sundurliðuð, að 50 kr. er lækniskostnaður, 350 útfararkostnaður og 10000 kr. dánarbætur, hefir aðaláfrýjandi ekki mótmælt tveimur fyrstu liðum kröfunnar, en krafizt lækkunar á dánarbótunum. Sérstaklega með tilliti til þess, að frá þeim eigi að draga bætur þær, er gagnáfrýjandi hafi fengið frá Slysatryggingu ríkisins. Er það viðurkennt, að gagnáfrýjandi hafi áður en málssókn þessi var hafin fengið fyrir sig og börn sín greiddar 4200 kr. frá Slysatryggingunni, og sést það af málflutningunum fyrir undirrétti að í málinu er krafizt 10000 kr. dánarbóta, auk þessarar upphæðar. Með upplýsingum er komið hafa fram af nýju við flutning málsins í hæstarétti er það gert sennilegt, að árlegar atvinnutekjur hins látna eiginmanns gagnáfrýjanda, er var verkamaður og 48 ára að aldri þegar hann

andaðist, hafi verið um 2200 kr. Og ennfremur er það upplýst, að gagnáfrýjandi var 29 ára að aldri, er eiginmaður hennar beið bana af slysinu, og að þau áttu 4 börn, hið yngsta fætt sama dag og slysið vildi til, en hin voru á aldrinum 9 ára, 5 ára og 3 ára. Að þessu athuguðu verður eigi litið svo á, að gagnáfrýjandi hafi krafizt hærri dánarbóta en aðaláfrýjanda er skylt að greiða og verður því að dæma hann til að greiða gagnáfrýjanda 10400 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 22. dez. 1931 til greiðsludags.

Eftir þessum árslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í undirrétti og hæstarétti, er með tilliti til þess að málið er gjafsóknarmál þykir hæfilega ákveðinn samtals 400 kr. og eru þar með talin málflutningslaun hins skipaða málflutningsmanns gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti, er ákveðast 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Gestur Bjarnason, greiði gagnáfrýjanda, Gróu Jóhannesdóttur 10400 kr. með 5% vöxtum frá 22. dez. 1931 til greiðsludags. Svo greiði hann og gagnáfrýjanda 400 kr. í málskostnað í undirrétti og hæstarétti, þar í talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar fyrir hæstarétti, cand. jur. Einars B. Guðmundssonar, 150 kr.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:
Mál þetta, sem er höfðað með sáttkæru dags. 12. dez.

f. á. og þingfest 16. jan. þ. á., er risið út af dánarbótum fyrir Elívarð sáluga Jónsson í Stykkishólmi eiginmann stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 5. sept. 1930 var e/s Gullfoss staddur hér í Stykkishólmi og vann Gestur Bjarnason bifreiðarstjóri að uppskipun og útskipun í skipið með bifreið sinni S. H. 2. Klukkan 3—4 um daginn var verið að afferma bifreiðina og stóð hún á steinpalli ofan við bryggjuna, er hallaðist lítið eitt fram að henni og sneri stýrishúsið upp frá bryggjunni. Vann Elívarður Jónsson ásamt öðrum mönnum að því að losa bifreiðina og er þeir höfðu lokið því, stóðu þeir aftan við hana, en á bryggjunni bak við þá var fullt af kössum og varningi, ætlaði bifreiðarstjórinn þá að setja bifreiðina í gang með sveifinni og keyra burt, að sækja meiri varning, en í því er hann setti hana í gang, kipptist bifreiðin aftur á bak og rakst á Elívarð Jónsson. Virtist í fyrstu að hann væri lítt meiddur, en brátt versnaði honum mjög og að tveim dögum liðnum var hann látinn, að því er læknir telur af afleiðingum höggs þess, er er hann fékk af bifreiðinni.

Að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins var höfðað opinbert mál gegn bifreiðarstjóranum, Gesti Bjarnasyni, út af atviki þessu og hann ákærður fyrir brot gegn ákvæðum 200. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25/6 1869 og bifreiðalaganna nr. 56, frá 1926, og var hann í því máli með dómi aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gengnum 14/11 1931 sýknaður af kæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar. Er dómur þessi, sem staðfestur hefir verið af hæstarétti, lagður fram í málinu sem rjskj. nr. 11.

Stefnandi krefst þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér 10000 kr. í dánarbætur og 400 kr. til greiðslu læknis- og greftrunarkostnaðar og 5% ársvaxta af þessum upphæðum frá 7/9 1930 til greiðsludags. Loks krefst hún þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað, kr. 490,00.

Stefndur krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að bótakrafa stefnanda verði lækkuð eftir mati réttarins. Loks krefst hann þess að sér verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Stefnandinn byggir kröfu sína um skaðabætur á því, að stefnda sem fyrirsvarsmanni bifreiðarinnar S. H. 2, sé skylt að bæta það tjón, er hún varð fyrir við að missa eiginmann sinn við slys þetta. Bendir umboðsmaður stefnanda á í því sambandi 15. gr. laga nr. 56 frá 15% 1926, er ákveður um skaðabótaskyldur fyrirsvarsmanns bifreiðar út af slysum, sem hljótast af notkun hennar. Telur hann sannað í málinu, að hvorki Elívarður heitinn né nokkur þriðji maður hafi verið orsök í slysinu af ásettu ráði eða með vítaverðri óvarkárni, en hinsvegar sé sannað að ökumaðurinn, Gestur Bjarnason, hafi ekki sýnt þá varkárni sem nauðsynleg verði að teljast, en hann vanrækt að tilkynna mönnum þeim er stóðu aftan við bifreiðina, kviaðir milli hennar og varnings þess, sem á bryggjunni var, að hann ætlaði að setja bifreiðina í gang.

Að því er snertir upphæð dánarbótarkröfunnar tekur umboðsmaður stefnanda það fram, að hann telji fjárhagslegt tjón umbjóðanda síns af slysinu ekki nándarnærri bætt þótt hún fái tildæmda upphæð þá, er hann hefir krafizt. Kveðst hann eingöngu hafa miðað upphæð dánarbótakröfunnar við upphæð tryggingu þeirrar, er honum var kunnugt að keypt hafði verið fyrir bifreiðina S. H. 2 hjá vátryggingarfélaginu Danske Lloyd, en hún hafi verið 10000 kr.

Umboðsmaður stefnds byggir kröfu sína um sýknu á því, að stefnda sé ekki skylt að bæta fyrir slysið, þar sem upplýst sé að hann hafi sýnt er það vildi til, alla þá aðgætni og varkárni er honum sem ökumanni bar að sýna.

Varakröfu sína um lækkun dánarbótanna byggir umboðsmaður stefnds á því að ósannað sé, að tjón stefnanda af slysinu hafi verið svo mikið að nemi kröfu hennar. Hefir hann í því sambandi skorað á umboðsm. stefnanda að afla upplýsinga um tekjur Elívarðar heitins af atvinnu undanfarin ár. Þá hefir umboðsm. stefnda í þessu sambandi haldið því fram, að draga beri frá dánarbótum þeim, sem taldar eru hæfilegar fyrir Elívarð heitinn, þær 4200 kr., er ekkja hans og börn hafa fengið úr Slysatryggingu ríkisins, því álitamál sé hvort Slysatryggingin eigi ekki kröfu á hendur stefndum fyrir bótum, sem hún hafi orðið að greiða, og að minnstakosti sé fjárhagstjón stefnanda þeim mun minna sem þeirri upphæð nemur.

Að réttarins áliti verður eigi sagt um það með neinni vissu af hvaða orsökum slys það varð, er hér um ræðir, hvort bifreiðin rann aftur ábak á Elívarð heitinn vegna þess að gearstöngin var í aftur ábak „gear", eða hvort hún gerði það af því stefndur studdi svo fast á bifreiðina er hann sneri sveifinni til að setja hana í gang. Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að stefndum sem reyndum bifreiðarstjóra, hefði átt að vera það ljóst, að hugsanlegt væri að bifreiðin rynni aftur á bak er hann setti hana í gang, sérstaklega er það er athugað, að hún stóð á steinpalli í lítilsháttar halla. Bar honum því, ef hann vildi gæta fyllstu varkárni, að aðvara menn þá, er stóðu aftan við bifreiðina, um að hann ætlaði að setja hana í gang og því fremur bar honum að gera þetta þar sem fullt var af kössum og varningi aftan við hana svo að þeir, sem þar stóðu, voru í nokkurskonar kví og höfðu lítið sem ekkert svigrúm til að forða sér ef bifreiðin fór að hreyfast aftur á bak. Verður rétturinn því að telja, að vanræksla stefnda á því að gera mönnum þeim, er stóðu aftan við bifreiðina aðvart um að hann ætlaði að setja hana í gang, hafi bakað honum skaðabóta ábyrgð samkv. 15. gr. bifreiðalaganna, þótt hún eigi hafi bakað honum refsiábyrgð.

Að því er snertir upphæð dánarbótanna verður rétturinn að fallast á þá skoðun umboðsm. stefnds, að hún verði fyrst og fremst að miðast við aldur hins látna og atvinnutekjur hans undanfarin ár. Er upplýst fyrir réttinum, að Elívarður heitinn var 48 ára er hann lést, en þrátt fyrir áskorun umboðsm. stefnds hefir umboðsm. stefnanda engar upplýsingar gefið um atvinnutekjur hans, þá verður rétturinn og að fallast á þá skoðun umboðsmanns stefnds, að taka beri tillit til þess, er ákveða á hvert fjárhagslegt tjón stefnandi hafi beðið við missi eiginmanns síns, að henni og börnum þeirra hafa borizt 4200 kr. bætur úr Slysatryggingu ríkisins fyrir hann.

Að öllu þessu athuguðu virðist rétt að dæma stefnda til að greiða stefnandanum 8000 kr. í dánarbætur fyrir mann hennar, Elívarð heitinn Jónsson. Einnig virðist rétt að dæma hann til að greiða stefnanda lækn is- og greftrunarkostnað og virðist hann þar sem stefndur hefir ekki sérstaklega mótmælt þeirri upphæð, vera hæfilega ákveð-

inn 400 kr. eins og stefnandi hefir krafizt hans í sáttakærunni, rjskj. 2.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnandanum 8400 kr. ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 7/9 1930 til greiðsludags, svo ber og að dæma stefnda til að greiða stefnandanum málskostnað er virðist hæfilega ákveðinn 400 krónur.

Föstudaginn 10. nóv. 1933.

Nr. 97/1933. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Jóni Ragnars (Eggert Claessen).

Bifreiða- og áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. ág. 1933: Kærði, Jón Ragnars, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal og æfilangt sviftur ökuleyfi sínu.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa. Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessens, 50 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Ragnars, verzlunarmanni, til heimilis á Lindargötu 4, hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 70, 1931, um notkun bifreiða og áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Hinn 12. þessa mánaðar klukkan um 10 síðdegis ók kærði bifreiðinni R. E. 746 að Hótel Borg hér í bænum, þar sem hann stöðvaði bifreiðina og fór inn. Á veitingahúsinu drakk hann einn úr einni flösku af Vermouth, og var hann því orðinn mikið drukkinn, er hann klukkan 11,30 fór út af veitingahúsinu. En þrátt fyrir það fór hann í bifreiðina, sem allan tímann hafði staðið í Pósthússtræti, og ók henni af stað norður götuna, en varð það þá á, að vinstra framhjól bifreiðarinnar rann upp á gangstéttina við Austurvöll og nam hún þar staðar. Komu þá þarna að tveir af lögregluþjónum bæjarins og hindruðu frekari akstur af hendi kærða, er þeir sáu í hvaða ástandi hann var.

Kærði var á Akureyri hinn 12. ágúst 1930 sektaður um 150 kr. fyrir að aka bifreið ölvaður og próflaus, með þeim afleiðingum, að stórtjón varð á bifreið þeirri, er hann ók, en hefir ekki oftar sætt refsingu svo kunnugt sé.

Samkvæmt framangreindu, er það upplýst, að kærði hefir umrætt skipti verið ölvaður á almannafæri, og varð-

ar það brot hans við 16. gr. áfengislaganna og 7. gr. lögreglusamþykktarinnar, að hann ók bifreiðinni RE 746 í þessu ástandi, og varðar það brot hans við 5. gr. 4. mgr. bifreiðalaganna og 20. gr. áfengislaganna, og að hann lét framangreinda bifreið standa óhreyfða um hálfa aðra klukkustund í Pósthússtræti, og varðar það við 15. gr. lögreglusamþykktarinnar. Þykir refsing kærða fyrir þessi brot hans samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna, 36. gr. áfengislaganna og 69. gr. lögreglusamþykktarinnar, hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá verður og samkvæmt 5. gr. bifreiðalaganna og 20. gr. áfengislaganna, að svifta kærða æfilangt ökuleyfi sínu, með því að brot hans, að því er það snertir, að aka bifreið í ölvunarástandi, er nú ítrekað.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 13. nóv. 1933.

Nr. 178/1932. Pétur Sveinsson (Pétur Magnússon)
gegn
Ágústu Guðmundsdóttur.
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. júní 1932: Kærður, Pétur Sveinsson, skal teljast faðir að fóstri því, er kærandi Ágústa Guðmundsdóttir, gengur nú með, svo greiði hann væntanlegt meðlag með barninu og barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður eftir úrskurði yfirvalds, þá og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var höfðað í héraði samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921 og gekk dómur

í því þ. 8. júní 1932, en þ. 25. júlí s. á. ól stefnda barn sitt. Var það stúlkubarn og hlaut nafnið Hrönn, er það var skírt 15. sept. 1932. Í hæstarétti hefir verið lagt fram vottorð prófessors Guðmundar Thoroddsen, forstöðumanns fæðingadeildar Landsspítalans, þar sem barnið fæddist, og hefir barnið samkvæmt því verið fullburða við fæðinguna. Sé barnið getið við fyrstu samfarir stefndu og áfrýjanda, þ. 25. nóv. 1931, verður meðgöngutíminn aðeins 243 dagar, eða nálægt mánuði styttri en venjulegur meðgöngutími. Og enda þó eigi sé með því útilokað, að barnið sé ávöxtur af þessum samförum málsaðila þá verður að telja að þetta atriði veiti líkur gegn þeirri staðhæfingu stefndu, að áfrýjandi sé faðir að barninu.

Ennfremur hefir það verið upplýst hér fyrir réttinum, að þ. 16. sept. 1932, var gerð blóðrannsókn á málsaðiljum og barninu. Rannsókn þessi, sem gerð var á rannsóknarstofu Háskólans, leiddi það í ljós, að málsaðiljar voru bæði af O-blóðflokki, en barnið af A-flokki, og hefir forstöðumaður rannsóknarstofunnar, prófessor Níels Dungal, vottað, að samkvæmt þessari niðurstöðu rannsóknarinnar geti áfrýjandi ekki verið faðir barnsins.

Af þessum upplýsingum fengnum verður áfrýjandi eigi dæmdur faðir barnsins né meðlagsskyldur með því, og ber því að sýkna hann af kröfum stefndu. Málskostnað í hæstarétti þykir rétt, að stefnda greiði áfrýjanda með 200 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Pétur Sveinsson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Ágústu Guðmundsdóttur, í máli þessu.

Stefnda greiði áfrýjanda málskostnað í hæstarétti með 200 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt vottorði Katrínar Thoroddsen, læknis hér í bæ, dags. 19. maí þ. á., er stúlkan Ágústa Guðmundsdóttir, nú til heimilis á Nönnugötu 5 hér í bænum, ófrísk á 7. mánuði. Sem föður að þessu fóstri hefir stúlkan tilnefnt Pétur Sveinsson, til heimilis á Laugaveg 103, hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannazt við faðernið og er því mál þetta höfðað gegn honum eftir beiðni stúlkunnar, sem hefir krafizt þess, að hann yrði dæmdur faðir að fóstri því, sem hún gengur með, til að greiða væntanlegt meðlag með því og barnsfararkostnað og styrk til sín eftir úrskurði yfirvalds svo og málskostnað að skaðlausu.

Kærandi heldur því fram, sem og er viðurkennt af kærðum, að hún hafi ráðizt í vist til föður kærðs á Laugaveg 103 síðastliðið haust og verið þar fram yfir síðastliðið nýjár. Þau eru sammála um það, að þau hafi haft holdlegt samræði í fyrsta sinn 25. nóvember f. á. og síðan nokkrum sinnum eftir það. Kærður hefir og haldið því fram, að kærandi muni hafa haft holdlegt samræði við fleiri karlmenn en sig á getnaðartíma fóstursins, en honum hefir ekki tekizt að sanna gegn mótmælum kæranda að svo hafi verið.

Af ofangreindum ástæðum og með tilliti til þess, að telja verður upplýst, að kærður hafi haft holdlegt samræði við kæranda á þeim tíma er fóstur þetta geti verið getið, þá verður að dæma hann föður að fóstri því, er kærandi gengur nú með og til þess að greiða væntanlegt meðlag með því og barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður eftir úrskurði yfirvalds svo og 20 krónur í málskostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 13. nóv. 1933.

Nr. 92/1933. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Ólafi Ólafssyni, Þorkeli Kristjánssyni, Ólafi Baldvin Þórarinssyni, Birgi Kristjánssyni, Þorsteini Gíslasyni og Helga Einarssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 25. marz 1933:
Kærði, Ólafur Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Þorkell Kristjánsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga og 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu, Ólafur Baldvin Þórarinsson og Birgir Kristjánsson, greiði hvor um sig 400 krónur til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektar hvors, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu, Þorsteinn Gíslason og Helgi Einarsson, greiði hvor um sig 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektar hvors, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn allan kostnað sakarinnar.

Framangreind bruggunartæki og áfengi skal allt upptækt og eign ríkissjóðs.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim er greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, og teljast greiðslufrestir sektanna frá birtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektanna teljist frá birtingu dóms þessa.

Hinir kærðu, Ólafur Ólafsson, Þorkell Kristjánsson, Ólafur Baldvin Þórarinsson, Birgir Kristjánsson, Þorsteinn Gíslason og Helgi Einarsson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Ólafssyni, kaupmanni, Óðinsgötu 24, hér í bænum, Þorkeli Kristjánssyni, Víðinesi á Kjalarnesi, Birgi Kristjánssyni, Laugavegi 74, Ólafi Baldvin Þórarinssyni, Hverfisgötu 82, Þorsteini Gíslasyni, Baugsvegi 19 og Helga Einarssyni, Tjarnargötu 5, öllum hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Seint að kvöldi hins 23. þessa mánaðar voru tveir af lögregluþjónum bæjarins á verði í miðbænum. Urðu þeir þá varir við, að tveir menn voru með hávaða í sundinu hjá Hótel Heklu, og fóru því lögregluþjónarnir inn í sundið til að aðgæta þetta nánar. Er menn þessir urðu lögreglu-

þjónanna varir köstuðu þeir frá sér tveim hálfflöskum. Flöskur þessar brotnuðu ekki, og tóku lögregluþjónarnir þær upp, og kom þá í ljós, að á þeim var heimabruggað áfengi. Menn þessir, sem reyndust vera kærðu, Þorsteinn og Helgi, voru nú færðir á lögreglustöðina, og við eftirgrennslan lögreglunnar upplýstist, að þeir höfðu keypt áfengi þetta af kærða, Ólafi Ólafssyni, og ennfremur, að þeir hefðu áður um kvöldið keypt tvær hálflöskur af samskonar áfengi af sama manni og drukkið það inni á veitingahúsinu White Star hér í bænum. Fyrir hverja hálfflösku af víni þessu greiddu þeir 5 krónur.

Að fengnum þessum upplýsingum gerði lögreglan þegar leit eftir ólöglegu áfengi á bifreiðastöð Kristins Guðnasonar hér í bænum, þar sem kærði, Ólafur Ólafsson, er afgreiðslumaður og síðan á heimili hans Óðinsgötu 24. Leitin á bifreiðastöðinni var gerð vegna þess, að þar höfðu fyrrgreind áfengiskaup farið fram, en hún reyndist árangurslaus, en á heimili Ólafs fundust tvær heilflöskur af fullbrugguðu áfengi.

Ólafur hefir játað, að hann hafi selt framangreint áfengi og hefir hann skýrt nánar svo frá, að hann hafi fyrir nokkru síðan keypt 14 heilflöskur af áfengi hjá kærða, Ólafi Þórarinssyni, á 7 krónur stykkið, en síðan selt það aftur á 10 krónur flöskuna. Síðan hefði hann sama daginn og uppvíst var um áfengissölu hans keypt 20 heilflöskur af samskonar víni og við sama verði, af kærða, Birgi, og selt það allt samdægurs út aftur sömuleiðis á 10 krónur flöskuna, að undanteknum þeim tveim flöskum, sem heima hjá honum fundust.

Er ákærði, Ólafur Ólafsson, hafði gefið fyrrgreinar upplýsingar um viðskipti hans og meðkærðu, Birgis og Ólafs Þórarinssonar, gerði lögreglan húsleit hjá þeim báðum eftir ólöglegu áfengi. Hjá Ólafi fannst ekkert áfengi en hjá Birgi fundust 6—7 lítrar af fullbrugguðu áfengi. Kærðu, Birgir og Ólafur Þórarinsson, hafa játað skýrslu Ólafs Ólafssonar rétta um viðskipti þeirra. Kváðust þeir ekki hafa bruggað áfengi þetta sjálfir, heldur væri það bruggað hjá Þorkeli Kristjánssyni, bónda í Víðinesi á Kjalarnesi, en Þorkell er bróðir Birgis. Kváðust þeir hafa selt þetta áfengi algerlega fyrir reikning Þorkels án þess að hafa nokkurn hagnað af sölunni sjálfir. Kveðast þeir ekki hafa

selt annað af áfengi fyrir Þorkel, en það, sem gekk til Ólafs, en hins vegar hafði Birgir fengið hjá honum lítilsháttar af víni, sem hann segist hafa notað sjálfur. Kom brugg þetta frá Þorkeli til þeirra félaga í tveim sendingum, og var það sem við húsleitina fannst hjá Birgi afgangur af síðari sendingunni.

Er hér var komið rannsókninni var sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu tilkynnt um málið, og voru síðan lögregluþjónar héðan úr bænum í samráði við sýslumanninn sendir að Víðinesi til rannsóknar.

Játaði kærði, Þorkell, brot sitt þegar og vísaði lögregluþjónunum á bruggunartækin, sem voru suðubrúsi, eimingarpípa og olíutunna. Hefir hann fyrir réttinum skýrt nánar svo frá, að hann hafi byrjað að brugga rétt eftir nýjár í vetur. Lagði hann þá í um 180 lítra af áfengislögun í fyrrgreinda tunnu og fékk úr þeirri lögun rúmlega 10 lítra af fullbrugguðu áfengi. Síðan lagði hann aftur í sömu tunnu en fékk úr þeirri lögun 15 lítra af fullbrugguðu áfengi. Þetta áfengi gekk allt til meðkærðu, Ólafs Þórarinssonar og Birgis, sem tekið höfðu að sér að selja það fyrir reikning Þorkels. En þeir blönduðu bruggið með vatni að þriðjungi og seldu síðan við því verði, sem að framan greinir.

Efnarannsóknarstofa ríkisins hefir rannsakað sýnishorn af áfengi því, sem hjá kærðu fannst, og reyndist alkóhólmagnið í þessum sýnishornum 34,5% og 37% eftir rúmmáli.

Brot kærða, Ólafs Ólafssonar, varðar við 11. gr. sbr. 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930. Hann hefir áður svo kunnugt sé sætt refsingu, sem hér segir:

1) 14. júní 1930 sektaður í lögreglurétti Reykjavíkur um 50 kr. fyrir ölvun.

2) 15. júlí 1930 sektaður í sama rétti um 50 krónur fyrir sama brot.

3) 17. marz 1931 sektaður um 600 krónur í sama rétti fyrir ólöglega áfengissölu.

4) 12. október 1931 dæmdur í hæstarétti í 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir brot gegn 277. gr. sbr. 271. gr. alm. hgnl. frá 25. júní 1869.

5) 31. janúar sektaður í lögreglurétti Reykjavíkur um 50 krónur fyrir ölvun.

6) 22. september 1931 sektaður í sama rétti um 50 krónur fyrir sama brot.

7) 23. október 1931 sektaður í sama rétti um 50 krónur fyrir sama brot.

8) 9. ágúst 1932 sektaður í sama rétti um 1000 krónur fyrir ólöglega áfengissölu.

Þykir refsing þessa sakbornings hæiflega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Brot kærða, Þorkels Kristjánssonar, sem ekki hefir áður, svo kunnugt sé, sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot, varðar við 6. gr., sbr. 30. gr. og 11. gr., sbr. 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þar sem framburðir hinna kærðu, Þorkels, Birgis og Ólafs Þórarinssonar, eru samhljóða um það, að sala þeirra Ólafs og Birgis hafi algerlega verið fyrir reikning Þorkels og að þeir hafi engan hagnað hlotið af sölunni, þá verður ekki talið, að þeir hafi orðið sekir um brot gegn ákvæðum áfengislaganna um sölu áfengis, heldur aðeins um aðstoð við ólöglega sölu. Varðar brot þeirra beggja því við 42. gr. áfengislaganna, og þykir refsing hvors þeirra, sem ekki hafa áður, svo kunnugt sé, sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot, hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektar hvors, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu, Þorsteinn og Helgi, hafa með því að neyta áfengis inni á veitingahúsi brotið gegn 24. gr. 1. mgr., sbr. 41. gr. 1. mgr. og þykir refsing hvors þeirra, sem ekki hafa svo kunnugt sé, áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot, hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað hvorrar sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu þessa dóms.

Kærðu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn allan kostnað sakarinnar. Framangreind bruggunartæki og áfengi skal allt upptækt og eign ríkissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 15. nóv. 1933.

Nr. 87/1933. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)
gegn
Páli Hannessyni (Gústav Sveinsson).

Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda, er eigi var talinn réttur aðili málsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1933: Stefndur, Páll Hannesson, skal vera sýkn að svo stöddu af kröfum stefnandans, Einars M. Jónassonar, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir stefndi með samþykki áfrýjanda lagt fram vottorð sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 8. nóv. þ. á. Samkvæmt vottorði þessu var krafa áfrýjanda á hendur stefnda, vegna skuldakaupa úr þrotabúi H. B. Stephensen & Co. á Bíldudal, tekin fjárnámi hjá áfrýjanda hinn 6. júní 1929, til handa ríkissjóði, virt á 5000 kr., og síðan var krafa þessi seld á nauðungaruppboði og varð ríkissjóður kaupandi hennar. Stefndi hefir og ómótmælt haldið því fram í málinu, að sér hafi verið ókunnugt um fjárnámsgerð þessa, er hann gerði samning þann við áfrýjanda, hinn 21. marz 1932, er getið er í forsendum hins áfrýjaða dóms. Að þessu athuguðu og með því, að engin sönnun er færð á staðhæfingu áfrýjanda, að við ofannefnda fógetaréttargerð hafi aðeins verið tekin fjárnámi skaðabótakrafa, er hann hafi átt á hendur stefnda fyrir rof stefnda á samningnum um skuldakaupin, en eigi aðrar kröfur eða réttindi, er sá samningur hafi veitt sér, og með því að því eigi er haldið fram, að áfrýjandi sé á ný orðinn eigandi kröfunnar eftir nauðungarsölu hennar,

ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í máli þessu, þegar af þeirri ástæðu að áfrýjandi er eigi réttur aðili málsins. Með því að málinu hefir eigi verið gagnáfrýjað verður niðurstöðu dómsins eigi breytt og verður því að staðfesta hann, en málskostnað í hæstarétti þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda með 300 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaði dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Einar M. Jónasson, greiði stefnda, Páli Hannessyni, 300 krónur í málskostnað í hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Eftir því, sem fyrir liggur, virðast málavextir í máli þessu þeir, að með úrskurði skiptaréttar Barðastrandarsýslu í þrotabúi firmans Hannes B. Stephensen & Co., Bíldudal, uppkveðnum 10. júní 1926, var ákveðið að taka kauptilboði, er fram hafði komið frá Hannesi Stephensen á Bíldudal, f. h. sonar hans, Páls Hannessonar, sem nú býr á Klapparstíg 38 hér í bænum, í tilgreindar útistandandi skuldir nefnds firma, er námu að upphæð rúmlega 65500,00 kr. en skuldir þessar voru veðsettar dánarbúi Jóns Þorsteinssonar á Bíldudal fyrir yfir 18000 kr. Kauptilboð þetta var að upphæð kr. 15100,00 og hinn 22. apríl 1929 fékk Páll Hannesson fullt eignarafsal fyrir skuldunum frá þáverandi sýslumanni Barðastrandarsýslu, en þangað til hafði fyrrnefndur faðir Páls haft umboð til þess að innheimta skuldirnar. Hinn 31. marz 1928 gera þeir, Hannes Stephensen, f. h. nefnds sonar síns, og Einar M. Jónasson, fyrrverandi sýslumaður, er heima á hér í bænum, með sér samning þess efnis, að umræddar skuldir skyldu vera helminga eign þeirra, og var meðal annars svo ákveðið, að það sem innheimtist af skuldunum, skyldi fyrst og fremst ganga til greiðslu andvirðis þeirra, sem þar er tal-

ið 16000,00 kr., en afgangurinn skiptast jafnt milli eigenda. Í samningi dags. 21. marz f. á. milli Páls sjálfs og nefnds Einars, er enn tekið fram, að fyrstu 16000 krónurnar, sem inn komi, gangi til greiðslu kaupverðs skuldanna. En jafnframt fela þeir í samningnum nafngreindum manni, að gera upp viðskipti þeirra, svo sem hve mikið sé innheimt af skuldunum, hve mikið greitt upp í kaupverðið, og að því er virðist að skipta milli þeirra kröfum þeim, sem eftir yrðu, er kaupverðið hefði verið innt af hendi. Nú heldur nefndur Einar því fram, að ríkissjóður hafi gert hann ábyrgan fyrir kaupverði umræddra skulda, sem fyrrverandi sýslumanni Barðastrandarsýslu, og hafi hann gert full skil á því. Beri Páli því að endurgreiða honum kaupverðið, en hann eigi enn eftir ógreitt af því kr. 12750,00. Hefir Einar, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað mál þetta fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu dags. 18. janúar s. l. gegn fyrrnefndum Páli og gert þær réttarkröfur að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum áðurgreinda upphæð, kr. 12750,00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 5. jan. s. l. til greiðsludags, málskostnað að skaðlausu og að öðru leyti til þess að uppfylla samninginn frá 21. marz f. á.

Stefndur hefir mótmælt öllum framangreindum kröfum stefnanda og krafizt algerðrar sýknunar af þeim og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu eftir mati réttarins. Heldur stefndur því fram, að stefnandi hafi ekkert greitt af umræddu kaupverði ,en í raun og veru hafi það verið forsenda fyrir því af sinni hálfu, að gera hann þátttakanda í skuldakaupunum, að hann stæði í bili skil á kaupverðinu, eða þar til það fengist hjá hinum ýmsu skuldunautum. Þessari skyldu hafi stefnandi brugðizt gersamlega og sé því grundvöllurinn undir sameign hans að skuldunum eiginlega fallinn niður. Heldur stefndur því fram, að hann hafi sjálfur greitt allt andvirðið, og hefir undir rekstri málsins sundurliðað hvernig hann telur, að þeim greiðslum sínum hafi verið hagað.

Stefnandi hefur nú ekki gegn mótmælum stefnda sannað, að hann hafi greitt andvirði umræddra skulda, eða nokkurn hluta þess. Þá kemur ekki fram, að meira hafi innheimzt af skuldunum en kr. 7824,48, eða miklum mun minna en kaupverð þeirra nam. Verður því ekki séð, að

stefnandi eigi að svo stöddu fjárkröfur á hendur stefndum, út af umræddum skuldakaupum, eða heimting á því, að skuldunum sé skipt á milli þeirra, og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. nóv. 1933.

Nr. 80/1933. **Sameignarfélagið „Baugur“**
(Eggert Claessen)
gegn
bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsskylda sameignarfélags samkv. 6. gr. A. II, 1, útsvarsl. nr. 46, 15. júní 1926.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. júlí 1933: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Við aðalniðurjöfnun útsvara í Reykjavík 1932 var sameignarfélaginu „Baugur“ gert að greiða 5800 kr. útsvar til Reykjavíkur. Félagið neitaði að greiða gjald þetta, og krafðist því bæjargjaldkeri Reykjavíkur, að útsvarið væri tekið lögtaki, og með úrskurði, uppkveðnum 20. júlí þ. á., neitaði fógeti að taka til greina mótmæli þau, er fram höfðu komið af hendi félagsins gegn lögtakinu.

Þessum úrskurði hefir sameignarfélagið „Baugur“ skotið til hæstaréttar með stefnu, dagsettri 22. ágúst þ. á. Krefst áfrýjandi þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og framkomin mótmæli gegn lögtakinu tekin til greina, svo og málskostnaður fyrir hæstarétti samkv. mati réttarins. Stefndi, bæjargjaldkeri

Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, krefst þess hinsvegar, að fógetaréttarúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Samkvæmt því sem upplýst er í málinu, var sameignarfélagið „Baugur" stofnað 1918 með þeim tilgangi, að setja upp skipasmíðastöð við Skerjafjörð. — Í því skyni keypti félagið sama ár nokkurn hluta af jörðinni Skildinganesi. — Ekki varð úr því, að umræddri skipasmíðastöð væri komið upp, en hinsvegar var félaginu ekki slitið á þeim tíma, sem hér kemur til greina, heldur seldi það smám saman af landareign sinni í Skildinganesi, án þess að andvirðinu væri skipt upp á milli félaganna. Í árslok 1931 átti því félagið, samkv. skattaframtali þess, skuldlausar eignir að upphæð 68851,13 kr., og hafði nokkurn arð af þeim á árinu. Félagið var þannig samkv. framansögðu beint stofnað til að reka atvinnu, og þó ekki yrði úr öllum hinum upphaflegu áformum þess, verður ekki talið, að undantekningarákvæði í 6. gr. A. II, b í lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, nái til þess, og er félagið því útsvarsskylt samkvæmt sömu grein A. II. 1. Að þessu athuguðu, og þar sem útsvarsupphæðin getur ekki komið til álita hér fyrir réttinum, verður að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndum málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði skal óraskað. Áfrýjandi, sameignarfélagið „Baugur", greiði stefnda, bæjargjaldkera Reykjavíkur,

f. h. bæjarsjóðs, 200 kr. í málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að Sameignarfélagið Baugur hefir eigi fengizt til að greiða útsvar það, að upphæð kr. 5800,00, er félaginu var gert að greiða árið 1932 til bæjarsjóðs Reykjavíkur, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafizt lögtaks á útsvari þessu, en gerðarþoli hefir mótmælt því að lögtakið næði fram að ganga og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fógetaréttarins.

Umboðsmaður gerðarþola hefir byggt neitun sína um greiðslu útsvarsins á því, að félagið hafi aldrei rekið hér atvinnu og sé því eigi útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 2 b laga nr. 46, frá 1926.

Gerðarbeiðandi hefir aftur á móti haldið því fram, að félagið hafi átt hér eignir sem hafi gefið arð og sé því útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 1. lið fyrrnefndra útsvarslaga.

Samkvæmt tekju- og eignarskattsframtali félagsins fyrir árið 1932, hefir félagið haft í tekjur á árinu kr. 2504,22.

Fógetarétturinn verður nú að líta svo á, að félagið sé útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 1. lið og er þá ekki unnt að taka hin framkomnu mótmæli til greina.

Mánudaginn 20. nóv. 1933.

Nr. 79/1933. **H/f „Títan“** (Eggert Claessen)

gegn

bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsskylda hlutafélags samkv. 6. gr. A, II, 1 útsvarsl. 46, 15. júní 1926.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. júlí 1933: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík 1932 var h/f „Títan" gert að greiða 1800 kr. útsvar til Reykjavíkur. Hlutafélagið neitaði að greiða útsvarið og krafðist því bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, að það yrði tekið lögtaki, og gekk um þetta úrskurður í fógetarétti Reykjavíkur 20. júlí þ. á., á þá leið, að mótmæli félagsins gegn lögtakinu yrðu ekki tekin til greina. Úrskurði þessum hefir h/f „Títan" skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 22. ágúst þ. á., og hefir krafizt, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, framkomin mótmæli gegn lögtakinu tekin til greina, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins. Stefndi, bæjargjaldkeri Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á fógetaréttarúrskurðinum og málskostnaðar í hæstarétti.

Samkvæmt því sem upplýst er í málinu var h/f „Títan" stofnað 1918 með heimili í Reykjavík í þeim tilgangi, að byggja út fossa hér á landi, reisa aflstöðvar við fossana og nytfæra sér vatnsaflið með verksmiðjuiðnaði. Keypti félagið í þessum tilgangi vatnsafl í Þjórsá og ennfremur landsvæði í Skildinganesi við Skerjafjörð, þar sem áformað var að byggja verksmiðjurnar, og átti að leiða aflið þangað með rafmagnstaugum frá aflstöðvunum. En ekkert varð úr þessum framkvæmdum. Félaginu var þó ekki slitið og hefir það smám saman verið að selja eignir sínar. Samkvæmt skattaframtali hlutafélagsins árið 1932 var skuldlaus eign þess í árslok 1931 kr. 41,837,60, og það ár, eða útsvarsárið, hafði það kr. 708,77 nettótekjur af eignum sínum, og með því nú að telja verður félagið samkvæmt tilgangi þess

og starfsemi atvinnufyrirtæki, þá verður eigi litið svo á, að undantekningarákvæðið í 6. gr. A. II b. í lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, nái til þess, og er félagið því útsvarsskylt samkv. sömu grein A. II. 1.

Að þessu athuguðu, og þar sem útsvarsupphæðin getur ekki komið til álita hér fyrir réttinum, verður að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði skal óraskað. Áfrýjandi, h/f „Títan", greiði stefnda, bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að fossafélagið Títan h/f. hefir eigi fengizt til að greiða útsvar það að upphæð kr. 1800,00, er félaginu var gert að greiða til bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1932, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafizt lögtaks á útsvari þessu, en gerðarþoli hefir mótmælt því að lögtakið næði fram að ganga og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fógetaréttarins.

Umboðsmaður gerðarþola byggir neitun sína um greiðslu útsvarsins á því, að félagið hafi aðeins rekið hér atvinnu og sé því eigi útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A II, 2 b laga nr. 46 frá 1926.

Gerðarbeiðandi hefir aftur á móti haldið því fram, að félagið hafi átt hér eignir sem hafi gefið arð og sé því útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A II, 1. lið fyrrnefndra útsvarslaga.

Samkvæmt tekju- og eignaskattsframtali félagsins fyrir árið 1932 hefir félagið haft í tekjur á árinu kr. 1626,51.

Fógetarétturinn verður nú að líta svo á, að félagið sé útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 1. lið laga nr. 46 frá 1926, og er þá ekki unnt að taka hin framkomnu mótmæli til greina.

Mánudaginn 20. nóv. 1933.

Nr. 91/1933. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Oddsteini Friðrikssyni
(Bjarni Þ. Johnson)

Sýknun af kæru um ölvun.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 24. marz 1933:
Kærður, Oddsteinn Friðriksson, greiði 50 króna sekt til ríkissjóðs og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns í málinu, B. P. Kalman, hrm., 40 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærði, Oddsteinn Friðriksson, er í máli þessu sakaður um að hafa verið ölvaður á opinberri danssamkomu í Alþýðuhúsinu í Vestmannaeyjum hinn 26. dez. f. á. Hefir lögregluþjónn, er þar var staddur, borið það fyrir réttinum, að hann hafi séð kærða kl. 12 um nóttina uppi á lofti í húsinu mikið drukkinn, hafi það sést af andlitsútliti hans og augum, og hafi kærði verið hávaðasamur og með „drykkjuröfl", en hann hafi hætt því, er lögregluþjóninn hafi borið þar að og eftir það hafi hann verið rólegur svo ekki hafi þurft að fara með hann burt úr samkomuhúsinu. Annað vitni, tollgæzlu-

maður, Sigurjón Sigurbjörnsson, hefir og borið það, að kærði hafi verið mikið ölvaður og með hávært samtal við menn, sem hjá honum voru uppi á loftinu.

Kærði hefir að vísu kannazt við að hafa nokkru áður en hann fór á dansleikinn drukkið rúma hálfa flösku af portvíni og hann játar, að hann hafi fundið á sér, en hann neitar því eindregið, að hafa verið ölvaður eða haft í frammi nokkurn verulegan hávaða. Hafa áðurnefnd 2 vitni ekki verið borin saman við kærða fyrir réttinum eða látin staðfesta framburð sinn með eiði, svo sem átt hefði að vera til að öðlast fullt sönnunargildi.

Hinsvegar hafa 3 menn, er voru með kærða á dansleiknum verið leiddir sem vitni. Bera þeir það að kærði hafi setið hjá þeim allan tímann, sem þeir voru uppi á loftinu, hafi eitthvað lítilsháttar séð vín á kærða, en hann hafi hvorki haft í frammi hávaða eða drykkjulæti. Þegar þeir hafi komið upp á loftið hafi verið þar þröng í kringum ölvaðan mann og hafi kærði spurt um það, hver maður þessi væri, og með því að hann var kunningi kærða, hafi hann kallað til hans og beðið hann að koma til sín í þeim tilgangi að sefa manninn, en þar sem ekki hafi orðið af því, hafi kærði látið málið afskiptalaust. Loks hefir enn eitt vitni verið leitt í málinu, Cæsar Hallgrímsson. Ber vitnið, að það hafi hitt kærða kl. 11—12 eða litlu áður en kærði fór upp á loft og talað þar við hann stundarkorn, og kveðst vitnið alls ekki hafa orðið þess vart, að kærði væri undir áhrifum víns.

Að þessu athuguðu verður það ekki talið sannað, að kærði hafi verið ölvaður á fyrrgreindri samkomu og verður því að sýkna hann af kæru vald-

stjórnarinnar í þessu máli og leggja allan kostnað sakarinnar á almannafé, þar með talin málflutningslaun hins skipaða talsmanns kærða í héraði, 40 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Oddsteinn Friðriksson, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun skipaðs verjanda í héraði, málflutningsmanns Björns P. Kalman, 40 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Bjarna Þ. Johnson, 60 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Oddsteini Friðrikssyni, útgerðarmanni, til heimilis Hásteinsveg 5 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 64, 19. maí 1930 og lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar frá 31. marz 1928.

Málavextir eru sem hér segir:

Þann 26. dez. s. l. var opinber skemmtun í Alþýðuhúsinu hér í bænum og var hverjum sem vildi seldur aðgangur að skemmtun þessari. Kærður fór á skemmtun þessa og kl. að ganga 12 um kvöldið komu þeir Jóhann[illegible] J. Albertsson, lögregluþjónn og Sigurjón Sigurbjörn[illegible]son, tollvörður upp á loft í nefndu samkomuhúsi og var kærður þá þar og hafa þeir báðir, Jóhannes og Sigurjón, borið það fyrir rétti, sem vitni í máli þessu, að kærður hafi þá verið mikið ölvaður og í háværu samtali við menn, sem voru þar hjá honum og að það hafi verið augsýnilegt af and-

litsútliti hans og augum, meðal annars, að hann hafi verið mikið ölvaður og hefir Jóhannes J. Albertsson ennfremur borið það, að kærður hafi viðhaft drykkjurövl og hefir kærður tekið framburð vitna þessara jafngildan og eiðfestur væri.

Kærður hefir neitað að hafa verið ölvaður við umrætt tækifæri en hefir játað að hafa drukkið rúmlega hálfa flösku af portvíni og eitthvað af öli þá um kvöldið og kveðst hafa fundið á sér áhrif af því áfengi, en ekki svo mikið, að hann gæti talizt ölvaður.

Samkvæmt ósk hins skipaða talsmanns kærða í málinu, hafa verið yfirheyrð fjögur vitni í málinu, auk þeirra, sem að framan greinir. Vitnið Gæsar Hallgrímsson hefir borið, að hann hafi hitt kærðan í samkomusalnum í nefndu samkomuhúsi umrætt kvöld og virðist það hafa verið áður en þeir Jóhannes Albertsson og Sigurjón Sigurbjörnsson sáu kærðan uppi á lofti í nefndu húsi og kveðst hann ekki hafa séð að kærður væri ölvaður eða undir áhrifum víns, en hann sá ekki kærðan á þeim tíma, er nýnefnd vitni hafa borið að hann hafi verið ölvaður og hefir framburður hans því ekki þýðingu í máli þessu. Vitnin Sigurgeir Jósefsson, Svavar Björnsson og Brynjólfur Hallgrímsson, voru með kærðum uppi í samkomuhúsinu á umræddum tíma og hafa þeir allir borið, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis, en halda fram, að hann hafi eigi getað talizt ölvaður og að hann hafi ekki verið háværari en að venju. Þeir Sigurgeir og Svavar hafa játað, að hafa verið undir áhrifum áfengis, og virðist því ekki unnt að byggja neitt verulegt á framburði þeirra. Brynjólfur Hallgrímsson var, eftir því, sem upplýst er í málinu, eigi undir áhrifum áfengis og hafði eigi neytt neins áfengis umrætt kvöld, en hann er mágur kærðs og verður því að teljast vilhalt vitni í málinu.

Rétturinn verður því að líta svo á, að þó framangreind vitni hafi haldið því fram, að kærður hafi eigi getað talizt ölvaður á umræddum tíma, þá verði þó að telja það nægjanlega sannað með framburði þeirra Jóhannesar J. Albertssonar, lögregluþjóns og Sigurjóns Sigurbjörnssonar, tollvarðar, að svo hafi verið og með því að kærður var þannig ölvaður í samkomuhúsi á opinberri skemmtisamkomu, sem hver sem vildi gat fengið keyptan aðgang að,

verður rétturinn að líta svo á, að kærður hafi þannig gerzt brotlegur gegn 16. gr. laga nr. 64, 19. maí 1930, en eigi þykir samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, nægileg ástæða til að álíta að kærður hafi með hávaða þeim, er hann hafði í frammi við umrætt tækifæri, gerzt brotlegur gegn ákvæðum lögreglusamþykktar kaupstaðarins.

Refsing sú, sem kærður hefir unnið til, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 36. gr. nefndra laga 50 kr. sekt til ríkissjóðs og komi fimm daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa. Svo ber og að dæma kærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns í málinu. B. P. Kalman, hrm., er þykir hæfilega ákveðin, 40 krónur.

Miðvikudaginn 22. nóv. 1933.

Nr. 78/1933. **Eggert Claessen, f. h. Guðrúnar Laxdal** (Eggert Claessen)

gegn

bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Útsvar lagt á ólöglegan útsvarsstofn.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 15. júní 1933: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Við aðalniðurjöfnun aukaútsvara í Reykjavík árið 1932 var Guðrúnu Laxdal gert að greiða 1300 kr. aukaútsvar til bæjarsjóðs. Með því að útsvar þetta eigi fékkst greitt krafðist hinn stefndi bæjargjaldkeri þess, fyrir bæjarsjóðs hönd, að það yrði innheimt með lögtaki. Í fógetaréttinum mótmælti lögráðamaður téðrar Guðrúnar, áfrýjandi máls þessa,

því að lögtakið næði fram að ganga, og gekk úrskurður fógetaréttarins um þau mótmæli þ. 15. júní s.l. á þá leið, að hin framkomnu mótmæli skyldi eigi tekin til greina. Úrskurði þessum hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, útg. 22. ágúst s.l., og hefir hann hér fyrir réttinum gert þær réttarkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, og að öll þau mótmæli gegn lögtaksgerðinni, er fram komu í fógetaréttinum, verði tekin til greina, svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda hefir þess verið krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Gjaldandi sá, er hér ræðir um, Guðrún Laxdal, er ófjárráða sakir æsku, og er áfrýjandi lögráðamaður hennar. Því er ómótmælt haldið fram í málinu, að hún hafi verið heimilisföst erlendis, og eigi átt lögheimili hér á landi árin 1931 og 1932, en stefndi telur að útsvarsálagningin sé þrátt fyrir það heimil samkvæmt 6. gr. B. 2 útsvarslaganna nr. 46, 15. júní 1926, með því að Guðrún hafi átt eignir hér í bænum, er arð hafi gefið.

Það er upplýst, að við áramótin næstu á undan niðurjöfnun útsvars þessa, átti Guðrún Laxdal húseignina nr. 35 við Tjarnargötu hér í bænum, er virt var að fasteignamati á kr. 41,800,00. Af húseign þessari höfðu henni á árinu 1931 verið greiddar í leigu kr. 4800,00, og námu tekjur hennar af eign þessari það ár, að frádreginni fyrningu og sköttum, kr. 3436,77. Ennfremur átti hún í verðbréfum, er geymd virðast hafa verið hjá lögráðamanni hennar, kr. 85058,12 og bankainnstæðu hér á landi að upp-

hæð kr. 2805,11. Á eignum þessum hvildi veðskuld að upphæð kr. 6617,62, þannig að nettóeign þessi nam kr. 123045,61, en tekjur hennar af verðbréfum og bankainnstæðu höfðu numið kr. 4004,83 á árinu 1931.

Áfrýjandi viðurkennir nú að vísu, að skjólstæðingur sinn, hafi verið útsvarsskyldur hér í bænum umrætt gjaldár. En hann telur að samkv. 7. gr. útsvarslaganna hafi niðurjöfnunarnefnd aðeins verið heimilt að leggja útsvar á þær eignir, er Guðrún átti hér í bænum, og tekjur hennar af þeim, og í því sambandi telur hann, að aðeins húseign hennar hafi átt að koma til greina og tekjur hennar af húseigninni. Hann heldur því og fram að upphæð útsvarsins, samanborið við reglur þær, er upplýst sé að niðurjöfnunarnefndin hafi fylgt að jafnaði við niðurjöfnun útsvara umrætt ár, sýni að niðurjöfnunarnefndin hafi lagt útsvar þetta á meiri eignir og tekjur en henni samkv. 7. gr. hafi verið heimilt að leggja útsvar á. Telur hann útsvarsálagninguna því ólöglega og með því að hér sé eigi aðeins um upphæð útsvars að ræða, heldur um það, á hvaða eignir og tekjur útsvar megi leggja, eigi dómstólarnir úrskurðarvald um þetta atriði. Stefndi heldur því hinsvegar fram, að niðurjöfnunarnefndinni hafi verið heimilt að leggja útsvar á allar eignir Guðrúnar, enda telur hann, að ákvæði 7. gr. útsvarslaganna eigi ekki við í þessu máli, með því að hún taki aðeins til álagninga útsvara við aukaniðurjöfnun. En þó svo yrði talið, að 7. gr. ætti við þetta mál, þá hafi verið heimilt að leggja á allar ofannefndar eignir Guðrúnar útsvar hér í bæ, og sé því í þessu máli aðeins ágreiningur um upphæð útsvarsins. — En jafnvel þó að talið yrði, að aðeins hafi verið heimilt að leggja útsvar á

húseignina og tekjurnar af henni, þá leiði það af því, að Guðrún hafi verið útsvarsskyld af þessari eign sinni, að útsvarsálagningunni verði eigi hrundið með dómi, þar sem dómstólarnir hafi eigi úrskurðarvald um útsvarshæð gjaldskyldra gjaldenda.

Í 7. gr. útsvarslaganna er mælt svo fyrir, að þegar útsvar er lagt á aðilja heimilisfastan erlendis vegna eigna hans hér á landi, megi einungis leggja á eignir hans hér og tekjur hans af þeim. Er engin heimild til annars en að telja að regla þessi eigi jafnan við er útsvar er lagt á aðilja heimilisfastan erlendis, hvort heldur er við aðalniðurjöfnun eða aukaniðurjöfnun útsvara. Samkvæmt þessu verður að líta svo á að niðurjöfnunarnefndin hafi aðeins mátt leggja útsvar á eignir Guðrúnar hér og tekjur hennar af þeim, og kemur þá næst til álita hverjar þær eignir og tekjur voru. Til þess að sagt verði að maður eigi tiltekna eign á ákveðnum stað, verður sú eign að vera staðbundin með einhverjum hætti. Sumum eignum er svo varið, að þær eru eigi þannig staðbundnar. Um kröfuréttindi, þ. e. heimild manns til að heimta fjárgreiðslu af öðrum manni, verður það þannig eigi sagt, að kröfuhafi eigi þá eign á tilteknum stað, og gildir það jafnt hvort sem krafan er bréfuð eða óbréfuð. Þótt bréf sé um kröfuna gert, verður hún eigi fyrir það talin staðbundin, þar sem bréfið kann að vera geymt í þann og þann svipinn, þannig að sagt verði að kröfuhafi eigi þá eign þar. Samkvæmt þessu verður að fallast á þá skoðun áfrýjanda, að niðurjöfnunarnefndinni hafi aðeins verið heimilt að leggja útsvar á umgetna fasteign Guðrúnar hér í bænum og tekjur hennar af þeirri eign.

Það verður að teljast viðurkennt í málinu, að niðurjöfnunarnefndin hafi lagt útsvar Guðrúnar eigi aðeins á fasteign hennar hér í bænum, heldur og á verðbréfaeign hennar og bankainnstæðu, er að framan var talin.

Í 4. gr. útsvarslaganna er það að vísu lagt á vald skattayfirvaldanna að ákveða útsvarsupphæð eftir efnum gjaldanda og ástæðum. En nokkrar takmarkanir eru gerðar í lögunum á þeirri heimild. Ein þeirra er umrætt ákvæði 7. gr., er bindur heimildina til að leggja útsvar á aðilja heimilisfastan erlendis, vegna eigna sem hann á hér, við það að einungis megi leggja á þær eignir og tekjurnar af þeim. Í þessu tilfelli er útsvarsstofninn því beinlínis ákveðinn í lögunum. Nú leiðir það að vísu af 24. gr. útsvarslaganna, að dómstólarnir eiga eigi úrskurðarvald um upphæð útsvara, en engin heimild er til þess að láta þá reglu taka til annars en úrskurðar um útsvarshæð af löglegum útsvarsstofni. Spurningin um lögmæti útsvarsstofnsins er hvergi undanskilin úrskurðarvaldi dómstólanna, enda í raun réttri aðeins einn liður í spurningunni um gjaldskyldu aðilja. Með því að líta verður svo á, samkv. framansögðu, að útsvar það, er hér ræðir um, hafi að nokkru leyti verið lagt á ólöglegan útsvarsstofn, og með því að heimild brestur fyrir dómstólana til að ákveða upphæð útsvars þess, er Guðrún hafi með réttu átt að greiða af eign sinni hér í bæ og tekjum sínum af henni, verður að taka hin framkomnu mótmæli gegn lögtaksgerðinni til greina, og fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi. Málskostnað í hæstarétti þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda með 300 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal úr gildi felldur.

Stefndi, bæjargjaldkeri Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Eggert Claessen, f. h. Guðrúnar Laxdal, málskostnað í hæstarétti með 300 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að Guðrún Laxdal hefir eigi fengizt til að greiða útsvar það, að upphæð kr. 1300,00, er henni var gert að greiða til bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1932, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafizt lögtaks á útsvari þessu, en gerðarþoli eða umboðsmaður hans, hefir mótmælt því að lögtakið næði fram að ganga og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fógetaréttarins.

Umboðsmaður gerðarþola byggir neitun sína um greiðslu útsvarsins á því, að gerðarþoli hafi ekki átt heimilisfang hér á landi, hvorki árið 1931 né árið 1932 og sé því eigi útsvarsskyldur. Hann hefir og haldið því fram, að upphæð útsvarsins sýni það að útsvarið sé ekki lagt á vegna eignar, sem gerðarþoli á hér og gefur af sér 400 kr. á mánuði, til þess sé útsvarið allt of hátt.

Gerðarbeiðandi hefir aftur á móti haldið því fram, að gerðarþoli sé útsvarsskyldur hér, enda þótt hann muni ekki hafa átt hér heimilisfang 1931, en hann sé útsvarsskyldur hér samkvæmt 6. gr. B 2 sbr. 7. gr. útsvarslaganna, þar sem hann eigi eignir hér sem gefi arð.

Það er upplýst og viðurkennt í málinu, að gerðarþoli hefir átt hér eign, er gefur arð af sér, og er því útsvarsskyldur samkvæmt lögum og er því eigi unt að taka hin framkomnu mótmæli til greina.

Föstudaginn 24. nóv. 1933.

Nr. 77/1933. **Eggert Claessen** (Sjálfur)
gegn
Guðmundi Guðmundssyni og gagnsök nr. 98/1933 (Th. B. Líndal).

Frestsskilyrði fyrir fjárnámi samkv. 15. gr. l. nr. 29/1885, sem og tilkynningu eigi fullnægt.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 28. júlí 1933: Hið umbeðna fjárnám skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 22. febr. 1932, veðsetti gagnáfrýjandi þessa máls, Guðmundur Guðmundsson, handhafa bréfsins húseign sína nr. 159 A við Laugaveg ásamt lóð, er húsinu fylgir, og ennfremur erfðafestuland sitt Þvottalaugablett XXXV, hvorttveggja í Reykjavík allt með fyrsta veðrétti, til tryggingu greiðslu skuldar að upphæð 35000 kr., er hann tjáði sig kominn í við handhafa bréfsins, svo og vaxta og kostnaðar ef til kæmi. Ákveðið var í bréfinu, að vexti og afborganir skyldi greiða 1. september og 1. marz ár hvert, þar til skuldin væri að fullu greidd, og skyldi skuldin öll falla í gjalddaga án nokkurs fyrirvara, ef þessar greiðslur væru ekki nákvæmlega af hendi inntar, og mátti veðhafi þá taka veðið fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar, samkv. 15. gr. laga nr. 29, 16. dez. 1885. Greiðslur samkvæmt bréfinu skyldu hefjast 1. sept. 1932. Greiðslurnar 1. sept. 1932 og 1. marz 1933 voru ekki inntar af hendi svo sem bréfið ákvað, og 22. júní þ. á. ritaði Eggert Claessen, þáverandi handhafi þess, lögmanninum í Reykjavík og óskaði, að hann gerði svo fljótt sem unnt væri fjárnám í téðum eignum, til tryggingar

skuldinni, vöxtum og kostnaði. Samkv. þessari beiðni var málið tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 6. júlí þ. á. og eftir að málið hafði verið sótt og varið þar fyrir réttinum, var hinn 28. júlí þ. á. kveðinn upp sá úrskurður, að hið umbeðna fjárnám skyldi fara fram og var fjárnámið síðan framkvæmt hinn 31. júlí.

Þessum úrskurði og fjárnámsgerð hefir Eggert Claessen áfrýjað til hæstaréttar með stefnu, dags. 8. ágúst þ. á., en með stefnu, dags. 14. sept. þ. á., hefir Guðmundur Guðmundsson gagnáfrýjað umræddum réttargerðum.

Aðaláfrýjandi krefst þess hér fyrir réttinum, að hinn áfrýjaði úrskurður og fjárnámsgerð verði staðfestur, þó ekki fyrir hærri upphæð en 27,855,39 kr. og 6% ársvöxtum af 24952 kr. frá 20. október þ. á. til greiðsludags, svo og fjárnámskostnaði, þá krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Gagnáfrýjandi krefst þess hinsvegar fyrst og fremst, að málinu verði frestað þangað til í febrúarmánuði næstkomandi eða annan hæfilegan tíma að áliti réttarins. En verði þessi krafa ekki tekin til greina, krefst hann aðallega, að hinar áfrýjuðu réttargerðir, verði algerlega úr gildi felldar og synjað verði um framgang hins áfrýjaða fjárnáms. Til vara krefst hann þess, að fjárnámið verði einungis staðfest fyrir 3431,90 kr. Til þrautavara krefst hann, að fjárnámið verði einungis staðfest fyrir þeirri upphæð, sem aðaláfrýjandi krefst nú, sbr. kröfur hans að framan. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti samkv. mati réttarins.

Gagnáfrýjandi styður kröfu sína um frestun málsins, en henni er mótmælt af aðaláfrýjanda, við það,

að nú standi yfir í lögreglurétti Reykjavíkur rannsókn út af ýmsum atvikum, er snerti veðskuldabréf það, sem um ræðir í þessu máli, og geti niðurstaða rannsóknarinnar haft þýðingu fyrir úrslit málsins. Hefir gagnáfrýjandi lagt fram sem ný skjöl fyrir hæstarétti útskrift úr skýrslubók lögreglunnar um skýrslutöku hennar út af þessu, ennfremur útskrift úr lögregluþingbók Reykjavíkur um próf þau, er þegar hafa verið haldin í lögregluréttinum. En eins og málið liggur nú fyrir, virðist frekari lögregluréttarrannsókn ekki geta haft þá þýðingu fyrir úrslit þess, að hinn umbeðni frestur verði veittur gegn mótmælum aðaláfrýjanda.

Svo sem fyr segir voru engar greiðslur inntar af hendi, hvorki 1. sept. 1932 né 1. marz 1933. Þetta verður þó eigi talið til vanefnda af hálfu gagnáfrýjanda. Því að um handhafabréf yfirleitt gildir sú regla, að ekki verður talið, að skuldarar samkv. þeim séu skyldir að greiða fyrr en þeir eru krafðir greiðslu, enda geta þeir fyrr hvorki vitað hverjum né hvar þeir eiga að greiða, en í samræmi við þessa almennu reglu verður að skilja ákvæði þess veðskuldabréfs, sem hér um ræðir um gjalddaga. Það er nú upplýst í málinu, að gagnáfrýjandi var ekki krafinn greiðslu samkv. bréfinu fyrr en 29. júní þ. á., er honum var af stefnuvottum birt tilkynning, dags. 22. júní, frá aðaláfrýjanda, sem handhafa veðskuldabréfsins, um að fjárnám færi fram að þrem dögum liðnum frá birtingu tilkynningarinnar, en í tilkynningunni var jafnframt nægileg greiðsluáskorun. Gjalddagi veðskuldabréfsins í þeirri merkingu, sem 15. gr. laga nr. 29, 1885, notar orðið gjalddagi, þar sem ákveðið er, að fjárnám samkv. greininni megi eigi gera fyrri en liðinn er hálfur mánuður frá gjald-

daga, var því ekki fyr en 29. júní. Hinn 6. júlí hófst hinsvegar fjárnámið, en við það tímatakmark verður hér að miða í síðasta lagi, var því umræddu frestskilyrði ekki fullnægt. Þá er og það skilyrði sett í 15. gr. laga nr. 29, 16. dez. 1885, að búi skuldunautur á hinni veðsettu eign, þá skuli með þriggja daga fyrirvara birta honum með stefnuvottum hvenær gerðin eigi fram að fara, Slíkrar tilkynningar þurfti hér um fjárnám í eigninni Laugaveg 159 A, sem gagnáfrýjandi bjó á, en hún átti sér ekki stað á löglegan hátt, því að þriggja daga frestinum samkv. tilkynningunni 29. júní lauk mörgum dögum áður en fjárnám mátti gera og var sú tilkynning þegar þessvegna marklaus að þessu leyti.

Það verður því þegar af þessum ástæðum, og án þess til athugunar komi hvort hið umrædda veðskuldabréf hafi verið lögleg aðfararheimild, að fella hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð og fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti og ákveðst hann 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og fjárnámsgerð er úr gildi felld. Aðaláfrýjandi, Eggert Claessen, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Guðmundssyni, 500 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Mótmæli þau, er gerðarþoli hefir fært fram í máli þessu gegn fjárnámi fyrir skuldabréfakröfu þessari, er

byggð á því, að skuldin sé ekki raunverulega svo há, sem skuldabréfið tilgreinir, þar sem hann hafi aldrei fengið hærri upphæð fyrir bréfið en sem svarar kr. 25500,00 og vísar hann um þetta atriði í eftirrit af kæru, sem hér hefir verið lögð fram, og sem hann kveðst hafa sent lögreglustjóranum í Reykjavík. Þá mótmælir hann fjárnáminu einnig á þeim grundvelli að skuld þessi sé ekki gjaldkræf, þar sem skuldabréfið sé handhafabréf og tilgreinir ekki hvar greiða skuli afborganir og vexti, og hafi honum verið ókunnugt um hvar greiða skyldi, enda enga tilkynningu fengið um það.

Fyrra atriðinu hefir gerðarbeiðandi mótmælt sem röngu og sér óviðkomandi.

Í sambandi við síðara atriðið hefir hann vísað til tilkynningarinnar á rjskj. nr. 3, sem sýnir það hver hafi þá verið handhafi veðskuldabréfsins, og neitar hann því með öllu að hann hafi nokkru sinni fengið nokkurt greiðslutilboð.

Þar sem efni skuldabréfsins ber ekki með sér neinar takmarkanir á þar til greindri skuldarupphæð verða mótmæli gerðarþola gegn framgangi gerðarinnar að því leyti ekki tekin til greina. Þá verður og að telja að tilkynningin á rjsksj. nr. 3 sé jafnframt nægileg tilkynning til gerðarþola um það hver sé handhafi veðskuldabréfs þessa, og þar sem ekki er sannað að hann hafi boðið fram greiðslu á afborgun eða vöxtum þrátt fyrir þá tilkynningu, þá verður að telja að skuldabréfið sé í gjalddaga fallið og því heimilt að gera fjárnám samkvæmt ákvæðum þess.

Miðvikudaginn 29. nóv. 1933.

Nr. 5/1933. **Sophia Bertelsen**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Halldóri Guðmundssyni
(Guðm. Ólafsson).

Vanefndir á greiðslu eftirstöðva kaupverðs af hendi stefnanda.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarsýslu 18. ágúst 1932: Stefnd, Sophia Bertelsen, greiði stefnandanum, Halldóri Guðmundssyni, kr. 700,00 með 5% ársvöxtum frá 1. október 1930 til greiðsludags og kr. 157,00 í málskostnað, en að öðru leyti á hún að vera sýkn af kröfum hans í þessu máli.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess fyrir hæstarétti, að hinum áfrýjaða undirréttardómi verði breytt þannig, að hún verði sýknuð af kröfum stefnda um vaxtagreiðslu af skuldinni og málskostnaði í héraði. Svo hefir hún og krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á dóminum og málskostnaðar í hæstarétti.

Kröfu sína um að fella úr gildi ákvæði aukaréttardómsins um vaxtagreiðslu byggir áfrýjandi á því, að af hennar hálfu hafi greiðsla skuldarinnar staðið til boða á gjalddaga, og einnig síðar verið boðin fram, bæði áður og eftir að málssókn þessi var hafin. Þessu viðvíkjandi hefir umboðsmaður áfrýjanda fyrir undirréttinum skýrt svo frá, að hann hafi á gjalddaga skuldarinnar þ. 30. sept. 1930 farið á fund

stefnda undir það búinn að greiða skuldina 700 kr., en þá hafi hann skilið orð stefnda svo, að hann veitti gjaldfrest á skuldinni viku- til hálfsmánaðartíma og því hafi hann ekki þá boðið fram greiðslu skuldarinnar. En stefndi hefir neitað, að hann þá hafi veitt nokkurn gjaldfrest á skuldinni, og er það ekki sannað gegn neitun hans. Þar næst kveðst umboðsmaður áfrýjanda hafa hitt stefnda 8. okt. næst á eftir og þá boðið honum greiðslu skuldarinnar í votta viðurvist, en hann neitað að taka við henni. Hefir hann nánar skýrt svo frá þessu, að hann bæði 30. sept. og 8. okt. hafi haft með sér til greiðslu skuldarinnar 100 kr. í peningum og 600 kr. ávísun frá Guðmundi Óskari Þorleifssyni á inneign hans hjá stefnda sem ógoldið vinnukaup við smíði á húsi stefnda þá um sumarið, en til þess hafi eigi komið, að hann sýndi ávísunina af því stefndi hafi neitað að taka við greiðslu skuldarinnar. En um inneign Guðmundar Óskars Þorleifssonar hjá stefnda, eru færðar líkur fyrir því með skjölum, sem lögð hafa verið fram af nýju í hæstarétti, að Guðmundur hafi fyrir gjalddaga skuldarinnar 30. sept. 1930 verið búinn að ráðstafa svo miklu af smíðakaupinu, að af því stóðu aðeins eftir um 300 kr. Var því 600 kr. ávísun nefnds Guðmundar þegar af þessari ástæðu eigi gild borgun upp í skuldina, enda hefir stefndi neitað, að Guðmundur hafi átt til nokkurrar skuldar að telja hjá sér. Og stefndi hefir neitað, að nefndan dag, 8. okt. 1930, hafi tilboð um greiðslu skuldarinnar komið fram öðruvísi en með greindri 600 kr. ávísun og 100 kr. í peningum, og hefir þessu eigi verið hnekkt. Tveim dögum síðar, eða þann 10. okt., lét svo stefndi stefnuvotta birta fyrir áfrýjanda áskorun um að fullnægja kaupsamningnum um húsa-

kaupin, og er það eigi bar tilætlaðan árangur stefndi hann áfrýjanda til sáttanefndar 18. s. m. Var sú sáttakæra tekin fyrir á fundi sáttanefndar Súðavíkurhrepps 28. s. m. og hefir áfrýjandi haldið því fram, að á þeim fundi hafi á ný verið boðin fram greiðsla á skuldinni. Sáttanefndarmennirnir hafa nú að vísu vottað í sáttafundargerðinni, að af hálfu áfrýjanda hafi verið boðnar fram 700 kr. til greiðslu skuldarinnar, en þar sem sáttanefndarmönnum er óheimilt að votta nokkuð um sáttatilboð málsaðilja verður eigi tekið mark á þessu vottorði þeirra. Og stefndi hefir neitað því, að á þessum sáttanefndarfundi eða síðan undir rekstri málsins hafi komið fram nokkuð annað greiðslutilboð, en það að láta af hendi nefnda 600 kr. ávísun og 100 kr. í peningum gegn fullnaðarkvittun skuldarinnar og hefir þessari neitun hans eigi verið hnekkt. Það brestur þannig sönnun fyrir því, að áfrýjandi hafi boðið fram lögmæta greiðslu skuldarinnar, og verður því krafa hennar um sýknun af vaxtakröfu stefnda eigi tekin til greina. En hinsvegar verður að líta svo á, að stefndi eigi aðeins kröfu til vaxta frá þeim degi, er síðari sáttakæran í málinu var gefin út, er var 22. maí 1932, og ber því að breyta vaxtaákvæði aukaréttardómsins í samræmi við það.

Eins og sagt hefir verið, vanefndi áfrýjandi skuldbindingu sína í kaupsamningnum um skaðlausa greiðslu eftirstöðva kaupverðsins á réttum gjalddaga, er leiddi til þess, að mál þetta var höfðað og verður því krafa hennar um sýknun af málskostnaðarkröfu stefnda í undirrétti eigi tekin til greina og með því að málskostnaðarupphæðin þykir eigi of hátt metin í aukaréttardóminum ber að staðfesta hann að þessu leyti.

Eftir málavöxtum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 150 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Sophia Bertelsen, greiði stefnda, Halldóri Guðmundssyni, 700 kr. með 5% ársvöxtum frá 22. maí 1932 að telja til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins skal óraskað og áfrýjandi greiði stefnda 150 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir aukarétti Ísafjarðarsýslu af Halldóri Guðmundssyni útvegsmanni á Grund í Súðavíkurhreppi, með stefnu útgefinni 28. júní s. l. gegn Sophia Bertelsen ljósmóður á Grund í Súðavíkurhreppi.

Stefnandi gerir þær kröfur, að stefnda verði dæmd til að greiða sér eftirstöðvar af skúrverði, kr. 700,00 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1930 til greiðsludags, kr. 1000,00 fyrir samningsrof með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. reikningi eða til vara eftir mati réttarins.

Stefnda hafði hvorki mætt né mæta látið í málinu og er henni þó löglega stefnt. Mál sama efnis og þetta mál hefir verið hér fyrir réttinum áður en verið vísað frá vegna formgalla. Hefir málaflutningsmaður stefnanda lagt fram í þessu máli málsskjöl úr því máli, þ. á. m. varnir málaflutningsmanns stefndu, en ekki þykir fært að telja hana bundna af þeim málflutningi í þessu máli. Ber því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum skv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. frá 3. júní 1796.

Málavextir eru þeir að með samningi, dagsettum 28.

okt. 1929, seldi stefnandi stefndu timburskúr, er hann átti, í því ástandi, sem skúrinn þá var, fyrir umsamið kaupverð kr. 1700,00, skyldu kr. 1000,00 greiðast við undirskrift samningsins og fór sú greiðsla fram, en eftirstöðvar kaupverðsins kr. 700 greiðast í peningum fyrir 30. september 1930, til tryggingar skaðlausri greiðslu á réttum gjalddaga, setti stefnda stefnanda skúrinn að veði. Svo var og ákveðið í samningnum, að „verði samningsrof af hálfu annarshvors aðila skuli hann greiða hinum Eitt þúsund krónu skaðabætur".

Er nefndar eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 700,00, féllu í gjalddaga varð greiðsludráttur af hálfu stefndu. Fór hún fram á greiðslufrest en stefnandi vildi eigi veita og krafðist greiðslunnar og 1000 króna að auki í skaðabætur fyrir samningsrof. Verður ekki séð af skjölum málsins, að stefnda hafi gert stefnanda neitt það greiðslutilboð síðan, er breytt hafi greiðsludrætti hennar í viðtökudrátt af hálfu stefnanda og ekki hefir greiðsla á eftirstöðvunum farið fram. Verður því að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu á eftirstöðvunum kr. 700,00 og kröfu hans um vexti af þeim, þó þannig að ársvextir af þeim ákveðast 5%.

Um skaðabótakröfu stefnanda er það hinsvegar að segja, að ekki verður fallizt á að greiðsludráttur stefndu á fyrnefndum eftirstöðvum falli undir hugtakið „samningsrof" í fyrnefndum kaupsamningi. Bæði orðið „samningsrof" og hve skaðabæturnar eru háar í sambandi við kaupverð skúrsins, sýnir að skaðabóta ákvæði samningsins ætti því aðeins að koma til framkvæmda, að kaupin hefðu gengið til baka, en um það er ekki að ræða hér. Skaðabótakrafa stefnanda verður því ekki tekin til greina og á stefnda að vera sýkn af henni.

Eftir þessu og með tilliti til ákvæða fyrnefnds kaupsamnings um skaðlausa greiðslu, þykir málskostnaðargreiðsla til handa stefnanda hæfilega ákveðin kr. 157,00.

Miðvikudaginn 29. nóv. 1933.

Nr. 63/1933. **Sýslunefnd Kjósarsýslu**
(Eggert Claessen)
gegn
Flugfélagi Íslands h/f
(Guðm. Ólafsson).

Áfrýjandi sýknaður af kröfu stefnda með því að eigi varð talið, að gefið hefði verið bindandi loforð um greiðslu umræddrs hlutafjár.

Dómur gestaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. marz 1933: Hinn stefndi formaður sýslunefndar Kjósarsýslu, Magnús Jónsson, greiði, f. h. sýslunefndarinnar, skilanefnd Flugfélags Íslands h/f, kr. 500,00 með 5% ársvöxtum frá 30. nóvember til greiðsludags og kr. 77,50 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, samþykkti sýslunefnd Kjósarsýslu á aðalfundi sínum 27. apríl 1931, í tilefni af áskorun þáverandi formanns Flugfélags Íslands h/f, að kaupa 500 kr. hlutabréf í félaginu. Á síðara hluta ársins virðist félagið hafa lent í fjárþrotum og var þá kosin skilanefnd til þess að annast upplausn félagsins, og með því að félagið hafði enn eigi fengið neina greiðslu frá sýslunefndinni ritaði skilanefndin hinn 27. nóv. s. á. sýslunefndinni og fór þess á leit að hún stæði við loforð sitt um hlutafjárkaupin. Þetta erindi var lagt fyrir sýslunefndina á aðalfundi hennar 28. apríl 1932. Á fundinum skýrði oddviti nefndarinnar frá því, að hann hefði eigi „formlega“ sent flugfélaginu neina tilkynningu um samþykkt nefndarinnar 1931 og að honum hefði eigi verið sýnt neitt

hlutabréf til innlausnar. Að fengnum þessum upplýsingum neitaði sýslunefndin að sinna kröfu skilanefndarinnar um greiðslu nefndra 500 kr., en þar sem skilanefndin taldi að sýslunefndin væri skyld til að standa við samþykkt sína 1931 um kaup á 500 kr. hlutabréfi, höfðaði hún mál þetta gegn áfrýjanda og hefir í því máli lagt fram bréf frá þáverandi formanni flugfélagsins, prófessor Alexander Jóhannessyni, segir í bréfinu að á liðnu sumri 1931 hafi hann hitt oddvita sýslunefndarinnar Magnús sýslumann Jónsson, á götu hér í bænum, og farið þess þá á leit við hann, að fá hið lofaða hlutafé hið fyrsta, og hafi sýslumaður lofað að greiða upphæðina bráðlega, þótt ekkert hefði orðið úr því. Málaflutningsmaður áfrýjanda leitaði þá umsagnar sýslumanns um yfirlýsingu þessa. Eftir skýrslu málaflutningsmannsins kannaðist sýslumaður við að það væri rétt hermt, að hann einhverntíma hefði hitt prófessor Alexander Jóhannesson á förnum vegi og hefði hann þá farið að tala um umrædd hlutafjárkaup, kveðst hann þá hafa sagt honum að hann mundi senda flugfélaginu skriflega tilkynningu þar um, ef til þess kæmi að hlutabréfið yrði keypt, en sýslumaður neitaði því að hann hefði nokkurn tíma lofað greiðslu upphæðarinnar og segist hvorki hafa sent flugfélaginu tilkynningu um samþykkt sýslunefndarinnar eða greitt upphæðina, vegna þess að hann hafi hikað við það út af fregnum, er hann hafi fengið um fjárhagsástand félagsins.

Þar sem nú skilja verður skýrslu sýslumannsins um afskipti hans af máli þessu svo sem hún er bókuð í fundargerð sýslunefndarinnar 1932 í samræmi við ofannefnda skýrslu hans eða umsögn, verður það eigi talið sannað, að sýslumaður hafi gefið bindandi

loforð um greiðslu umstefndra 500 kr. eða vakið hjá formanni flugfélagsins réttmætar vonir í þá átt, og þar sem samþykkt sýslunefndar ein út af fyrir sig eða í sambandi við birtingu fundargerðanna hefir eigi skapað rétt fyrir flugfélagið til hlutafjárkaupanna, verður eftir kröfu sýslunefndarinnar að sýkna hana af kröfu hinnar nefndu skilanefndar, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í báðum réttum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, sýslunefnd Kjósarsýslu, á að vera sýkn af kröfu stefndu, skilanefndar Flugfélags Íslands h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með gestaréttarstefnu, útgefinni 30. nóv. f. á., hefir Guðmundur Ólafsson, hæstaréttarmálaflutningsmaður í Reykjavík, f. h. skilanefndar Flugfélags Íslands h. f., höfðað mál þetta á hendur sýslunefnd Kjósarsýslu til greiðslu á kr. 500,00 auk 5% vaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir reikningi. Málavexti kveður stefnandi vera þá, að á aðalfundi sýslunefndar Kjósarsýslu 27. apríl 1931 hafi verið samþykkt að kaupa 500,00 króna hlutabréf í Flugfélagi Íslands h. f. Flugfélag Íslands hafi hætt störfum áður en sýslunefndin greiddi af höndum hið lofaða hlutafjárframlag og hafi stefnandi sem formaður skilanefndar nefnds hlutafélags því með bréfi, dags. 27. nóv. 1931, snúið sér til sýslunefndarinnar og krafizt greiðslu á nefndri upphæð. Bréf þetta hafi verið lagt fram á aðalfundi sýslunefndar Kjósarsýslu 28. apríl 1932, en sýslunefndin þá neitað einhuga að sinna þessu erindi og hafi þessvegna mál þetta verið höfðað.

Skyldu sýslunefndarinnar til að inna umstefnda greiðslu af hendi byggir stefnandi á því,

að sýslunefndin hafi á löglegum fundi samþykkt hlutafjárframlagið og tekið þá samþykkt upp í prentaða skýrslu, sem öllum er heimilt að fá sem þess óska,

að formaður Flugfélags Íslands h/f., prófessor, dr. phil., Alexander Jóhannesson, hefir í bréfi 22. febrúar 1933, gefið þá yfirlýsingu að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Magnús Jónsson, hafi, er liðið var nokkuð á sumarið 1931, lofað að fé þetta yrði bráðlega greitt, þótt úr því yrði ekki, og að formaður Flugfélagsins kveðst hafa litið svo á, að greiðsludrátturinn stafaði af því að lítið fé væri fyrir hendi í sýslusjóðnum og þessvegna beðið rólegur eftir að peningarnir kæmu, er fé yrði fyrir hendi,

að bókun sýslunefndar Kjósarsýslu 28. apríl 1932 styrki yfirlýsingu formanns Flugfélags Íslands, með því að þar standi að engin „formleg tilkynning" hafi verið send um hlutafjársamþykktina og muni þar sjálfsagt vera átt við bréflega tilkynningu, en vitanlega sé munnleg tilkynning nægileg í þessu efni. Þessu öllu mótmælir umboðsmaður stefnda. Hann kveður samþykkt sýslunefndar Kjósarsýslu 27. apríl 1931 um hlutabréfakaupið vera einhliða yfirlýsingu, sem á engan hátt geti stofnað skuldbinding fyrir sýslunefndina. Þá kveðst hann hafa lagt bréf formanns Flugfélagsins fyrir Magnús Jónsson, sýslumann, og haldi sýslumaðurinn fast við, að það sé rétt í skýrslu sýslunefndarinnar fyrir árið 1932, að hann hafi aldrei sent Flugfélaginu formlega tilkynningu um hlutabréfakaupið, en sýslumaður muni einhverntíma hafa hitt formann Flugfélags Íslands á förnum vegi og þá verið talað um hlutabréfakaupið og sýslumaður að sjálfsögðu ekki mótmælt því, að samþykktin um það hafi verið gerð en sagt jafnframt, að hann myndi senda skriflega tilkynningu hér um, ef til þess kæmi að hlutabréfið yrði keypt, en aldrei lofað að féð yrði greitt og hafi sýslumaður hvorugt gert vegna frétta um fjárhagslegt ástand félagsins. Til vara tekur umboðsmaður stefnda það fram, að þó að sýslunefndin hafi verið búin að skuldbinda sig til að kaupa hlutabréf fyrir hina umstefndu upphæð í Flugfélagi Íslands h. f., þá hefði sýslunefndin getað ógilt slíkan samning sökum þess að forsendurnar fyrir honum hefðu reynzt rangar. Sýslunefndin hafi nefnilega gert samþykkt sína 27. apríl 1931 á þeim grundvelli, að félagið

væri fjárhagslega heilbrigt, enda hafi stjórn þess látið mjög af fjárhagslegum styrkleik þess í bréfi til sýslunefndarinnar dags. 18. ágúst 1930. Samþykkt sýslunefndarinnar hafi verið byggð á nefndu bréfi Flugfélags Íslands, en á tímabilinu frá því að það bréf var skrifað og þangað til samþykktin var gerð hafi fjárhagslegar ástæður Flugfélagsins gerbreytzt til hins verra og það hafi fyrst verið eftir að félagið var komið í fjárþröng að þeir hittust formaður Flugfélagsins, Alexander Jóhannesson og sýslumaður Magnús Jónsson. Þá heldur umboðsmaður stefnda því loks fram, að flugfélagið geti ekki uppfyllt það sjálfsagða skilyrði fyrir greiðslunni, að afhenda hlutabréf, enda aldrei boðið það fram.

Stefnandi mótmælir málsútlistun umboðsmanns stefnda; sérstaklega neitar hann því, að samþykkt sýslunefndarinnar hafi verið gerð á röngum forsendum. Í ávarpi því, er formaður Flugfélags Íslands hafi sent öllum sýslu- og hreppsnefndum landsins 18. ágúst 1930 hafi ekki falizt villandi né ginnandi frásagnir um fjárhag félagsins; ávarpið hafi ekki verið annað en hvatning til landsmanna um að veita stuðning góðu og nauðsynlegu málefni. Hagur félagsins hafi ekki verið eins slæmur og umboðsmaður stefnda virðist halda fram. Þetta sjáist bezt, ef athugað er, að á árinu 1930 og fram í jan. 1931 hafi Flugfélagið greitt kr. 105000,00 afborgun af kaupverði flugvéla sinna, en sumarið 1931 hafi félagið orðið fyrir því óhappi, að báðar flugvélarnar sukku í óveðri, önnur í Reykjavík en hin á Akureyri og fjárhagsörðugleikar Flugfélags Íslands h/f. þá fyrst komið í ljós og verið aðallega að kenna þessum óhöppum. Stefnandi kveður ennfremur það, er umboðsmaður stefnds segir um hlutabréfið, ekki skipta máli, þegar af þeirri ástæðu að formaður Flugfélags Íslands hafi krafið sýslunefndina um framlagið og hefði hann að sjálfsögðu látið hlutabréfið af hendi um leið og honum hefði borizt greiðslan.

Það skal nú fyrst tekið fram af réttarins hálfu um mál þetta, að sýslunefndarmönnum Kjósarsýslu hefir ekki verið stefnt öllum heldur oddvita sýslunefndarinnar, sýslumanni Magnúsi Jónssyni f. h. sýslunefndarinnar, en með því að það er í samræmi við yfirlýstan vilja sýslunefndarinnar að umstefnd greiðsla hefir ekki verið innt af hendi

og þar sem mætt er í málinu af hálfu stefnda án þess að hreyft hafi verið mótmælum út af þessu, þykir ekki ástæða til að vísa málinu frá. Hvað efni málsins snertir, þá verður rétturinn að vera þeirrar skoðunar, að enda þótt líta mætti svo á, að birting á samþykkt sýslunefndar Kjósarsýslu frá 27. apríl 1931 skapaði ekki ein út af fyrir sig rétt fyrir Flugfélag Íslands h/f, þá felizt þó í yfirlýsing sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu á sýslufundinum 28. apríl 1932 um að engin „formleg" tilkynning hafi farið fram um hlutabréfskaupið samborinni við skýrslu formanns Flugfélags Íslands h/f., dr. Alexanders Jóhannessonar, um það, er farið hafi milli hans og sýslumanns Magnúsar Jónssonar, nægileg sönnun þess, að nefndur formaður Flugfélags Íslands hafi mátt ætla, að hann fengi loforð um greiðslu umstefnds hlutafjár og með því að ekki verður heldur litið svo á að loforðið sé ógilt vegna rangra forsenda né að sú varnarástæða skipti máli, að félagið geti ekki uppfyllt það skilyrði að afhenda hlutabréf, þá ber að taka kröfu stefnanda í máli þessu til greina. Í samræmi við þessi úrslit málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi, kr. 77,50.

Miðvikudaginn 29. nóv. 1933.

Nr. 84/1933. **Ásgeir Guðmundsson**

gegn

Metúsalem Jóhannssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásgeir Guðmundsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 29. nóv. 1933.

Nr. 86/1933. **Guðbjörg Jónsdóttir og Sigfús Jónsson**
gegn
stjórn sparisjóðs Ólafsvíkur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Guðbjörg Jónsdóttir og Sigfús Jónsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef þau af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 4. dez. 1933.

Nr. 93/1933. **Réttvísin** (Eggert Claessen)
gegn
Ólafi Jónssyni. (Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 205., sbr. 208. gr. hegnl.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 6. maí 1933: Ákærður, Ólafur Jónsson, veitingaþjónn á Akureyri, sæti einföldu fangelsi í 30 daga. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Þá greiði ákærður, útg.m. Ingimar Jónssyni, Akureyri, 300 kr. — þrjú hundruð krónur — í skaðabætur fyrir áverka. Loks ber ákærða að greiða allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaðs talsmanns hans, málflm. Böðvars Bjarkan, Akureyri, 15 — fimmtán — krónur.

Hinar ídæmdu skaðabætur ber að greiða innan 15 daga

frá lögbirtingu dómsins og fullnægja honum að öðru leyti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot ákærða ber að heimfæra undir 205., sbr. 208. gr. hegningarlaganna og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 14 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Jafnframt þykir rétt að ákveða, að fullnustu refsingar þessarar skuli, samkv. 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, frestað og að hún skuli niður falla, ef skilyrði laganna er fullnægt.

Í lögregluréttinum kom fram skaðabótakrafa af hálfu Ingimars Jónssonar að upphæð 1940 kr. Í réttarhaldi í lögregluréttinum 22. dez. 1932 skýrði dómarinn að vísu ákærða frá því, að krafa þessi væri komin fram, en eigi sést að álits ákærða um kröfu þessa hafi verið leitað og hennar er hvorki getið í tilkynningu dómarans til ákærða um málshöfðun gegn honum né í aukaréttarstefnunni, og verður því eigi dómur lagður á skaðabótakröfuna í þessu máli.

Ákærði greiði allan kostnað málsins í héraði og hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans í héraði, 60 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Málið var tekið til dóms í héraði 18. jan. 1933, en dómur eigi kveðinn upp fyrr en 6. maí s. á. Þessi mikli dráttur á dómsuppsögninni, sem eigi hefir verið nægilega réttlættur af dómarans hálfu, er aðfinnsluverður.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ólafur Jónsson, sæti 14 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla eftir

5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907, eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað málsins í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun hins skipaða verjanda í héraði, Böðvars Bjarkan málflutningsmanns, 60 kr., og laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Eggerts Claessens og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög máls þessa, sem af réttvísinnar hálfu er höfðað gegn veitingaþjóni, Ólafi Jónssyni, í svokallaðri Bio-Kaffe við Ráðhústorg á Akureyri, fyrir brot gegn 18. kapitula almennra hegningarlaga handa Íslandi frá 25. júní 1869 eru þannig:

Aðfaranótt laugardagsins 22. okt. f. á. nálægt eða rétt fyrir klukkan 2, kom kærandinn í máli þessu útgerðarmaður Ingimar Jónsson, inn á svokallað Bio-Kaffe, við Ráðhústorg á Akureyri, ásamt 4 öðrum mönnum. Voru dyr veitingastofunnar opnar eða ólæstar og hittu þeir félagar þar fyrir kærða Ólaf Jónsson, veitingaþjón, en að öðru leyti var þar mannlaust.

Kærandinn Ingimar Jónsson, bað þá um öl handa þeim félögum, en kærður, neitaði, og kveðst hann sumpart hafa borið það fyrir, að svo framorðið væri orðið, en sumpart og aðallega að Ingimar skuldaði og hefði eigi borgað veitingar, er hann hefði fengið áður.

Út af þessu varð allmikið rifrildi milli Ingimars og Ólafs, og nokkur átök.

Samkvæmt réttarrannsókninni virðast áflogin hafa byrjað með því, að Ingimar hafi tekið í brjóst Ólafi og hrakið eða hrist hann nokkuð, en síðan hafi þeir báðir tekið stóla, er þeir ætluðu að nota sem barefli. En þá

skildu félagar Ingimars þá, svo eigi varð meira úr áflogunum að sinni.

Þeir félagar Ingimars fóru þá út úr veitingastofunni og var meiningin að Ingimar færi með þeim, en er þeir voru að fara út sagði Ólafur að Ingimar gæti orðið eftir og talað við sig. Fór hann þá inn í veitingastofuna aftur og lokuðu þeir Ólafur hurðinni. En þeir félagar Ingimars fóru rétt á eftir burt og heyrðu þeir aðeins lítilsháttar þrusk innan úr veitingastofunni.

Eftir þetta eru engin vitni að því sem fram fór í veitingastofunni og af viðureign þeirra Ingimars Jónssonar og kærðs þar. En skýrslur þeirra eru mjög ólíkar og sundurleitar.

Í kæruskjali sínu 23. okt. f. á. fullyrðir Ingimar Jónsson, að kærður hafi sagt við sig eftir að hann hafði lokað á eftir þeim félögum hans (Ingimars) „nú drep ég þig helvítið þeitt". Rétt á eftir hafi kærður kastað tómri hálfflösku af miklu afli í andlit honum og því næst vaðið að honum með hníf í hendi og gert tvisvar tilraun til þess að reka hnífinn í brjóst honum, þetta mistókst en hann (Ingimar) særðist talsvert á úlnlið og hálsi af hnífnum og við flöskuhöggið fékk hann mjög miklar blóðnasir.

Þessar fullyrðingar hefir kærandinn staðfest í öllum aðalatriðum með framburði sínum við rannsókn málsins, en með vottorðum og réttarskýrslum læknis, er skoðaði áverka þá er kærandinn fékk í viðureign sinni við kærðan, þegar eftir kl. 2 um nóttina milli 21. og 22. okt., er sannað að hann hafi særst 6 cm. löngu og alldjúpu sári, rétt ofan við hægri handarúlnlið, litlu sári á hálsinn vinstra megin og loks að nefið var mikið bólgið og dálitlar rispur á því og upp á ennið. Blæddi kærandanum ákaft blóðnasir er læknirinn skoðaði hann, en úr sárunum á úlfnlið og hálsi blæddi sama sem ekki.

Kærði, Ólafur Jónsson, viðurkennir að hann hafi talað í þá átt, er þeir félagar voru að fara út úr veitingastofunni, að Ingimar skyldi verða eftir svo þeir gætu talað um skuldaviðskiptin. Hafi Ingimar þá komið inn í veitingastofuna og skellt aftur hurðinni, en hann (kærður) sett smekklásinn fyrir svo að þeir félagar Ingimars eigi kæmust inn aftur.

Þá skýrir kærður svo frá, að þegar þeir Ingimar voru

orðnir einir eftir í veitingastofunni hafi hann byrjað að skamma sig (kærðan) fyrir að hann eigi vildi veita honum. Kveðst kærður hafa svarað því, að hann (Ingimar) hafi jafnan komið fram sem dóni gegn sér, og ekki viljað borga það, sem hann átti að borga, vildi hann því helzt ekkert við hann eiga.

Nokkur fleiri orð segir kærður að hafi farið þeirra á milli, og hafi Ingimar verið orðinn afar reiður, og tekið í stól. Kveðst kærði þá hafa haldið að Ingimar ætlaði að berja hann með stólnum og því gripið tóma sódavatnsflösku, er stóð á borði rétt við, er hann var að handleika og kastað henni í Ingimar án þess að miða henni. Hafi flaskan komið á milli augnanna á honum eða neðan til á ennið. Kveðst hann ekki hafa séð áverka á andliti Ingimars þá, en rétt á eftir hafi hann séð, að honum blæddi blóðnasir allmikið.

Kærður kveðst þessu næst hafa farið inn í búrið bakvið veitingastofuna og inn fyrir „diskinn" þar. Hafi hann tekið í hægri hendi fat með matvælum, er þar stóð til þess að láta það inn í „diskinn", en með vinstri hendi greip hann upp búrhníf, sem lá á „disknum". Jafnframt kveðst hann hafa skorað á Ingimar, sem fór á eftir honum inn í búrið, að fara út og sagt að hann gæti farið út um bakdyrnar. En þá hafi Ingimar ráðist á sig og gripið um vinstri handarúln-lið hans (kærða). Hafi úr þessu orðið áflog þeirra á milli og kveðst kærður einu sinni hafa verið rétt að segja dottinn, en það hafi þó eigi orðið, og allt í einu hafi Ingimar slept sér, þotið út í gegn um veitingasalinn, opnað hurðina og skellt henni aftur og horfið. Þá segir kærður að í þessum áflogum hafi Ingimar særst án þess að hann (kærður) geti sagt hvernig það hafi atvikast, og kveðst hann hafa séð að blæddi úr handlegg hans, en ekki hafa séð sár eða blóð á hálsi hans.

Talsmaður kærðs, krefst að skjólstæðingur hans verði algerlega sýknaður af ákærum réttvísinnar í máli þessu og öll hegning látin niðurfalla, en að málsvarnarlaun til hans og annar málskostnaður verði greiddur af almannafé. Styður hann þessar dómskröfur sínar með því, að rannsóknin í málinu beri það ljóslega með sér, í öllum þeim atriðum þar sem fengizt hafa vitnisburðir annara en kæranda og kærðs um, hvað fram fór þeirra á milli,

að frásögn kærandans er að ýmsu leyti röng, en frásögn kærða rétt. Færir hann sem dæmi í þessum efnum, að kærandinn hafi sagst hafa komið að lokuðum dyrum veitingastofunnar, en þær voru ólokaðar, og að hann hafi skýrt rangt frá hvernig átökin byrjuðu milli hans og kærðs. En af þessu leiði, að þar sem framburður kærandans um þann hluta af viðskiptum hans og kærðs, er vitnisburður annara vitna hafi fengizt um, hefir reynst að ýmsu leyti rangur og óáreiðanlegri en kærðs, þá beri að taka meira tillit til framburðar kærðs en kærandans um þann hluta viðskiptanna, er engin vitni eru að, enda sé það í samræmi við þá sjálfsögðu réttarfarsreglu, að þegar eitthvert atriði er ósannað í sakamáli á það ávalt að vera sakborningi til hags.

Nú hefir kærður haldið því ákveðið og óhikað fram, að kærandinn hafi ráðizt á sig að fyrra bragði og hann (kærður) átt hendur sínar að verja. Krefst talsmaður kærðs, að skýrsla hans í þessu efni og yfirhöfuð um þau atriði í viðskiptum kærandans og kærðs þessa nótt, er engin vitni eru að, verði lögð til grundvallar við dóm í máli þessu. Færir hann fyrir því ástæður þær, er að framan eru taldar, en auk þess bendir hann á að skýrsla kærandans sé að ýmsu leyti ótrúlegri, en frásögn kærðs.

Kærður í máli þessu hefir viðurkennt, að hann hafi hent flösku í andlit kærandans, er kom á milli augna kærandans eða neðan til á enni hans. Sömuleiðis viðurkennir kærður að hafa haldið á búrhníf er þeir flugust á, hann og kærandinn, og verður að teljast sannað að hnífur þessi hafi sært kærandann á handlegg og hálsi enda benda sterkar líkur til þess, að kærður hafi tekið áminnstan búrhníf til varnar í áflogunum við kærandann.

Flöskuhöggið sem kærandinn fekk í andlitið var mjög hættulegt, en ekki er sannað, að kærandinn muni hafa varanlegt mein af því. Hinir áverkarnir á úlfnlið og hálsi voru allmjög áberandi og hafa orsakað kærandanum nokkur veikindi í bili en voru ekki hættulegir.

Það er rétt fram tekið hjá talsmanni kærðs, að hann (kærður) hefir, er atburðir þessir gerðust, orðið fyrir all miklum ertingum og áleitni af hendi kærandans, sem eðlilega hafa reitt hann til reiði. Sömuleiðis verður réttúrinn að viðurkenna að skýrslur kærðs fyrir rétti eru í

sumum greinum sennilegri en kærandans. En þetta getur þó ekki gert það að verkum, að hegning falli algerlega niður. Flöskuhöggið, og það, að kærður hafði hníf í hendi undir áflogunum, verður eigi nægilega afsakað með nauðvarnarástæðum. En við ákvörðun hegningarinnar ber að taka tillit til ertingar og áleitni kærandans til niðurfærslu hennar.

Undir rekstri málsins hefir kærandinn, útgerðarmaður Ingimar Jónsson á Akureyri, krafizt, að kærður verði auk þeirrar hegningar, er hann kann að verða dæmdur í, dæmdur til að greiða honum lækniskostnað, fyrir atvinnutap, skaðabætur og bætur fyrir áverka eftir reikningi að upphæð samtals kr. 1940,00.

Afbrot kærðs, sem kominn er yfir lögaldur sakamanns, fæddur 8. janúar 1890 í Reykjavík, og eigi hefir áður sætt ákæru, eða verið hengt fyrir nokkurt afbrot, nema að hann 15. júlí 1930, hefir undirgengizt að greiða 200 krónur í sekt fyrir afbrot gegn áfengislögunum, ber að áliti réttarins að heimfæra undir 205. grein almennra hegningarlaga fyrir Ísland frá 25. júní 1869, og þykir hegning sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 30 daga einfalt fangelsi. Svo ber að dæma kærðan til að greiða útgm. Ingimar Jónssyni á Akureyri skaðabætur og bætur fyrir áverka er virðist hæfilega ákveðnar 300 krónur. Loks ber að dæma stefnda til að greiða allan kostnað sakarinnar þar með talin málfærslulaun til hins skipaða talsmanns, málafl.m. Böðvars Bjarkan, Akureyri, 15 krónur. Með tilliti til þess, að hér er um fyrsta afbrot að ræða þykir mega ákveða, að hegningin skuli vera skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907.

Það hefir orðið nokkur dráttur á dómsuppsögn í máli þessu, og stafar það af annríki dómarans.

Miðvikudaginn 13. dez. 1933.

Nr. 149/1932. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)
gegn
Sveini Ásmundssyni, f. h. Sveins & Geira (Bjarni Þ. Johnson).

Haldsréttur í bifreið fyrir viðgerðarkostnaði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1932: Stefndur, Sveinn Ásmundsson, f. h. bifreiðaverkstæðis Sveins & Geira, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Einars M. Jónassonar, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Þar sem telja verður að haldsréttur á bifreiðinni R.E. 245 hafi stofnazt fyrir kostnaði við viðgerð bifreiðarinnar á verkstæði Sveins & Geira, og að öðru leyti má einnig í höfuðatriðum fallast á forsendur hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti og ákveðst hann 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Einar M. Jónasson, greiði stefnda, Sveini Ásmundssyni, f. h. Sveins & Geira, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, dags. 20. okt. f. á., af Einari M. Jónassyni fyrrv. sýslumanni, til heimilis hér í bæ, gegn Sveini Ásmundssyni, f. h. bifreiðarverkstæðis

Sveins & Geira, Vatnsstíg 3 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 3000,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 14. okt. f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Málavextir í máli þessu eru þeir, að í ágústmánuði 1928 bað Nikulás Steingrímsson, bifreiðastjóri hér í bænum stefndan um að gera við bifreiðina R. E. 245, sem var eign Péturs Hjaltested á Sunnuhvoli. Hinn 29. ágúst sama ár fór svo stefndur ásamt öðrum manni að Sunnuhvoli til þess að sækja bifreiðina. Var eigandi hennar þá viðstaddur og lét afskiptalaust að stefndur tæki bifreiðina til viðgerðar og afhenti honum jafnframt rafgeymir, sem hann bað stefndan að hlaða og setja í bifreiðina. Hinsvegar gat eigandinn þess í þetta skifti, að áðurnefndur Nikulás mundi greiða viðgerðarkostnaðinn. Fór nú stefndur með bifreiðina í fyrnefnt bifreiðaverkstæði, sem hann er meðeigandi að og var þar framkvæmd viðgerð á henni. Var viðgerðinni lokið 7. sept. 1928 og nam viðgerðarkostnaðurinn kr. 61,29. Með bréfi dags. 20. sept. 1928 tilkynnti hinn meðeigandi bifreiðaverkstæðisins, Sigurgeir Jónsson, eiganda bifreiðarinnar, að viðgerðinni hefði verið lokið áðurgreindan dag, og að reiknuð yrði 1 króna í húsaleigu á dag fyrir bifreiðina frá 25. sept. til þess tíma að hún yrði sótt. Viðgerðarkostnaðurinn var nú ekki greiddur og í okt. 1928 kom stefndur bifreiðinni í geymslu hjá Garðari Gíslasyni fyrir kr. 15,00 gjald á mánuði og var hún í geymslu þessari þar til síðast í apríl 1930. Loks var bifreiðin seld á opinberu uppboði, er fram fór 22. júní 1930 eftir kröfu oftnefnds bifreiðaverkstæðis til lúkningar viðgerðarkostnaðinum, og geymslugjaldinu, en áður hafði bæði eigandanum og fyrrnefndum Nikulási verið tilkynnt, að bifreiðin yrði seld ef greiðslan færi ekki fram og uppboðið auk þess verið auglýst rækilega, en hvorugur þeirra mætti við uppboðið eða lét mæta. Uppboð þetta fór því næst þannig fram, að bifreiðin var seld fyrir kr. 455,00 og varð uppboðsbeiðandi hæstbjóðandi í hana.

Nú telur stefnandi, að stefndur eða oftnefnt bifreiðaverkstæði hafi enga heimild haft til þess að halda umræddri bifreið fyrir eiganda hennar, sem hafi hvað eftir annað krafizt þess árangurslaust að fá hana afhenta. Lít-

ur stefnandi svo á, að stefndur með því að taka við bifreiðinni athugasemdalaust, eftir að honum hafði verið tilkynnt, að annar maður en eigandinn ætti að greiða viðgerðarkostnaðinn, hafi afsalað sér rétti til haldsréttar í henni fyrir viðgerðarkostnaðinum og því eingöngu getað haldið sér að manni þeim, fyrrnefndum Nikulási, sem eigandinn hafi gefið upp sem greiðanda. Hafi því stefndum verið skylt að afhenda eigandanum bifreiðina án tillits til þess hvort viðgerðarkostnaðurinn hafi fengizt greiddur eða ekki. Telur stefnandi, að stefndur hafi með framferði sínu, haldið bifreiðinni og sérstaklega sölu hennar, bakað eiganda hennar tjón, er honum sé skylt að bæta. Nemi það sannvirði bifreiðarinnar, er stefnandi telur hafa verið kr. 2500,00 auk skaða þess, er eigandi hennar hafi beðið við það að vera án bifreiðarinnar síðari hluta sumars 1928 eða þá um bjargræðistímann, en þann skaða metur stefnandi á kr. 500,00 og nema upphæðir þessar samanlagðar hinni umstefndu kröfu, en hana hefir stefnandi fengið framselda til eignar.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim, og hæfilegs málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Telur hann sig í fyrsta lagi alls ekki hafa afsalað sér rétti til þess að halda sér að umræddri bifreið enda þótt hann tæki hana til viðgerðar án sérstakra athugasemda þegar eigandi hennar hafði tjáð honum, að viðgerðarkostnaðurinn yrði greiddur af öðrum. Þá hefir stefndur lagt fram í málinu skriflega yfirlýsingu frá margnefndum Nikulási þess efnis, að hann hafi aldrei lofað eiganda bifreiðarinnar því, að greiða stefndum umræddan viðgerðarkostnað, heldur aðeins tekið að sér að koma bifreiðinni til viðgerðar fyrir eigandans hönd fyrir sanngjarna borgun.

Það er nú in confesso í málinu, að viðgerð á bifreiðinni var nauðsynleg til þess, að hún væri í nothæfu ástandi og viðurkennt af stefnanda, að eigandi bifreiðarinnar hafi sjálfur beðið um nokkurn hluta viðgerðarinnar (hleðslu rafgeymis í hana). Verður því að fallast á það hjá stefndum, að viðgerðarmaðurinn (að áliti réttarins skiptir það ekki máli hér hvort stefndur framkvæmdi viðgerðina persónulega eða viðgerðarverkstæði hans) hafi öðlazt haldsrétt í bifreiðinni fyrir viðgerðarkostnað-

inum og hafi honum því engin skylda borið til að afhenda eigandanum hana nema gegn greiðslu. Þá er það og ljóst, að stefndum eða verkstæðinu bar ekki skylda til að geyma bifreiðina von úr viti og lítur því rétturinn svo á, að áðurgreind sala bifreiðarinnar hafi að öllu leyti verið lögleg, en auk þess hefði eigandanum verið í lófa lagið að koma í veg fyrir söluna með því að deponera hinni umþrættu upphæð til þess á þann hátt að firra sig tjóni, sem hann kynni að bíða við sölu. Verður því samkvæmt framansögðu ekki séð, að krafa stefndanda á hendur stefndum hafi við rök að styðjast og ber því að taka sýknukröfuna til greina, en rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Vegna ómerkingarkröfu áfrýjanda skal þess getið, að ómbættisanna dómarans hefir dómur í máli þessu eigi verið kveðinn upp fyrr en nú.

Miðvikudaginn 13. dez. 1933.

Nr. 106/1933. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Páli Pálssyni. (Lárus Fjeldsted).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Hafnarfjarðar 17. júlí 1933: Ákærður, Páll Pálsson, til heimilis á Bakkakoti í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu, sæti einföldu fangelsi í 10 daga, og greiði sekt í ríkissjóð að upphæð kr. 500,00 innan 40 daga frá lögbirtingu dómsins, ella ber að afplána sektarupphæðina, að undangengnu fjárnámi árangurslausu, með einföldu fangelsi í 30 daga. Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Dómur hæstaréttar.

Verknaður kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, heyrir undir 6. gr. laga nr. 64, 1930, og þar sem það er eigi sannað gegn neitun kærða, að hann hafi ætlað hið umrædda áfengi til

sölu eða veitinga fyrir borgun, ákveðst refsing hans samkvæmt 30. gr. sömu laga 800 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Páll Pálsson, greiði 800 kr. sekt í ríkissjóð og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Fjeldsted, 50 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það virðist, með eigin játningu ákærðs og öðrum upplýsingum framkomnum undir rannsókninni, vera nægilega sannað, að ákærður, bifreiðarstjóri, til heimilis í Bakkakoti í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu, 31 árs að aldri, sem undanfarið hefir dvalið á Kirkjuvegi nr. 29 hér í bænum, hafi á hvítasunnudagsnótt 4. f. m., flutt í bifreið 3 blikkbrúsa innihaldandi heimabruggað áfengi, og hafi hann látið 1 af brúsum þessum inn í húseignina nr. 101 við Laugaveg í Reykjavík snemma á hvítasunnumorgun, en flutt hina brúsana, annan innihaldandi 5—6 lítra, en hinn 6—7 lítra af vökva þessum, og fannst ann-

ar þessara brúsa á Kirkjuvegi nr. 29, en hinn í heyhlöðu á Vesturgötu nr. 4, við hesthús tilheyrandi kaupmanni Ferd. Hansen hér í bænum, hvar ákærði hafði hest á fóðrum gegn því að annast um hesta nefnds kaupmanns, sem þvertekið hefir fyrir að vita nokkuð um þennan áfengistilflutning ákærðs þangað, fyrr en hann ásamt lögregluþjóni bæjarins hafi aðfaranótt annars í hvítasunnu fundið greindan brúsa þar í hlöðu hans. Það hefir eigi upplýsts hvað orðið hafi af brúsa þeim, er ákærður skildi eftir í Reykjavík, né um innihald hans, nema eftir sögusögn ákærðs — vökvi á honum verið af sama styrkleika alkóhóls og á brúsa þeim, er fannst á dvalarstað hans hér í bænum, en allt það áfengi, er fyrr greinir, segist ákærður hafa einn síns liðs bruggað á heimili hans í Bakkakoti nú fyrir áramótin síðustu, áhaldalaus, eða þannig að hann hafi látið gervökvann frjósa, og er hann um áramótin flutti hingað til Hafnarfjarðar, hafi hann grafið áfengið niður í útikofa þar á bænum og jafnað yfir moldargólfið í kofanum á eftir. Við húsrannsókn, er fram fór á fyrrgreindum bæ 6. f. m., fannst ekkert áfengi. Fortekur ákærði, að hann hafi selt nokkuð af áfengi þessu, en þar á móti hafi hann oftar gefið mönnum í staupinu, bæði fyrir austan og hér og svo á ferðalagi.

Samkvæmt vottorði Efnarannsóknarstofu ríkisins, dags. 6. f. m., reyndist innihald af alkóhóli í sendum sýnishornum af fyrrgreindum 2 brúsum, 68,5% og 49,5%. Brúsa þann, er ákærður skildi eftir í Reykjavík, kveðst hann hafa ætlað Jens bróður sínum í Reykjavík, að gjöf; sjálfur kveðst mættur oftar hafa smakkað á áfengi þessu.

Samkvæmt framansögðu virðist ákærður hafa gerst brotlegur gegn VI. kafla áfengislaganna nr. 64 frá 1930, eða 6. gr. laganna, og ber því, með tilliti til framleiðslumagns áfengisins og skýrslu ákærða um meðferð þess, að láta hann, samkvæmt 30. gr. sömu laga, sæta einföldu fangelsi í 10 daga, svo og greiða 500 krónur í sekt fyrir þetta afbrot sitt, er greiðist innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en ella afplánist sektin, að undangengnu árangurslausu fjárnámi með einföldu fangelsi í 30 daga, svo greiði og ákærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað. Um upptöku áfengisins er eigi að ræða né áhalda.

Föstudaginn 15. dez. 1933.

Nr. 115/1933. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Kjartani Péturssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn lögreglusamþykkt.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. okt. 1933: Kærði, Kjartan Pétursson, greiði 100 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa sæti kærður 10 daga einföldu fangelsi í hennar stað. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot kærða er í lögregluréttinum réttilega heimfært undir 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur 7. jan. 1930 og þykir refsingin hæfilega ákveðin 50 kr. sekt í bæjarsjóð Reykjavíkur og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Kjartan Pétursson, greiði 50 kr. sekt í bæjarsjóð Reykjavíkur, er afplánist með 5 daga einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði og allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækj-

anda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Stefáns J. Stefánssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Kjartani Péturssyni, verkamanni, til heimilis á Óðinsgötu 25, fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2, frá 7. janúar 1930. Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Föstudagsmorguninn 22. þ. m. þitti kærður dreng að nafni Hákon Ólafsson í sundi, sem liggur milli Austurstrætis og Hafnarstrætis. Bar drengurinn í vinstra jakkahorni merki, sem á var letrað: Samfylking gegn fasisma. Kærður gengur að drengnum og slítur merkið úr jakkanum. Bað drengurinn hann að fá sér merkið aftur, en kærður neitar því og fylgdust þeir að nokkra stund. Þegar skildi með þeim hélt drengurinn rakleitt upp í prentsmiðjuna Acta og sagði frá atburðinum, og kærði þetta fyrir lögreglunni síðar um daginn.

Drengurinn hefir borið það, að í þessari viðureign hafi kærður slegið sig og höggið komið í augað og blánað undan því og kveðst hann eiga í því enn. Kærður hefir hinsvegar eindregið neitað því að hafa barið drenginn og hefir það atriði ekki sannast á hann í málinu.

Framangreint brot kærða varðar við 3. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2, frá 7. jan. 1930, þykir refsing hans, sem ekki hefir áður sætt refsingu svo kunnugt sé, hæfilega ákveðin 100 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi í stað sektarinnar einfalt fangelsi í 10 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði og allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 15. dez. 1933.

Nr. 96/1933. **Réttvísin** (Th. B. Líndal)
gegn
Bjarna Bjarnasyni
(Garðar Þorsteinsson).

Brot gegn 136., sbr. 145, sbr. 34. gr. alm. hegnl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. marz 1933: Ákærður, Bjarni Bjarnason, sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði. Hann greiði Ólafi Kvaran, fyrir hönd Landssíma Íslands, kr. 4721,28, og Önnu Þórhallsdóttur, fyrir hönd Bæjarsíma Reykjavíkur, kr. 4200,65, hvorttveggja með 5% vöxtum innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði var ráðinn innheimtumaður í þjónustu lands- og bæjarsímastöðvarinnar í Reykjavík með föstu mánaðarkaupi, honum voru settar ákveðnar reglur um skil fjár þess, er hann innheimti í þágu stöðvarinnar, og hann setti tryggingu fyrir innheimtu sinni. Verður því að heimfæra brot hans, sem að öllu verulegu er rétt lýst í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, undir 136. gr. 1. mgr., sbr. 145. gr., sbr. einnig 34. gr. 1. mgr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og getur það hér engin áhrif haft, þótt málið hafi verið höfðað gegn honum einungis fyrir brot gegn ákvæðum 26. kapítula hinna alm. hegningarlaga og lögum nr. 51 frá 1928. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhússvinna. Þá verður og að dæma ákærða til að greiða Landssíma Íslands kr. 4721,28 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar

1933 til greiðsludags og Bæjarsíma Reykjavíkur kr. 4200,65, en með þeirri fjárhæð hefir engra vaxta verið krafizt og verða þeir þess vegna ekki tildæmdir. Ákærði greiði allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Bjarni Bjarnason, sæti 8 mánaða betrunarhússvinnu. Hann greiði Landssíma Íslands 4721,28 kr. með 5% ársvöxtum frá 1. jan. úar 1933 til greiðsludags og Bæjarsíma Reykjavíkur 4200,65 kr. Svo greiði ákærður og allan kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Theodórs B. Líndal og Garðars Þorsteinssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Bjarna Bjarnasyni, fyrrverandi innheimtumanni, til heimilis Lokastíg 14, fyrir brot gegn ákvæðum 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, sem hér segir:

Hinn 27. dezember f. á. kærði landssímastjóri til lögreglunnar yfir því, að einn af innheimtumönnum landsímans og bæjarsímans, ákærður í máli þessu, væri uppvís orðinn um sjóðþurð. Skýrði landssímastjóri svo frá, eftir því sem þá lá fyrir, að sjóðþurð ákærða væri samtals kr. 10651,72, þar af kr. 5715,65 vegna Bæjarsíma

Reykjavíkur, en kr. 4936,07 vegna skeyta- og símtalainnheimtunnar, en báðar þessar innheimtur hafði ákærður með höndum.

Ákærður var samstundis og kæra landssímastjóra barst lögreglunni settur í gæzluvarðhald og mál hans tekið til rannsóknar. Ákærður hafði tekizt á hendur innheimtu fyrir landsímann og bæjarsímann í maímánuði 1930, en þessar stofnanir hafa sjálfstætt reikningshald og aðskildar fjárreiður. Landssímastöðin innheimtir mánaðarlega reikninga til símanotenda fyrir símskeyti og símtöl, en bæjarsíminn innheimtir ársfjórðungslega afnotagjald fyrir talsímana í bænum. Samkvæmt skýrslu stöðvarstjóra landssímastöðvarinnar, Ólafs Kvaran, hafa viðskipti landssímastöðvar við ákærðan, sem og aðra innheimtumenn símans, farið fram á þann hátt, að símskeyti og símtalakvittanir eru skrifaðar um leið og símskeytið er afhent á símastöðina, eða símtalið fer fram, og taka gjaldkerarnir daglega við kvittunum af afgreiðslufólkinu. Símskeytakvittanirnar eru svo lagðar saman hjá hverjum einstökum símanotanda og kvittanirnar festar saman, og á sama hátt er farið með símtalakvittanirnar. Því næst eru kvittanirnar færðar inn í tvíritunarbók þess innheimtumanns, sem ber að innheimta þær og er þar getið símanúmers og reikningsupphæðar hvers skuldunauts. Þegar búið er að skrásetja kvittanirnar í tvíritunarbækurnar, eru upphæðirnar í hverri tvíritunarbók fyrir sig lagðar saman á reikningsvél og til frekari tryggingar er að síðustu hver reikningsupphæð á kvittunum borin saman við pappírsreikninginn úr vélinni. Að þessu loknu er hver innheimtumaður skuldaður í viðskiptareikningum við gjaldkerana fyrir þeirri upphæð, er þeim ber að innheimta fyrir símskeyti og símtöl í hverjum mánuði. Taka síðan innheimtumennirnir á móti reikningunum, ásamt frumritinu af skuldalistanum, en afritið er geymt á símastöðinni. Greiða síðan innheimtumennirnir upphæðirnar til gjaldkeranna, eftir því sem þeir innheimta og er þeim þá færð upphæðin til tekna í viðskiptareikningnum, og kvitta þá gjaldkerarnir fyrir greiddum upphæðum í bók, sem innheimtumaðurinn hefir í sínum vörzlum, en fullnaðaruppgjör fór fram eftir lok hvers mánaðar.

Í skýrslu sinni skýrir Kvaran svo frá að uppgjör ákærða

við hann eftir hvern mánuð hafi farið þannig fram, að ákærður hafi komið með nokkra óinnheimta reikninga, venjulega þó mjög lítið og hafi hann þá verið búinn að leggja saman hina óinnheimtu reikninga á reiknivélrituðu blaði, er fylgt hafi með reikningunum. Færði Kvaran ákærðum þá til tekna hina óinnheimtu reikninga, lagði síðan saman debet og kredit upphæðirnar í viðskiptareikningi hans, og greiddi ákærður síðan mismuninn og lét jafnan í ljósi að upphæðin, sem honum bæri að greiða, væri samhljóða því, sem hann hefði gert upp hjá sér, og nefndi ákærður stundum hina réttu upphæð áður en Kvaran hafði sagt hver hún væri. Eftir að reikningur ákærða hafði þannig verið gerður upp við lokagreiðslu hvers mánaðar, voru honum færð til skuldar upphæð hinna óinnheimtu reikninga, sem hann þá tók við ásamt upphæð hinna nýju reikninga. Þetta uppgjör fór venjulegast fram 4.—5. hvers mánaðar. Segir Kvaran að aldrei hafi komið kvartanir frá ákærðum, né öðrum innheimtumönnum, eftir móttöku reikninganna eða við uppgjör þeirra, um að þeir væru ekki réttir.

Þessa skýrslu Kvarans hefir hinn annar gjaldkeri landsímans, frk. Ragna Jónsdóttir, staðfest fyrir rétti. Hún hefir skýrt svo frá, að ákærður hafi venjulega verið búinn að gera upp sjálfur er hann kom til hennar og stemdi hans uppgjör ávallt við hennar uppgjör.

Um innheimtu ákærða fyrir bæjarsímann hefir gjaldkeri bæjarsímans, frk. Anna Þórhallsdóttir, gefið skýrslu, sem hún hefir staðfest fyrir rétti. Afnotagjöld bæjarsímans eru innheimt ársfjórðungslega og fá innheimtumennirnir reikningana fyrirfram fyrir hver ársfjórðungsmót. Eftir að búið er að skrifa upp afnotagjaldsreikningana er gerð skrá yfir þá og tekur síminn afrit af þeirri skrá. Á skránni er tiltekið númer, nafn og gjald hvers reiknings. Afritið er síðan afhent innheimtumanninum ásamt reikningunum og er skráin síðan borin saman við reikningana með innheimtumanninum á skrifstofunni, áður en hann fer með þá. Þá er síðan innheimtumaðurinn látinn kvitta fyrir upphæðinni. Lagt er fyrir hvern innheimtumann, að er hann hefir innheimt 1000 krónur, þá skili hann þeirri upphæð á skrifstofuna. En lokauppgjör fer fram í kringum 15. í seinasta mánuði ársfjórðungsins. Þá skila innheimtumenn

þeim reikningum, sem ekki fást greiddir og verða peningar þeir, sem þeir skila á ársfjórðungnum og óinnkallaðir reikningar að vera samhljóða þeirri upphæð, sem þeir tóku á móti. Kveður gjaldkerinn að ákærði hafi ávallt síðan hann kom á bæjarsímann þannig gert hreint upp í hvert skipti, og bar þeim aldrei neitt á milli um uppgjörið, og minntist ákærður aldrei á annað en allt væri í lagi hjá sér.

Hinn 20. dezember s. l. var ákærður ekki farinn að gera upp fyrir 4. ársfjórðung 1932. Hringdi gjaldkerinn þá heim til ákærða, og kom kona hans í símann og sagði að hann væri veikur. Þennan sama dag kom svo kona ákærðs, Þórunn Gísladóttir til gjaldkerans og skilaði nokkru af peningunum og óinnheimtum reikningum, og kvað mundu vera sjóðþurð hjá ákærðum.

Daginn eftir fór stöðvarstjórinn, Ólafur Kvaran, ásamt lögregluþjóni, heim til ákærða og sótti til hans tösku með reikningum þeim, sem hann átti óinnheimta. Var síðan gert upp við ákærðan eftir gögnum þeim, sem lágu fyrir, og kom þá í ljós, að sjóðþurð ákærða vegna beggja símanna var sú, sem að framan greinir.

Ákærður viðurkenndi þegar í stað fyrir réttinum, að stöðvarstjórinn og gjaldkerinn skýrðu rétt frá viðskiptum sínum við hann, og skuld hans við símann mundi vera svo sem greint er í uppgjöri símans að öðru leyti en því, að frá skuld sinni eigi að dragast óinnheimtir reikningar landlæknis, sem lægju í stjórnarráðinu og einnig nokkrar krónur fyrir símskeyti frá Þórði nokkrum Auðunssyni, sem ákærður hafði ekki innheimt, en skilað reikningunum aftur. Við nánari athugun reyndist þetta rétt hjá ákærðum, láðst hafði að færa ákærðum til tekna kr. 17,39, símskeytareikning frá númeri Þórðar Auðunssonar og eftir að síminn hafði gert upp við ákærðan, komu fram í stjórnarráðinu símareikningar að upphæð kr. 397,40, sem ákærður hafði skilið þar eftir, án þess að taka við greiðslu fyrir þá. Þessar upphæðir voru því færðar ákærðum til tekna og lækkaði því skuld hans við Landssímastöðina niður í kr. 4721,28.

Rétt er og að geta þess í þessu sambandi, að meðan á rannsókn málsins stóð skilaði kona ákærða til gjaldkera bæjarsímans einum reikning að upphæð 25 krónur, sem hún hafði fundið heima hjá sér. Var búið að greiða inn á

reikning þennan 10 krónur, en 15 krónur voru ógreiddar og lækkar þar með skuld ákærða við bæjarsímann um 15 krónur eða niður í kr. 5700,65.

Með þeirri undantekningu, sem nefnd er hér að framan, hefir ákærður viðurkennt það, að reikningsskil beggja símanna við sig hafi verið rétt. Ákærður kveðst fyrst hafa orðið var við að sjóðþurð hafi verið hjá sér, þegar hann gerði upp ársfjórðungsgjaldið janúar—apríl 1931. Var þá sjóðþurðin þegar orðin 3000 krónur og ákvaðst ákærður þá ekki hafa getað gert sér neina grein fyrir því á hvern hátt hún hafði myndazt. En ákærður var þá ekki í neinum vandræðum með að leyna sjóðþurð þessari. Gerði hann upp við bæjarsímann með því að nota til þess peninga, sem hann var þá búinn að innheimta vegna landsímans. Síðan kvaðst ákærður lengi hafa fundið að vöntunin hjá honum var í kringum þetta en hann gat alltaf haldið henni leyndri með því að nota fé símanna á víxl, er hann gerði upp við þá, en hann þurfti ekki að gera samtímis upp við báða símana. En haustið 1931 kveðst ákærður hafa orðið var við það, að sjóðþurðin hafði vaxið til muna. Lenti hann þá í erfiðleikum með að gera upp þótt hann hefði fé beggja símanna undir höndum. Því var það, að í september það ár seldi kona ákærða séra Magnúsi Jónssyni frá Vallarnesi víxil að upphæð 3000 krónur til þess að geta gert upp við bæjarsímann um ársfjórðungsmótin. Þessi víxill var síðan greiddur séra Magnúsi eftir hálfan mánuð, er ákærður var búinn að innheimta að nýju. Síðan kvað ákærður að þetta hafi gengið til á sama hátt um hver ársfjórðungsmót, er hann þurfti að gera bæjarsímanum fullnaðarskil, séra Magnús hafi lánað til hálfsmánaðar gegn víxli í kringum 3000 krónur stundum dálítið minna en aldrei meira.

Kona ákærða og séra Magnús hafa bæði staðfest þetta. Kona ákærða kveður, að er september—október uppgjörið 1931 átti að fara fram þá hafi kærður lagst í rúmið og sagt henni að hann gæti ekki gert upp. Fékk hún þá venslafólk sitt og einn óviðkomandi mann til að skrifa upp á 3000 króna víxil fyrir sig sem séra Magnús svo keypti til hálfsmánaðar, en þessi víxill var svo greiddur ,er ákærður fékk októberreikningana og var búinn að innheimta af þeim sem svaraði þessari upphæð. Síðan gekk það þannig til um hver ársfjórðungsmót eftir þetta. Kona ákærðs kveðst

ekki hafa sagt séra Magnúsi til hvers peningarnir hafi verið notaðir. Bankavextir voru greiddir af þessum víxlum séra Magnúsar. Séra Magnús kveður og að Þórunn hafi aldrei sagt sér beint til hvers peningarnir væru ætlaðir, kveður sig hafa grunað, að ólag væri á fjárhag þeirra hjóna. Kveðst hann hafa útvegað lán út á víxlana með því að hann taldi þá trygga, en kveðst hafa talið sér óviðkomandi hvernig á erfiðleikum konunnar stæði. Kvað hann sér ekki hafa verið ljóst fyrr en í haust eða vetur að sjóðþurð var hjá honum, og kveðst hann þá ekki hafa viljað lána peninga lengur, enda fór þá aðalmaðurinn af víxlinum.

Eins og fyrr er sagt hefir ákærður ekki getað gert grein fyrir því, hvers vegna sjóðþurðin myndaðist hjá honum og ekki heldur hversvegna hún óx svo mjög sumarið 1931. Hann hefir enga sérstaka útgjaldaliði getað nefnt, heldur hefir hann haldið því fram, að á þessum árum hafi peningarnir eyðst smámsaman án þess hann gæti gert frekari grein fyrir og þá aðallega til heimilisþarfa, en ákærður hafði í laun 250 krónur á mánuði. Ákærður telst að vera reglumaður, og slíkt orð fékk hann hjá yfirboðurum sínum við símann. Kona ákærða hefir borið það, að henni þætt líklegt, að 3—4 þúsund krónur hafi getað eyðst í heimilið á tímabilinu frá því að sjóðþurðin myndaðist, en telur það hinsvegar með öllu útilokað að 10—11 þúsund krónur hafi runnið inn í heimilið á þessu tímabili. Við rannsókn máls þessa hefir ekkert orðið upplýst um það á hvern hátt féð hafi eyðst.

Kona ákærða réðst í það á síðastliðnu sumri að kaupa húseignina á Lokastíg 14, en eftir því sem upplýst er við rannsókn máls þessa, hefir ekkert af peningum símans farið í þessi húskaup.

Krafa hefir verið gerð um það, að ákærður greiði landsímanum aftur kr. 4721,28 og bæjarsímanum kr. 4200,65 með vöxtum frá 1. janúar 1933. Bæjarsíminn hafði fengið greiddar 1500 kr. í ábyrgð, sem ákærði hafði sett vegna innheimtunnar, og dregst því sú upphæð frá sjóðþurð hans við bæjarsímann. Ákærður hefir ekkert haft við þessar kröfur að athuga.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. apríl 1891. Honum hefir ekki verið refsað áður. Hann

hefir setið í gæzluvarðhaldi frá 29. dezember f. á. til 21. janúar s. l.

Framantalið afbrot ákærðs ber að áliti dómarans að heimfæra undir 256. grein hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 8 mánuði. Hann greiði og Ólafi Kvaran, fyrir hönd Landssímans kr. 4721,28, og Önnu Þórhallsdóttur, fyrir hönd Bæjarsíma Reykjavíkur kr. 4200,65, hvorttveggja með 5% vöxtum frá 1. janúar 1933, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 18. dez. 1933.

Nr. 189/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Hermann Lunder (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 9. sept. 1932: Kærði, Hermann Lunder, á að greiða sekt að upphæð kr. 16900,00 innan fjögra vikna í Landhelgissjóð Íslands, en sæta 9 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum, „Hans Joachim" P. G. 322 frá Geestemünde, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, er forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík hefir markað á miðanir og mælingar eftirlitsskips-

ins Fylla, og sýnir uppdráttur þessi stað þann, er kærði nam staðar á með botnvörpu úti, stað eftirlitsskipsins á ýmsum tímum og miðunarlínur til skips kærða, er kemur í öllum aðalatriðum heim við sjóuppdrátt þann, er foringi eftirlitsskipsins lagði fram við rannsókn málsins í lögregluréttinum.

Kærði hefir neitað því, að hafa fiskað inni í landhelgissvæðinu í umrætt skipti, og af hálfu verjanda hans í hæstarétti hefir verið lagt fram langt álitsskjal frá þýzkum sérfræðingi í siglingafræðum, þar sem leitast er við að sanna, að hinar ýmsu staðarmælingar og miðunarlínur eftirlitsskipsins, er gerðar voru frá því eftirlitsskipið sá umræddan togara Hans Joachim P.G. 322 kl. 3,25 árdegis hinn 7. sept. 1932, þar til hann nam staðar kl. 4 árd., séu óábyggilegar, og er því jafnvel haldið fram þar, að eftirlitsskipið hafi við miðanir sínar til skips kærða hlotið að villast á því og öðru skipi.

Um þessa síðastnefndu staðhæfingu hefir foringi eftirlitsskipsins tekið það fram, að það sé alveg útilokað, eftir því sem eftirlitinu hafi verið hagað og eftir öllum staðháttum að öðru leyti, að villst hafi verið á skipi kærða og öðru skipi. Og þar sem það er eigi vefengt, að tökustaður togarans var skammt utan við landhelgilínuna, í mesta lagi ¼ úr sjómílu utan hennar, og þar sem það verður að teljast sannað með skýrslu eftirlitsskipsins, að togarinn hafi frá því kl. 3,38 til kl. 4, eða í 22 mínútur haldið í suðlæga stefnu, þ. e. út úr landhelginni, og þar sem það enn fremur er viðurkennt, að skip kærða hafi allan þennan tíma verið að fiska með botnvörpu í sjó, þá er þar með fengin sönnun fyrir því, að kærði hafi gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða lögregluréttardóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sekt kærða ákveðst 18500 kr. með tilliti til núverandi gullgengis hinnar íslenzku krónu, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 200 kr. til hvors.

Dráttur sá, er orðið hefir á rekstri máls þessa, á að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að verjandi kærða í hæstarétti hefir útvegað sakargögn frá útlöndum, en þar sem honum hafa borizt skjöl þessi í janúarmánuði síðastl., en hefir eigi komið skjölum málsins frá sér til fjölritunar fyrr en í maímán., verður eigi komizt hjá að finna að þessum drætti á afgreiðslu málsins.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hermann Lunder, skipstjóri á botnvörpuskipinu P.G. 322 „Hans Joachim“ frá Gestemünde, greiði 18500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna

Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 200 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með kæru, dags. 7. þ. m., kærði yfirforinginn á varðskipinu „Fylla", v. Lowzow, skipstjóra Hermann Lunder, á togaranum „Hans Joachim" P. G. 322 frá Geestemünde, fyrir að hafa milli kl. 3,25 og 4 s. l. miðvikudag verið að fiska með botnvörpu á landhelgissvæðinu undan Mýrdalsvík. Málavextir eru þessir:

Nefndan morgun kom varðskipið á vesturleið meðfram söndunum og undan Hjörleifshöfða. Var varðskipið innan landhelgislínunnar. Þegar þeir voru, kl. 3,25, komnir nálægt Kötlutanga, urðu þeir varir við fjóra togara, sem virtust grunsamlega nálægt landi, voru tveir þeirra nær landi en hinir og voru þegar í stað teknar miðanir með gyroskopkompás til þeirra tveggja og reyndust þeir í sömu miðunarlínu með 400 metra millibili. Lína þessi rann í gegnum landhelgissvæðið, miðað frá Fyllu, um 15 til 16 sjómílur, svo vitanlegt var, ef línan var rétt sett, að skipin voru bæði á landhelgissvæðinu, enda þótt ekki hafi verið hægt að ákveða hvar, því að annars hefðu þau ekki sést frá „Fyllu". Annað þessara skipa var skip kærða, togarinn „Hans Joachim". Eftir þetta tóku þeir á varðskipinu tvær samskonar miðanir og höfðu togararnir fyrst nálgazt landið en síðan, kl. 3,32 fjarlægzt það og úr því, eftir hinum framlagða uppdrætti, haldið út á við. Þegar klukkan var 3,43 var tekin ný miðun ,en um leið mælt með fjarlægðarmæli hve langt togararnir voru frá „Fyllu" og með því ákveðinn staður þeirra í miðunarlínunni. Þetta var síðan gert aftur bæði kl. 3,46, kl. 3,51 og kl. 3,54 og reyndust báðir togararnir öll sinnin á landhelgissvæðinu, og samræmi í miðunum þessum og mælingum. Kl. 4,00 stöðvaði togarinn „Hans Joachim" eftir að Fylla hafði gefið stöðvunarmerki og skotið lausu skoti og kl. 4,02 gerðu þeir á Fylla staðarákvarðanir með hornmælingum, þar er þá

var orðið nægilega bjart til þess og reyndist staður togarans „Hans Joachim“ ca. 0,16 sjómílur fyrir utan landhelgislínuna.

Hinn kærði skipstjóri var ekki á þilfari togarans meðan þetta gerðist, en fyrsti stýrimaður hans var á stjórnpalli. Hefir hann kannazt við, að skipið hafi verið að toga umrætt tímabil, enda var skipið með vörpu í sjó þegar varðskipið kom að því. Enda þótt álíta mætti samkvæmt eiðfestum framburði 1. stýrimanns togarans um að togarinn hafi ekki umrætt tímabil farið beina leið og eftir yfirlýsingu sjóliðsforingja þess af Fyllu, sem mætti í réttinum, um að togarinn hefði orðið að fara 3 sjóm. á klst. síðustu 22 mínúturnar með vörpu í sjó, að miðunarlínurnar I—III á skýrslu yfirforingjans og á uppdrættinum væri ekki alveg nákvæmar og enda þótt það sé ósannað mál hvar í þessum línum skip ákærða var, þá skiptir þetta engu um úrslit málsins, því að eins og áður er sagt, reyndist fullkomið samræmi í öllum þeim sjómælingum, sem þeir á varðskipinu gerðu, að skip kærða væri á landhelgissvæðinu og því alls engin ástæða til að véfengja að svo hafi verið. Gegn þessu hafa engar líkur eða sannanir komið, er geri miðanir með fjarlægðarmælingum varðskipsmannanna á „Fyllu“ tortryggilegar og hlýtur rétturinn að byggja á þeim.

Eftir þessu þykir talið sannað, að hinn kærði skipstjóri hafi gert sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum. Þar eð þetta er fyrsta brot hans gegn þessum lögum og með tilliti til þess, að gengi 100 íslenzkra króna er í dag 58,46 gullkrónur, þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin sekt að upphæð 16900,00 krónur, sem rennur í Landhelgissjóð Íslands og greiðist innan 4 vikna, en afplánist með 9 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli í áðurnefndum togara vera upptækt og renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 18. dez. 1933.

Nr. 85/1933. **Ari Þórðarson** (Sjálfur)
gegn
Ólafi Þorsteinssyni (Enginn).

Vitnaspurningar óheimilar.

Úrskurðir bæjarþings Reykjavíkur 1. júní 1933: 1) Spurningarnar á rskj. nr. 8 verða ekki bornar upp fyrir vitninu. 2) Spurningarnar á rskj. nr. 9 verða ekki bornar upp fyrir vitninu.

Dómur hæstaréttar.

Með stefnu, dags. 19. apríl s. l., höfðaði áfrýjandi mál gegn stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur út af meiðandi ummælum um sig í nafnlausum greinum í blaði nokkru, er nefnt er Svindlarasvipan og út kom hér í bænum 3. febr. s. l., en stefndur er í blaði þessu tilgreindur sem útgefandi þess og ábyrgðarmaður. Við réttarhald í málinu hinn 1. júní s. l. mættu sem vitni eftir stefnu áfrýjanda m. a. R. P. Leví kaupmaður og Guðbjörn Guðmundsson prentsmiðjustjóri. Lagði áfrýjandi þá fram 4 spurningar, er hann óskaði að lagðar yrðu fyrir vitnið R. P. Leví, og 3 spurningar er hann óskaði lagðar fyrir vitnið Guðbjörn Guðmundsson. Umboðsmaður stefnda mótmælti því, að spurningar þessar yrðu lagðar fyrir vitnin, með því að hann taldi, að þær væru málinu óviðkomandi, og að svör vitnanna gætu ekki haft nein áhrif á úrslit málsins. Út af mótmælum þessum kvað dómarinn s. d. upp tvo úrskurði þess efnis, að spurningar þessar verði ekki bornar upp fyrir vitnunum.

Úrskurðum þessum hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útg. 4. sept. s. l. Við þingfestingu málsins hér í réttinum var eigi mætt af hálfu stefnda og hefir málið því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1.—4—.—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjuðu úrskurðum verði hrundið og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í hæstarétti samkvæmt mati réttarins.

Spurningar þær til R. P. Leví, er ræðir um í öðrum hinna áfrýjuðu úrskurða, lúta að því að fá það upplýst, hver annast hafi afgreiðslu blaðsins, hver samið hafi um hana og kostað hana og hver kostað hafi útgáfu blaðsins. Spurningarnar til Guðbjarnar Guðmundssonar, er ræðir um í hinum úrskurðinum, lúta að því, að fá það upplýst hver samið hafi um prentun á blaðinu, borgað prentkostnaðinn og komið með handrit að blaðinu í prentsmiðjuna og hver hafi kostað útgáfu blaðsins. Áfrýjandi byggir kröfur sínar á því, að sér sé nauðsynlegt að fá það upplýst, hvort aðrir menn hafi staðið á bak við stefnda um útgáfu blaðsins, en með því að stefndi er nafngreindur á blaðinu sem ábyrgðarmaður þess og útgefandi, þá verður eftir því sem ábyrgð á prentuðum ummælum er hagað samkv. tilsk., 9. maí 1855, að fallast á þá skoðun héraðsdómarans, að svör vitnanna við þeim geti engin áhrif haft á úrslit aðalmálsins og að þess vegna sé óheimilt að leggja spurningar þessar fyrir vitnin gegn mótmælum stefnda. Verður því að staðfesta hina áfrýjuðu úrskurði, en málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjuðu úrskurðum skal óraskað.

Forsendur hinna áfrýjuðu úrskurða hljóða svo:

1) Það skiptir engu máli fyrir ábyrgð stefnds hver afskipti vitnið hefir haft af sölu blaðs þess, sem nefnt er í stefnunni, en það er fyrir ummæli í téðu blaði, sem stefnt er til ábyrgðar á. Þar sem að fram eru komin mótmæli af hendi stefnds gegn því að spurningar á rskj. nr. 8 verði bornar upp fyrir vitninu og svör við þessum spurningum geta engin áhrif haft á niðurstöðu málsins um ábyrgð stefnds, ber að taka téð mótmæli til greina að öllu leyti.

2) Svo sem fram er tekið í hinum nýgengna úrskurði um hið fyrra vitni, R. P. Levi, er í máli þessu einungis að ræða um sektarábyrgð á hendur ábyrgðarmanni blaðsins „Svindlarasvipan", og þar sem svör við spurningunni á rskj. 9 geta engin áhrif haft á niðurstöðu dóms um það atriði verða spurningarnar að teljast þýðingarlausar fyrir málið.

Miðvikudaginn 20. dez. 1933.

Nr. 190/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Fritz Kolm (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 10. sept. 1932:

Kærður, Fritz Kolm, greiði 16900 króna sekt, til Landhelgissjóðs Íslands og komi 9 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í togaranum, Dr. A. Strube, O, N, 114, skulu upptækt og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi hitti eftirlitsskipið Fylla hinn 7. sept. f. á. 2 togara að botnvörpuveiðum suður af Vík í Mýrdal og reyndist það vera togararnir „Hans Joachim“ P. G. 322 og „Dr. A. Strube“ O. N. 114 frá Nordenham, sem kærði var skipstjóri á. — Þar sem mælingar og miðanir eftirlitsskipsins sýndu það, að bæði skipin voru inni í landhelgi voru þau tekin föst og farið með þau til Vestmannaeyja. Hafa mælingar og miðanir eftirlitsskipsins verið athugaðar af forstöðumanni stýrimannaskólans, er ekkert hefir fundið við þær að athuga.

Kærði hefir neitað því að hafa fiskað í landhelgi í umrætt skipti, og verjandi kærða í hæstarétti hefir einnig í þessu máli lagt fram langt álitsskjal frá þýzkum sérfræðingi í siglingamálum, þar sem leitast er við að sanna, að hinar ýmsu staðarmælingar og miðunarlínur eftirlitsskipsins séu óábyggilegar, og er því haldið þar fram, að eftirlitsskipið hafi hlotið að villast á skipi kærða og öðru skipi á sömu slóðum.

Viðvíkjandi þessu hefir foringi eftirlitsskipsins tekið fram, að það sé alveg útilokað, eftir því sem eftirlitinu hafi verið hagað og eftir öllum staðháttum að öðru leyti, að villzt hafi verið á skipi kærða og öðru skipi og heldur því fram, að athugasemdir sérfræðingsins séu yfirleitt byggðar á skökkum grundvelli.

Þar sem það er eigi vefengt, að tökustaður togarans var um ⅓ úr sjómílu utan landhelgislínu og þar sem það verður að telja sannað með skýrslu eftirlitsskipsins, að togarinn hafi frá kl. 3,38 til kl. 4,04 eða í 26 mínútur haldið í suðlæga stefnu, þ.

e. út úr landhelginni, og þar sem það ennfremur er viðurkennt, að skip kærða hafi allan þennan tíma verið að fiska með botnvörpu í sjó, þá er þar með fengin sönnun fyrir því, að kærði hafi gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sekt kærða ákveðst 18500 kr. með tilliti til núverandi gullgengis hinnar íslenzku krónu, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 200 kr. til hvors.

Dráttur sá, er orðið hefir á rekstri máls þessa, á að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að verjandi kærða í hæstarétti hefir útvegað sakargögn frá útlöndum, en þar sem honum hafa borizt skjöl þessi í byrjun febrúarmán. síðastl., en hefir eigi komið skjölunum frá sér til fjölritunar fyrr en í maímán. verður eigi komizt hjá að finna að þessum drætti á afgreiðslu málsins.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Fritz Kolm, skipstjóri á botnvörpuskipinu O.N. 114 „Dr. A. Strube“ frá Nordenham, greiði 18500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í

héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 200 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Fritz Kolm, skipstjóra á togaranum Dr. A. Strube, O. N. 114 frá Nordenham, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, 18. maí 1920.

Málavextir eru þessir:

Þann 7. þ. m. kom varðskipið Fylla austan með landinu og sá tvo togara, er virtust vera í landhelgi suður undan Vík og var annað þeirra skip kærða.

Varðskipið gerði því staðarákvarðanir, með Gyroskopkompásmiðunum og voru báðir togararnir miðaðir í sömu línu frá kl. 3,38, en þá var togari kærða fyrst miðaður og var hann jafnan 400 metrum lengra frá varðskipinu en hinn togarinn. Kl. 3,38 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Dyrhólaviti í réttv. 289
Hjörleifshöfði, eystri endi, réttv. 19
Patentlog 81,0
Þaðan var togarinn miðaður r. v. 279,
stefna hans suðlæg.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu var ekki mæld í þetta sinn og var það vegna þess, eftir því, sem sjóliðsforingi sá, er staðarákvörðunina gerði, hefir haldið fram í réttinum, að vegalengdin þangað, sem miðunarlína togarans skar landhelgislínuna, hafi verið um 16 sjómílur frá varðskipinu og því svo mikil að togarinn, sem var á að gizka 6 sjómílur frá varðskipinu, var augsýnilega innan landhelginnar. Kl. 3,43 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Dyrhólaviti r. v. 293
Hjörleifshöfði eystri endi r. v. 33,5
Patentlog 82,0
Dýpi mældist 78 metrar.
Þaðan var togarinn miðaður r. v. 277, stefna hans suðlæg.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu 8300 metrar.

Kl. 3,46 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:
Dyrhólaviti r. v. 296
Hjörleifshöfði, eystri endi r. v. 43
Patentlog 83,0
Dýpi mældist 65 metrar.
Þaðan var togarinn miðaður 277, suðlæg stefna.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu 5400 metrar.

Kl. 3,51 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:
Dyrhólaviti r. v. 299,5
Hatta r. v. 336,5
Hjörleifshöfði eystri endi r. v. 48,5
Dýpi mældist 63 metrar.
Þaðan var togarinn miðaður r. v. 274, stefna suðlæg.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu 3900 metrar.

Kl. 3,54 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:
Dyrhólaviti r. v. 302
Hatta r. v. 341
Hjörleifshöfði, eystri endi r. v. 52
Þaðan var togarinn miðaður r. v. 271,5, suðlæg stefna.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu 2700 metrar.

Kl. 3,56 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:
Dyrhólaviti r. v. 306
Hatta r. v. 348
Hjörleifshöfði, eystri endi r. v. 55,5
Þaðan var togarinn miðaður r .v. 254.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu 1500 metrar.

Kl. 4,02 gerði varðskipið staðarákvörðun hjá hinum togaranum, sem áður er um getið, en sú miðun virtist vera skipi kærða óviðkomandi.

Kl. 4,04 nam skip kærða staðar eftir að varðskipið hafði dregið upp stöðvunarmerki og skotið tveim aðvör-

unarskotum og hefir foringi sá af varðskipinu, sem mættur er í réttinum, lýst því yfir að togarinn hafi þá numið staðar og þriðja skotið því verið óþarft.

Á þeim stað, sem togarinn var handtekinn, gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Dyrhólaviti

> 41° 59′

Hatta

> 62° 08′

Hjörleifshöfði, eystri endi

og er togarinn þá samkvæmt mælingu þessari 600 metra fyrir utan landhelgislínu. Samkvæmt staðarákvörðun kl. 3,43 var hann 0,5 sjómílur fyrir innan landhelgislínu og samkvæmt staðarákvörðun kl. 3,46 kl. 3,51 og kl. 3,54 var hann einnig fyrir innan landhelgislínu.

Kærður hefir neitað því að hafa togað í landhelgi. Hann kveðst hafa kastað vörpunni kl. 4 þýzkur tími hjá bauju, er hann kom að og hafi hann nokkru áður, eða kl. 3,40 gert staðarákvörðun, sem hafi sýnt að hann var 0,6 til 0,7 úr sjómílu fyrir utan landhelgi. Hann kveðst síðan hafa togað þar til varðskipið stöðvaði skip hans um kl. 6, þ. t., og kveðst hann hafa séð af dýpinu, er hann áætlaði eftir því, hvernig dragstrengir hans lágu í sjónum, að hann fór aldrei inn fyrir landhelgislínuna, en gerði eigi staðarákvarðanir fyrr en eftir að varðskipið hafði stöðvað hann, en þá gerði hann staðarákvörðun, sem hann kveður hafa sýnt stað þann, er varðskipið stöðvaði hann á ca. 0,6 sjómílur fyrir utan landhelgislínuna eða nokkru utar en staðurinn er samkvæmt mælingu varðskipsins. Stýrimaður kærðs hefir og borið fyrir réttinum að hann hafi gert staðarákvörðun kl. 6,30, þ. t., litlu síðar en kærður gerði s. n. staðarákvörðun sína og hafi staður togarans þá samkvæmt henni verið 0,5 til 0,6 sjómílu fyrir utan landhelgi.

Kærður kveðst hafa haft stefnuna A til ASA misv., er hann byrjaði að setja vörpuna út, en á meðan hann var að því, hafi hann snúið skipinu í stefnuna V ½ N og hélt þeirri stefnu þar til hann kom að annari bauju, kl. 5,05 ,þ. t. Hjá þeirri bauju kveðst hann hafa miðað Dyrhólavita yfir áttavita N ½ V misv.

Innan við þessa bauju kveðst hann hafa snúið skipinu

til stjórnborða, þar til það eftir 20 mínútur, kl. 5,25, þ. t., hafi stefnt ASA og hafi þá baujan verði 1½ sjómílu frá skipinu til stjórnborða heldur framar en þverskips, en dýpið áætlað eftir því hvernig dragstrengir lágu, 95—98 metrar. Í s. n. átt kveðst kærður hafa togað þar til kl. 5,50, þ. t., en þá hafi hann snúið skipinu til SSV og þá stefnu hafi hann togað þar til varðskipið stöðvaði hann.

Háseti sá, er var við stýrið hjá kærðum á umræddu tímabili, hefir að mestu staðfest framburð kærða um hvernig hafi verið togað, en hefir ekki getað gert grein fyrir því, hve lengi hefir verið stýrt hverja stefnu og hefir haldið fram, að togarinn hafi snúið utan við vestri baujuna.

Því hefir og verið haldið fram af hálfu kærða í málinu, að tíminn, frá því togarinn fyrst var miðaður frá varðskipinu og þar til hann var stöðvaður, sé of skammur til þess að togarinn hafi á þeim tíma getað farið þá vegalengd með vörpu úti, sem hann á að hafa farið á þeim tíma samkvæmt mælingum varðskipsins.

Sjóliðsforingi sá, er gerði miðanir og mælingar varðskipsins, kveðst hvoruga þá bauju hafa séð, sem kærður kveðst hafa togað hjá.

Rétturinn verður að líta svo á, að kærði hafi ekki með framangreindu fært fram neinar þær sannanir, eða rök, sem hnekkt geti mælingum eða miðunum varðskipsins og verður því að leggja þær til grundvallar við dóm í málinu.

Það verður því að telja sannað, að kærður hafi á framangreindum tíma verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og hefir kærði því að áliti réttarins brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi og þykir refsing hans, sem ekki er upplýst að hafi áður brotið gegn ákvæðum íslenzku fiskiveiðalöggjafarinnar hæfilega ákveðin samkv. 3. gr. nefndra laga sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 11. apríl 1924, 16900 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands með tilliti til þess að gengi íslenzkrar krónu er nú þannig að hún jafngildir 58,46 aurum gulls. Í stað sektarinnar komi 9 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í togaranum Dr. A. Strube, O. N. 114, skal upptækt og andvirðið renna í sama sjóð og sektin.

Svo greiði kærði og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 20. dez. 1933.

Nr. 69/1933. **Oddsteinn Friðriksson**
gegn
skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum og firmanu Gunnar Ólafsson & Co.

Úrskurður skiptaréttar um gjaldþrot. Staðfesting.

Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyjakaupstaðar 10. febr. 1933: Bú Oddsteins Friðrikssonar, Hásteinsveg 5, hér, ber skv. 1. gr. laga 25/1929 að taka til gjaldþrotaskipta.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt kröfu hins stefnda firma Gunnars Ólafssonar & Co. var í fógetarétti Vestmannaeyja, hinn 3. febr. 1933, lagt löghald á eignir áfrýjanda til tryggingar skuld hans við téð firma, að upphæð kr. 16.719,88 ásamt vöxtum og kostnaði. Voru eignir áfrýjanda við löghaldið metnar á kr. 33185,00, en veðskuldir, er á þeim hvíldu, voru taldar vera kr. 27600,00. Daginn eftir löghaldið, hinn 4. febr. s. l. krafðist löghaldsbeiðandi þess, að bú áfrýjanda væri tekið til gjaldþrotaskipta, og eftir að málið hafði verið sótt og varið fyrir skiptaréttinum gekk úrskurður skiptaréttarins í því, hinn 10. febr. s. l., á þá leið, að bú áfrýjanda skyldi tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurði þessum hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útg. 12. júlí s. l., að fengnu áfrýj-

unarleyfi, dags. 10. s. m. Hefir hann stefnt skiptaráðandanum og gjaldþrotabeiðandanum, og hefir hann krafizt þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði fortakslaust ómerktur, en til vara, að hann verði ómerktur, nema því aðeins að Gunnar Ólafsson konsúll í Vestmannaeyjum synji fyrir það með eiði, að áfrýjandi hafi gert athugasemdir við þær færslur á viðskiptareikningi sínum hjá firmanu Gunnar Ólafsson & Co. í Vestmannaeyjum fyrir árin 1925—1932, sem taldar eru í sérstakri sundurliðun, er áfrýjandi hefir lagt fram hér í réttinum. Ennfremur krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða sér málskostnað í hæstarétti samkvæmt mati réttarins, annað hvort in solidum eða til vara annar hvor þeirra.

Af hálfu stefndu hefir þess verið krafizt, aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur óbreyttur, en til vara, að hann verði staðfestur með þeirri breytingu, að gjaldþrotabeiðanda verði gert að skyldu að setja tryggingu fyrir afleiðingum gjaldþrotaskiptanna. Svo hafa þeir og krafizt þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Krafa sú, er löghaldið var gert fyrir og gjaldþrotabeiðnin er studd við, er viðskiptaskuld, er firmað Gunnar Ólafsson & Co. telur til hjá áfrýjanda að upphæð kr. 16,719.88. Samkvæmt því sem upplýst er í málinu, hefir áfrýjandi staðið í föstu viðskiptasambandi við firmað árin 1925—1932, aðallega út af kaupum á vélbátnum Gunnar Hámundarson, og útgerð hans síðar, en áfrýjandi á bát þennan að þriðjungi, og nam skuld hans við firmað út af viðskiptum þessum framannefndri upphæð í árslok 1932, samkvæmt reikningum, sem lagðir hafa verið

fram í málinu. Við löghaldið hélt áfrýjandi því fram, að hann skuldaði gerðarbeiðanda ekki neitt, ef reikningar þeirra væru rétt upp gerðir, með því að gerðarbeiðandi hefði skuldað sig um upphæðir, sem sér væri með öllu óviðkomandi, en hann hefði ekki getað fengið þetta leiðrétt, þrátt fyrir margendurtekin tilmæli í þá átt, en nánari grein gerði hann að svo stöddu ekki fyrir athugasemdum sínum við reikningana.

Í skiptaréttinum komu hinsvegar fram sundurliðuð mótmæli frá áfrýjanda gegn ýmsum liðum reikninganna, er hann taldi ranglega færða sér til skuldar, og nema þeir alls kr. 11.946,27. Gegn afgangi reikningsskuldarinnar kr. 4773,51, bar hann og fram ýms mótmæli, er þó eigi lutu að neinum sérstökum liðum reikninganna, en með því að eignir hans við uppskrift búsins 11. og 13. febrúar síðast liðinn voru virtar á kr. 36133,49, en veðskuldir er á þeim hvíldu voru taldar nema kr. 27600,00, auk veðskuldar á fiski, sem eigi er tilgreint hve há sé, en sýnist hafa verið lítilræði, þá telur áfrýjandi með þessu sýnt, að hann eigi fyrir skuldum, og að skilyrði séu því eigi fyrir hendi til þess, að bú sitt sé tekið til gjaldþrotaskipta, en engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um það, hvort óveðtryggðar skuldir hafi hvílt á áfrýjanda, aðrar en áðurnefnd krafa Gunnars Ólafssonar & Co., enda verður eigi séð að skiptaráðandinn hafi krafið hann skýrslu um það atriði.

Í þessu máli er aðeins spurning um það, hvort skiptarétturinn átti að taka bú áfrýjanda til skipta eftir að véfengingar hans á reikningunum voru komnar fram. Liðir þeir í reikningunum, er áfrýjandi mótmælti, tilheyra árunum 1925—1931. Er

mótmælt kr. 2005,67 á reikningnum fyrir árið 1925, kr. 1549,15 fyrir árið 1926, kr. 2568,93 fyrir árið 1927, kr. 1040,00 fyrir árið 1928, kr. 1269,38 fyrir árið 1929, kr. 1230,16 fyrir árið 1930 og kr. 2283,08 fyrir árið 1931. Af hálfu gjaldþrotabeiðanda er því ómótmælt haldið fram, að áfrýjandi hafi árlega fengið viðskiptareikning og ennfremur hefir gjaldþrotabeiðandinn haldið því fram, að áfrýjandi hafi aldrei mótmælt reikningunum fyrr en í skiptaréttinum. Gegn hinum síðasttöldu mótmælum hefir áfrýjandi eigi sannað eða gert nægilega líklega þá staðhæfingu sína, að hann hafi farið fram á leiðréttingu á reikningunum við firmað. Verður því eigi talið að þessi mótmæli hans í skiptaréttinum hafi gefið ástæðu til að neita um skiptin og með því ennfremur að engin krafa um tryggingu kom fram frá áfrýjanda í skiptaréttinum ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Málskostnað í hæstarétti þykir rétt að áfrýjandi greiði stefndu með 100 krónum til hvors þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Oddsteinn Friðriksson, greiði stefndu, skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum og firmanu Gunnar Ólafsson & Co. málskostnað í hæstarétti með 100 krónum til hvors að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Hinn 3. þ. m. lét firmað Gunnar Ólafsson & Co. leggja löghald á eignir Oddsteins Friðrikssonar, útgerðarmanns, hér, til heimilis á Hásteinsveg 5, til tryggingar skuld, er

firmað taldi sig eiga hjá honum, að upphæð kr. 16719,88. auk vaxta og kostnaðar. Oddsteinn Friðriksson mótmælti þegar við þá gerð að skulda nefndu firma nokkuð. Við gerðina voru eigur þær virtar, sem Oddsteinn vísaði á til tryggingar hinni umkröfðu, en mótmæltu skuld, þannig:

Húseignin Hásteinsvegur 5 að frádregnum áhvílandi skuldum	kr.	3900.00
½ úr v. b. Gunnar Hámundarson, með tilh. að frádreginni áhvílandi skuld	—	1500.00
Þerrireitur	—	185.00
	kr.	5585,00

Oddsteinn Friðriksson hefir einnig fyrir skiptaréttinum mótmælt að skulda nefndu firma og því mótmælt gjaldþrotabeiðninni.

Gjaldþrotabeiðandi hefir að réttarins áliti hér fyrir skiptaréttinum nægilega rökstutt að hafa greitt vegna Oddsteins Friðrikssonar meiri upphæðir en þessum áðurnefndu kr. 5585 nemur, með því að sanna, að hann, (firmað Gunnar Ólafsson & Co.), hefir smám saman borgað í vexti og afborganir af víxli, upphafl. 19000 kr. samþ. af Sig Friðrikssyni 18. febr. 1925, en útg. af Oddsteini og ábektum af nefndu firma, að minnsta kosti kr. 7100.00 í afborganir og kr. 2566.69 í forvexti og stimpilgjald, eins og vottorð Útvegsbankans í rskj. 6 sýnir og Oddsteinn ekki hefir vefengt.

Þar sem Oddsteinn Friðriksson var ábyrgur gagnvart firmanu um þessar greiðslur, sem hinir framlögðu reikningar firmans bera með sér að voru taldar honum til skuldar með meiri upphæðum, en ofannefndum kr. 5585.00 nemur og þar sem hann heldur ekkert hefir upplýst um að hafa mótmælt þessum innfærslum, sem þó fóru fram árum saman, þá verður, eftir þeim sönnunargögnum, sem liggja fyrir þessum rétti að telja sannað að firmað Gunnar Ólafsson & Co. eigi meira hjá Oddsteini Friðrikssyni, en netto eignum hans nemur, því að hér liggur ekkert fyrir, um að Oddsteinn hafi greitt Gunnari Ólafssyni & Co. það sem firmað borgaði af þeim 13000 kr., sem víxill þeirra bræðra nam, eftir að Oddsteinn hafði, — að því er virðist, — greitt firmanu sinn hluta 19000 kr. víxilsins, 18. febr. 1925, (rskj. 10) að frádregnum þeim kr. 5200, eftir-

stöðvum víxilsins sem Oddsteinn greiddi síðar (rskj. 11). Heldur er ekkert sannað um að aðrir hafi greitt firmanu þetta aftur.

Án þess að farið sé frekar út í skuldaskipti aðila, þykir því, eins og málið liggur fyrir þessum rétti, mega telja nægar upplýsingar komnar fram til sönnunar því, að firmað Gunnar Ólafsson & Co. eigi meira hjá Oddsteini Friðrikssyni, en eigur hans nema, skv. virðingu við löghaldsgerð þá, sem fram fór 3. þ. m. og að því beri að taka til greina kröfu firmans um gjaldþrotameðferð á búi skuldunauts.

Miðvikudaginn 20. dez. 1933.

Nr. 62/1933. **Guðmundur I. Einarsson og Jósep Jónsson**

gegn

aðalbankastjóra Útvegsbanka Íslands h/f, f. h. bankans.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur I. Einarsson og Jósep Jónsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 20. dez. 1933.

Nr. 99/1933. **Þorbergur Friðriksson**
gegn
Gunnari Ólafssyni, f. h. þrotabús Oddsteins Friðrikssonar.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorbergur Friðriksson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.